ÁRIÐ 1909, mánudaginn 15. febr., var hið 21. löggefandi alþingi Íslendinga sett í Reykjavík. Við guðsþjónustu í dómkirkjunni prédikaði 1. þm. Húnvetninga, síra Hálfdán Guðjónsson, og lagði út af biblíuorðunum Lúkas 11, 34—35. Að því loknu gengu alþingismenn til þinghússins og söfnuðust saman í þingsal neðri deildar. Stóð þá upp ráðherra Íslands, Hannes Hafstein 1. þm. Eyf., og las upp svohljóðandi konungsbréf:

Vér Frederik hinn áttundi af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sérlegu hylli.

Vér veitum þér með bréfi þessu sem ráðherra Vorum fyrir Vort land Island, vald til að setja í Voru nafni hið reglulega alþingi, sem saman kemur mánudaginn 15. febrúarmánaðar næstkomandi.

Þetta er vilji Vor.

Felandi þig guði.

Ritað á Amalíuborg 12. janúar 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.). *H. Hafstein.*

Til Vors elskulega herra Hannesar Hafsteins, komm. af 1. stigi Dannebrogsorðunnar og Dannebrogsmanns, Vors ráðherra fyrir Island.

Að því búnu lýsti ráðherra því yfir, að nú væri

alþingi Íslendinga sett.

Stóð þá upp elzti þingmaður Júlíus Havsteen 1. kgk. þm. og mælti: Lengi lifi konungur vor, Frederik hinn áttundi, og tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Þessir þingmenn mættu við þingsetninguna:

A. Konungkjörnir:

Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.
Ágúst Flygenring, 3. kgk. þm.
Steingrímur Jónsson, 4. kgk. þm.
Lárus H. Bjarnason, 5. kgk. þm.
Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir:

Ari Jónsson, þm. Strand.
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
Bjarni Jónsson, þm. Dal.
Björn Jónsson, þm. Barðstr.
Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
Björn Sigfússon, 2. þm. Húnv.
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
Gunnar Ólafsson, þm. V.-Sk.
Hannes Hafstein, 1. þm. Eyf.
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hálfdán Guðjónsson, 1. þm. Húnv.
Jens Pálsson, 2. þm. G.-K.
Jóhannes Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl.
Jón Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
Jón Jónsson, 1. þm. S.-Múl.
Jón Magnússon, þm. Vestm.
Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
Jón Sigurðsson, þm. Mýr.
Jón Þorkelsson, 1. þm. Rvk.
Jósef Björnsson, 2. þm. Skgf.
Kristinn Daníelsson, þm. V.-Ísf.

Kristján Jónsson, þm. Borgf.
Magnús Blöndahl, 2. þm. Rvk.
Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Gunnarsson, þm. Snæf.
Sigurður Hjörleifsson, þm. Ak.
Sigurður Sigurðsson, 2. þm. Árn.
Sigurður Stefánsson, þm. Ísf.
Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Valtýr Guðmundsson, þm. Seyðf.
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Þá var þingmönnum skift í þjár kjördeildir til þess að rannsaka kjörbréf og stýrði aldursforseti þingsins Júlíus Havsteen 1. kgk. þm. þingstörfum á meðan og þar til er nýr forseti var kosinn.

Í 1. deild voru þessir þingmenn: Ari Jónsson, Ágúst Flygenring, Björn Kristjánsson, Jens Pálsson, Jóhannes Jóhannesson, Jón Jónsson 1. þm. N.-M., Bjarni Jónsson, Björn Jónsson, Kristinn Danielsson, Magnús Blöndahl, Sigurður Gunnarsson, Valtýr Guðmundsson, Þorleifur Jónsson.

Í 2. deild voru þessir þingmenn: Benedikt Sveinsson, Björn Sigfússon, Eggert Pálsson, Eiríkur Briem, Jón Magnússon, Jósef Björnsson, Kristján Jónsson, Lárus H. Bjarnason, Ólafur Briem, Sigurður Sigurðsson, Sigurður Stefánsson, Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm., Steingrímur Jónsson.

Í 3. deild voru þessir þingmenn: Einar Jónsson, Gunnar Ólafsson, Hannes Hafstein, Hannes Þorsteinsson, Hálfdán Guðjónsson, Jón Jónsson, 1. þm. S.-M., Jón Ólafsson, Jón Sigurðsson, Jón Þorkelsson, Pétur Jónsson, Sigurður Hjörleifsson, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.

Kjörbréf 3. kjördeildar voru samþykt í e. hlj.

Kjörbréf 1. kjördeildar einnig samþykt í e. hlj., nema kjörbréf þingm. Seyðisfjarðarkaupstaðar, Valtýs Guðmundssonar. Um það urðu nokkrar umræður og var samþykt að fresta úrskurði um það með 24 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Benedikt Sveinsson,	Eggert Pálsson,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Jónsson,	Eiríkur Briem,
Björn Kristjánsson,	Hannes Hafstein,
Björn Sigfússon,	Jóh. Jóhannesson,
Gunnar Ólafsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Magnússon,
Hálfdán Guðjónss.,	Jón Ólafsson,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jón Jónsson, N.-M.,	Lárus H. Bjarnason,
Jón Sigurðsson,	Pétur Jónsson,
Jón Þorkelsson,	Stef.Stefánss.,6.kgk.,
Jósef Björnsson,	Stef. Stefánss., Eyf.,
Kristinn Danielss.,	Steingrímur Jónsson,
Kristján Jónsson,	Valtýr Guðmundss.,
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Sigurðss.,	
Sigurður Stefánss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Þorleifur Jónsson.	

Kjörbréf 2. kjördeildar voru samþykt í e. hl.

Því næst unnu nýkosnir þingmenn eið að stjórnarskránni.

Forseti sameinaðs þings var kosinn *Björn Jónsson*, þm. Barðstr., með 24 atkv.; 15 seðlar voru auðir. Varaforseti var kosinn *Skúli Thoroddsen*, þm. N.-Ísf., með 22 atkv.; 15 seðlar voru auðir.

Skrifarar voru kosnir með hlutfallskosningu þessir: *Sigurður Stefánsson*, þm. Ísafj.k., og *Eggert Pálsson*, 1. þm. Rang.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir með hlutfallskosningu:

Kristján Jónsson,
Skúli Thoroddsen,
Bjarni Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
Jón Magnússon.

Þá voru kosnir þessir þjóðkjörnir þingmenn til að taka sæti í efri deild alþingis:

Ari Jónsson	með	22	atkv.
Gunnar Ólafsson	—	22	—
Jens Pálsson	—	22	—
Jósef Björnsson	—	23	—
Kristinn Daníelsson	—	24	—
Kristján Jónsson	—	23	—
Sigurður Hjörleifsson	—	22	—
Sigurður Stefánsson	—	22	—

15 seðlar voru auðir.

Að því búnu skiftust þingmenn í deildir.

Umræður um kjörbréfin.

Framsögumaður 1. kjördeildar (Björn Jónsson): 1. deild hefir rannsakað kjörbréf allra þeirra 13 þingm., sem í III. kjörbréfadeild voru, og leggur til, að kosningar þeirra allra séu teknar gildar. Eg skal geta þess, að ekki hafa nema 11 af þm. þessum lagt fram kjörbréf sín. Hinn 12., þm. S.-Þing., hefir lagt fram eftirrit af kjörfundarbókinni, sem sýnir, að hann var kosinn með um 100 atkv. mun og að eins 5 seðlar orðið ógildir. Getur því enginn vafi leikið á kjöri hans. Um hinn 13., þm. N.-Ísf., er það að segja, að þar fór engin kosning fram, en kjörstjórnin lýsti hann á lögmæltum fundi réttan þingmann sýslunnar. Það er því einróma tillaga kjördeildarinnar, að allir þeir 13 þm., sem lentu í III. kjörd., sitji þingið.

ATKV.GR.: Till. samþ. í e. hlj.

Framsögumaður 2. kjördeildar (Kristján Jónsson): Mér hefir verið falið á hendur að skýra frá starfi þessarar deildar. Hún hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að við flest þeirra kjörbréfa, sem hún hafði til meðferðar, sé ekkert að athuga. Aðfinslur hafa að vísu komið fram út af því, að ekki hafi verið nema eitt innsigli fyrir atkvæðakössum úr Skeggjastaðahreppi og Tunguhreppi í N.-Múlasýslu, og um sama hefir verið kvartað úr Borgarfirði eystra. Eftir rækilega íhugun komst kjördeildin að þeirri niðurstöðu, að eftir atvikum væri ekki ástæða til annars en að taka þessar kosningar gildar.

Við önnur kjörbréf, sem kjördeildin hafði til meðferðar, er ekkert að athuga, nema kjörbréf þm. Seyðisfjarðarkaupst. (Valtýs Guðmundssonar).

Um kosningu þessa þm. hefir komið fram kæra frá keppinaut hans, Birni presti Þorlákssyni. Í henni stendur svo, að eftir kosningaskjölunum sé Valtýr Guðmundsson kosinn með 57 atkv., en kærandinn (B. Þ.) hafi fengið 56. Deildin hefir fengið seðla þá, sem ágreiningur er um, til skoðunar, og skal eg nú skýra frá niðurstöðu hennar.

Þess er þá fyrst að geta, að af fjórum kjörseðlum, er kjörstj. taldi gilda, en umb.m. síra Björns mótmælti, álítur deildin einn ógildan, en hinum þrem ekki ástæða til að hrinda, eftir þeirri venju, sem fylgt hefir verið víðast hvar. Við þetta tekst eitt atkv. frá Valtý Guðmundssyni. Þá er enn einn seðill Valtýs, sem kjörstjórnin taldi ógildan, en umb.m. hans vildi telja gildan. Kjördeildin leggur til, að úrskurður kjörstjórnar um hann standi.

Þá er enn einn kjörseðill, sem kjörstjórn taldi gildan, en umb.m. Valtýs ógildan. Eftir atvikum verður deildin að leggja til, að hann sé talinn ógildur.

Niðurstaða kjördeildarinnar verður því sú, að báðir missa eitt atkv. hvor og úrslit kosninganna verða hin sömu sem áður.

Eg skýri hér frá því, sem deildin hefir gert í málinu. Þar kom það til tals að fresta úrskurði um kosninguna og skipa sérstaka nefnd til að íhuga hana, en það varð ekki ofan á. Það er því tillaga deildarinnar að kosning Valtýs Guðmundssonar verði tekin gild.

Kristinn Daníelsson: Mér finst það fljótfærnislegt af þinginu að ganga nú þegar til atkvæða um þessa kosningu, og þótt eg ekki mótmæli gerðum kjördeildarinnar, fyndist mér réttast, að úrskurði um kosninguna væri frestað, og málið fengið til meðferðar nefnd þeirri, er kjósa ber samkv. 3. gr. þingskapanna.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal leyfa mér að geta þess, viðvíkjandi því sem síðasti þingm. sagði, að hér er komin fram tillaga frá kjörbréfadeildinni um að samþykkja kosninguna. Sú tillaga er í rauninni nefndartillaga. Því væri það á móti þingsköpunum að skipuð væri ný nefnd í málinu. Þyki þinginu málið ekki fullrannsakað í kjörbréfadeildinni mætti fresta atkvæðagreiðslu um stund án nefndarsetningar. Annars tel eg réttast að ganga til atkvæða um tillögu deildarinnar þegar í stað.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg vil að eins gjöra stutta athugasemd út af því sem háttv. 5. kgk. þm. (L. H. B.) sagði. Mér finst að þó að þessi tillaga hafi komið fram frá kjörbr. d., sé ekkert á móti því að þingið kjósi nefnd til að íhuga málið og fresti úrskurði um kosninguna. En eg geri það ekki að minni tillögu; því hana hefi eg komið með áður.

Jón Þorkelsson: Eg hefi litið á þessa seðla, bæði þá, sem ónýttir hafa verið fyrir síra Birni, og eins hina, sem ónýttir voru fyrir dr. Valtý. Þeir eru mjög gallaðir. Á einum er skafið út, á öðrum var krossinn tvöfaldur og nær út úr hringnum. Sá seðill dr. Valtýs, sem kjörstjórn Seyðisfjarðar taldi gildan og kjörbréfadeildin hér telur nú gildan, er þannig úr garði gerður, að önnur álma krossins er tvöföld, og finst mér að honum ætti að hrinda. Þessir seðlar sýna allir að vísu, hvern kjósandinn hefir viljað kjósa, en eru þó ekki eins og lög skipa. Seðlarnir sem kjörbréfadeildin hefi viljað taka til gilda, eru álíka gallaðir og seðlar þeir, sem hrundið var hópum saman við kosninguna hér í Reykjavík í haust. Eg styð því till. hins háttv. þm. Vestur-Ísf. (Kr. Dan.) að nefnd sé kosin. Eg veit að þingið vill ekki hrapa að þessu máli, heldur athuga það sem bezt og komast að sem réttustum úrslitum.

Jón Ólafsson: Mér finst ástæða til, að seðlar þeir, sem hér er ágreiningur um, séu látnir ganga milli þingmanna, svo þeim gefist kostur á að athuga, hvort þeir séu lakari en seðlar þeir, sem teknir hafa verið gildir í sama kjördæmi, því ekki er rétt að bera þá saman við seðla úr öðrum kjördæmum t. d. Reykjavík. Það hefir verið regla þingsins til þessa, að ógilda ekki kosningu þó að einhverjar formlegar misfellur hafi á verið, ef ekki hefir verið vafi á, að vilji kjósenda hafi þó komið í ljós. — Þingmenn ættu að fá að líta á þessa seðla.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Verði seðlarnir látnir ganga á milli þingmanna, ríður á að gæta þess, að þeim verði ekki ruglað í umslögunum.

Stefán Stefánsson 6. kgk. þm: Mér er ekki ljóst hvað þingið vinnur við það, að kjósa nefnd í málið. Þegar hún hefir athugað vafa-seðla þá sem hér er um að ræða verða þeir engu að síður að ganga meðal allra þingmanna til athugunar svo þeir geti greitt atkvæði um gildi deirra. Þessi athugun getur farið fram nú þegar og hvaða þýðingu hefir

þá, að vera að fresta þessu og láta þingmanninn bíða réttlausan á meðan?

Jón Þorkelsson: Eg legg það eindregið til, að nefnd sé skipuð, og málið tekið til athugunar og góðrar yfivegunar. Það þarf ekki að tefja tíma þingsin svo neinu nemi, en ilt að hrapa að málinu.

Jón Ólafsson: Eg legg áherslu á það, semháttv. 6. kgk. þm. (St. St.) sagði, að þegar 5 manna nefnd verður búin að fjalla um þetta mál, þá horfir það við alveg eins og nú. Nú er 13 manna nefnd búin að athuga málið. Eru nokkrar líkur til að 5 manna nefnd geri það betur eða afli nokkurra nýrra upplýsinga? Mér finst það ekki annað en leikspil með tíma og krafta þingsins að setja 5 manna nefnd.

Kristinn Daníelsson. Það var ekki tilgangur minn að vekja sundrung með tillögu minni. En eg verð sem áður að halda því fram, að mér finst réttast, að nefnd yrði skipuð í málið og úrskurði kosningarinnar frestað. Eg hefi enga tilhneiging til að gera þessa kosningu ógilda, heldur öllu fremur til að taka hana gilda, því eg sé ekki annan veg til þess, að kjördæmið fái þingmann.

Lárus H. Bjarnason: Eg tek það fram, að sjálfum er mér innilega sama um, hvort sérstök nefnd er skipuð eða ekki Hún er í öllu falli óþörf og eins og þegar hefir verið bent til ekki sem samrýmilegust þingsköpunum, þar sem málið kemur úr nefnd, því að kjörbréfadeildin verður ekki öðru vísi skoðuð en sem nefnd úr þinginu. Í dag höfum við ekk annað að gera en útkljá þetta mál, en síðar taka við önnur störf, og þá gerðum við okkur seka í því, sem háttv. 1. þm. Reykvík. var að vara við — að spilla tíma þingsins.

Björn Jónsson: Eg ber fylsta traust til hinnar háttv. kjörbréfadeildar, sem um bréf þetta hefir fjallað, að tillaga hennar sé á rökum bygð. Eg þekki svo marga af þeim þm., sem þar voru, að því, að eg veit, að þeir hafa viljað gera það eitt sem rétt er. Þó er eg á því, að rétt sé að rannsaka þetta mál í nefnd til þess að upp verði kveðinn alveg órengjanlegur úrskurður, einkum vegna þess, að svo mikið umtal hefir orðið um þessa kosningu, að full nauðsyn er á, að gera alt til þess, að eyða allri tortryggni. Hin rétta aðferð er sú, að fresta þessu máli að sinni, og síðar, þegar kosinn hefir verið forseti í sam. þing, að kjósa þá nefnd, samkv. 3. gr. þingskapanna. Það má að vísu segja, að all hart sé fyrir þingmanninn að þurfa að bíða nokkra daga, án þess að vita, hvort hann er »keyptur eða seldur«, eins og kallað er. En flýta má málinu svo sem hægt er, og lúka því á einum degi. Eg geri ráð fyrir, að nefndin komist að sömu niðurstöðu eins og kjörbréfadeildin, en eigi að síður legg eg til, að hún sé skipuð. Eg legg því til, að þessi aðferð sé höfð svo engan efa sé hægt að draga á gildi kosningarinnar.

Steingrímur Jónsson: Eg skal leyfa mér að láta það álit mitt í ljós, að eg er mótfallinn því að þetta mál sé sett í sérstaka nefnd. Með þeim ákvæðum í þingsköpunum að þingið gangi í 3 deildir til þess að rannsaka kosningar þingmanna skoða eg að nefnd sé þegar skipuð í málið.

Þessi nefnd er að vísu öðru vísi kosin, sem sé með hlutkesti en ekki með hlutfallskosningu og er því alveg óháð politískri flokkaskipting.

Þessi nefnd, sem skipuð er samkv. þingsköpunum, hefir haft öll þau sömu gögn og skilríki til rannsóknar og ný nefnd, sem kosin yrði, getur haft. Það væri öðru máli að gegna ef ný gögn væru til eða gætu komið fram í málinu.

Eg álít að þingið eigi að samþykkja þessa kosningu til að koma í veg fyrir að kjördæmið verði þingmannslaust á þessu þingi, því gallarnir eru lítilfjörlegir.

Kristján Jónsson: Það er ekki vafi á, að réttast er, að skipa sérstaka nefnd í málið, ef þingmönnum þykir ítarlegri rannsókn nauðsynleg. Spurningin er því sú, hvort þingið æskir frekari athugunar á málinu eða ekki.

Jón Magnússon: Eg er á sama máli og þeir háttv. þingmenn, sem enga nefnd vilja kjósa sérstaklega í þessu máli. Þannig löguð nefnd væri á móti þingsköpunum. Þyki þurfa að rannsaka kosninguna frekar, þá væri vegurinn sá að fresta því að kveða á um gildi kosningarinnar, en þá kemur málið af sjálfu sér til nefndar þeirrar, er síðar á að skipa eftir þingsköpunum til þess að rannsaka kjörbréf, hinnar svonefndu kjörbréfanefndar. Mér fyrir mitt leyti er alveg sama, hvort kosning dr. Valtýs Guðmundssonar er tekin gild í dag eða á morgun; en mér finst óþarfi að vera að eyða tíma þingsins með frestun, því að í mínum augum er enginn efi á því, að það eigi að samþykkja eða taka gilda kosninguna.

Björn Jónsson: Það hefir ekki verið talað um annað en að fresta málinu og setja síðan nefnd til að rannsaka það ítarlega.

Eg ber fult traust til þess að tillaga framsögumanns kjördeildarinnar sé rétt, en þykir þó réttara að kjósa nefnd. Það ætti ekki að tefja meira en einn sólarhring fyrir úrslitunum. Það er rólegra að fjalla um málið í nefnd heldur en í því fumi, sem hlýtur að vera í deildinni.

Valtýr Guðmundsson: Eg þykist hafa rétt á að taka til máls þó að málið sé mér nokkuð skylt.

Eg skil ekki í þeirri tillögu að skipa nefnd í þetta mál, þar sem $^1/_3$ hluti þingsins hefir þegar fjallað um það og vill láta samþykkja það. Það er ekki líklegt að 5 manna nefnd hafi seinna betri gögn til rannsóknar.

Hins vegar liggur hér að eins fyrir lítil kæra, sem ekki er hægt að taka til greina, samkv. 4. gr. þingskapanna. Sú kæra, sem háttv. framsögumaður deildarinnar las upp, er ekki frá kjósanda í kjördæminu, heldur frá manni, sem er búsettur í Norður-Múlasýslu. Og úr því svo er, þá get eg ekki séð ástæður til að sinna henni eða vera að fresta málinu með því að setja það í nefnd.

Kristján Jónsson: Eg lít svo á, að þingið hafi alt vald í þessu máli, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4. gr. þingskapanna í fyrstu málsgrein. Þingið er alls ekki bundið við að kært hafi verið, til þess að geta tekið kosninguna til rannsóknar Og þingið getur tekið ályktun um að skipa sérstaka nefnd í málið ef því þykir þess þörf. Eg held að þetta sé rétt skilið, og samkvæmt þingvenju alt frá því 1875. —

Skúli Thoroddsen. Eg skal láta í ljós, að mér þykir réttara, að ekki sé flanað að þessu máli. Eg leit á 4 kosningarseðla, og hafði kjördeildin dæmt 3 af þeim gilda. En eg get ekki betur séð, en að 3 séu ógildir, og að eins einn, sem telja mætti gildan. Krossinn á öllum þessum seðlum er svo, að það kemur í bága við ákvæði þau, sem sett hafa verið, og miða að því, að koma í veg fyrir, að atkvæðaseðlar séu gerðir auðkennilegir. Eg hefi, sem fyr getur, athugað seðla þessa, en meiri hluti þingmanna hefir ekki átt kost á að kynna sér þetta ennþá.

Þetta er áhugamál í kjördæminu, svo að mér finst ekki rétt að vér flýtum því um of, eða ráðum því til lykta, fyr en það hefir verið fullkomlega rann-

sakað. Eg er því með því að málinu sé frestað, og falið nefnd til athugunar.

Málinu frestað.

Framsögumaður 3. deildar (Jón Ólafsson): Það hefir ekkert verið að athuga við kjörbréf þau, sem deildin hefir haft til rannsóknar, annað en ein kæra yfir kosningu þingm. Húnvetninga. Kæran er löng og má segja efni hennar í stuttu máli. Hún er bygð á því að í einum hreppi, Engihlíðarhreppi, hafði ákvæðunum um frágang á atkvæðakössunum ekki verið fylgt nákvæmlega. Pokinn um atkvæðakassann og umslag, sem lykillinn að atkvæðakassanum var látinn í, voru að eins innsigluð með innsigli annars kjörstjórans, en það hefir verið upplýst, að þetta kom af því, að aðrir málsaðilar höfðu engin innsigli. Þetta sést á vottorði frá umboðsmanni annars kæranda og fleiri vottorðum. Síðan reið sá kjörstjórnarmaður, sem hafði innsiglað kassann, sjálfur með hann til yfirkjörstjóra og var sagður einn á ferð, en nú er hér vottorð um, að meðkjörstjórarnir hefðu orðið honum samferða alla leið frá þingstaðnum þangað til hann átti örskamt heim til yfirkjörstjóra.

Vottorð frá sýslumanni sýnir, að honum hefir borizt kassinn rétt skömmu síðar. Loks er vottorð frá öðrum undirkjörstjórnarmanni, þar sem hann býðst til að votta undir eið að innsiglin hafi verið með nákvæmlega sömu ummerkjum þegar hann sá kassann opnaðan af yfirkjörstjóra og þau höfðu verið, þegar innsiglin voru sett fyrir á kjörstaðnum. Hér skiftir það mestu máli, að atkvæðin í þessum kassa voru svo *fá*, að þótt þau hefðu öll verið fölsuð, þá gat það engin áhrif haft á kosninguna, eftir því sem atkvæðamunurinn var milli þeirra kosnu þingmanna og þeirra sem næstir voru.

Deildinni þykir því ekkert að athuga við gildi kosningarinnar. En það væri rétt að alþingi gæfi kjörstjórunum stranga áminning um að fylgja kosningalögunum nákvæmlega í þessu efni, því að það mætti skifta um í kössunum á þennan hátt og gera kosningu ógilda, sem annars væri að öllu leyti lögleg.

Eg býst ekki við að nein ástæða sé til að greiða atkvæði um þennan þingmann sérstaklega, en skal leyfa mér að mæla með því, að kosningarnar verði allar samþyktar.

Björn Jónsson: Eg skal leyfa mér að vekja atkygli á því að þingið er þegar búið að samþykkja kosningu annars þeirra þingmanna, sem um ræðir í kærunni, sem sé fyrra þm. Húnv. (H. G.). Kjörbréf þess þingmanns var til meðferðar í annari deild, og þótti ekki ástæða til að sinna kærunni þar.

ANNAR FUNDUR í sameinuðu þingi þriðjudaginn 16. febr. kl. 12 á hádegi.

Allir á fundi.

Samkvæmt dagskrá var tekin til umræðu kosningin í Seyðisfjarðarkaupstað. Kjörbréfanefndin lýsti áliti sínu á málinu. Eftir nokkrar umræður var gengið til atkvæða um það, hvort þingið tæki gilda kosningu þingmanns Seyðisfjarðarkaupstaðar, dr. Valtýs Guðmundssonar.

Þessir 10 þingmenn höfðu óskað nafnakalls við atkvæðagreiðsluna: Jón Þorkelsson, Sigurður Gunnarsson, Björn Sigfússon, Björn Kristjánsson, Hannes Þorsteinsson, Jósef Björnsson, Kristinn Daníelsson, Skúli Thoroddsen, Jón Jónsson, 1. þm. N. M., Jón Sigurðsson.

Við atkvæðagreiðsluna var kosningin gerð ógild með 20 atkv. gegn 17 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eggert Pálsson,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,

Eiríkur Briem, Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein, Björn Sigfússon,
Jóh. Jóhannesson, Gunnar Ólafsson,
Jón Jónsson, S.-M., Hannes Þorsteinson,
Jón Magnússon, Hálfdán Guðjónsson,
Jón Ólafsson, Jens Pálsson,
Júlíus Havsteen, Jón Jónsson N.-M.,
Kristján Jónsson, Jón Sigurðsson,
Lárus H. Bjarnason, Jón Þorkelsson,
Ólafur Briem, Jósef Björnsson,
Pétur Jónsson, Kristinn Daníelsson,
Stef. Stefánss. 6. kgk., Magnús Blöndahl,
Stef. Stefánsson Eyf., Sigurður Gunnarss.,
Steingrímur Jónsson, Sigurður Hjörleifss.,
Sigurður Stefánsson,
Skúli Thoroddsen,
Þorleifur Jónsson,

Einn þingmaður greiddi eigi atkvæði og var hann talinn með meiri hlutanum.

Umræðurnar:

Kristján Jónsson: Nefnd sú, er sett var í þetta mál, hefir ekki getað orðið á eitt sátt um málið. Meiri hlutinn hefir orðið með því að samþykkja kosninguna eftir að nefndin hafði rannsakað vafa-seðlana. Við rannsóknina reyndust meðal annars 2 atkvæðaseðlar dr. Valtýs Guðmundssonar gallaðir; en þessa seðla hafði kjörstjórnin tekið gilda; um þessa 2 seðla er vafinn, og á þeim velta úrslit kosningarinnar. Þó eru gallarnir ekki svo vaxnir, að meiri hluta nefndarinnar þyki ástæða til að ógilda kosninguna fyrir þá sök. Eg skal nú skýra frá málinu öllu. Kosningin hefir fallið svo eftir úrskurði kjörstjórnar, að dr. Valtýr hefir hlotið 57 atkv., en síra Björn Þorláksson 56; vafa-atkvæði eru 6. Einn atkvæðaseðill dr. Valtýs Guðmundssonar, er vefengdur var af keppinaut hans, var talinn ógildur af kjörstjórninni, og vér leggjum til að á það verði fallizt. Þá er einn atkvæðaseðill Björns Þorlákssonar, er mótmælt var, en kjörstjórnin dæmdi gildan; vér leggjum til að hann verði ógildur gjör. Þá eru 4 atkvæðaseðlar dr. Valtýs Guðmundssonar, er mótmælt var af hálfu síra Björns Þorlákssonar, en allir voru gildir teknir af kjörstjórninni. Nefndin er sammála um að leggja það til að einn þessara seðla verði dæmdur ógildur, en annar tekinn gildur; og að þessu leyti er nefndin öll á einu máli. Nú er atkvæðum svo komið, að dr. Valtýr hefir 56 gild atkvæði, og Björn prestur Þorláksson 55 atkv. En eftir er að úrskurða um 2 vafa-seðla dr. Valtýs (af áðurnefndum 4 atkvæðaseðlum); verði þeir metnir gildir, er hann rétt kjörinn, en verði þeir báðir dæmdir ógildir, er kosning hans ógild. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að þessir 2 atkvæðaseðlar séu teknir gildir. Á þeim eru krossarnir við nafn dr. Valtýs að vísu gallaðir, en þó eigi svo mjög, að meira hluta nefndarinnar þyki nægileg ástæða til að telja seðlana ógilda fyrir þá skuld og láta þetta valda ónýting kosningarinnar. Báðum seðlunum er svo háttað, að önnur álman í krossinum er tvöföld, en annað er ekki athugavert við þá. Ef þessir seðlar eru teknir gildir, væri dr. Valtýr kosinn með 1 atkvæðis mun; ef þeir eru báðir gerðir ógildir, er hann ekki löglega kosinn, og verður þá spurning um, hvort síra Björn sé löglega kosinn.

Nú er að athuga 19. gr. og 38. gr. kosningarlaganna og er það þá alls eigi full-ljóst, að ógilda beri seðil, þar er krossinn er innan hrings, ef og af því að önnur álman er tvöföld. Að vísu má segja að seðill þannig lagaður sé gallaður, en þó eigi svo, að áliti meiri hluta nefndarinnar, að ástæða sé til að ógilda hann, úr því að glöggur kross er innan í hringnum, og úr því að lögin ekki beint segja það.

Annars leggur nefndin, meiri hluti hennar, aðaláherzluna á það, að það sést

glögglega af þessum seðlum og ótvíræðlega, hvern kjósandi hefir viljað og ætlað að kjósa, og það er enginn vafi á því, að kjósendur hafa ekki ætlast til þess, að þessi tvöföldu strik hefðu áhrif á kosninguna.

Eg þykist þá hafa skýrt frá því hlutdrægnislaust, hversu seðlunum hafi háttað verið, og getur hver einstakur þingmaður fyrir sig athugað seðlana og greitt atkvæði um kosninguna eftir því, hvort hann vill meta þá gilda eða eigi.

Bjarni Jónsson: Minni hluti nefndarinnar hefir eigi getað fallizt á að seðlarnir séu gildir.

Reyndar höfum við (eg og Sk. Th.) talið einn þeirra nýtan, þó ekki með ljúfu geði, því að fullkomlega er hann ekki samkvæmur lögunum.

Strikin eiga að vera innan í hringinn, en ekki einhvern veginn innan í honum; skulu þau því ná út í ummál hringsins.

Svo veltur á tveimur.

Álit okkar Sk. Th. er að þeir hljóti að gerast ógildir samkvæmt lögunum.

Annar þessara seðla er þannig, að annað strikið er dregið tvöfalt, sem getur þó ekki stafað af því að blýanturinn hafi verið tvíyddur. Sá seðill getur því ekki talizt gildur.

Um hinn seðilinn er það að segja, að þar er aukastrik, er nær frá hringmiðju og út í hringlínuna. Sú sök er því ærin ein til þess að seðillinn sé óhæfur.

Enda má ekkert vera, er bent geti til að viljandi hafi verið dregið ólöglega. Annars gætu menn, er þegið hefðu mútur, sýnt með þessu hvern þeir hefðu kosið.

Það er að vísu satt, að þeir sem kosið hafa á þessa vafaseðla, hafa fyllilega gefið í skyn vilja sinn um þingmanninn, en líta verður þá einnig á þá seðlana, er ónýttust fyrir hinu þingmannsefninu (B. Þ.). Þar hafa kjósendur sýnt jafnljósan vilja sinn.

Alþingi verður að dæma í þessu máli eftir gildandi lögum, því að annars myndu kjörstjórnir úti um landið láta viðgangast missmíði af ýmsu tagi, er væri bein brot á fyrirmælum laganna.

Tillaga minni hluta nefndarinnar er því að seðlar þessir séu gerðir ógildir.

Þá fór atkv.gr. fram sem áður segir.

Forseti: Atkvæðatalan (17 : 21) hefir sýnt, að þingið felst ekki á kosningu dr. Valtýs. En nú vil eg víkja máli mínu að nefndinni, og spyrja hana, hvort hún telji þá ekki hinn þingmanninn (B. Þ.) réttkjörinn?

Kristján Jónsson: Eg skal geta þess fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir ekki tekið þetta atriði til íhugunar; hún hafði ekki skilið hlutverk sitt á þá leið. En það mætti nú fela nefnd, annaðhvort þessari eða annari til þess kosinni nefnd, að koma með tillögu um kjör eða þingsetu hins þingmannsefnisins.

Forseti: Þetta atriði er ekki á dagskrá og verður að stefna þingmönnum saman á ný til þess að skera úr þessu.

Jón Þorkelsson: Eg legg til að málinu sé frestað, svo að hægt sé að athuga það vandlega.

Jón Ólafsson: Eg vil gera þá fyrirspurn, hvort slíkt mál liggi fyrir. Eg veit ekki til að nein tillaga liggi löglega fyrir þinginu um það mál. En eftir þingsköpum *má* ekki taka neitt mál fyrir á þingi, nema einhver þingmaður flytji það. En hér er ekki svo.

Kristján Jónsson: Þingið hefir vafalaust heimild til að vísa málinu til nefndar til þess að koma fram með tillögu um, hvað nú sé að gjöra.

Ráðherrann: Hefir krafa komið frá hinu þingmannsefninu (B. Þ.) um það að kosning hans sé viðurkend réttmæt?

Skúli Thoroddsen: Kæra hefir

komið frá B. Þ. og verður hún að skoðast sem krafa.

Sigurður Stefánsson: Mig vantar einnig svar upp á fyrirspurn ráðh. um það, hvort þinginu hefði borizt ósk frá Birni Þorlákssyni um það, að hans kosning yrði tekin gild, ef kosning dr. Valtýs yrði ónýtt. Ef Björn Þorláksson hefir ekki látið þessa ósk í ljósi, þá er nóg ástæða til fyrir þingið, að hreyfa ekki því máli. Þingið getur vafalaust skorið úr um gildi kosningar dr. Valtýs Guðmundssonar, en hitt er miklu meira vafamál, hvort það hefir nokkra heimild að lögum til að úrskurða nokkuð um það, hvort síra Björn Þorláksson sé rétt kosinn þingmaður, ef kosning dr. Valtýs verður ónýtt.

Lárus H. Bjarnason: Þingmaður Dal. vitnaði í, að 2 seðlar dr. Valtýs færi í bága við lögskipað fyrirkomulag atkvæðaseðla og því bæri að ógilda þá. En úr því að löghlýðni réði atkv. háttv. þm. og annara meirihl. manna um ógilding þessara atkv.seðla, vona eg að sömu hvatir stjórni atkv. þeirra um það atriði úr erindi síra Björns Þorlákssonar, sem nú er rætt um. Það er enginn vafi á því, að krafan um þingsetu handa síra B. Þ. er ekki á dagskrá, og því þegar af þeirri ástæðu ólöglegt að taka nokkra ályktun um hana. Og í annan stað er það jafnáreiðanlegt, að krafa hans nær engri átt, af því að hann hefir ekkert kjörbréf. 50. gr. kosn.l. krefst þess, að sá þm., sem skoða eigi sem kosinn, hafi kjörbréf, og stjórnarskrá og þingsköp gjöra ráð fyrir hinu sama. Það er því nægilegt svar upp á það, hvort kosning Björns Þorlákssonar geti verið tekin gild, að hann hefir ekkert kjörbréf.

Ef kosning Björns Þorlákssonar verður tekin gild, er það hnefarétturinn sem ræður. Þeir menn, sem skoðast eiga þingmenn, verða að hafa kjörbréf. Þingið getur ekki veitt B. Þ. kjörbréf og ekki heldur skyldað kjörstjórn Seyðisfjarðar til að gefa honum kjörbréf að svo vöxnu máli.

Skúli Thoroddsen: Það er ekkert vafamál, að það er það æskilegasta að vísa málinu til nefndar. Eg mótmæli því gersamlega, að það felist í 50. gr. kosnl., að kosning þingmanns geti því að eins verið tekin gild, að hann hafi kjörbréf. Kjörbréf er alls ekki skilyrði fyrir því, að kosningin verði gild, heldur að eins »legitimation«. Mér er persónulega þetta mál kunnugt, þar sem eg hefi ekki kjörbréf, heldur að eins kjörbókarútskrift. En þingið hefir látið sér nægja þenna kjörbókarútdrátt, enda að vísu ekki hægt annað. Eg vil að eins svara 5. kgk. því, að það er sjálfsagt að setja nefnd í málið og því næst leggur þingið sinn úrskurð á það, þar sem það er, ef svo má að orði kveða, almáttugt í þessu atriði.

Kristján Jónsson: Út af fyrirspurn frá hæstv. ráðh. vil eg leyfa mér að lesa upp kæru Björns Þorlákssonar, er nefndin fekk ásamt öðrum skjölum snertandi hana. Því að þar stendur það berum orðum, að hann krefst þess, að þingið ónýti kosningu dr. Valtýs, og úrskurði hann (ɔ: sr. Björn Þorláksson) rétt kosinn þingmann Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þess vegna er það mitt álit, að réttast sé að vísa nú málinu til nefndarinnar aftur til þess að hún komi fram með tillögu í því, sem þingið leggur síðan sinn úrskurð á.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil að eins geta þess, að þar sem kjörbókarútskrift án kjörbréfs hefir verið tekin gild, þá hefir þess alt af verið getið í kjörbókarútskriftinni, að kjörbréf hafi verið útgefið. Það er ekki dæmi til þess, að kosning hafi verið tekin gild, þar sem hvorki hefir legið fyrir kjörbókarútskrift með yfirlýsingu um kosningarúrslit né kjörbréf.

Steingrímur Jónsson: Eg verð að líta svo á, að þingið geti ekki samkvæmt kosningarlögunum eða eftir ákvæðum þingskapanna úrskurðað Björn Þorláksson sem rétt kjörinn þingmann. Kjörstjórnin á Seyðisfirði getur ein skorið úr því, hver sé rétt kosinn, en þingið hefir að eins vald til að úrskurða, hvort ályktun kjörstjórnarinnar sé rétt, o: vald til að fella úrskurðinn úr gildi. Hitt er að gefa alþingi vald til, ásamt með löggjafarvaldinu, að kjósa sína meðlimi. En það væri hættulegur vegur fyrir þingið, því e..ginn dómstóll er til, sem tekið gæti í taumana, að minsta kosti ekki nógu fljótt. En annars verð eg að láta í ljósi gleði mína yfir samþykt þingsins áðan, þótt eg greiddi atkvæði á móti meirihlutanum, því ef þessi úrskurður er réttur, verð eg að líta svo á, og er það bygt á nokkurri reynslu, þar sem eg var kjörstjóri í 2 kjördæmum, að þá sé meginið af kosningunum til þessa þings ógildar, þótt þeim auðvitað verði ekki hnekt.

Jón Ólafsson: Eg vil að eins benda á það, að það er ger-ómögulegt fyrir þingið að taka til greina till. þm. Borgfirðinga. Þingið hefir að eins úrskurðarvald um það, hvort kosning dr. Valtýs væri gild. En þó að kosning dr. Valtýs sé gerð ógild, þá er kosning Björns Þorlákssonar ekki þar með samþykt. Ef þeir hefðu báðir jafna seðlatölu, væri það kjörstjórnarinnar að ákveða, hvor skyldi talinn kosinn. En seðlar hans eru alveg óþektir.

Kristján Jónsson: Eg lít svo á, að það þurfi ekki annað en að afhenda nefndinni bréf Björns Þorlákssonar. Býst eg þá við að einhver þingmanna verði til þess að flytja erindi hans. Eg hygg, að það heyri undir verksvið nefndarinnar, að taka þetta bréf til athugunar. Það er því mín till., að þingið feli nefndinni að koma fram með tillögu í málinu til þess að ráða sem skjótast úr því ástandi, sem nú er, að kjördæmið er þingmannslaust.

Kristinn Daníelsson: Eg sé ekki betur en að dagskráin sé búin og því megi slíta fundi. En annars er bezt að skjóta málinu strax til nefndar og því að halda annan fund í sam. þingi, þar sem nefndin leggur fram álit sitt.

Kristján Jónsson: Til þess að tefja ekki tímann, ætti að vísa málinu til nefndarinnar. Það er »formalismus«, að slíta fundi og láta það bíða annars fundar, að kjósa nefndina, því að þeir, sem eru með nefndinni nú, mundu einnig verða það næst.

Pétur Jónsson: Eg skal ekki fjölyrða um það, hvort það sé löglegt, að skjóta þessari tillögu til nefndarinnar eða ekki, en eg vil skjóta því til forseta, hvort málið, ef það er felt frá nefnd, þá má álitast fallið. Það eru 3 vegir: 1. að samþykkja strax ósk sr. Björns Þorlákssonar; 2. að vísa málinu til nefndar, og 3. að fella það; en eg tel heppilegast að vísa málinu til nefndar.

Jón Þorkelsson: Eftir dagskránni liggur málið fyrir, það er *öll* kosningin í Seyðisfjarðarkaupstað, sem liggur fyrir til *umræðu* og *úrslita*.

Lárus H. Bjarnason: Með því að mér er ekki sama um sóma þingsins, þá vildi eg stinga upp á því, að leitað sé samþykkis þings og ráðh. til þeirra afbrigða frá þingsköpunum, sem hér eru nauðsynleg.

Forseti: Eg lít svo á, að hér sé að vísa máli til nefndar, sem er á dagskrá. Starf nefndarinnar er að íhuga hvað gera skuli nú, þegar kosn. V. G. hefir verið ónýtt, og koma fram með till. um málið.

Þá kom fram tillaga frá kjörbréfanefndinni þannig hljóðandi:

Nefndin leggur til að máli þessu um kosninguna á Seyðisfirði verði vísað

aftur til kjörbréfanefndarinnar til þess að segja álit sitt um og gjöra tillögu um, hvað þingið nú skuli gjöra í tilefni af nefndri kosningu.

Tillaga þessi var samþykt með 29 atkvæðum gegn 7, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Eggert Pálsson,
Ágúst Flygenring,	Einar Jónsson,
Benedikt Sveinsson,	Jón Ólafsson,
Bjarni Jónsson,	Júlíus Havsteen,
Björn Kristjánsson,	Lárus H. Bjarnason,
Björn Sigfússon,	Stef.Stefánss., 6.kgk.,
Eiríkur Briem,	Steingrímur Jónsson.
Gunnar Ólafsson,	
Hannes Hafstein,	
Hannes Þorsteinss.,	
Hálfdán Guðjónss.,	
Jens Pálsson,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Sigurðsson,	
Jón Þorkelsson,	
Jósef Björnsson,	
Kristinn Daníelss.,	
Kristján Jónsson,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Sigurðss.,	
Sigurður Stefánss.,	
Skúli Thoroddsen,	
Stef. Stefánss., Eyf.,	
Þorleifur Jónsson.	

Tveir þingmenn greiddu eigi atkv.

ÞRIÐJI FUNDUR í sameinuðu þingi fimtudaginn 18. febr. kl. 5 síðdegis.

Málið um Seyðisfjarðarkosninguna. Nefndarálit meiri og minni hluta um þingmensku fyrir Seyðisfjörð (A. 25).

Tillaga um að taka málið út af dagskrá var feld með miklum ákvæðamun.

Samþykt afbrigði frá þingsköpunum að taka málið til umræðu með öllum þorra atkvæða.

Eftir miklar umræður var tillaga meiri hluta nefndarinnar samþykt með 30 atkvæðum gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli eftir ósk 19 þingmanna, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Benedikt Sveinsson,
Ágúst Flygenring,	Bjarni Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Björn Sigfússon,
Eggert Pálsson,	Hannes Þorsteinss.,
Einar Jónsson,	Jens Pálsson,
Eiríkur Briem,	Jón Þorkelsson,
Gunnar Ólafsson,	Sigurður Hjörleifss.,
Hannes Hafstein,	Skúli Thoroddsen.
Hálfdán Guðjónss.,	
Jóh. Jóhannesson,	
Jón Jónsson, N.-M.,	
Jón Jónsson, S.-M.,	
Jón Magnússon,	
Jón Ólafsson,	
Jón Sigurðsson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Kristinn Daníelss.,	
Kristján Jónsson,	
Lárus H. Bjarnason,	
Magnús Blöndahl,	
Ólafur Briem,	
Pétur Jónsson,	
Sigurður Gunnarss.,	
Sigurður Sigurðss.,	
Sigurður Stefánss.,	
Stef.Stefánss., 6.kgk.,	
Stef. Stefánss., Eyf.,	
Steingrímur Jónsson,	
Þorleifur Jónsson.	

Umræðurnar á næstu síðu.

Umræður um kosningu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Framsögumaður meiri hlutans (Jón Magnússon): Eins og þinginu er kunnugt, eru það tvö atriði í kæru sr. Björns Þorlákssonar út af kosningunni á Seyðisfirði, sem komið hafa til úrskurðar þingsins. Fyrst það, hvort kosning dr. Valtýs Guðmundssonar skyldi gerð ógild, og í öðru lagi það, hvort kærandinn, sr. Björn Þorláksson, skyldi verða samþyktur sem þingmaður Seyðfirðinga.

Fyrra atriðið, um ógildingu kosningar dr. Valtýs, er nú þegar útkljáð mál og þarf því ekki að ræða um það hér, heldur einungis um hitt, hvort keppinautur hans skuli hljóta þingsetu. Úrslit þessa atriðis í kærunni virðast vera komin undir því fyrst og fremst hvern skilning ber að leggja í 29. gr. stjórnarskrárinnar: »Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess eru löglega kosnir«.

Í fyrstu grein þingskapanna segir, að þingmenn skuli koma saman til þess að dæma um kosningu hver annars, og sem sönnun þess að þeir séu þingmenn, eiga þeir að hafa skírteini frá yfirkjörstjórn, — kjörbréf.

Ef nú þinginu virðist eitthvað sérlega athugavert við kjörbréf einhvers þingmanns, þá getur þingið dæmt kosningu hans ógilda. Lögin gera ráð fyrir því, að einungis þeir, er kjörbréf hafi eða yfirlýsing kjörstjórnar um að þeir séu þingmenn, geti verið þingmenn. Það er enginn efi á því, að þeir menn, er koma á þing með kjörbréf frá yfirkjörstjórn, eru þingmenn, en alþingi getur gert kosninguna ógilda, svo að þeir hætti að vera þingmenn.

Álit háttv. minni hl. getur á engan hátt samrýmzt við ákvæði hinna fyrstu greina í þingsköpunum né við ýms ákvæði kosningarlaganna, t. a. m. 52. gr., 48. gr. o. fl. Væri álit minni hl. rétt, þá ætti yfirkjörstjórnin eigi að vera til annars en telja saman atkvæðin.

Annars sýnist mér lögin vera svo ljós í þessu efni, að það ætti að vera hreinn óþarfi að vera að orðlengja um þetta, því þau gera ótvírætt ráð fyrir því, að enginn annar geti verið þingmaður en sá, sem hefir úrskurð yfirkjörstjórnar fyrir því, að hann sé þingmaður. Með öðrum orðum, að þeir hafi kjörbréf. Það er enginn vafi á því, að lögin ætlast einungis til þess, að alþingi sé að eins ógildingardómstóll í svona löguðum málum, og verður það að álítast hagkvæmlegt.

Háttv. minni hl. talar um þá hættu, sem af því geti stafað fyrir kjördæmið, ef kosning kæranda verður eigi tekin gild. Eg get nú ekki séð, að hættan sé fjarska mikil, því ekki þarf lengi að standa á því, sérstaklega ekki eins og hér er ástatt, að kjördæmið kjósi sér aftur þingmann.

Aftur á móti get eg vel skilið það, að háttv. minni hl. vilji fá kosningu sr. Björns Þorlákssonar viðurkenda af þinginu. En eins og eg hefi áður bent á, er það algerlega á móti lögunum. Til þess að þingið fari að kjósa þingmann eða lýsa þingmann kosinn, þarf að breyta lögunum í þessu efni, en það vona eg nú reyndar að aldrei verði. Eftir núgildandi lögum liggur ekkert annað fyrir í þessu máli, en að nýjar kosningar fari fram í kjördæminu. Annars hefði aldrei átt til þess að koma að þetta atriði kæmi einu sinni til umræðu hér. Því eins og eg hefi þegar bent á, finst mér lögin algerlega ótvíræð í þessu efni.

Framsögumaður minni hlutans (Skúli Thoroddsen): Mig furðar mjög á því, að menn skuli þurfa að eyða orðum um þetta mál, jafn ljóst og greinilegt eins og það virðist vera.

Spurningin er um það, hver sé réttkjörinn þingmaður Seyðf., og þá getur mér ekki blandazt hugur um það, að sá sem flest atkv. kjósenda fékk sé í raun og veru rétt kjörinn, og það er ómótmælanlegt, að Björn prestur Þorláksson hefir 10. sept. síðastl. fengið fleiri atkv. en dr. Valtýr. Það sem veldur því, að hann ekki fær kjörbréf, er athugaleysi yfirkjörstjórnarinnar, og er furða, að nokkur kjörstjórn skuli hafa tekið þá seðla gilda, er ágreiningurinn hefir risið út af.

Eg fæ ekki betur séð, en að það sé bein afleiðing af ógildingu kosningar dr. Valtýs, að síra Björn sé viðurkendur löglega kjörinn þingmaður kjördæmisins, því að af 29. gr. stjórnarskrárinnar verður ekki séð, að það, að geta sýnt kjörbréf, sé óhjákvæmilegt skilyrði, heldur er sá rétt kjörinn, sem flest hefir atkv. fengið.

Gæti þingið eigi réttar hins kjörna manns, Björns Þorlákssonar, eða kjósenda hans, en afsali sér valdi sínu í hendur kjörstjórna, þá skerðir það mjög þau réttindi, er það hefir; en það getur orðið stórháskalegt, því afleiðingin getur orðið sú, að ef einhver yfirkjörstjórn hefir eitthvað á móti þingmannsefni, þá þarf hún ekki annað en að gera fleiri eða færri af seðlum hans að vafaseðlum og verða þess þannig valdandi, að kjósa verði að nýju. En þingið er í þessu máli yfirréttur, og á að fella dóm í því, hver kjörinn sé, eins og glögt sést meðal annars af því, að lögin mæla svo fyrir, að ágreiningsseðlar skuli lokaðir innan í umslög og innsiglaðir, til þess að áreiðanlegt sé, að öll gögn komizt óbrjáluð í hendur þingsins. Og meiningin með því hlýtur að vera sú, að alþingi hafi vald til þess að úrskurða seðlana gilda eða ógilda og um leið að úrskurða þann rétt kjörinn, er hlotið hefir flest atkv.

Hvernig hefði nú farið, hefði yfirkjörstjórnin gert rétt og dæmt seðla dr. Valtýs ógilda? Enginn vafi er á því, að þá hefði Björn Þorláksson auðvitað verið talinn rétt kjörinn þingmaður kjördæmisins.

En nú hefir þingið úrskurðað vafaseðlana ógilda, og þá liggur í augum uppi, þar sem alþingi hefir æðsta úrskurðarvald í málinu, að þá hlýtur það að telja þann rétt kjörinn, er fleiri hefir atkv., og bæta þannig fyrir glappaskot yfirkjörstjórnarinnar.

Hvernig getur alþingi látið það um sig spyrjast, að það láti kjósa upp aftur af þeirri einu ástæðu, að yfirkjörstjórnin hefir talið seðlana vitlaust?

Eg vona því, að þingið hugsi sig vel um, áður en það greiðir atkv. um þetta mál.

Frá sjónarmiði minni hl. er málið svo ljóst, að hann er í engum vafa um það, að þingið gerir rangt, ef það ógildir kosningu síra Björns Þorlákssonar og opnar þannig yfirkjörstjórnunum veg til þess, að hafa þau áhrif á gildi kosninga, sem þeim er eigi ætlað að hafa að lögum.

Kristján Jónsson: Eg vildi leyfa mér að bæta nokkru við það, sem háttv. framsögum. meiri hlutans tók fram, sjálfs mín vegna.

Það mun vera meiri hluta þingsins kunnugt, að sá maður, sem hér á hlut að máli, er mér náskyldur, og eg skal ennfremur lýsa því yfir, að hann hefir frá því í bernsku verið einn bezti vinur minn. Mér mun því tæplega verða borið á brýn, að eg sé hlutdrægur í hans garð í þessu máli.

Hér er ekki um flokksmál heldur um dómsmál að ræða. Það er ekki flokksmál þess flokks, sem eg er í; það er ekki um annað að tala en það, hvað eru lög í þessu máli. Þingið á að dæma lög í málinu.

Vér verðum að athuga hvar vér eigum að standa, að vér eigum að standa á grundvelli laganna. Eg vil leyfa mér að minna á lagafyrirmæli þau, er hér að lúta. Það hefir verið minst á 29. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo: »Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir«. Það liggur í þessum orðum, að sá maður, hvers kosning kemur undir úrskurð þingsins, verður áður að vera lýstur þingmaður, verður að koma fram sem »þingmaður«. Sama er að segja um 1. gr. þingskapalaganna. Þar er aftur talað um þingmannan, og um úrskurð þingsins sem innsigli eða stimpil á það, að hann sé löglega kosinn á þing.

Í 3. og 4. gr. þingskapalaganna er talað um verkefni þingsins í slíkum málum. Þar er að eins talað um úrskurðarvald þingsins um gildi kosningar þeirra þingmanna, sem kjörbréf hafa. Þetta er alt í samræmi við það, sem ákveðið er í stjórnarskránni.

Í niðurlagi 2. málsl. 48. gr. í kosningarlögunum til alþ. 3. okt. 1903 stendur, að yfirkjörstjórn »lýsi þann eða þá kosna, er hlotið hafa flest atkvæði, er hún tekur gild«. Og í 50. gr. er fyrirskipað, að yfirkjörstjórn gefi út kjörbréf fyrir þingmanninn, og tilkynni úrslit kosningarinnar. Hér sést ljóslega, hvað útheimtist til þess, að þingmaður geti mætt á þingi, sem kosinn fyrir þetta eða hitt kjördæmi. Yfirkjörstjórnin á að lýsa þingmanninn rétt kjörinn þingmann kjördæmisins, gefa honum kjörbréf og afgreiða svo kosningargjörðina, svo að hún geti komist til úrskurðar á alþingi. Það er gert að skilyrði fyrir lögmætri kosningu, að henni sé yfirlýst af kjörstjórninni og hún síðan afgreidd til alþingis.

Eg hefi tilgreint hér þau lagaboð, sem lúta að þessu máli, og fleiri eru ekki til, er þýðingu hafa fyrir úrslit þess, eins og það horfir við. Þingið á að eins að úrskurða um kosningu þess manns, sem mættur er sem þingmaður og hefir kjörbréf eða yfirlýsingu yfirkjörstjórnar um að hann sé rétt kjörinn, en annara ekki. Þetta höfum vér nú þegar gjört, þingið hefir úrskurðað kosningu dr. Valtýs Guðmundssonar ógilda, og þar með er hlutverki þingsins í þessu máli lokið. Það getur eigi lögum samkvæmt úrskurðað annan mann rétt kjörinn þingmann kjördæmisins.

Eg lagði það til þessa máls um daginn, að nefnd yrði skipuð til þess að rannsaka það frá rótum og ítarlega, og öll þau gögn, sem að því lytu, þar á meðal einkanlega kæru- og kröfubréf sr. Björns Þorlákssonar. Nú hefir það verið gjört, og eg hefi skýrt þinginu frá mínu áliti á málavöxtum og leyfi mér innvirðulega að minna þingið á, að halda nú lög.

Sá háttv. herra, sem hér á hlut að máli, á auðvitað sama rétt á að njóta laga, eins og aðrir borgarar landsins, og ef til vill hefir hann orðið fyrir skakkafalli í þessu máli. En borgarar í Seyðisfjarðarkaupstað eiga líka sinn rétt. Og samkvæmt þeim rétti er nú svo komið, að kosning verður að fara fram að nýju í kjördæminu. Kjósendur þar eiga heimtingu á því.

Það má gera margt til þess, að kosning á Seyðisfirði geti farið sem fyrst fram á ný. Nú er ritsíminn til afnota. Landsstjórnin getur stytt alla fresti og með því móti ætti kosningin af nýju að geta verið um garð gengin á 3 vikna fresti. Annað þingmannsefnið er hér enn í bænum og getur beðið hér úrslita kosningarinnar, ef honum lýst svo.

Það verður að mínu áliti að taka aðallega tillit til kjósenda kjördæmisins í þessu máli, því að ef þingið úrskurðar að síra Björn Þorláksson sé réttur þingþingmaður kjördæmisins, þá mundi það verða sagt af mönnum þar eystra, að

þeir væru bornir lögum, væru ólögum beittir. Og eftir því sem eg hefi sagt nú á undan, væri það rétt mælt.

Þetta væri mér mjög á móti skapi, einkum af því að eg telst til meirihlutaflokksins hér á þingi. Meirihlutaflokkur verður um fram alt að varast að beita valdi sínu móti lögunum.

Svo eg minnist enn á kjörseðlana, sem kært var yfir, þá var það álitamál, hvað gallarnir væru stórir á þeim. Það má vel vera að þeir hafi verið nægir til þess að ónýta kosninguna, eins og gert var. En úr því að talað hefir verið um hér í deildinni að menn hafi gengið í hópum að kjörborðinu svo á sig komnir, að þeir hafi ekki vitað fótum sínum forráð við kosningarnar, þá er það vel skiljanlegt, að seðlarnir urðu gallaðir, og þá sé eg ekki betur en að réttmæt afleiðing þessa sé, að gengið verði til kosninga á ný í þessu kjördæmi.

Það hefir hér verið talað all mikið um, að kjörstjórnirnar fengju eftir þessum úrslitum of mikið vald samkv. kosningarlögunum, en það verður að muna eftir því að önnur lög eru til, er ætla má að haldi kjörstjórnunum á réttri braut. Það má búast við því, að í kjörstjórnum eigi ekki aðrir sæti en góðir og heiðarlegir menn; eg ætlast til að þessir menn óttist hegningarlögin, bæði hegningarákvæði kosningarlaganna og hin almennu hegningarlög. Og eg treysti því að vér eigum svo góða menn í kjörstjórnunum að vér þurfum ekki að óttast að þeir geri nokkuð það, sem væri ósamboðið heiðarlegum sæmdarmönnum. En vér verðum að gæta sóma alþingis til hins ítrasta. Þingmenn verða ekki flengdir eða sektaðir, þótt þingið brjóti lög með úrskurði sínum. Því að enginn dómari er skipaður yfir þingið til þess. Þingmenn verða að fara varlega og gætilega í þessu máli. Eg óttaðist lagabrot og vildi ekki byrja þetta þing með lagabroti. Þess vegna var eg með kosningu dr. Valtýs Guðmundssonar, er mér þótti eigi svo gölluð, að nægileg ástæða væri til að ónýta hana.

En nú vil eg enn síður setja annan mann inn á þingið með meirihluta atkvæðamagni þvert ofan í lög.

Ari Jónsson: Mig langar til að taka fram ástæðurnar fyrir atkvæðisgreiðslu minni í þessu máli, og tek því til máls, þó að málið hafi nú þegar verið allítarlega rætt hér.

Eg lít svo á, að þingið hafi í þessu máli lagaheimild að eins til þess að úrskurða um gildi kosningar; hvort sá sé löglega kosinn eða eigi, er yfirkjörstjórn hefir úrskurðað kosinn þingmann. Annað mál er það að þingið getur farið út fyrir lagaheimild þá, er það hefir og tekið sér vald til þess að úrskurða frekar í málinu.

Heimild sú, sem þingið hefir hér samkv. lögunum, er nákvæmlega ákveðin í 29. gr. stjórnskipulaga Ísl. og ýmsum ákvæðum í kosningalögunum. Samkv. því skal alþingi skera úr hvort þm. þess séu löglega kosnir. En lengra nær lagaheimildin ekki. Orðið »þingmenn« verður að skiljast svo að hér sé átt við þá, er úrskurðaðir hafa verið þingmenn af yfirkjörstjórn. Annars er úrskurður yfirkjörstjórnar um það, hver sé rétt kosinn þingmaður, tilgangslítill. Dómur eða úrskurður yfirkjörstjórnar verður að gilda, þar til þingið hefir ónýtt hann. En þegar þingið er búið að ógilda dóm yfirkjörstjórnar um það hver sé löglega kosinn, þá eru um leið ónýttir úrskurðir yfirkjörstjórnar við kosninguna, þar á meðal þeir úrskurðir yfirkjörstjórnar, hverjir atkvæðaseðlar séu gildir og hverjir ógildir. Til þess að þingið geti dæmt frekar í málinu eftir fullu sannsýni og réttlæti þyrftu eigi að eins allir ágrein-

ingsseðlar, heldur allir kjörseðlar, að liggja fyrir þinginu, en samkv kosnl. koma eigi nema ágreiningsseðlarnir fyrir þingið. Það gæti því verið full ástæða til þess, að þingið færi eigi lengra í dómum sínum, en það hefir fulla lagaheimild.

Hverjar yrðu nú afleiðingarnar af því, ef þingið færi hér eigi lengra í dómum sínum, en lagaheimild er til, eða ef það færi út fyrir lagaheimildarsviðið og myndaði »Praxis« eða »Præcedens«, þar sem lagaákvæði vantaði um dómsvald þess í þessu máli.

Haldi þingið sér fast við lagaheimildina um dómsvald sitt og taki eigi til greina óskir síra Björns Þorlákssonar, eða úrskurði eigi neitt um kröfur hans, þá verður afleiðingin sú, að ný kosning fer fram í kjördæminu. Málinu er vísað til kjósenda aftur, svo að þeir fái að njóta réttar síns, þegar dómur yfirkjörstjórnar er ónýttur. Þetta virðist eigi mjög ranglátt. En spurningin verður þá, hvort réttar frambjóðandans, Björns prests Þorlákssonar, er fyllilega gætt. Það er að sjálfsögðu, að lögin hafa eigi gætt hans réttar fyllilega, og þarf þá breytingu með á þeim. En þá kemur að hinu atriðinu, hvort réttar frambjóðanda verði betur gætt með því að þingið taki sér vald í hendur og úrskurði frekar í málinu um hans kosningu.

Ef þingið tekur sér vald — og það getur þingið — til að mynda »præcedens«, þar sem lagaheimild vantar, og úrskurðar eigi að eins samkv. lögunum, hvort þingmenn séu löglega eða ólöglega kosnir, heldur dæmir líka um, hver af öðrum frambjóðendum kjördæmisins hafi réttmætasta heimtingu á að vera kjörinn þingmaður, þá er dómsvaldsvið þingsins orðið ærið umfangsmikið, takmörk valdsins óákveðin, svo að slíkt getur orðið varhugavert. Erlendis er á einum eða jafnvel tveim stöðum, sem eg veit til, gerður greinarmunur á ógildingarvaldi löggjafarþinga um kosningarúrslit, eins og lagaheimild álþingis veitir hér, og hins vegar úrskurðarvaldi um aðra frambjóðendur og atvik við kosninguna, sem á þessum stöðum eru í höndum sérstaks dómstóls. Þar hafa menn haft augun opin fyrir því, að óhyggilegt væri að láta löggjafarþingið hafa ótakmarkað dómsvald um kosningarúrslit. Ef þingið byrjaði þessa braut, þá yrði það að halda þeim »praxis« áfram, ef það vildi gæta sóma síns og samræmis í gjörðum sínum. En eg efast um það, að réttar frambjóðenda yrði betur gætt, ef þingið hefir úrskurðarvald ótakmarkað um kosningarúrslit, heldur en ef kjósendur fá að nota rétt sinn aftur, þegar ógiltur er dómur yfirkjörstjórnar um atkvæðaseðlana. Rangsleitni er hugsanlegt að gæti komið fram hjá þinginu, ekki sízt þar sem flest mál á þingi hafa oftast verið gerð að flokksmálum.

Ef eg kæmi til þings eftir nokkur ár með óviss kosningarúrslit og væri í minnihluta flokk, mundi eg miklu síður vilja eiga von á æðsta dómi úrslitanna hjá þinginu, heldur en hjá kjósendum mínum. Flokksfylgið gæti haft þau áhrif, að réttar míns væri betur gætt með því að skjóta málinu til kjósendanna, heldur en að hafa ótakmarkað dómsvald þingsins yfir höfði mér.

Eg álít því af þessum ástæðum, sem eg hefi til fært, að þinginu beri eigi að fara lengra, en það hefir lagaheimild til, og eigi því ekki að dæma frekar um þessi kosningarúrslit á Seyðisfirði, en það er þegar búið að gera.

Annað er það, að breyting á dómsvaldi um kosningarúrslit er nauðsynleg og mér lízt svo að hér sé þörf á nýjum lögum.

Bjarni Jónsson: Eg skal að eins gera örfáar athugasemdir um sumt, sem sagt hefir verið.

Eg er samþykkur virðulegum þingm. Vestm. um ályktarorðin, eins og þm. N.-Ísf.

Aðalatriði málsins er það, hver sé þingmaður og hvenær hann verður það. Það er jafnljóslega eftir anda laganna, að sá er rétt kjörinn þingmaður, sem hefir löglegan meiri hluta atkv., sem hitt, að kjörbréf kjörstjórnar er að eins vottorð um talningu, en er enginn úrslitagerningur, er megi eigi leiðrétta, ef skakt reynist talið. Nú hefir alþingi úrskurðað, að síra Björn Þorláksson hafi hlotið fleiri lögleg atkvæði en hitt þingmannsefnið, og er þá sú afleiðing þess úrskurðar, að hann einn er réttur þingmaður. Úrskurður kjörstjórnar, sem þm. Borgf. gerði mikið úr, verður ómerkur, þegar æðsta úrskurðarvald slíkra mála, alþingi, hefir felt hann. Úrskurður alþingis á dögunum þýðir það beint, að síra Björn hefir alla tíð frá kosningu í haust verið rétt kjörinn þingmaður. Það má undarlegt heita, að þeir menn skuli á dögunum hafa vísað kosningu síra Björns til nefndarinnar, sem nú þykir engin ástæða til að taka kosninguna gilda. Þetta er öndvert við heilbrigða skynsemi og sett lög. Ef þessi stimpill, kjörbréfið, er rangur, verður ekkert á honum bygt.

Það er og ekki rétt hjá virðul. þm. Borgf., að réttur kjósenda kaupstaðarins sé fyrir borð borinn, ef kosning síra Björns er ekki ógild gerð; því fer fjarri. Það er réttur kjósenda frá 10. sept. í haust, sem er fyrir borð borinn, ef maðurinn er ekki tekinn gildur, því að þeir kjósendur eiga heimtingu á að þeirra atkvæði sé tekið gilt, enda óþarft að fara öðru fram að nauðsynjalausu.

Hér hafa margir vitrir og lærðir lögfræðingar talað um ógildingarvald alþingis. Eg get bent á marga lærða lögfræðinga, sem segja að alþingi hafi einnig úrskurðarvald í þessum málum, enda geta menn gengið úr skugga um það, að svo sé, með því að líta í kosningarlögin. Í 41. gr. þeirra segir svo: ». . . . . og sker alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.« Hér eru alþingi engin takmörk sett, enda mundi það hafa verið sett í lögin, ef eingöngu hefði átt verið við ógildingarréttinn

Framsm. minnihlutans tók það réttilega fram, að síra Björn væri rétt kjörinn eftir 29. gr. stjskr., því að þar er um enga stimpla að ræða. Þegar því úrskurðað er, að Valtýr hafi færri atkvæði fengið og kosningin er að öðru leyti lögleg, þá er síra Björn kosinn samkvæmt lögum, en ekki andstætt þeim.

Jón Ólafsson: Eg ætla mér ekki að tala um það, hvort lögmætt sé, að síra Björn Þorláksson sé tekinn gildur þingmaður kjörbréfslaus samkvæmt beiðni hans. Virðul. þm. Vestm. og Borgf. hafa gert ljósa grein fyrir því, og er eg þeim öldungis samdóma.

Það eru 2 smáatriði, sem eg vil leyfa mér að minnast á og óviðkunnanlegt er, að séu látin óátalin. Annað atriðið er það, að í nefndarál. minna hlutans er talað um, hversu hættulegt það kunni að verða, að kjörstjórnir nái úrskurðarvaldi um kosningar. Það er alls eigi hættulegt, því að bæði varðar hlutdrægni kjörstjórna refsingu eftir hegningarlögum, og hegningarákvæðum kosningarlaganna, svo sem virðul. þingm. Borgf. tók fram. En svo er annað, sem til athugunar kemur, ef kosning síra Björns verður tekin gild. Það er það, að með því kæmist sú venja á, að þm. gætu skotið til þingsins kosningum, þegar er um vafaseðla að ræða, og gæti þá svo farið, að þingið færi að kjósa þingmenn takmarkalaust eða nálega það, og mundi afleiðingin verða sú, að hvert þing yrði einlitt. Ófyrirleitinn meiri hluti mundi ávalt skera

úr eftir flokksfylgi, og þar sem vefengja má *alla* seðla, þá má leggja úrslit *allra* kosninga undir vald meiri hlutans á hverju þingi; hans liðsmenn, sem undir hefðu orðið, biðu við þingsalsdyrnar, unz meiri hlutinn hefði *kosið* þá. Það má vera, að gott sé að hafa einn flokk á þingi, að því er kemur til greiðra úrslita mála. En um það er eg sannfærður, að af þessari venju mundi standa margfalt meiri háski en af því, að kjörstjórnir hafi fyrsta úrskurðarvald á kosningum þingmanna.

Hitt atriðið var það, að í nefndarál. minna hlutans er sagt, eins og virðul. þingm. Dalam. hélt einnig fram, að þingið hafi úrskurðað, að síra Björn hafi hlotið meira hluta atkv. við kosninguna. Sá úrskurður hefir aldrei verið hér upp kveðinn. Þingið úrskurðaði að eins, að kosning dr. Valtýs væri ógild. En það hefir aldrei komið fram, af hverjum ástæðum kosning hans hafi ógild verið. Til þess geta verið þrjár ástæður, eða öllu heldur einhver ein af þrem ástæðum; t. d., að 1 atkv. dr. Valtýs væri ógilt; þá hefðu báðir haft jöfn atkv. Í öðru lagi gat það stafað af því, að 2 seðlar dr. Valtýs væru ógildir, en 1 seðill síra Björns; þá hefðu þeir enn jöfn atkvæði. Í þriðja lagi gat það verið af því, að fleiri seðlar dr. Valtýs væru ógildir. Af öllum þessum ástæðum er hugsanlegt, að kosning dr. Valtýs hafi verið ógild gerð, og er það ekki annara en þeirra, sem rannsaka kunna hjörtu manna og nýru, að greina frá því, hver þessara ástæðna hafi vakað fyrir hverjum einstökum þingmanni, þeirra er ógilda dæmdu kosningu hans. Það er því gersamlega rangt að segja, að þingið hafi úrskurðað, að síra Björn hafi fengið meira hluta atkvæða, af þeim sökum, að engum er unt um það að segja.

Virðul. þingm. Strandam. vildi koma praxis á um mál, er svo væri háttað sem nú er. En um praxis getur ekki verið að ræða, nema gloppa sé í lögin, en aldrei þvert ofan í lögin.

Út af því, sem virðul. framsm. minna hlutans sagði, að kjörstjórnin hefði beitt síra Björn rangindum, vil eg minna hann á það, að í kjörstjórninni átti sæti, meðal annara, Kristján læknir Kristjánsson, ákafur fylgismaður síra Björns, en hann gerði engan ágreining um gildi seðlanna og mundi hann ekki hafa samþykt kjörbréfið, nema það væri rétt.

Það geta verið skiftar skoðanir um gildi vafaseðla dr. Valtýs. Þó var eg mótfallinn því, að ógild væri gerð kosning hans, og hefi eg þó enga ástæðu til þess að hlífa honum, enda má ekki þess konar ráða um slík mál.

Jón Magnússon: Eg hefi eiginlega ekkert sérlegt að athuga við það sem fram hefir komið af hálfu minni hlutans.

Þar hefir ekkert það verið sagt, er eigi mótmæli sér sjálft, og þarf því ekki frekari mótmæla.

Minni hluti nefndarinnar hefir tilfært 41. gr. kosningarlaganna og vill með henni sanna að þingið hljóti að geta tekið kosningu síra B. Þ. gilda, því að annars sé þýðingarlaus ákvæði hennar um að öll kosningagögn skuli send til þingsins. En eg fæ eigi séð, hvernig nefnd grein verður skilin á þann veg.

Það er enginn vafi á því, að gögn þau, er send hafa verið þinginu í þessu máli, hafa haft hina mestu þýðingu fyrir kosninguna í Seyðisfirði 10. sept., því að vegna þeirra var kosning dr. V. G. gerð ógild.

Af ónýtingu á kosningu dr. Valtýs leiðir það, að þingmannssæti Seyðisfjarðarkaupstaðar verður autt, og ganga verður til nýrra kosninga. Háttv. þm. Dal. tók það fram, að þetta mál hefði þá ekki átt að koma nú til umræðu, — og það álít eg hverju orði sannara (*Bjarni Jónsson*: Eg hefi ekki

sagt það, sem háttv. þm. Vestm. hefir eftir mér.) Málið var í rauninni afgreitt af þingsins hálfu og því ekki rétt að vísa því til nefndar af nýju. Verður að skoða það sem ástæðulaust meinleysi eða tillátssemi við síra B. Þ., að þetta var gert.

Eg las ekki upp allar hinar tilvitnuðu lagagreinar, því að eg þykist vita, að allir þingmennirnir kunni þær upp á sína 10 fingur. Það er að eins skilningurinn, sem á veltur. Og virðast þær þó ekki verða skildar nema á einn veg.

Minni hlutanum hefir ekki tekist að styðja mál sitt og hefði því ekki átt að hreyfa þessu frekar en komið var.

Það er ekki rétt, að úrskurður alþ. um ógilding kosningar dr. V. G. sanni það, að síra B. Þ. hafi þá fengið í raun og veru fleiri gild atkvæði við kosninguna en annars kemur það ekki málinu við. Og hefi eg þá ekki fleiru við að bæta.

Kristján Jónsson: Eg vil að eins gera örstutta athugasemd út af þeim orðum, sem háttv. þm. Vestm. sagði í þá átt, að mál þetta væri komið á ranga leið.

Eg lagði það um daginn til að málinu yrði vísað til nefndar einmitt af því, að þá þótti mér sanni næst, að báðar hliðar þess yrðu viðunanlega ræddar og að menn þá íhuguðu það með gætni og hlutdrægnislaust.

Nefndarálitið skýrir málið fyrir hv. þingmönnum og gerir það alt ljósara, og er þá mikið unnið.

Eigi vantaði kæru í þessu máli frá B. Þ., sem nauðsynlegan grundvöll þess, því að hann hafði einmitt sent þinginu rækilega kæru og kröfu um viðurkenningu til þingsetu, og þessa kæru hafði nefndin til meðferðar.

Nefndin ætti miklu fremur þakkirskilið fyrir starfa sinn en ákúrur.

FJÓRÐI FUNDUR í sameinuðu þingi fimtudaginn 11. marz kl. 12 á hád.

Forseti skýrði frá að komið væri og skrifari las upp:

1. Símskeyti frá yfirkjörstjóra á Seyðisfirði til stjórnarráðsins um alþingiskosning, er fór fram 9. marz þ. á.

2. Símritað kjörbréf síra Björns Þorlákssonar til að vera alþingismaður fyrir Seyðisfjarðarkaupstað frá yfirkjörstjórninni á Seyðisfirði.

Þá var samkvæmt dagskránni tekið fyrir:

»Tillaga kjörbréfanefndar um kosn. inguna á Seyðisfirði, 9. þ. m.«

Símskeytið (1) og kjörbréfið (2) var afhent kjörbréfanefnd þingsins til rannsóknar, og biðu þingmenn á fundinum, meðan hún úrskurðaði um kosninguna.

Eftir nokkra stund gaf kjörbréfanefndin þinginu skýrslu um úrskurð sinn og lagði til, að kosning síra Björns væri tekin gild af þinginu, og var sú tillaga samþykt með 30 samhljóða atkvæðum. Hinn nýkosni þingmaður ritaði undir hinn lögboðna eiðstaf.

Umræður um kosninguna í Seyðisfjarðarkaupstað 9. marz.

Forseti: Í gær var það tilkynt að kosning hefði fram farið í Seyðisfjarðarkjördæmi. Samkvæmt 3. gr. þingskapanna finst mér rétt, að vísa málinu til hinnar fyrri kjörbréfanefndar, er hafði kjörbréf þessa kjördæmis áður til meðferðar. Enn fremur hafa mér borist 2 símskeyti og vil eg leyfa mér að biðja skrifara að lesa þau upp. Leyfi mér að afhenda formanni nefndarinnar, háttv. þm. Borgf., málið og vonast til að nefndin athugi það samstundis.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg verð að byrja með að skýra frá því, að allir nefndarmenn gátu ekki mætt á þessum fundi nefnd-

arinnar. Þm. Vestmanneyja var fjarverandi, hefir forföll við réttarhöld. Vér hinir fjórir höfum athugað málið og höfum orðið ásáttir. Einn nefndarmanna hefir þó beðið að láta þess getið, að hann álíti ekki ástæðu til að flýta þessu máli svo mikið. Við hinir 3 erum ásáttir um að leggja það til að kosningin skuli nú þegar tekin gild. Kosning þessi var fyrirskipuð af landstjórninni með símskeyti, og hún hefir nú verið tilkynt þinginu á sama hátt. Ef því hið fyrra er löglegt, þá er einnig hið síðara löglegt. Þetta er raunar ekki í fullu samræmi við kosningarlögin, en þá ber þess að gæta, að kosningarlögin voru búin til áður en ritsíminn var til orðinn, enda verður hér ekki um verulega athugaverð afbrigði frá kosningarlagaákvæðunum að ræða, þar sem í stað bréflegrar skýrslu um kjörbréf er gefin skýrsla með símanum.

Eg hefi í höndum 2 símskeyti, annað til landstjórnarinnar, og er það kjörbókarútdráttur, hitt til þingmannsins (síra B. Þ.), og er það kjörbréf hans, eða yfirlýsing yfirkjörstjórnar um að hann sé rétt kjörinn og lýstur þingmaður. Samkvæmt símskeytum þessum er enginn vafi á því, hvernig kosningin hefir farið. Síra Björn Þorláksson hefir fengið 67 atkvæði, en dr. Valtýr Guðmundsson hefir fengið 54. Átta atkvæði urðu ógild, þar af fimm af þeim, sem féllu á síra Björn, og 3 af þeim, sem féllu á dr. Valtý.

Hvernig sem atkvæðagreiðslunni er velt fyrir sér, og þó að öll vafa-atkv. væri talin dr. Valtý, þá hlýtur síra Björn þó að hafa fengið minst 2 gildum atkvæðum fleiri en dr. Valtýr.

Leyfi eg mér að endingu fyrir hönd kjörbréfanefndarinnar að koma fram með þá tillögu, að kosning síra Björns verði samþykt og gild metin, og skal að eins taka það fram aftur, að einn háttv. nefndarmaður áleit, að ekki þyrfti að flýta málinu svona mikið, eins og gert er, en rétt væri að bíða eftir frekari skýrslum frá Seyðisfirði.

Lausnarbeiðni forseta sameinaðs þings.

SJÖUNDI FUNDUR í sameinuðu alþingi fimtudag 6. maí kl. 12 á hád.

Ráðherra (Björn Jónsson): Það sem hér liggur fyrst fyrir er að kjósa forseta í minn stað, því að eg tel embættisstöðu mína koma í bága við forsetamenskuna, og að því beri að kjósa nýjan forseta nú þegar. Eg geng út frá því sem vísu, að þm. séu mér samdóma um þetta. Hitt getur verið álitamál, hvort eg skuli stjórna fundinum, þangað til hinn nýi forseti er kosinn, eða hvort varaforseti skuli stýra kosningunni. En af því háttv. varaforseti hefir heldur haft á móti því, þá skal eg leggja það alveg á vald þingsins, hvort eg skuli stýra fundi, þangað til forseti er kjörinn, og hafi enginn neitt á móti því, álít eg óþarft að bera það undir atkv.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Af því þetta er afbrigði frá þingsköpunum, þá álít eg réttara að það sé borið undir atkvæði, hvort þingið vilji veita núverandi forseta lausn frá því starfi, og varaforseti stýri síðan forsetakosningu.

Þá var gengið til atkv. um það, að veita ráðherra Birni Jónssyni lausn frá forsetastörfum, og var það samþ. í einu hljóði.

Þá vék ráðherra Björn Jónsson úr forsetasæti, en þm. N.-Ísf., varaforseti Skúli Thoroddsen, tók við fundarstjórn.

Þá var kosinn forseti hins sameinaða alþingis, og var þm. N.-Ísf., Skúli Thoroddsen, varaforseti, kosinn forseti með

24 atkv.; 15 seðlar voru auðir. — Þá var kosinn varaforseti sameinaðs þings í stað Skúla Thoroddsen, og hlaut kosningu Sigurður Gunnarsson, þingm. Snæf., með 23 atkv.; Kristinn Daníelsson, þm. V.-Ísf., fékk 2 atkv.; Ólafur Briem, 1. þm. Skgf., 1 atkv.; 12 seðlar voru auðir.

FYRSTI FUNDUR í efri deild alþingis mánudaginn 15. dag febrúarmánaðar.

Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, kom efri deild alþingis saman í þingsal efri deildar kl. 4 síðd.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

Konungkjörnir þingmenn:

1. Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm.
2. Eiríkur Briem, 2. kgk. þm.
3. Ágúst Flygenring, 3. kgk. þm.
4. Steingrímur Jónsson, 4. kgk. þm.
5. Lárus H. Bjarnason, 5. kgk. þm.
6. Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm.

Þjóðkjörnir þingmenn:

7. Ari Jónsson, þm. Strand.
8. Gunnar Ólafsson, þm. V.-Sk.
9. Jens Pálsson, 2. þm. G.-K.
10. Jósef Björnsson, 2. þm. Skgf.
11. Kristinn Daníelsson, þm. V.-Ísf.
12. Kristján Jónsson, þm. Borgf.
13. Sigurður Hjörleifsson, þm. Ak.
14. Sigurður Stefánsson, þm. Ísf.

Eftir fyrirmælum þingskapanna og áskorun ráðherra gekst aldursforseti Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm., fyrir kosningu forseta, og hlaut kosningu *Kristján Jónsson*, þm. Borgf., með 9 atkv.

Forseti Kristján Jónsson gekk þá til forsetasætis, og lét kjósa varaforseta. 1. varaforseti var kosinn *Jens Pálsson*, 2. þm. G.-K., með 5 atkv., og 2. varaforseti *Sigurður Stefánsson*, þm. Ísf., með 7 atkv. Þá voru kosnir skrifarar deildarinnar með hlutfallskosningu, og hlutu kosningu *Kristinn Daníelsson*, þm. V.-Ísf., og *Steingrímur Jónsson*, 4. kgk. þingm.

Forseti las þá upp bréf frá ráðherranum, þar sem hann tilkynnir um ýms stjórnarfrumvörp, er lögð verði fyrir deildina næsta dag.

ANNAR FUNDUR í efri deild þriðjudaginn 16. febr. kl. 3 síðd.

Forseti skýrði deildinni frá, að forsetar þingsins hefðu ráðið skrifstofustjóra Einar Hjörleifsson, skrifara á skrifstofunni: Hafstein Pétursson, Vilhelm Knudsen og Einar Þorkelsson, og skrifara í deildinni: Björn Þórðarson og Guðmund T. Hallgrímsson.

Ráðherra lagði þá fram þessi frumvörp frá stjórninni:

1. Frv. til laga um stofnun háskóla.
2. Frv. til laga um laun háskólakennara.
3. Frv. til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.
4. Frv. til laga um dánarskýrslur.
5. Frv. til laga um almennan ellistyrk.
6. Frv. til laga um fiskimat.
7. Frv. til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.
8. Frv. til laga um meðferð skóga, kjarrs og friðun á lyngi o. fl.
9. Frv. til laga um breyting á 2. gr. í lögum nr. 29 20. okt. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Lausnarbeiðni varaforseta efri deildar.

TUTTUGASTI OG SJÖTTI FUNDUR í efri deild föstudag 19. marz.

BEIÐNI 1. og 2. varaforseta um lausn frá varaforsetastörfum, og ef til kem-

ur, kosning 1. og 2. varaforseta (A. 272).

Jens Pálsson: Við höfðum lýst yfir því í bónarbréfi okkar, að við mundum gjöra grein fyrir ástæðum okkar til að beiðast lausnar ef þess yrði óskað. Nú hefir forseti látið í ljósi, að hann óskaði þess, og eg skoða það svo sem hann hafi gjört það fyrir deildarinnar hönd. Eg skal því skýra frá ástæðunum, þó þær hljóti að vera ljósar hverjum þingdeildarmanni. Þær eru í einföldum orðum þessar.

Það er kunnugt, að aldrei hafa farið fram hér hreint pólitískar kosningar fyrr en nú. Þjóðin sendi 25 þjóðkjörna menn á þing, sem tilheyrðu ákveðið öðrum stjórnmálaflokknum, og 9 er tilheyrðu hinum. Þar sem munurinn á flokkunum er svo mikill, leiðir þar af, að kjósendur hafi ætlast til, að meiri hlutinn skipaði einnig meiri hluta á þingi í hvorri deild um sig. Svo er einnig nú, þó ekki muni nema einu atkv., þar eð 6 sæti í deildinni eru skipuð þingm., kvöddum af stjórninni, af þeirri stjórn, sem studdi þann flokk, er þeir til heyrðu, og varð undir í kosningunum. Við álítum að það sé skylda meiri hlutans á þingi, að tryggja það, eftir því sem unt er, að meiri hluti þings hafi líka meiri hluta í báðum deildum. Þessari skyldu viljum við fullnægja á þann hátt sem beiðni vor fer fram á.

Hér hefir komið fyrir sá alveg óvænti atburður, að konungur hefir kvatt á sinn fund forseta þingsins alla. Fyrir því verða varaforsetar þeir, er kosnir voru í byrjun þings, að taka við forsetastörfum. Bæði forseti og varaforseti þessarar deildar voru kosnir úr meiri hlutanum. Við það, að forseti fer, og varaforseti tekur við, missist því eitt atkv. úr meiri hlutanum, og standa þá atkvæðin þannig, að þau verða hnífjöfn hér í deildinni. Af því leiðir, að svo framarlega sem meiri hlutinn vill, eins og honum er skylt, tryggja sér ráð þingsins, áhrif sín á málin, þá munu, ef ekki verður sú breyting, er við förum fram á, mörg mikilsvarðandi mál verða tafin frá meðferð og verða að bíða jafnóðum og þau koma frá Nd. Til þess að fyrirbyggja þetta, til þess að störf deildarinnar geti gengið ótafin og óhindruð, og deildin geti tekið hvert það mál fyrir, sem tilbúið er fyrir hana, er þessi beiðni fram komin, og með því einu móti getur þetta orðið, að beiðni vor verði veitt.

Eg hefi heyrt, að sumir deildarmenn telji þetta ekki rétt þingskapalega. En það get eg ekki skilið. Eg get ekki skilið þingsköpin öðru vísi en að deildin ein hafi hér fult vald til að veita leyfi og synja. Eg held því fram sem skilningi mínum, að ekki þurfi að skoða atkvæðagreiðslu um þetta mál sem afbrigði frá þingsköpunum, þurfi ekki »kvalificerað majoritet«, heldur hafi deildin fullveldi í þessu.

Þetta er nýmæli, og því kann einhverjum að verða hverft við það. En eg hygg að ekki þurfi að skoða þetta sem neitt ódæmi eða þingvíti, og það því fremur, sem ríkisþingstíðindin dönsku, sem eg hefi hér fyrir framan mig á borðinu, sýna, að sams konar hefir skeð í fólksþingi Dana í jan. 1905, án þess séð verði, að nokkur hafi hneykslast á því. Forseti Trier og varaforseti Krabbe sögðu af sér sér mitt undir umræðum fjárlaganna, og einmitt af því að flokkaskiftingin hafði breyzt fyrir óvæntan atburð. Hér hefir líka orðið sá óvænti atburður, að konungur hefir kvatt á sinn fund forsetana; það kom engum til hugar í byrjun þings, en það raskar hlutföllum flokkanna í deildinni svo mjög, að verði þetta ráð ekki tek-

ið, hlýtur það að tefja störf deildarinnar og seinka framgangi sumra mála um óákveðinn tíma, sem óforsvaranlegt er fyrir meiri hluta þings að tefla í nokkra tvísýnu.

Eg hefi nú skýrt frá ástæðum okkar til að beiðast lausnar, og eg sé ekki ástæðu til að tala meira að sinni. Eg vona að umræður um svo einfalt mál verði rólegar. Eg trúi ekki öðru en deildin sjái, að ástæður okkar eru eðlilegar og skiljanlegar, og verði við tilmælum okkar, til þess að greiða fyrir gangi málanna, svo að engar tafir þurfi að verða á störfum deildarinnar.

Lárus H. Bjarnason: Eg get vel skilið að meiri hlutinn vill koma þessu fram, og eg efast ekkert um að formælandi, háttv. þingm. G.-K., hafi sagt satt um tilganginn. En af því má ekki draga neina ályktun um hvað gjöra skuli, enda var röksemdaleiðsla háttv. þingm. tvímælalaust gersamlega rakalaus.

Eg lít svo á, að það sem hér er farið fram á, þurfi tvímælalaust afbrigði frá þingsköpunum, og höggvi jafnvel nokkuð nærri 35. gr. stjórnarskrárinnar. Þar stendur: »Hvor þingdeildin um sig og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta«. Eg játa að vísu, að hér stendur ekki beinum orðum, að kjörið gildi þingtímann út, en þar sem sagt er, að hvor deild og þing kjósi sér forseta án allrar tímatakmörkunar, liggur beint fyrir að skilja það svo sem kjörið gildi allan þingtímann. Kjósi menn sér t. d. fundarstjóra, er hann ávalt kosinn til alls fundarins, án þess það sé nokkurn tíma beinlínis tekið fram.

En látum svo vera, að veiting lausnarinnar verði ekki skoðuð stjórnarskrárbrot, þá er það þó að minsta kosti öldungis ómótmælanlegt, að til hennar þarf afbrigði frá þingsköpunum. Í 7. gr. stendur fullum fetum: »Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og í báðum deildum, er *fyrir allan* þingtímann það ár«. En af 53. gr. leiðir aftur, að til að bregða út af þingsköpunum þarf leyfi ráðherra og samþykki $^3/_4$ þingmanna er atkv. greiða. En þar á ofan getur það verið vafamál, hvort *þetta* afbrigði er leyfilegt. Það liggur sem sé ekki fjarri að álykta svo sem 53. gr. eigi að eins við dagleg þingskapaatriði, svo sem styttingu fresta o. s. frv. Í þingsköpin frá 1905 var það ákvæði tekið upp, að varaforsetar skyldu vera tveir, vafalaust til þess, að aldrei skyldi reka að því, að kjósa þyrfti upp aftur, og til þess að komist yrði hjá því að einu sinni ákveðið atkvæðamagn ruglaðist. En verði veiting lausnarinnar álitin leyfileg, þá er það þó að minsta kosti öldungis ómótmælanlegt, að til þess þarf $^3/_4$ atkv. Um það þarf ekki að þræta. Annað væri lögbrot, og það situr sízt á alþingi að brjóta lög, sem það sjálft hefir sett.

En hverjar eru svo ástæðurnar til þessarar lausnarbeiðni? Jú, háttv. þm. G.-K. sagði, að rétt hlutföll milli flokkanna mundu raskast ef hún yrði ekki veitt, að sá flokkur sem varð í meiri hluta við kosningarnar, mundi ekki verða í meiri hluta hér í deildinni, ef hann yrði að skipa forsetasætið einum af sínum mönnum. En um hvað snerust kosningarnar? Um eitt einasta mál, sambandsmálið, og ekkert annað. Og það mál kemur ekki fyrir deildina fyr en forsetarnir eru komnir aftur úr leiðangrinum, svo að fyrir það mál getur það ekki haft neina þýðingu, hvernig hlutföll flokkanna eru meðan forsetarnir eru burtu. Önnur mál eru ekki flokksmál; það er því ekki til neins að vitna í kosningarnar.

Og hvað sem kosningunum 10. sept. f. á. líður, þá er það meiri hlutanum og engum öðrum að kenna, ef atkvæði

flokkanna verða nú jöfn hér í deildinni í bili. Meiri hlutinn var ekki valdalistarlausari en það í þingbyrjun, að hann skipaði sínum mönnum í öll embætti sem hann átti ráð á, þar á meðal í bæði varaforsetadæmin. Og það er líka meiri hlutanum að kenna, að hæstv. forseti verður nú að fara til Danmerkur. Konungur hafði eins og kunnugt er óskað þess, að meiri hlutinn stingi upp á 3 ráðherraefnum, en á það þorði meiri hlutinn ekki að hætta, og því verður hann nú að sjá á bak öllum forsetunum í einu. Og nú ætlast meiri hlutinn til að minni hlutinn hjálpi sér til að bæta úr þessum skyssum! En þar er sannarlega til of mikils mælst.

Og hvað er hv. meiri hluti eiginlega hræddur við, úr því að hann sækir þetta mál svona fast. Það liggur þó í augum uppi að vér minnihluta-menn fáum ekkert positivt vald, þó að forsetaskipunin haldist; vér gætum að eins stöðvað mál og fyrir það er ógnarlega auðvelt að komast, því að þingmeirihlutinn getur alveg ráðið hvaða mál koma hingað til deildarinnar og forseti getur ráðið því, hvaða mál hann tekur til meðferðar. Auk þess þarf meiri hlutinn alls ekki að vera hræddur um að minni hlutinn mundi beita stöðvunarvaldi sínu illa. Minni hl. sem nú er fer ekki að ráði sínu eins og minni hl. sem var. Fyrst og fremst yrði það nú skammgóður vermir, þó að vér ónýttum nokkur mál, og í annan stað munum vér minnast þess, að minni hl. getur orðið meiri hl., og á þá helzt að koma í verk því, sem hann hélt fram sem minni hluti. Þessi hugsun ætti að nægja til þess að kippa burt hræðslu meiri hlutans; eg mun að minsta kosti ekki nota mitt atkvæði móti meiri hlutanum, nema að gild rök séu til. Og eg vona að flokkurinn hafi ekki svo óhreint mjöl í pokanum, eða hafi nokkuð svo vont mál á prjónunum, að hann treysti sér ekki til að fá eitt atkvæði með því úr minni hlutanum, en væri svo, þá ætti það mál sannarlega heldur ekki skilið að ganga fram.

Hér er því í rauninni farið fram á það, að minni hlutinn skrifi sjálfur undir þann dóm um sig, að hann sé ekki fær um að taka hlutdrægnislaust í þau mál, sem honum er ætlað að fjalla um. Það er farið fram á, að vér förum að vana okkur pólitiskt. Eg skil ekki ekki, að hv. 1. varaforseti skuli ekki sjá þetta.

Og hverjar yrðu afleiðingarnar af því, ef vér létum þetta eftir? Það er augljóst að fái núverandi varaforsetar lausn gætu hinir nýkjörnu líka sagt af sér, ef þeim biði svo við að horfa, og svo gæti það gengið koll af kolli. Í rauninni gæti meiri hlutinn með sama rétti farið fram á, að einhver af oss minni hluta mönnum legði niður þingmensku. Og það er enda viðbúið, að þeir biðji oss »elskurnar sínar« að gera sér þann smágreiða, ef vér látum nú þetta eftir þeim. Mikið vill meira.

Annars finst mér satt að segja þetta umsóknarumstang ekki vera annað en skripaleikur.

Eg býst við að hv. deild líti svo á, að sérstakt leyfi þurfi til þess að þessir hv. herrar geti sagt af sér, og eg vona, að minni hlutinn fari ekki að vana sig pólitiskt, með því að gefa leyfið. Eg vona að minni hlutinn, sem líka ber ábyrgð á gerðum þingsins, fari ekki að afsala sér því litla valdi, sem rás viðburðanna skildi honum eftir og kveði þannig upp dauðadóm yfir sjálfum sér.

Eg hefi svo ekki meira að segja að sinni um þessa barnslegu beiðni vina vorra, háttv. varaforseta.

Ráðherra (H.H.): Út af þeim ákúrum,

sem varaforsetarnir hafa fengið fyrir að bera fram þessa umsókn til þess að koma í veg fyrir, að rifta meirihluta stöðu flokks síns hér í deildinni, þá skal eg taka það fram, að það er eg, sem stakk upp á þessari leið, af því mér þótti hún heppilegri, en að fresta fundum alþingis, meðan forsetarnir eru í utanför sinni. Ef þess vegna er komið með ákúrur út af þessu, þá verð eg að eiga minn part af þeim.

Þegar hans hát. konungurinn sendi skeytið um, að forsetar þingsins færu utan, þá kom stjórn flokksins til mín og bað mig um að gera ráðstafanir til þess, að konungur frestaði samkomum þingsins. Eg skýrði þeim þá frá að það gæti eg ekki, og þætti það heldur ekki rétt meðferð á landsfé. Hinsvegar gætu forsetarnir sjálfir frestað fundum. En eg benti þeim á að hægt væri að komast hjá vandræðunum með því, að forsetarnir legðu niður forsetastöðuna og svo mætti kjósa forseta úr minni hlutanum. Og þetta get eg ekki séð, að sé rangt eða ólögmætt.

Hv. 5. kgkj. skírskotaði til 35. gr. stjórnarskrárinnar og 7. gr. þgskp. En stjórnarskráin segir ekki annað um forsetana en það séu deildirnar sjálfar sem kjósa forseta sína og varaforseta hvor um sig og sameinað þing fyrir sig, en þar er ekkert tekið til um það, til hve langs tíma kosningin sé. Aftur á móti er sagt í 7. gr. þgskp, að kosning forseta og varaforseta og skrifara gildi fyrir allan þingtímann það ár. En það þarf ekki að tákna annað en það, að kosningin sé ekki bundin við vissan part af þingtímanum, og gat verið sérstök ástæða til þess að taka þetta fram, því að það mun hafa verið þingskaparegla í þjóðþinginu í Danmörku, að forsetakosning gilti að eins til 14 daga eða 4 vikna í senn, um það leyti sem okkar þingsköp voru sett 1875. Á sama hátt stendur í stjskr., að þingkosning gildi til 6 ára, og aukakosningar til loka kjörtímabilsins, en þó er engan veginn útilokað, að menn geti lagt þingmensku sína niður áður, eins og kunnugt er.

Vegna þess að ekki tjáir að þingdeild sé forsetalaus, verður þó hér til að koma samþykki deildarinnar. En hvort til þess útheimtist að eins einfaldur meiri hluti eða kvalificeraður meiri hluti, sem til þingskapaafbrigða, virðist mér vafasamt. Þó þykir mér sennilegra, að hér þurfi að eins einfaldan meiri hluta, fyrst þeir eru kosnir með einföldum meiri hluta, og er það eðlilegt, að sá, sem hefir bundið, geti líka leyst. Mér virðist það og eðlilegast, að ákvæði 53. gr. þingskapanna eigi að eins við um afbrigði eða undanþágur frá hinum venjulegu málameðferðarreglum, en ekki um slíkar ákvarðanir, sem þessa. En það liggur undir háttv. forseta að úrskurða, hvort hér er um þingskapaafbrigði að ræða eða ekki.

Eg verð að halda fast við þá skoðun að þessi leið sé bezt, því að hún mundi baka landsjóði minstan kostnað, ef háttv. meiri hluti ómögulega þykist geta átt undir því, að hafa um tíma jafnt atkvæðamagn hér í deildinni, eins og minni hlutinn á þingi.

Háttv. 1. varaforseti gat um að nokkuð líkt hefði komið fyrir í Danmörku og er það rétt. Í Danmörku var þetta gert, af því að sá flokkur, sem forsetinn var í, var orðinn svo fámennur, að það þótti ekki rétt að svifta hann atkvæði forsetans. Og forseti sagði af sér án þess að leita fyrst til þingsins, og næsta dag setti hann kosning nýs forseta á dagskrá.

Eg get fyrir mitt leyti ekki séð, að neitt vinnist fyrir minni hlutann með því að setja sig á móti þessu, og mér finst það ekki rétt af honum að gera það, vegna stöðu hans. Meiri hlutinn

hefir það tvent, sem er í valdi hans, að láta engin þau mál koma hér til atkvæða á meðan, sem flokkaskifting gæti verið um, eða meiri hlutanum gæti verið sárt um frá sínu flokkssjónarmiði, enda geta forsetarnir frestað fundum þingdeildanna. Mér finst þetta því einungis stífni, og ef eg ætti atkvæðisrétt hér í deildinni, þá mundi eg hiklaust greiða atkvæði með beiðninni.

Steingrímur Jónsson: Eg skal ekki vera langorður. Mér finst ekki ástæða til þess að tala um þá lögfræðislegu hlið á málinu, hvort það sem hér er farið fram á sé brot á stjórnarskránni eða þingskp., heldur vil eg að að eins tala um hina praktisku hlið málsins.

Mér skilst svo sem háttv. varaforsetar komi með þessa beiðni af því þeim finnist þeir ekki hafa rétt til þess að segja af sér, en að deildin geti leyft það. Þannig liggur spurningin fyrir mér sem minni hluta manni, sem á að gefa svar upp á hana. Er þá ástæða til þess að gefa þessa lausn? Eg get ekki gefið atkvæði mitt með henni, nema því að eins að eg sé sannfærður um að verulegar ástæður sé fyrir hendi.

Ef farið er að rekja þingsköpin sundur lið fyrir lið, þá er ekki vafi á því að það er ekki ætlast til, að slíkt geti komið fyrir, sem hér ræðir um; þess vegna er tekið fram að forsetarnir skuli vera 3 og skýrt ákveðið, að þeir skuli sitja allan þingtímann.

Þá vil eg aftur víkja að aðalspurningunni. Er nokkur knýjandi ástæða til þess að veita þessa undanþágu? Og eg verð að svara, að eg get ekki séð hana. Það er búist við að forsetarnir verði fjarverandi um 3 vikna tíma. Nú stendur svo á, að síðasta vikan fellur saman við væntanlegt páskafrí þingsins og þá yrðu ekki nema 14 eða 15 þingdagar á þessum tíma. Þá er spurningin, hvað á deildin að gera á meðan? Eg skal viðurkenna, að ef deildin sæti vinnulaus, þá væri ástæða til að veita þessa beiðni. En það er engan veginn svo. Nú eru á ferðinni hér um bil 60 þingmannafrumvörp, og flest öll rýr; af þeim er víst búið að fella 7, svo að eftir eru rúml. 50. Sum eru hér í deildinni, og sum í Nd. á leið hingað. Af þessum frumvörpum eru ekki nema eitthvað tvö, sem hugsanlegt væri, að skiptu þessari deild eftir flokkum. Og eg sé ekki að það væri hættulegt, að geyma þau, þangað til forsetar koma aftur, sérstaklega til þess að nýi ráðherrann geti tekið þátt í meðferð þeirra. Þá eru eftir um 50 þingmannafrumvörp, sem ekkert snerta flokkaskifting og í stjórnarfrv. er ekkert flokksmál nema sambandslagamálið, og þykir mér ekki líklegt, að það muni komast hingað fyrir páska. Eg sé ekki annað, en að deildin hafi nóg að starfa. Það er talað hér á þinginu, að 2. umræðu fjárlaganna verði lokið í Nd. á sunnudagsnótt. Henni hefi verið flýtt um of, svo að það er líklegt að hér verði að athuga frv. nánar en venjulega gerist. Það mætti því kjósa fyr í fjárlaganefnd og er eg fyllilega samþykkur því, að í þá nefnd verði kosið eftir sama hlutfalli og í aðrar nefndir.

Eg get því ekki séð, að meiri hlutinn eigi mál sín í nokkurri hættu og þó um sjálf fjárlögin væri að ræða, er enginn háski á ferðum, því að 3. umr. yrði ekki fyr en eftir páska, og þá yrði samt eftir sameinað þing. Það er þess vegna augljóst, að við getum ekkert gert.

Eg vil enn fremur leyfa mér að benda á, að umsókn háttv. varaforseta er dálítið ónærgætin gagnvart okkur konungkjörnu þingmönnunum; því það lítur nærri því út fyrir, að við séum álitnir samvizkulaus og harðsnúin sveit,

sem ekki sé hægt að vinna með, nema með afgerðum meiri hluta.

Háttv. flutnm. lagði allmikla áherzlu á, að þetta væri komið fram fyrir óvæntan atburð, að atkvæði yrðu nú jöfn hér í deildinni. Þetta lét undarlega í mínum eyrum. Hafði háttv. þm. ekki hugsað sér, að konungur mundi kveðja að minsta kosti einn mann á sinn fund? Og gat sá þingm. ekki orðið einmitt úr efri deild. Þetta var engan veginn óhugsandi um háttv. forseta okkar. Þeir góðu herrar hefðu átt að búast við slíku og fara öðru vísi að við þingsetningu í vetur.

Hæstv. ráðh. og 1. varaforseti bentu á fordæmi frá Danmörku 1905. Það er ekki heppilegur »parallel«. Því að í Danmörku eru ekki sömu þingsköp og hér. Þar eru þingsköp ekki annað en þingsályktun, en hér eru þau lög. Þar að auki var það regla fram undir þann tíma, er hér er um að gera, að kjósa forseta á hverjum mánuði. Og enn fremur var sérstök ástæða fyrir Trier að segja af sér, af því að Reformpartiet klofnaði einmitt þá dagana, ráðaneytið sagði af sér og lá við byltingu. Þá kom að því að báðir forsetar þingsins voru úr minsta flokkinum, 13 manna flokkinum, og var þá ekki nema eðlilegt, að þeir sætu ekki lengur, heldur segðu af sér. En á næsta fundi kaus þingið aftur Trier forseta, og sýnir það, að mönnum þótti undarlegt og athugavert það fordæmi, sem átti að innleiða.

Eg skal svo ekki tala frekar um þetta, en lýsi yfir, að mér sýnast engar ástæður fyrir hendi, sem geti knúð skynsama menn til að taka beiðni forsetanna til greina. Hinsvegar er hún hættuleg, því að eg sé ekki betur en að hver og einn geti þá neitað að taka við kosningu. Ef forsetar geta á annað borð sagt af sér og þar að auki láð deildinni, að hún vill ekki samþykkja lausnarbeiðni þeirra, þá er afleiðingin, eins og eg tók fram, blátt áfram sú, að menn geta neitað að láta kjósa sig í embætti þingsins.

Jens Pálsson: Af öllu því, sem talað hefir verið á móti lausnarbeiðni okkar varaforseta, hefir ekkert komið illa við mig annað en það, er háttv. 5. kgk. þingm. taldi slíkt stjórnarskrárbrot. Það er gersamlega langt frá sannleika, eftir þeim skilningi sem eg get lagt í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Auðvitað þykir líklega minna mark takandi á skilningi okkar, sem erum ólöglærðir; en við verðum þó að fara eftir okkar skoðun.

Eftir 35. gr. á hver þingdeild um sig að kjósa forseta sinn og varaforseta; og eins hið sameinaða alþingi að kjósa sjálft forseta sinn og varaforseta. Þetta eitt liggur í greininni; en þar með er úti lokað, að sameinað þing kjósi forseta fyrir deildirnar, og eins hitt, að stjórnin tilnefni, kjósi eða skipi forsetana. Annað en þetta segir greinin ekki, hvorki beint né óbeint, eins og hæstv. ráðherra hefir sýnt fram á. Þar við er engu að bæta. — En hvað snertir 2. og 4. gr. þingskapalaganna, vil eg taka það fram, að eg get ómögulega fallist á þá skoðun, að þessar greinar geri þingdeildunum ómögulegt að samþykkja forsetaskifti, á meðan á þingtíma stendur. Þær innibinda ekki í sér neina fyrirskipun um, að forsetarnir *skuli* sitja þingtímann út, heldur það eitt, sem beint er sagt, að kosningin gildi allan þingtímann. Forsetarnir eru því *óafsetjanlegir*, en þeim er hvergi bannað að *segja af sér* með samþykki deildarinnar eða þingsins. Deildin hlýtur að hafa vald til að veita slíka beiðni. — Eg hygg að þessi skilningur sé réttur, og það því fremur, sem alveg sams konar ákvæði gildir um eina vissa nefnd í þinginu, nefndina til þess að prófa þau

kjörbréf, er fyrst koma fram eftir að hinni almennu prófun er lokið, og rannsaka kosningar, er þingið hefir frestað að viðurkenna gildar, eða kærur er snerta kosningar, er þegar eru teknar gildar. Nú skulum við hugsa okkur, að kærur kæmu fram yfir kosningu þeirra þingmanna, sem eiga sæti í þessari nefnd. Hvernig fer þá? Eiga þeir þá ekki að geta fengið lausn úr nefndinni? Eða eiga þeir að verða neyddir til að fjalla um kærur yfir kosningu sjálfra þeirra til þingmensku. — Auk þess veit eg ekki betur, en að það sé gömul venja í þinginu, að nefndarmenn, er þess óska, fái leyfi til að segja af sér, og aðrir eru kosnir í þeirra stað. þetta hefir oft átt sér stað og alt af verið talið leyfilegt.

Það eru hörð orð, að kalla það lögbrot og stjórnarskrárbrot, að leyfa varaforsetum að segja af sér. Í augum og að dómi almennrar heilbrigðrar skynsemi eru slík ummæli fjarri öllum sanni, hvað sem kann -að vera í augum og að dómi hinnar sérstaklegu lögfræðislegu skynsemi.

Það hefir verið sagt hér í dag, að kosningarnar í sumar hafi eingöngu snúist um sambandsmálið. Ómótmælanlega snerust þær aðallega um það mál, en eg hefi orðið þess var, að kosningarnar snerust meðfram um ýmislegt fleira, einkum hið fjárhagslega ástand landsins. Fjárhagshorfurnar lágu þjóðinni þungt á hjarta og var víða tekið tillit til stefnu þingmannaefna í þeim efnum.

Háttv. 5. kgk. þingm. mintist á það, að vér meirihlutamenn hefðum sjálfir skapað þessa afstöðu flokkanna í deildinni. Það er rétt, að við vorum ekki nógu varkárir í fyrstu og höfðum ekki búist við þeim óvænta atburði, að konungur kallaði forsetana á sinn fund. En þar sem háttv. 4. kgk. þingm. þótti undarlegt, að við skyldum ekki gera ráð fyrir því, þá er þar til að svara, að þetta er í fyrsta sinn, er slíkt kemur fyrir, að forsetar þingsins eru kvaddir á konungsfund á miðjum þingtíma; og hafa jafnvel heyrst raddir um það, að ekki væri unt að sinna slíku útboði konungs. Það er því fullkomlega rétt, að kalla þetta óvæntan atburð, en auðvitað er það atburður, sem sjálfsagt var að beygja sig fyrir.

Þessi óvænti atburður raskar hlutföllum flokkanna í deildinni, ef ekki er við gert. Eins og hæstv. ráðh. hefir tekið fram, er það viðurhlutamikið að orsaka tafir á störfum deildarinnar. En hinsvegar verður varla komist hjá því á annan hátt en þennan, sem við förum fram á. Því að þótt eiginleg flokksmál séu ekki mörg á þinginu, þá geta þó æði mörg mál komið fyrir slík, er meiri hlutinn vill ekki eiga á hættu, að verði feld fyrir honum. Og það er ekki sanngjarnt að krefjast þess, að meiri hlutinn leggi áhugamál sín í þá hættu.

Hvað það snertir, að beiðni okkar sé ónotaleg ákomu fyrir minni hlutann og sýni það, að við álítum hann, eða konungkjörna liðið, samvizkulausa og harðsnúna sveit, þá eru slík ummæli alveg ástæðulaus. Við fullyrðum einmitt, að minnihlutamenn séu samvizkusamir menn, sem vilja gera skyldu sína; og við göngum út frá því, að þeir, ekki síður en við, hafi siðferðislegt þrek til að fylgja fram sínum skoðunum á allan leyfilegan og löglegan hátt. Svo að í þessu felst miklu fremur lof en last um minni hlutann.

Eg verð að halda því föstu, að bæði eg hafi tekið fram ýmsar verulegar ástæður fyrir beiðninni, og hæstv. ráðherra aðrar hreint ekki óverulegar. Mörg mál hljóta að tefjast til muna, og það hefir í för með sér útgjaldaauka

fyrir landsjóð, auk þess sem tafir koma sér mjög illa í sumum málum t. d. fjárlögunum. Háttv. 4. kgk. þingm. sagði að vísu, að þau gætu gengið sinn gang alt að einu; en hann gat ekki bent á aðra leið til þess en þá, að láta hlutkesti *ekki* ráða um kosningu eins mannsins í fjárlaganefndina, sem þingsköpin þó bjóða skýlaust. Þetta er gott boð frá hans hálfu og eg efast ekki um, að hann vilji standa við það. En eg efast um að þetta væri lögleg aðferð; og ef nú svo færi að það álitist ekki forsvaranlegt, að kjósa nefndina öðru vísi en eftir vanalegum þingskapareglum, þá gæti leitt þar af, að minni hlutinn hefði 3 menn í nefndinni, en meiri hlutinn að eins 2, — en það getur hann ekki gert sig ánægðan með.

Það hefir komið fyrir áður á þingi, að þingdeild hefir kosið fjármálanefnd og fjárlögunum síðar verið vísað til þeirrar nefndar. Ef til vill mætti fara þessa leið nú, með miklum afbrigðum frá þingsköpum og aukafundum, ef það kæmi fram í kvöld, væri rætt á deildarfundi á morgun og nefndin kosin á aukafundi annaðkvöld. Þetta er eini vegurinn til þess að fjárlögin gangi áfram óhindruð, ef beiðni okkar verður ekki tekin til greina. — Hin leiðin er varla forsvaranleg, að þingið fari að ákveða, að hlutkesti skuli ekki fara fram, þar sem lögin fyrirskipa hlutkesti.

Eg verð að biðja háttv. minni hlutann að útrýma því úr huga sér, að vér séum að gera honum nokkrar getsakir í þá átt, að hann vilji ekki koma fram þinglega, drengilega og réttlátlega. Okkur hefir ekkert slíkt til hugar komið. Það særði mig dálitið, er eg heyrði háttv. 5. kgk. þingm. segja, að það liti út fyrir, að við gerðum ráð fyrir óréttlátri framkomu eða gerræði frá þeirra hálfu. Þessi ummæli gefa mér ástæðu til að lýsa því yfir að hvernig sem fer um lausnarbeiðni okkar, þá treystum við minni hlutanum til að koma fram drengilega, eins og við og munum reyna að koma fram sem samvizkusömum meiri hluta sæmir.

Sigurður Stefánsson: Þessu máli hefir verið mætt með rósemi af öllum nema háttv. 5. kgk. þingmanni Og það er heldur ekki láandi, þó að hann, sem er svo alþektur að réttlæti og göfugmensku, sem allir vita, geti ekki hlustað rólegur á að slíkt mál sé fram borið, úr því að hann álítur að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. — En ef það er rétt, að þetta sé stjórnarskrárbrot, þá bitna ákúrur hans mest á forseta deildarinnar, því að þá var það skylda hans að vísa málinu frá.

En eg vona, að engum, sem athugar málið með ró og stillingu, geti komið til hugar, að nokkurt stjórnarskrárbrot felist í því, að leyfa varaforsetum að segja af sér. Eg hefði ekki borið slíkt fram, ef mér hefði komið til hugar að eg væri að fremja stjórnarskrárbrot. Eg ætla ekki að fara neitt út í lögskýringar hins háttv. 5. konungk. þingm. Það fer hér sem oftar, að hans lögskýringar fara fyrir ofan garð og neðan hjá minni skynsemi, sem eg verð þó að álíta nokkurn veginn heilbrigða.

Ósk okkar varaforsetanna er bygð á því, að meiri hlutinn fái að halda eðlilegu atkvæðamagni á þinginu. Því að það er óneitanlega eðlilegast, að sá flokkur, sem er í miklum meiri hluta á þingi, hafi einnig atkvæðamagn í hvorri deildinni fyrir sig; og bæði rétt og skylt, að nota til þess öll lögleg meðul. Það stendur nú svo á, að utanstefna forsetanna getur orðið til þess, að raska atkvæðahlutföllum á þingi, ef ekkert er að gert. Það hefir vitanlega ekki verið tilgangur hans hátignar konungsins að svo færi, og það er fjarri mér að vilja á nokkurn hátt tala.

óvirðulega í hans garð. En halda hinir háttv. minnihlutamenn, að þeir gjöri konungi þægt verk með því að stuðla til þess, að svo óheppilegar afleiðingar verði af útboði hans? Nei, honum mundi eflaust falla illa ef hann heyrði það, að hans útvöldu menn vildu með ofurkappi draga atkvæðaaflið úr höndum meirihlutans, sem hefir löglegt umboð meiri hluta þjóðarinnar.

Það undraði mig, að heyra háttv. 5. kgk. þm. segja það nú, að sambandsmálið væri eina flokksmálið á þingi. Nálega á hverjum deildarfundi hefi eg heyrt þennan sama háttv. þm. segja að þetta og þetta sé flokksmál. En nú alt í einu er ekkert flokksmál til nema sambandsmálið.

Háttv. þm. kallaði það skyssu af meirihlutanum, að skipa forsetasætin svo, sem hann hefir gjört. Ef það er skyssa, þá hefir meirihlutinn á fyrri þingum gert sömu skyssu; hann hefir gefið fordæmið, því að hann kaus alt af forsetana úr sínum flokki, alveg eins og við gerðum nú, og alveg eins og eðlilegt er að hver meirihluti geri.

Því var dróttað að okkur, að við álitum minnihlutann skipaðan misyndismönnum. Þetta er fjarri öllum sanni. Sem gamall efrideildarmaður get eg borið um það, að í hóp hinna konungkjörnu þingmanna hafa, að minsta kosti alt fram að þessu ári, verið þeir heiðarlegustu og beztu menn, sem eg hefi getað á kosið. Hitt er eðlilegt og sjálfsagt að búast við því, að hver flokkur haldi sínum málum fram til hins ítrasta.

Hæstv. ráðherra tók fram merginn málsins, þann að ekki megi gjöra neitt, er valdi þingtöfum. Það er skylda þingsins, að demba ekki meiri kostnaði á þjóðina en nauðsynlegt er, undir svo slæmum fjárhagslegum kringumstæðum, sem nú eru í landinu. Einmitt til þess að komast hjá töfum og þar af leiðandi kostnaði, höfum við komið fram með beiðni um lausn varaforseta. En verði hún ekki tekin til greina, hljótum við þó að gæta réttar meirihlutans, og þá getur farið svo, að þingið tefjist lengri eða skemmri tíma.

Háttv. 4. kgk. þm. reyndi að halda sér við efnið. Hann sagði, að það hefði verið í fullu samræmi við þingsköp Dana, að Trier sagði af sér. En eg held þó að það sé ekki rétt, því að sú grein í þingsk. Dana er í samræmi við vor þingsköp. Eg hefi dönsku þingsköpin liggjandi hér á borðinu. Þau eru nákvæmlega eins og hjá oss, svo að ekki hefir Trier haft stuðning í þingsköpunum. Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að þó að flokkarnir stæðu 6:6, hefðum vér meirihl. þó í fullum höndum við minnihl. (*Stgr. Jónsson:* Í fjárlögunum). Nei, einmitt ekki í fjárlögunum. Það er að eins að við getum drepið hver fyrir öðrum. Og eg vil spyrja háttv. 4. kgk. hvort honum þætti það ákjósanlegt. Eg vil fyrir mitt leyti ekki vera með til að innleiða slíka pólitík. Vér meirihl. höfum þá skyldu gagnvart þjóðinni, að varðveita það vald, sem hún hefir fengið oss. En hins vegar vildi eg skjóta því að háttv. 4. kgk., að því víkur nokkuð undarlega við, að það skuli vera einmitt konungkjörna sveitin, sem rís upp til að andæfa þessu máli og stofna vandræði, hún sem einmitt ætti að reyna að leysa þau og hafa næma ábyrgðartilfinningu gagnvart landinu, en það er alt annað uppi á teningnum. Við höfum gert það sem okkur var skylt gagnvart þjóðinni og ef það ekki hefst fram, er það á ábyrgð minnihl.; ábyrgðin hverfur af okkur á hina.

Lárus H. Bjarnason: Það hafa fallið mörg merkileg orð síðan eg settist

niður, en mest undrar mig ræða hæstv. ráðh., því að á hinu átti eg von. Raunar er það honum líkt, að taka á sig ábyrgð þessarar lausnarbeiðnar, úr því að hann átti upptökin að henni, en á hinu átti eg ekki von, að hann færi að ögra deildinni með þingfrestun og kostnaðarauka, ef lausnin ekki fengist. Og sízt af öllu bjóst eg við, að hann færi að dreifa h. hátign konunginum við þetta mál. Eg vissi, að hæstv. ráðh. vildi ekki verða við tilmælum meirihl. um að leggja til við konung að fresta þingi, meðan á forsetaförinni stæði, og hélt að hann hefði svo leitt meirihlutann af með því að skjóta því að honum, að hann gæti reynt að fá samþykki minnihl. til forsetaskifta. En hitt datt mér ekki í hug, að honum gæti verið kappsmál að rýra minnihlutann með því að berja þetta fram án þess að orða það við flokk sinn. Eg hélt að hann skoðaði ekki konungkjörnu þingmennina sem peð, er leika mætti fram eða aftur eftir vild. Og eg þykist vita, að hann sé frjálslyndari maður en svo.

Það nær engri átt að vitna hér í dönsku þingsköpin, þegar af þeirri ástæðu, að þau eru sett með samþykt þingsins en ekki með lögum eins og hjá oss. Þetta hefir líka meirihl. kannast við, því að annars hefðu forsetarnir ekki »sótt um leyfi« deildarinnar til að segja af sér. Og á sömu skoðun hefir hæstv. forseti verið, því að kosning forsetanna er tekin á dagskrá »ef til kemur«, þ. e. a. s. ef deildin veitir lausnina með afbrigðum frá þingsköpunum. Danska tilvitnanin á ekki við, og eg vil ekki innleiða þá venju, að tyggja alt upp á dönsku.

Háttv. þm. Ísf. játti því, að kosningarnar 10. sept. hefðu að eins snúist um eitt mál og hafði þar rétt eftir mér, og er það góðra gjalda vert af honum. Hitt er ekki að marka, þótt háttv. þm. G.-K. hafi jafnframt sambandsmálinu lagt áherzlu á einhver önnur mál suður á Nesjum. Hann hafði sagt svo margt í kosningaleiðangri sínum, sem of langt yrði að rekja hér, þó að margt hefði það verið skrítið. Annars hermdi háttv. þm. það ranglega, að eg hefði kallað það stjórnarskrárbrot að veita lausnina. Eg sagði, að það gengi nærri stjórnarskránni, að veita slíkt leyfi. Það er heldur ekki rétt, að ákvæði þingskapanna um að forsetakosning »sé fyrir allan þingtímann« þýði það eitt, að deildirnar eða þingið geti ekki sett forsetana af. Það þýðir jafnframt, að forsetarnir geti ekki sagt af sér. Og tilvitnun háttv. þm. í það, að maður, er kjörinn væri í kjörbréfanefnd, mundi ganga úr nefndinni, væri kosning hans kærð, var heldur ekki rétt. Fyrst og fremst mundi einnig þurfa leyfi þingsins til þess. Og í annan stað væri ólíkt ríkari ástæða til að veita lausn er svo á stæði, er maðurinn ella dæmdi um eigin sök, eða hér, þar sem engu slíku er til að dreifa.

Háttv. 4. kgk. gat þess, að hann vildi leyfa meirihl. að skipa meirihluta í fjárlaganefnd eftir sömu flokkshlutföllum og nú gilda, og eg er honum fyrir mitt leyti alveg samþykkur. Og eg vil bæta því við, að það er svo laust við að meirihl. þurfi að óttast ofríki af minnihl., að vér munum þvert á móti kosta kapps um að sýna alla lipurð og sanngirni. Eg skal ekki deila frekara um það, hvort hér þurfi afbrigði frá þingsköpunum, því að þar er háttv. forseti góður dómari, en þó hygg eg að það mál sé ekki hægt að dæma nema á einn veg.

Háttv. þm. Ísf. sagði, að meirihl. bæri að hafa meirihluta í báðum deildum, og má það rétt vera, en eins og eg hefi þegar sýnt og sannað, þá er það þeirra eigin sök, ef raunin verður önnur. Háttv. þm. sagði ennfremur, að fyrv. meirihl.

hefði alt af skipað öll virðingarsæti sínum flokksmönnum. En þetta er ekki satt. Magnús Andrésson var varaforseti neðri deildar bæði 1905 og 1907.

Þá sagði háttv. þingm. að sér kæmi undarlega fyrir að heyra mig segja, að í rauninni væri ekki nema eitt flokksmál hér á þingi, því að eg væri vanur að segja að meirihl. gerði þetta og þetta mál að flokksmáli. Eg sagði, að kosningarnar hefði að eins snúist um eitt mál, og það kemur ekki í bága við það, að meirihlutinn vill gjöra fleiri mál að flokksmálum. Það er sitt hvað, kjósendur og þingmenn.

Þá sagði háttv. þm. Ísf., að hingað til hefðu hinir kgk. þm. verið mestu heiðursmenn. Þar til liggja þau svör, að eg verð að meta prestsvottorð þm. á borð við önnur embættisvottorð, verð að trúa þeim þangað til »contrarium probetur« eða hið gagnstæða sannast, en úr »heiðarlegleikavottorðum« þingmannsins gjöri eg ekki mikið meira en úr dómi blinds manns um lit. Eg skoða mig sem þingmann landsins þó að eg sitji nú ekki í þjóðkjörnu sæti, og eg brúka atkvæði mitt alveg eins og eg væri þjóðkjörinn, hvort sem nokkrum þykir það leitt eða ljúft.

Kristinn Daníelsson. Eg hafði hugsað mér að tala ekki, en sérstaklega ef eg talaði, að tala á undan háttv. 5. kgk., en nú er hann dauður, en eg vil þó beina til hans nokkrum orðum, en eg vona að mér takist að gjöra það svo vægilega og höglega, að hann verði ekki meiddur af.

Háttv. 5. kgk. spurði aftur og aftur, hví meirihl. væri svona hræddur. En hér getur auðvitað ekki verið um neitt slíkt að tala, flokkurinn er svo sterkur, að hann hefir ekkert að óttast. Hitt er aðalatriðið, hvernig meirihl. megi ráða sem bezt ráðum sínum, og við lítum svo á, að þetta sé það bezta ráð sem meirihl. á í fórum sínum, og það væri full ástæða fyrir minnihl. að taka þessu vel og liðlega. Háttv. 5. kgk. talaði mikið um það stöðvunarvald, sem minnihl. ætti að hafa. Eg skal ekki fara mörgum orðum um það. Það getur verið gott og gagnlegt. En eg sé ekki, að þetta stöðvunarvald rýrnaði neitt þótt forsetunum væri veitt lausn. Það mundi þvert á móti gjöra það drýgra ef minnihlutinn væri liðlegur en ekki um of kappsfullur.

Eg hygg að háttv. 4. kgk. hafi farið of langt í því atriði er hann sagði, að þetta væri ekki umræðu vert, þar sem meirihl. hefði ekki nokkra verulega ástæðu fyrir sínu máli. En það er ofur eðlilegt, að minnihl. komi ekki auga á ýmsar ástæður, sem kunna að vera góðar og gildar, og glöggvar og ljósar fyrir meirihl. Í dag kom t. d. eitt slíkt atriði fyrir, þar sem minnihl. æskti nafnakalls til þess að leiða í ljós, hvort það væri flokksmál, og slík atriði geta alt af komið fyrir.

Þá tók háttv. 4. kgk. það fram, að þeir sem nú yrðu valdir forsetar gætu skorast undan að taka á móti kosningu. Það er auðvitað að þeir gætu færst undan því, en þeir yrðu að sækja sama veg og hinir, að biðja um lausn og skjóta máli sínu til deildarinnar. Og eg ber það traust til deildarinnar, að hún skeri réttilega úr, hvort gildar ástæður séu fyrir lausnarbeiðninni eða ekki.

En hitt er spurning, hvort hér skuli ráða einfaldur meiri hluti eða »kvalificeraður« meiri hluti. Mér sýnist ekki betur en að þetta sé venjulegt dagskrármál, og vona, að forseti vilji úrskurða á þá leið. En þótt forseti ekki úrskurðaði þannig, þá vil eg ráða minnihl. til að greiða atkvæði með meirihl. Eg ræð ekki svo, af því að meirihl. sé hræddur, heldur af því að til þess liggja góðar og gildar ástæður fyrir minnihl. sjálfan.

Steingrímur Jónsson: Eg ætlaði ekki að standa upp aftur, en ræður manna hafa snúist svoleiðis, að eg vil gera dálitlar athugasemdir. En eg vil halda mér innan sama ramma og fyr og taka málið hreint praktiskt. Háttv. þm. Ísf. sagði að eg hefði sagt, að það væru engar ástæður fyrir forseta til að biðjast lausnar. Það sagði eg ekki, heldur að það væru engar verulegar ástæður. Mér finst að það væri full ástæða til að láta okkur vita hverjar þessar ástæður eru, en eg þykist reyndar hafa sýnt fram á, að þessar ástæður geta ekki verið til. Eg held því ennfremur fram, að þeir forsetar, sem yrðu kosnir, gætu neitað að taka á móti kosningu.

Eg er ávalt þakklátur háttv. þm. V.-Ísf. fyrir góð ráð, en það stendur svo á hér, að hver einstakur þingm. verður að gæta virðingar sinnar gagnvart sjálfum sér og þjóðinni. Eg er þakklátur háttv. varaforsetum deildarinnar fyrir þá yfirlýsing þeirra, að þeir ekki með beiðninni hafi viljað gefa í skyn, að þeir hefðu ótrú á mótstöðumönnum sínum um það, að þeir mundu fara illa með það vald, sem þeim er gefið. Mér fanst þessi skilningur á beiðninni liggja svo nærri, að yfirlýsing af þeirra hálfu væri nauðsynleg. Eg er því þakklátur fyrir það sem þeir hafa sagt. Eg held fram, að deildin hafi nóg að gera sérstaklega með fjárl. alt fram að 2. umr., en fyr en við 2. umr. er ekki hægt að drepa neitt. Enda gætu þeir háft 3:2 í fjárlaganefnd ef þeir vilja taka mig trúanlegan. Þess vegna vil eg mótmæla því harðlega, að það þurfi að hafa kostnað í för með sér að þessi lausnarbeiðni yrði ekki veitt. Auðvitað hlýtur þetta þing að standa lengur en vanalega, að líkindum fram í lok aprílmán., og verða þannig dýrara. En það er engin þörf að grípa til þess óyndisúrræðis að fresta því meðan forsetarnir eru fjarverandi. Og þar sem háttv. þm. Ísf. sagði að það væri á ábyrgð minnihl., að þinginu yrði frestað, þá vil eg bæði neita því að svo sé, og hins vegar lýsa yfir, að hann mundi ekki kikna undir þeirri byrði.

Háttv. þm. Ísf. sagði, að eg hefði sagt að það hefði verið samkv. þingsköpum að Trier sagði af sér, en eg sagði að eins, að hann hefði sagt af sér í lok fundar, en á fundi næsta dag verið kosinn aftur í einu hljóði. Eins og eg tók fram, getur þetta ekki orðið tekið sem fordæmi hjá okkur, því þingsk. dönsku eru langtum lausari í sniðum en vor, sem eru lög. T. d. held eg, að fram undir þann tíma sem Trier sagði af sér hafi forseti aldrei verið kosinn til lengri tíma en 1 eða $^1/_2$ mán. Það sem þm. Ísf. las upp var þingsk. frá 1. apríl 1905 fyrir landsþingið en ekki fólksþingið.

Ráðherra: Eg skal ekki vera langorður. Eg vildi að eins mótmæla því sem háttv. 5. kgk. sagði, að eg hefði ögrað minnihlutanum með því að þinginu yrði frestað. En hitt sagði eg, og segi enn, að það er á valdi forsetanna að fresta fundum þingdeildanna hvenær sem þeir vilja, því þeir ákveða fundina. En sé fundum frestað í efri deild, gengur það líka út yfir neðri deild og alt þingið. En frestun um eina einustu viku kostar að minsta kosti 3000 kr. Eg álít ástæðulaust að fleygja þeim peningum út, einkum þar sem hér er um svo ofureinfalt mál að ræða.

Háttv. 5. kgk. sagði, að ekki mætti vitna í dönsku þingsköpin, af því að þau væru þingsamþyktir en ekki lög. En þingsamþyktir eru bindandi eins og lög, ef lagaheimild er til þeirra og þær eru í löglegu formi. Og eg get ekki betur séð en að það skifti máli, hvernig sams konar atriði eru í dönsku þingsköpunum og hvernig þau eru skilin

þar. Þó í dönsku þingsköpunum sé nú, að forsetar skuli kosnir fyrir allan þingtímann, hefir verið álitið sjálfsagt, að þeir geti sagt af sér, eins og reynslan sýndi seinast þegar H. Trier sagði af sér.

Eins og háttv. 5. kgk. einnig tók fram, er það sennilegt, að undanþága frá þingsköpunum, sem ræðir um í 53. gr., eigi eingöngu við »Forretningsgangen«, dagleg þingskapaatriði, og nái ekki til þessa máls. En þetta er ekkert sérstakt málsmeðferðaratriði. Þetta samþykki má að minni hyggju gjöra með einföldum meiri hluta. Það er líka ákveðið í þingsköpunum, að kosning kjörbréfanefndar gildi fyrir allan þingtímann, en þó tel eg vafalaust að eng inn mundi efa, að þingið gæti leyft manni að fara úr henni, án þess að það væri skoðað afbrigði frá þingsköpunum.

Háttv. 5. kgk. skaut því fram að lokum, að eg ætlaðist þó víst ekki til að þeir konungkjörnu væru *með*. Slíkt mælskublóm tek eg mér ekki nærri; hann veit sjálfur, að þetta á sér engan stað. Hvorki hann né aðrir háttv. kgk. þm. hafa heyrt mig segja eitt orð í þá átt, að þeir ættu að fylla neinn sérstakan flokk né fylgja öðru en sinni eigin sannfæring í málunum. Eg veit ekki betur en einn þeirra sé nú utan þingflokkanna. En í þessu tilfelli stendur dálítið sérstaklega á. Við verðum að muna, að það er konungur sem hefir kvatt forsetana í burtu, og sú ráðstöfun konungs á ekki að verða til þess að raska — ekki einu sinni í bili — flokkshlutföllunum hér á þingi. Slíkt væri, eins og allir vita, svo fjarstætt vilja h. h. konungsins sem unt er. Það má ekki einu sinni geta fallið skuggi af grun um það á neinn þeirra manna, er voru í ráðum með honum um þessa ráðstöfun, að þeir hafi viljað draga taum neins þingflokks með því. Það er skylda mín að varna öllum slíkum grun, sem ella mætti ef til vill vekja hjá tortryggum lýð, og mér finst að þeir þingmenn, sem kvaddir eru til þingsetu af h. h. konunginum, ættu af öllum mætti að stuðla að því sama.

Stefán Stefánsson: Eg ætlaði ekki að tala í þessu máli, en niðurlagsorð háttv. þm. Ísf. knúðu mig til að standa upp. Hann sagði sem sé, að því viki nokkuð undarlega við, að »öll konungkjörna sveitin« skyldi rísa upp á móti þessu. Eg veit ekki hvaðan honum kemur sú vizka, einkum þar sem að eins tveir þeirra kgk. hafa látið í ljós skoðun sína á þessu máli. Eg hefi frá því fyrsta verið á þeirri skoðun, að rétt væri að veita forsetunum lausn. Mig furðaði á því, að hann skyldi segja þetta, og get ekki látið hjá líða að mótmæla því. En enn meir furðaði mig á því, að hann skyldi segja að konungkjörna liðið hefði verið heiðarlegir menn *alt fram að* þessu ári. Eg bjóst sízt við þessu af honum, þar sem hann er mér svo náskyldur sem allir vita. Það gefur grun um, að honum fari sem mörgum eldri bræðrum, er líta smáum augum á yngri bræður sína.

Þá hefir það og verið sagt, að atkvæðin verði hníf-jöfn ef lausnin verður ekki veitt. Eg veit heldur ekki hvaðan mönnum kemur þessi vizka. T. d. er eg ekki í neinum flokk, nema ef telja skyldi tveggja manna flokk, brot úr gamla þjóðræðisflokknum. Meirihl. hefir því að minsta kosti eitt atkvæði fram yfir minnihl. Eg er ekki bundinn neinum flokksböndum, og eg banna öllum að skipa mér í hvern flokk sem er. Hér ræð eg mínu atkv. algjörlega sjálfur; eg er það hamingjusamari en meirihlutamenn.

Eins og þegar hefir verið bent á, mega meirihlutamenn sjálfum sér um kenna þessa klípu, sem þeir eru komnir í. Hún er eingöngu að kenna fíkn þeirra í að skipa öll virðingarsæti sínum mönn-

um, svo að þeir knýjast nú til að grátbæna minnihl. um að fá að skipa einhvern þeirra í sætin. Enda dettur engum þeirra í hug að neita þessu. Eg býst ekki við að háttv. meirihl. verði ráðkænni hér eftir. Eg get jafnvel búist við að hann geri sig sekan í enn verri ráðstöfunum en hingað til, og baki landinu óþarfan kostnað. Eg hefi heyrt, að þeir muni ætla sér að fresta fundum deildarinnar, ef lausnarbeiðnin verður ekki veitt. Því vil eg afstýra, til að firra landið peningaaustri, og mun því greiða atkv. með því að forsetarnir fái lausn. En auðvitað er það algjörlega ástæðulaust að fresta fundunum. Meirihl. mun segja, að þeir séu skyldugir til að gæta þess, að þeir haldi meiri hlutanum. Þeir gera það eftir sem áður, þó lausnin verði ekki veitt. Þeir geta alveg eins búist við því, að eg greiði atkv. með þeim eins og hinum, nema í því eina máli, sem sérstaklega skilur okkur, en það á ekki að koma fyrir deildina, fyrr en forsetarnir eru komnir aftur.

Lárus H. Bjarnason: Það getur ekki leikið neinn vafi á því, að samkv. 53. gr. þingskapanna þarf þar um getið leyfi til lausnarbeiðnarinnar.

Annars stóð eg upp til að beina þeirri spurning til hæstv. ráðherra, hvort 31. gr. stjórnarskrárinnar, um að þingmenn séu »*eingöngu* bundnir við sannfæringu sína«, ætti ekki við kgk. þm. jafnt og þjóðkjörna? Sé svo ekki, hefði hæstv. ráðherra átt að taka einhvern annan en mig. Honum er kunnugt um, að því fór fjarri, að eg sæktist eftir því kjöri.

Verði þessi lausnarbeiðni veitt, verður afleiðingin sú, að verði einhver meirihl.-maður veikur, fái kvef eða þessl., þá verðum vér minnihl.-menn beðnir að sleppa einu sæti við meirihlutann um stund eða til fulls, og ættum þá að láta það eftir honum eins og þetta.

Steingrímur Jónsson: Hæstv. ráðherra beindi því til okkar kgk. þm., að við ættum að stuðla að því, að ekki félli grunur á konunginn um það, að hann hafi viljað raska flokkaskipun á þingi. Mér virðist það vera svo fjarstætt að gruna konung um slíkt, að það ætti engum að geta til hugar komið. Komi slíkur grunur upp í meirihlutanum, eigum við enga sök á því, og höfum enga skyldu til að taka tillit til þess. Og fresti meirihl. fundunum, þá er það á hans ábyrgð og kemur okkur ekkert við.

Jens Pálsson: Háttv. 6. kgk. sagði að það sem hefði skapað þetta ástand, væri virðingarfikn meirihlutans og ekkert annað. Eg bjóst ekki við slíkum brixlyrðum í okkar garð. Háttv. þm. veit það vel, að það hefir alt af verið venja að kjósa forsetana úr meirihlutanum. Það hefir alt af verið talið sjálfsagt, að meirihlutinn kysi þá úr sínum flokki.

Þess hefir verið getið, að eg hafi sagt, að eg mundi ekki hika við, sem forseti, að fresta fundunum. Það er rétt; eg sagði, að eg mundi gera það, ef nauðsyn bæri til. Eg skil ekki að það þurfi að hneyksla neinn. Eg mundi í lengstu lög stía þeim málum frá, sem gætu orðið flokksmál, mundi ekki láta þau mál koma fyrir, sem ágreiningur væri um milli flokkanna. Til þess að ekki komi til að þessa þurfi með, og til að forðast þann kostnað, sem af þessu mundi leiða, er það eina ráðið að samþykkja lausnarbeiðni okkar varaforsetanna.

Ráðherra: Út af því sem háttv. 5. kgk. sagði, vildi eg að eins taka það fram, að eg kannast ekki við, að eg hafi sagt nokkurt orð í þá átt, að konungkjörnir þingmenn ættu ekki að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni. Hér er ekki um annað að ræða en tilhliðrun,

undanþágu, sem ekki virðist geta brotið bág við neina sannfæring eða stjórnmálaskoðun.

Sigurður Stefánsson: Eg stend upp út af ræðu háttv. 6. kgk. Hann virðist hafa misskilið mig; ef til vill hefi eg ekki talað eins ljóst sem skyldi. Eg talaði um þá kgk. þm. sem flokk; að eg hefði þekt þá sem kgk. þm. hingað til. En um þá tvo nýju veit eg ekki hvort þeir verða eins í samvinnu sem hinir. Þetta var meiningin. Ennfremur sagði eg ekkert um það, að allur konungkjörni flokkurinn mundi greiða atkv. á móti lausnarbeiðninni. Eg sagði, að það væri undarlegt, *ef* allur sá flokkur findi það skyldu sína, að greiða atkv. á móti henni.

Forseti lýsti því yfir, að hann áliti ekki, að veiting beiðni þessarar kæmi í bága við 35. gr. stj.skrárinnar, og sæi því ekkert á móti því, að gengið yrði til atkv. um hana.

Var þá gengið til atkv. og greiddu 9 atkv. með beiðninni en 4 á móti.

Forseti lýsti því þá yfir, að með því að um afbrigði frá þingskapalögunum væri að ræða, þyrfti samkvæmt 7. gr. þingsk. samanborinni við 53. gr. þeirra $^3/_4$ hluta atkv. til þess að löglega yrði samþykt, og væri því beiðninni synjað.

Fjármálanefnd í efri deild alþ.

TILLAGA til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga fjármál landsins (A. 308); ein umr. 20. marz.

Samþ. með 12 samhlj. atkv.

Nefndin kosin sama dag og hlutu kosningu:

Sigurður Stefánsson,
Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifsson,
Steingrímur Jónsson,
Gunnar Ólafsson.

Fjárlög 1910—1911.

FRV. TIL FJÁRLAGA fyrir árin 1910—1911 (A. 428). 1. umr. 13. apríl.

Sigurður Stefánsson: Það væri ástæða til að fara um frumv. nokkrum orðum nú þegar, ef kringumstæður og tími hefði leyft. En eg hefi engin tök á því að sinni, og hefi því ekki ástæðu til annars en leggja til, að málinu verði vísað til 2. umræðu.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil að eins bæta við því, að eg óska að 1. umr. verði tviskift.

Sigurður Stefánsson: Eg játa, að það gæti verið mikil ástæða til að fara eftir tillögu háttv. 5. kgk. þingm. En þegar litið er til þess, hve tíminn er orðinn naumur, vil eg þó heldur hallast að hinu, að vísa frumvarpinu til 2. umræðu nú þegar. Það kemur í sama stað niður hvað það snertir, að það má tala um málið alment þó við 2. umræðu sé. Tviskiftingin verður að eins til þess að tefja tímann að óþörfu og því vil eg ráða frá henni, þó að hún sé auðvitað að forminu til alveg rétt, þegar um svo mikilvægt mál er að ræða. Mér sýnist mega komast af án frestunar á 1. umr., og í því sambandi skal eg geta þess, að eg vonast til að nefndin komi fram með, í áliti sínu, allar almennar athugasemdir, sem ástæða gæti verið til, og yfir höfuð undirbúi málið sem bezt.

Lárus H. Bjarnason: Geta má þess, að það hefir verið undantekningarlaus vani, að skifta 1. umræðu í fjárlögunum. Allir hafa búist við, að svo yrði einnig nú, og því ekki búið sig undir að tala um málið á þessum fundi. Það mælir líka með skifting 1. umræðu, að tíminn verður naumur að öðrum kosti, til þess að koma með breytingartillögur við frv. Það er engin ástæða til að óttast, að tviskiftingin mundi tefja tímann til muna. Það má alt af

fá leyfi ráðherra og deildar til afbrigða frá þingsköpunum og hraða málinu þannig.

Eg vil halda fast við þá venju, sem undanfarandi þing hafa fylgt að þessu leyti. En ef háttv. meirihl. vill breyta út af venjunni, þá verður minnihl. auðvitað að sætta sig við það sem annað.

Kom fram tillaga um að fresta 1. umr., en samþ. var með 7 atkv. gegn 4 að vísa málinu til 2. umr. nú þegar. Var málinu síðan í e. hlj. vísað til *fjármálanefndarinnar*

Önnur umr. 19. april (A. 428; n. 450; 476, 493, 494, 495, 496, 497, 499, 507, 511, 514, 516).

1.—6. gr. fjárlagafrv.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Þess er þá fyrst að geta, að fjárlaganefndin hefir ekki gert neinar teljandi breytingar við tekjukaflann; enda hefir Nd. ekki breytt honum svo teljandi sé frá áætlun stjórnarinnar. Líkt er að segja um útgjaldakaflann aftur að 13. gr. Þegar maður athugar tekjur landsins og það sem þær eru miðaðar við, þá er þess að gæta, að undanfarin ár hafa verið góðæri til lands og sjávar í verzlun og viðskiftalífi öllu með þjóð vorri. En það þarf ekki mikið á að bjáta í atvinnuvegum og verzlun landsins til þess að tekjuáætlun reynist heldur of lág en of há. Nefndinni eða meiri hluta hennar lízt svo á allan hag landsmanna nú í verzlun og viðskiftum, að ástæða sé til að fara mjög varlega í útgjöldum landsjóðsins. Yfir höfuð hefir fjárlaganefndin verið sammála um það, að það sé skylda hvers þings að reyna að ganga þannig frá fjárlögunum, að tekjuhallinn sé sem minstur. Því með því einu móti getur fjárhagur landsins haldist í lagi. Sé þessari sjálfsögðu reglu ekki fylgt, þá er óhjákvæmilegt, að fjárhag landsins hlýtur að hnigna; og rekur þá að því, að grípa verður til viðlagasjóðsins, til að jafna með tekjuhallann. Á vissum tímabilum geta auðvitað verið sérstakar ástæður fyrir hendi, sem heimta, að breytt sé út af þessari stefnu. En að jafnaði mun þó hinn kosturinn beztur, að halda sér fastlega að fyrnefndri stefnu; og svo er að voru áliti nú. En vegna þess, að þær ástæður, sem vér berum fyrir oss í þessu efni, eru fram teknar í nefndarálitinu, skal eg ekki fjölyrða um þær hér.

Um fjárlögin í þetta sinn er það að segja, að fráfarandi stjórn tókst ekki að gera þau svo úr garði, að tekjur og gjöld stæðust á, heldur skildist hún við þau með 480 þús. kr. tekjuhalla. Þessi tekjuhalli óx nefndinni svo mjög í augum, að ekki þótti viðunandi, þótt hann að vísu sé ekki mjög athugaverður þegar litið er til útgjalda undanfarinna ára. En þar sem tekjuhallinn þó er ekki minni en þetta sem eg tók fram, þá hlýtur það þó að verða til þess að hvetja þingið til alls sparnaðar. Því þótt nú að vísu fjárhagur landsins sé ekki verri en hann er, þá er það sízt að þakka góðri fyrirsjón stjórnar og þings, heldur þvert í móti hinu, að svo hefir til viljað vegna góðæris til lands og sjávar og í verzlun og viðskiftum, að tekjurnar hafa farið ærið mikið fram úr áætlun nú síðustu árin. Ef árferðið hefði ekki verið eins gott og það hefir verið, þá mundi tekjuhallinn við lok síðasta fjárhagstímabils hafa skift hundruðum þúsunda. En þrátt fyrir það er þó alls ekki rétt að reikna jafnörugglega með hinum áætluðu tekjum nú sem undanfarin ár. Hvert sem litið er nú, verða fyrir manni vandræði og illar horfur, hvort heldur til lands og sjávar, í búskap, útgerð, kaupskap og atvinnuvegum öllum.

Þegar horfurnar eru þannig að við blasir reglulegt vandræðaástand, að heita má, í landinu, þá er óhjákvæmilegt að horft sé með áhyggju fram á ókomna tímann. Einmitt þá er hvað mest varhug við gjaldandi að samþykkja útgjöld, sem mikinn kostnað hafa í för með sér fyrir landsjóð. Því það eru einmitt næsta litlar líkur til þess, eins og hagur þjóðarinnar er nú, að hinar áætluðu tekur hrökkvi fyrir hinum áætluðu útgjöldum, hvað þá meir. Það eru þegar í ljós komin svo mörg merki þess, að næsta fjárhagstímabil verði ekki eins notadrjúgt og frjósamt fyrir landsjóð eins og það, sem hér gekk næst á undan. Þar að auki er nú einmitt þingið, sem kunnugt er, að samþykkja lög, sem vitanlega hafa í för með sér feykilegan fjárhagshalla fyrir landsjóðinn. Eg á við aðflutningsbanns-lögin.

Það er ekki of hátt að áætla 300,000 kr. tekjumissi eftir þeim lögum, er þau ganga í gildi. En það kemur auðvitað ekki til á næsta fjárhagstímabili; en því ver fer síðar ef illa er búið í garðinn nú. Auðvitað er í ráði að breyta skattalöggjöf landsins, eins og öllum þingmönnum er kunnugt. En það er líka kunnugt, að sú nefnd hefir ekki gert ráð fyrir að bæta landsjóði að neinu þennan tekjumissi. Svo ef tekjuhallinn á næstu fjárhagstímabilum verður meiri en áætlað er, þá þarf að bæta við tekjumegin a. m. k. þeim 300 þús. kr., sem tapast á aðflutningsbannlögunum. Haldist sú óáran sem nú á sér stað í verzlun og viðskiftum landsmanna, þá hygg eg ekki að það verði vinsælt verk fyrir þingið að demba nú þungum sköttum á þjóðina. Eg álít því, að ráðlegast sé að taka nú þegar þá stefnu að takmarka útgjöldin svo sem unt er til þess að tekjur og gjöld geti staðist á. En því er nú svo varið með fjárlögin, að margir liðir á þeim eru þegar lögskipaðir; og verður fjárveitingarvaldið að inna þá af hendi. Fjársparnaðurinn hlýtur því að koma fram á þeim liðum, sem ákveðnir eru á hvers árs fjárlögum. Gjaldaliðirnir eru margir afarháir; og sumir af þeim eru ætlaðir til fyrirtækja, sem þegar er byrjað á. Og eins leitt og það er að draga af þessum liðum, þá veltur þar þó á stærstum upphæðum. Eg á við fé það sem ætlað er til síma og vega, eins og eg mun koma nánar að. Eg hefi ekki átt kost á því að kynna mér sem skyldi fjárhag landsins. En eg hefi heyrt, að um síðastl. nýár hafi landsjóður skuldað ríkissjóði Dana hátt upp í 1 miljón kr. En nokkuð af þeirri upphæð mun að vísu goldið nú. En þar af leiðir, að fé landsjóðs hefir minkað að sama skapi. Eg hygg, að þinginu muni ekki verða legið á hálsi fyrir það þó það taki þá stefnu, að takmarka útgjöld landsjóðs meir en að undanförnu að þessu sinni. Það væri miklu fremur við því búið, að landsmenn litu illum augum á það, ef þeir sæju að þingið hagaði sér nú í fjárútgjöldum eins og þegar bezt gegnir. Landsbúið er komið undir árferði; og landið verður að sætta sig við, að láta ýms fyrirtæki bíða, þegar illa árar, þótt í sjálfu sér sé nauðsynleg. Það má auðvitað segja um mörg útgjöld, að þau eru stórnauðsynleg, og ekki megi fresta þeim, hvernig sem fjárhagur landsins er. En sé þeirri reglu fylgt, að sníða útgjöldin ekki eftir tekjunum hvernig sem í ári lætur, þá verður líka að grípa til þess, að taka lán til þess að geta int af hendi útgjöldin. Lántaka getur auðvitað verið réttmæt, ef um framkvæmd verulega arðvænna fyrirtækja er að ræða, en varlegar er jafnan í það farandi, að stofna landinu

í miklar skuldir, og það tel eg engu óbúmannlegra, að firrast hana sem lengst, með gætinni fjármálastjórn.

ATKV.GR: 1.—6. gr. samþ. í e. hlj.

7.—13. gr. fjárlagafrv:

Framsögumaður (Sigurður Stefánsson): Eins og eg mintist á áðan eru litlar breytingartill. aftur að 15. gr. Í 8. gr. hafa vextir og afborganir af láni landsjóðs úr ríkissjóði Dana verið rangt reiknaðir í neðri deild, og hefir nefndin leyft sér að lagfæra það.

Næsta breytingartill. er við 12. gr. 9. a. Í stjórnarfrumvarpinu var gert ráð fyrir styrk til fjögurra sjúkrahúsa, en Nd. hefir slegið öllum fjárveitingunum saman í eitt. Það þótti nefndinni varhugavert, að því er snertir sjúkrahúsið á Patreksfirði, og hún leggur til að veitt sé sérstaklega fé til þess. Til Patreksfjarðar koma fleiri útlend fiskiskip en á nokkura aðra höfn á landinu, og er því afaráríðandi að þar sé gott sjúkrahús, er geti tekið á móti útlendum sjúklingum og varnað þannig útlendum sjúkdómum útbreiðslu hér. En annars er aðsóknin að þessu sjúkrahúsi mikið minni en að hinum, og yrði því styrkurinn miklu minni til þess en hinna, ef hann væri miðaður við aðsóknina eða svo kallaða legudaga. Nefndin leggur því til að sjúkrahús þetta haldi sama styrk og að undanförnu.

Þá er viðaukatill. við 12. gr. 9 staflið »f«, að 600 kr. veitist fyrra árið til kaupa á sótthreinsunarofni í sóttvarnarhúsið á Akureyri. Þessi fjárveiting var samþykt í nefnd í Nd., en féll úr og kom aldrei til umræðu. Nefndinni þótti því rétt að taka hana upp hér, þar sem þetta er þörf fjárveiting, er sparar rekstur hússins.

Þá vill nefndin fella burtu staflið »j« í 12. gr. 9. Það er utanfararstyrkur til Andrésar Féldsted læknis. Nefndinni hafði borist til eyrna, að þörf væri á manni er hefði numið augnlækningar, til að vera til taks að taka við af núverandi augnlækni Birni Ólafssyni, er gæti fallið frá þá og þegar. Þetta þótti nefndinni ekki næg ástæða, og þó henni sé kunnugt um, að hann hefir varið talsverðu fé úr eigin vasa til utanferðar til að nema augnlækningar, þá þykir henni þó ekki ástæða til að veita honum þennan styrk, enda mun hann nú vera orðinn svo snjall í þessari grein, að full vel megi við una; að minsta kosti hafa margir augnsjúkir menn sótt til hans á Dýrafirði og fengið góðan bata. Nefndin leggur því til, að þessi liður sé feldur burtu.

Þá er breyt.till. við 13. gr. A. I. b. 2. Hún fer fram á, að hækka fjárveitinguna til launa póstafgreiðslumanna *utan* Reykjavíkur um 700 kr. árlega; eg tek það skýrt fram, að hér er ekki átt við póstafgreiðslumenn í Reykjavík. Póstafgreiðslumannsstarfið er mjög ábyrgðarmikið starf; meðal annars ganga miklir peningar gegnum hendur þeirra, og hygg eg því, að deildin sé nefndinni samdóma um það, að áríðandi sé að vanir, duglegir og samvizkusamir menn gegni þessum störfum. Svo er einnig nú, en laun þessara manna eru svo lág, að þeir hafa, margir þeirra, ýmist þegar sagt upp eða haft á orði að gera það, ef þeir fengju ekki bætur á launakjörum sínum. Vilji landsjóður halda þessum mönnum, verður hann því að leggja nokkurt fé í sölurnar og hækka laun þeirra. Þess vegna hefir nefndin komið með þessa breyt.till. Við ætlumst til, að viðbótin gangi aðallega til póstafgreiðslumannanna á Akureyri og Ísafirði, og svo til eins manns á Austfjörðum. Á þessum stöðum hafa störfin aukist mjög mikið upp á síðkastið, og eru laun póstafgreiðslumanna þar því tiltölulega lægst í samanburði við störfin.

Nefndin kemur ekki með neina breyt.-till. við 12. gr. 2., styrkveitinguna til Öræfinga til að vitja læknis, en eg skal geta þess, að henni þætti viðkunnanlegra, að landstjórnin fái skýrslu um, hvernig styrkur þessi verði notaður.

Þá er 13. gr. B. II., flutningabrautirnar.; þar á vill nefndin eða réttara sagt meiri hluti hennar gera miklar breytingar. Hún vill fella burtu allar brautirnar nema 3, og fjárveitingu til tveggja af þessum þrem vill hún lækka. Því neitar enginn, að flutningabrautir séu afarmikil samgöngubót, en þó álítum við að það mundi engu verulegu tjóni valda, þó dregið væri um eitt fjárhagstímabil að veita fé til nokkurra þeirra.

Meirihl. nefndarinnar vill fella burtu styrkinn til Borgarfjarðarbrautarinnar. Eftir sögn verkfræðings landsins mundi öll upphæðin til hennar ganga til einnar brúar á Norðurá, sem áætlað er að kosti 50 þús. kr. Þó þessi brú yrði að vísu að talsverðu gagni, þá er brúarstæðið þó ekki á alfaravegi. Fyrir ofan það búa að eins 900—1000 manns og brúin kæmi ekki öðrum að gagni en þessum örfáu mönnum. Þess vegna viljum við fresta bygging hennar. — Þá viljum við lækka fjárveitinguna til Húnvetningabrautar úr 11,000 kr. niður í 4500 kr. Svo var til ætlast, að þessar 6500 kr. sem lækkunin nemur, yrðu brúkaðar til brúargerðar á Laxá, en þeirri brúargerð álítum við að megi fresta. Áin er lítil og venjulega mjög lítill farartálmi, svo að jafnvel er enn minni ástæða til að veita fé til þessarar brúar en Norðurárbrúarinnar. Þessar 4500 kr. ætlast nefndin til að séu notaðar til að gera við veginn frá Blönduósi að ánni. — Þá leggjum við til, að fjárveitingin til Eyjafjarðarbrautarinnar falli burtu. Hún er nú komin um mikinn hluta héraðsins; þeim sem búa fyrir framan Grund getur varla verið neinn stórbagi að því, þó hún bíði eitt fjárhagstímabil. — Fjárveitinguna til Reykjadalsbrautarinnar viljum við lækka úr 15,000 kr. í 10,000 kr., en ekki fella alveg burtu, því þörfin á akbraut mun meiri í þessari sveit en víða annarstaðar. Héraðið hefir lengi verið afskift að því er flutningabrautir snertir, en á síðasta fjárhagstímabili var fé veitt til brautargerðar þar, og álítur nefndin því ekki rétt að fella hana burtu nú. Auk þess hefir nefndin fengið upplýsingar um, að brautin muni verða mikið notuð sem akvegur undir eins og hún er búin, og mælir það auðvitað með fjárveitingunni, því þá er miklu meira gagn að henni en ef hún yrði einungis notuð sem reiðvegur. Aðalmarkmið akbrautanna er, að gera mönnum mögulegt að nota vagna til flutninga, svo að þeir geti sparað hestana. — Fagradalsbrautina viljum við fella burtu. Á fjáraukalögunum fyrir 1908—09 var mikil upphæð veitt til að fullgera hana, og álítum við því ekki þörf á að veita neitt á næsta fjárhagstímabili. Svo var til ætlast, að þessar 3000 kr. yrðu brúkaðar til viðhalds og umbóta á veginum, en við ætlumst til, að stjórnin geti varið til þess af þeim 7000 kr. sem ætlaðar eru til viðhalds flutningabrauta. — Holtaveginum hefir nefndin ekki hreyft við. Við álítum að nauðsyn sé á honum, og auk þess mælir það með fjárveitingu til hans, að hann má afhenda innan skamms. — Grímsnesbrautina vill nefndin fella burtu. Á fjáraukalögunum var töluverð upphæð veitt til að bæta torfærur á henni, og þó hún liggi í æði fjölmennu héraði, álítur nefndin ekki svo mikla þörf á henni, að ekki megi dragast nokkuð að veita meira fé til hennar.

12. breyt.till. nefndarinnar er sú, að breyta »tungu« í »hraun«, því vegurinn liggur um hraun, og nefndin leggur til, að styrkveitingin sé hækkuð um

1000 kr. Hér er um ákaflega vondan veg að ræða, og héraðsbúum er það mikið áhugamál, að gert sé við hann. 13. br.till. er um að fella niður fjárveitinguna til að halda áfram þjóðvegi frá Laxá að Bjarnanesi. Nefndin leit svo á, að brúin á Laxá væri nauðsynleg til þess að þær vegabætur, sem þegar hafa verið gjörðar hérna megin árinnar, kæmi að notum, en þegar yfir Laxá kemur er vegurinn allgreiðfær reiðvegur mestan tíma ársins. — 14. br.till. er um að fella burt fjárveiting til brúar á Hólkná. Þetta er ekki mikið vatnsfall, en er þó oft ill yfirferðar, og þótti nefndinni ekki ástæða að veita þetta fé, þegar reynt er að spara sem mest. Nefndin hefir engar breytingar gert við 13. gr. C. og vill láta Nd. gera sínar ályktanir um það mál.

Svo kemur að því stóra, stóra D. í 13. gr. Nefndin hefir gert miklar breytingar við þessa grein. Nefndin viðurkennir að vísu, að það sé til mikilla hagsmuna og skemtunar héruðunum að hafa síma, en hún hefir þó talið réttara að fresta slíkum símalagningum í þetta sinn, og því strikað allar fjárveitingar í þessa átt út, nema veitinguna til Siglufjarðarsímans. Nefndinni hefir virzt þetta nauðsynlegur sparnaður. Um Stykkishólms og Búðardalssímana er það að segja, að það verður ekki búist við, að landsjóður fái miklar tekjur af þeim, og er því réttara að fresta þeim að sinni. Þetta veldur auðvitað vonbrigðum hjá hlutaðeigandi héruðum, en hins vegar losast þau líka við stór gjöld, og býst eg við að sýslunefndirnar verði á hinn bóginn fegnar að losast við þessi símatillög, sem bæði eru þungar og miður réttlátar álögur á héruðin. Nd. feldi burt fjárveitinguna til koparsíma milli Borðeyrar og Ísafjarðar. Þetta gat að vísu talist vonbrigði fyrir menn vestra vegna loforða fyrverandi stjórnar og þings, en nefndinni þótti þó ekki ástæða til þess að taka þessa fjárveiting upp aftur hér í deildinni. Nú sem stendur er að vísu að eins einn þráður til Ísafjarðar; það er að vísu stálvír, en má þó vel við una. Síðan eg kom hingað til þings, hefi eg oft heyrt kvartanir um að illa heyrðist í símanum austur um land, en aldrei minst á Ísafjarðarsímann í því efni. Nefndin áleit þetta því ekki svo mikla nauðsyn að ekki mætti fresta. Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði, en læt mér nægja það sem sagt er um alla þessa síma í nefndarálitinu.

Viðvíkjandi 18. br till. þá þótti nefndinni viðkunnanlegra að bæta Ísafirði inn á eftir Seyðisfirði. Nefndin á br.till. á þgskj. 497 við 13. gr. D. V. Það er um að færa styrkinn til símastjórans niður í 1500 kr. úr 2500 kr. Þessi fjárveiting til utanfara símastjórans er aðallega til þess, að símastjórinn geti farið utan að kaupa verkefni í nýjar línur og kynna sér nýjungar í símamálum. Nefndinni þótti ekki ástæða til að láta upphæðina standa svo háa, þar sem svo lítið á að gera af nýjum línum í þetta sinn, og lítur líka svo á, að símastjórinn geti kynt sér nýjungarnar hér heima í ritum er að þessu efni lúta.

Í 19. breyt.till. við E. I. hefir nefndin fært upphæðina niður og sundurliðað hana. Sá maður, sem helzt hefir eftirlit með vitum landsins, hefir 3000 kr. laun sem verkfræðingur landsins. Nefndin álítur að þessum manni sé því full sómasamlega borgað, þó að hann fái ekki nema helming þeirrar upphæðar, sem Nd. hafði ætlað honum, sem sé 500 kr. í stað 1000 kr. Með því móti verða laun hans 3500 kr. auk ferðakostnaðar við eftirlitið. — Að lokum er lítil br.till. við E. VII. Hún er um ljósker á Langanesi. Nefndinni þótti réttara að segja »Langanesi« fyrir »Langanesvita«.

Þá eru ekki fleiri brt. frá nefndinni og skal eg lítilfjörlega víkja að br.till. þingmanna.

Það er fyrst breyt.till. á þgskj. 511. Hún er frá háttv. þm. Strand. Hann vill að gert sé við veginn á Trékyllisheiði. Þessi heiði er ákaflega vond yfirferðar á vetrum, og þyrfti því að varða hana. Þessi heiði verður að teljast til fjallvega. En nefndinni þótti ekki ástæða til að sinna þessu, þar sem þess er gætt, að fjárveitingin til fjallvega var ekki brúkuð upp á síðustu fjárlögum. En eg vil benda háttv. þm. á, að ekki þarf annað en biðja stjórnina um þetta fé af fjallvegafjárveitingunni, og þá tel eg sjálfsagt, að þetta hérað fái styrk til vegarins. Viðvíkjandi 2. br.till. á sama þgskj. skal eg geta þess, að nefndin athugaði þetta og þótti rétt að veita þessa upphæð með því skilyrði, að héraðið leggi fé á móti. 3. br.till. á sama þgskj. þótti nefndinni ekki hægt að sinna. Þessar ár munu að vísu vera mönnum farartálmi, en hér á landi þarf svo margt að brúa, að það verður ekki öllu sint.

Þá eru nokkrar br.till. frá háttv. 3. kgk. á þgskj. 493. Nefndin lítur svo á þennan síma, sem um er að ræða, sem hina, að hans sé ekki brýn þörf, enda hefir þetta verið felt í Nd., svo að það eru litlar líkur til að þetta hafist þó þessi deild samþykti. Það hefir verið tekið fram um þennan síma, að hann væri tekjuvænlegur. Eg skal nú ekki neita því. En það hefir líka verið talað um að þessi staður væri heppilegur til loftskeytatilrauna. Meiri hluti nefndarinnar hefir því verið því mótfallinn að þessi sími yrði tekinn upp hér ofan í samþykt Nd., þar sem ekki væri um brýnni nauðsyn að ræða.

Agúst Flygenring: Eg vildi leyfa mér að minnast örfáum orðum á br.till. mínar á þgskj. 493. Eins og háttv. deild er kunnugt var símalínan til Vestmannaeyja feld í Nd., og verð eg að álíta, að það hafi verið misráðið. Eg gæti skilið gjörðir þingsins, ef ekki hefði verið búið að veita fé til símans austur að Garðsauka. En úr því að búið er að veita það fé og telja má víst, að síminn verði lagður strax í sumar, þá sýnist mér satt að segja ófært að fella þennan síma, sem jafnvel háttv. framsm. játar að sé tekjuvænlegur. Eftir þeirri reynslu, sem hefir fengist af símum landsins, hefir það sést, að símskeytin til útlanda gefa mestar tekjurnar, og þar næst milli hinna ýmsu kauptúna og kaupstaða innanlands. Eg þykist viss um að Garðsaukasímínn muni hvorki borga sig beinlínis eða óbeinlínis, vegna þess að hann liggur að eins gegn um sveitahérað, sem er að miklu leyti strjálbygt. Á leiðinni er að eins einn smákaupstaður, Eyrarbakki, sem nota mundi símann nokkuð, en að öðru leyti yrði hann mjög lítið notaður af sýslum þeim er hann liggur í gegnum. Eg get því ekki betur séð en að hér sé í raun og veru farið illa með landsins fé, úr því verið er að kasta því í síma, sem með engu móti getur borgað sig fyr en hann er kominn alla leið þangað sem hann á að komast og öll tekjuvonin ætti að vera bygð á. Að vera því andvígur að halda símanum svo langt áfram, að hann geti borgað sig, hlýtur að vera bygt á misskilningi eða skilningsleysi. Það er auðvitað ekki hægt að skýra frá með tölum, hve miklar tekjur þessi sími mundi fá, ef hann næði þangað sem hann á að ná — til Vestmannaeyja —, en það verður að álíta að þær yrðu miklar, því hér er ekki að eins að ræða um allstóran verzlunarstað og að fjöldi manna sæki þangað atvinnu sína, heldur sækir þangað fjöldi skipa — eða mundi sækja —, ef sími næði þangað út. Þar skamt frá eyjunum og annars við suðurströnd landsins er að jafnaði

stór floti af skipum, sem að sjálfsögðu mundu nota símann mikið, enda heyrir maður alt af skipstjóra — bæði farmenn og fiskara — kvarta undan því, að þeir geti ekki sent símskeyti einmitt frá Vestmannaeyjum. Það má búast við því, að þegar sími væri kominn til Vestmannaeyja, yrði bygð á eyjunum »Signalstation«, sem tæki við skeytum frá skipum utan af sjó, svo að þau þyrftu ekki að leita inn á höfn til þess að senda fregnir af sér, fregnir um að þeir séu ofansjávar, hvernig þeim líður, aflabrögð o. s. frv. Svo er gert annarsstaðar, t. d. við Noreg og Skotland og víðar; eru þess konar skeyti afar-áríðandi, ekki að eins fyrir útvegsmennina, heldur einnig fyrir vini og fjölskyldur sjómannanna. Eg er sannfærður um að sími til Vestmannaeyja mundi borga sig betur heldur en allir aðrir símar — jafndýrir þessum spotta — hér á landi, og mest af þeim tekjum yrðu útlendir peningar. Flest skip sem til Íslands sigla fara fram hjá Vestmannaeyjum; öll skip sem sigla í Faxaflóa og allflest sem fara til Vesturlandsins, og mörg þerra er fara til Norðurlands. Eg er viss um, að ef slík Signalstation væri í Vestmannaeyjum, sem eg gat um, og jafnvel þó svo væri ekki, bara ef símastöð væri þar, þá væri öllum skipum boðið að senda þar fregnir af sér, bæði þegar þau kæmu til landsins og þegar þau létu í haf frá landinu. Eg vildi að eins vekja athygli á þessu, án þess að eg ætli mér að fara fram á fjárveiting til slíkrar Signalstöðvar; hún mundi að sjálfsögðu verða reist þar síðar, eftir að sími væri kominn þangað út.

Hvað viðvíkur því, sem hv. frsm. sagði um loftskeytasambandið til eyjanna, þá er það mjög leiðinlegt að engar áætlanir skuli vera til, svo að ómögulegt er nú að segja neitt af eða á um það, hvort sé ódýrara. Reyndar blandast mér varla hugur um, að það fyrirkomulag mundi reynast dýrara, því auk þess sem slíkar stöðvar er loftskeyti útheimta eru mjög dýrar, þá veit eg, að alstaðar þar sem aðferð Marconis er notuð, er miklu meiri kostnaður að því er starfsmenn snertir, og verður því allur reksturskostnaður meiri en með sima. Hér er líka að eins að ræða um stuttan spotta, sem ekki kostar mjög mikið, og álít eg því heppilegra að maður þar héldi sig við jörðina.

Steingrímur Jónsson: Það er tekið fram í nefndarálitinu, að eg og einn annar háttv. samnefndarmaður minn höfum ekki getað orðið háttv. meiri hluta nefndarinnar samferða í allmörgum atriðum og sérstaklega bent á tvo kafla í 13. gr. Að því er mig snertir, byggi eg sérstöðu mína á almennum ástæðum, með öðrum orðum á því, hvernig eg annars vegar og meiri hluti nefndarinnar hins vegar lítum á fjárhag landsins eins og hann er nú og eins og útlit er fyrir að hann muni verða eftirleiðis. Eg skal því leyfa mér að fara um málið nokkrum orðum frá almennu sjónarmiði, enda hygg eg, að eg geti eigi með öðru móti betur rökstutt atkvæðagreiðslu mína.

Mér virðist á því, hvernig álit meiri hluta nefndarinnar er stílað, að meiri hlutinn álíti hag landsins í sérlega óálitlegu lagi og það jafnvel svo, að viðlagasjóðurinn sé á förum. Eg vil nú mótmæla þessu og reyna að færa nokkur rök fyrir þeim mótmælum mínum. Eg gat þess við 2. umræðu fjárauaklaganna, að fjárupphæð viðlagasjóðs hefði verið við árslok 1907 . . . . 1210.428.32 kr.
og peningaforði landsj. 417.468.71 —
sem er til samans . . . 1627.897.03 kr.
En eins og kunnugt er, var á fjárhagstímabilinu 1904—5 ekki tekjuhalli, heldur tekjuafgangur, en á fjárhagstímabilinu 1906 til 1907 var tekjuhallinn 111

þús. krónur og hefir því viðlagasjóðurinn á þessum 4 árum minkað um þessa upphæð samkv. landsreikningunum. En ef rétt er á þetta litið, hefir fé landsins ekki minkað, heldur aukist, því eins og kunnugt er, var bæði þessi fjárhagstímabil lagt mikið fé til sjóða, sem standa við hlið viðlagasjóðsins, nfl. tillag til byggingarsjóðsins og fiskiveiðasjóðsins, auk vaxta af því fé, sem áður var lagt hinum áðurnefnda sjóði; mun þetta nema 30—40000 króna. Á sama tímabili var og mikið fé lagt til síma, en það fyrirtæki gefur af sér góða vöxtu, 5%, og er því arðberandi eign fyrir landið. Þetta vildi eg benda á til þess að sýna, að það er ekki á rökum bygt, að viðlagasjóðurinn sé að ganga til þurðar. Háttv. framsögumaður tók fram, að þetta stafaði ekki af góðri fjármálaráðstöfun þings og stjórnar, heldur af óvenju góðum árum til lands og sjávar. Þetta er að eins satt að nokkru leyti, en þó þykist eg mega fullyrða, að árin 1906 og 1907 voru einmitt erfið fyrir landbúnaðinn; fyrir sjávarútveginn voru þau góð að því leyti, að verð á sjávarafurðum var hátt, en afli hefir verið lítill sumstaðar þessi árin. Eg skal þó viðurkenna, að tekjur landsjóðs voru ríflegar, en þess er einnig að gæta, að á þessum tíma var lagt fram fé til merkilegra og arðberandi fyrirtækja, og því fé er ekki fleygt út að óþörfu; það má t. d. benda á, að til símalagninga innanlands var lagt fram á fjárhagstímabilinu 1906—07 hátt á þriðja hundrað þúsund króna. Til vitabygginga var og lagt fram fé eigi alllítið, en það er undirstaða undir verulega tekjugrein fyrir landsjóðinn. Þess má einnig geta, að hér um bil $^1/_4$ miljón króna var á þessum árum varið til kláðalækninga, sem öllum mun koma saman um að var nauðsynlegt til þess að halda við efnahag landsmanna og tekjum landsjóðs.

Það er því óhætt að segja, að fjárhagur landsins var í góðu lagi í árslok 1907, og þess er að gæta, að þegar ákveðið var að taka lán 1907, þá var það eingöngu til þess að leggja það í arðberandi fyrirtæki, nfl. síma, enda væri það hvorki réttlátt né þarft, að taka lán til þess að éta út í óákveðnum útgjöldum. Og þegar litið er til fjárhagsáætlunarinnar frá þinginu 1907 og til þess, hvernig hún reyndist, þá getur það ekki dulist, að fjárhagur landsins var í góðu lagi við lok ársins 1908.

Árið 1908 voru tekjurnar að viðbættu láninu sem tekið var áætl. 1657.215 kr.
en reyndust . . . . . 1969.016 —
þannig fram yfir áætl. . . . 312.801 kr.
Á því sama ári voru gjöldin áætluð . . . . . 1616.535 kr.
en reyndust . . . . . 1728.802 —
Þannig varð tekjuafgangur 240.214 kr.
Þessi upphæð — 240.214 kr. — er því óeydd af láni því sem tekið var í Danmörku.

Fyrir árið 1909 voru
tekjur áætlaðar . . . . . 1165.256 kr.
gjöld áætluð s. á. . . . . 1331.506 —
Ef nú er gert ráð fyrir að tekjurnar fari fram yfir áætlun árið 1909, sem svarar helmingi þess sem tekjurnar fóru fram yfir áætlun 1908 eða . . . . . 156.400 kr.
þá á tekjuafgangur að verða fullar . . . . . 90.000 —
en fyrir fjárhagstímabilið er þá afgangs . . . . . 330.000 —
Eg get ekki búist við að tekjurnar fari árið 1909 minna fram úr áætlun en eg hefi gert ráð fyrir, því það hefir sýnt sig, að innflutningur á vörum var tregur 1908, og má gera ráð fyrir að hann verði heldur meiri en minni 1909. Þá verða eftir þessu við árslok 1909 afgangs af láninu 330.000 kr., en þó er þar við að athuga, að enn er ónunið

eitt af því, sem vinna átti árið 1908, nefnilega síminn austur að Garðsauka, sem áætlað var að kosta mundi 48000 kr., og síminn frá Varmalæk að Borgarnesi, sem áætlað var að mundi kosta 8000 kr. Þetta er til samans 56000 kr. Aftur á móti er búið að leggja síma að Húsavík og símann í Fáskrúðsfirði, sem til samans kostuðu landssjóð 26000 kr., svo þar koma 30000 kr. í viðbót. Einnig má búast við, að kostnaðurinn við yfirstandandi þing verði meiri en áætlað er. En það má þó búast við kringum 270000 kr. tekjuafgangi. Þegar þar frá eru dregin 115 þúsund, sem ætla má að verði á fjáraukalögum 1908—09, þá verða þó afgangs á fjárhagstímabilinu 1908—09 175—180000 kr. Eg hygg að hin fráfarandi stjórn, sem undirbjó fjárlagafrumvarpið, hafi bygt á svipuðum hugleiðingum og þetta, og eg tel hana hafa haft fullan rétt til að álíta að góður fjárhagur tæki við tekjuhallanum, sem var á frumv. hennar. Auk þess hafa nú verið samþykt hér í þinginu og staðfest af konungi ný tollaukalög, og með því að gera ráð fyrir sama innflutningi á tollskyldum vörum og verið hefir að meðaltali þrjú síðustu árin (1905—'07), þá verður tollhækkunin eftir þessum lögum 480 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Nú má ef til vill ætla, að vegna tollhækkunarinnar minki innflutningur á tollskyldum vörum, en eg get ekki hugsað mér að hann minki meir en um þriðjung af því sem eg hefi nefnt, og ætti tollhækkunin eftir því að verða 320 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Með þessu kemst þannig góður og sæmilegur jafnaður á fjárlögin, og þó gert sé ráð fyrir 480 þús. kr. tekjuhalla á fjárlögunum og fjáraukalögunum fyrir 1908—1909 þá álít eg það ekki annað en rétta og heilbrigða fjármálapólitík, og það því fremur, þar sem ráð er gjört fyrir, að sem mest verði lagt í veruleg framfarafyrirtæki, eins og vegi og síma.

Neðri deild hefir nú að mestu fallist á þessa skoðun, en jók þó ca. 54 þús. við útgjöldin; auk þess hefir hún bylt frumv. nokkuð við og stórspilt að sumu leyti. Eg skal nefna tvö atriði. Nd. feldi Vestmannaeyjasímann og koparþráðinn frá Borðeyri til Ísafjarðar. Þetta hvorttveggja tel eg ranga fjármálapólitík og rangt gagnvart þessum málum, eins og þau lágu fyrir frá síðasta þingi.

Nú þegar frumv. kemur hingað, þá vill fjárlaganefndin í þessari deild kippa fjárhagnum í lag með því að spara á sem flestum liðum. Það er víst og satt, að sparnaður er oft góður, en það verður að fara varlega í að spara, eins og hvað annað; annars getur sparnaðurinn orðið of dýr. Það er dýrt að vera fátækur, segir gamalt málæki, en það er líka dýrt að spara alt of mikið við sig öll útgjöld, því með því getur maður farið varhluta af miklum hlunnindum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tekjuhalli frumv. verði minkaður um ca. 190 þús. eða 136 þús. niður fyrir stjórnarfrumv.; og til þess að ná þessu leggur hún til að felt sé burt af frumvarpinu:

Til akbrauta	87.500 kr.
— þjóðvega	5.000 —
— síma	106.390 —
	198.890 kr.

og þar fyrir utan hefir Nd. felt:

Vestmanneyjasímann	34.200 kr.
og Ísafjarðarkoparþráðinn . .	68.000 —
ennfremur Rangárbrúna . . .	42.000 —
	= 144.200 kr.

Sparnaðurinn er á fjárlögunum 136.000 kr. og þar að auki 18.000 kr. á fjáraukalögunum. En á móti þessu er neitað um allar þær framkvæmdir sem eg hefi talið hér upp. Eg hygg þetta sé svo dýr sparnaður, að hann sé beinlínis skað-

legur fyrir landið, og þessvegna gat eg ekki orðið sammála meiri hluta nefndarinnar. Eg verð að leggja það til, að deildin samþykki ekki nema sem fæstar af þessum br.till. nefndarinnar.

Háttv. framsögumaður gat þess, að mörgum liðum á fjárlögunum yrði ekki hreyft, af því þeir væru fyrirfram fastákveðnir með lögum. Þetta er rétt, en það gildir einnig t. d. um akbrautirnar; eða eru þær ekki ákveðnar með vegalögunum 1894? Það eru þær vissulega, og ef þess er ekki gætt, þá getur það orðið til þess, að öll virðing fyrir þeim lögum hverfi, menn hætti að halda vegunum við, og þeir verði ónýtir; það er því óhæft að láta lengur dragast að uppfylla fyrirmæli þeirra laga, einmitt vegna þess, að þau eru fyrirfram ákveðin. Eg tel það óhæft, að í tillögum meiri hluta nefndarinnar er feld burt tillaga um fjárveitingu til brúar á Norðurá; það er allsendis óhæft gagnvart vegalögunum; það var búið að veita fé til þess að nokkru leyti 1907, enda er sjálfsagt að leggja þá brú sem fyrst, af því að nú er vegurinn kominn það áleiðis, að komist verður að Norðurá eftir honum, en ekki yfir ána, vegna þess að brúna vantar. Þessi brú á að kosta 50000 kr. og engin brú ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir henni, úr því búið er að fella Rangárbrúna. Eg tel það óhæfilegt fyrir þingið, að láta fjárlögin fara þannig frá sér, að gera ekki ráð fyrir að nein stórbrú verði bygð á fjárhagstímabilinu.

Að því er Eyjafjarðarbrautina snertir, skal eg játa það, að ekki er eins mikil nauðsyn á henni eins og t. d. Rangárbrúnni eða áframhaldi Borgarfjarðarbrautarinnar, en engu að síður gera vegalögin 1907 ráð fyrir að hún sé gerð á kostnað landsjóðs, og þar sem nægilegt fé er til að fullgera hana á næsta fjárhagstímabili, sé eg ekki ástæðu til að skorast undan því.

Eg get verið þakklátur fyrir það, að fjárveitingin til Reykjadalsbrautarinnar fyrir 1911 var færð yfir á fjáraukalögin fyrir 1909, því það er afaráríðandi fyrir Þingeyinga að fá veginn að Laxá sem fyrst. Mér er ekki eins sárt, þó klipið verði af 15000 kr. niður í 10000 kr. 1910. Þó eru nokkrar ástæður móti því, að færa fjárveitinguna niður. Verkfræðing landsins þykir ekki gott að stofna til stórs flokks verkamanna, nema hann geti látið vinna fyrir alt að 15 þús. kr.; þá getur hann haft 15—20 manns úti alt sumarið. Eftir áætlun, sem verkfræðingurinn gerði, gæti brautin komist á á 6—8 árum, það er fram að Einarsstöðum og væri þá aðstaða okkar lík og aðstaða Eyfirðinga nú, þar sem þeirra braut er komin að Grund. En verði klipið af þessum 15000 kr., þá er það gefið að ekki verður hægt að ljúka við hana á 8 árum, nema miklu meira verði veitt síðustu árin. Loks má geta þess, að kaflinn frá fyrirhugaðri brú á Laxá, sem veginum er ætlað að liggja yfir, og þessar 10000 kr. eiga að nægja til, er erfiður hraunkafli, svo að sú upphæð nægir varla. Eg vil því mæla með að þessar 15 þús. kr. verði látnar halda sér.

Um Grímsnesbrautina vil eg taka það fram, að mér finst ætíð varhugavert, að fresta meira en nauðsynlegt er akbrautavegagjörðum, sem landið á að kosta. Þessi vegur er nú afar illur yfirferðar; einn utandeildarmaður hvíslar því að mér núna, að hann sé ófær. Eg legg því til að þessar 10 þús. kr. f. á. standi.

Þá kem eg að símunum. Háttv. frsm. sagði að því væri svo varið um marga þessa síma, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að ekki væri hægt að gera sér

von um neinar verulegar tekjur af þeim. Þetta er ekki rétt. Af öllum þeim símum, sem stjórnin hefir lagt til að leggja, má búast við góðum tekjum, nema ef vera skyldi Stykkishólms- og Búðardalssímunum. Eg gæti verið með því að fella þá burtu, en alls ekki hina símana. Meiri hluti nefndarinnar vill fella burtu fjárveitingu til að strengja talsíma milli Reykjavíkur og Borðeyrar Það hefir sýnt sig að það er oflítið að hafa aðeins einn járnsíma og tvo koparsíma á þessari línu, eins og nú er. Brúkunin er meiri en svo, að þessir 3 símar fullnægi henni. Það væri því beint peningatap fyrir landið, ef felt væri að bæta þessum þræði við. Og enn nauðsynlegra verður það, að bæta honum við, ef línur verða lagðar til Borgarness og Stykkishólms, sem búast má við, að gert verði áður en langt um líður. Það er því alveg óhjákvæmileg nauðsyn að láta þennan lið halda sér. Fyrst við erum búnir að koma þessum síma upp, þá verðum við að halda honum svo vel við, að hann komi að fullum notum.

Í sambandi við þetta skal eg geta þess, að eg tel það allsendis rangt gert af Nd., að fella tillag til koparsíma til Ísafjarðar. Einfaldur járnþráður nægir varla til Ísafjarðar eins, hvað þá heldur til allra Vestfjarðastöðvanna; það er enginn vafi á því, að það mundi borga sig að bæta þessum eirsíma við. Þessvegna lýsi eg því yfir, að verði samþykt að leggja tvöfaldan koparsíma frá Reykjavík til Borðeyrar, þá mun eg koma með breyt.till. við 3 umræðu um að bæta koparsíma við til Ísafjarðar. Eg sé ekki að ástæða sé til að spara til símanna, þar sem nóg er eftir af þeirri $^1/_2$ milljón, sem tekin var til láns og ætluð til símalagninga. Eg hygg að eg þurfi ekki að fara frekari orðum um breyt.till. nefndarinnar; mörgum þeirra er eg samþykkur, og get sýnt það með atkvæði mínu, án þess að fara frekar út í þær nú. — Eg vil vikja litið eitt að breyt.till. — einstakra deildarmanna. Háttv. 3. kgk. hefir komið með tillögu (þskj. 493) um að veita fé til símalagninga frá Eystri-Garðsauka til Vestmanneyja. Eg er honum samþykkur um það, að nauðsyn sé á þessum síma, og að hann mundi verða gróðafyrirtæki. Á fjárlögunum 1908—1909 voru veittar c. 48 000 kr. til síma til Garðsauka; nú verður það meira, því tillagið frá sýslunum hefir verið fært niður. Það er engin von um að þessi sími borgi sig, ef hann nær aðeins að Garðsauka, en hinsvegar er enginn vafi á því, að hann borgar sig mjög vel, ef hann verður lagður alla leið til Vestmanneyja. Háttv. 3 kgk. benti á þörf Vestmanneyja sem fiskipláss fyrir síma; auk þess mundu siglingarnar hafa mikið gagn af honum, því fjöldi skipa er oftast nær kringum Vestmannaeyjar. Þar að auki getum við ekki sóma okkar vegna látið það spyrjast, að við höfum ekki síma til þessara stöðva landsins, sem skip koma fyrst til á leiðinni hingað frá útlöndum, þegar sími er á annað borð á næstu grösum. Það er ekki rétt hjá háttv. framsm. að þýðingarlaust sé að samþykkja þessa fjárveitingu hér, af því hún hafi fallið í Nd., því þar féll hún aðeins með 11 : 11, og gæti því vel komist í gegn, ef hún væri samþykt hér. Eigi að spara til svona fyrirtækja, þá er það óholl sparnaðarstefna, einkum þegar ekki vinst meir með sparnaðinum en sýnilegt er hér. — Þá eru breyt.till. á þskj. 511, frá háttv. þm. Strand. Eg geri ráð fyrir að verða á móti þeim af þeirri ástæðu, að eg sé ekki betur, en að afleiðingin af slíkum fjárveitingum mundi verða sú, að farið yrði að heimta í gengdarleysi fé af landsjóði til brúa og vega hvar sem er. Mér vitanlega er vegurinn úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðar-

botn hvorki þjóðvegur né sýsluvegur; hann er líklega ekki einusinni hreppsvegur. Sömuleiðis get eg ómögulega verið með fjárveitingum til brúargerða á smá-ár, alveg út í loftið; eg sé ekki betur en það væri að strá peningum út alveg stefnulaust. Að hugsa sér, ef ætti að samþykkja slíkar fjárveitingar um leið og neitað er þeim kvöðum, sem vegalögin 1907 og símalögin 1905 leggja á fjárveitingarvaldið!

Ari Jónsson: Eg skal ekki vera langorður; eg vildi aðeins segja örfá orð út af breyt.till. á þskj. 511, sem eg hefi komið með. 1. breyt.till. fer fram á að hækka fjárveitinguna til fjallvega um 300 kr. fyrra árið. Ástæðan til að eg kom með þessa breyt.till. var sú, að Strandamenn óskuðu að fá 300 kr. styrk til að varða Trékyllisheiði, en þar sem framsm. nefndarinnar hefir fullyrt að þessi styrkur muni fást af fé því, sem þegar er ætlað til fjallvega, tek eg tillögu mína aftur.

Þá er 2. breyt.till. um fjárveitinguna til vegarins úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn. Háttv. 4. kgk. gat þess, að þessi vegur mundi hvorki vera þjóðvegur né sýsluvegur, og líklega ekki einusinni hreppsvegur. En það má hann heyra, háttv. 4. kgk., að þessi vegur er hvorki meira né minna en þjóðvegur. Það getur háttv. 4. kgk. sannfært sig um með því að fletta upp í lögum um vegi frá 22. nóvbr. 1907, 3. gr. Þar er talinn meðal þjóðvega »vegurinn frá Hrútafjarðará, um Borðeyri út með Hrútafirði, um Stikuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilsfjarðarbotni«. Það er ekki rétt orðað, að kalla veginn póstveg, eins og gert er í tillögunni, en til þess voru sérstakar ástæður. Frá Bitrufjarðarbotni liggur vegurinn yfir Snartartunguheiði að Gilsfjarðarbotni. En nú vilja sýslubúar breyta þessu og leggja hann um Krossárdal. Ef hann verður lagður um Krossárdal, þarf upphleyptan veg um langt svæði, sem kostar allmikið fé. Síðasta þing mun hafa tekið vel undir styrk til þessa vegar, og fyrverandi ráðherra, sem var á ferð um veginn í sumar, taldi sjálfsagt að veita fé til vegar um Krossárdal. Þar sem bæði þing og ráðherra hafa álitið svo, og sýslubúum er það mjög mikið áhugamál og nauðsynjamál að fá veginn, fanst mér sjálfsagt að koma með þessa tillögu. En eg fór ekki fram á meira en 2000 kr. að svo stöddu til þessa vegar, bæði vegna undirtekta fjárlaganefndar, og af því eg fer líka fram á fjárveitingu til tveggja brúa, og áleit að þingið mundi fremur sinna þeirri ósk, ef eg væri ekki heimtufrekur til vegarins. Þær tvær ár, sem gert er ráð fyrir að verði brúaðar, ef styrkur fæst, eru Prestbakkaá og Víðidalsá. Prestbakkaá er brýn þörf á að brúa; hún liggur á mjög fjölförnum vegi og er oft illfær. En sérstaklega ber brýna nauðsyn til að brúa hina ána, Víðidalsá. Hún er mjög hættuleg og hafa farist menn í henni; síðast fórst piltur í henni í fyrra og oft hafa menn verið komnir hætt í þeirri á. Hún er straumhörð og grýtt, og mikil í vöxtum. Brúarstæðið liggur nálægt kauptúninu Hólmavík, og er eigi óhugsandi, að kaupmenn þar leggi dálítið til brúarinnar. Þessi brú mundi ekki einungis koma sýslubúum að gagni, heldur einnig þeim Barðstrendingum sem sækja til Hólmavíkurkaupstaðar. Eg vona að háttvirt deild verði við óskum Strandamanna í þessu; þeir hafa ekki verið heimtufrekir hingað til.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg þarf ekki að segja mikið, en hin langa ræða háttv. 4. kgk. knýr mig þó til að segja nokkur orð. Ekki dettur mér þó í hug að eg geti flogið eins hátt og hann, enda mun eg ekki reyna það. Mín ræða gat ekki gefið honum ástæðu

til að koma með þessar almennu athugasemdir; eg var ekkert að metast um það, hvernig fyrverandi stjórn hefði farið með landsins fé. Eg tek það fram enn, að eg tek ástandið eins og það er og lítur út fyrir að það verði, og byggi á því. Eg sagði í fyrri ræðu minni, að þó fjárhagurinn ef til vill væri ekki slæmur nú, þá yrðum við samt að kosta kapps um að spara sem mest og afgreiða fjárlögin með sem minstum tekjuhalla, af því að útlitið er ekki sem glæsilegast. Við verðum líka að taka tillit til þess tekjumissis, sem aðflutningsbann á áfengi hefir í för með sér fyrir landið, þegar það kemst á, og verður þess varla langt að bíða. Eg gleymdi að minnast á tollhækkunina áðan, en á henni álít eg menn ættu ekki að byggja of mikið. Eg er þeirrar skoðunar, að jafnvel þó fjárlagafrv. væri breytt eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til, þá væru engin líkindi til að tekjuhallinn yrði minni en svo, að tollhækkunin geri mikið meira en hrökkva fyrir honum. Og þó svo færi, að tollhækkunin yrði hærri en tekjuhallinn, þá væri ekkert á móti því. Það væri þvert á móti ágætt, því þá værum við betur búnir undir að missa vínfangatollinn. Eg játa, að eg skil ekkert í útreikningum háttv. 4. kgk. Hitt veit eg aftur, að tekjuhallinn eftir árið 1908 var c. 80 þús. kr., og því á eg bágt með að hugsa mér að við lok þessa árs verði tekjuafgangurinn nálægt 300 þús. kr. Eg skildi ekki þá aðferð, sem hann notaði til að fá þetta út. Og mjög ólíklega má skipast, ef þetta á að rætast. Hann sagði, að fyrverandi stjórn hefði ávalt áætlað tekjurnar varlega, og því hefði tekjuhallinn verið svo lítill á síðustu fjárhagstímabilum, og eins mundi verða nú. Það má vera að nokkuð megi þakka því, en mestan þátt í þessu á þó vafalaust það einstaklega góðæri, sem verið hefir í landinu undanfarin ár. Nú er ekki því að fagna og verður því vafalaust alt annað upp á teningnum nú. Við megum ekki byggja neinar áætlanir um fjárhag landsins á næstu árum á samanburði við fyrri tímabil; við verðum að taka tillit til þess ástands, sem er í landinu nú og taka fjárhaginn eins og hann liggur fyrir.

Það er satt að tillög til akbrauta eru lögboðin gjöld. En þar með er ekki sagt að þau séu fastákveðin fjárlagagjöld, er ekki megi hækka og lækka. Meiningin er auðvitað, að þingið veiti til akbrauta eftir því sem ástæður leyfa. Og eg sé alls ekki að það sé óhjákvæmileg nauðsyn, að verja eins miklu til akbrauta nú eins og á fyrri þingum. Þó mest hafi verið lagt til síma á undanfarandi þingum, þá hefir þó allmikið verið veitt til akbrauta.

Eg verð að halda því fram, að úrfellingarnar séu þannig vaxnar, að það baki ekki þjóðinni neitt verulegt tjón, þótt þær verði samþyktar.

Að endingu vildi eg láta þá ósk og von í ljós, að orð mín gæfu ekki háttv. 4. kgk. ástæðu til þess að halda jafn langa ræðu eins og síðast.

Steingrímur Jónsson: Eg verð að halda því fram gagnvart háttv. þm. Ísf. að eg hafði rétt til að tala eins og eg gerði, sökum þess að eg er í minni hluta. Það var beinlínis rangt hjá háttv. þm. Ísf. sem hann sagði um hlutfallið á milli tekna og gjalda árið 1908. Hann færði tekjuhallann fyrir fjárhagstímabilið 1906—07 yfir á árið 1908. Tekjuhallinn árið 1906 var c. 22,000 kr. og árið 1907 89,000 kr., alls á fjárhagstímabilinu 111,000 kr. En samkvæmt skýrslu fráfarandi ráðherra voru tekjurnar árið 1908, að lánum meðtöldum, c. 1,969,000 kr. og gjöldin c. 1,728,000 kr., og tekjuafgangur því c. 241,000 kr. Ef þessi skýrsla er rétt, og eg vona að enginn

dirfist að rengja hana, þá þykist eg mega fullyrða, að hagur landsjóðs stæði alls eigi illa við árslok 1908.

Eg sagði að tillagið til akbrautanna væri lögákveðið — og það er rétt —, en vegna þess að ekki eru ákvæði um hin einstöku tillög í öðrum lögum en fjárlögum, getur þingið hummað fram af sér að uppfylla skyldu sína í þessu efni.

Annars vildi eg leyfa mér að spyrja hinn háttv. meiri hluta, hvernig á því stendur að sparnaðurinn þarf að vera svona dýr? Því þarf að neita um 342,000 kr., þegar gjöldin þó ekki lækka nema um 154,000 kr.? Hvað er orðið af hinum 190,000 krónunum?

ATKV.GR.:

7. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Br.till. við 8. gr. samþ. í e. hlj.

8. gr. breytt samþ. í e. hlj.

9.—11. gr. óbreytt samþ. í e. hlj.

1. brt. við 12. gr. 9. a. samþ. með 12:1 atkv.
2. brt. við 12. gr. (9. f.) samþ. með 12 samhlj. atkv.
3. brt. við 12. gr. 9. j. samþ. með 12 samhlj. atkv.

12. gr. breytt samþ. í e. hlj.

1. brt. við 13. gr. A. I. b. 2. samþ. í e. hlj.
2. brt. við 13. gr. B. II. 1. samþ. með 10:1 atkv.
3. brt. við 13. gr. B. II. 2. samþ. í e. hlj.
4. brt. við 13. gr. B. II. 3. samþ. með 9:4 atkv.
5. brt. við 13. gr. B. II. 4. samþ. með 10 samhlj. atkv.
6. brt. við 13. gr. B. II. 5. samþ. með 10 samhlj. atkv.
7. brt. við 13. gr. B. II. 7. samþ. með 10:1 atkv.
8. brt. við 13. gr. B. III. 4. samþ. með 8:3 atkv.
9. brt. við 13. gr. B. III. 5. samþ. með 11 samhlj. atkv.
10. brt. 511 við 13. gr B. IV. tekin aftur.
11. brt. 511 við 13. gr. B. XI. samþ. með 9:1 atkv.
12. brt. við 13. gr. B. XII. samþ. með 11:1 atkv.
13. brt. 511 við 13. gr. B. XIII:
XIV. (liður) feldur með 9:2 atkv.
XV. — — — 10:2 —
14. brt. 493 við 13. gr. D. feld með 7:6 atkv.
15. brt. við 13. gr. D. II 1. samþ. með 9 samhlj. atkv.
16. brt. við 13. gr. D. II. 2. samþ. með 9:2 atkv.
17. brt. við 13. gr. D. II. 4. samþ. með 9:4 atkv.
18. brt. við 13. gr. D. II. 5. samþ. í e. hlj.
19. brt. N. 497 við 13. gr. D. V. samþ. með 11 samhlj. atkv.
20. brt. við 13. gr. E. I. samþ. með 8:4 atkv.
21. brt. við 13. gr. E. VII. samþ. í e. hlj.

13. gr. breytt samþ. í e. hlj.

14.—22. gr. fjárlagafrv.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Fyrst skal eg minnast stuttlega á breytingartillögur nefndarinnar.

1. breytingartillagan er við 14. gr. B. II. b. 2. um að athugasemdin við námsstyrkinn við læknaskólann væri eins orðuð og sams konar athugasemd við námsstyrkinn við prestaskólann. Það er að eins lítilfjörleg orðabreyting, er miðar að því, að gera athugasemdina skýrari og gleggri.

Þá fara þrjár næstu breytingartillögurnar fram á að hækka fjárveitingar til lagaskólans. Sú fyrsta fer fram á að hækka fjárveitinguna til aukakenslu við skólann úr 800 kr. upp í 1600 kr. á ári. Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar

munu 1800 kr. hafa verið ætlaðar til slíkrar kenslu, en háttv. neðri deild færði fjárveitinguna niður í 800 kr. Nefndinni hefir verið sýnt fram á, að það væri ærinn starfi fyrir 3 menn að kenna við skóla þenna, og hún getur ekki búist við að hægt verði að fá hæfan mann fyrir minna en 1600 kr. á ári. Það er eins og eg hefi tekið fram áður, bein skylda fjárveitingarvaldsins að sjá þeim stofnunum fyrir nægu fé, sem á annað borð er búið að setja á stofn. Aðsókn in að skólanum er mikil; í vetur sækja hann 8 menn, og sagt er að auk þess séu 4 búnir að sækja um skólavist að vetri. Og þótt hér á landi sé ef til vill vel mikið af löglærðum mönnum, þá virðist ekki ástæða til að reyna að draga úr aðsókninni að þessum skóla fremur en hinum æðri skólunum hér. Fyrir því leggur nefndin til að hækka námsstyrkinn úr 1000 kr. upp í 1200 kr., og húsaleigustyrkinn úr 640 kr. upp í 960 kr., á ári. Þessar upphæðir eru þó lægri en það sem veitt er til læknaskólans í sama skyni, og þó eru allar líkur til, að áður langt um líður verði að minsta kosti jafnmargir stúdentar við lagaskólann, sem við læknaskólann. Auk þess ber og þess að gæta, að efnahagur margra stúdenta er svo þröngur, að þeir geta ekki styrklaust komist gegn um námið.

Þá hefir nefndinni borist erindi frá umsjónarmanni mentaskólans, þess efnis, að færa upp styrkinn til umsjónar og viðhalds á munum skólans um 200 kr. Nd. feldi þessa upphæð burtu. Umsjónin er nú í höndum manns, sem lengi hefir gegnt þessu starfi með sparsemi og reglusemi, og getur nefndin ekki séð neina ástæðu til þessarar úrfellingar í Nd. og vill því veita þessa upphæð. Erindi þessu fylgdi einnig umsókn um 100 kr. til dyravarðar, en þetta fé vill nefndin ekki veita, af því að hún álítur að ástæður þær, sem þessi umsókn er bygð á, geti ekki komið til greina. Það segir sem sé í umsókninni, að nú leggist nýr skattur á húsið, vatnsskattur, og þann skatt verði dyravörður að borga; en það getur auðvitað eigi komið til mála annað en að sá skattur leggist á húsið sjálft, en ekki á dyravörð.

Þá kem eg að br.-tillögunni við 14. gr. B. VIII. a. 1., þar sem ræðir um kvennaskólann í Reykjavík. Þar hefir Nd. samþykt að veita 3000 kr., en í frumvarpi stjórnarinnar voru ætlaðar 7000 kr. Þessi hækkun stjórnarinnar frá því sem verið hefir undanfarið, stafar af því, að skóli þessi hefir nú í mörg ár haft við óviðunanlegt húsnæði að búa. En nú er í ráði að leigja húsrúm handa skólanum fyrir 2000 kr., og eru það allmikil útgjöld fram yfir það vanalega. Og í öðru lagi á að gera miklar breytingar á fyrirkomulagi skólans í þá átt að verkleg kensla verði meiri en verið hefir. Það má álíta að sjálfsagt sé að gjöra breytingar á skólanum, því eins og nú stendur á, eru húsakynnin svo lítil, að skólinn hefir hvergi nærri getað tekið á móti öllum sem sótt hafa um kenslu í honum. Þessi skóli er elzti kvennaskóli landsins, og þing og stjórn álítur, að honum hafi verið prýðisvel stjórnað; og þar að auki er þetta skóli alls landsins, en alls ekki fyrir Reykjavík eina. Og þegar litið er til þess, að nú er sem óðast verið að auka rétt kvenna, þá liggur nærri sú krafa, að þjóðfélagið sjái um, að þær eigi kost á sem mestri mentun til þess að geta sem bezt hagnýtt sér réttindi sín. Þegar á alt þetta er litið, álítur nefndin að rétt sé að hækka tillag það, sem Nd. samþykti að veita skólanum, um 1500 kr., en nefndin áskilur að Reykjavík leggi fram 500 kr. til skólans að minsta kosti, hvort árið. Reykjavík hefir að vísu lagt eitthvað lítilsháttar til skólans að undan-

förnu, 100 kr. eða því um líkt, en það er svo lítið, að nefndin áleit sjálfsagt, að áskilja það, að bærinn legði meira fram, þegar tillag landsjóðs er hækkað. Enda efast eg ekki um, að bæjarstjórnin leggi þetta fúslega fram, þegar hún sér að það varðar svo miklu. — Þá kem eg að barnaskólunum. Nd. hefir fært niður um 1000 kr. þá upphæð, sem ætluð var í frv. stjórnarinnar til barnaskóla í kaupstöðum. Nefndin vill nú hækka þennan lið um 2000 kr. hvort árið og styrkinn allan til barnaskólanna um 3000 kr., og þykir hækkunin vera á miklum rökum bygð, þegar litið er á þær skyldur, sem lagðar hafa verið á landsmenn í þessu efni; eg get ekki séð, að það sé rétt að minka tillagið til barnaskólanna í kaupstöðum, því fræðsluskyldan kemur þó þyngst niður á kaupstöðunum, að því leyti sem þar eru flest börnin og kaupstaðarbúar verða að leggja mikið á sig í þessu skyni og nemur það eigi alllitlu fé. Það virðist því engin ástæða til að lækka þennan útgjaldalið á fjárlögunum. — Þá hefir Nd. felt burt þær 600 kr., sem stjórnin áætlaði til aðstoðar við samning skýrslna og skrifstofukostnaðar handa umsjónarmanni fræðslumálanna. Hér vill nefndin fara miðlunarveg og leggur til að veittar séu í þessu skyni 300 kr. eftir reikningi; nefndin hyggur að komast megi af með þetta, en eg get um þetta atriði látið mér nægja að vísa til nefndarálitsins. Eg skal leyfa mér að geta þess hér, að mér þykir óheppilegt að eftirlitsferðir umsjónarmanns fræðslumálanna geta ekki orðið á þeim tíma ársins, sem kensla er í skólunum. Það má vel vera, að slíkar ferðir yrðu oft erfiðar, en eg verð þó að líta svo á, að það sé enginn ógjörningur, og það má telja víst, að meiri árangur yrði af þessum ferðum með því móti, en þegar þær eru farnar að sumrinu, þegar engin kensla er í skólunum.

Þá kemur br.till. við sömu gr. B. VIII. b. 5. c. um að á eftir staflið c. komi nýr staflður d. svohljóðandi: Til unglingaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði 2500—2500 kr., og eru færðar ástæður að því í nefndarálitinu. Svo stendur nefnil. á, að á Ísafirði er framhaldsskóli fyrir unglinga í sambandi við barnaskólann. Þessi framhaldsskóli hefir fengið húsrúm fyrir ekkert hjá bæjarstjórn Ísafjarðar, en það húsrúm er svo lítið, að þar geta að eins verið 20 nemendur. Nú er í ráði að stækka hús barnaskólans, og það gæti því orðið til mikils hagnaðar, ef þingið vildi veita það fé, sem hér er farið fram á, svo unglingaskólinn gæti átt von á meira húsrúmi í þeirri byggingu. Mér er kunnugt um, að þar vestra er mikil löngun hjá fólki til þess að menta börn sín betur en kostur er á í barnaskólanum, og menn þar hafa jafnvel í huga að reyna að koma þar upp gagnfræðaskóla, þótt að því sé ekki enn komið. Þessi fjárveiting virðist því vera á fullri sanngirni bygð. — Þá er enn í 14. gr. einn liður um kenslu þriggja blindra barna í Danmörku. Hér er sú breyting á orðin, að eitt af þessum börnum hefir fengið flogaveiki, svo það hefir verið flutt af blindrahælinu og á flogaveikrahæli. Þennan lið má því færa niður um 300 kr., því að nú er gefið með barninu af þessa árs styrk, en nefndin gengur út frá því, að landsjóður kosti barnið ekki á flogaveikishælinu; það kemur að sjálfsögðu á sveit barnsins, ef foreldrarnir ekki geta gefið með því. — Þá kem eg að styrk þeim, sem lagt er til að veittur sé Ingibjörgu Guðbrandsdóttur til þess að veita sveitastúlkum kenslu í leikfimi. Nefndin lítur svo á, að ekki sé mikil nauðsyn að

veita þennan styrk, því hún lítur svo á, að sveitastúlkur þurfi alls ekki að læra þessa svonefndu leikfimi. Þær hafa nógar hreyfingar þó þær ekki læri að ganga, hoppa og hringsnúast eftir kúnstarinnar reglum. Nefndin álítur þessa fjárveitingu hinn mesta hégóma; auðvitað er hér ekki um stóra fjárupphæð að ræða, en þetta sýnir vel hve geysimikið hugvit menn hafa til þess að finna upp ástæður fyrir styrkbeiðnum úr landsjóði, og sumar hverjar af þessum ástæðum eru svo lítilsverðar, að það er furða, að menn skuli bera slíkt fram fyrir alþingi, — nema ef þeir væntist þess að þingið vilji launa þeim fyrir hugvit þeirra. — Nei, sveitastúlkur hafa nógar hreyfingar; en öðru máli er að gegna um kaupstaðarstúlkur, sem margar hverjar sitja hreyfingarlausar mestan tíma ársins.

Við 14. gr. B. IX. a. hefir nefndin gjört þá breytingu, að hún vill að lærisveinar stýrimannaskólans njóti sundkenslunnar ókeypis eins og lærisveinar latínuskólans. Þetta er ekki nema sanngjarnt, þó að þetta raunar komi ekki öllum lærisveinum stýrimannaskólans að notum vegna þess, að þeir eru farnir úr bænum margir á þeim tíma að vorinu, sem sundkenslan stendur yfir.

Þar sem ræðir um náttúrugripasafnið í 15. gr. vill nefndin fella burt þá athugasemd, að stjórnin fái skírteini fyrir því, að safnið sé eign landsins. Það á nfl. ekki að vera þörf á að taka þetta fram, því það er vitanlegt, að náttúrugripasafnið er eign landsins. En það gæti einmitt fremur orðið athugavert að slá því föstu með sérstökum fyrirmælum, því að í fyrsta lagi er safnið stofnað af einstökum mönnum og hirt af mönnum, sem lítið hafa tekið fyrir ómak sitt, og hlynt að því eftir megni, og í öðru lagi er ekki víst, hvað lengi þessi nægjusemi manna yrði gagnvart safninu ef það væri »lagalega afhent« landinu. En eign landsins er safnið auðvitað, eins og meðal annars sést af því, að landið leggur því til ókeypis húsnæði.

Þá kemur að liðnum um bókakaup til bókasafnanna á Ísafirði og Akureyri. Að því er snertir Ísafjörð, hefi eg talað svo rækilega um það áður hér á þingi, að eg hefi engu við það að bæta. Eins og kunnugt er, hefir það lengi verið ósk Ísfirðinga að fá Amtsbókasafnið flutt til Ísafjarðar, vegna þess að þar er heppilegri staður fyrir safnið en þar sem það nú er. En ef þessi fjárveiting fengist nú eitt skifti fyrir öll, myndi óánægjunni linna, þó fjárupphæð þessi sé raunar 3000 kr. lægri en menn þar vestra vilja; því þeir vildu fá 5000 kr. til bókakaupa, ef Amtsbókasafnið fengist ekki flutt. — Bókasafnið á Akureyri er sem stendur í fjárkröggum vegna bókaaukninga og einnig vegna þess, að það hefir nýlega komið sér upp allgóðum lestrarsal. Það myndi því ekki um of að veita því 1000 kr. styrk. Um styrkinn til sýslubókasafna og lestrarsala þótti nefndinni rétt, að binda ekki við neitt víst hámark þann styrk, sem veita mætti sýslubókasöfnum og lestrarsölum í kauptúnum til bókakaupa, því þar á auðvitað að fara eftir þeirri þörf, sem er fyrir hendi um hvert safn fyrir sig. Nefndin leggur því til að orðin: »Alt að 150 kr. til hvers« falli burt. — Að því er snertir styrkinn til að semja þjóðréttarsögu Íslands, get eg sagt það fyrir hönd nefndarinnar, að hún er í sjálfu sér hlynt þessari fjárveitingu, þó hún á hinn bóginn geti alls ekki felt sig við þennan lið eins og hann kemur frá Nd., nfl. að þingið kjósi nefnd til þess að sjá um þennan starfa. Nefndin álítur að réttara sé að veita þetta eftir á, þegar verkinu er lokið, og að sá njóti þá styrksins, sem bezt ritið hefir samið.

Eg sé að nú er komin fram br.till. um að fella burt ákvæðið um að þingið skuli kjósa nefndina, og eg get sagt það fyrir mitt leyti, að eg felli mig vel við þá breytingu, en eg get ekkert sagt um það fyrir nefndarinnar hönd, því hún hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um hana. Það var tekið fram í nefndinni, að það væri tilhlýðilegt og vel við eigandi, að veita verðlaun fyrir þetta verk, og mætti taka þau úr sjóði Jóns Sigurðssonar að einhverju leyti.

Þá kem eg að allri rununni til blessaðra skáldanna. Nefndin hefir hér eins og annarsstaðar haft sparnaðinn fyrir augum, þó hún virði mikils hvað skáldin yrkja mikið og gott. Eins og tekið var fram í Nd., má telja sumar af þessum fjárveitingum fremur eftirlaun en skáldlaun. Vér vitum t. d. allir um eitt þeirra skálda, sem skáldstyrk hefir haft um mörg ár undanfarið, að hann er gersamlega hættur að yrkja og hefir svo gengið í mörg ár; það lítur með öðrum orðum út fyrir, að skáldskapargáfa þess manns sé að ganga til þurðar, svo eg álít að hann mætti þykjast góðu bættur, ef hann héldi þeim styrk, sem hann hefir haft, þó ekki væri hækkað við hann. Vér verðum í þessu sem öðru að sníða oss stakk eftir vexti. Þetta eru að vísu ekki stórar upphæðir, sem hér er um að ræða, en ef vér erum mjög örir á skáldstyrki, getur vel svo farið með tímanum, að þeir verði alltilfinnanlegur gjaldliður. Mér dettur ekki í hug að neita því, að góður skáldskapur er bæði til skemtunar og óbeins gagns. En það er þó með hann líkt eins og skrautgripi, sem menn gjarnan vilja hafa í húsum sínum, að menn láta slíkt sitja á hakanum fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Eg hirði ekki að fara fleiri orðum um þessa skáldstyrki.

En þá kem eg að þeim gjaldlið, sem gengur undir nafninu orðabókastyrkir. Alla slíka styrki vildi eg helst strika alveg út. Þar finst mér ekki vera um neina brýna þörf að ræða. Að vísu er helzt þörf á íslenzkri orðabók, en því er aftur svo varið um styrkinn til hennar, að það er vitanlegt, að manninum, sem á að gera hana, endist ekki aldur til að ljúka við hana. Þetta verður svo stórt verk, að það eru litlar líkur til að einn maður geti lokið því.

Líkt er um styrkinn til Sigfúsar Blöndals til þess að semja íslenzk-danska orðabók. Sá styrkur hefir staðið á fjárlögunum ár frá ári og verið borgaður út stöðugt, án þess að nokkur trygging sé fyrir því, að maðurinn vinni nokkurn skapaðan hlut fyrir styrknum. Þingið veit ekkert um það, hvort verkinu miðar nokkuð eða ekki neitt.

Eg fyrir mitt leyti hefði helzt viljað fella alla orðabókastyrki, en nefndin hefir ekki getað komið sér saman um að leggja það til, nema um styrkinn til Jóns Ófeigssonar til að gera þýzk-íslenzka orðabók. Um þá orðabók er það að segja umfram hinar, að það er ekki einu sinni minsta þörf á henni, því að þeir sem læra þýzku, kunna sjálfsagt allir eða flestallir dönsku áður, og geta því vel notað þýzk-danskar orðabækur. Það er að því leyti alt öðru máli að gegna um þýzka orðabók en enska, því að ensku læra margir nú orðið, sem ekki kunna neitt í dönsku. Eg skal líka geta þess, að það er ætlast til að þessi maður fái 1000 kr. styrk, án þess að nein trygging sé heimtuð fyrir því, að verkið sé unnið. Það er eins um þennan styrk eins og styrkinn til Sigfúsar Blöndals að því leyti. Þingið er orðið frjálslyndara og örara að fé í þessu efni en það var. Hér á árunum, þegar þingið veitti 800 kr. styrk til ensk-íslenzkrar orða-

bókar, var það gert að skilyrði, að styrkurinn kæmi til útborgunar þegar bókin væri búin. En nú á að veita 1000 kr. styrk ár eftir ár til orðabókar, sem á að semja, en sem engin trygging er fyrir að nokkru sinni verði samin.

Það er nokkuð öðru máli að gegna um styrkinn til Jóns Ólafssonar, því að hann á að fá ákveðna borgun fyrir hverja örk prentaða. Nefndin hefir lagt til að færa þann styrk niður úr 1500 kr. í 960 kr. hvort árið. Eg vona að háttv. deild verði sammála nefndinni um að sú niðurfærsla sé á rökum bygð; því að úr því það er auðsætt, að manninum endist ekki aldur til að fullgera bókina hvort sem er, þá er því minni ástæða til að veita mikið fé til þessa verks.

Þá er hér einn styrkur í 15. gr. 37, sem nefndin vill fella burt. Það er 1000 kr. styrkur til Guðmundar Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms. Meiri hluti nefndarinnar var þeirrar skoðunar, að þessi styrkur mætti missa sig. Við höfum einn mann, sem leggur stund á jarðfræði, og það sýnist ekki vera ástæða til að styrkja fleiri til þeirrar fræðigreinar. Það er alveg óvíst um árangurinn af þessari utanför, og því væri réttara að styrkja þann mann, sem við nú höfum, betur, heldur en að fara að bæta fleirum við. Það getur vel verið, að þessi maður sé efnilegur, en hins vegar er mér ókunnugt um, að hve miklum praktiskum notum það kæmi fyrir landið, að eiga svo og svo marga sérfræðinga í þessari grein.

Sama er að segja um styrkinn til Ísólfs Pálssonar, 15. gr. 39. Nefndin veit ekki hvort nokkrar sérlegar líkur eru til að utanför hans kæmi landinu að gagni, og leggur til að sá styrkur verði feldur burt.

Þá er styrkurinn til Einars Jónssonar myndasmiðs, 15. gr. 43. Nefndin vill láta þann styrk halda sér, en leggur til að athugasemdin við fjárveitinguna falli burt. Nefndin áleit ekki rétt, að vera að setja honum neinar reglur um það, hvernig hann skyldi verja fénu. Hann hefir sýnt dugnað og áhuga á starfi sínu, og á þennan styrk fullkomlega skilið og þó meira væri. Nefndin vill halda upphæðinni, 1200 kr., óbreyttri, en eg get sagt fyrir mitt leyti, að eg gæti vel verið með miklu hærri styrk til þessa manns. Það er auðvitað erfitt fyrir okkur hér, að dæma um listgildi mynda hans, en frumlegar eru þær og bera það ljóslega með sér, að þær eru af íslenzku bergi brotnar. Hann er íslenzkur listamaður og íslenzkur frumleiki í öllum hans verkum. Það er ekkert að marka, þó að hann hafi ekki fengið alþjóðaviðurkenningu enn þá. Sú viðurkenning getur komið þegar minst varir, og þá þætti okkur leitt að hafa vanrækt hann og yfirgefið, á meðan hann þurfti okkar hjálpar við.

Þá kem eg að 16. gr. frv. Þar vill nefndin bæta við nýjum lið aftan við i. c. 5, 18,500 kr. fyrra árið til byggingar skólahúss á Hólum. Í frv. stjórnarinnar var ætlað fé til byggingar skólahúss við báða bændaskólana, enda er það skylda þingsins að veita fé til þessara bygginga. Þingið hefir gefið loforð fyrir því, er það ákvað í bændaskólalögunum, að skólarnir skyldu geta veitt móttöku 40 piltum hvor, en það geta þeir ekki með þeim húsakynnum, sem nú eru þar. Neðri deild hefir nú veitt fé til byggingarinnar á Hvanneyri, og þá er því síður ástæða til að neita um féð til byggingar á Hólum. Hins vegar vill nefndin fresta öðrum byggingum þar að þessu sinni, sem stjórnin vildi veita fé til, svo sem leikfimishúsi, smiðju o. fl. En sjálft skólahúsið álítur nefndin öldungis óhjákvæmilegt að ljúka

við, því að skólinn getur ekki fullnægt aðsókninni að öðrum kosti.

Þá er skólinn á Hvanneyri. Þar hefir fjárveitingin til kennaralauna verið hækkuð um 300 kr. og það ákveðið um leið, að þessar 300 kr. gangi til launaviðbótar handa Hirti Snorrasyni. Nefndinni er kunnugt um, að Hjörtur Snorrason hefir ekki haft þessa kenslu á hendi sjálfur síðastliðinn vetur. Hann býr á jörð nálægt Hvanneyri og hefir látið annan mann stunda kensluna í sinn stað. Þegar þessa er gætt, sér nefndin ekki ástæðu til að bæta við laun hans. Það er ekki hægt að ætlast til persónulegrar launabótar fyrir verk, sem hlutaðeigandi leysir ekki af hendi. Því leggur nefndin til að fella þessa viðbót og færa liðinn niður í 2700 kr. aftur.

Þá er breytingartill. við 16. gr. 4. a., að styrkur til byggingar á Eiðum verði 20 þús. kr. fyrra árið í stað 10 þús. hvort ár. En um leið vill nefndin taka það fram, að hún ætlast til að slíkar bænir um byggingarstyrk við þennan skóla komi ekki til þingsins framar.

Styrkinn til verklegrar búnaðarkenslu við þennan skóla vill nefndin færa niður um helming, í 1500 kr., eins og þingið hefir áður fastákveðið til þessarar kenslu. Það var ákveðið með bændaskólalögunum, að bókleg kensla skyldi engin fram fara á kostnað landsjóðs, hvorki á Eiðum eða í Ólafsdal. Hinir 2 skólarnir, á Hvanneyri og Hólum, áttu að fullnægja þörf landsins til aukinnar bændamentunar, og var ekki ætlast til, að fleiri skólar yrðu styrktir af landsfé í þeim tilgangi. Samt hefir byggingarstyrkurinn til Eiðaskólans komist inn í fjárlögin í neðri deild, og sá nefndin sér ekki fært að leggja til, að hann væri feldur hér í deildinni, þó að það væri í rauninni full ástæða til þess. Ef það er satt, að þessi skóli eigi að kosta um 40 þús. kr., er það óskiljanlega mikil rausn af þeim, sem hlut eiga að máli, en þeir um það.

Þá hefir nefndin lagt til, að 1000 kr. styrkveiting til húsmæðrakenslu á Eiðum væri feld burt. Nefndin veit ekki til, að sýslunefnd hafi mælt með stofnun þessarar húsmæðradeildar, og lítur út fyrir, að það sé að eins uppástunga skólastjóra sjálfs. Það sýnist ekki ástæða til að bæta þessu ofan á hina styrkveitinguna til þessa skóla.

Enn er 1000 kr. styrkur til Jónínu nokkurrar Sigurðardóttur, sem kvað vera að burðast með matreiðslukenslu. Nefndin vill færa þann styrk niður um helming. Hún álítur 500 kr. vera nægilegt fyrst um sinn, því að hún efast ekki um, að þetta matreiðsluskólahald verði bráðlega svo umfangsmikið og nauðsynlegt, að þá komi ný beiðni um aukinn styrk, og má þá bæta upp þó styrkurinn sé ekki meiri en þetta í fyrstu. Annars vil eg geta þess, að styrkirnir gætu farið að verða nokkuð margir, ef þingið færi að gera sér að reglu, að veita styrk til allrar mögulegrar kenslu, sem það hefir enga hugmynd um, hvort nokkurs virði er eða ekki. Það sýnist ekki ofverk kvennaskólanna að hafa á hendi kenslu í matreiðslu. Þar er staðurinn fyrir slíka kenslu, enda er í ráði að þeir komi henni á stofn hjá sér. Það er langhentugast, að þessi kensla sé einmitt í sambandi við aðra kenslu þar.

Þá er næsti liður á atkvæðaskránni. Það er 500 kr. lækkun á styrk til Ungmennafélags Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu. Þennan lið, 16. gr. 11, vill nefndin lækka úr 2000 kr. hvort árið í 1500 kr. Nefndin viðurkennir, að stefnuskrá félagsins er lofsverð, eins og hún er á pappírnum, og því líklega vert að styrkja félagið, þó að bæði eg og aðrir hefðum kunnað betur við, að þessi mikli eldlegi áhugi

félagsmanna hefði komið fram í einhverju öðru fyr en því, að sækja um styrk af landsjóði. Eg veit ekki hvernig á að verja þessu fé. Það er sagt, að það eigi að vera til skóggræðslu, og eg hefi heyrt, að félagsmenn hugsi sér þá aðferð til eflingar skóggræðslunni, að hver þeirra fái eina skógarhríslu frá útlöndum og gróðursetji hér í landinu. Eg veit ekki hvort þetta er vænleg aðferð til skóggræðslu, að gróðursetja útlendar plöntur. En það vill svo vel til, að hér í deildinni er fagmaður, háttv. 6. kgk. þm., sem getur sjálfsagt gefið upplýsingar að þessu leyti. Nefndinni þótti það vafasamt, að styrkveitingin kæmi landinu að miklu gagni hvað skógræktina snertir, en hitt álítur hún gott og þarflegt, að félagið gangist fyrir að efla líkamlegar íþróttir.

Úr því eg er að tala um þetta félag, þá get eg ekki stilt mig um að geta þess, að mér finst að ekkert ætti að liggja fjær slíkum félagsskap en að halda samkomur og leigja fólk til að kveða þar og syngja óhróðurssamsetning um einstaka menn. Eg hefi heyrt að þetta félag hafi gengist fyrir þess konar samkomu nýlega, og er leitt til þess að vita, að félagið skuli byrja með því að innleiða slíkt útlent apaspil í landið. Það gæti tekið sér eitthvað þarfara fyrir hendur en að halda samkomur til að gera gys að þeim mönnum, sem eru þó eftir mætti að vinna að hag þjóðarinnar. Það er engin uppbygging að slíku fyrir land eða lýð, og sízt viðeigandi fyrir svo góðan félagsskap. Eins álít eg óþarfa fyrir félagið að blanda sér til muna í pólitískar »agitationir.« Það hefir mikið starf og lofsvert fyrir höndum, þar sem er efling líkamsíþrótta og ætti að beita kröftum sínum sem mest að því markinu.

Þá vill nefndin bæta við nýjum lið, 1200 kr. hvort árið, til yfirmatsmanna á gæðum síldar. Það þarf víst ekki að fjölyrða um þá fjárveitingu. Hún er samkvæm lögum um það efni, sem samþykt voru hér í deildinni um daginn, og tilsvarandi fjárveitingu í aukafjárlögunum.

Þá er breyt.till. við 16. gr. 27. C. Þar hafði neðri deild felt 300 kr. fjárveitingu til ræstingar á efnarannsóknarstofunni. Nefndin álítur ekki rétt að sleppa þessari fjárveiting alveg, en vill lækka hana um 100 kr. Í sambandi við það leggur nefndin til, að liðurinn c., til ljósa og eldsneytis, hækki um 200 kr., verði 500 kr., og veitist sú upphæð til ræstingar jafnframt.

16. gr. 28 er styrkur til tveggja íslenzkra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn. Nefndin leggur til, að þessi liður falli burt Henni er ókunnugt um, hvert gagn landið getur haft af slíkri styrkveitingu. Sams konar kensla kvað vera veitt hér í kvennaskólanum í Reykjavík, og eg veit ekki hvað getur verið unnið við að kosta stúlkur til að nema það í útlöndum, sem þær geta vel numið hér heima. Auk þess get eg sagt fyrir mitt leyti, að eg sé ekki neina þörf á að kvenfólk læri þesssa sárfínu handavinnu. Eg veit ekki betur en að konur okkar flestar hafi öðrum störfum að gegna þegar út í lífið kemur, en að vera að fitla við þess konar hannyrðir.

Þá vill nefndin lækka styrkinn til ábúandans á Tvískerjum úr 400 kr. í 200 kr. Við vildum ekki mæla með hærri styrk að sinni, enda er okkur ókunnugt um, hve nauðsynlegt er að styrkja þennan mann. Auðvitað á styrkurinn að vera til þess, að veita ferðamönnum þá hjúkrun og beina, sem hann hefir hingað til veitt styrklaust. En slíkar styrkveitingar gætu orðið margar, ef farið væri að styrkja öll

þau heimili á landinu, sem þættu eiga það skilið vegna gestrisni. Það eru ekki fá heimili, sem líða töluverðan baga af gestagangi, svo að eg veit ekki hvar enda skal, ef lagt er út á þá braut.

Í 18. gr. vill nefndin fella burt 1000 kr. sem Þorvaldi Björnssyni eru ætlaðar í »viðurkenningar skyni«. Nefndinni fanst ekki rétt að veita þessa upphæð, því að ef byrjað er að veita slíkar viðurkenningar, mundu margir alþýðumenn koma fram með sams konar kröfur.

Eg get verið stuttorður um breyt.till. við 22. gr. Þær ganga flestar í sömu áttina, að ákveða vexti af lánunum $4^1/_2\%$ og jafnar afborganir árlega. Hitt eru smábreytingar, sem eg finn ekki ástæðu til að fara nákvæml. út í. Þó skal eg geta þess um tölul. 10, sem er lánveiting til Björgvins Vigfússonar sýslumanns, að þann lið vill nefndin lækka úr 12000 kr. í 4000 kr. Hún álítur þá upphæð nægilegt lán til húsbyggingar, en álítur hins vegar ekki ástæðu til að veita þessum manni lán til neins annars. Það hvílir engin skylda á þinginu að styðja embættismenn til jarðakaupa.

Eg hefi gleymt að minnast á 16. gr. 30., 2000 kr. styrkveiting til Iðnaðarmannafélagsins til iðnsýningar. Þar vill nefndin bæta við því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi að minsta kosti jafn mikla upphæð til sýningarinnar. 2000 kr. hlýtur að vera of lítið fé til þess að sýningin verði myndarleg, en að öðrum kosti er gagnslaust að styrkja hana nokkuð. Þess vegna vill nefndin binda styrkveitinguna þessu skilyrði til tryggingar því, að styrkurinn komi að nokkru gagni, ef hann verður notaður á annað borð.

Eg ætla ekki að lengja ræðu mína meir að þessu sinni. Vil fresta því, að tala um breytingartillögur háttvirtra deildarmanna, þangað til eg hefi heyrt, hvað tillögumenn hafa fram að færa þeim til stuðnings, og tek þá ef til vill til máls aftur síðar.

Agúst Flygenring: Eg á breytingartillögu við 16. gr. á þgskj. 493, að til aðstoðar verkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagningu austur verði veittar 2700 kr. fyrra árið. Á gildandi fjárlögum eru veittar 16500 kr. til undirbúnings slíkrar járnbrautarlagningar, að því er landmælingar snertir, (sem búið er þegar að ljúka við). En nú vantar verkfræðingsmælingar, sem og kostnaðaráætlun frá verkfræðingi. Þegar nú svo miklu *hefir verið kostað* til mælinga í þessu skyni, sem þó ekki koma að fullu gagni nema verkfræðingur líka rannsaki leiðina og mæli brautarstæði, þá virðist ekkert *áhorfsmál*, að *veita* þessa litlu fjárupphæð, einkum þegar þess er gætt, hve hverfandi hún er í samanburði við kostnaðinn við alt verkið. Eg vona því, að deildin sjái sér fært að fallast á tillögu mína, því annars kemur féð sem búið er að borga út í þetta fyrirtæki ekki að neinu gagni.

Jósef Björnsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með tvær breyt.till. við fjárlagafrumvarpið eins og það kemur frá háttv. Nd., og eru þær báðar viðaukatillögur, önnur á þingskj. 494, en hin á þingskj. 495; eg skal leyfa mér að gera grein fyrir þessum tillögum í stuttu máli.

Fyrri tillagan er um það, að landsjóður leggi til greiðsluálags á Viðvíkurkirkju 400 kr. fyrra ár fjárhagstímabilsins. Á þessari umsókn stendur þannig, að þegar Hofstaðaþing voru lögð niður árið 1861 og Flugumýrarsókn lögð við Miklabæjarsókn, þá voru makaskifti höfð á Hjaltastöðum og Viðvík og Viðvík gerð að prestssetri. Árið eftir (30. júní 1862) var prestssetrið og kirkjan í Viðvík tekin út og gert 200 ríkisdala

álag á kirkjuna. Á næstu árum á eftir fara hlutaðeigendur fram á við þáverandi biskup, Helga Thordarsen, að fá álagsupphæðina borgaða, en hann færist undan því í bréfum sínum að eiga í þessu máli og þar við dróst það; og allan þann tíma sem Páll Jónsson var prestur í Viðvík var því ekkert hreyft, og það var fyrst eftir að Zóphonías prófastur Halldórsson var kominn þangað, að farið var að hreyfa málinu aftur. Það var á síðari árum Péturs biskups Péturssonar, og hann gerði sitt til að greiða fyrir málinu, en landshöfðingi færðist undan og varð því eigi úr því, að álagið fengist borgað. Nú hefir málið enn legið kyrt um nokkur ár og það er fyrst eftir að Zóphonías Halldórsson er látinn og söfnuðurinn tók við kirkjunni, að hreyfing kemur á málið að nýju. Sóknarnefndin skrifar biskupi síðastl. ár, en hann leggur málið fyrir stjórnina og mælir með því. Stjórnin svarar að hún sjái sig ekki hafa heimild til að greiða álagið. Þetta svar stjórnarinnar tilkynnir biskup sóknarnefndinni og bendir jafnframt á, að eini vegurinn til að fá málinu framgengt sé, að fela þingmönnum héraðsins að bera það fram á þingi. Í því skyni hefir svo prófastur aftur skrifað núverandi biskupi og biskupinn skrifar erindi til alþingis, þar sem hann telur það engum efa bundið, að þetta sé réttmætt mál. Hann stílar bréfið til mín og kemst svo að orði:

»Nú vekja nýir menn upp þessa gömlu en ófyrndu kröfu, og herðir það á, hvað kirkjan er fátæk. Hún var í meir en 400 kr. skuld er síra Zóphonías féll frá í ársbyrjun 1908 og kirkjuhúsið er orðið meira en 20 ára gamalt og verður litlum sjóði safnað, er reisa þarf að nýju«.

Og hann segir ennfremur:

»Vona eg að óskir safnaðarins að fá þessar 400 kr. greiddar kirkjunni fái góðan byr í þinginu«.

Eg skal nú ekki bera um það, hvort hér er að ræða um lagalega réttarkröfu, en eg vona, að eg hafi sýnt fram á, að hér er um réttmæta og eðlilega kröfu sóknarnefndar að ræða. Eg skal í þessu sambandi einnig leyfa mér að geta þess, að mér finst því meiri ástæða til að veita þessar 400 kr., þar sem kirkjan er nokkuð forn orðin — hún er um 20 ára gömul —, og stóð í talsverðri skuld (4—500 kr.) þegar söfnuðurinn tók við henni. Eg vænti því hins bezta í þessu, og vona að háttv. deildarm. fallist á fjárveitingu þessa.

Hin tillagan, sem stendur á þingskj. 495, er þess efnis, að þingið veiti 500 kr. styrk fyrra árið til Hólasóknarmanna til að standast kostnað við kirkjugarðsbyggingu úr steinsteypu um Hólakirkju. Um það mál skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum háttv. deildarmönnum til skýringar. Hólakirkja er, eins og flestum deildarmönnum mun kunnugt, steinkirkja, bygð árið 1762; hún er ein af stærstu og merkilegustu byggingum þessa lands og hefir auk þess að geyma ýmsa af hinum dýrmætustu gripum þessa lands, svo sem altaristöflu þá hina miklu, sem sagt er að Jón biskup Arason hafi fengið að gjöf frá sjálfum herra páfanum fyrir trú sína og hollustu. Eg skal nú ekki segja um, hvað satt er í þessu, en hitt er satt, að taflan er merkilegur gripur og svo er um ýmsa aðra gripi, sem þar eru, t. d. legsteina yfir ýmsum allra mætustu mönnum lands vors, svo sem Guðbrandi Þorlákssyni og fleirum, skírnarfontinn stóra o. fl. Þetta, að kirkjan er svona gömul og merkileg og geymir svona margar og merkilegar menjar, gerði það, að sóknarmenn réðust í það að byggja um hana garð sem henni væri sæmilegur. Það gerðu þeir af þeirri þjóðrækni, sem flestir verða snortnir af, þegar þeir skoða kirkjuna og það sem hún hefir að geyma. Það var þegar

ráðið að byggja garðinn úr steinsteypu, eins og gert hefir verið; var lokið við verkið 1908. Hann er 308 álna langur, $1^1/_4$ alin á hæð og $8^1/_2$ þumlungur á þykt, úr sterkri steinsteypu, og hann er bygður á grunnmúr, sem er grafinn $1^1/_2$ alin niður og sú gröf fylt með grjóti. Verkið kostaði 2300 kr., og þegar þess er gætt, að mannfjöldi í sókninni er ekki meiri en það, að þar eru alls 187 menn fermdir, þá er það auðsætt, að hér hafa allfáir menn af ræktarsemi við húsið og það sem það hefir að geyma lagt á sig há gjöld. Þegar garðurinn var enn ekki fullgjör, fóru sóknarmenn fram á, í bréfi sem sóknarnefndin skrifaði til biskups 20. desember 1907, að einhver styrkur fengist til þessa verks, t. d. svo mikið, að það nægði til að koma í garðinn fallegu járnhliði, sem honum væri samboðið. Þetta erindi er sent til Zóphoníasar prófasts Halldórssonar, en að honum látnum tekur Árni prófastur Björnsson að sér að mæla með þessu til biskups; en biskup sendir það til stjórnarinnar og leggur þar með meðmæli sín. Þar er ekki farið fram á neina ákveðna fjárupphæð, heldur eitthvað, t. d. eins og svara myndi járnhliði. Þegar verkinu er lokið, er biskupi skýrt frá því og þar með látið fylgja, að héraðsfundur Skagfirðinga mæli með styrk í þessu tilefni. Samt kom ekki fram nein uppástunga um ákveðna fjárupphæð. En biskup stingur upp á að veittar verði 500 kr. upp í þennan kostnað. Hann bendir um leið á, að járnhliðið muni kosta hátt á 4. hundrað króna, svo hér er ekki farið fram á meira en það, sem hér um bil nemur verði járnhliðsins, með öðrum orðum það, sem sóknarnefndin fór fram á í fyrstu. Eg get getið þess, að biskupi fórust svo orð eftir að hann hafði fengið nákvæma lýsingu af garðinum, að ekki væri nema eðlilegt og réttlátt að veita Hólasóknarmönnum 500 kr. í viðurkenningarskyni fyrir svo mikið mannvirki og af svo miklum þjóðræknishuga unnið. Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar viðaukatillögur mínar; eg vona að eg hafi skýrt þær nægilega og háttv. þdm. hafi ekkert á móti þeim.

En áður en eg sezt niður, skal eg leyfa mér að skjóta inn örfáum orðum að því er snertir br.till. nefndarinnar um að veita 18500 kr. f. árið til byggingar skólahússins á Hólum. Hér er óhætt að segja, að þau skjöl og skilríki liggja fyrir, sem sýna að þetta er nauðsynjaverk, enda hefir framsögumaður talað svo rækilega um þetta, að það er eigi þörf á að tala meir um það, en eg vildi drepa á hvernig ástatt er um húsakynnin nú. Húsið er svo lítið, að það hefir orðið að vísa frá 10—20 umsækjendum á hverju ári nú um allmörg ár undanfarið, þrátt fyrir það þó húsið hafi verið troðfylt svo sem hægt er, og jafnvel svo, að heita má óforsvaranlegt. Það er t. d. ekkert herbergi til, þar sem veikur maður verður látinn liggja, nema með því að færa rúm sjúklingsins inn í þá einu litlu safnstofu, sem skólinn á og hefir til þess að geyma í kensluáhöld sín. Og eg get skýrt frá því — án þess eg sé að kvarta hvorki mín né annara kennara skólans vegna — til þess að lýsa húsakynnunum, eins og þau eru bæði fyrir kennara og nemendur skólans, að eg sjálfur hefi ekki meira húsrúm þar sem kennari en svo, að að eins er hægt að smeygja sér aftan við rúmið mitt í því eina herbergi sem eg hefi þar, og að frá rúminu að hinum hliðarveggnum er eigi meira en ein rúmbreidd. Þetta bendir á hve lítið húsrúmið er, og að sízt er vanþörf á að bæta það. Eg vona þess vegna, að háttv. deildarmenn sjái sér fært að stuðla að því, að þessi fjárveiting fáist. Og þó ekki væri farið frekar í sakirnar

að þessu sinni en svo, að skólinn yrði að bíða eftir leikfimishúsi, sem auðvitað líka er þörf á, þá er þó mest um vert, að ekki þurfi að vísa umsækjendum frá skólanum vegna skorts á húsrúmi, því skólinn hefir þegar áunnið sér óbilugt traust manna, eins og hin mikla aðsókn að skólanum bezt sýnir.

Kristinn Daníelsson: Eg á br.-till. á tveim þgskj.; á þgskj. 496 og 516. Þessar br.till. gera samt ekki mikla byltingu í fjárlögunum, og eg get því fremur verið fáorður um þær, sem eg veit að háttv. fjárlaganefnd er þeim hlynt.

Eg skal þá fyrst víkja lítið eitt að 1. till. á þgskj. 496. Þessi brt. er í samræmi við það, sem átt hefir sér stað um styrkinn til barnaskólanna. Eg vona að allir sjái nytsemi unglingaskólanna, þar sem einmitt er verið að byrja að byggja ofan á þá þekking, sem fæst í barnaskólunum. En ennþá eiga þeir erfitt uppdráttar. Eg ber þetta mál fyrir brjósti af því að eg þekki einmitt til eins slíks skóla. Þar hefir maður lagt fram krafta sína og fé sitt til þess að halda skólanum uppi. En eins og ákvæðin eru nú í fjárlögunum, verður styrkurinn honum mjög ónógur.

Þar næst er brt.till. á þgskj. 516. Eg þarf ekki að tala langt með henni og það því síður sem háttv. framsm. útskýrði það mál í framsögu sinni í dag. Eg er háttv. nefnd samdóma um það, að liðurinn er dálitið óviðkunnanlegur eins og hann kemur frá Nd. Eg hygg hins vegar, að háttv. deild þætti það líka óviðkunnanlegt, eins og mér, að fella liðinn alveg burt, úr því hann er kominn á fjárlögin. En það mætti veita þetta fé eftir á ef eitthvað gott kæmi fram. Eg hugsa að öllum sé það ljóst, hve mikla þýðingu slík rit hafi. Það hafa verið mjög svo deildar meiningar um þjóðréttarstöðu lands vors og þó hlýtur það að vera mjög áríðandi, að fá vísindalega og áreiðanlega vissu í því máli. Og það því fremur, sem margir taka tillit til örökstuddra dóma hlutdrægra útlendinga. Hér hefir enginn haft tíma til þess að sökkva sér niður í þetta mál. Eg vona að háttv. deild samþykki mína brt.till. en nefndin taki sína aftur.

Þá skal eg aftur víkja að brt.till. á þgskj. 496. 2. brt.till. er um litla styrkveiting til Sighvats Borgfirðings. Eg býst við að þessi maður sé öllum háttv. þingdm. kunnur að nafninu, þó að hann sé ekki nema óbreyttur bóndamaður. Hann hefir lifað undir hörðum lífsskilyrðum og þó unnið margt. Hann hefir lagt mesta stund á íslenzk fræði og ritað ýmislegt, t. d. prestatal. Hann hefir ekki átt kost á að kynna sér rit á landsbókasafninu, sem hann þarfnast til vinnu sinnar og sem hann mest langar til að sjá. Hann er greindur maður og má ef til vill segja, að hann sé ekki gæddur vísindalegri nákvæmni, en mikill fróðleikur er að minsta kosti fólginn hjá honum. Eg vona að háttv. deild samþykki þennan styrk, því að bæði er hann lítill, og svo á þetta að vera eitt skifti fyrir öll og maðurinn vel verður hans.

Þá er eg kominn að síðustu brt.till. minni á þgskj. 496. Eg þarf víst ekki að skýra hana frekar. Landstjórnin hefir lagt það fyrir sveitastjórnirnar að byggja barnaskólahús, en sveitastjórnirnar standa uppi félausar. Menn eru fúsir að leggja þetta fé fram, en geta það þó því að eins að þeir fái féð að láni. Sem stendur eru lánslindir þurrar hér á landi, og get eg þá ekki betur séð, en að það liggi viðlagasjóði nær að koma hér til stuðnings heldur en margt annað, sem verið er að styrkja með lánum. Af því að eg ætla mér ekki að standa upp aftur, þá vil eg nú minnast á eitt atriði. Eg er samþykkur

tillögum nefndarinnar í flestum greinum, en eg get þó ekki aðhylst gerðir hennar við 20. lið 15. gr. Mér þykir það satt að segja dálítið hart og enda manninum gert lágt undir höfði með því, að lækka 600 kr. styrk niður í 300 kr. Auk þess skal eg geta þess, að sá maður, sem hér er um að ræða, Guðmundur skáld Guðmundsson, er eftir mínum smekk ánægjulegasta skáld, sem fullkomlega hefir unnið sér fyrir styrk á borð við aðra. Eg vil því vonast til að hann verði látinn halda þeirri upphæð, sem áður stóð, því 300 kr. þykja mér lítt boðlegar. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en vona að þetta nægi til þess að vekja athygli háttv. þingdm. á þessu atriði.

Stefán Stefánsson: Það eru hvorki margar né stórvægilegar breytingar, sem eg hefi farið fram á. Þær eru að eins tvær og fara samlagðar fram á um 500 kr. fjárframlag.

Fyrri br.till. er um 200 kr. styrk til Leikfélags Akureyrar. Háttv. þingdm. eru svo smekkvísir og greindir menn, að mér er engin þörf á að halda langa ræðu um þýðing leiklistarinnar. Þetta félag, sem hér ræðir um, hefir starfað um nokkur ár á Akureyri, sýnt þar mörg leikrit og farist vel. Good-templarar hafa bygt þar hús, og er í því stærsti leiksalur, sem til er á Íslandi. Væri illa farið, ef engir gætu eða fengjust til að halda þar uppi leikum. Akureyri er lítill og fátækur bær, svo að tekjur leikfélagsins hafa orðið litlar og ekki hrokkið nándarnærri fyrir kostnaði. Eg skal geta þess til dæmis, að nýlega hefir félagið kostað 400 kr. til þess að láta gera leiktjöld í »Gísla Súrsson«, sem kvað vera ágætt leikrit. Tjöld þessi eru máluð erlendis og eru forkunnar fögur.

Leikfélagi Reykjavíkur, sem að vísu hefir gjört mikið gagn, er veittur styrkur úr landsjóði til þess að halda uppi leikum hér í bænum, og virðist því ekki úr vegi, að veita sams konar félagi, sem líka hefir gert mikið gagn, í næststærsta bæ landsins svona lítinn styrk, sem hér er farið fram á. Hins vegar er löggjafarvaldinu fengin trygging fyrir því, að hér sé ekki um »húmbug« að ræða, með því ákvæði, að styrkveitingin sé bundin því skilyrði, að félagið sé líka styrkt af Akureyrarbæ. Vilji bæjarstjórn Akureyrar ekki styrkja félagið, þá fellur styrkurinn niður.

Hin brtill. mín á sama þskj. er um að veittar sé 300 kr. til grasgarðs eða grasfræðisgarðs hér í Reykjavík. Þessi garður var tekinn á frv. stjórnarinnar og átti að styrkja hann með 800 kr. Nd. feldi þennan lið burt, en nú hefi eg leyft mér að vekja máls á þessu á ný með þessari litlu upphæð. Það liggur við, að eg skammist mín fyrir að biðja um svona lítið, en eg lít þó svo á, að hægt sé að gjöra nokkurt gagn með þessari upphæð. Þeir háttv. þingmenn, sem greiddu atkv. um þetta mál í Nd., vissu ekki hvað grasgarður var. En grasgarður er sama sem bótaniskur garður. Slíkir garðar tíðkast um allan heim og líka á Norðurlöndum. T. d. eru bótaniskir garðar bæði í Höfn, Stokkhólmi og Kristjaníu, þar sem ekki að eins vaxa allar helztu innlendar plöntutegundir, heldur fjöldinn allur af útlendum plöntum; jafnvel trópiskar jurtir vaxa í jurtabaðstofum og vermireitum. Þessir grasgarðar hafa mikla þýðing fyrir mentun þjóðarinnar; kennarar ganga þar um með lærisveinum sínum og sýna þeim það, sem í garðinum vex. Hér geta lærisveinarnir skoðað í krók og kring þær plöntur, sem þeir heyrðu lýst í kenslustundunum. Önnur hlið á þessu máli er sú vísindalega, sú að

grasafræðingar geti athugað líf og vöxt og breytingar á plöntunni, hvernig fram koma nýjar tegundir, afbrigði o. s. frv. Auk þess sem þetta hefir stórmikla vísindalega þýðing, þá hefir það líka praktiska þýðing, að því er kemur til rannsókna og tilrauna með nytjurtir. Eg vona að þetta nægi til þess að gera háttv. þingdm. ljóst, um hvað hér er að ræða, og eg vona líka, að þeir finni sig eigi móðgaða, þó eg hafi gert ráð fyrir, að þeim væri þetta eigi kunnugt. Eg skal svo að eins geta þess, að Bjarni Sæmundsson kennari telur mjög mikið gagn að slíkum garði fyrir skólann, og yfirleitt má auðvitað búast við, að þýðing garðsins fyrir skólana verði meiri en sú vísindalega. Eg vil svo vona, að h. deild lofi þessari litlu brtill. að smjúga í gegn.

Eg vildi svo að eins lítillega minnast á brt. nefndarinnar. Það var helzt viðvíkjandi því, að nefndin leggur til, að styrkurinn til Guðm. Bárðarsonar sé feldur burt. Eg skal játa það, að mér er mjög sárt um þessa fjárveitingu, því að eg er sannfærður um, að það kemur enginn bitlingur að gagni, ef þessi gerir það ekki. Þessi maður hefir verið hneigður fyrir þessa vísindagrein síðan hann var dá lítill drengur. Þegar eg kom að Kollafjarðarnesi, kom hann á móti mér með fult fangið af blómum, sem hann hafði safnað til þess að fá að vita nöfnin á þeim. Það liggur fyrir þinginu mjög góður vitnisburður frá Bjarna Sæmundssyni um manninn. Hann hafði ætlað sér að lesa náttúrufræði, en heilsan bilaði og hann varð að fara upp í sveit og fara að búa. En samt hefir hann verið allur í náttúruvísindum. Fyrst gaf hann sig við grasafræði, en síðan hefir hann lagt mikla stund á jarðfræði. Og nú er hann kominn svo langt í rannsóknum sínum, að það má vera að þær geri hann heimsfrægan. Hann hefir ágæt meðmæli frá Þorvaldi prófessor Thoroddsen og dr. Helga Pjeturss, og í fjórða lagi get eg gefið honum mín beztu meðmæli. Eg hefi þekt hann í mörg ár. Hann var einu sinni hjá mér sumartíma við grasafræðisathuganir. Eg skal með leyfi háttv. forseta lesa upp kafla úr því, sem Þorvaldur Thoroddsen hefir sagt um þennan unga vísindamann.[1])

Hann leggur áherzlu á að geta komist til útlanda til þess að afla sér þekkingar á jarðfræðisrannsóknum, og það væri illa farið, ef honum væri neitað um lítilfjörlegan styrk til þess. Menn tala stundum um dilka, sem þessi og þessi fjárveiting kunni að draga á eftir sér. Því er ekki til að dreifa hér, þessi fjárveiting dregur engan dilk á eftir sér, annan en vísan árangur fyrir vísindi þessa lands. Og það má vel vænta þess, að árangurinn verði mikill, því að þetta er enginn nýgræðingur, sem á að fara að hlynna að. Eða þó öllu fremur, það er nýgræðingur, en svo óvanalega þroskalegur, að það ætti að vera ánægja að hlúa að honum, til þess að sem mest geti orðið úr honum. Mér heyrðist háttv. framsögumaður gera heldur lítið úr rannsóknum þessa manns og þeim árangri, sem styrkveitingin gæti haft fyrir landið. Eg veit að þetta muni stafa af því, að að hann þekkir ekkert til mannsins. Eg vona að hann taki betur í málið næst, því að hann er of vitur maður og sanngjarn til þess að kunna ekki að meta þetta, þegar hann er búinn að fá upplýsingar um manninn og málavexti.

Eg vil að eins minnast á breytingartillögu háttv. þm. Skagfirðinga, um styrk til Hólasóknarmanna. Ekki af því, að eg þurfi neinu við að bæta það, sem háttv. þm. sagði, en af því að eg er líklega sá eini hér í deildinni, fyrir utan flutningsm., sem hefi séð þetta mannvirki, þá vil eg að eins lýsa því yfir,

[1]) Bréfkaflinn hefir ekki verið innfærður í ræðuna. Útg.

að eg mæli eindregið með þesum styrk. Það er skylt landinu að hlaupa undir bagga með Hólasóknarmönnum, sem hafa sýnt svo mikla ræktarsemi við þessa kirkju, sem er merkilegasta hús landsins. Ekki sízt þegar þess er gætt, að landið á bæði kirkjuna og jörðina.

Það var í dag vikið til mín fyrirspurn út af fjárbeiðni Ungmennafélagsins. Mér er vel við þetta félag, eg álít að það hafi stórt verkefni hér á landi, og eg vildi helzt ekkert ilt um það segja. En satt að segja varð eg hálf hissa, þegar eg sá að neðri deild samþykti orðalaust 4000 kr. fjárveitingu til félagsins. Og í hvaða tilgangi? Til þess að planta skóg! Mér þótti þetta mjög undarleg fjárveiting, einmitt þegar nýbúið er að koma upp heilli stofnun hér í landinu til þess að annast skógræktarstörf og búið er að færa skógræktarstjórnina í »system«. Veit nokkur maður til þess, að félagsmenn í Ungmennafélaginu kunni að planta skóg? Eg veit ekki til þess. Enda vakir það varla fyrir þeim, að planta sjálfir; þeir munu miklu fremur ætla að vekja áhuga á skógræktarmálinu meðal þjóðarinnar. Þetta er hlutverk félagsins; það er aðallega vakningarfélag. Það á að glæða ræktarsemi við landið í þessum og öðrum efnum. Því væri betra að orða fjárveitinguna eitthvað á þessa leið. En ef þingið vill veita fé til skógræktar, þá á það auðvitað að ganga í gegnum skógræktarstjórnina. — Ungmennafélagið hefir enga kunnáttu í þeim efnum, eins og sýnir sig líka strax, því að eg hefi heyrt, að félagsmenn hafi hugsað sér að flytja trjáplöntur utanlands frá. Þetta er óheppileg aðferð, eins og skiljanlegt er, enda hefir reynslan þegar sýnt það, að slíkar tilraunir mishepnast nálega undantekningarlaust. En nú höfum við gróðrarstíur, eina norðanlands og aðra hér syðra. Þar eru plöntur aldar upp, og þegar þær eru orðnar hæfilega þroskaðar, má flytja þær á ýmsa aðra staði. Þar má fá plönturnar, og eru miklu meiri líkur til að þær þrífist, heldur en útlendar plöntur. Því væri það vel hugsað af félögum Ungm.fél., ef þeir tækju þarna plöntur og gróðursettu hver hjá sínum bæ. En til þess þarf engan styrk.

Það væri nóg að veita félaginu nokkurn styrk til útbreiðslu félagsins í landinu. Eg vil gjarnan hjálpa því svo, að það geti sent t. d. Helga Valtýsson eða aðra vel máli farna menn út um landið, til þess að útbreiða félagið og vekja áhuga manna á málum félagsins. Því mun eg greiða atkvæði með breytingartillögu nefndarinnar.

Jens Pálsson: Eg á breytingartillögur á þingskj. 507 og vil leyfa mér að segja nokkur orð þeim til meðmæla.

Eg er vel ánægður með stefnu fjárlaganefndarinnar yfir höfuð. Hún hefir sýnt það, að hún vill vanda með hyggindum og varúð til fjárlagasmíðisins, og er eg henni fylgjandi í öllum aðalatriðum. En að eins í einu atriði get eg ekki verið henni samdóma, að því leyti nefnil. sem hún hefir fært mikið niður fjárveitingar, sem neðri deild hefir ákveðið til skálda og eins listamanns. Ein af þessum fjárveitingum þótti mér vera of lágt ákveðin í neðri deild og hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. því viðvíkjandi. Það er styrkurinn til Einars Jónssonar listamanns; eg vil hækka hann úr 1200 kr. upp í 2000 kr. Eg álít, að á slíkum mönnum eigum við seinast að spara.

Fjármálastarf vort lýtur alt að því, að hlúa að lífi þessarar þjóðar, að efla þroskun, hamingju og gleði þjóðlífsins. En eins og það er víst, að það ber að leggja áherzlu á allan ytri hag þjóðarinnar og hugsa vel um allar atvinnugreinir manna og alt sem aukið getur framleiðsluna bæði til lands og sjávar,

eins víst er hitt, að hið innra líf þarf líka verndunar og aðhlynningar. Þaðan kemur krafturinn, sem örvar framfarirnar í hinu ytra. — Sumir líta svo á, að listir og vísindi megi lúta í lægra haldi fyrst um sinn, megi sitja á hakánum, á meðan verklegar framfarir eru svo skamt komnar sem þær enn eru. En eg lít alt öðru vísi á þetta mál. Eg álít nauðsynlegt að vísu, að styðja hið verklega og framleiðsluna í landinu. En eg álít hitt þó hið allra nauðsynlegasta, að hlúa að andlegu atgervi þjóðarinnar. Það fé, sem til þess er varið, verður að minni hyggju hið allra ávaxtaríkasta fyrir líf og þroskun hennar. Hugsanir listamannsins, klæddar í form, þroska fegurðartilfinninguna og göfga og stækka hið andlega líf fólksins. — Enn er að geta þeirrar frægðar, sem íslenzkar listir og vísindi kunna að afla þjóð vorri. Eg er þeirrar skoðunar, að þjóðin hafi listaatgervi í ríkum mæli. Íslenzku skáldin á fyrri og síðari tímum eru næg sönnun þess. Líti menn yfir alla röðina af ágætum skáldum, sem Ísland hefir átt til þessa tíma, þá munu menn sjá, að það er undravert, að jafn fámennur þjóðflokkur hefir getað framleitt slíkan fjölda góðra skálda. Eg skal nefna Bjarna, Jónas, Grím, Jón Thoroddsen, Gröndal, Matthías og Steingrím. Og af alþýðumönnunum Hjálmar og Sigurð Breiðfjörð. Eg geng fram hjá öllum þeim, sem minna eru þektir frá fyrri tímum; og tel ekki þörf að nefna öll hin góðu skáldin, sem lifa enn með oss og enn yrkja. Getur nú nokkur bent á aðra þjóð, sem hefir framleitt jafnmörg skáld og góð að tiltölu við fólksfjölda? Með þessu vil eg sanna, að listgáfan er mikil hjá þjóð vorri. Að vísu eru flest þessara skálda ljóðskáld. En nú er óðfluga að koma fram á sjónarsviðið söguskáldskapurinn og leikritaskáldskapurinn; og það sem fram er komið er ekki að eins efnilegt, heldur margt hvað gott og gildismikið. Listhæfi þjóðarinnar hefir einnig komið fram í málaralistinni, og síðast en ekki síst í myndsmíðalistinni. Þar má nefna afbragðsmanninn Albert Thorvaldsen. Það má fullyrða, að listgáfa hans var ættuð héðan, því að af íslenzku bergi var hann brotinn. Ef Einar Jónsson ætti eftir að kasta slíkum ljóma yfir þjóð sína, slíkum ljóma, sem Thorvaldsen hefir kastað yfir það land, sem hefir eignað sér hann, þá mundu niðjar vorir hugsa með gremju til okkar, að láta slíkan mann lifa við sult og seyru. Þessi maður hefir kosið sér þá lífsstöðu, sem eg tel hina göfugustu, að fórna ávexti iðju sinnar sinni þjóð. Hann helgar líf sitt listinni og list sína þjóðinni. Hverjar skyldur höfum við gagnvart slíkum manni? Við hljótum að hafa miklar skyldur gagnvart honum úr því að það er nú orðið vitanlegt og víst, að hann *er* listamaður. Þó að hann sé ungur, hafa verk hans þegar mikið listgildi og hafa fengið góðan dóm listfróðra manna. Og við vitum ekki, hver listaverk eiga eftir að koma frá hans hendi. Eg hefði gjarnan viljað stinga upp á 2500—3000 kr. styrk til þessa manns. En eg vildi ekki fara svo hátt, með tilliti til þeirrar stefnu, sem nefndin hefir fylgt í fjármálunum, auðvitað út frá þeirri hyggilegu skoðun, að sparlega verður að fara með landsins fé. Því hefi eg ekki farið fram á hærri styrk en 2000 kr., en eg vona, að bæði nefndin og aðrir háttv. deildarm. samþykki þann styrk með ánægju.

Viðvíkjandi skáldunum verð eg að lýsa því yfir, að eg vil halda þeim styrkveitingum óbreyttum, sem neðri deild hefir ákveðið þeim, þrátt fyrir það, að eg er að öðru leyti mjög fylgjandi sparnaðarstefnu hinnar háttv. nefndar. Mér er sárt um skáldin,

Ávextir þeirra verka gróa í hvers manns brjósti, þó að þeir dyljist einatt, þegar fljótt er á litið. Þær hugsjónir, sem skáldin ala upp í brjóstum manna, eru svo mikils virði fyrir þjóðina, svo heilladrjúgar og blessunarríkar, að eg verð að telja það skyldu okkar að gera hið ítrasta til þess, að okkar góðu skáld geti notið sín sem bezt, til heilla og gleði fyrir þjóðina. — Þess vegna mun eg greiða atkv. með styrkveitingunum, eins og þær komu frá neðri deild, en móti niðurfærslum háttv. nefndar.

Þá kem eg að 2. br.tillögunni, sem mér er ant um, en sú tillaga er viðaukatill. við 18. gr., og er þar borin fram sú ósk, að síra Einari Þórðarsyni á Bakka í Borgarfirði eystra séu veittar 500 kr. af landsjóði hvort ár fjárhags tímabilsins. Svo stendur á fyrir þessum manni, að hann er veikur og ekki vanþörf á styrk, ef honum verður lífs auðið. Maðurinn er ágætismaður að allra dómi sem hann þekkja. Sveitarhöfðingi og fremdarþingmaður var hann, og öllum, sem með honum hafa verið og starfað, að góðu einu kunnur. En hin grimma veiki, berklaveikin, hefir tekið hann því heljartaki, að hann hefir orðið að láta af prestskap og öðrum störfum til þjóðþrifa, og eyða mestu af efnum sínum sér til heilsubótar. Auk þess hefir hann orðið fyrir barnamissi og öðrum þungum áföllum. Nú mun vera farið að saxast mjög á efni hans og eftirlaun hans eru lítil, svo eg held að mikil sanngirni mæli með því, að honum sé veittur þessi styrkur.

Þá kem eg að br.till. við 22. gr. 10. Mér finst sá liður eiga að falla burt með öllu. Þar hefir sýslumönnum jafnan vegnað vel, og aldrei orðið skotaskuld úr því, að koma sér niður, þó þar sé að vísu engin föst embættisbygging. En með því að veita þetta, álít eg að dyr séu opnaðar hverjum sýslumanni, lækni og öðrum embættismönnum, sem vilja reisa sér bústað þar sem þeir óska, án nokkurrar tryggingar fyrir því, að þar verði framvegis embættisbústaður. Mér er ef til vill vorkunn, þó eg sé á móti þessu, því það hefir löngum verið hlutskifti okkar presta, að reisa sjálfir bústaði okkar og skilja þá svo eftir þegar vér flytjum. Maður sá sem hér er um að ræða, Björgvin sýslumaður, er í góðri embættisstöðu og ætti því ekki að vera vorkunn, að koma sér upp embættisbústað, en eg sé ekki að það sé rétt, að koma slíkri skyldu á landsjóð.

Þá kem eg að br.till. við 22. gr., sem er um það, að lána Jóhannesi J. Reykdal í Hafnarfirði alt að 5000 kr. til að endurbyggja verksmiðju sína. Þessi verksmiðja er hin fyrsta trésmíðaverksmiðja, sem reist hefir verið hér á landi. Jóhannes fékk þá lán, sem sýslan annaðist fyrir hann, gegn því að fá verksmiðjuna að veði. Fyrst um sinn gengur alt vel og maðurinn rekur verksmiðjuna með hyggindum og dugnaði í nokkur ár. En svo kemur það fyrir, að eftir að hann hafði borgað 2% af virðingarverði verksmiðjunnar í brunabótagjald í mörg ár, fær hann uppsögn á vátryggingunni. Trésmíðaverksmiðjur, sem bygðar eru úr timbri, fást ekki lengur vátrygðar utanlands, svo nú eru ekki önnur úrræði fyrir manninn, en að byggja verksmiðjuna úr steinsteypu, og það hefir hann þegar gert, en með því að slík bygging kostar mikið, þá hefir hann nú beðið mig að koma á framfæri fyrir sig beiðni um viðbótarlán, alt að 5000 kr. Eg veit að vísu ekki hvað mikið hann þarf af þessu, en eg get hugsað mér, að hann þurfi ekki alla upphæðina, því ef til vill hefir hann með útsjón og hyggindum komið húsinu upp fyrir minna, en þá er það af fénu eftir í landssjóði, sem hann ekki tekur Eg vona því að

háttv. þingdm. amist ekki við lánveitingu þessari.

Háttv. 6. kgk. þm. mintist á ungmennafélögin í sambandi við stefnuskrár, þeirra, sem aðallega er fólgin í því að æfa líkama sinn og í öðru lagi í því að útbreiða skógræktun í landinu, »klæða landið«. Eg er samdóma háttv. 6. kgk. í því, að eg álít að félög þessi beri að skoða sem hreyfing, sem eigi að vinna að vakningu þjóðarinnar til þjóðrækni og hollra framfara, andlegra og líkamlegra, en eg veit líka að sumum þessara félaga að minsta kosti, er alvara í því, að vilja rækta skóg, og því til sönnunar get eg bent á, að eg hefi nýlega fengið beiðni frá ungmennafélaginu í Hafnarfirði um blett, þar sem er melland og skjól gott, til þess að rækta þar nýgræðing. Það er því auðséð, að þessari deild ungmennafélagsins er alvara; leiðtogi hennar er auðvitað Helgi Valtýsson, sem er, eins og kunnugt er, mjög áhugasamur og duglegur maður, og eg býst við að hann leiði þessa tilraun. Auðvitað var mér ljúft að stuðla að því að þeir gætu fengið landið léð. Mér þykir því vænt um að hin sparsama fjárlaganefnd efri deildar hefir ekki lækkað fjárveitinguna til ungmennafélaganna meir en hún hefir gert.

Júlíus Havsteen: Eg hefi engar br.tillögur fram að bera, því eg álít að álit nefndarinnar sé svo gott, að engin ástæða sé til að gera neinar verulegar breytingar við það; þó get eg ekki komist hjá að gera tvær lítilsháttar athugasemdir, sem hvor fyrir sig ræðir um 300 kr. Eg á í fyrsta lagi við þann lið á fjárlögunum, þar sem veittar eru 3000 kr. til launa við bændaskólann á Hvanneyri. Það er tekið fram í frumv. eins og það kom frá Nd., að 300 kr. af þessum 3000 kr. eigi að vera launaviðbót handa Hirti Snorrasyni, fyrrum skólastjóra þar; en mér heyrðist á orðum háttv. framsögumanns, að það væri skoðun hans, að Hjörtur ætti þessa launaviðbót ekki skilið. En að mínu áliti er hér sannarlega öðru nær. Eg get vel borið um þetta, því Hjörtur Snorrason kom einmitt að Hvanneyrarskólanum um leið og eg varð amtmaður yfir Suður- og Vesturamtinu og tók sem slíkur við yfirstjórn skólans þar. Mér er kunnugt um að skóli þessi var þá í mesta ólagi, og að það var engum að þakka fremur en Hirti, að hann komst úr niðurlægingunni. Hann hafði gert sér vonir um að taka við bændaskólanum, en það var mest vegna þess að hann skorti fé, að hann eigi gerði það. En eg ímynda mér, að vandfundinn verði duglegri maður og ötulli en Hjörtur. Eg verð því að leyfa mér að leggja til að þessi tillaga fjárlaganefndarinnar verði feld.

Hin athugasemd mín er við 16. gr. 28, sem er um 300 kr. styrk árlega til tveggja íslenzkra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn. Eg held að hér hafi komist að einhver misskilningur hjá hinni háttv. nefnd; það er eins og henni skiljist svo, sem fé þetta sé veitt »Kunstflidsforeningen«, en svo er alls ekki. »Kunstflidsforeningen« hefir fremur kostnað en ágóða af þessari ókeypis kenslu. Styrkurinn er veittur stúlkunum til þess að gera þeim hægra fyrir að dvelja í Kaupmannahöfn, og það vita allir að 150 kr. er ekki mikið til að lifa af þar í langan tíma. Mér er kunnugt um, að styrkur þessi hefir sem oftast verið notaður, og ef hann er ekki notaður, þá er honum heldur ekki eytt úr landsjóðnum. Mér finst það því undarlegra að vilja ekki veita þessa litlu fjárupphæð nú, þar sem eg veit að hún hefir staðið á fjárlögunum um nokkurra ára tíma undanfarið og jafnan verið notuð. Hvað það snertir, hvort verulegt gagn sé að

þessu námi, þá má þó að minsta kosti segja með sanni, að gott sé fyrir mann að sjá annað land en sitt eigið og kynnast því, en þessutan veit eg fyrir víst, að þarna er einmitt um óvenjulega góða kenslu og handleiðslu að ræða. Eg vil því mæla sem bezt með því, að þessi liður fái að standa á fjárlögunum eftirleiðis eins og hingað til.

Háttv. síðasti ræðumaður talaði á móti því að veita Björgvin Vigfússyni sýslumanni lán til þess að koma sér upp embættisbústað. Það hefir þó verið siður, að veita embættismönnum lán til þess, og að minu áliti hefir þetta sérstaklega þýðingu í Rangárvallasýslu, því þar hefir lengi verið svo, að sýslumenn hafa ekki haft neitt fast embættisaðsetur, heldur hafa þeir búið hingað og þangað. En fái nú Björgvin komið upp góðri byggingu á heppilegum stað, þá má gera ráð fyrir að það verði til þess, að þar verði sýslumannssetrið eftirleiðis. Og eg get sízt skilið hversvegna háttv. 2. þm. G. K. er þessu mótfallinn, því mig minnir ekki betur, en að hann einu sinni fengi lán til þess að koma upp bústað sínum, enda er slíkt alltítt.

Steingrímur Jónsson: Eg vil leyfa mér að tala um nokkrar af br.-tillögum þeim, sem fram hafa komið við frv., og skal eg byrja á hinni 31. br.till. nefndarinnar, sem er um það, að á eftir staflið c í 14. gr. B, VIII. b, 5, komi nýr stafliður svohljóðandi: »Til ungmennaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði 2500—2500«. Hér ímynda eg mér að af vangá hafi fallið burt, að þetta sé með sömu skilyrðum og ákveðið er um aðra ungmennaskóla, og eg vona að leiðrétting á þessu komist inn við 3. umr.

Þá kem eg að br.till. við 14. gr. B. VIII. c, þar sem farið er fram á, að tillagið úr sveitarsjóði eða annarsstaðar frá til unglingaskóla þurfi eigi að vera meir en hálfum landssjóðsstyrknum nemur. Eg get ekki verið samþykkur þessari br.till. og það af þeirri ástæðu, að eg álít rétt að skólarnir verði að hafa dálítið fyrir því sjálfir að komast á legg. Eg tel nægilegt að landsjóður veiti helming þess sem kæmi annarstaðar að.

Þá kem eg að 42. brt. nefndarinnar, sem er um það, að færa niður styrkinn til Guðmundar skálds Magnússonar úr 800 kr. í 600 kr. hvort árið; þessa breytingu get eg ekki samþykt með háttv. meiri hluta nefndarinnar. Eins og kunnugt er, leggur þessi ungi og efnilegi maður mikið á sig við ritstörf sín og hefir þegar lagt talsverðan skerf til bókmenta vorra; og mér er kunnugt um, að honum mun þörf á styrk ekki síður en mörgum öðrum, enda verðskuldar hann, að minni hyggju, 800 kr. styrk.

Í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að minnast á, að eg sakna nafns eins manns meðal nafna þeirra manna, sem styrks njóta úr landsjóði til skáldlegra iðkana, og þessi maður er Jóhann skáld Sigurjónsson. Eg ímynda mér að flestir hinna háttv. þingdeildarmanna hafi séð leikið hið nýja leikrit hans »Bóndinn á Hrauni« og séu mér sammála um það, að höfundur þess eigi það skilið, að honum sé gaumur gefinn. Jóhann Sigurjónsson hefir dvalið lengi erlendis og lagt mikla stund á leikritagerð og gefið út leikrit á dönsku áður, sem hann hlaut almenna viðurkenningu fyrir. Eg get þess um leið, að eg tel líkegt að eg styðji að því að koma inn br.tillögu um þetta við 3. umræðu.

Viðvíkjandi br.till. á þgskj. 499 hefi eg það að segja, að mér er kunnugt um að leikfélagið á Akureyri hefir starfað í mörg ár og er þess vert, að það sé styrkt á móts við önnur leikfélög (leikfélagið í Reykjavík).

Þá kem eg að 45. br.till. nefndarinnar, sem er þess efnis, að styrkurinn til

Jóns ritstjóra Ólafssonar til þess að semja íslenzka orðabók sé færður niður í 960 kr. úr 1500 kr. Þessi styrkur er bundinn við 60 kr. fyrir hverja örk prentaða, sem er alls ekki of mikið; en mér finst augljóst, að ef maðurinn getur afkastað meiru en þessum 960 kr. svarar eða 16 örkum, þá eigi hann auðvitað meira skilið. Eg hefði í minsta lagi getað látið mér nægja 1200 kr., en 960 kr. þykir mér alt of lítið.

Þá er 55. br.till. nefndarinnar, sem er þess efnis, að styrkurinn til húsmæðrakenslu á Eiðum falli burt. Mér þótti mjög vænt um þegar neðri deild tók upp þessa breytingu á fjárlögunum, af því að mér þætti gott ef slík kensla gæti sem fyrst byrjað á Austurlandi. Á Norðurlandi er þesskonar kensla þegar komin á. Þessi styrkveiting virðist því fremur réttmæt, sem beiðni hefir komið frá skólastjórninni á Eiðum um þetta, enda má ganga út frá því, að hér sé um gagnlegt fyrirtæki að ræða.

Á þingskjali 493 er tekin upp tillaga fráfarandi stjórnar um að veita 2700 kr. til aðstoðarverkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagning austur. Á þinginu 1907 voru veittar 16500 kr. til þessara rannsókna en varið til rannsóknanna verki sem mundi hafa kostað oss 30—40 þús. kr., og get eg því ekki betur séð, en það sé sjálfsagt, að þingið nú veiti þennan styrk til þess að fullkomna verkið og það án tillits til þess, hvort þingdeildarmenn álíta, að líklegt sé að járnbraut verði lögð austur eða ekki, því það er harla óviðkunnanlegt, að hætta svo við hálfunnið verk, enda er hér ekki farið fram á meira fé en svo, þar sem eru aðeins 2700 kr., að eg álít algerlega rangt, að fella fjárveitinguna burt og draga málið vegna þessara lítilfjörlegu útláta.

71. br.till. nefndarinnar er sú, að færa lánveitingu úr viðlagasjóði til Björgvins sýslumanns Vigfússonar niður úr 12000 kr. í 4000 kr. Þessu get eg verið samþykkur. En aftur á móti er eg því mótfallinn, sem lagt er til á þgskj. 507, að fella lánveitingu þessa burt, því eg álít að þessi sýslumaður eigi rétt á slíkri lánveitingu, til jafns við aðra sýslumenn og embættismenn, sem þess verða aðnjótandi. Það hafa meira að segja margir sýslumenn fengið samskonar lán, án þess að sækja um þau til alþingis, því það er gömul venja, og ef til vill konungsbréf fyrir því, að stjórnin megi veita slík lán úr viðlagasjóði. Mér er einnig kunnugt um að læknar hafa fengið samskonar lán hjá stjórninni. Eg tel því þennan sýslumann fullkomlega hafa rétt til þessa láns. Á sama þgskj. (507) er farið fram á 500 kr. hvort árið til sira Einars Þórðarsonar. Eg er þessu fullkoml. samþykkur og greiði atkvæði með því og skírskota, að því er þetta snertir, til þess sem háttv. 2. þm. G. K. sagði þessu viðvíkjandi. Þessi fjárveiting er að mínu áliti rétt og sanngjörn og á betur við hér en víða annarsstaðar.

Á þgskj. 499 er farið fram á 300 kr. hvort árið til grasfræðisgarðs í Reykjavík; eg er því fylgjandi og álít nauðsynlegt að koma hér upp þess konar garði. Það ber ekki allsjaldan við hér í deildinni, að svo er kveðið að orði, að eitt og annað sé sjálfstæðisvottur, en það má segja hér ekki hvað sízt. Það er mikil þörf á þess konar garði til þess að menn geti með sínum eigin augum séð »flóru« þessa lands. Eg get ekki dæmt um hve mikið fé muni þurfa til slíks fyrirtækis, en af því að hv. 6. kgk. þm. ber tillöguna fram, þá efast eg ekki um að 300 kr. séu þó svo mikið, að nokkurt gagn geti orðið af því.

Eg skal geta þess út af 39. br.till. nefndarinnar, þar sem hún leggur til að fella burt styrkinn til að semja rit um þjóðréttarstöðu Íslands, að eg er sam-

þykkur þeirri tillögu, en eg er aftur á móti mótfallinn tillögunni á þgskj. 516 um að veita styrkinn en fella burt ákvæðið um að þingið skipi nefnd til þess að annast þjóðréttarsöguna. Þessi liður yrði engu aðgengilegri fyrir það, þó nefndin félli burt; þá yrði fjárveitingin hreinn stjórnarbitlingur. Það ætti miklu betur við, að veita laun fyrir rit þetta þegar það væri búið, og þá altaf hægt að veita þeim fé, sem álitið er að bezt verkið hafi samið. En eg álít ekki eiga við, að setja þessa þriggja manna nefnd fyrirfram, og er þessvegna með því að að fella það ákvæði burt.

Á þgskj. 496 er farið fram á lán til barnaskólabygginga þar, sem eigi verður komist hjá að byggja samkvæmt fræðslulögunum. Eg hélt því fram á þinginu 1907, að það væri nauðsynlegt og jafnvel skylt þinginu, að veita þessi lán; en því var þá andæft og felt vegna þess að þá væri eigi fé fyrir hendi. Það má nú ef til vill segja svo enn, þó eg fyrir mitt leyti áliti, að það komi ekki til mála, að neita um slika fjárveitingu vegna fjárskorts, eftir því sem fjárlögin nú líta út, og það ætti að standa ofar mörgu sem á þeim stendur. Því það er áreiðanlegt, að með fræðslulögunum voru lagðar þungar kvaðir á hreppstjórnirnar; en það er að vísu rétt, að hlutaðeigendur kosti nokkru til þessa máls.

Eg hefi talið saman lánsheimildirnar og eru þær 265500 kr. að upphæð, fyrir utan ábyrgðina fyrir heilsuhælið. Hér við bætast svo ef til vill 30000 kr. til Hafnarfjarðar og 5000 kr. lánveiting til Jóhannesar Reykdals, en bæði er það, að búast má við að sumar lánsheimildirnar verði ekki notaðar — skilyrði ekki uppfylt — og í annan stað ber og þess að gæta, að sparist jafnmikið og gert er ráð fyrir af meiri hluta fjárlaganefndarinnar, þá hlýtur að verða mikill tekjuafgangur á næsta fjárhagstímabili. Það eru því allar líkur til að veita lán þau sem farið er fram á á þgskj. 496, og eg álít að þau geti komið að svo miklu gagni, að eg vilji eindregið ráða deildinni til þess að samþykkja tillöguna.

Þá er eg því mótfallinn að hækka styrkinn til Einars Jónssonar myndasmiðs úr 1200 kr. upp í 2000 kr. á ári — ekki af því, að eg vilji ekki styrkja þennan efnilega og fátæka listamann, heldur af því, að eg tel það ekki heppilegt, hvorki fyrir hann sjálfan né okkur Íslendinga, að styrkurinn sé svo hár, að hann þurfi lítið eða ekkert að berjast fyrir lífinu, — það er við búið að það myndi draga úr starfsþreki hans.

Háttv. 1. kgk. þm. fann að því, að nefndin leggur til, að fjárveitingin til kennaralauna við Hvanneyrarskólann verði færð niður um 300 kr. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, þá eru þessar 300 kr. ætlaðar kennara, sem hættur er að kenna, en ef svo er, þá virðist engin ástæða til þess að hækka laun hans, hvað miklum hæfileikum sem hann annars kann að vera gæddur, því að þeir koma þá skólanum að litlu gagni.

Jens Pálsson: Út af breyt.till. minni um að fella burt heimildina til þess að veita Björgvin sýslumanni Vigfússyni lán til þess að koma sér upp embættisbústað, skal eg geta þess, að mér er sú tillaga ekkert kappsmál. En eg get ómögulega skilið, að slíkir sveitarhöfðingjar séu í þeim vandræðum, að knýjandi ástæður séu til að hlaupa undir bagga með þeim á þennan hátt. Eg hefi séð manninn og lítur hann út fyrir að vera »þéttur á velli« o. s. frv., og líklegur til þess að geta bjargað sér. Það er heldur ekki venja hér á landi, að sýslumannsembættum fylgi bústaður, og þá

sjaldan það hefir fyrir komið að slíkum mönnum hefir verið veittur styrkur eða lán til þess að koma sér upp bústað, hafa þeir alt af átt heima í kaupstað, en ekki í sveit. Háttv. 1. kgk. þm. sagði, að mér færist ekki að leggja á móti þessari lánveitingu, þar sem eg sjálfur hefði fengið lán til þess að koma mér upp bústað. En eg vildi spyrja með hvaða kjörum? Það var alment prestakallalán, og kjörin sem prestar landsins eiga við að búa, ef þeir þurfa að fá sér lán til húsbyggingar, eru þau, að verða að byggja meira og minna vegleg hús, borga að fullu höfuðstól og vexti af launum sínum, og gefa svo landinu beinlínis húsin á eftir, og það í gildu standi eða með fullu álagi. Þetta eru engin kostakjör, enda þótt prestastéttin hafi hingað til orðið að gera sér þau að góðu.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. kgk. þm. tók fram um hækkun á styrknum til Einars myndasmiðs Jónssonar, verð eg að andmæla því, að tillaga mín fari fram á svo háan styrk, að nokkrar líkur séu til að hann myndi draga úr starfsþreki hans, eða lina hann í lífsbaráttunni. Styrkurinn er nauðalítill þegar þess er gætt, við hvílíka erfiðleika og fátækt maður þessi hefir átt að stríða um mörg ár. Hann þarf ekki að hafa safnað miklum skuldum til þess að hann eigi full örðugt uppdráttar þrátt fyrir þessar 2000 kr. Auk þess má og geta þess, að honum hafa brugðist vonir, að minsta kosti að því er Ingólfslíkneskið snertir. Listamensku hans er miklu meiri hætta búin af því, ef styrkurinn verður hafður svo lítill, að hann muni svo sem ekkert um hann, enda held eg hann sé ekki ofalinn, þótt hann fái jafnmikla upphæð sem lægstu adjunktar eða aðrir þeir embættismenn, sem verst eru launaðir. Sé upphæðin höfð mjög lág, má búast við að styrkurinn yrði honum til gremju, og hefði þá alveg gagnstæð áhrif á hann og starf hans, við það sem til er ætlast.

Eiríkur Briem: Sökum þess hve framorðið er orðið, skal eg að eins gera stutta athugasemd viðvíkjandi orðabókarstyrknum til Jóns Ólafssonar. Háttv. framsögumaður sagði, að hér væri um svo stórt verk að ræða, að vafasamt væri, hvort honum entist aldur til að ljúka við það, en í því sambandi vil eg benda á, að verkið getur komið að gagni þó svo fari, að hann geti ekki lokið því. Svo var til dæmis um orðabók Konráðs Gíslasonar; á því verki hafði annar maður byrjað, og tók svo Konráð við, er hans misti við, og hafði gagn af því sem hinn hafði gjört. Að öðru leyti sé eg ekki annað en það sé hættulaust, að láta fjárveitinguna standa ólækkaða, þar sem borgunin er bundin við arkatal. Eg hefi sjálfur séð verkið og leizt mér vel á það, en það er auðvitað ekki mikið að marka, því að eg hefi ekki vit á slíku, en menn, er skyn bera á slíka hluti, ljúka á það lofsorði.

Það var ýmislegt fleira, sem eg hefði viljað minnast á, en sem eg þó sleppi sakir þess, hve tíminn er orðinn naumur.

Kristinn Daníelsson: Eg þakka háttv. 4. kgk. þm. fyrir hve vel hann tók í tillögu mína um lán til hreppsfélaga til barnaskólabygginga, en á hinu undraði mig, hve kuldalega hann talaði um unglingaskólana. Hann vill láta sveitar- og sýslufélögin styrkja þá, en þau eru fremur treg til þess, enda ber og þess að gæta, að útgjaldabyrðar þær, sem á þeim hvíla, hafa aukist stórkostlega hin síðari árin. Eg hefi borið tillögu mína undir fræðslumálastjórann og er hann mér fyllilega samdóma í þessu efni. Annars vildi eg leyfa mér að benda á, að tillagan er meinlaus, því að ef sveitarfélögin leggja fram mikið fé, þá tryggir hámarkið, 750 kr., að ekki gangi alt of

mikið til einstakra skóla, og í annan stað á að jafna styrknum niður á hina einstöku skóla, eftir því hve mikið er gert á hverjum stað, svo að úthlutun styrksins verður alveg jafnréttlát, þótt tillaga mín nái fram að ganga. Fyrir mér vakir aðallega sá skóli, sem eg þekki bezt. Var eg í fyrstu að hugsa um að koma fram með sjálfstæða tillögu um styrk til hans, en bæði var það, að eg var hræddur um, að hún fengi lítinn byr í þinginu, og jafnframt hélt eg að bæta mætti einnig úr þörfum hans með því að fara þá leiðina, er tillaga mín fer fram á. Eg vona því að deildin, að öllu þessu athuguðu, fallist á br.till. mína.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg býst við að það þyki viðkunnanlegra, að framsögumaðurinn segi nokkur orð um breytingartillögur þær, er fram hafa komið frá öðrum en nefndinni, en stuttorður skal eg vera. Vík eg þá fyrst að breytingartillögu háttv. 3. kgk. þm á þgskj. 493, um 2700 kr. fjárveiting handa verkfræðingi til mælinga viðvíkjandi þessari margumtöluðu járnbraut austur. Nefndin er tillögu þessari mótfallin, því að hún fær ekki séð, að hér sé um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að það geti ekki beðið öllum að skaðlausu. Í mínum augum stendur þessi járnbrautarlagning í sambandi við framtíðardrauma, sem geta komið fram í ófyrirsjáanlegri framtíð, en engar líkur eru til að rætist á næstu áratugum, eg á við Flóaáveituna Járnbrautin er mikið mannvirki — kostar að minsta kosti 700—800 þús. kr. Það fyrirtæki er svo kostnaðarsamt, að í það verður ekki ráðist, nema fjárhagur landsjóðs sé miklu betri en hann er nú, enda er mér ekki ljós sá bráði gróði, sem af þessari braut hlytist. Eg er að vísu ókunnugur á þessum stöðvum, en hefi þó farið um sveitirnar þar eystra, og skal eg kannast við að þar er gras-lendi mikið, en það er ekki meira en $^1/_{50}$ hluti þess, sem mannshönd hefir verið lögð að. Það verður því að verða mikil breyting á atvinnubrögðum manna þar eystra, ætti járbrautin að geta borgað sig, og að byrja á því fyrirtæki nú, væri hrein og bein fjárshagsleg vitleysa. Hvað því viðvíkur, að búið sé að vinna mikið verk, þá er það að vísu satt, en á síðasta þingi var gert ráð fyrir, að fé það, er þá var veitt, nægði til þess að ljúka að öllu leyti við rannsóknir þessar og mælingar, og þó nú farið fram á nýja fjárveiting. Maður getur því vel búist við, að til næsta þings komi ný fjárbæn af sama tagi, og svo koll af kolli. Fyrir því telur nefndin bezt að láta nú þegar staðar numið, enda verður það verk, sem þegar er unnið, ekki ónýtt, þótt neitað sé um þessa fjárveiting.

Þá er breytingartillaga á þgskj. 494 frá háttv. þm. Skagfirðinga um 400 kr. fjárveiting til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju. Flutningsmaðurinn rakti vel og greinilega gang málsins, sem hans var von og vísa, en hann sannfærði mig ekki. Þetta er vafasamt atriði, svo vafasamt, að stjórnin hefir ekki séð sér fært að taka fjárveitinguna upp á frv. sitt. Eg álít að bezt sé að láta stjórnina skera úr hvað sé rétt í þessu máli, hún hefir miklu betri tök á að rannsaka alla málavöxtu. Verði málið fast sótt, og stjórnin telji þetta sanngirniskröfu, efast eg ekki um að hún muni fara fram á við næsta þing að veita þessa fjárupphæð, og fæ eg ekki betur séð en að málið þoli vel þessa bið.

Þá kem eg að breytingartillögunni á þgskj 496, um styrkinn til unglingaskólanna, að í stað þess sem heimtað er í frv., að sveitarfélögin leggi fram jafnmikla upphæð sem landsjóðsstyrkurinn nemur, þá verði þess að eins krafist, að þau leggi fram helming á móts við landsjóðsstyrkinn. Tillaga þessi var at-

huguð í nefndinni, en þar fór engin atkvæðagreiðsla fram, svo að eg tala hér að eins fyrir mína hönd, en ekki nefndarinnar. Eg lít hér um bil sömu augum á málið sem flutningsmaður, háttv. þm. V.-Ísf. Eg lít svo á, sem þessir skólar séu þýðingarmestu liðirnir í allri okkar alþýðufræðslu. Skólafræðsla kemur unglingum að miklu meira haldi en börnum fyrir innan fermingu. Fyrir því kysi eg helzt að landsjóður að eins styrkti unglingaskólana, en léti barnaskólana bjarga sér sem bezt þeir geta.

Þá kem eg að þeirri breytingartillögu við 15. gr., sem fer fram á að veita Sighvati Borgfirðing 200 kr. styrk, til þess að hann geti kynt sér handrit á landsbókasafninu. Nefndin er þessum styrk mótfallin, eins og háttv. þm. V.-Ísf., er flytur tillöguna, er kunnugt. Maður þessi nýtur þegar styrks af opinberu fé, hann fær víst 350 kr. á ári fyrir það, að hann hefir »testamenterað« landsbókasafninu handrit sín, og sá styrkur dregur hann nokkuð, því að mér er það kunnugt, að hann gerir ekki miklar kröfur til lífsins, og þótt maður þessi sé alls góðs maklegur fyrir ritstörf sín, leggur þó nefndin til að fjárbeiðninni verði neitað að þessu sinni. Það er sagt að hér sé að eins um örlitla fjárupphæð að ræða, en sama má segja um fleira, og safnast þegar saman kemur.

Þá eru nokkrar breyt.till. frá háttv. þm. G.-K. á þgskj. 507. Sú fyrsta fer fram á að hækka styrkinn til Einars Jónssonar listamanns. Nefndin vildi láta hann halda þeim styrk, sem samþyktur var í Nd., en fella athugasemdina burtu, af því henni fanst óviðeigandi að setja honum neinar reglur um hvernig hann ætti að verja styrknum. Hins vegar er nefndin háttv. flutningsm. samdóma um það, að Einar sé áreiðanlega svo mikið listamannsefni, að vert sé að styrkja hann ríflega. Að vísu er eg ekki fær um að dæma um listaverk, en þó verð eg að segja, að mér finst verk Einars hafa mikið til síns ágætis, einkum lýsir sér í þeim þjóðleg stefna sem eg kann vel við. Um framtíð hans sem listamanns er auðvitað ekkert hægt að segja. En það á bæði við listamenn og skáld, að viðurkenningin getur komið þegar minst vonum varir. — 2. breyt.till. á þgskj. 507 fer fram á 500 kr. árlegan styrk til síra Einars Þórðarsonar. Eg játa það, að hann er alls góðs maklegur og á bágt núna, en eg óttast að þessi fjárveiting mundi draga þann dilk á eftir sér, að styrkbeiðnir færu að streyma inn til landsjóðs frá veikum prestum, og þann sið vil eg helzt ekki innleiða. Eg álít að síra Einar eigi þennan styrk í sjálfu sér fullkomlega skilinn, en eg vil forðast fordæmið, og get því ekki greitt honum atkvæði. — Þá er breyt.till. á sama þgskj. um að fella burtu lánsheimildina til Björgvins sýslumanns Vigfússonar. Nefndin vildi lækka lánið, en var ekki á því að fella það alveg burtu. Að því er mig snertir persónulega þá hefi eg mesta löngun til að greiða atkvæði með því að fella heimildina algjörlega burtu. Ef þetta lán væri veitt, gæti vel farið svo, að lánsbeiðnir færu að streyma inn frá öðrum sýslumönnum. Auk þess er engin trygging fyrir því, þó þessi sýslumaður byggi, að eftirkomandi hans vilji nýta húsið. Þetta hefir einmitt sést í Rangárvallasýslu. Fyrir nokkrum árum bygði þáverandi sýslumaður reisulegan bæ, en eftirkomandi hans vildi alls ekki nota hann. Það er því engin trygging fyrir því, að föstu sýslumannssetri verði komið upp þar, þó landsjóður veiti núverandi sýslumanni styrk til að byggja. Mér finst lánsheimildin því talsvert varhugaverð. Auk þess verð eg að segja, að mér finst sýslumönnum ætti ekki að vera það ofverk, með ekki verri launum

en þeir hafa, að koma sér upp bústað án landsjóðslána. Þetta hafa margir bændur og prestar gert. Eg get fremur verið með lánsheimildinni til Jóhannesar Reykdals, sem farið er fram á í síðustu breyt.till. á þgskj. 507. Eg vil virða það, þegar menn sýna dugnað og fara vel með efni sín. Það hefir þessi maður gert, að því er kunnugir menn segja, og honum er nauðsyn að fá lánið til að hann geti haldið áfram atvinnu sinni. Eg mun því greiða atkvæði með þessari tillögu.

Þá er viðaukatill. á þgskj. 495 frá háttv. þm. Skagfirðinga um styrk til Hólasóknarmanna til að standast kostn að við kirkjugarðsbyggingu. Nefndin er þessum styrk meðmælt. Ástæður fyrir því þarf ekki að taka fram; það hefir flutningsm. gert vel og greinilega, og hefi eg engu við það að bæta.

Þá eru breyt.till. á þgskj. 499 frá háttv. 6. kgk. þm. Sú fyrri er við 15. gr. 28. tölul., og fer fram á 200 kr. styrk hvort árið til Leikfélags Akureyrar. Hann færði rök fyrir styrknum, og eg skal ekki mótmæla þeim, en eg vil láta hann vita það, að verði þessi styrkur samþyktur, þá dregur hann þann dilk á eftir sér, að eg sæki um sama styrk til leikfélagsins á Ísafirði. Þar er líka stór salur og leiksvið í Goodtemplarahúsinu. Það væri greinilegt óréttlæti, ef þessum tveim félögum væri gert mishátt undir höfði. Á sama þgskj. er breyt.till. við 15. gr. 38. tölul., er fer fram á styrk til grasfræðisgarðs í Reykjavík, 300 kr. hvort árið. Eg verð að segja, að eg sé hér litinn litlafingur, sem eg er hræddur um að með tímanum geti orðið að ákaflega þurftarfrekum skrokk. Styrkurinn er að vísu ekki hár, en hann getur hækkað mjög. Eftir nokkur ár verður hann ekki 300 kr., heldur 3000 kr. Hins vegar játa eg, að slíkar stofnanir hafa vísindalega þýðingu, og þær eru til í öðrum löndum, en þar kosta þær líka of fjár. Mér dettur í hug í þessu sambandi styrkveitingin til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna. Í stjórnarfrv. voru honum ætlaðar 1200 kr., en Nd. hækkaði það upp í 1500 kr. Eg hefi enga skýrslu séð frá þessum manni um rannsóknir hans á síðasta fjárhagstímabili, og finst mér það þó mikilsvert, að menn sem njóta slíks styrks gefi út skýrslur um rannsóknir sínar. Það hefir t. d. Bjarni adjunkt Sæmundsson gert. Eg hefi með mestu ánægju lesið skýrslur hans um fiskirannsóknir sínar. Auk þess er þessi fjárveiting til Helga Jónssonar, að mínu áliti, ekki ein af allra nauðsynlegustu fjárveitingunum. Rannsóknir hans hafa auðvitað vísindalega þýðingu, en hins vegar enga verulega praktiska þýðingu fyrir landbúnað vorn. Mér finst það ekkert óviðeigandi, að honum sé sett það skilyrði, um leið og styrkurinn til hans er hækkaður, að hann taki að sér að sjá um þennan grasgarð hér. Hann er vel hæfur til þess og hefir áhuga á málinu. Meirihl. nefndarinnar var á móti þessum grasgarðsstyrk, og eg verð að halda afstöðu minni í því óbreyttri.

1. kgk. þm. vék að því, að hann gæti ekki verið með því að nema burtu 300 kr. launahækkunina til Hjartar Snorrasonar, sem Nd. setti inn í frumvarpið, en nefndin hér í deildinni vildi fella. Eg mintist ekkert á kennarahæfileika þessa manns; það getur verið að hann hafi þá mikla, en hitt er víst, að hæfileikar hans koma ekki skólanum að gagni, þar sem hann er hættur að kenna og hefir fengið annan mann í sinn stað til þess, og mér þykir óviðkunnanlegt að hækka laun þeirra manna, sem eru hættir að vinna. Það væri réttara að kalla þetta eftirlaun en launahækkun. Maður veit ekkert um, hve-

nær hann fer að kenna aftur, eða hvort hann gerir það nokkurn tíma. Eg mun greiða atkvæði móti launahækkuninni og hygg, að öll nefndin sé á sama máli og eg.

Að því er handavinnustyrkinn snertir, hefi eg engu við að bæta það sem eg sagði í dag. Eg held fast við það, að mér finst hann óþarfi. Kenslu í handavinnu geta stúlkur fengið hér á kvennaskólanum. Efnaðar stúlkur, sem vilja læra eitthvað frekar í hannyrðum, geta siglt styrklaust til Hafnar, og fátækar stúlkur hafa alls ekki þörf fyrir þessa kenslu. Þegar út í strit lífsins kemur þurfa þær á alt öðru að halda en kunnáttu í »fínum« hannyrðum.

Styrkinn til húsmæðrakenslu á Eiðum vil eg líka fella. Eg álít það eitt af verkefnum búnaðarfélaganna, að styðja að slíkri kenslu. Það er kunnugt, að Búnaðarfélag Íslands ver talsverðu fé til slíkrar kenslu, og mér finst Ræktunarfélag Norðurlands eða Búnaðarsamband Austurlands gætu látið dálítið af mörkum til umferðarkenslu í matreiðslu. Auk þess er matreiðsla kend í kvennaskólanum hér, og eg sé því ekki ástæðu til að fara að stofna skóla fyrir þessa grein víðs vegar um landið. Það virðist vera einhver áfergja í mönnum að styrkja sem flestar nýjar skólastofnanir hingað og þangað um landið, í stað þess að sjálfsagt er að leggja alt kapp á að styrkja vel og gera veglega þá skóla sem eru hér. Eg verð því að leggja eindregið á móti þessum styrk, og það jafnvel þó hann sé runninn frá hinni hávitru búnaðarskólastjórn á Eiðum. Kanske hún hafi ætlað að byggja þetta nýja skólahús fyrir húsmæðraskóla? En mér finst þingið hjálpa henni nóg með því að leggja svona mikið fé til skólabyggingarinnar, þó það fari ekki líka að leggja til þessa matreiðslu-káks.

Eg sé þá ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um breyt.tillögurnar. Eg er þakklátur þeim sem hafa tekið vel í tillögur nefndarinnar. Hinum, sem móti þeim hafa verið, álasa eg ekki fyrir það.

Mér er það gleðiefni að geta lýst ánægju nefndarinnar yfir því, hversu rólega og stillilega umræðurnar hafa farið fram, en auðvitað mátti fyrirfram vænta þess af þessari háttv. deild.

ATKV.GR. um 14.—22. gr.:

1. breyt.till. 494 við 14. gr. A. b. 5. feld með 8 : 3.
2. breyt.till. 494 við 14. gr. B. II. b. 2. sþ. í e. hlj.
3. breyt.till. 494 við 14. gr. B. III. b. sþ. í e. hlj.
4. breyt.till. 494 við 14. gr. B. III. c. 1. sþ. í e. hlj.
5. breyt.till 494 við 14. gr. B. III. c. 2. sþ. í e. hlj.
   Athugasemdin sþ. í e. hlj.
6. breyt.till. N. 514: B. IV. b. sþ. í e. hlj.
7. breyt.till. við 14. gr. B. VIII. a. 1. sþ. í e. hlj.
   Athugas. sþ. með 11 samhlj. atkv.
8. breyt.till. við 14. gr. B. VIII. a. 2. sþ. í e. hlj.
9. breyt.till. við 14. gr. B. VIII. a. 6. sþ. í e. hlj.
10. breyt.till. við 14. gr. B. VIII. b. 1. sþ. í e. hlj.
11. breyt.till. við 14. gr. B. VIII. b 1. sþ. í e. hlj.
12. breyt.till. við 14. gr. B. VIII. b. 5. b. sþ. í e. hlj.
13. (atkv.skrá 17) breyt.till. 496 við 14. gr. B. VIII. c. sþ. með 8 : 1.
14. (atkv.skrá 13) breyt.till. við 14. gr. B. VIII. c. sþ. í e. hlj.
15. (atkv.skrá 14) breyt.till. við 14. gr. B. VIII. k. sþ. í e. hlj.
16. (atkv.skrá 15) breyt.till. við 14. gr. B. VIII. k. sþ. með 12 samhlj. atkv.

17. (atkv.skrá 16) breyt.till. við 14. gr. B. VIII. m. feld með 7 : 4.
18. breyt.till. við 14. gr. B. IX. a. sþ. með 12. samhlj. atkv.

14. gr. breytt sþ. í e. hlj.

1. breyt.till. við 15. gr. 4. sþ. í e. hlj.
2. breyt.till. við 15. gr. 6. sþ. í e. hlj.

7. liður sþ. í e. hlj.

8. liður sþ. með 12 samhlj. atkv.

3. breyt.till. við 15. gr. 7. sþ. með 11 samhlj. atkv.
4. br.till við 15. gr. 12 feld með 7 : 5.
5. br.till. 516 við 15. gr. 12 sþ. með 9 : 2.
6. br.till. við 15. gr. 16. sþ. með 7 : 4.
7. br.till. við 15. gr. 17. sþ. með 8 : 3.
8. br.till. við 15. gr. 19. feld. með 8 : 5 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelss.,	Steingrímur Jónsson,
Eiríkur Briem,	Ari Jónsson,
Gunnar Ólafsson,	Ágúst Flygenring,
Sigurður Hjörleifss.,	Jens Pálsson,
Sigurður Stefánss.,	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Lárus H. Bjarnason,
	Stefán Stefánsson.

9. br.till. við 15. gr. 20. feld með 7 : 5.
10. br.till. við 15. gr. 26. sþ. í e. hlj.
11. br.till. 499 við 15. gr. 28. feld með 7 : 6.
12. br.till. við 15. gr. 30. sþ með 7 : 6.
13. br.till. við 15. gr. 37. feld með 7 : 6.
14. br.till. 499 við 15. gr. 38. sþ. með 8 : 1.
15. br.till. við 15. gr. 39. sþ. með 12 samhlj. atkv.
16. br.till. við 15. gr. 42. sþ. með 9 : 2.
17. br.till. 507 við 15. gr. 43. feld með 7 : 5.

Athugas. falli burtu. } sþ. með 11
18. br.till. við 15. gr. 43. } samhlj. atkv.

19. br.till. 496 við 15 gr. (44) feld með 7 : 6.

15. gr. breytt sþ. í e. hlj.

1. br.till. við 16. gr. 1. e. 5. sþ. með 10 samhlj. atkv.
2. br.till. við 16. gr. 2. a. sþ. með 9 samhlj. atkv.
3. br.till. við 16. gr. 2. a. sþ. með 10 samhlj. atkv.
4. br.till. við 16. gr. 4. a. sþ. með 11 samhlj. atkv.
5. br.till. við 16. gr. 4. b. sþ. með 12 samhlj. atkv.
6. br.till. við 16. gr. 5. sþ. með 10 : 2.
7. br.till. við 16. gr. 6. sþ. með 7 : 3.
8. br.till. við 16. gr. 11. sþ. með 10 samhlj. atkv.
9. br.till. 493 við 16. gr. 14. feld með 8 : 4.
10. br.till. við 16. gr. 25. sþ. í e. hlj.
11. br.till. við 16. gr. 27. e. sþ. með 9 samhlj. atkv.
12. br.till. við 16. gr. 28. sþ. með 7 : 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
SteingrímurJónsson,	Kristinn Daníelss.,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jósef Björnsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Hjörleifss.,	Stefán Stefánsson.
Sigurður Stefánss.	

13. br.till. við 16. gr. 30. sþ. með 9 samhlj. atkv.
14. br.till. við 16. gr. 32. sþ. með 9 : 1.
15. br.till. 495 við 16. gr. 32. (33) sþ. í e. hlj.

16. gr. breytt sþ. í e. hlj.

17. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

1. br.till 507 við 18. gr. sþ. með 10 samhlj. atkv.
2. br.till. við 18. gr. sþ. með 9 : 1.

18. gr. breytt sþ. í e. hlj.

19. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

20. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

21. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

1. br.till. við 22. gr. 1. sþ. í e. hlj.
2. br.till. við 22. gr. 2. sþ. í e. hlj.
3. br.till. við 22. gr. 3. sþ. í e. hlj.
4. br.till. við 22. gr. 3. sþ. með 12 samhlj. atkv.
5. br.till. við 22. gr. 5. sþ. með 11 : 1.
6. br.till. við 22. gr. 6. sþ. með 10 : 1.

7. br.till. við 22. gr. 8. sþ. með 12 samhlj. atkv.
8. br.till. 507 við 22. gr. 10. feld með 9 : 2.
9. br.till. við 22. gr. 10.: »11« falli burtu, sþ. með 11 samhlj. atkv.
10. br.till. við 22. gr. 10. sþ. með 11 samhlj. atkv.
11. br.till. við 22. gr. 13. sþ. með 11 samhlj. atkv.
12. br.till. 496 við 22. gr. sþ. í e. hlj.
13. br.till. 507 við 22. gr. sþ. með 10 samhlj. atkv.

22. gr. breytt sþ. í e. hlj.
Frumvarpið sþ. í e. hlj.
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða 22. apríl (A. 534, 539, 548, 556, 563, 564, 565, 570, 571, 572).

Ráðherra (B. J.): Eg á 2 br.till. á þgskj. 570 við 15. gr. 2. b. og 15. gr. 3. b. Sú fyrri fer fram á að hækka fjárveitinguna til aðstoðar o. fl. við landskjalasafnið úr 1200 kr. upp í 1600 kr. á ári. Hér er um dýrmætar eignir að ræða, og því áríðandi að eftirlitið og umsjónin sé í góðu lagi. Landsbókasafnsins gæta 3 menn, en landskjalasafnsins að eins 1, og þó eru herbergin á skjalasafninu fleiri. Skjalaverðinum veitir því ekki af þeirri fjárhæð, sem hér er farið fram á, til þess að kaupa sér nægilega aðstoð.

Hin breytingartill. er um að hækka sams konar styrk til forngripasafnsins úr 600 kr. upp í 800 kr. Þetta munar litlu, en getur þó orðið til þess, að fremur verði hægt að fá hæfan mann til þess að vera forngripaverði til aðstoðar við eftirlitið, þá er safnið er til sýnis, en honum er það gjörsamlega ókleift einum að gæta þess, að ekkert sé skemt eða fari forgörðum, en hér stendur alveg eins á og við landsbókasafnið, að hér er um alt of dýrar eignir að ræða, til þess að láta þær skemmast eða týnast fyrir eftirlitsskort. Eg vona því, að hin háttv. deild rýmki það til um, að söfnunum sé vel borgið.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Það hafa komið fram nokkrar breytingartillögur, sem nefndin hefir farið yfir, þótt hún hafi haft mjög naumán tíma.

Það er þá fyrst á þgskj. 563 br.till. við 12. gr., að á eftir 4. lið komi nýr liður, sem er styrkur til Guðmundar T. Hallgrímssonar læknis til þess að veita fátækum konum ókeypis læknishjálp í barnsnauð og öðrum kvensjúkdómum, sem og til að veita læknaskólastúdentum tilsögn í þessum greinum. Nefndin játar að vísu, að hér sé um þörf að ræða, sem vert væri að bæta úr, en af sparnaðarástæðum sér hún sér þó ekki fært að fallast á tillöguna, auk þess ber og þess að gæta, að í Reykjavík eru einmitt margir læknar, og því hægast að ná í lækni þar. Nefndin er því eins og eg sagði á móti þessum styrk að þessu sinni, enda þótt hún teldi æskilegt að verða við beiðni þessari, væri nægilegt fé fyrir hendi.

Þá er breytingartillaga við 13. gr. A. 1. b. 1. um að hækka fjárveitinguna til póstafgreiðslumannanna í Reykjavík úr 4900 kr. upp í 5000 kr. Eg hefi heyrt sagt, að þessar 100 kr. væru ætlaðar til launaviðbótar handa einum af póstafgreiðslumönnum þeim, sem nú eru á pósthúsinu, en þar sem fjárveiting þessi þegar hefir verið hækkuð um 500 kr. í neðri deild frá því sem hún var í stjórnarfrumvarpinu, og engin umsögn liggur fyrir frá póstmeistara, þá sýnist nefndinni ekki ástæða til þess að fallast á tillöguna. Á sama þgskj. er breyt.till. við 13. gr. B. III. 6. að bætt verði við nýjum lið sem er 3000 kr. til viðgerðar og framhalds þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn, en í þess

stað á að falla burt 13. B. XII., þar sem 2000 kr. eru veittar til sama vegar með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé varið til vegarins annarsstaðar frá. Breyt.till. fer því bæði fram á hækkun og að fella burt skilyrðið um fjárframlag annarsstaðar frá. Nefndinni var það ekki kunnugt við 2. umræðu, að hér væri um þjóðveg að ræða, en flutningsmaður hefir fært sterkar líkur að því, að þjóðvegurinn einmitt liggi þessa leið, og getur nefndin því, eða að minsta kosti meiri hluti hennar, eftir atvikum fallist á tillöguna. Þá er á sama þgskj. farið fram á 4000 kr. fjárveiting til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa, er gjöra skal tilraun með á akvegunum, er liggja út frá Reykjavík. Fjárveiting þessi var samþykt hér í deildinni á fjáraukalögunum fyrir 1908—1909, en hefir nú verið feld burt af þeim í háttv. Nd. Stafaði það mest af því, að menn höfðu ekki kynt sér alla málavöxtu; mér er kunnugt um, að fjárveitingin hefði líklega fengið að standa, ef mönnum þar í deildinni hefði alment verið ljóst, hvaða skilyrðum hún var bundin. Hér er ekki um stór útgjöld að ræða, og styrkurinn verður endurborgaður, ef tilraunin mishepnast, enda treysti eg stjórninni til þess að gera hinn væntanlega samning við Garðar Gíslason þannig úr garði, að hag landsjóðs sé borgið, hvernig sem fer með tilraun þessa. Meiri hluti nefndarinnar telur og tilraun þessa geta haft mikla þýðingu fyrir samgöngur vorar, og leggur því til að tillagan sé samþykt.

Þá flytur háttv. 6. kgk. þm. nokkrar breyt.till. á þgskj. 556. Sú fyrsta fer fram á að hækka fjárveitinguna til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla, bæði það sem borgað er fyrir hverja einstaka örk úr 30 kr. upp í 45 kr., og summuna í heild sinni úr 600 kr. upp í 2000 kr. Nefndin er á einu máli um, að nauðsyn sé á að hækka þessa fjárveiting, einkum þegar þess er gætt, að samþykt hefir verið hér í deildinni tillaga, er vonandi verður líka samþykt í hinni deildinni, um að stjórnin skipi nefnd til þess að annast útgáfu slíkra kenslubóka. Hins vegar áleit nefndin, að þar sem þessar 600 kr., er veittar hafa verið síðustu árin á fjárlögunum í þessu skyni, aldrei hafa verið notaðar allar, þá myndi nægja að veita að þessu sinni 1000 kr. hvort árið, og vonar hún að hinn háttv. flutningsm. geti felt sig við þá miðlun, sem breyt.till. hennar á þgskj. 571 gengur út á.

Þá er önnur breyt.tillagan á þgskj. 556 um að lækka fjárveitinguna til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu Íslands um helming, úr 5000 kr. niður í 2500 kr. Nefndin er samdóma hinum háttv. flutningsm. um að rétt sé að lækka þessa fjárveiting, því að höf. ritsins getur fengið verðlaun af öðrum sjóði, verði ritið á annað borð gott, og mun þá 2500 kr. fjárveiting úr landsjóði vera nægileg.

Á sama þgskj. er enn breyt.till. um að hækka fjárveitinguna til Guðmundar skálds Friðjónssonar upp í 600 kr. Um þessa tillögu hefir ekki verið gengið til atkvæða í nefndinni, og nefndarmenn hafa því frjálsar hendur. Annars eru þessir skáldstyrkir ákaflega viðkvæmt mál, en eg er heldur á móti þessari hækkun, enda þótt eg verði að játa, að ástæða væri til hennar í samanburði við það, hvað veitt er til annara skálda. En eg er algjörlega á móti öllum þess háttar bitlingum. Þegar maður verður að klípa af nauðsynlegustu fjárveitingum til framfarafyrirtækja, sýnist mér ekki ástæða til að vera að punta upp með mörgum skáldstyrkjum og öðrum þess háttar bitlingum. Eg skal ekki

lasta það að styrkja skáld, ef nóg fé er fyrir hendi, en eg veit ekki hvar það lendir, ef hver maður, sem gefur út ljóðakver, á að fá laun úr landsjóði, því að margir eru hagorðir hér á landi.

4. breyt.tillagan á þgskj. 556 fer fram á að veita einhverjum kand. phil. 500 kr. hvort árið, til þess að ljúka námi við fjöllistaskólann í Kaupmannahöfn. Nefndin er á móti þessari tillögu; hún sér ekki að landinu sé nein brýn nauðsyn á að veita þetta fé. Þessir styrkir koma stundum landinu að litlu gagni; mennirnir, sem styrktir hafa verið, hætta oft í miðjum klíðum eða gefast illa á annan hátt. Auk þess höfum vér enga tryggingu fyrir, að þeir beiti þekkingu sinni í þarfir þessa lands, þó þeir ljúki námi, því að sumir þeirra manna, er styrktir hafa verið til náms af landsfé, hafa að afloknu námi sezt að í útlöndum. En það er eins með þessa menn og skáldin; telji einhver sig hafa hæfileika í einhverja átt, þá er sjálfsagt að hlaupa strax til fjárveitingarvaldsins og biðja um styrk.

Þá er breyt.till. við 15. gr. á þgskj. 539 um 500 kr. styrk til Lárusar kennara Bjarnasonar, til þess að ganga á kennaraháskóla. Það er nú víst ekki háttv. 5. kgk. þm., þótt maðurinn sé honum samnefndur að mestu leyti — »H«-ið vantar reyndar —, heldur barnakennari í Hafnarfirði, sem er ákaflega gáfaður náttúrlega, en getur þó ómögulega sagt börnum til svo að gagni komi, nema hann fari utan til náms

Þá er enn einn skáldstyrkurinn á þskj. 564. Þar er farið fram á styrk til Jóhanns Sigurjónssonar, 1000 kr. fyrra árið. Mér vitanlega er þessi maður að mestu leyti danskur rithöfundur og hefir samið flest á dönsku. Reyndar hefi eg nýlega séð leikrit eftir hann á íslenzku, en að því er eg bezt veit er það þýtt úr dönsku, hvort sem aðrir hafa þýtt það eða hann sjálfur. Nú, maðurinn er praktiskur maður, hann fær meira fyrir rit sín með því að gefa þau út á dönsku, og við því er ekkert að segja; en mér finst ekki þörf á því fyrir okkur að fara að seilast til annarra landa með skáldstyrki, þegar ekki er meiri hörgull á umsækjendum um slíka styrki hér heima, en nú er. Nefndin leggur því eindregið á móti þessari tillögu.

Þá er breyt.till. á þskj. 548 frá háttv. þm. Akureyrar. Hún fer fram á 500 kr. styrk hvort árið til Þorkels Þorkelssonar kennara til hverarannsókna. Þessi tillaga heldur sér þó við jörðina; en þó nefndin kannist við, að slíkar rannsóknir mundu hafa mikla vísindalega þýðingu, þá álítur hún þó ekki að svo mjög bráðliggi á þeim, að þær geti ekki beðið betri tíma.

Þá eru tvær breyt.till. frá hæstv. ráðherra á þskj. 570. Þær fara fram á hækkun tveggja fjárveitinga, til landskjalasafnsins og forngripasafnsins. Í frumvarpi stjórnarinnar voru 1000 kr. ætlaðar landskjalasafninu, til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar. Þessa fjárveitingu hækkaði Nd. upp í 1200 kr., en sá ekki ástæðu til að fara hærra. Nú leggur hæstv. ráðherra til að þetta sé hækkað enn upp í 1600 kr. hvort árið. Nefndin hefir algjörlega óbundnar hendur í þessu máli, en eg fyrir mitt leyti vil halda mér við það sem Nd. samþykti. Og sama segi eg um hina breyt.till. Hún fer fram á það, að 600 kr. fjárveiting til forngripasafnsins, til aðstoðar, eftir reikningi, sem sett var inn í Nd., en ekki var í stjórnarfrv., sé hækkuð upp í 800 kr. hvort árið. Eg vil ógjarnan hækka það sem búið er að samþykkja í gangi fjárlaganna í Nd. En annars er atkvæði nefndarinnar óbundið, að því er þessa tillögu snertir.

Þá liggja ekki fleiri breyt.till. fyrir, en eg skal geta þess, að nefndin á von

á tveim breyt.till., sem sendar voru í prentsmiðjuna rétt á undan fundi, og býst eg við að þær komi bráðlega.

Agúst Flygenring: Eg vildi að eins segja örfá orð út af till. á þgskj. 539 um styrk til Lárusar kennara Bjarnasonar til utanfarar. Eg skal strax taka það fram, að það er stór misskilningur hjá háttv. framsögum., að slíkar utanfarir til kennaranáms séu ónauðsynlegar, af því að við höfum kennaraskóla hér. Það væri sama sem að segja, að t. d. handverksmenn hefðu ekkert að gjöra við að sigla, af því þeir gætu lært iðn sína hér. En þetta er mesta fjarstæða. Það er vitanlegt, að það framleiðir kyr stöðu hjá hvaða manni sem er, að sjá aldrei annað en sitt eigið land. Menn þurfa, bæði kennarar og aðrir, að fara iðulega til annara landa til að sjá hvernig þar er háttað því sem þeir leggja stund á hér; annars dofnar alt, og ekkert nýtt líf skapast. Þessi maður, sem farið er fram á styrk til, er fátækur alþýðumaður, sem hefir mentað sig algjörlega sjálfur. Hann hefir af eigin rammleik gengið í gegn um öll stig alþýðuskóla hér á landi og unnið fyrir sér meðfram á sumrin. Eg hefi talað við menn, sem eru honum nákunnugir, og þeir hafa einum munni lokið lofsorði á hann, ekki að eins fyrir mentun, gáfur og dugnað, heldur einnig fyrir prúðmensku hans, góða hegðun og þau ágætu áhrif, sem hann hefir á lærisveina sína. Eg vona, að háttv. framsögum. sé mér samdóma um það, að meiri ástæða sé til að styrkja gáfaða og duglega menn, sem von er um að mikið verði úr, en einhverja ónytjunga. Þessi maður hefir sótt um 700 kr. styrk til að ganga eitt ár á kennaraháskóla ríkisins í Höfn. Þetta er ekki stór upphæð, en þó sá Nd. sér ekki fært að veita honum hana. Það hefir líklega þótt meiri þörf á að styrkja skáld og listamenn; en það þori eg að fullyrða, að það kemur ekki að nálægt því eins miklum notum að styrkja sum skáld okkar eins og þennan mann. Eg vona að háttv. deild trúi mér til að segja satt um það, að þessi maður sé verðugur til styrksins; eg er sannfærður um það, að ef nokkur kennari úr alþýðuflokki á skilið að fá styrk, þá á þessi það. Það væri stór misskilningur, að fleygja þessari umsókn fyrir borð, en veita aftur aðrar, sem mér liggur við að segja, að eru nærri því hneykslanlegar, sumar þeirra. — Eg skal að endingu skírskota til háttv. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu, hvort eg hafi ekki rétt að mæla um manninn; hann þekkir hann vel.

Jens Pálsson: Þar sem þessi tillaga er komin til umræðu á undan öðrum, vil eg fara um hana nokkrum orðum í áframhaldi af því sem háttv. 3. kgk. þm. sagði. Háttv. framsögum. sagði, að við hefðum kennaraskóla hér og þar gæti þessi maður aflað sèr mentunar. En eg vil taka það fram, að þó þessi skóli sé hér nú nýstofnaður, þá er ekki kent annað né meira á honum en var í kennarafræðslunni í Flensborg, og auk þess er skólinn nýbyrjaður og hlýtur því að vera æði ófullkominn enn. Enda er hér ekki um þess konar skólanám að ræða. Þessi maður hefir með »energi« og dugnaði aflað sér mentunar, fyrst á Möðruvallaskóla og svo í kennaradeildinni í Flensborg, og síðan hefir hann lagt stund á að menta sig upp á eigin spýtur í sínum sérstöku fræðigreinum. Nú langar hann til, sér til enn meiri þroskunar, að vera eitt ár á kennaraháskólanum í Höfn, og ætlar sèr þar aðallega að afla sér frekari mentunar í þeim greinum, sem hann hefir lagt stund á hér. Eg skal geta þess, að eg hefi aldrei í neinum skóla heyrt aðra eins fyrirmyndar-»examina-

tion« eins og hjá honum í eðlisfræði og Íslandssögu í efsta bekk barnaskólans í Hafnarfirði í vor sem leið, og aldrei vitað börn á því reki vera eins prýðilega vel að sér, eins og þau voru hjá honum í þetta skifti. Vitanlega gæti, frá sjónarmiði barnaskólans, verið óhyggilegt að mæla með þessum styrk, því mjög líklegt er að hann mundi verða kvaddur þaðan til annara hærri skóla. En það dugar ekki að sjá í það, þó við mundum sjá mjög eftir honum, ef hann færi frá skólanum. Hér er maður, sem er reyndur að svo góðu, að eg finn skyldu hjá mér til að mæla með honum eins vel og mér er unt, þó eg eigi það á hættu að missa hann frá skólanum fyrir þá sök, og eg vil jafnvel fara bónarveg til hinnar háttv. deildar og biðja hana, að taka mig trúanlegan í þessu, að eg segi satt og rétt til um þennan mann, um leið og eg mæli með þessum styrk til hans.

Stefán Stefánsson: Eg ætti líklega að vera nefndinni þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið í tvær fyrstu breyt.till. mínar á þgskj. 556. Reyndar vill hún skera fyrri fjárveitinguna, til skólabókanna, við neglur sér, þar sem hún vill lækka hana úr 2000 kr. niður í 1000 kr. Eg skil ekki, að nefndin geti hugsað sér, að nokkuð verulegt sé hægt að gjöra fyrir einar 1000 kr. á ári, og það því síður sem hún vill láta 45 kr. borgun fyrir örkina halda sér. Með því móti yrði ekki ráð á nema tveim litlum skólabókum á þessu fjárhagstímabili. Það er ekki hægt að segja, að neitt stórt skrið kæmist á skólabókaútgáfuna með því. Upprunalega hafði eg ekki hugsað mér að fara fram á 2000 kr., heldur 3000 kr., svo að bæði væri hægt að kaupa handrit og kosta útgáfu bókanna og svo borga skólabókanefndarmönnunum dálitla þóknun fyrir eftirlitið með henni. Eins og nú er ástatt, vantar í æðri skólum okkar íslenzkar kenslubækur í öllum námsgreinum. Það sem vakti fyrir okkur, þegar talað var um skipun skólabókanefndarinnar hér í deildinni ekki alls fyrir löngu, var einmitt það, að nefndin gengist fyrir, að slíkar bækur yrðu samdar. En það liggur í augum uppi, að 1000 kr. eru alt of lítil fjárveiting til þessa; fyrir það getur nefndin ekki látið semja nema eina bók á ári. Mér finst það nærri því hlægilegt, að vera að skipa nefnd til að sjá um útgáfu skólabóka, ef hún á ekki að fá meir en 1000 kr. árlega til að starfa fyrir. Eg vona því að háttv. deild samþykki mína tillögu eins og hún er. Fáist engir menn til að semja bækurnar, eins og mér skildist fjárlaganefndin búast við, þá gerir það hvorki til nè frá, þó þessar 2000 kr. standi á fjárlögunum; peningarnir verða í kassanum eftir sem áður.

Um 2. breyt.till. á þgskj. 556 er nefndin mér samdóma, en hún fer líka fram á lækkun, svo að það er ekki svo undarlegt. Í rauninni hefði eg helzt viljað fella þennan styrk alveg, þó eg hafi ekki farið lengra nú en að lækka hann um helming.

Þá eru enn tvær breyt.till. á sama þskj., um styrkveitingar til einstakra manna. Mér hefir altaf fallið illa, þegar menn láta sér ekki nægja að neita um slíka styrki, heldur fara þar á ofan óvirðingarorðum um umsækjendurna, sem »einhverjar óþektar stærðir«, eins og háttv. framsögum. gerði. Hann talaði yfirleitt í lítilsvirðandi tón um slíkar styrkbeiðnir og styrkveitingar, eins og hann áliti þær að einhverju leyti ósæmilegar. Og hann er ekki einn um þá skoðun; orðið »bitlingur« virðist yfirleitt hafa fengið einhverja óvirðulega merkingu hér. Að mínu áliti eru bitlingar nauðsynlegir, og eg veit ekki betur en að margir

þeirra hafi komið að mjög miklu gagni. Eg vil hvorki tala virðulega nè óvirðulega um Guðmund Friðjónsson, en það er að minsta kosti ekki hægt að kalla hann »einhvern Guðmund Friðjónsson«, til þess er hann of þektur. Hann sótti ekki um styrk, en Nd. setti hann inn á lögin með 300 kr. styrk hvort árið. Það getur verið, að það sé nóg, en mér þykir óviðfeldið að ætla honum helmingi minna en næsta Guðmundinum á undan. Það er eins og þingið áliti hann helmingi lakara skáld en Guðm. Guðmundsson. Það er einmitt út frá þessu samkvæmnis sjónarmiði, sem eg legg til að styrkurinn til hans sé hækkaður. Eg hefði ef til vill getað verið með því að fella þá báða, en eigi Guðm. Guðmundsson að hafa 600 kr., þá finst mér Guðm. Friðjónsson ekki mega hafa minna.

Síðasta breyt.till. mín á þgskj. 556 fer fram á styrk til Ólafs Þorsteinssonar cand. phil. til að ljúka námi á fjöllistaskólanum í Höfn, 500 kr. hvort árið. Um þennan mann mætti ef til vill með nokkrum rétti segja, að hann sé »einhver« Ólafur Þorsteinsson, þar sem hann er ungur og óþektur. Hann hefir verið undanfarin 4 ár í Höfn og lesið þar verkfræði við fjöllistaskólann; aðallega hefir hann lagt stund á vegafræði og byggingafræði. Þessi 4 ár hefir hann notið Garðstyrks, en er nú búinn að missa hann, og þar sem maðurinn er bláfátækur og getur ekki af eigin rammleik kostað sig í Höfn, er honum nauðugur einn kostur að hætta námi, ef hann fær ekki þennan styrk, sem hér er farið fram á. En það væri mjög illa farið, því maðurinn er mjög efnilegur, eftir því sem honum kunnugir menn hafa sagt mér. Hann hefir meðal annars fengið ágætan vitnisburð frá rektor lærða skólans. Nú hagar svo til hér, að hér eru skólar fyrir læknisfræði, lögfræði og guðfræði, svo að öll þessi fög er hægt að nema hér heima, en aftur er hér enginn skóli fyrir verkfræði. Þessa grein verða menn að nema annaðhvort í Höfn eða einhversstaðar annarsstaðar í útlöndum. En hins vegar er hér einmitt mikil þörf á verkfræðingum nú sem stendur. Mér finst það því vera hrein og bein skylda landsjóðs að styrkja unga og efnilega menn til þessa náms.

Ef þessi ungi maður yrði að hætta námi nú, þá væri eytt til einskis þeim 4 árum sem hann hefir verið við námið, og þá kæmi það fé, sem hann hefir varið til þess, að engum notum, og eg get ekki neitað því, að mér findist það stórtap, ekki síst þar sem hann býst við að geta lokið náminu á $2^1/_2$ ári. Eins og eg sagði áðan, þekki eg manninn að eins af afspurn, en hann er sagður mjög efnilegur. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp vitnisburð þann, er eg gat um áðan, að rektor lærða skólans hefði gefið honum. Hann hljóðar svo:

»Að herra stud. polyt. Ólafur Þorsteinsson sé mér vel kunnur af veru sinni í lærða skólanum sem sérlega vel gáfaður, kappsamur og duglegur nemandi, eins og líka ágætur vitnisburður hans við burtfararpróf 1904 bendir til, það er mér hérmeð ánægja að votta, um leið og eg verð að láta í ljós, að eg, að því er eg þekki hæfileika hans, hygg hann þess einkar maklegan, að hann hljóti styrk þann, er hann sækir um til framhalds á námsbraut sinni.

Reykjavík 22. apríl 1909.

Stgr. Thorsteinsson,
rektor«.

Eg vona að háttv. deild verði mér samdóma um það, að það sé ekki einungis rétt, heldur bein skylda okkar að styrkja þennan unga mann.

Sigurður Hjörleifsson: Eg á litla breyt.till. á þgskj. 548, sem fer fram á 500 kr. styrk hvort árið til Þorkels kennara Þorkelssonar til hverarannsókna. Þessi maður er nú 1. kennari við Akureyrarskólann, en hefir undanfarið verið assistent við efnafræðisdeild fjöllistaskólans í Höfn, og hefir notið mikilla vinsælda þar. Hann er yfirlætislaus vísindamaður og hefir því ekki haft sig mikið frammi til að fá þennan styrk. En af því að samnefndarmenn mínir gátu ekki verið mér samdóma um að leggja með styrknum, þá hefi eg komið með þessa breyt.till. sjálfur. Eins og kunnugt er, er Ísland auðugra að hverum en nokkurt annað land í heimi, og er því mikil ástæða til að leggja fé til rannsókna á þeim, því að slíkar rannsóknir eru taldar mjög þýðingarmiklar fyrir vísindin, ekki síst eftir að uppgötvað hefir verið, að hverahrúður er auðugt af hinu nýfundna efni »radium«. Það er 2000 sinnum dýrara en gull, og mjög lítið er til af því í heiminum. Þorkell hugsar sér að vinna að þessum rannsóknum í sumarleyfinu, en treystir sér ekki til að standast þann kostnað, er þær mundu hafa í för með sér, með sínum lágu launum. Hugmynd hans er að fá nákvæmt yfirlit og uppdrátt yfir hverina hér á landi. Enda leggja ekki Íslendingar svo mikið til almennra vísinda, að hægt sé að segja, að styrk þessum verði illa varið.

Viðvíkjandi skáldunum aftur á móti skal eg láta í ljósi það álit mitt, að ekki getur verið um það að ræða, að þeir, er úthluta skáldstyrkjunum, leggi neinn dóm á skáldin eða fari að meta þau til gildis. Og væri slíkt álit hið fávíslegasta. Heldur skiftir hitt meira máli: sumir gefa sig eingöngu við skáldskap, aðrir hafa hann í hjáverkum að eins; og munar þetta allmiklu. Hér er þá einmitt um slíkt að ræða, eftir þeim styrktillögum, sem fram hafa komið, hvort álíta skuli að styrkþegarnir gefi sig við skáldlistinni allir eða að eins hálfir. Það hefir undanfarið margt verið talað um bitlinga þá, sem til skáldanna renni. Samt sem áður ætti einmitt sú tegund fjárveitinga að vera hin lang-»popúlerasta«; enda ætti og engin fjárveiting að nema nær sjálfri alþýðu manna í heild sinni heldur en þessi. Það er að efla þjóðina sjálfa, insta kjarna hennar og tilfinningu fyrir sjálfri sér, að efla skáldin hennar, þar sem það eru einkum og sér í lagi skáldin, sem haldið hafa þeim neista þjóðernisins vakandi niður í gegn um aldirnar, sem nú er óðum að glæðast. Og það sem fyrri skáldin voru samtíðismönnum sínum og eftirkomendum, það eru einnig nútímans skáld oss og vorum niðjum En í enn þrengri merkingu má skáldstyrkina telja miklu alþýðlegri fjárveitingar en flestar aðrar. Því það er *alþýðan* sjálf í eiginlegustu merkingu sem þeirra nýtur drýgst að lokum. Þó hugsjónir, andi og áhrif skálda vorra nái til allra, bæði lærðra og leikra, og að sönnu sýnu jafnara til lærða flokksins (þar sem fleiri af skáldum þeim, sem af hafa borið, hafa lærðir verið), þá er hitt enginn vafi, að enn hjartfólgnari hafa jafnan íslenzk ljóð orðið íslenzkum alþýðumönnum en lærðu mönnunum; og sést það af því (hvað sem öðru líður) að hvergi í heimi eru jafnmörg alþýðuskáld og á voru landi. Lærðu mennirnir kunna útlend mál og geta notið og njóta skáldverka margra erlendra þjóða. Alþýðumaðurinn aftur á móti getur ekki haft þeirra not; og er þá sýnilegt, sem eg drap á, að einmitt þess hjartfólgnari verða honum skáld sinnar eigin þjóðar, sem hann skilur. Það eru skáldin fremst í flokki, sem efla og eflt hafa þjóðræknina hjá Íslendingum og þjóðarmetnaðinn hjá al-

þýðunni. Má því telja engu fé betur varið en því, er til skáldanna er veitt; og væri það hin hættulegasta þröngsýni, að skera þau framlög við neglur sér.

Steingrímur Jónsson: Það var að eins lítið eitt, sem eg ætlaði að taka fram. Það mátti ráða það af ræðu framsögum., að nefndin í heild sinni er á móti breytingum. Eg er í ýmsu á öðru máli en hún. Vil eg þar t. d. minnast á eitt atriði. Það er styrkveitingin til Jóh. skálds Sigurjónssonar. Háttv. 6. kgk. lét í ljósi við 2. umr., að hann teldi þessa styrkveitingu réttmæta. Þessu er eg gjörsamlega samþykkur. Eg er í fylsta lagi þeirrar skoðunar, að Jóhann Sigurjónsson eigi þessa umræddu styrkveitingu skilið. Leikritið »Bóndinn á Hrauni« sýnir ótvírætt, að hér er fram komið skáld, sem margs og mikils má af vænta. Háttv. framsögum. kallaði hann danskan höfund. Þessu leyfi eg mér að mótmæla gjörsamlega. Ef þjóð vor á nokkurn höfund sannarlega íslenzkan, þá er það Jóhann Sigurjónsson. Hann er af íslenzku bergi brotinn og það af góðu bergi; og má það kunnugt vera. Þess utan sýnir hið síðasta leikrit hans, sem eg nefndi, »Bóndinn á Hrauni«, að þar slær íslenzkt hjarta á bak við. Þar er maður, sem kann að fara með íslenzk efni, svo að unun er að. Það getur verið, að hann sé nefndur danskur höf. af því að hann skrifar dönsku betur en flestir Íslendingar, sem það hafa reynt, eins og hann hefir sýnt í fyrsta leikriti sínu »Dr. Rung«.

Ekki get eg fundið, að nokkur sanngirni mæli með því, hvernig sem á er litið, eins og háttv. 6. kgk. tók fram, að Guðmundur Friðjónsson sé gerður hálfdrættingur á við Guðm. Guðmundsson. Þar er eg honum algjörlega samþykkur; slíkur munur veit eg ekki á hverju ætti að byggjast, nema á vanhyggju einni. Að vísu skal eg kannast við þá skoðun mína, að kærast væri mér ef til vill, að allir þessir styrkir væru burt feldir. En úr því hinn kosturinn er nú tekinn á annað borð, þá findist mér það æskilegast, að Guðm. Guðmundsson væri lækkaður niður í 300 kr. heldur en hitt, að Guðm. Friðjónsson sé hækkaður. En munurinn, sem nefndin vill gjöra á þeim, byggist ekki á neinni sanngirni.

Út af ræðu háttv. 6. kgk. þm., sem vill hækka styrkinn til kenslubókaútgáfu upp í 2000 kr., þá skal eg taka það fram, að eg er þessu ósamþykkur. Get þó ekki flutt breytingartillögu þess efnis; álít réttara, að atkvæðagreiðslan sýni það.

Hvað frumvarpið í heild sinni snertir, þá stendur þar í 20. gr., að tekjuhallinn sé kr. 188,230,33, en einnig, að hann eigi að jafnast með tollhækkunarlögum. Nýtt, að skila fjárlögunum með tekjuafgangi. Efri deild sendi fjárlögin til neðri deildar með tekjuafgangi. Um þetta er það að segja, að sé fjárlögunum skilað af sér með tekjuafgangi og tollhækkunin verði að lögum, þá verður tekjuafgangurinn, sem vér eigum að reikna með, að minsta kosti 300 þús. kr. á fjárhagstímabilinu með því móti; og má það eftir ástæðum kallast ekki svo lítill afgangur. Eg er þess fullviss, að ekkert löggjafarþing í víðri veröld út býr fjárlög sín á þann hátt. En ærið athugavert finst mér þetta ráðlag vera. Svo hyggilegt sem það kann að virðast, að láta útgjöld ekki fara fram úr tekjum, svo varhugavert getur það og verið, ef löggjafarvaldið leggur áherzluna á sparnaðinn einan. Það er skylda löggjafarvaldsins, að halda uppi þeim framkvæmdum og umbótum, sem þegar hefir verið á byrjað; og er allur sparnaður, sem veldur stórfeldum töfum og tálm-

unum á framfarabraut landsins, bein vanræksla hinnar mikilsvægustu og fremstu skyldu í þessu efni. Sé nú borið saman þetta tvent: fjárlagafrumvarp stjórnarinnar og álit nefndarinnar, þá sést það, að mismunurinn á tekjuhallanum er 172 þús. kr. Og hefir sá mismunur fengist með því einu móti að fella furtu 200 þús. kr. til einhverra hinna mestu nauðsynjafyrirtækja, sem og mátti vænta að gæfu hinn bezta arð. Á eg þar við t. d. Vestmanneyjasímann og Rangárbrúna, sem hvorttveggja voru hin nauðsynlegustu og arðvænlegustu fyrirtæki. Slíkur sparnaður er ekki einungis ekki gagnlegur eða þarflegur, heldur og beint skaðlegur og hættulegur. Hann er brot á skyldum löggjafarvaldsins við þjóðina. Er það því bæði ósk mín og áskorun til háttv. deildar, að hún bæti sem bezt úr þessu misráðna ráðlagi, og gæti hins minna, að reyna að spenna tekjuafganginn sem hæst upp.

Ari Jónsson: Eg vil leyfa mér að bera fram nokkrar breytingartillögur.

1. breyt.till. er við 13. gr. fjárlaganna þar sem veitt er til tveggja póstafgreiðslumanna í Reykjavík 4900 kr. Þessi fjárveiting fer eg fram á að sé hækkuð um 100 kr. Ástæðan er sú, að mér finst algjör ójöfnuður, að gert sé upp á milli þeirra tveggja póstafgreiðslumanna, sem þessi framantalda upphæð gengur til, þótt annar kunni að hafa verið lítið eitt lengur í stöðunni. Báðir þessir menn hafa hið sama að vinna, og munar þar engu. Þess vegna vildi eg fara fram á, að þeim væri og veitt hið sama kaup. En til þess verður að bæta við 100 kr. er leggist til launa þess, er lægra var ætlað. Og er það því tillaga mín, að þessi viðbót verði tekin upp.

Þá er 2. breyt.till. Það er viðvíkjandi veginum frá Hrútafjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni. Til þessa vegar hafa verið veittar 2 þús. kr., gegn því að sýslusjóður legði fram hina sömu upphæð. Hér er gengið út frá, að þetta sé sýsluvegur. En það er rangt, hér er einmitt um þjóðveg að ræða. Breyt.till. fer því fram á, að vegur þessi sé háður sömu skilyrðum og þjóðvegir, en ekki eins og sýsluvegur. Í öðru lagi, að tillagið til hans sé hækkað í 3 þús. kr., 2 þús. er altof lítið fé. Eftir áætlun færra manna er enda ástæða til að ætla að ekki muni af veita 5—10 þús. kr. Þó ætla eg að láta mér í þetta sinn nægja með að fara fram á 3 þús. kr. til vegarins, þareð eigi mun hægt að fá samþykt á hærri upphæð.

Þá er 3. breyt.till. Það er nýr liður: 4000 kr. styrkur til Garðars Gíslasonar til að kaupa mótorvagn. Þessi fjárveiting var nú fyrir skömmu tekin upp í fjáraukalög. En neðri deild hefir felt hana burtu vegna þess, að henni hefir þótt skorta, að nógu skýrt væri frá tekið í lögunum, á hvern hátt upphæðinni yrði varið. Nú er bætt úr því með athugasemdinni við fjárveitinguna, að svo miklu leyti sem hægt er í fjárlögum. Annars vona eg að þingið treysti stjórninni til þess að gera tryggilegan samning við G. G. svo að engin hætta sé búin við þessa fjárveitingu.

Þá er viðaukatillaga (þskj. 563), styrkur til Guðmundar Tómassonar til að veita konum ókeypis læknishjálp í einkasjúkdómum þeirra, og til að veita nemendum á læknaskólanum tilsögn í kvensjúkdómum. Þessi ungi læknir tók próf fyrir rúmu ári með góðum vitnisburði; og er alt, sem að því lýtur, að hann sé hinn efnilegasti maður, og vel að sér í grein sinni. Auk þess, sem hann hefir verið á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, hefir hann ferðast víða í útlöndum til að fræðast sem bezt í öllu því, er að þessari grein læknisfræðinnar lýtur. Meðal annars hefir hann stundað þessa grein á stærstu fæðingarstofnuninni í Bretaveldi, í Dyflinni, og víðar. Þess utan

hefir hann hin beztu meðmæli hér að lútandi frá nafntoguðum læknum ýmsum í útlöndum. Og tekur það af allan efa um að nefndur læknir sé vel að sér í þessari umræddu sjúkdómsgrein (kvensjúkdómum), og vel fallinn til að iðka hana og kenna.

Alkunnugt má það vera, að það verður títt að miklu tjóni, þekkingarskortur manna á læknisfræði, og kemur það eigi sízt fram, þegar ræðir um konur í barnsnauð, eða kvensjúkdóma yfirleitt. Einnig er það altítt, að læknishjálpar sé leitað of seint, þegar slíka sjúkdóma ber að höndum, oft vegna fátæktar hlutaðeigenda. Sú harmasaga er ekki ný, að skortur á þekkingu eða vöntun á læknishjálp vegna fátæktar í þessum sjúkdómum hefir valdið margri konunni líkamsskemda, heilsutjóns eða jafnvel hefir látið líf sitt fyrir þær sakir.

Guðm. Tómasson er nú hinn eini læknir landsins, sem sérþekkingu hefir í þessum efnum. Og tel eg það því skyldu þingsins, að nota þessa þekkingu hans, sem hann nú býður fram í landsins þjónustu, bæði til ókeypis læknishjálpar og til kenslu við læknaskóla landsins.

Þá er viðaukatillaga (þskj. 564) þess efnis, að Jóhanni skáldi Sigurjónssyni veitist 1000 kr. fyrra árið. Umsækjandi hefir í erindi sínu farið fram á, að sér yrði veittar 1000 kr. hvort árið. En vegna þess, hvaða móttökur það hefir fengið í nefndinni, þá hefi eg ekki þorað að fara fram á nema 1000 kr. annað árið. Sem kunnugt er, hefir skáld þetta dvalið langdvölum í Danmörku nú undanfarið árabil. Gaf hann fyrst út leikrit eitt á danskri tungu, sem »Dr. Rung« nefndist. Og varð það þegar ljóst af því riti, að hér var á leiðinni skáld, sem ekki var af almennustu tegund; menn þóttust sjá að hér væri stórskáld að fæðast. Og fór það ekki leynt; allir ritdómarar samdóma um skáldhæfileika höfundarins, þótt sumum findist viðvaningssnið á ýmsu í hinu fyrsta leikriti þessa unga skálds. Þetta rit var forboði annars meira, sem og nú er að nokkru leyti fram komið, þar sem er hið síðara leikrit hans, er hann hefir skrifað á íslenzku, og hann nefnir »Bóndann á Hrauni«. Þar eru ekki að eins svo snildarleg tilþrif, heldur einnig í heild sinni sú meðferð efnisins og svo djúpur skilningur á eðli og anda íslenzks þjóðernis, að fágætt mun af jafn ungu skáldi. Ennfremur skal þess getið, að nú er hann að semja leikrit, íslenzkt að efni og anda. Þetta leikrit ætlar hann að kalla »Fjalla-Eyvind« og verður það, eftir frásögn hans, svo miklu stærra en »Bóndinn á Hrauni«, sem öræfin á landi voru eru stærri en sveitirnar. Hefir höf. haft leikrit þetta á prjónunum nú um alllangan tíma, og allmjög til þess vandað. Og ræður það að líkum, að svo sem hann hefir vandað mest til þess, allra verka sinna, muni það ekki verða hið lakasta, nema hið gagnstæða væri. Og svo heyrist það hér í þinginu, að þessi maður sé nefndur danskur rithöfundur! Þetta hlýtur að vera sagt af þeim, sem ekkert þekkja þetta unga skáld, eða ritverk hans. Eg hélt þó að þingmönnunum, er sáu «Bóndann á Hrauni« hér í leikhúsinu fyrir nokkru, hefði getað skilist það, að íslenzkur var leikurinn að efni og anda, en eigi útlendur. En þótt svo væri, að þessi íslenzki höfundur ritaði útlenzk leikrit, þareð hann með því eina móti gæti ef til vill frekar aflað sér einhvers fjár til þess að njóta krafta sinna og koma fram hugsjónum sínum, ættum vér Íslendingar af þeirri ástæðu að lítilsvirða hæfileika hans, og hirða eigi um gengi hans? Þvert á móti tel eg það tæplega vansalaust, að sýna ekki

neina viðurkenningu fyrir þann skerf, sem þessi ungi rithöfundur leggur fram til þess að breiða Íslands nafn og Íslands sóma út, í augsýn hins mentaða heims.

Stóru leikhúsin í höfuðborgum Norðurlanda, svo sem Dagmarleikhúsið í Kaupmannahöfn og Þjóðleikhúsið í Kristjaníu, meta þennan unga höfund svo mikils, að þau ætla að láta leika leikrit hans. Og jafnvel sjálfur leikhússtjóri Þjóðleikhússins, Vilhelm Krag, sagði við mig í fyrra, að hér væri upp runnin mjög einkennileg og eftirtektaverð stjarna í bókmentaheimi Norðurlanda, þar sem Jóhann væri. Slíkt er álit hans þegar orðið í framandi löndum, þessa unga Íslendings. Og svo skyldum vér, landar hans, ekki vilja sinna honum að neinu. Það væri hneyxli! Hvað lægi þá nær, en að Danir, sem hann elur aldur sinn hjá, reyndu að draga af honum Íslendingsheitið, og teldu hann til sín, líkt og Thorvaldsen og Finsen. En svo fer betur, að vorir miklu menn hjá stórþjóðunum, eru löngum þjóðhollari og tryggari við ætterni sitt og þjóðerni, en þeir sem mest guma hér heima af þjóðrækni sinni. Sjáum vér þar einmitt dæmin af þeim Jóhanni og Einari Jónssyni, sem báðir, hvor um sig, sýna nú í hinni fegurstu mynd, að þeir ekki fyrirverða sig fyrir sitt fátæka og smáa þjóðerni, en kannast við að þeir eru Íslendingar, og sanna, að þeir eru góðir Íslendingar. Það væri því eigi aðeins til þess að forðast vansa, heldur miklu fremur væri það mikill vegur fyrir alþingi, að sýna það með fjárframlögum hér, að það kann að meta gildi góðra og mikilhæfra Íslendinga.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Hvað snertir br.till. um að styrkja Jóhann skáld Sigurjónsson, þá skal eg taka fram, að mér dettur ekki í hug að rýra þennan mann að neinu leyti; eg veit að hann er af góðum ættum, en hinsvegar sýnist mér að beri að gæta þess, að hann hefir ritað á dönsku. Mér sýnist öll vorkunn til þess að styrkja menn, sem rita á íslenzka tungu, en sýnist okkur ekki farast að vera að styrkja menn í öðrum löndum, enda þótt þeir hafi verið lofaðaðir í erlendum blöðum. Hinir, sem rita á íslenzku, eru íslenzkir söngfuglar, sem vér skiljum og þykir vænt um. Og úr því að háttv. 4. kgk. taldi manninum það til gildis, hvað hann skrifaði vel dönsku, þá þætti mér rétt að Danir styrktu manninn eitthvað.

Eg hirði svo ekki að svara mörgum orðum þeim almennu athugasemdum, sem háttv. 4. kgk. talaði um fjárhaginn. Eg vildi auðvitað helzt að þingið skildi svo við fjárlögin, að tekjuafgangur gæti orðið, en eg vil hinsvegar ekki draga svo mikið saman seglin, sem háttv. þm. talaði um.

Það atriði, sem háttv. þm. Strand. talaði um, ójöfnuðinn milli póstafgreiðslumannanna hér í Reykjavík, skal eg ekki fjölyrða mikið um; en hann getur tæplega verið mikill, úr því að póstmeistari hefir hvergi um það talað. Og mér sýnist þessi maður hefði fyrst átt að snúa sér til póstmeistarans, og koma þá leið til alþingis; hitt er óviðkunnanlegt, að ganga alveg framhjá þeim manni, sem mest hefir með þetta mál að gera, og bezt þekkir til.

Eg skal svo ekki þreyta hina háttv. deild á lengri ræðu. Atkvæði skera úr, og hvort sem haldin er tólf álna löng ræða eða ekki, þá er ekki líklegt að breyttust skoðanir manna.

ATKV.GR.:

1. br.till. við 12. gr. 4 (563) sþ. með 7 : 3.
2. br.till. við 13. gr. A. I. b. 1. (565) feld með 10 : 3.
3. br.till. við 13. gr. B. III. 6. (565) sþ. með 11 samhlj. atkv.

4. br.till. við 13. gr. B. XII. (565) sþ. án atkv.gr.
   Athugas. sþ. í e.hlj.
5. br.till. við 13. gr. B. XIII. (565) sþ. með 8:1.
6. br.till. við 14. gr. B. IV. c. 11. (571) sþ. með 7:5.
7. br.till. við 14. gr. B. IV. c. 11. (556): Fyrri hluti br.till. sþ. með 12 samhlj. atkv.
   Síðari hluti br.till. fallinn án atkv.gr.
8. br.till. við 14. gr. B. VIII. d. (572) sþ. í e. hlj.
9. br.till. við 15. gr. 2. b. (570) sþ. með 7:1.
10. br.till. við 15. gr. 3. b. (570) sþ. með 8:5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelss.,	Steingrímur Jónsson,
Ari Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,	Lárus H. Bjarnason,
Gunnar Ólafsson,	Sigurður Stefánss.,
Jens Pálsson,	Stef. Stefánss.,
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Sigurður Hjörleifss.	

11. br.till. við 15. gr. 14. (556) sþ. með 8:1.
12. br.till. við 15. gr. 15. (539) sþ. með 8 samhlj. atkv.
13. br.till. við 15. gr. 23. (556) sþ. með 8:5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingímur Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ari Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,	Jósef Björnsson,
Gunnar Ólafsson,	Júlíus Havsteen,
Jens Pálsson,	Sigurður Stefánsson.
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Stefán Stefánsson.	

14. br.till. við 15. gr. 23. (564) feld með 8:3.
15. br.till. við 15. gr. 39. (556) sþ. með 8 samhlj. atkv.
16. br.till. við 15 gr. 40. (548) feld með 7:6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Jens Pálsson,	Steingr. Jónsson,
Jósef Björnsson,	Ágúst Flygenring,
Lárus H. Bjarnsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifss.,	Gunnar Ólafsson,
Stefán Stefánsson.	Júlíus Havsteen,
	Sigurður Stefánsson.

17. br.till. við 16. gr. 23. (572) sþ. í e. hlj.
   Frumvarpið með breyt. samþ. í e. hlj. og sendist til forseta Nd.

Ein umræða í efri deild, 4. maí; (A. 689, 709, 710, 717, 720, 723).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Nefndin hefir gert töluverðar breytingar við frumv.að þessu sinni, en mörgum þeirra er svo varið, að nefndin gat ekki vegna hins stutta tíma látið uppi skoðun sína á þeim í nefndarálitinu. — 20. gr. frv. er aflagislega úr garði gerð, því svo var til orða tekið, að jafna skyldi tekjuhallann með tollaukalögum, sem lögð höfðu verið fyrir þingið. Nú er þetta frumv. orðið að lögum, og lægi því beinna við að vísa til þeirra sem staðfestra laga. En þar af leiddi að taka varð tekjuaukann upp í frumvarpið; nefndin var í fyrstu í vafa um hvað hún ætti að gera, en kom sér þó saman um, að það væri réttast að hækka tilsvarandi tekjuliði í 2. gr., sem samsvaraði þeirri tekjuhækkun, sem hún áleit að mundi fást af tollaukanum. Fyrsta br.till. nefndarinnar er því við 2. gr., og er um það, að áfengistollurinn sé hækkaður úr 190000 upp í 280000 kr. hvort árið; það er þannig gert ráð fyrir 90000 kr. tekjuauka af þessum lögum. Ef hækkunin væri miðuð við aðflutninginn á áfengum drykkjum seinustu 3 árin, þá ætti hækkunin að vera meiri, nfl. 160000 kr., en

nefndin gengur út frá, að tollaukalögin hafi minkandi áhrif á aðflutninginn, og þar að auki er hér mikið komið undir árferði og öðrum atvikum, sem er svo varið, að þau knýja til sparnaðar, en sá sparnaður hlýtur að koma mest niður á þeirri vöru, sem menn geta bezt án verið. Nefndinni þótti því ekki ráðlegt, að miða við þriggja undanfarinna ára aðflutning, og þótti hæfilegt að ákveða hækkunina á þessum lið 90000 kr.

Sama er að segja um tóbakstollinn, að nefndinni þótti ekki ráðlegt að hækka hann að sama skapi og gjöra ætti, ef miðað væri við 3 undanfarin ár, en sú hækkun yrði 67 þús. kr. á ári. En nefndin leggur til að í þess stað verði hækkunin á þessum lið áætluð 27 þús. kr. lægri, nfl. 40 þús. kr. og sá liður (tóbakstollurinn) því allur 180 þús. kr. í stað 140 þús. En þó þessi liður sé ákveðinn 27 þús. kr. lægri en eftir þriggja ára meðaltalinu, þá er liðurinn »annað aðflutningsgjald«, sem í frumv. er ákveðinn 17 þús. kr., af nefndinni hækkaður um 8 þús. kr. upp í 25000 kr. hvort árið. Það má að nefndarinnar skoðun gera ráð fyrir, að minni rýrnun verði á þessum síðasta lið vegna tollhækkunarinnar en hinum fyrnefndu liðum, einkum þegar litið er til þess, að tolluð er ný vara, sem fellur undir hann, nfl. kakaó.

Hækkun nefndarinnar nemur því:

Á vínfangatolli	90.000 kr.
á tóbakstolli	40.000 —
á »annað aðfl.gjald« . . .	8.000 —
Samtals	138.000 kr.

Þegar þetta er borið saman við tollaukafrumv. stjórnarinnar, sést að stjórnin að vísu fer eftir aðflutningnum um 3 undanfarin ár, og áætlar tekjuaukann um 240 þús. á fjárhagstímabilinu, en þó álítur hún, eins og nefndin, það varlegra að ákveða ekki upphæðina svona háa og dregur 30% frá. En nefndin vill fara enn varlegar í sakirnar og ákveður því tekjuaukann 22 þús. krónum lægri en þessi lækkaða áætlun stjórnarinnar.

Eg hygg nú að eg hafi í nefndarinnar nafni gjört grein fyrir hækkuninni á þessum liðum og fyrir ástæðu hennar til þess, nfl. orðalaginu á 20. gr. Þessu líku hefir verið fylgt á þingi áður, svo hér er fordæmi fyrir.

Þá eru breyt.till. nefndarinnar á þskj. 710; fyrir þeim er að mestu gerð grein í nefndarálitinu, svo eg get verið stuttorður um þær. Eg hirði ekki að tala um einstök atriði, því að eg treysti því að háttv. deild hafi ekki breytt skoðun sinni á málinu. Ástæðurnar hafa að engu leyti breyzt í þá átt, að fara fram á svo mikla hækkun, sem hér ræðir um.

Næsta breyt.till. er á þskj. 710 við 13. gr. c. 2. Nefndin leggur til, að þessi liður verði færður úr 45 þús. kr. niður í 39 þús. kr. hvort árið. Það er gerð grein fyrir þessari lækkun í nefndarálitinu. Þar sem sérstakur bátur á að ganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reykjavíkur, þá sýnist ekki þörf á að veita 12000 til Austfjarðabátsins. Í sambandi við þetta hefir nefndin lagt það til, að Norðurlandsbáturinn fá 12000 kr. í stað 6000, og er honum þá ætlað að ganga frá Húnaflóa til Seyðisfjarðar, og hafa miðstöð á Akureyri. Nefndinni virtist þessi upphæð, 12000 kr., ekki of há, en jafnframt ætlast hún til, að stjórnarráðið semji ferðaáætlun fyrir bátinn, eða samþykki hana.

Þá er breyt.till. við 13. gr. D. II. 2. Nefndin hafði upprunalega fært þennan lið úr 10 þús. niður í 5 þús. kr., en fékk þá upplýsingar hjá símastjóranum um, að þessi upphæð væri með öllu ónóg, og hefir því lagt til, að liðurinn verði hækkaður aftur um 2000 kr., enda hefir hún náð þessum 2000 með því að færa D. VI. niður að sama skapi úr 10000 kr. í 8000. Nefndin áleit að þessar 8000 kr. mundu nægja til viðhalds landsímanna, og

það því fremur, sem mjög lítið er um nýjar línur á þessu fjárhagstímabili. Þetta er því engin hækkun á frv., heldur aðeins jafnaður.

Næst er breyt.till. við 13. gr. E. I. a. Eftirlitsmaður vitanna fæst ekki til að taka verkið að sér fyrir þá upphæð sem Ed. hafði ákveðið. Nd. hækkaði því launin um helming. Nefndin hér í Ed. verður þó að líta svo á, að þessi maður sé svo vel launaður af landsjóði, að upphæð Ed. hefði átt að vera næg tekjuviðbót. Nú vill nefndin þó fara meðalveg, og hækka um 200 kr. frá því er hún varð ásátt um fyrra sinnið.

Svo kemur að 15. gr. Fyrst er breyt.-till. við 14. lið um að færa styrkinn til þess, að gefa út rit um þjóðréttarstöðu Íslands, úr 5000 kr. niður í 2500. Eg skal ekki fjölyrða um þessa breyt.till., en aðeins geta þess, að ástæður nefndarinnar eru þær sömu nú, sem fyrri daginn.

Svo kemur að þessum styrkveitingum, sem eg vil einu nafni kalla orðabókarstyrki. Meiri hluti nefndarinnar hefir lagt til, að færa styrkinn til Jóns ritstjóra Ólafssonar úr 1500 kr. niður í 960 kr. eins og áður var gert, og styrkurinn til Jóns Ófeigssonar ræður hún til að sé alveg feldur burt. Það var tekið fram um daginn, að það væri minst nauðsyn á þýzk-íslenzkri orðabók, því að allflestir, sem stunduðu þýzkunám kynnu áður dönsku, og gætu því notað þýzk-danskar orðabækur. Nefndin verður líka að álíta, að hér sé um mjög svo óarðvænlegt fyrirtæki að ræða, þar sem öll líkindi eru til, að forleggjari mundi aldrei fást til að gefa bókina út. En eigi liðurinn að standa, þá er það óforsvaranlegt, að hann sé engum skilyrðum bundinn né fjárveitingarvaldinu gefin nokkur trygging fyrir því að verkið verði unnið.

Hvað snertir breyt.till. við 16. gr. 5., þá hefir nefndin haldið fast við skoðun sína um það atriði. Hún lítur svo á, að 500 kr. verði að vera nógur styrkur í bráð. Það má vel vera að eitthvert gagn geti verið að þessum skóla, en nefndin vill þó ekki leggja fram meira fé að þessu sinni. Það er hvort sem er sennilegt, að leitast verði við að hækka liðinn síðar.

Þá kem eg að 12. br.till., sem er við 16. gr. 11. Nd. hafði lækkað þennan lið til sandgræðslu um 500 kr. En nefndinni hér var ekki ljóst hversvegna hún hafði gert það, og áleit því rétt að hækka liðinn aftur eins og hann var á frv. stjórnarinnar.

Síðasta br.till. er við 22. gr. 10. Hún er viðvíkjandi byggingarláninu til Björgvins sýslumanns Vigfússonar. Nefndinni þótti hækkunin óþörf og sýnist 4000 kr. lán fullgott, þar sem ekki á nota það til annars en að byggja eitt íbúðarhús. Annars er nefndin í miklum vafa um hvort rétt sé að veita sýslumönnum slík lán. Það er fyrirsjáanlegt, að ef byrjað er á slíku, þá munu embættismenn koma í hópum með samskonar lánsbeiðnir. Og það er öll ástæða til þess að fara varlega út í lánveitingar að svo stöddu, þó mönnum sýnist nægar tryggingar vera gefnar. Eg vil í sambandi við þetta geta þess, að mér sýnist 22. gr. í heild sinni hreinasta hneyxli, því að nú er svo lítið fé fyrir hendi sem hægt er að lána, að það mundi sennilega ekki nægja til $^1/_{10}$ af því sem lofað hefir verið. Þessar lánveitingar gera því ekki annað en að vekja vonir hjá mönnum, sem svo ekki geta rætt. Eg skal ennfremur taka það fram, að engin flokkun hefir verið gerð á þessum lánveitingum; þær eru ekki veittar eftir neinum reglum eða eftir nauðsyn, svo að það er viðbúið að þær muni koma stjórninni í vanda. Lánbónir hafa aldrei komið svo margar til

þingsins sem nú. Það má heita að hver þingmaður gangi með lánbeiðni í vasanum. Eg skal svo ekki lengja umræðurnar frekar, en kann að taka aftur til máls seinna.

Steingrímur Jónsson: Eg skal leyfa mér stuttlega að gera grein fyrir breyt.till. minum á þgskj. 717.

1. breyt.till. fer fram á hækkun á fjárveitingunni til Reykjadalsbrautarinnar úr 10000 upp í 15000 kr., eða að láta hana verða eins og hún var í frumvarpi stjórnarinnar. Það er ekki veitt svo mikið til vega að vert sé að klípa af þessari upphæð, úr því á að veita nokkuð á annað borð. Akbrautin liggur líka yfir hraun suður með Laxá, sem er svo að kalla ófært. 10000 kr. mundu máske nægja til þess að komast út úr hrauninu, en alls ekki meira. Hinsvegar verður að líta á það, að verkfræðingar álíta ekki praktiskt að vinna fyrir minni upphæð en 15000, úr því verður að ráða vinnuflokk til að vinna í afskektu héraði sumarlangt. Enn ber að gæta þess, að þessi akbraut ætti í rauninni að vera komin lengra en hún er.

2. breyt.till. er við 13. gr. C. 1. Hún fer fram á, að niðurlag athugasemdarinnar sé felt burt. Athugasemdin er bygð á tilboði frá Sameinaða gufuskipafélaginu, sem ekki er skuldbindandi, en má aðeins skoðast sem samningstilboð til hvers sem vera vill. En niðurlag athugasemdarinnar byggist ekki á ákveðnu tilboði. Eg álít að alþingi eigi ekki að ganga að samningum um svo langan tíma, nema því berist ákveðið, sæmilega gott tilboð. Hér er ekki svo; þessi athugasemd er mjög óákveðið orðuð, út í loftið. »Mun betri ferðir» er alveg óákveðið; þar er ekkert talað um að við fáum ný, betri skip, sem svari kröfum tímans, og okkur er nauðsyn að fá. Vér yrðum t. d. að fá kælirúm í skipin, og þau mættu ekki vera einungis til málamynda. Fjárlaganefndin hefði átt að hafa teikningar af vissum skipum o. s. frv. Eg teldi miklu betra ef stjórninni tækist að leggja ákveðið tilboð í þessa átt fyrir þing 1911. Niðurlag málsgreinarinnar fer fram á nokkrar ferðir til Hamborgar. Þetta ákvæðið virðist mér líka óákveðið og enda hættulegt. Mér virðist ekki skip okkar eiga þangað erindi ennþá. Því þó að við fáum að vísu töluvert af vörum frá Þýzkalandi, þá höfum vér þar enga verzlun sjálfir, vér höfum enga credit. Alt sem þaðan kemur hingað, kemur gegnum milligöngumenn. Mér sýnist það, að setja svona ákvæði inn, vera nokkuð sama sem að byrja á neglunni við bátasmíði. Það væri annað mál, ef vér hefðum haft ráðunaut á þessum stað til þess að ryðja þar íslenzkri verzlun braut. Slíkum ráðunaut er eg meðmæltur, og væri æskilegt, að stjórnin gæti undirbúið það mál.

3. br.till. er við 13. gr. D. II. 1. Eins og nú stendur í frv. er að eins farið fram á eina nýja símalagning. Eg hefi leyft mér að stinga upp á nýjum lið við þetta, sem sé að strengja síma frá Rvík til Borðeyrar og frá Akureyri til Valla. Í frv. stjórnarinnar var farið fram á að strengja síma frá Rvík til Borðeyrar með tvöföldum koparþræði, en var svo felt í þinginu. Nú hefir símastjórinn gert grein fyrir, að erfitt sé að ná sambandi við Norður- og Austurland og eins til útlanda síðan Ísafjarðarálman var opnuð til afnota. Sérstaklega hafa orðið brögð að þessu síðan skip byrjuðu að ganga til Vesturlandsins nú í vor.

Það hefir nú verið varið 700,000 kr. til símalagninga hér, og reyndin hefir orðið sú, að þessu fé hefir verið vel varið. Það hefir þegar borið mjög góða vexti. En þá verður líka að halda símakerfinu í mjög góðu standi, og til

þess er nauðsynlegt að strengja viðbótarþræði norður til Borðeyrar.

Í stjórnarfrumvarpinu var gert ráð fyrir aukaþræði frá Reykjavík til Borðeyrar, sem mundi kosta 48 þús. kr. En nú hefi eg fengið þær upplýsingar hjá símastjóranum, að kopar hafi fallið í verði, og mundi þráðurinn því ekki kosta meira en 45 þús. kr.

En ef þessi tillaga skyldi falla, þá óska eg eftir, að borin verði upp varatillagan um að leggja koparþráð frá Reykjavík til Norðtungu. Eftir sögn símastjórans mundi það verða til töluverðra bóta, þó að þráðurinn næði ekki lengra, því að þá væri fyrirbygð sú truflun, sem annars kann að stafa af Akraness- og Borgarnesslínunum þegar þær koma. Væri því með þessu bætt úr brýnustu nauðsyninni.

Þá eru 12 þús. kr. til aukaþráðar frá Akureyri til Valla í Svarfaðardal. Sú tillaga er bygð á upplýsingum frá landsímastjóranum, og skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þann kafla í bréfi hans, sem að þessu lýtur:

»Í sambandi við þetta vil eg taka fram, að nauðsynlegt verður að strengja nýja talsímalínu milli Valla og Akureyrar, ef hin fyrirhugaða símalagning til Siglufjarðar verður samþykt.

Þegar í fyrra var þetta línusvæði svo mikið notað, einkanlega í júlí og ágústmánuði, að gegnumgangssamtölum seinkaði talsvert, þar eð þau urðu að bíða þess, að afgreidd væru innbyrðis samtöl og símskeyti milli stöðvanna: Akureyrar, Fagraskógs, Hjalteyrar, Valla og Dalvíkur; þar við bætist í ár Ólafsfjörður«.

Þegar það er nú upplýst, að þessi lína var svo mikið notuð í fyrra sumar, að það seinkaði mjög samtölum, þá má geta nærri, hve mikil brögð verða að slíkri truflun í sumar, þar sem bætt hefir verið við Fáskrúðsfjarðar-síma, Húsavíkur-síma og Ólafsvíkur-síma. En svo bætist Siglufjarðar-síminn enn þar við og aukast þá vandræðin um allan helming. Því að sú lína verður eflaust svo mikið notuð, að það verður til að eyðileggja að miklu leyti gagnið af landsímanum, ef ekki verður aðgert. Þess vegna er bráðnauðsynlegt að fá aukaþráð til Valla, og eg vona, að háttv. deild samþykki þá tillögu. Ef sá aukaþráður verður ekki lagður, þá er það sama sem að fleygja frá sér alveg vísum ágóða, sem nemur miklu meiru en vöxtunum af þeirri upphæð, sem aukaþráðurinn kostar. Það er óhætt að fullyrða, að tekjuaukinn mundi nema jafnvel þúsundum strax á næsta sumri. Og eg vil benda á það, að ef deildin vill ekki samþykkja þessar 12 þús. kr. fjárveitingu, þá er sjálfsagt að fella Siglufjarðarsímann, því að þá kæmi hann ekki að neinu verulegu gagni fyrir Siglufjörð, en yrði hins vegar til ómetanlegs ógagns fyrir aðra landshluta. Þess vegna er það varatillaga mín, að Siglufjarðarsíminn, liður 1, verði feldur burt ef aukaþráðurinn verður ekki samþyktur, og bið hæstv. forseta að haga atkvæðagreiðslunni eftir því.

Þá vil eg minnast nokkuð á breyt.till. á þgskj. 710. Eg var ekki sammála meiri hluta nefndarinnar um að fella burtu fjárveitinguna til brúar á Norðurá. Eg álít óhæfilega lítlu fé varið til samgöngubóta í landinu eftir þessum fjárlögum. Það hefir verið góð og gild regla að byggja að minsta kosti eina stóra brú á hverju fjárhagstímabili. Þeirri reglu ættum við að halda enn. Nú hefir Rangárbrúin verið feld, og þá vil eg ómögulega láta Norðurárbrúna falla líka.

Sama er að segja um Grímsnesbrautina. Þar er um nauðsynlega vegabót

að ræða, og eg sé enga ástæðu til að fella burtu þessa 10 þús. kr. fjárveitingu til hennar.

Þá er Lagarfljótsbrúarvegurinn. Fjárveitingin til hans er víst komin inn á fjárlögin að tilhlutun hæstv. ráðherra eftir samráði við verkfræðing landsins, og eg álít því, að hún hljóti að vera bygð á góðum rökum. Eg get því ekki verið samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að fella niður þessa fjárveitingu.

Þá er 13. gr. E. I. a., það eru 1000 kr. laun til eftirlits með vitum. Þann lið vill meiri hluti nefndarinnar lækka niður í 700 kr., en um það get eg ekki verið henni samdóma. Þegar frumv. kom hingað til deildarinnar, þá þótti mér sú upphæð alt of lág, 1500 kr., sem ætluð var til eftirlits með vitum. Vitakerfið er orðið svo stórt, að það hlýtur að útheimta mikið eftirlit ef vel á að vera. Og það ríður á að eftirlitið sé gott. Það er hægt að forsvara það, að hafa enga vita; en það er alveg óforsvaranlegt, að þeir vitar, sem til eru, séu vanræktir. Það sér hver maður, hve mikil hætta getur af því stafað, ef viti er ýmist með ljósi eða ljóslaus. Starfræksla vitanna má til að vera í góðri reglu, og því þarf eftirlitið að vera sem allra bezt. — Mér þótti 1500 kr. of lítið, en eingöngu af því, að Krabbe lýsti því yfir, að hann gerði sig ánægðan með 1000 kr. laun auk ferðakostnaðar, þá var eg samþykkur því að hafa fjárveitinguna ekki hærri en það, auk 500 kr. til ferðakostnaðar. En nú vill nefndin klípa af upphæðinni og ætlar manninum ekki nema 700 kr. laun fyrir svona umfangsmikið og áríðandi starf. Þessu get eg ekki verið samdóma, og vona að háttv. deild verði á sama máli. Því fremur sem verkfræðingur Krabbe hefir lýst því yfir, að fyrir svo litla borgun gæti hann ekki tekið að sér starfið.

Hvað snertir styrkinn til að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, þá er eg sammála nefndinni um að færa þennan styrk niður. Eg hefði þó helzt viljað fella hann alveg. Ekki af því, að eg sé á móti málinu í raun og veru, heldur af því, að eg vil ekki láta þennan styrk standa sem pólitískt agn á fjárlögunum. Það væri betra að veita slíkan styrk eftir á, þegar ritið er búið.

Hinar breyt.till. nefndarinnar eru svo smáar, að eg sé ekki ástæðu til að fara neitt út í þær. Þó vil eg að eins minnast á 1000 kr. styrk til Jóninu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds. Þann styrk vill nefndin færa aftur niður í 500 kr. Eg skil ekki í þessari grimd í nefndinni, því að hún hefir annars samþykt ýmsa bitlinga, sem minna hafa til síns máls. Þessi kvenmaður hefir lagt töluvert fé sölurnar og hefir sýnt mikinn áhuga og dugnað í að halda uppi slíkri fræðslu. Á Norðurlandi er mikill áhugi á þessu máli og kenslan mjög mikið sótt, enda er hér um að ræða þann fróðleik, sem almenningur hefir þörf fyrir. Eg skil sízt í því, ef háttv. deild fer að lækka þennan styrk í annað sinn. Það var sök sér að gera tilraunina um daginn, en úr því Nd. vill halda fast við 1000 kr. styrk, þá finst mér að háttv. deild ætti ekki að halda þessari 500 kr. lækkun til streitu.

Ráðherra (B. J.): Háttv. nefnd vill koma Borgarfjarðarbrautinni fyrir kattarnef. En eg get ekki talið það hyggilegt. Eg vil taka í sama streng sem háttv. 4. kgk. þm., að mér sýnist ekki forsjálni í því að hætta sama sem alveg við vegabætur á þessu fjárhagstímabili. Eins og eðlilegt er, hefir þinginu vaxið það í augum eftir því sem nú er ástatt fyrir landsjóði, að ætla sér að brúa 2 allstórar ár á sama fjárhagstímabili, Rangá og Norðurá. En þegar

búið er að fella burtu Rangárbrúna, þá finst mér of langt farið, ef Norðurárbrúin verður feld líka. Það er nokkuð aumingjalegt, að treysta ekki landinu til að gera eina brú á fjárhagtímabilinu, brú, sem kostar ekki nema 30 þús. kr. Það má ekki leggja alveg árar í bát með vegagerðir, og gera ekki annað en halda við þessum vegaspottum, sem til eru. Enda er þarflaust að fara svo frekt í sakir. Þessi Borgarfjarðarbraut er ekki nema hálfgerð ennþá, en brúin á Norðurá mundi auka gagn hennar að miklum mun. Þetta er akbraut, sem liggur um fjölmennar og blómlegar sveitir. Hún nær nú ekki lengra en upp að Norðurá, en þegar brúin er komin yfir hana, er þar með búið að koma öllum Stafholtstungum í akbrautarsamband við kauptúnið (Borgarnes). Ef þessari brúargerð verður frestað nú, verður vafalaust talið sjálfsagt að láta þá vegabót ganga fyrir öðrum á næsta þingi og þá væntanlega veitt fé til hennar í fjáraukalögum og brúin þá væntanlega lögð sumarið 1911. Þá verður það ekki mikið fé, sem sparast á biðinni; það verða í mesta lagi eins árs vextir af þessum 30 þús. kr. Eg tel miklu gagnlegra að halda áfram þeim brautum, sem hálfgerðar eru, heldur en að vera að leggja spotta og spotta hér og hvar, en lúka hvergi verkinu svo, að fullu gagni komi.

Líkt má segja um 10 þús. kr. fjárveiting til Grímsnesbrautar, sem nefndin vill einnig fella. Þar stendur svo á, að Sogsbrúin kemur að nauðalitlu gagni, þangað til gert verður við torfæru, sem þessi fjárveiting á að ganga til.

Líkt stendur á um Reykjadalsbraut. Þar má greiða veg yfir verstu torfærurnar fyrir 10 þús. kr.

Þessar fjárveitingar allar vil eg láta standa, en einkum legg eg áherzlu á Borgarfjarðarbrautina eða brúna á Norðurá.

Þá vill nefndin fella burt 4000 kr. til Lagarfljótsbrúarvegar. Þar þekki eg ekki til sjálfur, en eftir skýringu verkfræðings landsins get eg mælt með því, að þessi liður verði látinn standa. Fagradalsbrautin liggur ekki að brúnni á Lagarfljóti, heldur að Egilsstöðum, sem er nokkuð ofar við fljótið. Sá sem vill komast yfir fljótið með vagnflutning, verður því að taka af vagninum á Egilsstöðum, því að hann getur ekki komizt að brúnni vegna torfæru, sem þar er í milli. Þegar úr þessu má bæta með 4000 kr. fjárveitingu, þá finst mér ekki horfandi í það. Því að eg geri ráð fyrir, að það sé mikilsvert fyrir flutningsmanninn, að komast með vagninn yfir brúna, og að það sé svo greiðfært hinumegin, að vagninn geti haldið áfram þaðan.

Þá hefir háttv. 4. kgk. þm. amast við heimildinni, sem stjórninni er veitt í 13. gr. c. 1., til þess að semja um gufuskipaferðirnar fyrir 10 ára tímabil með tilteknum skilyrðum. Eg sé ekkert athugavert við þessa heimild og skil ekki, hvernig hún gæti orðið vanbrúkuð. Hún getur orðið til þess, og á að verða til þess, að knýja fram betri kosti en annars væri hægt að fá. Aðalatriðið er það, sem líka er gert að skilyrði, að samningur takist um skip, sem væru svo útbúin, að þau gætu flutt út nýjar vörur frá Íslandi í kælirúmi. Það er skýrt tekið fram, að minst tvö skipin skuli vera með kælirúmi. Þetta er aðalatriðið, að fá skip, sem þannig eru útbúin, og þetta var aðalkosturinn við Thore-tilboðið í augum þeirra manna, sem því boði vildu sinna. Ef þessu verður kipt í gott lag, verð eg að telja vel til vinnandi að ganga að 10 ára samning. En eg geri hins vegar ekki

ráð fyrir, að nokkur stjórn geri sig ánægða með svo lítilfjörleg kælirúm, að þau kæmu ekki að verulegu gagni.

Háttv. þm. vildi ekki telja það kost á slíkum samningi, þó að beinar samgöngur fengjust til Hamborgar. Þetta get eg ómögulega skilið. Háttv. þm. bar það fyrir, að íslenzkir kaupmenn hefðu ekki lánstraust á Þýzkalandi. Þetta getur vel verið. En þá eru beinar samgöngur fyrsta skilyrðið til þess, að afla sér þessa lánstrausts, sem nú vantar. Að hafa á móti beinum samgöngum við Þýzkaland getur ekki þýtt annað en það, að vilja halda verzlunarviðskiftum landsins í sem föstustu tjóðurbandi við Danmörku. Nú þegar er mikið keypt af vörum frá Þýzkalandi, þrátt fyrir það að þær verða allar að koma hingað til landsins gegnum Danmörku. Þessi þröskuldur stendur í vegi fyrir því, að viðskiftin við Þýzkaland aukist, líklega til stórskaða fyrir verzlun landsins. Eg get ekki skilið, með hverjum rökum er hægt að hafa á móti því, að koma á beinum samgöngum við Þýzkaland, jafnhliða samgöngunum við Danmörku.

Eg álít að þessi athugasemd gæti orðið til góðs. Að vísu má segja, að ekki séu miklar líkur til þess, að slíkur samningur takist, en þá nær það mál ekki lengra.

Þá er fjárveitingin til rits um þjóðréttarstöðu landsins. Eg skil ekki vel afstöðu háttv. deildarmanna til þess máls. Þeir menn, sem koma vilja sem lengst áfram sjálfstæðismáli þjóðarinnar, þeir vilja nema við neglur sér fjárframlag til þess, að rita svo vel um málið, að til gagns verði og sæmdar þjóðinni. Eg lít svo á, að það væri ekki lítils virði, að eiga »monumentalt« ritverk um þetta mál. Slíkt rit hlyti af hafa það sönnunarmagn, sem frekast væri hægt að fá um ýms atriði í þjóðréttarsögu landsins. En til þess að ritið geti orðið svo vel úr garði gert, má ekki skera fjárframlagið mjög naumt við neglur sér.

Það er ekki til neins að tala um borgun eftir á fyrir slíkt verk. Það dettur engum hæfum manni í hug, að leggja út í svo stórt og mikið starf, án nokkurrar tryggingar fyrir því, að hann fái endurgjald fyrir fyrirhöfn sína. Auk þess sem fæstir hafa tök á að eyða tíma sínum til slíks kauplaust, meðan að því er unnið. Því að allir verða þó fyrst og fremst að hugsa um að hafa í sig og á. Eg lít svo á, að það sé naumast sæmilegt, að pína þetta fjárframlag svo mikið niður, að sýnilega verði ekkert af verkinu.

Hér er í lánveitingagreininni gert ráð fyrir 6 þús. kr. til embættisbústaðar handa sýslumanninum í Rangárvallasýslu. Það er stungið upp á að færa þetta niður í 4 þúsund. Það er sitt hvað sem mælir með því, að þessi fjárhæð (6 þús.) sé ekki færð niður, heldur látin standa, og ívilni þá landsjóður jafnframt um vöxtu af 2000 kr. Viðlagasjóður stendur jafnréttur eftir sem áður, og það væri smámunasemi, að láta sig muna um slíkt. Það er auk þess svo mikið hagræði fyrir landið, að fastir embættisbústaðir komist á fyrir sýslumenn (og enda lækna), eins og vér höfum lengi haft fasta embættisbústaði fyrir presta. Og sé hægt að koma því til leiðar með svona litlu framlagi, þó ekki sé nema í einni sýslu í þetta sinn, þá finst mér algjörlega rangt, að láta sig muna um slíkt.

Um ritsímafjárveitingar hafa verið dregin allmjög saman seglin á þessu þingi, meðal annars neitað 68 þús. til umbóta (tvöföldunar) á Ísafjarðarsímanum, og ennfremur neitað um fyrirhugaðan síma frá Búðardal til Stykkishólms. Þetta virðist mér sæmilega langt farið í því, að hefta viðkomu á þessum samgöngufærum. Þó hefir verið annars

vegar stungið upp á nýjum símum og símaspottum annars staðar á landinu eða umbótum á þeim, þar á meðal spottanum milli Akureyrar og Valla og milli Reykjavíkur og Norðtungu. Skilst mér eftir skýrslu símastjórans, að þessar umbætur muni gera töluvert gagn og gera þessar símaleiðir miklum mun gagnsmeiri en áður. En það er um símana að segja yfirleitt, að þótt þeir séu að öllu samanlögu byrði á landsjóði, þá ber á það að líta, að það væri misrétti við einstakar sýslur og landshluta, ef þeir væru gerðir afskiftir í samanburði við aðra, og virðist þá rétt að fara sem lengst í því, að skaðlausu landsjóði, að gera sýslunum sem jafnast undir höfði. Og ber á það að líta, að notkun símanna fer á ári hverju vaxandi. Mér hefði fundist réttast, að gjörð hefði verið í upphafi áætlun um, hvar síma skyldi leggja um land alt, og ætlað til þeirra eitthvað tiltekið á hverju ári eða tekið lán, og því jafnað á 10—15 ár eða svo.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson):[1]) Eg hefi það að segja um breytingartillögurnar viðvíkjandi símunum, að eg er hvorki samdóma 4. kgk. þm. eða ráðherra um, að þar sé sparnaður rangur. Og hvað Siglufjarðarsímann snertir, þá er alt hið sama að segja, Eins og mér hefir skilist á 4. kgk. þm. og símastjóranum, þá er ætlunin, að þessi nýi sími verði ekki fullkominn, og óvíst að hverju haldi hann kemur. Eg mun þó vera með Valla-símanum. En eg skil hins vegar ekki, hvers vegna endilega þarf þar að vera koparþráður; og hlít eg að álíta, að stálþráður muni nægja, þar sem hann flytur nær eins vel og koparþráður. Ef því miklu munar á verði stálþráðar og koparþráðar að Völlum, þá er rétt að velja hinn ódýrari, og það því fremur, sem stálþráður mun að öllu samtöldu reynast alt að því jafngóður.

Hvað snertir athugasemdina við 13. gr. C., sem 4. kgk. þm. talaði á móti, þá hefir hæstv. ráðherra tekið af mér ómakið að svara því atriði, og skal eg ekki orðlengja um það, og hygg eg réttast að láta athugasemd þá standa. Og held eg að það geti orðið hvöt fyrir stjórnina til að fá betri kjör. Það er óhugsandi, að nokkurt félag gangi að slíkum skilyrðum, þegar ekki er um lengri tíma að ræða en að eins tveggja ára tímabil. Félag sem hefir góð skip fer ekki að ráða sig upp á svo stuttan tíma. Finst mér alls ekki hætt við að stjórnin muni misbrúka þessa heimild. Yrði stjórnin búin á næsta þingi að koma þessu í kring, þá liggur næst að hún á því þingi leggi fram gjörðir sínar.

Háttv. 4. kgk. þm. mintist nokkuð á viðskifti við Hamborg. Eg hygg að það sé rétt, að það mundi verða oss til mikils hagræðis, að fá aukin viðskifti við Hamborg; og bjóst háttv. ræðum. við, að það gæti orðið hlutverk verzlunarráðunautanna, að koma þeim á. En þó viðskiftin vaxi, til hvers væri það, ef flutningafærin vantaði; og er það í þessu efni hið fyrsta og sem mest á ríður, að koma þeim í gott horf. Einmitt þetta, að geta fengið beinar ferðir, er það sem svo afarmikið ríður á, og tel eg það eitt hið vandasamasta mál og jafnframt nauðsynjamál, að ryðja til hlítar þær brautir. Eg skal játa, að mér þykir athugasemdin hvergi nærri svo nákvæm sem skyldi; en eg treysti því jafnframt, að stjórnin muni ekki misbrúka heimild sína. En það kalla eg að misbrúka, ef gömul skip verða notuð til ferðanna, þó ferðirnar verði fleiri. Það þurfa að vera góð skip, sem notuð eru til ferðanna; það kemur alls ekki alt upp á að hafa

[1]) Ræða þessi virðist ekki hafa verið leiðr. Útg.

ferðirnar mjög margar, heldur miklu meira upp á hitt, að hafa skipin góð, samsvarandi tímans kröfum. Því tel eg vel til vinnandi, að hafa ferðirnar heldur færri, en fleiri ferðir með slíkum skipum sem dallar »Samein félagsins« eru, og sömuleiðis mörg af skipum Thore. Einmitt þetta álít eg að sé gott að komi fram og standi í þingtíðindunum, svo að stjórninni gefist kostur á að sjá, að þessi athugasemd hefir fram komið í þessu sambandi.

Viðvíkjandi kröfum verkfræðingsins um að fá 1000 kr. í viðbót til að taka að sér vitana, þá hefir því verið breytt. Aðgætandi er, að hin föstu laun hans eru 3000 kr. auk þessara 700 kr. í launaviðbót; og er þá ekki annað sjáanlegt, en að það sé full sæmileg upphæð. Að hann geti betur passað að á vitunum logi ef hann hefir þeim mun meira fé að launum sem til var tekið, er ekki takandi í mál.

Ráðherra talaði um, að full langt væri gengið í sparnaðaráttina hvað vegabæturnar snerti. En býsna langt er farið að segja, að nú megi heita hætt við vegabætur, þar sem þó ekki minni upphæð en 240 þúsundir ganga til vegabóta. Ræða hans í þessu efni sannfærði mig ekki; og atkvæði mínu breyti eg ekki. Hann sagði, að Grímsnesbrautin væri ekki í áætluninni; það er að vísu rétt. En 10 þús. kr. eru þó ætlaðar til að bæta verstu torfærurnar á henni, svo hún getur tæplega talist algjörlega afskift, þótt ekki sé hún sett sérstaklega á fjárlögin. — Viðvíkjandi vagnflutningunum við Lagarfljót er það að segja, að ráðherra taldi það sama sem að þeir tækist af, ef vegur væri ekki lagður. Það er alls ekki rétt hjá hæstv. ráðherra. Að vísu skal eg viðurkenna, að torfærur eru talsverðar á þeirri leið af völdum vatns, sem yfir veginn rennur; en oft er líka bezta færð á veginum; og yfir höfuð má það heita gæða reiðvegur. Að svo mæltu skal eg ekki lengja umræðurnar lengur í þetta sinn.

Steingrímur Jónsson: Ráðherra og framsögumaður eru samdóma um fjárveitinguna til gufuskipaferðanna. Annars get eg ekki skilið á hverju það byggist, að ekki hafi verið hægt að líta við tilboðinu í fyrra; það var ákveðið. Og þó þótti mér það varhugavert og ekki takandi nema með þeim varnagla, að stjórnin gæti styrkt fleiri félög. Þá lá og fyrir að byggja tvö ný skip. Þetta er alt annað en sú óákveðna heimild, sem nú er um að ræða. Það er hverju orði sannara hjá hæstv. ráðh., að það er nauðsynlegt að semja um meira en tvö ár til þess að fá verulega góðar ferðir. Það er einkum umferðaskip og ferðir til útlanda, sem þörf er að fá umbætur á. Eg sé ekki, að athugasemdin herði neitt á Samein. fél. í þá átt; það er ekkert tekið fram um gæði skipanna, að eins tiltekið kælirúm í tveim skipum. En eg get vel skilið, að 10 ára tímabil mundi nokkuð herða á því félagi, sem vildi spekúlera í Hamborgarferðunum; því slíkt yrði að sjálfsögðu dýrt, og við mundum neyðast til að kaupa þær fyrir aðrar nauðsynlegar umbætur. Yfir höfuð skal eg fúslega kannast við, að það gæti komið oss að góðu haldi, að komast í viðskiftasamband við Hamborg. En það er ekki einhlítt að fá aukna flutninga. Við þurfum engu síður aukna »kredit«. Hvað persónuflutninga snertir, þá hygg eg að þeir verði mjög miklir. Eg hefi alt af hugsað mér, að fyrstu skipin, sem við sendum til Hamborgar, ætti að sækja kaffi, sykur og þessk. Þess utan skal eg taka það fram, að ekki væri heldur ástæða til að binda sig við Hamborg eina, heldur ættum við einnig jafnframt að hugsa um að komast í beint samband við fleiri stórhafnir.

Eg vil og leyfa mér að taka það fram, að mér finst ástæðulaust að bera mér það á brýn, að eg vilji halda oss föstum í tjóðurbandi Dana. Það er mjög langt úr vegi við allan sannleik.

Hinn háttv. framsögumaður gat þess, að á þessum fjárlögum væri veitt töluvert fé til flutningabrauta og þjóðvega. Það eru heilar 75 þús. kr., sem veittar eru til flutningabrauta, og það sem veitt er undir 13. gr. B. III. fer ekki nærri alt til þjóðvega; inn á þann lið eru komnar fjárveitingar til sýsluvega, hreppavega og jafnvel vega, sem enginn veit hvað eru. Það var alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, að meginregla sú, er fylgt er í þessum fjárlögum, er að hætta alveg að leggja nokkurt fé til flutningabrauta og þjóðvega. Einasta myndarlega fjárveitingin til þjóðvega er til brúnna á Holtavörðuheiði, en hitt skal eg fúslega viðurkenna, að það var mikið sómasamleg upphæð, sem í þessu skyni var veitt á fjáraukalögunum. Eg get ekki fallist á það sem háttv. framsögumaður sagði, að 700 kr. væri nóg viðbót handa eftirlitsmanni vitanna. Það ber brýna nauðsyn til að eftirlitið með vitunum sé fullnægjandi, því að það er hvorttveggja, að það er þjóðarskömm og getur orsakað stórslys, ef eitthvað verður að þeim fyrir eftirlitsleysi, og eg vil þvo hendur mínar af að hafa tekið þátt í að knífa þessa bráðnauðsynlegu fjárveitingu. Eg þakka hæstv. ráðherra fyrir tillögur hans að því er símana snerti, og vona eg að deildin fylgi þeirri bendingu hans. Það er ekki vafi á, að símarnir verða góð tekjugrein fyrir landsjóðinn, og verði þessir þræðir lagðir, er eg viss um að það gerir það að verkum, að hægt verður á næsta þingi að segja, að símarnir gefi mjög góðar rentur. Það var hárrétt hjá hæstv. ráðherra, að það hefði ekki átt að fella niður fjárveitinguna til koparþráðarins til Ísafjarðar, því að í fyrsta lagi verð eg að líta svo á, að honum hafi beinlínis verið lofað af síðasta þingi; í öðru lagi er það vitanlegt, að síminn kemur ekki að hálfum notum fyrir héruðin fyrir vestan Ísafjörð, nema þráður þessi verði lagður; í þriðja lagi hafa verið lagðar þungar fjárkvaðir á héruð þau, er hér eiga hlut að máli, einmitt símans vegna, og loks ber og á það að líta, að enn er miklu óeytt af láni því, er tekið var á þessu fjárhagstímabili, og sérstaklega átti að verja til símabygginga. Mér þótti vænt um það sem hæstv. ráðherra sagði um Reykjadalsbrautina, að bráða nauðsyn bæri til, að komast sem fyrst með brautina út úr verstu ófærunum, og eg treysti því, að háttv. deild líti sömu augum á málið, og sýni þá sanngirni að veita til hennar jafnmikið fé eins og gert var í stjórnarfrumvarpinu.

Sigurður Hjörleifsson: Mér þykir ekki ástæða til að fara að gera grein fyrir atkvæði mínu að því er snertir einstaka liði, enda er eg í flestum atrið um sammála meiri hluta nefndarinnar. En mig langaði til að víkja lítið eitt að umræðum þeim, sem orðið hafa hér í deildinni um athugasemdina við styrkinn til gufuskipaferða. Saga þessa máls á síðasta þingi sýnir, að það er til lítils að vera að setja stjórninni strangar reglur. Þá urðu skilyrðin til þess, að samningar tókust ekki. Eg segi þetta ekki til þess að álasa þinginu, heldur til að sýna hvað af því gæti leitt, ef þingið setur stjórninni nákvæmar reglur í þessu efni. Mér finnast ástæður þær, sem færðar hafa verið fram fyrir því, að strika beri burt athugasemdina, veigalitlar. Það er auðvitað, að þeir sem ekki treysta stjórninni til þess að semja um þetta mál, vilja helzt fella athugasemdina burt, en hinir, sem traust bera til stjórnarinnar í þessu efni, hljóta að vilja láta hana

standa. Um Hamborgarferðirnar álít eg að réttast sé að ekki sé nánar ákveðið, en gert er í athugasemdinni, því að búast má við að ekki verði þörf á mörgum ferðum á ári í fyrstu, en margt getur breyzt á 10 árum, og fyrir því gott að ekkert sé ákveðið fyrir fram, er kynni að fara í bága við þarfir síðari tíma.

Þá þykir mér það undarlegt, ef 700 kr. er ekki sæmileg borgun fyrir vitaeftirlitið, þegar þess er gætt, að hún er ætluð einum af starfsmönnum landsjóðs, sem fyrir bragðið fær 700 kr. launaviðbót. Það er auðvitað, að ef maðurinn er svo störfum hlaðinn nú, að hann getur ekki bætt á sig vitaeftirlitinu, þá verður hann að sleppa einhverju af þeim störfum, sem stjórnin þá verður að fá aðra til að gera.

Skýringarnar, sem komið hefir verið með hér í dag viðvíkjandi símunum, gefa mér tilefni til athugasemda; eg vil segja að það sé sorglegt, ef þær skýringar eru réttar. Vér verðum þá neyddir til að leggja fé í aðallínuna í hvert skifti og einhverjum nýjum símaspotta er bætt við, úr því það þarf nýjan þráð milli Akureyrar og Valla sakir Siglufjarðarsímans, og milli Reykjavíkur og Norðtungu vegna símans til Borgarness og Akraness. Eg vil segja að þingið hafi hálfvegis verið gint, að láta það ekki vita þetta fyrirfram, og í annan stað sýnir það bezt, að símamálið er ekki svo undirbúið, sem skyldi.

Agúst Flygenring: Eg vildi aðeins leyfa mér að beina stuttri fyrirspurn til nefndarinnar, út af athugasemdinni við gufuskipastyrkinn, um það hvað lengi Sameinaða gufuskipafélagið stendur við tilboð sitt, innan hvaða tíma það heimtar svar, því að ef á að taka því strax, þá kemur heimildin, sem gefin er í athugasemdinni, í raun og veru í bága við tilboðið. Eg býst nú við að mér verði svarað því, að þó að félagið hefði sett slíkt skilyrði, þá væri það aðeins bragð, sem óþarfi væri að óttast, en það er alls ekki rétt. Þegar menn eru látnir gera tilboð, er það venja, að þau séu öll opnuð á sama ákveðna tíma, og því tekið þegar í stað, er bezt þykir, og þetta tilboð hlýtur, eins og öll önnur tilboð, að vera bundið vig svar innan einhvers ákveðins tíma. Nú er það vitanlegt, að Sameinaða félagið hefir teygt sig eins langt eins og það hefir getað, sakir Thoretilboðsins, svo að því er það fráleitt jafnmikið kappsmál nú eins og á fyrri þingum, að gengið verði að tilboðinu, og má jafnvel búast við, að það noti hverja átyllu, sem það fær, til þess að ganga frá því, og ekki get eg láð félaginu, þótt það ekki vildi láta nota sig aðeins sem fótskör, til þess að ná í eitthvað betra. Það væri sannarlega ver farið en heima setið, ef athugasemdin yrði til þess að spila úr höndum vorum því bezta tilboði sem vér líklega nokkurn tíma höfum fengið. Að öðru leyti er eg athugasemdinni ekki mótfallinn; það er gott að fá skip með kælirúmi, og það er sjálfsagt líka gott, að fá skipaferðir til Hamborgar; það gæti vel orðið til þess, að viðskiftin við Þýzkaland ykjust, og verzlunin yrði Íslendingum hagstæðari en nú er, en eg vil að málið sé vandlega íhugað, áður en því er ráðið til lykta.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg ætlaði ekki að standa upp framar, og er það aðeins vegna fyrirspurnar háttv. 3. kgk. þm. að eg geri það, enda þótt eg sé ekki við því búinn að svara henni. Eg býst við að því sé eins varið með þetta tilboð, og tilboð þau, er komið hafa frá Sameinaða félaginu til fyrri þinga, að það standi þangað til ráðherra eftir þinglok kemur til Kaupmannahafnar og getur samið nánar við félagið. Það er alveg rétt hjá háttv. 3. kgk. þm., að tilboðið gæti glat-

ast, ef stjórnin drægi það alt of lengi að gefa ákveðið svar, en að svo stöddu held eg að engin hætta sé á því, að tilboðið missist, ef stjórnin fer hyggilega að ráði sínu, því að auðvitað er að síðustu alt undir því komið. Mér þótti háttv. 4. kgk. þm. ætla vitaeftirlitsmanninum nokkuð mikið starf; mér skildist helzt á honum, að hann ætlaðist til að eftirlitsmaðurinn liti daglega eftir því, að það logaði á öllum landsins vitum, en það er auðvitað ekki meiningin og getur ekki verið meiningin, því að það væri engum menskum manni kleift. Á öllu þess háttar verða vitaverðirnir auðvitað að bera ábyrgð; það er að eins ef eitthvað verulegt verður að vita, að eftirlitsmaðurinn verður að takast sérstaka ferð á hendur, auk venjulegra eftirlitsferða, og þá fær hann ferðakostnaðinn borgaðan eftir reikningi. Annars býst eg við, að eftirlitsmaður þessi sitji lengst af í Reykjavík, hér eftir eins og hingað til, og hirði þar peningana í næði, hvort sem það nú verða 700 eða 1000 kr. Og þó hann fái ekki nema 700 kr., þá hefir hann þó fengið launahækkun, sem ef til vill líka er sanngjarnt sökum þess, hve mjög vitum hefir fjölgað upp á síðkastið.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi leiðrétta þann misskilning hjá hinum háttv. þm. Akureyrar, að það kæmi nú fyrst upp úr dúrnum, eftir dúk og disk, að bæta þyrfti við nýjum þráðum á aðallínunni, sakir hinna nýju aukalína. Símastjórinn tók það fram þegar í byrjun, að það myndi þurfa 5 þræði. Þar sem sami háttv. þm. sagði að mál þetta hefði ekki verið undirbúið í tíma, þá er þar til að svara, að Siglufjarðarsíminn stóð ekki á stjórnarfrumvarpinu, en var settur inn af einstökum þingmönnum í Nd., en undir eins og símastjóri frétti það, skrifaði hann þinginu, og skýrði frá að þá yrði nauðsynlegt að bæta við þræði á aðallínunni. Hinn háttv. þm. á því ekki að saka símastjóra heldur sjálfan sig um það, ef þetta hefir komið flatt upp á hann, því að það er þá því að kenna, að hann hefir ekki kynt sér skjöl málsins nógu rækilega.

ATKV GR.:

1. br.till. 723 (1) við 2. gr. 9. sþ. í e. hlj.
2. br.till. 723 (2) við 2. gr. 10. sþ. með 12. samhlj. atkv.
3. br.till. 723 (3) við 2. gr. 12. sþ. með 12 samhlj atkv.
4. br.till. 710 (1) við 13. gr. B. II. 1. sþ. með 8 : 4.
5. br.till. 717 (1) við 13. gr. B. II. 3. feld með 7 : 3.
6. br.till. 710 (2) við 13. gr. B. II. 6. sþ. með 10 : 1.
7. br.till. 710 (3) við 13. gr. B. III. 4 sþ. með 8 samhlj. atkv.
8. br.till. 717 (2) við 13. gr. C. 1. feld með 7 : 5.
9. br.till. 710 (4) við 13. gr. C. 2. sþ. með 11 samhlj. atkv.
10. br.till. 717 (3) við 13. gr. D. II. 1. a. feld með 8 : 3.
11. br.till. 717 (3) við 13. gr. D. II. 1. b. sþ. með 8 : 5 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
SteingrímurJónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Jósef Björnsson,	Jens Pálsson,
Júlíus Havsteen,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

12. br.till. 717 (3) við 13. gr D II. 1. Til vara við »a« samþ. með 7 : 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelss.,	Ari Jónsson,
SteingrímurJónsson,	Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring,	Jens Pálsson,

Eiríkur Briem, Sigurður Hjörleifss.,
Jósef Björnsson, Sigurður Stefánss.
Júlíus Havsteen, Stefán Stefánsson.
Lárus H. Bjarnason.

13. br.till. 717 (3) við 13. gr. D. II. 1. til vara við »b«, tekin aftur.
14. br.till. 710 (5) við 13. gr. D. II. 2. sþ. í e.hlj.
15. br.till. 710 (6) við 13. gr. D. VI. sþ. með 12 samhlj. atkv.
16. br.till. 710 (7) við 13. gr. E. I. a. sþ. með 7 : 1.
17. br.till. 710 (8) við 15. gr. 14. sþ. með 8 : 4.
18. br.till. 710 (9) við 15. gr. 33. sþ. með 7 : 5.
19. br.till. 720 við 15. gr. 40. sþ. með 7 : 5.
20. br.till. 710 (10) við 15. gr. 46. sþ. með 10 : 1.
21. br.till. 710 (11) við 16. gr. 5. sþ. með 7 : 1.
22. br.till. 710 (12) við 16. gr. 11. sþ. með 11 samhlj. atkv.
23. br.till. 723 (4) við 20. gr. sþ. í e. hlj.
24. br.till. 710 (13) við 22. gr. 10 sþ. með 8 : 5.

Frumv. sþ. í e. hlj. og sendist til forseta Sþ.

Umræða í sameinuðu alþingi 8. maí. (A. 732, 735, 743, 747, 750, 751, 752, 753, 760 767, 768).

Sigurður Sigurðsson: Eg skal ekki verða margorður að þessu sinni. Eg ætla aðeins að minnast lítillega á br.till. mína viðvíkjandi Grímsnesbrautinni.

Á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar var tekin upp fjárveiting til þessarar brautar, 10 þús. kr. hvort árið. Svo varð það að samkomulagi hér á þinginu, að veita aðra upphæðina á fjáraukalögunum fyrir 1908 og 1909; en hin fjárupphæðin, 10 þús. kr., á fjárlagafrumvarpinu hefir lent í hrakningi milli deildanna. Neðri deild hefir samþykt þessa fjárupphæð, en efri deild felt hana burtu jafnharðan.

Hér skal ekki rætt um það, hve mikil þörf er á þessari braut; það er búið að benda á það svo oft áður. En hins má geta, að óvíða mun meiri *nauðsyn* á vegabót en einmitt þarna. Landið, sem brautin á að liggja yfir, `er skógi vaxið og mjög fallegt, og eykur það á nauðsyn brautarinnar.

Áður en eg sezt niður, vil eg benda á það, að fé því, sem varið er til vegabóta, er betur varið og kemur að meiri notum en flestar aðrar fjárveitingar þingsins. Og þjóðin er jafnan mjög þakklát fyrir það, sem gert er til þess að bæta samgöngurnar hér á landi.

Það er því illa farið, ef alþingi ætlar nú að kippa að sér hendinni og hætta svo að segja við alla vegagerð.

Á fjárlögunum sem nú gilda, eru ætlaðar 257 þús. kr. til þjóðvega og flutningabrauta. Á stjórnarfrumvarpi til fjárlaga er lagt var í öndverðu fyrir þetta þing, var ætlað til flutningabrauta og þjóðvega 204 þús. kr. En á fjárlagafrumvarpinu, eins og háttv. efri deild skildi við það, eru það aðeins 130 þús. kr., sem verja á í þessu skyni næstkomandi fjárhagstímabil.

Eg hygg nú, að þjóðin líti svo á, með allri virðingu fyrir sparsemi þingsins, að farið sé hér aftan að siðunum, að því er snertir sparnaðinn. Vegabætur borga sig altaf, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis.

Að endingu vil eg geta þess, að eg hefi ekki viljað né farið fram á, að þessi fjárveiting eða önnur mál, sem eg hefi borið fyrir brjóstinu, yrðu gerð að flokksmáli innan míns flokks. Mér er það ógeðfelt, að sú leið sé mikið tíðkuð. Hinsvegar treysti eg jafnan, þegar um gott mál er að ræða, eins og þessi fjárveiting til Grímsnesbrautarinnar er, að vit og sanngirni ráði gjörðum hinna háttv. þingmanna. Og eg þykist þess fullviss,

að við atkvæðagreiðsluna um þessa tillögu mína komi það í ljós, að vitið og sanngirnin ráði hér úrslitum.

Lárus H. Bjarnason: Mér þykir undarlegt, að br.till., sem fóru á skrifstofuna, önnur kl. 9 en hin kl. 10, skuli enn eigi vera komnar, og það því fremur, sem háttv. forseti mun hafa beðið að hraða prentuninni. Þegar fjárlögin fóru úr Ed., voru á þeim ætlaðar 2500 kr. til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, en nú er farið fram á að hækka þennan bitling upp í 5000 kr. Hefi eg og nokkrir aðrir þm. komið fram með br.till. um að fella þenna lið alveg burtu úr fjárlögunum. Eins og liður þessi liggur fyrir, er hann algjörlega óaðgengilegur og óþarfur. Innan lands þarf eigi að sannfæra menn um að við höfum bæði »lagalegan« og sögulegan rétt, og utan lands myndi slíkt rit engin áhrif hafa, er það væri verðlaunað af jafn pólitiskum embættismanni og ráðherranum. Enda er mér ekki kunnugt um, að nokkur maður, sízt úr meiri hl., sé fær um að semja slíkt rit, sízt sá maður, sem þessi bitlingur mun ætlaður. Höfundur slíks rits verður fyrst og fremst að vera lögfróður maður. Hann verður og að vera vandaður maður og sannorður, maður, sem kann að haga orðum sínum kurteislega, en ekki fer með slettur. Verk þetta þarf að vanda mjög, ef það á eigi beint að *spilla* fyrir oss. Annað er það, að eigi er minst á, hvað borga eigi fyrir örkina, né heldur hve stórt ritið eigi að vera. Það þarf eigi að ætla nokkurri stjórn og sízt ólögfróðri, að dæma um þetta rit. Hefi eg því til vara komið með þá breyt.till., ef liður þessi eigi verður alveg feldur burt, að sett sé 5 manna nefnd til þess að dæma rit þetta, og skipi hana hinn kgl. ísl. landsyfirréttur og hinir föstu kennarar lagaskólans. Breyt.till. þessar, 767 og 768, eru ókomnar enn, og hefi eg grun um, að eigi muni hafa verið flýtt fyrir þeim.

Forseti: Eg ætla að leyfa mér að bera undir atkvæði þingsins, hvort breyt.till. á þessum þgskj. megi koma til atkvæða.

768 leyfð með 25 atkv.
767 — — 26 —

Ari Jónsson: Eg ætla að eins að drepa örfáum orðum á breyt.till. 735, þar sem stungið er upp á að hækka úr 2500 kr. upp í 5000 kr. styrk til að rita og gefa út rit um þjóðréttarstöðu landsins. Það er svo langt frá, að þessi styrkur sé of hár, er rita á um jafnmikilvægt mál og þjóðréttindi Íslands, og það því síður sem útgáfustyrkur er fólginn í þessari upphæð. Á riti þessu er mikil þörf. Hafa menn fundið mjög til þess á síðastliðnum áratugum; jafnvel hefir verðlaunum verið heitið fyrir rit um þetta efni. En einkum nú á þessum tímum er mikil nauðsyn á, að ritað sé slíkt rit, þar sem kunnugt er að ýmsir útlendingar leggja kapp á að sýna og sanna réttleysi vort, og ekki laust við, að jafnvel sumir Íslendingar hafi rétt þeim hjálparhönd í seinni tíð. Háttv. 5. kgk. gaf í skyn, að til þess að semja slíkt rit, mundu vera lítt færir menn, ekki síst í meiri hl. Það er ekkert efamál, að vel færa menn vantar til þessa starfa, en taldir munu þeir eigi minni skýrleiksmenn í meiri hl. en minni hl., er komið gæti til mála við þenna starfa. Með því verður að tjalda sem til er, og treysta má stjórninni til þess að nota þá kraftana, sem beztir eru.

Eg sé að hér er komin fram brtill. um að fella styrkinn, frá Lárusi nokkrum Bjarnasyni, líkl. þó ekki frá háttv. 5. kgk. þm., því hann skrifar sig Lárus H. Bjarnason, en þarna er ekkert »H«, nema hann ef til vill hafi ætlað að lána

Magnúsi Blöndal h-ið í dag. Annars vona eg að háttv. þing felli þessa brtill. háttv. Lárusar Bjarnasonar og treysti því, að þingið hækki styrkinn til að rita og gefa út þetta nauðsynlega rit.

Steingrímur Jónsson: Eg vil leyfa mér að mæla fram með brtill. háttv. 5. kgk. þm. Eg held að engin þörf sé á þessu riti til þess að sannfæra Íslendinga sjálfa. Ef það ætti að miða að því, að fræða og sannfæra útlendinga um okkar pólitiska rétt, væri nokkuð öðru máli að gegna. En t. d. Danir munu líta svo á, að þetta sé beint pólitiskur bitlingur handa einhverjum rosknum og ráðnum Danahatara hér heima.

Áður en eg lýk máli mínu vil eg minnast á það, að eg hefi heyrt kvartanir frá tveim eða þrem meiri hl. mönnum, í þá átt, að sorglegt væri að sjá, hvernig fjárlögin bæri með sér kistulagning margra stórnauðsynlegra framfarafyrirtækja hér á landi.

Betur að það reyndist ekki svo.

Eggert Pálsson: Eg hefi leyft mér ásamt tveim háttv. þm. að koma hér fram með dálitla breyt.till. við 22. gr. frv. 10. lið. Fer breyt.till. að eins fram á það, að lánið, sem sýslumanni Rangæinga, Björgvin Vigfússyni, á að veitast til þess að koma sér upp embættisbústað, verði 6000 kr. í stað 4000 kr. Eins og háttv. þm. kannast við, var lán þetta upphaflega sett 12000 kr. af háttv. Nd. og það með mjög hagkvæmum lánskjörum, sem sé 6% á 28 árum. Þessu breytti háttv. Ed. í hinni fyrstu meðferð sinni á frv., svo að lánið skyldi að eins vera 4 þús. kr. með $4^1/_2$% í vöxtu og afborgast á 25 árum. Og þegar svo Nd. fekk frv. aftur til meðferðar, lét hún vaxta- og afborgunarskilyrðin, sem Ed. hafði sett, halda sér, en færði að eins upphæðina upp í 6 þús. kr., sem að eins er helmingur þeirrar upphæðar, sem hún sjálf hafði upphaflega sett. En samt sem áður, þótt svona vægilega væri farið í frá hálfu Nd. gagnvart Ed., þá hefir háttv. Ed. þó þóknast að lækka það niður í 4000 kr. enn á ný. Til þess að gæta áfram allrar sanngirni og tilhliðrunarsemi í þessu máli, þá hefi eg ekki farið fram á meira en að lán þetta verði aftur hækkað upp í 6000 kr., eins og stóð í frv. þá er það síðast fór frá Nd. Það gefur nú hverjum einum að skilja, að þessi upphæð muni hvergi nærri hrökkva til hjá viðkomandi sýslumanni bæði til þess að kaupa ábýlisjörð og byggja hana upp bæði að íbúðar- og fénaðarhúsum. Til þess mundi alls ekki hafa af veitt þeim 12 þús. kr., sem upphaflega var stungið upp á. En þar sem engin tiltök virðast til þess, að fá meiri hluta hins háttv. alþingis til þess að samþykkja 12 þús. kr. lánveitingu í þessu skyni, sem eg hefði helzt kosið, þá hlýt eg þó að kjósa það heldur en ekki, að breyt.till. verði samþykt og láninu þar með þokað upp í 6 þús. úr 4 þús. kr., með því að það verður að álítast talsvert hægra fyrir hlutaðeigandi sýslumann að bæta við það því sem á vantar, heldur en ef lægri upphæðin er látin halda sér. Og þar sem nú aldrei hefir orðið neinn ágreiningur um það, hvort lán þetta ætti að veita eða ekki, heldur að eins um upphæðina sjálfa, hversu há hún skyldi vera, þá vænti eg þess, að hið háttv. sameinaða þing taki vel þessari brtill. okkar og veiti henni samþykki sitt.

Jón Sigurðsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með breyt.till. um fjárveitingu til Borgarfjarðarbrautarinnar og vonast til að háttv. þing taki henni vel og sanngjarnlega. Eg hygg að það sé ekki rétt sparnaðarstefna, að klípa svo mjög af því fé, er verja á til hinna stærri vegabóta í landinu. Þess

konar sparnaður marghefnir sín síðar meir.

Pétur Jónsson: Eg er hér með breyt.till. um að hækka styrkinn til ungfrú Jónínu Sigurðardóttur úr 500 kr. upp í 1000 kr. til húsmæðrakenslu. Eg vil benda á það, að það var einmitt háttv. efri deild, sem kom fram með það, að hækka að mun fjárv. til kvennaskólanna. Það verður mér því óskiljanlegra, hvernig hún fer að vera á móti þessari kvennafræðslu; í því er ekki mikil samkvæmni. Landbúnaðarnefndin hefir all-rækilega kynt sér þetta mál, og er því eindregið meðmælt.

Það er fengin góð reynsla fyrir því, að ungfrú Jónína Sigurðardóttir hefir lagt sérstaka alúð við þessa kenslu, og lagt hart á sig, til þess að standast kostnaðinn af skólahaldinu. Hún er því styrks þessa vel makleg.

Og þótt hún nú fái þessar 1000 kr. kemst sá styrkur þó ekki í neinn samjöfnuð við styrk til kvennaskólanna hér á landi. Eg vænti þess að háttv. sameinað þing sjái því, að breyt.till. mín er bæði sanngjörn og sjálfsögð.

ATKV.GR.:

1. br.till. við 13. gr. B. II. (753) samþ. með 25 : 4 atkv.
2. br.till. við 13. gr. B. II. (747) samþ. með 24 : 5 atkv.
3. br.till. við 13. gr. B. III. (750) samþ. með 22 : 9 atkv.
4. br.till. við 15. gr. 14. (767) feld með 26 : 13 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Sigurður Stefánsson,	Ari Jónsson,
Ágúst Flygenring,	Benedikt Sveinsson,
Einar Jónsson,	Bjarni Jónsson,
Eiríkur Briem,	Björn Kristjánsson,
Hannes Hafstein,	Björn Sigfússon,
Jón Jónsson, S.-M.,	Björn Þorláksson,
Jón Magnússon,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Hannes Þorsteinsson,
Lárus H. Bjarnason,	Hálfdán Guðjónsson,
Pétur Jónsson,	Jens Pálsson,
Stef. Stefánsson Eyf.,	Jóh. Jóhannesson,
Steingrímur Jónsson.	Jón Jónsson N.-M.,
	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Kristján Jónsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Sigurðss.,
	Stef. Stefánss. 6. kgk.,
	Þorleifur Jónsson.

5. br.till. við 15. gr. 14. (735) feld með 20 : 19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Ari Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,	Ágúst Flygenring,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Eiríkur Briem,
Björn Sigfússon,	Hannes Hafstein,
Björn Þorláksson,	Hálfdán Guðjónss.,
Gunnar Ólafsson,	Jóh. Jóhannesson,
Hannes Þorsteinss.,	Jón Jónsson, S.-M.,
Jens Pálsson,	Jón Magnússon,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Ólafsson,	Jósef Björnsson,
Jón Þorkelsson,	Júlíus Havsteen,
Kristinn Daníelsson,	Kristján Jónsson,
Magnús Blöndahl,	Lárus H. Bjarnason,
Ólafur Briem,	Pétur Jónsson,
Sigurður Gunnarss.,	Sigurður Sigurðss.,
Sigurður Hjörleifss.,	Stef. Stefánss., 6. kgk.
Þorleifur Jónsson.	Stef. Stefánss., Eyf.,
	Steingrímur Jónsson.

6. br.till. (768) við br.till á þskj. 735 feld með 25 : 14 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Ágúst Flygenring,	Sigurður Stefánsson.
Einar Jónsson,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Benedikt Sveinsson,
Hannes Hafstein,	Bjarni Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Björn Kristjánsson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Björn Sigfússon,
Jón Magnússon,	Björn Þorláksson,
Júlíus Havsteen,	Gunnar Ólafsson,
Lárus H. Bjarnason,	Hannes Þorsteinss.,
Pétur Jónsson,	Hálfdán Guðjónss.,
Stef.Stefánss.,6.kgk.	Jens Pálsson,
Stef. Stefánss., Eyf.,	Jón Jónsson, N.-M.,
SteingrímurJónsson.	Jón Ólafsson,
	Jón Sigurðsson,
	Jón Þorkelsson,
	Jósef Björnsson,
	Kristinn Daníelsson,
	Kristján Jónsson,
	Magnús Blöndahl,
	Ólafur Briem,
	Sigurður Gunnarss.,
	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Sigurðsson,
	Þorleifur Jónsson.

7. br.till. við 15. gr. 33. (751) fyrri liður samþ. með 25 : 12 atkv., síðari liður samþ. með 20 : 19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson,	Björn Jónsson,
Ari Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Ágúst Flygenring,	Björn Kristjánsson,
Benedikt Sveinsson,	Björn Sigfússon,
Bjarni Jónsson,	Björn Þorláksson,
Einar Jónsson,	Eiríkur Briem,
Hannes Hafstein,	Gunnar Ólafsson,
Hannes Þorsteinss.,	Hálfdán Guðjónsson,
Jóh. Jóhannesson,	Jens Pálsson,
Jón Jónsson, N.-M.,	Jón Sigurðsson,
Jón Jónsson, S.-M.,	Jósef Björnsson,
Jón Magnússon,	Júlíus Havsteen,
Jón Ólafsson.	Kristinn Daníelsson,
Jón Þorkelsson,	Ólafur Briem,
Kristján Jónsson,	Sigurður Hjörleifss.,
Lárus H. Bjarnason,	Sigurður Sigurðsson,
Magnús Blöndahl,	Stef.Stefánss.,6.kgk.,
Pétur Jónsson,	Steingrímur Jónsson,
Sigurður Gunnarss.,	Þorleifur Jónsson.
Stef.Stefánsson, Eyf.	

8. viðaukatill. 760 við br.till. 751 samþ. með 24 : 8 atkv.
9. br.till. við 16. gr. 5. (743) samþ. með 22 : 7 atkv.
10. br.till. við 22. gr. 10. (752) samþ. með 20 : 13 atkv.

Frv. samþ. í e. hlj., og lýsti forseti því yfir, að það yrði nú afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi (A 770).

Fjáraukalög 1908—1909.

FRV. TIL FJÁRAUKALAGA fyrir árin 1908 og 1909 (413) 1. umr., 3. apríl.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg leyfi mér að stinga upp á því, að málinu sé vísað til fjármálanefndarinnar að lokinni umræðu.

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Málinu vísað til fjármálanefndarinnar í einu hljóði.

Önnur umr. 13. apríl (413, n. 432).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Það hafa ekki verið langar umræður um fjáraukalögin á undanfarandi þingum, og það er heldur ekki ástæða til að halda langar ræður um þetta frv. nú.

Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, er fjárhagur landsins nú svo, að í lok næsta fjárhagstímabils var tekjuhallinn áætlaður yfir hálfa miljón kr. Þetta er ekki glæsilegt, enda er nefndin öll ásátt um það, að draga beri úr útgjöldunum svo sem fært er. Um þetta var nefndin sammála, en um hitt var nokkur ágreiningur, hvar sparnaðurinn ætti að koma niður.

Fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar get eg tekið það fram, að þó að hann fari fram á sparnað í ýmsum greinum, er það ekki af því, að hann álíti vera um óþörf útgjöld að ræða, eða að þau fyrirtæki séu óþörf, sem hann ræður til að fresta. En vér álítum fjárhagshorfurnar svo iskyggilegar, að ekki sé þorandi annað en spara svo mjög sem frekast er unt án stórvægilegs tjóns fyrir land og lýð. Það þarf mikilla lækninga við á því fjárhagslega ásigkomulagi, sem hér yrði í landinu, ef fjáraukalög og fjárlög yrðu samþykt óbreytt eins og þau komu frá neðri deild. Tekjuhallinn var nær því hálf miljón kr. eftir stjórnarfrumvörpunum, og hefir aukist enn við breytingar neðri deildar. Þetta álítur nefndin svo hættulega fjármálastefnu, að hún þykist ekki geta forsvarað annað fyrir þjóðinni, en að draga nokkuð úr útgjöldunum, jafnvel þó að þá verði að fresta nokkrum nauðsynlegum fyrirtækjum.

Samkv. tillögum nefndarinnar nemur lækkunin á gjöldum frumv. 57,400 kr. En hins vegar vill nefndin bæta við nýjum liðum, sem auka útgjöldin um 2,800 kr. Svo að lækkunin nemur samtals 54,600 kr. — Eg get verið fáorður um breytingartillögur nefndarinnar og látið mér nægja að mestu að vísa til nefndarálitsins.

Stærsti sparnaðurinn er innifalinn í því, að meiri hluti nefndarinnar ræður til að fresta bygging brúarinnar á Ytri-Rangá. Þessi fjárveiting átti erfitt uppdráttar í neðri deild, og hefir mikill hluti neðri deildar verið sömu skoðunar og meiri hluti nefndarinnar hér í deildinni. Þess vegna má vænta þess, að það mæti ekki mikilli mótspyrnu í neðri deild, þó að þessi fjárveiting verði feld burt; en á það leggur nefndin mikla áherzlu, því að í neðri deild á þungamiðja fjárveitingarvaldsins að vera. Eg vil taka það fram, að það er alls ekki af neinum pólitiskum flokksástæðum, að meiri hluti nefndarinnar ræður til þessarar úrfellingar; enda ætti slíkt að vera útilokað, þegar um fjárveitingar til framfarafyrirtækja er að ræða, og það mun líka sýna sig, að sparnaður á fjárveitingum hér í deildinni kemur niður á fleiri héruðum en þessu.

Eg skal geta þess, að í 1. lið frumv. eru færðar 10 þús. kr. til Grímsnesbrautar. Þessa fjárveitingu hefir nefndin látið standa. Hér er um bráðnauðsynlegar umbætur á þessum vegi að ræða, sem ekki má fresta, og þess vegna er þessi fjárveiting færð á þetta frumv.

Þá eru 11,500 kr. til Fagradalsbrautar. Sú fjárveiting kom inn í frumv. í neðri deild, og var nefndinni ekki ljóst, hvernig á henni stóð. En eftir upplýsingum, sem nefndin fekk frá verkfræðing landsins, gat hún fallist á að láta þessa fjárveiting standa.

Loks vill nefndin líka láta standa fjárveitinguna til Holtavegs, Eyrarbakkabrautar og Eyjafjarðarbrautar. Sú fjárveiting nemur 15,000 kr. og getur orðið til þess, að þær brautir verði tilbúnar og afhentar héruðunum til viðhalds haustið 1911. — Nefndin tekur það skýrt fram, að hún ætlast til þess, að bæði þessar brautir og eins Fagradalsbraut verði afhentar héruðunum til viðhalds jafnskjótt og lög heimila.

Þá vill nefndin fella burt 4000 kr. til vegagerðar við Lagarfljótsbrú. Nefndinni var ekki vel kunnugt, hve mikil nauðsyn er á þessum vegi, en hitt veit hún, að það er hvorki þjóðvegur né flutningabraut, og því sýnist ekki nauðsynlegt, að landsjóður kosti þennan veg. Nefndin getur ómögulega mælt með því, ofan á öll þau ósköp, sem landsjóður er búinn að kosta til Fagradalsbrautar. Annaðhvort er, að það liggur ekki mjög mikið á þessum vegi, eða þó svo væri,

þá er héraðinu varla ofvaxið, að standa straum af þessari vegarlagningu sjálft. Það er naumast hægt að ætlast til, að landsjóður leggi enn meir til Fagradalsbrautar eða þeirra vega, sem standa í sambandi við hana, umfram þessa upphæð, sem nú er veitt á fjáraukalögunum til að fullgera sjálfa brautina.

Þá er 3000 kr. fjárveiting til brúargerða á Grishólsá og svokölluð Síki í Helgafellssveit. Þá upphæð vill nefndin lækka um 1000 kr., láta þær 2000 kr. sem eftir verða, ganga til að brúa Grishólsá, sem mun nægja eftir áliti verkfræðingsins, en fresta brúargerð yfir þetta svonefnda Síki. Að vísu liggur þetta Síki á þjóðveginum til Stykkishólms, en það mun ekki vera svo mikil torfæra, að það liggi á að brúa það að þessu sinni.

Þá er styrkurinn til Austfjarðabátsins. Nefndin vill gera það að skilyrði fyrir styrknum, að báturinn fari 3 ferðir til Víkur og Vestmannaeyja. Það hafa komið fram óskir um að báturinn fari þessar ferðir, og sýnist nefndinni ekkert á móti því, að setja þetta skilyrði, einkum þar sem búast má við, að mikill flutningur fáist í þessar ferðir og að þær verði því arðvænlegar.

9. br.till., við 3. gr D. II. 6., er sams konar og ákvæðið í stjórnarfrumv., og getur nefndin fallist á þær ástæður, sem eru færðar fyrir því í athugasemdunum við frumvarpið. Öll upphæðin er 8000 kr., en þar af eiga héruðin að leggja til 2000 kr. í samræmi við önnur ákvæði, þegar um símalagning er að ræða.

Þá vill nefndin fella burtu liðinn 6. í 3. gr. E. Það er 10000 kr. fjárveiting til þess að mæla skipaleið inn Gilsfjörð. Það er ekki að vita, hvernig þessari úrfelling verður tekið í neðri deild; en auðvitað verður að taka því sem hún kann að gera í því máli.

Þá leggur nefndin til að fella burt 4. gr. A. b., sem er 400 kr. til viðgerða á kirkjum, sem eru landsjóðseign. En þar sem mjög nýlega hefir farið fram aðalviðgerð á kirkjum þessum,—þær verið málaðar, járnvarðar o. s. frv., — þá álítur nefndin, að tekjur kirknanna muni hrökkva til þess að gera þær umbætur, sem enn kynni að vera þörf á.

Þá leggur nefndin til, að lagaskólanum séu veittar 800 kr. til bókakaupa. Skóli þessi er ný og bókalaus stofnun, og nefndin lítur svo á, að jafnskylt og löggjafarvaldinu er að fara varlega í að koma upp nýjum stofnunum, jafnskylt sé því að sjá fyrir, að þær stofnanir, sem þegar hafa verið reistar, komi að sem fylstum og beztum notum. Auk þess er hér um íslenzka sérfræðigrein, þar sem er algerlega óruddur akur, að ræða. Nefndin hefir þó, til þess að miðla málum, fært fjárveitinguna niður um 200 kr. frá því sem hún var í stjórnarfrv., og vonar því, að neðri deild taki uppástungu nefndarinnar vel, og fallist á að hér sé um nauðsynlega fjárveitingu að ræða.

Þá leggur nefndin til, að veita 2 síldarmatsmönnum, öðrum á Siglufirði hinum á Eyjafirði, 600 kr. hvorum, auk 800 kr. til utanfarar, til þess að kynnast síldarverkun. Svo sem hinni háttv. deild er kunnugt, kom í vetur fram frv. um að lögskipa mat á allri síld, er út er flutt. Nefnd sú, sem deildin skipaði til þess að íhuga frv. þetta, komst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að fara stjórnarleiðina, og láta hana undirbúa málið, eins og gert var að því er fiskimatið snerti, og fyrir því réð hún frá því, að samþykkja frv. um lögskipað síldarmat, en vildi hins vegar skora á stjórnina að skipa nú þegar 2 matsmenn á síld, sem úr landi er flutt, og búa þetta mál að öðru leyti undir næsta þing. Deildin félst á tillögur hennar, og þess vegna

verður að veita fé til matsmanna þessara á fjáraukalögunum. Þóknunina taldi nefndin ekki fært að hafa lægri en 600 kr. til hvors, því að bæði er það, að starf þeirra að mestu leyti fellur á mesta annatíma ársins, og að það er mjög áríðandi, að þeir menn fáist til að taka starfann að sér, sem til þess hafa bezta hæfileika og þekkingu, og til þess að tryggja það enn betur, að þeim sé ekki áfátt að því er þekkingu snertir, vill nefndin veita þeim 800 kr. til utanfarar, svo sem áður er sagt. Aðalveiðitíminn er að vísu ekki nema $2^1/_2$ mán., en nefndinni hefir verið skýrt svo frá, að matsmenn þessir myndu hafa nóg að gera alt frá byrjun veiðitímans og fram til jóla.

Orðabreytingin »pósthúsinu« í stað »pósthúskjallaranum« er gerð eftir ósk póstmeistara, sem vill fá að ráða því, hvort honum þykir heppilegra, að hafa skápinn uppi í húsinu eða niðri í kjallara.

Steingrímur Jónsson: Við erum 2 nefndarmenn í minni hluta, og greinir á við meiri hlutann um veruleg atriði. Vér erum að vísu samdóma hinum háttv. meiri hluta um að nauðsynlegt sé að gæta alls sparnaðar, enda hefir sú meginregla verið ríkjandi áður hér á þingi. En vér viljum haga sparnaðinum öðru vísi en hinn háttv. meiri hluti. Eg skal taka það strax fram, að það er ekki svo mjög sakir hags landsjóðs, heldur sakir ástands atvinnuveganna og efnahags einstaklinganna, að sparnaður er nauðsynlegur. Eins og nú horfist á, að því er atvinnuvegina snertir, má búast við að tekjur landsjóðs rýrni töluvert.

Samkvæmt landsreikningnum fyrir árin 1906—1907 var tekjuhallinn á þeim árum að eins 111,000 kr., og þó var á á þeim tíma eytt c. 550,000 kr., sem ekki stóðu á fjárlögum, og fóru hæstu upphæðirnar til kostnaðar við konungskomuna og til Reykjanesvitans. Peningaforði landsjóðs ásamt tekjueftirstöðvum var við árslok 1907 417,000 kr. Á sama tíma hefir viðlagasjóðsfúlgan aukist um nokkuð á annað hundrað þúsund krónur. Peningaforðinn er reiknaður nettó, því að auk þessara 417,000 kr. voru til peningar upp í ríkissjóðsskuldina. Árið 1908 voru tekjurnar, þegar lánið er reiknað með, 240,000 kr. fram yfir gjöldin, og þessu láni átti að verja til símabygginga eða annara arðvænlegra fyrirtækja fyrir landsjóðinn. Svo mikið er og óhætt að fullyrða, að á árinu 1909 verður tekjuhallinn mjög lítill, ef hann verður þá nokkur. Með þessu þykist eg hafa sýnt, að hagur landsjóðs er alls eigi svo slæmur nú, að það væri þess vegna ekki hægt að búa til sæmileg fjárlög. Hitt er satt, að efnahagshorfur almennings eru svo iskyggilegar nú, að full ástæða er til að gæta sparnaðar svo sem auðið er. En sparnaðurinn á ekki að koma niður á þann hátt, sem háttv. meiri hlutinn leggur til, — hann á ekki að koma niður á framfarafyrirtækjum, er miða til þjóðþrifa og menningar. Bezt að spara smáupphæðir, sem oft og einatt eru veittar án þess nokkurri reglu sé fylgt, og án þess nokkur vissa sé fyrir að þær komi að gagni, en alls eigi að hætta við fjárveitingar til framfarafyrirtækja, sem þegar er byrjað á, eða eru nauðsynlegir liðir í því sem gert hefir verið, til þess að það komi að fullu gagni. Og þá kem eg að því, sem mér og meiri hlutanum ber á milli aðallega, það er Rangárbrúin.

Rangárbrúin er framfarafyrirtæki, liður í samgöngubótum, sem byrjað var á 1894, og haldið hefir verið áfram með stöðugt síðan. Áin er eitt af stærstu og erfiðustu vatnsföllum þessa lands, sem nú eru óbrúuð, og slítur í sundur fjölförnustu akbraut lands, þjóðveginn sem

liggur frá Reykjavík alla leið austur í Vestur-Skaftafellssýslu. Hún er að öllum jafnaði lítt fær vögnum, og oft með öllu ófær; yfir hana eiga að sækja margir erlendir ferðamenn, sem ferðast hér á sumrum, auk héraðsbúa þar eystra, er verzlun sækja vestur yfir ána. Þeir eru í nefndaráliti fjárlaganefndarinnar taldir 1200—1500, en réttara mun vera, að þeir séu 1500 full. Þessari samgöngubót má því ekki seinka, nema brýna nauðsyn beri til. Auk þess hefir það verið meginregla þingsins að undanförnu, að láta það ganga fyrir öllu öðru að brúa ár. Stórárnar hindra samgöngur bæði í líkamlegum og andlegum skilningi. Auk þess fæ eg ekki betur séð, en því hafi verið lofað af síðasta þingi, að fé skyldi verða veitt til þessarar brúargerðar á þessu þingi. Verkfræðingur landsins leggur það líka til, að brúin verði bygð nú, því að nú hafi hann tíma til að líta eftir verkinu, sem hann ef til vill ekki hefði síðar. Málinu hefir og stöðugt vaxið fylgi í neðri deild, og það er því fremur ástæða til þess að samþykkja brúna, sem Rangárvallasýsla býðst til að leggja töluvert fé til hennar.

Eg vona því, að tillaga háttv. meiri hluta fjárlaganefndarinnar um að fella burt fjárveitinguna til Rangárbrúarinnar, nái ekki fram að ganga hér í deildinni.

Um brautirnar, sem nefndar eru í nefndarálitinu, vil eg láta þess getið, að þær er hægt að afhenda héruðunum strax 1909, þegar aðgjörðinni er lokið, nema Fagradalsbrautina, sem ekki er hægt að afhenda fyr en 1911.

Þá ætla eg að minnast á 5. breytingartillögu nefndarinnar, sem eg hefi gert breytingartillögu við á þgskj. 470. Nefndin ætlast til, að Austfjarðabáturinn fari 3 ferðir til Víkur og Vestmanneyja, eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, en eg sting upp á, að ferðirnar til Vestmanneyja verði að eins 2. Fyrst og fremst ber þess að gæta, að féð var veitt til bátaferða á Austfjörðum, en auk þess, og það er aðalatriðið, þá er langliklegast að ef styrkurinn verður bundinn því skilyrði, er fjárlaganefndin leggur til, þá verði ekkert af ferðunum í ár. Í fyrra reyndist ómögulegt að fá bát til þess að ganga milli Langaness og Hornafjarðar fyrir 6000 kr., þó að héruðin byðust til að leggja honum stóran styrk, auk þessara 6000 kr., er hann fengi úr landsjóði. Nú er von um að hægt verði að útvega bát fyrir þessar 10,000 kr. og styrk hlutaðeigandi héraða. En eftir þeim upplýsingum, sem eg hefi getað aflað mér, eru engar líkur til, að sá bátur fáist til að fara 3 ferðir til Vestmannaeyja; það mesta sem til mála gæti komið væru þessar 2 ferðir, sem breytingartillaga mín fer fram á. Eg er ekki vonlaus um, að báturinn fengist, þótt honum yrði gert að skyldu að fara 2 ferðir til Vestmanneyja.

Fleira var það ekki, sem eg hafði að athuga við mál þetta, og skal eg því ekki tala frekar um það að sinni.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg bjóst við hljóði úr horni, þar sem háttv. 4. kgk. þm. var. Hann er miklu bjartsýnni en eg, að því er fjárhag landsins snertir. Eg vil ekki fara út í tölur þær, sem hinn háttv. 4. kgk. þm. lagði svo mikið upp úr, en eg verð að halda mér við fjárlögin eins og þau líta út nú. Og það er að minsta kosti óhætt að fullyrða, að það er enginn tekjuafgangur frá síðustu árunum. Og það, að fjárhagurinn ekki er verri en hann er, er ekki að þakka þinginu og stjórninni, heldur guði og náttúrunni. Ef tekjurnar hefðu ekki þau árin farið langt fram úr áætlun sakir góðæris til lands og sjávar, þá hefði orðið stórkost-

legur tekjuhalli. En nú er eftir að vita, hvort guð og náttúran greiða þannig úr flækjunni á hverju ári. Og að minsta kosti er fjárhagsástandið í landinu þannig nú, að vér getum ekki gert okkur vonir um jafn glæsilegan tekju-auka, og orðið hefir síðustu árin.

Það var rétt hjá háttv. 4. kgk. þm., að það var aðallega Rangárbrúin, sem í milli bar. Eg get ekki séð, að sú brú sé svo nauðsynleg, að þjóðarvelferðin bíði nokkurn hnekki, þótt henni sé frestað. Áin er að vísu mikið vatnsfall, en straumlítil og botninn góður, svo að á sumrin má jafnvel fara yfir hana með hálfar kerrur, og það eru, eins og í nefndarálitinu stendur, að eins 1200—1500 manna, sem yfir hana þurfa að flytja, — setjum að það séu 1500 full, eins og hinn háttv. 4. kgk. þm. heldur fram, því að fólksfjöldinn í þeim 3 hreppum, sem á brúnni þurfa að halda, mun vera um 1500, en af þeim verzla margir úti í Vestmanneyjum. Háttv. 4. kgk. þm. taldi brú þessa nauðsynlega sakir útlendra ferðamanna, en útlendir ferðamenn fara um alt land, og eigi að brúa allar þær ár, sem þeir þurfa yfir að fara, verður engin óbrúuð árspræna á landi hér. Meiri hlutinn álítur ekki að frestun þessa fyrirtækis hefti neitt verulega framfarir þjóðarinnar. Að síðasta alþingi hafi gefið ádrátt um þetta mál, er ef til vill rétt, en þess ber að gæta, að kosningar hafa farið fram síðan þá, svo að nú sitja nýir menn á þingi, sem engin loforð hafa gefið og eru því ekki bundnir við loforð síðasta þings. Meiri hlutinn verður að halda fast við, að þessa fjárveiting megi spara mikið til að meinalausu. Auðvitað væri það mikil þægindi fyrir þessa fáu íbúa að fá brúna, en þægindin verða oft að lúta í lægra haldi, þegar ekki eru efni og ástæður til að útvega þau. Að öðru leyti sé eg ekki ástæðu til að svara meiru.

Steingrímur Jónsson: Eg vil að eins koma með örstutta athugasemd. Háttv. framsögum. (þm. Ísf.) sagði, að ekki væri neinn afgangur frá fyrra ári til að bæta upp þann áætlaða tekjuhalla; hann sagði að hann væri þegar upp étinn. Þetta er ekki rétt. Árið 1907 var samþykt að taka $^1/_2$ miljón kr. lán til símalagninga. Afgangurinn af þessu fé, c. 240,000 kr., er til í landsjóði. Auðvitað getur háttv. þm. ekki þreifað á þessum peningum hér í deildinni, en hann getur auðveldlega sannfært sig um að þeir eru til með því að fara í landsbankann. Þessar 240,000 kr. eiga að ganga til síma. (*Sigurður Stefánsson:* Það er búið að verja þeim til síma). Nei! Af þessari hálfu miljón er að eins búið að eyða hér um bil helmingnum til síma. Þegar búið verður að leggja þá síma, sem væntanlega verða lagðir á þessu yfirstandandi ári, verður búið að eyða í alt c. 320 þús. kr. af upphæðinni. Þá eru því eftir 180 þús. kr., og um þá upphæð minkar tekjuhallinn. Hann verður því að eins 350 þús. kr. eftir báðum lögum, og verður vafalaust minni ef ekki koma sérstök útgjöld fyrir, því að eg er sannfærður um það, að árið 1909 gefur fremur tekjuafgang en hitt. — Eg er samþykkur háttv. þm. um að hin góða niðurstaða 1907 sé guði að þakka, en ekki alþingi. En guð gerði engin sérstök undraverk á okkur; hann hefir ekki gefið oss annað en það sem við áttum skilið. Það var hægt að sjá þessa góðu niðurstöðu fyrir, þar sem alþingi lagði að eins fé til þarflegra fyrirtækja. Og eg er sannfærður um það, að þó að 1909 og næsta ár verði nokkuð tekjurýrari en undan-

farin ár, þá fari þó á svipaða leið, að þau verði drýgri en menn búast við, eða meiri hlutinn býst við.

Háttv. frsm. vildi ekki gera mikið úr Rangá Það getur verið að hún sé ekkert verulega vont vatnsfall, en hún er þó með stærstu ám landsins. Vatnsmegin hennar hefir verið mælt og er 4 sinnum meira en í Norðurá, sem þó er alls ekki lítil. Það er ekki á rökum bygt, að auðvelt sé að fara með vagna yfir ána. Það má fara með flutning sem ekki má blotna, með því einu móti að leggja borð ofan á vagninn og hafa flutninginn þar ofan á. — Það er ekki of mikið sagt, að fólksfjöldinn, sem gagn mundi hafa af brúnni beinlínis, sé 1500 manns, auk þeirra Landeyjamanna, sem ekki verzla við Vestmanneyjar.

Ennfremur sagði háttv. þm., að sér þætti undarlegt að heyra menn tala um sparnað, en vilja þó ekki spara þegar til kæmi. Eg vil spara, en eg vil ekki spara til skaða fyrir þrif landsins, og eg vil ekki spara að óþörfu eða bara til að spara. Eg mun ekki vera meira fylgjandi »plan«-lausum fjárframlögum en háttv. þm. Ísf.; og ekki heldur er eg hneigður til að veita bitlinga út í loftið, en eg felli ekki með glöðu geði fjárveitingar, sem miklu varða fyrir þrif og menningar-framfarir landsins. Rangárbrúna verð eg að skoða fyrirtæki sem er nauðsynlegt til verulegra menningarframfara fyrir sýsluna. — Það er alveg rétt, að þó að þingið hafi gefið loforð um þetta, þá er það ekki bundið við það, þannig að það sæti ábyrgð. En ef þing fara að taka upp þann vana, að brjóta í bág við undanfarandi þing með því að ganga frá loforðum þeirra, þá komast þau inn á vonda braut og hættulega, því með því væri kipt fótum undan því sem gerir störf þingsins mikilsverð, nefnilega samvinnunni og samhenginu milli hinna einstöku þinga. Við vitum það, að hvert einstakt enskt parlament gerir ekki mikið, en framhaldandi röð þeirra vinnur mikilsvert og blessunarríkt starf; ábyrgðartilfinning seinni þinga tengir þau saman við fyrri þing, og kemur á samræmi og samvinnu við þau.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg skal játa, að eg er slæmur í reikningi, enda verð eg að játa, að mér er það hreinasta gáta, að eftir séu á þriðja hundrað þúsund af þessu $^1/_2$ miljón kr. láni. Eg sé ekki betur en lánið hafi verið brúkað bæði til símalagninga og til að jafna þann tekjuhalla sem kominn var. Það getur enginn bent á þessa fúlgu, að hún sé til nema á pappírnum. Eg er viss um, að þó eg færi í bankann til að spyrja, hvort þessar 240 eða 260 þús. kr. væru geymdar þar, þá mundi eg engar upplýsingar geta fengið um þær; þeir mundu ekki segjast geyma þær þar. Þetta er hugsuð upphæð, sem hvergi er til í raun og veru, og hugsaðar upphæðir koma að litlu gagni, það er ekki hægt að borga mikið með þeim

Meiri hlutinn og minni hlutinn eru á einu máli um það, að okkur beri að spara. En þá greinir á um, hvar eigi að spara, hvaða sparnaður sé til skaða. Að því er Rangárbrúna snertir, hefir meiri hlutinn sýnt fram á, að þó að frestað sé að byggja hana, heftir það alls ekki neinar menningar-framfarir; því hvorki stafar lífi manna nein hætta af ánni eins og hún er nú, né heldur er hún svo verulegur farartálmi, að hún hefti tilfinnanlega nauðsynlega flutninga.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að við hefðum átt það skilið, að fjárhagurinn við lok ársins 1907 varð betri en búist var við, og kvaðst jafnframt vera sannfærður um, að svo mundi einnig fara nú og á næstu árum. Það má vera að svo verði, en alt fyrir það væri

heimskulegt að treysta á það. Engin gætin fjármálastjórn má reiða sig á það, að tekjurnar verði svo og svo miklu meiri vonum. Það væri eins og þegar bændurnir eru að setja á á haustin og setja á guð og gaddinn, — þeir gjöra það af því að þeir búast við miklu betri vetri en þeir í raun og veru hafa nokkra ástæðu til, í þeirri von, að guð hlaupi undir bagga með þeim, og horfella svo skepnurnar hrönnum saman. Eins getum við auðveldlega horfelt fjárhag okkar með því að byggja á eintómum vonum um meiri tekjur, en vér sjáum oss fært að áætla með nokkurri skynsemi.

Háttv. þm. vitnaði í enska parlamentið til stuðnings því, að við yrðum að efna þetta loforð síðasta þings um Rangárbrúna. Eg sé ekki að sá samanburður geti átt við hér; það er ólíku saman að jafna, að bera Englendinga saman við okkur í efnalegu tilliti. Hann áleit að þingið færi inn á vonda braut ef það tæki upp þann vana, að ganga frá loforðum fyrri þinga. Eg álít það þvert á móti hættulega braut, ef þingið áliti því slegið föstu, að það sé skuldbindandi fyrir eftirkomandi þing, ef eitthvert þing gefur ádrátt um eitthvert mál. Eg get ekki séð, að þetta þing hafi að neinu leyti bundnar hendur í þessu máli, sízt þar sem kosningar eru nýafstaðnar. Það er auðvitað leiðinlegt, að bregðast beinum loforðum, en sjálfsagt er að fresta framkvæmd þeirra, þegar nauðsyn ber til; nauðsyn brýtur lög.

Lárus H. Bjarnason: Eg hafði ekki ætlað mér að tala í dag, af því eg bjóst við að fá tækifæri til að tala um fjárhaginn við framhald 1. umr. fjárlaganna. Eg bjóst ekki við að talað yrði alment um fjárhaginn við þessa 2. umr. fjáraukalaganna, en úr því hæstv. forseti hefir leyft það, þá vil eg gjöra örfáar athugasemdir við það sem talað hefir verið.

Það er ekki rétt hjá háttv. þm. Ísf., að gera upp á milli meiri hl. og minni hl. að því er sparnað snertir. Að minsta kosti er of snemt fyrir meiri hl. að hæla sér af sparnaði eins og nú stendur; fjárlagafrumvarpið, eins og það kemur frá Nd., fer ekki beint fram á sparnað. En það skal eg geyma að tala um þangað til það liggur fyrir. Eg er ekki samþykkur háttv. 4. kgk. þm. um það, að þakka forsjóninni eingöngu fyrir það, hve vel hefir rætzt úr fjárhag landsins síðustu ár. Eg vil gefa alþingi og stjórninni nokkra þökk líka. Þau hafa haft vaðið fyrir neðan sig og gætt fjárhagsins vel. Tekjurnar hafa verið áætlaðar hóflega og útgjöldin að eins gengið til nauðsynlegra fyrirtækja. Það má óska landinu til hamingju ef núverandi meiri hluti gerir eins mikið til framfara í landinu, eins og gamli meiri hl. gerði.

Að því er Rangárbrúna snertir, finst mér það ekki hafa verið undirstrikað sem skyldi, að hér er um mannvirki að ræða, sem landsjóður á einn að standa straum af, en þó vill héraðið leggja fram mikinn hluta af kostnaðinum. Á undanfarandi þingum hefir verið gert svo mikið úr slíkum fjárframlögum, að fé hefir verið veitt til hreppavega og sýsluvega ef héruðin hafa lagt fram ríflegan skerf. Því meiri ástæða er til að veita fé til að byggja þessa brú, sem landsjóði ber að réttu lagi einum að kosta bygging hennar. Eg vona að þetta brúarmál verði ekki flokksmál hér í deildinni; það var ekki flokksmál í Nd., enda ættu fjárveitingar aldrei að vera flokksmál.

Að síðustu þakka eg háttv. framsm. fyrir, hve hlýlega hann mælti með fjárveitingunni til lagaskólans til bókakaupa.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að Rangæingar hefðu boðist til að leggja fé til brúargerðarinnar. Því verð eg að neita. Það hefir engin skýrsla komið fram um það, að sýslan vilji leggja nokkuð fé til. Að vísu hefir komið fram tilboð frá þingmönnum sýslunnar um það, en það er dálítið annað en það hafi komið frá fjárveitingarvaldi hennar; okkur er alveg ókunnugt um, hvort það vill veita nokkuð fé til brúarinnar. Eg vildi að eins leiðrétta þetta atriði í ræðu háttv. þm. Að því er snertir það, að umræður hafi snúist í aðra átt en löglegt er, skal eg að eins svara því, að það er forseti sem sker úr því. Annars á eg enga sök á því; eg svaraði að eins háttv. 4. kgk. þm. nokkrum orðum. Hann á sökina, ef annars er um nokkra sök er að ræða.

Steingrímur Jónsson: Eg stilaði ræðu mína þannig, af þeirri ástæðu, að eg hlaut að líta svo á, að þegar 1. umr. fjárlaganna ekki er skift, mætti koma með almennar athugasemdir í sambandi við breyt.till., sem eru eins mikilsverðar og þessi.

Forseti: Það er engin ástæða til að banna almennar athugasemdir, þegar þær koma fram til að rökstyðja tillögur í málinu, svo sem breytingartillögur.

ATKV.GR.:

2. gr. frv. (413) sþ. í e. hlj.
1. br.till. við 3. gr. A. 4. sþ. í e. hlj.
2. br.till. við 3. gr. B. II. sþ. með 7 : 5.
3. br.till. við 3. gr. B. III. sþ. með 8 : 1.
4. br.till. við 3. gr. B. III. sþ. fyrri hlutinn með 10 og seinni hlutinn með 11 samhlj. atkv.
5. br.till. við 3. gr. C. 2. e. sþ. með 9 : 4.
6. br.till. við 3. gr. D. II. 6. sþ. í e. hlj.
7. br.till. við 3. gr. E. 6. sþ. með 11 samhlj. atkv.

3. gr. breytt sþ. í e. hlj.

8. br.till. við 4. gr. A. b. sþ. í e. hlj.
9. br.till. við 4. gr. B. III. sþ. í e. hlj.

4. gr. breytt sþ. í e. hlj.

5. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

10. br.till. við 6. gr. sþ. í e. hlj.

6. gr. breytt sþ. í e. hlj.

7. gr. óbreytt sþ. í e. hlj.

1. gr. með breyt. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumvarpið samþ. í e. hlj. og málinu vísað í e. hlj. til 3. umræðu.

Þriðja umræða 15. apríl (A. 454, 468, 470, 471, 472).

Lárus H. Bjarnason: Sú br.till sem eg hefi komið með á þgskj. 468 er komin til af því, að Nd. veitti nokkurt fé til aukakenslu við lagaskólann, og nú hefir mér verið leyft að hafa eftir nefndinni hér í Ed., að hún ætli að færa þá fjárveitingu úr 800 kr. upp í 1600 kr. Þessi viðaukatill. mín er því ekki annað en eðlileg afleiðing af fjárlögunum. Eins og menn vita, byrjar næsta skólaár 1. okt. 1909, en fjárlögin ganga ekki í gildi fyr en 1. jan. 1910, og þá eru þessar 400 kr., sem eg hefi farið fram á, hlutfallslegt kaup fyrir ársfjórðunginn frá 1. okt. til 1. jan. — En úr því að eg stóð upp, skal eg leyfa mér að benda lítilfjörlega á þá nauðsyn, sem ber til þess að auka kenslukraftana við lagaskólann. Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, er skólinn nýbýli, og hér á landi hefir ekkert verið skrifað í þessari grein. Námsgreinar við skólann eru sex. Í öðrum löndum er hafður kennari í hverri námsgrein, en hér eru hverjum kennara ætlaðar 3 námsgreinar, og eru þó allar órannsakaðar. Íslenzki lagatextinn er alls um 18—19 þús. bls., og hverja línu í þessu þarf að rannsaka. Auk þess verður að kenna í árgöngum þegar nýir nemendur bætast við í skólanum. Og frá 1. okt. 1911 verða kennararnir að vera við því búnir, að prófa

eftir sérstökum bókum þá menn, sem lokið hafa prófi við háskólann í Khöfn. Eg vona að háttv. þgdm. sjái, að það er alt of lítið, að hafa aðeins 2 kennara við skólann, ef hann á annað borð á að geta gegnt starfi sínu stórgallalaust. Þeir ættu að minsta kosti að vera 3 fastir. Eg vona að háttv. deild taki þessu vel, og það því fremur, þegar litið er til þess hve miklu fleiri kennarar eru við hina skólana, prestaskólann og læknaskólann, og eru þar þó ekki kend nein bein ísl. sérfræði. Akureyrarskólanum eru veittar 2500 kr. til aukakenslu, auk 3 fastra kennara. Við kennaraskólann eru 3 fastir kennarar, og auk þess veittar 1000 kr. til tímakenslu. Og til stýrimannaskólans, sem að eins starfar í fáa mánuði, eru veittar 1000 kr. til aukakenslu auk föstu kennaranna. Eg skal svo ekki fara frekar út í þetta fyr en eg heyri undirtektir háttv. þgdm.

Ari Jónsson: Eg ætla að eins að fara nokkrum orðum um viðaukatill. á þgskj. 472. Hún er um fjárveiting til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa. Fyrir fjárlaganefnd Ed. hefir legið erindi frá þessum manni, þess efnis, að honum yrði veittur styrkur úr landsjóði til þess að gera tilraunir með mótorvagns ferðir um vegi í nágrenni Reykjavíkur. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa upp erindi Garðars.

»Eg undirritaður leyfi mér hér með að fara þess á leit við hið háttv. alþingi að því þóknist að veita mér kr. 4000 styrk til þess að kaupa mótorvagn af nýjustu gerð og heppilegan á hérlendum vegum, er eg hafi til flutninga og ferða á eigin kostnað um tveggja ára tímabil frá júní næstkomandi um vegi þá er liggja í nágrenni við Reykjavík, sérstaklega austur í sýslur, — alt eftir samkomulagi við stjórnarráð Íslands. Tilgangur minn er að fá ábyggilega reynslu fyrir því, hvort þetta samgöngufæri sé heppilegt hér á landi, og skuldbind eg mig því til að gefa stjórnarráðinu glögga skýrslu yfir rekstur þessa fyrirtækis. Einnig að flytja ókeypis póstflutning á þeim svæðum er vagninn gengur, og gefa 6 mönnum, þeim er stjórnarráðið mælir með, kost á að læra og kynnast meðferð vagnsins án endurgjalds.

Skyldi það sýna sig þegar vagninn er kominn hingað, að hann sé óhæfur til notkunar á hérlendum vegum, skuldbind eg mig til þess að skila landsjóði allri styrkveitingunni aftur.

Eg áskil að vagnvegunum verði haldið vel við, svo að stöðugar ferðir geti haldist og tilraunin verði að tilætluðu gagni.

Eg treysti því að h. hv. Alþingi verði þessu máli hlynt og að tilraunin verði spor í áttina til umbóta samgöngum landsins«.

Eg vona að háttv. deild sjái að hér sé að ræða um mikilsverða tilraun til samgöngubóta hér á landi. Það hefir á síðustu árum verið varið ærnu fé til þess að bæta samgöngurnar með vegalagning um landið. Einnig eru menn nú farnir að hafa hug á að gjöra tilraun með járnbrautir hér.

En eg verð að álíta að áður en farið verði að fást við járnbrautarlagningar, ætti að gera tilraunir með mótorvagna, og vita hvort það samgöngufærið yrði eigi haganlegt fyrir oss Íslendinga, því slíkt samgöngufæri hlýtur að vera miklu ódýrara, þar sem notast má við vegi, sem þegar eru lagðir. Þess háttar samgöngufæri (mótorvagnar) hefir verið reynt í fjallalöndum, og þeir eru nú orðnir svo fullkomnir, að vel má aka þeim upp og ofan halla, þó nokkuð mikill sé. Garðar Gíslason er sannfærður um, að þessi tilraun megi takast hér á landi, og hefir hann kynt sér og gert tilraunir með mótorvagna, bæði á illfærum vegum og í fjalllendi.

G. G. ætlast til að vagninn gangi um suðurlandsundirlendið, og auk þess um Þingvallasveitina og Mosfellssveit. Ferð unum vill hann haga í samráði við stjórnarráðið. Hann býðst til að flytja allan póstflutning um þessi svæði. Einnig býðst hann til að kenna 6 mönnum ókeypis að nota eða stýra mótorvögnum, og loks að gefa stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um rekstur fyrirtækisins.

Eg fæ ekki betur séð, en að þetta tilboð verði að kalla glæsilegt. Vagn með því sniði sem hér ræðir um, kostar um 8000 kr., og fer Garðar aðeins fram á að sér sé veittur helmingur af því fé. Eg get ekki séð að landsjóður leggi neitt í hættu með þessari fjárveiting, þar sem Garðar býðst til að skila fénu aftur, ef illa skyldi reynast.

Það er full ástæða að taka tillit til þessarar umsóknar, því hér er um stórvægilega samgöngubót að ræða, og hinsvegar er sjaldgæft að fá slíkt tilboð um endurgreiðslu fjárins ef illa tekst.

Steingrímur Jónsson: Eg á hér breyt.till. á þgskj. 470. Það stendur svo á þessari breyt.till., að tillagið til Austfjarðabátsins var samþykt við 2. umræðu með því skilyrði, að báturinn færi 3 ferðir til Víkur og Vestmannaeyja. Eftir upplýsingum, sem eg hefi fengið hjá þingmönnum í Nd., má fullyrða að þetta ákvæði verður til þess að ómögulegt verði að koma þessum bátsferðum á fót í sumar, því útgerðarmenn bátsins telja ekki tiltækilegt að láta bátinn ganga svo margar ferðir til Vestmannaeyja. Mín breyt.till. er því aðeins til miðlunar, og vona eg að háttv. deild sjái að hún sé á rökum bygð.

Úr því að eg stóð upp, ætla eg lítilfjörlega að minnast á breyt.till. á þgskj. 472. Eg hefi að vísu ekki haft tækifæri til að kynna mér nákvæmlega það mál, sem hér liggur fyrir. En mér þykir það vera bygt mjög í lausu lofti, og mér dylst alls ekki að málefnið sé nokkuð hættulegt. Málið var alls ekki tekið til umræðu í nefndinni, og menn hafa ekki átt kost á að setja sig inn í það. Eg skal benda á 2 atriði, sem mér virðast viðsjárverð. Í fyrsta lagi á að veita styrkinn fyrirfram, og er alls enginn trygging sett fyrir endurborgun hans ef illa fer. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að landstjórnin skuldbindi sig til þess, að halda vegum í svo góðu standi, að hægt sé að aka mótorvögnum á þeim. Þetta er mjög óákveðið. Það veit enginn hve mikið þarf að gera að vegunum, né hve mikils þessi maður krefst í þá átt. Eg þykist vita að betri vegi þurfi en vér höfum nú, og skal eg benda á það að t. d. Eyjafjarðarbrautin hefir ekki reynst hæf til mótorkeyrslu.

Ari Jónsson: Eg skal ekki vera langorður; eg vil aðeins athuga ofurlítið tvö atriði í ræðu háttv. 4. kgk. Annað atriðið er það, að honum fanst varhugavert að veita þessar 4000 kr. tryggingarlaust. Eg skal geta þess, að Garðar hefir gefið mér heimild til að skýra frá því, að hann sé fús til að setja trygging fyrir endurborgun fjárins, ef stjórnarráðið álítur nauðsynlegt að heimta slíka tryggingu. En annars er þetta, eins og mörg önnur skilyrði, er nauðsynlegt kann að þykja að setja fyrir fjárveiting þessari, atriði, sem á að vera í samningi milli Garðars Gíslasonar og stjórnarráðsins, en ekki í fjáraukalögum, og ætti stjórninni ekki að vera ofvaxið að taka slíkt tryggilega fram í samningnum. Hitt atriðið er það, að háttv. þm. fanst varhugavert að ganga að því skilyrði, sem Garðar setur, að vegunum sé haldið við; hann óttaðist að það gæti orðið nokkuð kostnaðarsamt. En hér er alls ekki átt við neitt dýrt viðhald. Það er ekki átt við annað en að vegunum sjá haldið við eins og góðir vegir gerast hér nú, að þeir séu stórgallalausir og nokkurnveginn

jafnir, þannig að þeir séu færir fyrir aðra vagna, er tiðkast hér nú. En annars álít eg, eins og eg sagði áðan, stjórninni treystandi til að gera samninginn svo úr garði, bæði að því er þetta atriði og önnur snertir, að landið geti ekki skaðast á fjárveitingu þessari. Mér finst tilboðið svo glæsilegt, að eg álít sjálfsagt að taka því.

Gunnar Ólafsson: Það var viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 470, sem eg vildi segja fáein orð. Við 2. umræðu var fjárveitingin til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar samþykt með því skilyrði, að báturinn færi minst 3 ferðir til Víkur og Vestmanneyja, eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu. Breyt.till. á þskj. 470 fer fram á að báturinn fari aðeins 2 ferðir á þessa staði, og að ákvæðinu um, að ferðirnar skuli ákveðnar í samráði við sýslunefnd, sé slept. Þetta síðara, að útgerðarmenn ráði á hvaða dögum báturinn komi til Víkur, get eg gengið inn á, en hitt, að ferðirnar þangað séu aðeins tvær, get eg ómögulega fallist á. Eg get ekki séð að nokkur sanngirni mæli með því, að klípa af þessum þrem ferðum, þar sem hér er um svæði að ræða, sem stendur verr að vígi, að því er samgöngur snertir, en nokkur annar hluti landsins, en láta bátinn ganga vikulega eða hálfsmánaðarlega á aðrar hafnir sem hafa nálega daglegar ferðir Fyrst bátnum er ætlað að fara til Hornafjarðar, finst mér sjálfsagt að dálítið sé gert til að greiða fyrir þeim sem vestar búa, og eru illa staddir í þessu efni. Það er ekki rétt, að þessi hluti landsins sé altaf látinn vera útundan, að því er samgöngur snertir. Háttv. 4. kgk. var þegar í nefndinni talsmaður þess, að báturinn færi helzt aldrei vestur fyrir Hornafjörð. Það var svo að heyra, sem hann hefði samið við sýslunefndina í Þingeyjarsýslu um það, og ferðirnar væru fastákveðnar fyrirfram, svo að engu mætti breyta. Eg sé ekki að ástæða sé til að taka slíkt til greina, þó hann hafi verið svo fljótfær, að gera slíkan samning fyrirfram. Hér er um aukafjárveiting að ræða, sem hann gat ekkert vitað um hvort fengist, áður en hann fór úr sýslunni.

Eg gæti gengið að tillögunni ef hún færi fram á 3 ferðir, en annars ekki. Eg sé ekki að það sé ósanngjörn krafa, þar sem hinum stöðunum fyrir austan eru ætlaðar 7 ferðir.

Eg skal ekki fara fleiri orðum um tillöguna, en vona að háttv. deild líti með sanngirni á málið.

Annars vil eg beina þeirri spurningu til háttv. flutningsmanns, hvort hann vill ekki taka breyt.till. aftur. Hún ber ekki með sér, að neitt ákvæði, sem áður er samþykt, eigi að falla burtu, eða að þetta eigi að koma í hins stað. Það lítur helzt út fyrir að hvorttveggja ákvæðið eigi að standa í lögunum.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Fjórar breyt.till. hafa komið fram. Nefndin hefir að vísu ekki haft sem beztan tíma til að bera sig saman um þær, en samt áleit hún ekki þörf á að láta taka málið út af dagskrá, þar eð breyt.till. eru ekki svo mikilsverðar.

Fyrst er breyt.till. á þskj. 471 frá nefndinni. Hún fer fram á það, að stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir byggingarsjóðinn húseign fyrv. ráðherra, H. Hafsteins í Tjarnargötu, til ráðherrabústaðar. Eg vona að háttv. deild sé nefndinni samdóma um það, að það er lítt sæmandi og enda ófært að hafa ekki bústað fyrir ráðherra. Það gæti jafnvel orðið til að fæla menn frá að taka við stöðunni, því privat-menn hafa ekki svo mikil og góð húsnæði, sem maður í þeirri stöðu þarf að hafa. Eg hygg að deildin muni vera nefndinni samdóma um þetta. Að því er verð hússins snertir, skal eg geta þess, að það er ákveðið eftir virð-

ingarverði þess til brunabóta. Húsið er ekki gamalt og bygt úr góðum efnum og endist því vonandi vel, að minsta kosti næsta mannsaldur. Verði húsið keypt, er því komið í veg fyrir, að þingið fari fyrst um sinn að brjótast í að byggja stærðarhöll fyrir ráðherra, og þykist nefndin því geta hvatt til kaupanna, þó hún á hinn bóginn kannist við, að bezt sé að allar opinberar byggingar sé úr steini. Vextirnir verða að vísu nokkuð meiri en núverandi húsaleigustyrkur ráðherra, en við álítum ekki í slíkt horfhandi, þar sem hér er í boði fullvegleg íbúð fyrir hvern ráðherra, er vafalaust verður fullnægjandi um langan tíma. Það mælir einnig með kaupunum, að ekki þarf að borga út nema liðugan helming kaupverðsins, því landið tekur að sér veðskuld, sem á húsinu hvílir og ekki verður gengið eftir að svo stöddu. Eg skal ekki fara fleiri orðum um tillöguna, en vona að deildin taki henni vel.

Þá er viðaukatill. á þskj. 472. Hún fer fram á, að Garðari Gíslasyni séu veittar 4000 kr. til mótorvagnskaupa. Nefndinni barst erindi frá Garðari um þetta, en það komst aldrei svo langt, að hún ákvæði afstöðu sína í þessu máli. Hún rak stax augun í eitt skilyrði sem Garðar setur, er gerði það að verkum að hún vildi leiða málið hjá sér, og það var skilyrðið um, að landið skuldbindi sig til að halda veginum við, svo að stöðugar ferðir geti haldist. Nefndin áleit að ef landið gengi að þessu skilyrði, gæti það orðið til þess, að Garðar gæti komið sér undan endurgreiðslu fjárins, ef svo byði við að horfa. En auðvitað er þetta samningsatriði milli Garðars og stjórnarráðsins, og þarf því í sjálfu sér ekki að vera fjárveitingunni til fyrirstöðu, en stjórnarráðið ætti að fara mjög varlega í að skuldbinda landið nokkurn hlut í þessa átt. Það gæti farið svo, að fyrirtækið yrði svo dýrt, að það borgaði sig ekki, og þá verður að vera svo um hnútana búið, að landið geti ekki beðið neinn fjárhagslegan skaða við það. Hins vegar væri þetta mikilsverð tilraun fyrir samgöngur okkar. Ef það reyndist að nota mætti mótorvagna á vegum okkar, væri mikið unnið fyrir samgöngumál okkar, því að þeir gætu þá ef til vill komið í stað járnbrauta, svo að fresta mætti eða jafnvel sleppa alveg að ráðast í járnbrautarlagningu. Og eins og eg tók fram áðan, er eg háttv. þm. Strand. samdóma um það, að öll nánari skilyrði fyrir fjárveitingunni eru samningamál milli Garðars og stjórnarráðsins, og eg álít stjórnarráðinu treystandi til að gera samningana svo tryggilega úr garði, að Garðar geti ekki smeygt sèr undan endurgreiðslu fjárins, ef vagninn reynist ófær. Það er ómögulegt, að taka alt slíkt fram hèr í lögunum, það verður að vera á ábyrgð stjórnarráðsins að vel sé um alla hnúta búið í samningunum. Stjórnarráðið hefir skýrar bendingar frá umræðunum hér um það, að gæta þess vel að skuldbinda landsjóð ekki um of, og ætti því ekki að vera það of vaxið. Eg mun því greiða atkvæði með fjárveitingunni.

Þá er viðaukatill. á þskj. 468, við 4. gr. B. III. Er þar farið fram á 400 kr. fjárveitingu til lagaskólans til aukakenslu. Eg verð að álíta að nefndin geti vart synjað um samþykki sitt til þessarar fjárveitingar. Nd. hefir samþykt 800 kr. árlega á næsta fjárhagstímabili til aukakenslu við skólann. Verði það samþykt hér, verður einn ársfjórðungur eftir, sem aukakennara eru engin laun ætluð, nefnilega frá 1. október 1909, til nýjárs. Það er því sanngjarnt að veittar séu 400 kr. til aukakenslu þennan ársfjórðung. Við verðum að gera þær kenslustofnanir sem hér eru, svo vel úr garði sem unt er. Eg fyrir mitt leyti mun

greiða atkvæði með þessari fjárveitingu, en um álit annara nefndarmanna er mér ekki kunnugt.

Þá er breyt.till. á þskj. 470, við 3. gr. C. 2. e. Hún fer fram á það, að báturinn, sem á að ganga milli Langaness og Hornafjarðar, fari aðeins 2 ferðir til Vikur og Vestmannaeyja í stað 3 ferða, er samþykt var við 2. umræðu. Háttv. þm. V.-Sk. hefir rétt fyrir sér í því, að tillagan er nokkuð ógreinileg; það sést ekki, að athugasemdin, sem hún á að koma í staðinn fyrir, eigi að falla burtu, en auðvitað hlýtur það að vera meiningin. Eg játa að eg er í dálitlum vanda með þessa tillögu. Þegar litið er á samgönguþörf þessara héraða, hversu þau eru útundan, fellur manni þungt, að geta ekki uppfylt allar sanngirniskröfur þeirra í þessu efni, en hinsvegar veit eg ekki, hvort hægt er að koma þrem ferðum fyrir á áætluninni. Þó verð eg að álíta, að áætlunin geti ekki verið fast ákveðin enn, þar sem styrkurinn er enn ekki veittur. Hlutaðeigendur hafa enga vissu um að fèð fáist, og væri það því mjög fjötfærnislegt, ef þeir hefðu gert samning um ferðirnar fyrir fram.

Sömuleiðis verð eg að gera ráð fyrir, að þó ferðirnar til Vikur og Vestmannaeyja geti ef til vill verið hættulegar, þá hljóti báturinn að vera svo stór og góður, að hann gæti gengið þangað. Eg verð að ætla Austfirðingum þá hagsýni, að þeir sæki ekki um styrk til báts, er sé það kríli, eða svo ófullkominn, að hann geti ekki gengið annað en um Austfirði sjálfa. Geti báturinn gengið um Austfirði, ætti hann líka að geta farið til Vikur og Vestmannaeyja. Eg tel rétt að tillagan sé feld; Nd. gæti þá íhugað þetta betur, þegar frumv. kemur þangað.

Skal eg svo ekki fara fleiri orðum um breytingartillögurnar.

Steingrímur Jónsson: Það er ekki rétt hjá háttv. þm. V.-Sk. að eg hafi sagt í nefndinni, að búið væri að semja áætlun fyrir bátinn, sem ekki mætti breyta. Eg skýrði frá því, að í febrúarbyrjun hefði komið tilboð með meðfylgjandi ferðaáætlun frá eigendum bátsins á Seyðisfirði til sýslunefndanna í Þingeyjarsýslu og Múlasýslunum, og að maður úr Norður-Þingeyjarsýslu hefði verið staddur undanfarið á Seyðisfirði, til að semja um þetta. Þegar tilboðið kom og samningarnir hófust, var að vísu engin von komin um styrk, en þegar verið var að semja á Seyðisfirði, höfðu menn góða von um hann. Bátnum var ætlað að fara frá Seyðisfirði 5 ferðir norður og 6 ferðir suður, og við það er engu hægt að bæta; þetta »plan« er ómögulegt, ef báturinn á að fara 3 ferðir til Vikur og Vestmanneyja, eins og samþykt var við 2. umræðu, og því kem eg með þessa breyt.till. Málið skiftir mig að vísu ekki miklu, því aðeins einn hreppur í Norður-Þingeyjarsýslu hefir gagn af þessu, en eg hefi tekið að mér að bera málið fram á þingi, og verð því að skýra frá málavöxtum, eins og þeir eru. — Eg hygg að háttv. deild ætti að fara varlega í það, að breyta frv., og tel ekki rétt að ætlast til, að Nd. athugi málið betur og breyti til bóta; það gæti farið svo, að frv. kæmi ekki hingað aftur.

Út af tillögu háttv. þm. Strand. um fjárveitinguna til Garðars Gíslasonar, skal eg geta þess, að eg tel auðvitað sjálfsagt, að stjórnin geri samning við hann, meðal annars af því, að í tilboðinu er ekkert ákveðið sagt um, hvað í boði er. Þar er aðeins talað um einhverjar ferðir, einhversstaðar í nánd við Reykjavík. En samt sé eg ekki, að þingið sé útilokað frá því, að heimta sjálfsagðar tryggingar um leið og það veitir fé. Þingið hefir vanalega veitt fé til slíkra fyrirtækja

eftir á, en aldrei borgað fyrirfram fyrir tveggja ára verk. Eg kalla þetta fyrirfram borgun fyrir óunnið verk, af því að okkur er ekki ætlað að eiga vagninn, þó í tillögunni standi: »til mótorvagnskaupa«, heldur veitum vér fé í raun og veru til að halda uppi ferðunum, ef við veitum það. Eg stend við það, að mér virðist þessi fjárveiting áhættumikil, og get því ekki greitt henni atkvæði. Það má vera, að mótorvagnar séu flutningstæki framtíðarinnar, en eg þykist viss um, að þeir verða það aldrei á þeim vegum, sem við höfum nú; við verðum að leggja miklu betri vegi, ef mótorvagnar eiga að geta gengið á þeim. Auk þess vil eg benda á, að til þessa hafa mótorvagnar verið meir brúkaðir til mannflutninga og eru betur lagaðir til þess, en til þungavöruflutninga. Þess vegna geta þeir varla komið í stað járnbrauta. Að því er viðhaldsskylduna snertir, skal eg taka það fram enn, að eg get ekki skilið það öðru vísi, en að það sé skylda til að halda vegunum færum fyrir mótorvagna. Það liggur í hlutarins eðli, að þetta hlýtur að vera meint, og verði fjárveitingin samþykt, hefir stjórnin að mínu áliti enga heimild til að setja í samninginn það skilyrði, að vegirnir skuli aðeins vera slarkfærir fyrir hestavagna. Viðhaldsskyldan getur orðið okkur afarþung; og auk þess getur hún orðið til þess, að ekki verði hægt að heimta fé aftur, ef tilraunin mishepnast. Auk þess get eg ekki skilið að hægt sé að fá góðan mótorvagn fyrir 8000 kr.; þeir mótorar, sem eiga að brúkast hér á landi, verða að vera mjög sterkir; eg get hugsað mér, að 10 til 20 þús. kr. mundi vera hæfilegt verð. Sá eini mótorvagn, sem til er á Íslandi, kostaði á 6. þús. kr., en hann er ekki gerður til að fara upp fjöll, heldur aðeins fyrir slétta vegi. — Garðar lofar að annast póstflutning, en það er ekki sýnt, hvernig það gengur. Eg hygg að póstflutningur til Odda sé meiri en svo, að einn vagn nægi. Og ef samið er við manninn um póstflutning og vagninn nægir ekki, eða tilraunin mishepnast, hvar stöndum við þá? Póstinn þarf að flytja eigi að síður.

Ari Jónsson: Það var aðeins stutt athugasemd, sem eg vildi gera út af orðum háttv. 4. kgk. þm. Það er auðvitað ekki gott að segja um það fyrir fram, hvernig tilraunin muni heppnast. Garðar Gíslason hefir hugsað sér að fá mótorvagn, er beri 2 tonn, og mun aldrei vera svo mikill póstflutningur, að hann nægi ekki, en hinsvegar gott, að hafa vagninn ekki stærri eða dýrari, ef tilraunin skyldi mishepnast. Annars eru mótorvagnar tvennskonar, eftir því hvort þeir eru ætlaðir til farþega eða vöruflutnings. Á fólksflutningsvögnum er sérstakur útbúnaður með fjöðrum, til þess að draga úr hristingnum. Eg sé ekki að það sé nein áhætta, að trúa stjórninni fyrir að gera hinn væntanlega samning þannig úr garði, að landsjóður ekki taki á sig skyldur, er hefðu stór fjárútlát í för með sér, og eg býst enda við, að Garðar Gíslason myndi ganga að tilboðinu, þótt landsjóður ekki tæki á sig neina sérstaka viðhaldsskyldu á vegunum, og það er auðvitað ekki ætlast til, að landsjóður, aðeins mótorvagnsins vegna, færi að gera stórar og dýrar vegabætur, heldur að eins smáviðgerðir, er lítinn kostnað hefðu í för með sér.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Háttv. 4. kgk. þm. taldi það vogun, að samþykkja fjárveitinguna til mótorvagnstilrauna; landsjóður tapaði ef til vill þessum 4000 kr. En eg fæ ekki betur séð, en að stjórnin geti heimtað tryggingu af manninum, svo að landsjóður ávalt fái fjárupphæðina, ef fyrirtækið ekki hepnast. Aftur á móti er

það rétt hjá háttv. 4. kgk. þm., að viðhaldsskyldan á vegunum gæti verið hættuleg, en stjórnarráðið getur búið svo um hnútana — og gjörir sjálfsagt — að landsjóði stafi enginn verulegur kostnaðarauki af henni; hins vegar lái eg »forretningsmanninum« ekkert, þótt hann vilji setja þetta skilyrði í samninginn; hann vill auðvitað komast að sem hagkvæmustum samningi. Eg hefi ekkert um það sagt, hvort mótorvagnarnir geta sparað okkur járnbrautarlagningu eða ekki; um það vitum vér ekkert. En vér viljum auðvitað helzt komast hjá jafnfjárfrekum fyrirtækjum og járnbrautir eru, ef hægt er að fá önnur ódýrari samgöngufæri, sem þó fullnægja þörfum vorum. Þess vegna tel eg sjálfsagt að gjöra tilraun með mótorvagna, og vona því að deildin samþykki tillöguna.

Jens Pálsson: Það eru að eins örfá orð, sem eg ætlaði að segja til skýringar. Þetta atriði um viðhaldsskylduna skil eg svo, að hlutaðeigandi vilji tryggja sér fljóta viðgerð á skemdum á vegunnm, smávegis skemdum, er snögglega og óvænt geta að hendi borið og gjört þá í svip ófæra vagninum, t. d. niðurhlaup eða brot á vatnsrennum, sem oft er með tré yfir og geta því hæglega skemst. Að bæta slíkar bilanir kostar venjulega lítið, en verður að gjörast tafarlaust, svo umferðin heftist eigi. Hitt getur ekki verið meiningin, að fara að gjöra meiri háttar endurbót á öllum veginum austur. En það getur verið manninum mjög áríðandi, að fljótt sé gert við slíkar smáskemdir.

Gunnar Ólafsson: Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að bátnum væri ætlað að fara 5 ferðir norður og 6 suður frá Seyðisfirði. Er það ekki misskilningur? Eg stend í þeirri meiningu, að báturinn eigi að fara 7 ferðir suður á bóginn, enda er það líklegast þar sem hann á að ganga í 4 mánuði. Eg veit ekki hvað hann ætti annars að gera við allan þann tíma, því að það er ekki svo löng sigling frá Þórshöfn til Hornafjarðar. Bátinn sjálfan þekki eg ekki, en þar sem ætlast er til, að hann fái 10,000 kr. úr landsjóði, sem ef hann gengur í 4 mánuði er 83 kr. á dag, þá má nærri geta að þetta er góður bátur, fær í allan sjó og fljótur í förum, sem slíkan styrk fær. Það mundi því ekki þurfa að fækka ferðunum mikið, og ef til vill alls ekki, þótt farnar væru 3 ferðir til Víkur og Vestmannaeyja. Enn vildi eg benda á það, að það er mjög hagkvæmt Austfirðingum, að hafa skipaferðir til Vestmannaeyja, því að þeir hafa mikla þörf á góðu sambandi við Eyjarnar, einkum vegna fólksflutninga milli þessara staða. Eg hefi talað um mál þetta við þingmenn Suður-Múlasýslu, og voru þeir tillögu minni hlyntir, og töldu að betra væri að fækka ferðunum norður en missa af sambandinu við Vestmannaeyjar, að því er þeirra kjördæmi snertir.

ATKV.GR.:

Brt. á þskj. 470 feld með 7:4 atkv.
— - — 472 sþ. — 7:3 —
— - — 468 — í e. hlj.
— - — 471 — með 12 samhlj. atkv.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj., og sendist aftur til Nd.

Ein umræða 26. apríl (A 544; 599; 616; 621).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eins og sjá má á nefndarálitinu leggur nefndin til að frumv. verði samþ. óbreytt. Útgjöldin hafa verið nokkuð hækkuð í neðri deild, og þó að sumir nefndarmennirnir væru ekki alveg samþykkir þeim hækkunum, þá varð það þó ofan á, að gera ekki breytingar á frumvarpinu héðan af.

Það hefir verið bætt við nýjum útgjaldalið í 2. gr. frumv. Það er 1800 kr. fjárveiting til þess að byggja fjós, hlöðu og safnþró handa geðveikrahælinu á Kleppi. Það kom erindi þessu viðvíkjandi frá lækninum á Kleppi, en barst þessari deild of seint til þess að fjárveitingin gæti komist inn í fjáraukalögin hér um daginn. En nú hefir Nd. tekið hana upp og nefndin ræður háttv. deild til að samþykkja hana. Það er augljóst, að þessi fjárveiting er bráðnauðsynleg og getur orðið til að spara landsjóði fé á þann hátt, að rekstrarkostnaður geðveikrahælisins minkar við það, að útgjöld til mjólkurkaupa sparast. Það stendur svo á, að það er töluverður túnblettur á Kleppi, sem læknirinn vill halda í rækt og bæta, en það vantar bæði fjós og hlöðu, og það sýnist vera sjálfsagt að bæta úr því.

Þá hefir verið gjörð breyting að því er snertir Austfjarðabátinn. Í staðinn fyrir 3 ferðir til Vestmannaeyja er nú ætlast til að báturinn fari eina ferð alla leið til Reykjavíkur og aðra til Vestmannaeyja og komi við í Vík í báðum ferðum fram og aftur.

Þá hefir verið bætt við nýjum lið, ótölusettum, í 6. gr. frv. Það eru 10 þús. kr. til viðskiftaráðunauta erlendis. Þessi fjárveiting er sjálfsagt komin inn á lögin eftir hvötum hæstv. ráðherra, sem mun hafa í hyggju að nota hana ef hæfir menn fást. Upphæðin er sjálfsagt óþarflega mikil, þegar litið er til þess, hve skammur tími er eftir af fjárhagstímabilinu, og litlar líkur til, að hæfir menn fáist í snatri. En það getur ekkert gert til þó að upphæðin standi í lögunum. Féð kemur auðvitað ekki til útborgunar, ef ekki verður þörf fyrir það. Hins vegar er rétt, að stjórnin hafi heimildina til fjárins, ef til kæmi að henni byðust 2 hæfir menn í stöðurnar. Eg skal líka taka það fram, að ef ráðist er í að stofna þessi viðskiftaráðunauta embætti, má alls ekki skera launin við neglur sér. Þeir eiga að hafa svo ábyrgðarmikið starf með höndum, að það er öldungis nauðsynlegt að þeir geti verið fjárhagslega óháðir menn. Því verður að gera þá vel úr garði hvað launin snertir. Enda ætlast ráðherra til, að þessir menn gefi sig óskiftir við starfinu, en hafi enga aðra atvinnu jafnframt.

Það hefir komið fram breyt.till. um að færa upphæðina niður um helming. En eg sé ekki ástæðu til að greiða atkv. með þeirri tillögu af þeim ástæðum, sem eg gat um áðan, að ef ekki verður brúk fyrir fjárveitinguna, gjörir ekkert til, þó að hún standi, en verði þörf fyrir hana, væri ilt ef stjórnina bristi heimild til fjárins.

Þá hefir önnur breyt.till. verið gjörð við 6. gr. þess efnis, að bætt hefir verið við 10 þús. kr. til að mæla innsiglingu á Gilsfjörð. Þessi fjárveiting var feld hér í deildinni um daginn, en Nd. hefir sett hana inn aftur. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki gera þetta að kappsmáli milli deildanna og ræður því til að samþykkja fjárveitinguna. Að vísu er ekki mikil skipasigling inn fjörðinn, en það eru þó æði mikil kaupfélagsviðskifti þar á tveimur stöðum, og er mjög bagalegt að geta ekki fengið skip til að koma inn á hafnir, sem þar eru þó til allgóðar, bæði í Salthólmavík og í Króksfjarðarnesi. Því vill nefndin ekki gjöra þetta að kappsmáli milli deildanna, einkum þegar þess er gætt, að málið hefir nú verið á dagskrá í mörg ár, og er héraðsbúum mjög mikið áhugamál.

Þá er ein viðaukatill. við 8. gr. þess efnis, að fjárhæðinni til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Vogastapa megi verja til vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur. Eg veit ekki hve nauðsynleg þessi breyting er, en býst við að flutningsmaður gjöri grein fyrir henni. En eg þykist

geta fullyrt það fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hann muni ekki vilja hleypa fjáraukalögunum í sameinað þing vegna þessa atriðis eins.

Agúst Flygenring: Eg á tvær breyt.till. við 6. gr. frv. á þgskj. 616, sem háttv. framsögum. hefir minst á.

Fyrri breyt.till. er í því falin, að eg vil færa niður fjárveitinguna til viðskiftaráðunauta úr 10 þús. kr. í 5 þús. kr., sem stafar af því, að eg vil byrja með einn ráðunaut en ekki tvo. Mér þykir það harla mikið í ráðist, að veita 10 þús. kr. til ráðunauta fyrir þenna stutta tíma, sem eftir er af fjárhagstímabilinu. Það hlyti að hafa í för með sér kring um 40 þús. kr. fjárveitingu á næsta fjárhagstímabili, þegar litið er til þess, að þessar 10 þús. kr. eru ætlaðar að eins til hálfs árs. Eg legg áherzlu á það, að við ættum að láta okkur nægja einn ráðunaut til að byrja með. Við vitum ekki hvert gagn landið muni hafa af ráðunautunum, og því væri æskilegt að fá nokkra reynslu í þeim efnum, áður en tekið er svo stórt stökk, að stofna tvö dýr embætti. Auðvitað skilst mér, að stjórnin geri þetta í góðum tilgangi, til þess að greiða fyrir verzlun landsmanna í útlöndum. En árangurinn er óneitanlega vafasamur. Mér þykir mjög vafasamt, að einum manni takist betur að hækka innlendar vörur á útlendum markaði, heldur en öllum kaupmönnum til samans hefir tekist hingað til, — að slíkur ráðunautur viti betur og fái meiru áorkað í þessu skyni en öll kaupmannastétt Íslands; því er það hæpið að mínu áliti, að þetta mál hafi almenna þýðingu fyrir verzlun landsmanna. Hitt er annað mál, að ráðunautarnir geta sjálfsagt orðið til hjálpar einstökum mönnum, sem lítið þekkja til utanlands. En þó að búast megi við nokkrum árangri að því leyti, finst mér of mikið að byrja með stofnun tveggja embætta, sem verða dýrustu embætti landsins. Hér með meina eg þó ekki, að launin séu of há, ef embættin eru stofnuð á annað borð, því að mennirnir þurfa að kosta miklu til, þurfa að búa sæmilega vel, ferðast o. fl. o. fl., og þurfa endilega að vera fjárhagslega óháðir. En eg vil fá reynsluna fyrst; byrja með einum ráðunaut, og ef góður árangur kemur í ljós, þá bæta öðrum við.

Eg gjöri þetta ekki að kappsmáli, en vildi að eins láta í ljósi skoðun mína á þessu máli. Úr því að háttv. þingmenn meiri hlutans á þingi þykjast hafa tekið þá stefnu, að fara varlega í öll útgjöld, ætti varúðin að koma fram hér ekki síður en annarstaðar. Mér sýnist nóg að veita 5 þús. kr. nú og 20 þús. kr. á fjárlögunum, í stað 10 þús. kr. nú og 40—50 þús. kr. á næsta fjárhagstímabili. Það sýnist mér ekki varlega farið.

Eg hefði líka viljað nota þetta tæki færi til þess að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra þessu viðvíkjandi, ef hann hefði verið hér viðstaddur, en það verður nú ekki af því í þetta sinn.

Þá er hin breyt.till. um að fella niður fjárveitinguna til að mæla innsigling á Gilsfjörð. Eg skal játa það, eftir nánari yfirvegun, að það er ef til vill ekki rétt að fella fjárveitinguna alveg niður, en sjálfsagt að lækka hana töluvert. 10 þús. kr. er alt of mikið, það nær ekki nokkurri átt, að mælingin kosti svo mikið. Það hagar svo til, að það má mæla mikið af firðinum af hestbaki um fjöru. Eg segi þetta ekki í neinu spaugi. Eg get frætt háttv. þm. Strandamanna, sem mun hafa komið þessari fjárveitingu að, á því, að firðinum er svona háttað. Og eg get líka frætt hann á því, að það kemur ekki að neinu gagni að fá sjókort yfir fjörðinn. Skip geta ekki farið eftir því, þau verða að fara eftir merkj-

um á landi. Það eru mjóir álar, sem verður að þræða til þess að komast að Króksfjarðarnesi og inn á Salthólmavík. Þá leið þekkja fjöldamargir kunnugir menn, sem geta gefið nægar upplýsingar án þess að fá háa borgun fyrir. — Eg hygg nú, að háttv. þingmenn játi það með mér, að það er ekki þörf á hárri fjárveitingu, þegar þeir eru búnir að fá upplýsingar um, hvað það er sem vantar. Það er ekki meiningin að fá vísindalega nákvæmt sjókort; það eru sára lítilfjörlegar mælingar, sem þarf við, og verður aðallega að fara eftir sjómerkj um á landi.

Það væri hæfilegt að lækka þessa fjárveitingu ofan í 2000 kr. Eg gjöri þetta ekki að kappsmáli, en vildi að eins benda á, að þetta er undarlega há fjárveiting, þegar litið er til þess, að háttv. deild hefir víða annars verið mjög sparsöm og felt fjárveitingar til ýmsra þarflegra fyrirtækja.

Ari Jónsson: Eg vil leyfa mér að gjöra athugasemd við ræðu háttv. 3. kgk. þm. Hann áleit, að eg hefði barist fyrir þessu máli. Eg veit ekki af hvaða ástæðu hann heldur það, hvort það er af því að hann hafði, að Gilsfjörður sé norður í Strandasýslu, og eg þess vegna hafi haft afskifti af þessu máli sem þingm. Strandamanna. Sannleikurinn er sá, að eg hefi alls engin afskifti haft af þessu máli. Það hlýtur að vera einhver annar þingm., t. d. þingm. Dalamanna eða Barðstrendinga eða eg veit ekki hver. Líklega hefir háttv. 3. kgk. þm. heyrt eitthvað talað um þetta í neðri deild, en varla mun það vera hér í deildinni, sem hann hefir heyrt talað um málið í þá átt, er hann minnist á. En af því að eg er kunnugur á þessum stöðvum, þá get eg gefið þær upplýsingar, að það er til góð höfn á Gilsfirði, Salthólmavík, en innsiglingin þangað er ekki vel þekt, og þarf að rannsaka hana. Enn fremur skal þess getið, að um Breiðafjörð hefir gufubátur gengið síðustu árin og honum hefir gengið mjög illa, af því að skipaleiðirnar þar eru órannsakaðar. Það er því óvíða meiri nauðsyn á mælingum, en einmitt á Breiðafirði.

Þá ætlaði eg að minnast nokkrum orðum á verzlunarráðunautana erlendis, sem háttv. 3. kgk. þm. var ekki beinlínis meðmæltur. Eg álít, að á fáu sé jafnmikil þörf til fjárhagslegra framfara fyrir landsmenn, sem því, að einhver bót sé ráðin á verzlunarviðskiftum við útlönd. Undanfarin ár hafa verið góð ár til lands og sjávar að því er afurðir snertir, en það er verzlunin, hið lága verð á afurðum landsins, er hefir haft í för með sér, að harðæri má teljast meðal almennings. Það væri því eigi að eins sannarleg þörf, heldur skylda þingsins að gjöra tilraun til þess að ráða bót á verzlunarólaginu. Mörgum hygnum mönnum hefir sýnst svo, að vert væri að gjöra tilraun með verzlunarráðunauta erlendis. Auðvitað er mest komið undir því, hvernig maðurinn er valinn í þessa stöðu. En eg efast ekki um það, að vel hæfur maður mundi geta gjört mikið gagn fyrir verzlun landsmanna, ekki síst pöntunarfélögin eða bændaverzlunarfélögin. Það hafa og komið raddir ýmsar frá almenningi, þar á meðal frá 5—6 þingmálafundum, um það, að skipaðir yrðu verzlunarráðunautar erlendis fyrir Íslands hönd. Enginn efi er á því, að erindrekarnir mundu verða til mikils stuðnings fyrir erlend viðskifti Íslendinga, jafnframt því, sem erindrekarnir gætu verið á verði fyrir Islands hönd í ýmsum öðrum viðskiftum og málum.

Kristinn Daníelsson: Framsögumaður gat þess meðal annars, að því sem ætti að koma til leiðar með þessu, yrði að eins frestað um eitt ár, — en því

hefir verið frestað um eitt ár. — Þessu næst vildi eg minnast nokkrum orðum á veginn í Gullbringusýslu. Hann hefir í síðustu fjárlögum verið kallaður vegurinn frá Hafnarfirði að Vogastapa. Þetta var því til fyrirstöðu, að byrjað væri á veginum fyrir sunnan Vogastapa. En nú er vegurinn kallaður sínu rétta nafni á fjárlögunum, sem nú fara frá þinginu, og treysti eg því, að ekki verði hangið svo fast í nafninu einu, að það verði veginum til fyrirstöðu. Leyfi eg mér því að bera fram viðaukatill. þessu viðvíkjandi, og gjöri eg það eftir samráði við þann mann í stjórnarráðinu, sem hér hefir mest með að gjöra. Eg lít svo á, að þetta hefði að vísu ekki þurft, en þótti þó réttara að gjöra það, og mæli eg með því, að alþingi láti sig það ekki miklu skifta, hvernig sýslunefndin ráðstafar fénu, auðvitað þannig, að öll skilyrði séu haldin. Framsögumaður taldi það á móti þessu, að lögin þyrftu þá að koma í sameinað þing. Sé eg ekki að svo mikið sé á móti því, þótt breytingartillagan komist að. Verði hinar aðrar breyt.till. samþyktar, komast þau það hvort sem er, og verði það ekki, þá eykur lítið á prentun að bæta þessum viðauka aftan við lögin. — Fer eg svo ekki þar um fleiri orðum að svo stöddu.

Agúst Flygenring: Eg vil leyfa mér að þakka háttv. þm. Strandamanna fyrir þær upplýsingar, sem hann hefir komið með — eg mun hafa vilst á honum og þm. Dalamanna áðan —, en er honum ekki alveg samdóma um, að þó þessi höfn væri mæld, þá mundu að sjálfsögðu skip koma þangað inn. En þó leiðin yrði mæld og nákvæmt kort búið til yfir þann hluta Breiðafjarðar, sem ómældur er, þá vil eg benda hinum háttv. þm. á, að þess konar kort er í raun og veru ekki notað; maður þarf jafnt hafnsögumanns með eftir sem áður. Enginn ókunnugur fer þessa leið eftir korti, hvað gott sem er. Þess konar leiðir eru farnar eftir vissum leiðarmerkjum á landi og þau eru auðvitað til og kunnugir menn þar vestra þekkja þau. Kort yfir leiðina hafa því lítla eða enga þýðingu. Annars mun þessi fjörður mjög svo lítið notaður til samgangna, og verzlunarstaðir þar vestra í hnignun. Þó leiðin væri kortlögð, mundi hún ekki þykja fýsileg fyrir skip; en, sem sagt, eg hygg hægt að finna leiðina með lítlum kostnaði, eins og eg hefi bent á: eftir tilvísun kunnugustu manna setja merki á landi, þar sem þau vantar, eða gera þau greinilegri þar sem með þarf, og skrifa skýra lýsingu yfir þann hluta fjarðarmynnisins, sem er skipgengur. Fjörðinn að öðru leyti, sem er þur með hverri fjöru, þarf ekki að mæla.

Þingm. Strandamanna sagði, að ráðunautar í verzlunarmálum væri »brennandi spursmál«. Ekki hefi eg þó orðið þess var, að svo væri. Þó það hafi komið fram á 5—6 fundum, þá getur það tæplega talist alment áhugamál þjóðarinnar fyrir það; þó á það hafi verið minst, þá er víst um, að það er alls ekki almenn ósk landsmanna. Enda er hins vegar auðséð, að hann (þm. Strandamanna) hefir, að eg vona, gjörmisskilið meiningu eða tilgang stjórnarinnar með þetta mál. Hann talar um, að bændaverzlanir þurfi að hafa umboðsmenn, sem séu launaðir af landsfé! Slíkt er fásinna ein; enda eiga ekki bændaverzlanir, svo merkilegar sem þær eru, skilið háan fjárstyrk af opinberu fé; slíkt vona eg að geti ekki komið til mála á neinn hátt. Stjórnarinnar meining var sýnilega sú, að skipaðir væru menn, sem væru ráðunautar verzlunarstéttarinnar í heild sinni, en alls ekki umboðsmenn einstakra verzlana. Eins og eg sagði: að fara að skipa lands-

launaða umboðsmenn bændaverzlana findist mér fásinna, sem stjórninni víst hefir heldur ekki komið til hugar. En spurning væri þó með almenna ráðunauta í landsins þjónustu í heild sinni.

Steingrímur Jónsson: Eins og nefndarálitið ber með sér, er nefndin ekki sammála og er eg í minnihlutanum. Eg get sem sé ekki ráðið til, að það sé samþykt óbreytt, úr því breytingartillögur eru komnar fram. Eins og sjá má af sjálfu frumvarpinu, þá eru gjöldin nærri 4000 kr. hærri en í stjórnarfrumv. Að vísu er ekki óeðlilegt, að gjöldin geti hækkað í meðferð málsins. En það sem gjörir þetta athugavert er það, að nú eru feldar burtu þær tillögur í frumvarpi stjórnarinnar, sem mest var um vert: síminn til Vestmannaeyja, brúin á Rangá og mælingin fyrir járnbraut austur yfir fjall. Það hefir verið talað um sparnað, og hafa þeir menn auðvitað nokkuð til síns máls. En hins vegar get eg ekki neitað því, að mér finst minna hafa úr orðið sparnaðinum þegar til kom, heldur en til stóð. Þó ýmsir af útgjaldaliðunum hafi verið feldir, þá hefir það jafnað sig upp, með því að aðrir hafa komið í þeirra stað. Skal eg minnast á tvö atriði. Fyrst er *uppmælingin á Gilsfirði*. Þar hefir farið ekki minna en það fram úr áætlun, að þar sem upphaflega var gjört ráð fyrir 4000 kr., þá er nú í fjárlögunum og fjáraukalögunum til þess ætlaðar 14000 kr. Að bera þennan gjaldalið saman við aðra rausn þessarar deildar, held eg geti ekki staðist, og finst mér það sama sem að fleygja þeim rannsóknarlaust í sjóinn. Sé eg það ekki, að slíkt geti borgað sig, að verja svo miklu fé til mælinga á tveim smáhöfnum, þar sem verzlun er og verður lítil, og strjálbyggðar sveitir liggja að öllum megin. — Hitt atriðið er *fjárveitingin til ráðunautanna í verzlunarmálum*. Þetta atriði gegnir alt öðru máli, að því leyti að hér er um mjög svo mikilsverða nýjung að ræða. Hins vegar er það ljóst, að allmikið vandaverk muni vera, að fá þá menn til starfans sem fullhæfir séu. Það þurfa að vera menn, sem hvorttveggja séu: bæði mjög vel fróðir í öllu, sem að verzlun og viðskiftum lýtur, og hins vegar öllum óháðir; og mega þeir sízt vera bundnir neinum viðskiftastörfum erlendis. En einmitt vegna þess, að hér liggja svo margir erfiðleikar í vegi fyrir framkvæmdinni, álít eg rangt, að hraða málinu mjög. Og hins vegar álít eg af sömu ástæðu, að réttara væri að gjöra ráð fyrir að eins einum manni en ekki tveimur. Finst mér slíkt að öllu leyti samboðnara málinu og því hollara, að ekki sé hugsað fyrst um sinn um nema einn slíkan ráðunaut. Hins vegar finst mér fjárupphæðin, sem til þess var ætluð, alls ekki of há, og finst mér jafnvel furðu lágt, að áætla ekki nema 5000 kr. laun (fyrir hálft ár) til slíkra manna; en úr því ráðherra hefir álitið þá upphæð nægja, þá er ekkert þar til að segja. Annars finst mér of mikið í ráðist nú, að fara að stofna tvö slík embætti, og samsvarar það ekki þeim sparnaðarhugmyndum, sem menn nú bera á vörum sér. — Hvað aftur snertir skilning háttv. þm. Strandamanna á þessu máli, þá kemur hann á engan hátt heim við hina sönnu tilætlun með málinu. Eg býst helzt við, að fyrir honum hafi vakað það, að kaupfélög Norðurlands hafa haft í hyggju að fá sér umboðsmann (eða menn?) utanlands. En mér er hins vegar kunnugt um, að það hefir aldrei verið meining þeirra, að sá umboðsmaður ætti að vera launaður af landsfé, heldur yrði hann eingöngu þeirra maður og í beinni kaupgjaldsþjónustu hjá þeim. — En í heild sinni álít eg mál þetta (þ. e. ráðunautinn eða

ráðunautana) svo mikilsvert, að æskilegt væri, að það næði fram að ganga og fengi góða afgreiðslu.

Jens Pálsson: Út af fram kominni breyt till. um vegarlagninguna suður með sjó, finn eg ástæðu til, eins og á stendur, að minnast á vegagerð þessa um Gullbringusýslu, og álít eg rétt, í þessu sambandi, að segja í fám orðum sögu þessa máls.

Fyrir hér um bil 30 árum mátti heita ein vegleysa úr Reykjavík og alt suður á bóginn. Þá gekst heiðursmaður í Hafnarfirði (Chr. Zimsen) fyrir lagning upphleypts vegar yfir Hafnarfjarðarhraun. Var það verk unnið fyrir fjárframlög frá einstökum mönnum. Nokkuð löngu síðar beittist þáverandi þingm. Gullbr.- og Kjósarsýslu fyrir því, að styrkur yrði úr landsjóði veittur á þingi, gegn öðru eins úr sýslusjóði, til að leggja færan veg úr Hafnarfirði yfir ófærurnar alræmdu suður með sjó að Vogastapa. Það var þáverandi þingm. Þ. J. Thoroddsen, sem hugmyndina átti og kom málinu á framfæri. Bar hann fram á þingi tillögu um, að leggja upphleyptan veg yfir allar ófærurnar alt að Vogastapa. Síðastliðin 5 ár hefir að þessu verið unnið, og er vegurinn kominn suður að Vatnsleysu. Á síðasta þingi var því svo heitið, að framlengja þennan veg alt til Keflavíkur, og skyldi Keflavík vera endastöð vegarins, því þaðan skiftast aftur vegir í ýmsar áttir, Grindavík, Hafnir o. s. frv. En nú síðast er það merkilega tilbrigði komið fram, að til orða hefir komið, að hafa endaskifti á veginum, og hætta við að halda honum áfram suður á bóginn, en byrja aftur í þess stað að leggja hann út frá Keflavík, sunnan frá. Nú stendur svo á, að frá Vatnsleysu að Vogastapa er einkum aðalófæran á veginum; en Vogastapi er, eins og kunnugt er, ás ekki allhár, sem gengur fram í sjó, og verður yfir hann að fara, en þar er vegur allsæmilegur yfirferðar, ef ruddur væri vel. Þá taka við hinar svokölluðu Njarðvíkurfitjar, sem er sléttlendi með sjó fram og bærilegur vegur; er það ekki mjög langur spölur, unz við tekur hinn upphleypti vegur til Keflavíkur. Um þetta svæði alt saman í heild sinni er ekki slæmur reiðvegur. — Nú er hinn fyrst áminsti vegur kominn alt suður að Vatnsleysu, en þá er eftir hraunlengja, hér um bil 3 mílur vegar, þá stapinn 1 míla full, og svo loks hálf míla þaðan og í Keflavík. — Eftir þessu yfirliti mínu er það sýnilegt, að upphaflega var svo til ætlast, að vegur þessi héldi áfram í sömu átt, unz hann hefði náð takmarki sínu, Keflavík. En þar sem nú er snúið við blaðinu og farið fram á, að leggja veginn sunnan frá, út frá Keflavík, í stað þess að halda honum áfram í sömu stefnu norðan frá, þá er það fyrst og fremst breyting á hinni upphaflegu tilætlun, og hún þess utan mjög ósanngjarnt gjörræði. Eg læt mig þetta mál skifta, þar sem eg er þingmaður sýslunnar, að þessi framkvæmd komi að sem beztum notum í almennum skilningi, án tillits til hagsmuna einstakra sveita eða sýsluhluta. Nú fyrir skömmu er að vísu komin fram samþykt frá suðurhreppunum um, að vegurinn skuli lagður frá Keflavík að sunnan. Háttv. þm. Vestur-Ísfirðinga fór sem sé heim til sín núna í Dymbilvikunni og sat sýslufund suður í Keflavík, og þá slysaðist þessi samþykt í gegn. En eins og eg tók fram, álít eg ósanngjarnt mjög í alla staði, að hætta nú við þennan veg í miðju kafi, eins og komið er, og fara að byrja á honum annarstaðar. Vatnsleysuströndin er sem sé sá hlutinn af því sem eftir er, sem lang-ófærastur er. Og væri nú aftur á

móti haldið áfram með veginn þar sem komið er, í stað þess að snúa frá, þá mætti áreiðanlega koma veginum í sumar fyrir fé það, sem til hans er ætlað, að minsta kosti suður að Kálfatjörn, þ. e. suður í miðjan Vatnsleysustrandarhrepp. Fyr en svo langt er komið, finst mér ófært að látið sé eftir þessari áskorun Keflvíkinga, að fara að leggja veginn sunnan þaðan. Því bæði væri það, sem eg sagði, alveg rangt gagnvart öðrum hreppum; enda er sýnilegt, að þar sem veginum er komið nú, yrði hann ekki að hálfu gagni, ef nú væri frá honum snúið og skilið við hann þar sem verst gegnir. Fái Vatnsleysustrandarmenn aftur á móti áframhald af veginum, svo að nemi við miðjan hrepp, þá er eigi ókleift fyrir þá, að hafa hans not á þann hátt, að flytja á kerrum svo langt sem vegurinn nær, og svo heim til sín á hestum, þar sem hann þrýtur. En þar sem komið er nú, er slíkt ekki tiltök. Annars get eg ekki skilið, hvers vegna þessi samþykt hefir verið gerð, — nema ef vera skyldi, að Keflavík væri að hugsa sér að »konkúrrera« við Hafnarfjörð um verzlun á Vatnsleysuströnd. En alment gagn getur alls ekki orðið að þessu. Það má heita svo, að þessi breyting kæmi ekki neinum að haldi nema Keflvíkingum einum, og það þó alls ekki svo, að nemi við neina brýna þörf. Öðru nær!

Þessi endaskifti á vegagjörðinni, sem nú er farið fram á með breytingartillögu við fjáraukalögin, eru fjarstæða, enda gagnstæð þeirri meginreglu, sem fylgt hefir verið hér á landi, þeirri, að leggja veg út frá einhverjum stað stöðugt áfram, unz endastöð vegarins er náð.

Eg vona, að hin háttv. deild verði tillögunni andvíg, enda býst eg við að henni þyki sem mér harla óviðkunnanlegt, að breyta gildandi fjárlögum með viðauka á fjáraukalögum. Auk þess er tillagan óljós og ekki að eins óheppilega heldur og rangt orðuð, því að þar ætti að standa »frá Keflavík til Hafnarfjarðar«, en ekki »frá Hafnarfirði til Keflavíkur«; það væri sjálfu sér samkvæmt, og sýndi að átt væri við — endaskifti.

Ari Jónsson: Eg vildi að eins gera stutta athugasemd viðv. orðum háttv. 3. kgk. þm. Hann hélt að ætti að rannsaka 4 leiðir inn til hafnarinnar, en á auðvitað að vera að eins ein. En eins og eg gat um í ræðu áður, þarf mikilla rannsókna víða um Breiðafjörð vegna gufubátsferðanna um fjörðinn.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg vildi að eins gera stutta athugasemd út af orðum háttv. 4. kgk. þm. um Gilsfjörð. Í gildandi fjárlögum fylgir það ákvæði fjárveitingunni um mælingu á Gilsfirði, að $^1/_4$ yrði lagður á móti styrknum af hendi hlutaðeigandi sýslufélaga. En hér eiga hlut að máli fremur fátækar sýslur, og í þessum bygðarlögum hefir ekki svo mikið sem einn vegarspotti verið styrktur úr landsjóði. Mér er þessi fjárveiting ekkert kappsmál, en finst að eins full sanngirni fyrir henni.

Jens Pálsson: Eg skal að eins geta þess, að verði árangurinn af þessari fjárveiting sá, að greið leið fáist til að flytja þungavöru inn á þessar hafnir, þá er þar með nokkrum sveitum gerður stórmikill léttir um allan aðflutning. Það stóð enginn hlutur frekar fyrir þrifum skólanum í Ólafsdal heldur en einmitt það, hvað aðdrættir voru allir örðugir að jörðinni. Og eg er viss um að margar fjárveitingar eru til minna gagns en þessi.

Kristinn Daníelsson: Eg vildi að eins gera örstutta athugasemd til að sýna, að það er ekki út í loftið, sem eg hefi sagt um veginn milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar. Á allri leiðinni frá Kefla-

vík inn á Vogastapa er nægur ofaníburður, og þaðan verður sjálfsagt að flytja hann langt inn í Strandarheiði, og mun vegurinn verða með því móti mun ódýrari. Þá er á þessari leið hættuleg torfæra á Njarðvíkurfitjum, sem stafar af sjónum, og verður hvort sem er ekki komist hjá að gjöra við hana, en til þess ætti engu fé að verja og þyrfti ekki, ef vegurinn er lagður. — Eg skal svo ekki tefja háttv. þingdm. lengur.

ATKV.GR.:

1. br.till. (616) feld með 7 : 6.
2. br.till. (616) sömul.
3. br.till. (621) sömul. með 11 : 2.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Fjáraukalög 1906—1907.

FRUMV. til fjáraukalaga fyrir árin 1906—07 (A. 447). 1. umr. 16. apríl.

Kristinn Daníelsson: Eg skal að eins leyfa mér að stinga upp á, að málinu verði vísað til fjárlaganefndarinnar að þessari umræðu lokinni.

ATKV.GR.:

Samþ. til 2. umr. í e. hlj.

Málinu vísað til fjárlaganefndarinnar í e. hlj.

Önnur umræða 21. apríl. (A. 447; 515).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Nefndin hefir ekkert við þetta frumv. að athuga og ræður til að samþykkja það óbreytt. Það er því nær alveg óbreytt frá því sem það kom frá stjórninni. Að eins hefir neðri deild bætt við ákvæði um það, að reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu árið 1906, að upphæð 312 kr., falli niður. Það stendur svo á þessu, að sýslumaður hefir farið eftir rangri verðlagsskrá þegar hann reiknaði út manntalsbókargjöldin. Neðri deild hefir viljað láta ábyrgð út af því gegn reikningshaldara falla niður, og eftir atvikum felst nefndin á það.

ATKV.GR.:

1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr. frumv. allar samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. samþ. til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða 23. apríl (A. 447, 589, 593).

Steingrímur Jónsson: Eg á 3 breytingartillögur við þetta frumv. og vil leyfa mér að mæla með þeim nokkur orð.

Fyrst er breyt.till. við 7. gr. 1. lið. Það er að eins orðabreyting, sem eg vona að háttv. deildarmenn verði mér samdóma um að sé til bóta. Mér þykir fara betur, að liðurinn verði orðaður: »Fyrir gullkranz á kistu Christians konungs IX.« o. s. frv.

En þá eru breytingartillögurnar við 11. gr. Það eru verulegar efnisbreytingar, og eru faldar í því, að reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu falli niður árin 1906 og 1907, í stað 1906 að eins, og að upphæðin hækki jafnframt úr kr. 312,65 í kr. 460,98.

Stjórnin hefir lagt til, að ábyrgðarupphæðin, kr. 312,65, væri gefin upp fyrverandi sýslumanni í Skaftafellssýslu fyrir árið 1906. En nú vill sami sýslumaður einnig fá uppgjöf fyrir árið 1907. — Ástæðan til þessa er sú, að þegar sýslumaður kom sjálfur til sýslunnar, eftir að honum hafði verið veitt hún og annar hafði þjónað embættinu um tíma fyrir hans hönd, þá var sá maður búinn að reikna út manntalsbókargjöldin, en hafði farið eftir rangri verðlagsskrá, þeirri, sem þá var í gildi þegar útreiknað var. Stjórnin gerði at-

hugasemd út af þessu, og sýslumaður svaraði því svo, að þetta hefði verið reglan í Skaftafellssýslu. En svo kom svar stjórnarinnar ekki aftur fyr en um seinan, þegar sýslumaður var búinn að innheimta manntalsbókargjöldin eftir röngum útreikningi aftur fyrir árið 1907. Það má því segja, að sýslumaður hafi haft nokkra afsökun, og sýnist eins mikil ástæða til að láta ábyrgðina falla niður fyrir árið 1907, sem næsta ár á undan, því að síðari villan stafaði af þeirri fyrri.

Eg þarf víst ekki að skýra þetta atriði frekar og legg það á vald háttv. deildar.

ATKV.GR.:

Br.till. við 7. gr. (593) sþ. í e. hlj.

— — 11. gr. (589 1.) sþ. með 9 : 2.

— — 11. gr. (589 2.) sþ. með 7 : 1.

Frumv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og sendist forseta Nd.

Ein umræða 3. maí (A. 685, 692).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eins og nefndarálitið ber með sér ræður nefndin til að frumv. verði samþykt óbreytt, eins og það kemur frá neðri deild. Það hefir að eins sú breyting verið gerð á því, síðan það fór héðan úr deildinni, að neðri deild hefir felt burtu um 140 kr. hækkun á reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu, sem samþykt var hér í deildinni að falla skyldi niður. Nefndin vill ekki halda þessari hækkun á ábyrgðaruppgjöfinni til streitu, og vonar að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Frumv. samþ. í einu hljóði og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Landsreikningurinn 1906—07.

FRUMV. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906—07. 1. umr. 17. apríl (A. 444).

Eiríkur Briem: Úr því að fjáraukalögunum fyrir árin 1906—07 var vísað til fjárlaganefndarinnar, þá skal eg leyfa mér að stinga upp á því, að þessu frv. verði vísað til sömu nefndar að lokinni þessari umr.

Júlíus Havsteen: Það hefir aldrei verið siður, að vísa þessu frv. til fjárlaganefndarinnar eða nefndar yfir höfuð allan þann tíma, sem eg hefi setið á þingi. Það er alveg óþarft og auk þess er það tímatöf að ganga gegnum alla pósta í endurskoðuninni; mér sýnist vér sannarlega ekki hafa svo mikinn tíma aflögum hér í deildinni, að við getum gefið okkur við slíku.

Eiríkur Briem: Það er alveg rétt, sem háttv. 1. kgk. þm. tók fram, að það hefir ekki verið venja að vísa þessu máli til fjárlaganefndarinnar, en úr því að fjáraukalögunum fyrir 1906—07 — og því var eg á móti — var vísað þangað, þá er það ekki nema sjálfu sér samkvæmt, að þetta mál sé látið fara þangað líka.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Felt með 10 : 3 að vísa málinu til fjárlaganefndarinnar.

Önnur umræða 20. apríl (A. 444).

Eiríkur Briem: Mér þykir það fara ólaglega í frumv., þar sem stendur fyrst: »peningaforði landsjóðs 340068,29 kr.« og síðan stendur: »þar af«, og svo koma tvær upphæðir, sem samtals eru stærri en hin fyrsta. Þetta þykir mér óviðkunnanlegt, en hefi þó ekki álitið það svo mikilsvert að gera breyt.till. við það.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða 22. apríl (A. 444, 561).

Steingrímur Jónsson: Eg hefi í samráði við aðra háttv. deildarmenn leyft mér að koma fram með breyt.till. á þgskj. 561, að orðin »þar af« á undan »í Landsbankanum o. s. frv.« falli burt, en það er rangt að komast þannig að orði, því það sem inni stendur í bönkunum er meira en peningaforði landsjóðs. Þetta sem í bönkunum stendur er nefnilega ekki að eins peningaforði landsjóðs, heldur líka þeir peningar, sem landsjóður hefir undir höndum, en ganga eigi í ríkissjóðsskuldina. Annað var það ekki, sem eg hafði að segja, og veit eg að deildin samþykkir breytingartill.

ATKV.GR.:
Breyt.till. (A. 561) sþ. í e. hlj.
Frv. með breyt. sþ. í e. hlj. og sendist aftur til Nd.

Samband Danmerkur og Íslands.

FRUMV. til laga um samband Danmerkur og Íslands (A. 693) 1. umr. 1. maím.:

Sigurður Stefánsson: Eg ætla að það muni þykja betur viðeigandi, að skipa nefnd í þetta stórmál, enda gæti það verið hagur fyrir málið, þó sú nefnd hafi æði stuttan vinnutíma, þar sem háttv. Nd. hefir þóknast að liggja á á málinu allan tíma þingsins hingað til. En málið verður að athuga svo vel sem kostur er, og vil eg því leggja til, að 5 manna nefnd sé kosin í það.

Málinu vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Samþ. með 12 samhlj. atkv. að kjósa 5 manna nefnd og hlutu kosningu:

Sigurður Stefánsson,
Jens Pálsson,
Ari Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða 5. maím. (A. 693, 725).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Þótt þetta sé 2. umr. þessa máls og heimilt sé því samkvæmt þingsköpunum að fara út í einstakar greinar frv., þá skal eg sleppa því að mestu leyti.

Það mætti kalla að bera í bakkafullan lækinn, að hafa langar umr. um þetta mál hér, því að svo mikið hefir það verið rætt utan þings og innan og löngu áður en þetta alþingi kom saman. Á hinn bóginn munu allflestir vera búnir að mynda sér svo fasta og ákveðna skoðun í þessu máli, að umræður um það yrðu þýðingarlitlar, og þá því síður ástæða til þess að lengja þær.

Eg get því að mestu leyti látið mér nægja að skírskota til nefndarálitsins, enda vona eg að háttv. þingdm. virðist það skírt og gagnort. Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin ekki getað orðið samferða í skoðunum sínum og tillögum um málið.

Það er kunnugt, að þetta mál hefir fengið meiri undirbúning heldur en nokkurt annað mál hér á landi, enda var það sjálfsagt, því hér er um ærið vandamál að ræða. Það var að vísu galli á undirbúningi þess, að það fekst ekki að nýjar kosningar færu fram áður en millilandanefndin væri kosin, þrátt fyrir sterkar áskoranir viðsvegar að um alt land og þvert ofan í fundarályktun þjóðfundarins á Þingvelli 1907. Eg ætla með þessu þó ekki að setja neitt út á þá nefnd, sem skipuð var 31. júlí 1907, því að í hana voru valdir mætir og merkir menn.

Þessi nefndarskipun var bygð á því,

að Ísland væri frjáls samningsaðili við Danmörku, og þetta var samþykt af konungi og dönsku stjórninni með útnefningu nefndarinnar. Íslendingar hafa jafnan haldið því fram, að þeir hafi aldrei afsalað sér neinu því fullveldi, er þeir höfðu sem sjálfstætt ríki, frá því er þeir settu hér á fót þjóðfélagsskipun í öndverðu. Menn bjuggust fastlega við því, að íslenzku nefndarmennirnir mundu halda þessu einarðlega fram, enda brást sú von ekki. Þeir gerðu þetta með heiðri og sóma og töldu þetta þann eina grundvöll, sem þeir gætu samið á. Þetta sést bókað í »bláu bókinni« 16. marz 1908. Það var ekki búist við að Danir mundu fallast á þetta, enda sást það, þegar íslenzku nefndarmennirnir báru fram fyrsta frumvarpsuppkast sitt, að undirtektirnar urðu svo af hálfu Dana, að ekki væri unt að ganga að slíku sambandi, því að þeir vildu byggja á alt öðrum grundvelli. Þeir neituðu sögulegum og lagalegum rétti Íslendinga, en vildu byggja á siðferðislegum rétti þjóðarinnar. Þessi skoðun er rótgróin með Dönum og hafa þeir látið færustu menn þjóðar sinnar verja hana. Íslenzka nefndin sá nú, að þessi krafa leiddi ekki til neins árangurs, og þá var ekki nema um tvent að gera fyrir fulltrúa vora, annaðhvort að hætta öllum samningum, eða þá að leita bezta boðs, sem þeir gátu fengið Þeir tóku seinni kostinn, og skal eg sízt liggja þeim á hálsi fyrir það, því að eg álít að það hafi verið rétt ráðið. Þeir skoðuðu sig sem umboðsmenn alþingis og þjóðarinnar, og að það væri skylda þeirra að sjá hve langt Danir gætu slakað til um kröfur okkar, enda væri engu slegið föstu til fullnustu með samningsstörfum nefndarinnar. Árangurinn af þessu starfi hennar varð svo frumvarpið, sem öllum er orðið kunnugt.

Það mætti æra óstöðugan, að rekja allar þær deilur í ræðu og riti, sem orðið hafa meðal landsmanna um þetta frv. Það er bæði mikið mál og hins vegar óviðeigandi að rekja það upp hér aftur, enda er það að miklu leyti orðið skráð mál. Þjóðinni þótti frumv. ekki bygt á réttum grundvelli. Ennfremur þótti mönnum það óviðkunnanlega orðað og óljóst. Sérstaklega var fundið að því, að Ísland væri ekki sjálfstætt og fullveðja ríki. Annað, sem menn fundu frumv. til foráttu, var það, að uppsagnarréttur á sameiginlegu málunum var háður því af hálfu Íslendinga, að Danir vildu góðfúslega ganga að uppsögninni. Þetta gilti aðallega að því er kom til 2.—3. liðs 3. gr.

Þessari deilu lauk 10. sept. síðastliðið haust með úrskurði þjóðarinnar. Hún lét uppi þann vilja sinn, að ekki yrði gengið að frumv. óbreyttu, og enda gerðar gagngerðar breytingar á ákvæðunum um sameiginlegu málin. Með kosningunum var fyrirsjáanlegt, að frv. gengi ekki fram óbreytt á þingi, að minsta kosti ekki í bráðina, og eftir kosningarnar kom það sama í ljós á þingmálafundunum. Í öllum eða allflestum þingmálafundargerðunum var það rauði þráðurinn, að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki, og að uppsagnarréttur væri skýlaus um öll sameiginlegu málin, að undanteknu konungssambandinu.

Þetta er sá rauði þráður, sem gengur gegnum mestan hluta fundargerða þingmálafundanna. Það var því sjálfgefið, að fulltrúar meiri hlutans mundu ekki sjá sér fært, að ganga að uppkastinu óbreyttu og mundu gera á því þær breytingar, sem meiri hluti kjósenda óskaði. En auðvitað verður að ætla, að hér falli saman skoðun kjósenda og þingmanna, að það sé ákveðinn vilji þingmanna sjálfra, að hafna uppkastinu óbreyttu. Eg verð að leggja áherzlu á þetta vegna þess, hvernig ræður féllu í Nd. Þar var

því haldið fram, að ábyrgðin á úrslitum þessa máls hvildi á meiri hluta þings. Auðvitað ber meiri hlutinn ábyrgðina, en hann ber hana í umboði þjóðarinnar, og ábyrgðin lendir að síðustu á umbjóðendunum, sem með skýrum yfirlýsingum hafa falið fulltrúum sínum að hafna uppkasti millilandanefndarinnar. — Eg fer ekki út í deilurnar á undan og eftir kosningunum, en eins og þá var auðsætt, að þjóðin skiftist í tvo hluta, eins standa nú hér á þinginu meiri og minni hluti gagnvart hvor öðrum. Meiri hlutinn heldur því fram, að ekki verði út úr uppkastinu dregið, að Íslandi sé samkvæmt því ætlað að verða sjálfstætt, fullvalda og fullveðja riki. Það byggir hann á ummælum frumvarpsins og einkum þeim, að Ísland geti ekki fengið umráð yfir vissum málum, nema með samþykki Dana. Þessu hélt meiri hlutinn fram strax, þó mikið væri gjört til að sannfæra Íslendinga og jafnvel aðrar þjóðir um að Ísland yrði samkvæmt uppkastinu dálitið fullveðja konungsriki. Því bregður svo undarlega við, að Danir lögðu engan dóm á það, hvor hefði rétt fyrir sér, minni hlutinn eða meiri hlutinn, fyr en kosningarnar voru afstaðnar, en þá reis upp hver maðurinn á fætur öðrum í Danmörku og sagði, að það hefði aldrei verið meiningin, að Ísland ætti að verða fullvalda riki, jafnrétthátt Danmörku, og að frumvarpsandstæðingar hefðu skilið uppkastið hárrétt. Eg skal geta þess, að eg legg minna upp úr því sem einstakir menn meðal Dana hafa sagt, heldur en ummælum blaðanna. — Það er síður en svo, að eg áfellist nefndarmennina fyrir starf þeirra. Eg veit að þeir hafa gengið að því með samvizkusemi og gert það sem þeir hafa getað. Hinu gátu þeir ekki að gert, að þeir komust ekki að svo góðum samningum, að þjóðinni líkaði. Þeirra var að eins að leggja fram fyrir þjóðina þá samninga, sem þeir gátu útvegað henni til handa, en svo var hennar að segja til um það, hvort hún vildi ganga að þeim eða ekki. — En svo eg hverfi nú að aðalágreiningnum milli flokkanna, þá er hann um það, hvort Ísland skuli í framtíðinni vera í málefnasamdi eða konungssambandi einu við Danmörku Þetta skilst mér vera aðalágreiningsefnið sem stendur. Minni hlutinn telur málefnasamband sjálfsagt, telur sjálfsagt, að Íslendingar og Danir hafi ávalt nokkur mál sameiginleg, sem Danir fari með, en Íslendingar hafi auðvitað dálitla hlutdeild í meðferðinni. Hann telur þetta svo lífsnauðsynlegt fyrir þjóðina, að heill og hagur hennar í nútíð og framtíð velti á því. Konungssambandið, sem meiri hlutinn telur æskilegast, segir minni hlutinn að sé háskagripur og skaðsemi og ekki annað en grímuklæddur skilnaður við Dani, og skilnað telja þeir óheppilegan. Um skilnað er nú ekki að tala; meiri hlutinn fer heldur ekki fram á hann. En af því ágreiningurinn virðist vera svo mikill, gæti verið mikilsvert að athuga, hve víðtækt þetta málefnasamband er, sem minni hlutinn telur nauðsynlegt, hve mörg og mikil þau mál eru, sem hann telur nauðsynlegt að séu sameiginleg til þess að velferð þjóðarinnar sé engin hætta búin. Eftir 3. gr. uppkastsins áttu sameiginlegu málin að vera 8; 5 af þeim voru uppsegjanleg, en 3 óuppsegjanleg, það er að segja, við gátum að eins sagt þeim upp með samþykki Dana. Þessu er breytt í frv. meiri hlutans, sem hér liggur fyrir. Samkvæmt því á að eins eitt mál að vera óuppsegjanlegt, en hin öll uppsegjanleg, og 2 er slept. Málefnasamband minni hlutans getur því í framtíðinni að eins orðið um tvö mál, auk konungssambandsins, utanríkismál og hermál. Háskinn fyrir framtíðargæfu

Íslands ætti þá að stafa af því, að Danir hættu að fara með þessi mál. Ekki eru þau nú mörg talsins, en hins vegar er þá þess að gæta, hvort þau eru svo afarmerkileg, að búast megi við, að Íslendingar geti aldrei orðið færir um að fara með þau; ef svo væri, þá væri skiljanlegt, að minni hlutinn vill halda dauðahaldi í málefnasambandið. Um annað málið, hervarnirnar, verð eg að játa, að eg skil ekki, að lífsnauðsynlegt sé fyrir okkur að hafa það sameiginlegt við Dani. Íslendingar hafa aldrei viljað vera hernaðarþjóð. Þó væri nokkuð annað, ef hér væri um hervarnarsamband að ræða, sem við gætum haft nokkurn styrk og vörn af; en eg hygg, að hverjum sé það ljóst, að Danir mundu lítið geta hjálpað okkur, ef á okkur væri ráðið. Þá er hitt málið, utanríkismálin. Ísland hefir verið svo statt hingað til, að utanríkismálin hafa aldrei verið mjög mikil og verða varla nokkurn tíma mikil, — það helzta er verzlunarviðskifti við aðrar þjóðir. En ali maður þá von í brjósti, að Íslendingum vaxi með tímanum pólitískur þróttur, þá verður að ætla að þeir tímar komi, að þeir verði færir um að fara með þessi mál án hjálpar frá öðrum þjóðum. En það fer auðvitað eftir því, hverjar vonir menn gera sér um framtíð Íslands. Eg álít því að í raun og veru sé hér verið að berjast um keisarans skegg. Ágreiningsatriðin eru í raun og veru miklu minni en í fljótu bragði virðist, þegar litið er á hávaðann og fullyrðingarnar frá báðum hliðum. Báðu megin hafa menn hleypt sér út í öfgar. — Minni hlutinn í nefndinni í Nd. kom með nokkrar breyt.till. við frv. stjórnarinnar. Sumar þeirra voru að eins orðabreytingar til skýringar, en aðrar efnisbreytingar. Eg játa, að þær eru fremur til bóta. Þær sýna líka tilslökun af hendi minni hlutans. Þær sýna það, að skilningur háttv. minni hluta á frumv. hefir skýrst, þar sem þeir nú telja rétt að gera breytingar á því, sem þóttu algjörlega ónauðsynlegar, þegar uppkastið kom frá nefndinni og var til umræðu í sumar. En eftir því sem á horfist, lítur ekki byrlega út jafnvel með þessar breytingar. Og enda þótt þær fengjust, þá er þó ófullnægt aðalkröfu meiri hlutans, að öll mál, nema konungssambandið, skuli vera uppsegjanleg, svo að honum nægja þær ekki. Hitt verður hver gætinn maður að spyrja sjálfan sig um, hvort nokkrar líkur séu um tilslökun frá hinum málsaðilanum. Því miður lítur svo út, eftir yfirlýsingum frá Dana hálfu, að litlar líkur séu til, að við fáum þessari aðalkröfu okkar fullnægt nú. En þá rís sú spurning, hvort við eigum að gera svo mikið úr erfiðleikunum á að fá aðalkröfu okkar framgengt, að við eigum að slaka til og taka þeim samningum sem í boði eru. Svarið verður einróma neitandi, hygg eg Í öllu stímabrakinu í sjálfstæðismáli okkar höfum við lært, að ekki fellur eik við fyrsta högg. Við vitum það, að það sem áunnist hefir í sjálfstæðisbaráttu okkar hefir ekki fengist alt í einu, heldur höfum við fikað okkur áfram fet fyrir fet. Stundum hefir í langan tíma alt staðið kyrt, en svo alt í einu fengist það sem danska stjórnin hafði lengi talið alveg ófáanlegt. Eg gæti nefnt mörg dæmi. Það er ekki meira en nokkur ár síðan það var talið að rjúfa ríkiseininguna, að ráðherrann væri búsettur hér, en nú er það fengið. Sömuleiðis má benda á undirtektir Dana eftir þjóðfundinn 1851. Engar vonir gáfu Danir þá um nokkrar umbætur. Eg álít því, að meðan þjóðin er ekki ánægð með það sem í boði er, þá eigi hún ekki að taka því, heldur halda áfram að reyna að sannfæra Dani, í þeirri von, að smátt og smátt rakni úr

og þeir láti undan sjálfsögðum kröfum okkar. — Því hefir verið haldið fram, að réttarstaða vor yrði betri eftir uppkastinu en nú. Eg játa að hún yrði betri að því leyti, að hún yrði ákveðnari; sambandið yrði bundið föstum samningum, og væri það auðvitað bót. En hinsvegar stöndum við nú á okkar gamla réttargrundvelli og höfum ekki bundist neinum samningum við neina þjóð. Og þá er á það að líta, hvort við teljum svo mikið unnið með því, að réttarstaða vor sé ákveðin með föstum samningum, að við viljum til þess vinna, að ganga að samningum, sem við erum ekki ánægðir með, af því þeir fullnægja ekki kröfum okkar, og leggja höft á þjóðina. Eg verð að álíta, að hversu æskilegt sem það er, að fá réttarstöðu vora ákveðnari, þá megum við að engu hrapa í því máli. Svo mikið hefir þó áunnist í stjórnarbaráttu vorri, að sambandið við Dani eins og það er nú, er ekki mjög því til fyrirstöðu, að við getum tekið sæmilegum framförum og þroska. Eg segi þetta ekki af því, að eg sé ánægður með það ástand sem nú er. En meirihl. vill heldur láta sitja við þá óákveðnu stöðu, sem við höfum nú, og reyna að fá frekari bætur, heldur en taka því sem í boði er, svo að ekki sé hægt síðar meir að vítna í það, að Íslendingar hafi bundið sig og afsalað sögulegum réttindum sínum. Það hefir verið sagt af minnihl. mönnum í Nd., að með þessari meðferð málsins á þingi, væri settur slagbrandur fyrir frekara áframhald á sjálfstæðisbrautinni. Eg get ekki verið á þeirri skoðun. Eins og eg sagði áðan, þá hafa Danir oft sjálfir kipt frá þeim slagbrandi, sem þeir lengi töldu óhagganlegan, en auðvitað af því, að Íslendingar hafa knúið á hurðina. — Að svo stöddu sé eg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið. Eg hefi reynt að tala með stillingu og æsingarlaust um málið, og vænti þess sama af háttv. deildarmönnum.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. framsögumaður meiri hlutans, þm. Ísf., sagði að ekki væri ástæða til að eyða mörgum orðum að þessu frumvarpi. Það væri þaulrætt utan þings, á Þingvallafundinum 1907, og í Nd. nú á dögunum.

Eg er háttv. þm. sammála um, að tilgangslítið sé að ræða málið nú, þó ekki af því, að það sé þaulrætt, utan þings eða innan. Utan þings hefir það alls ekki verið rætt, þegar af þeirri ástæðu, að það er nýorðið til í neðri deild.

Háttv. þm. lagði mikið upp úr Þingvallafundinum, og kallaði hann þjóðfund, en sá fundur á hvorki lof þingm. né nafn skilið. Fundurinn 1851 var þjóðfundur í sönnum skilningi orðsins. Til hans var kosið eftir lögum í öllum kjördæmum landsins, en Þingvallafundurinn 1907 var hreinn og beinn *flokksfundur*. Eg hefi nýlega farið yfir nöfn þeirra manna, sem þann fund sóttu, og fann þar engan mann, er líklegt væri um að hefði nokkra sérþekkingu, til að leggja á nýtileg ráð um jafn vandasamt og viðkvæmt mál, sem sambandsmálið er. Af lagamönnum voru þar ekki aðrir en einn ungur lögfræðiskandidat, og ekki við því að búast, að hann legði öðrum fremur ábyggilegt til málanna, enda hafði hann ekki gjört það. Auk þess var fundurinn aðeins sóttur úr helmingi af hreppum landsins. Og hvað sem aðsókninni líður, þá er hitt víst, að slíkir fundir eru allsendis óhæfir til að ræða slík mál með nokkurri skynsemi, enda er víst ekkert dæmi þess í veraldarsögunni, að óvalinn flokksfundur hafi verið látinn segja fyrir um utanlandspólitík einnar þjóðar, fyr en þá.

Og úr nefndaráliti meirihl. í Nd. og umræðum hans þar gjöri eg heldur ekki mik-

ið. Nefndarálit minni hl. og flestar ræður minnihl. manna voru góðar, sumar ágætar, en eg minnist ekki að hafa séð aumara nefndarálit og heyrt auðvirðilegri framsögu, en álit meirihl. og framsögu í Nd. í sambandsmálinu.

En þó að ástæður þær, er háttv. þm. nefndi fyrir því, að eigi þurfi að rökræða málið nú, hrökkvi þannig eigi til, þá er önnur ástæða og hún ein ærin til þess, að tilgangslítið er í rauninni að eyða mjög mörgum orðum að því, og hún er sú, að meirihlutinn hefir þegar fyrir löngu gjört þetta góða lands og þjóðar mál að gífurlegu flokksmáli.

En samt get eg nú ekki lofað að vera fáorður og ber margt til þess, þó að ekki hirði eg um að rekja það hér.

Hv. þm. fann að því, að ekki hefði verið stofnað til nýrra kosninga áður en millilandanefndin var skipuð. En til þess var engin ástæða. Nefndin átti aðeins að búa til *frumvarp* til laga, er þjóðinni væri frjálst að taka eða hafna, en hún átti ekki að binda þjóðina. Því voru nýjar kosningar óþarfar þá, en sjálfsagðar eftir nefndarstarfið. Annars hélt eg að meiri hlutinn hefði ekki ástæðu til þess að sjá eftir því, að kosið var heldur eftir en fyrir nefndarstarfið.

Háttv. þm. gjörði mikið úr því, að meiri hluti þjóðarinnar hefði ekki viljað ganga að frumvarpinu óbreyttu. Já, það er rétt, að nokkur meiri hluti kosningabærra manna vildi ekki ganga að frumvarpinu óbreyttu. En það sannar lítið, því að mér vitanlega vörðust bæði þingmannsefni og kjósendur allra orða um hverju skyldi breyta. Eg heyrði 4 frambjóðendur, sem nú eru orðnir þingmenn, lýsa því yfir, að þeir færi ekki fram á annað en þær orðabreytingar, að einkis tvímælis orkaði um efnið.

Háttv. þm. vildi ennfremur skjóta ábyrgðinni af sér og samflokksmönnum sínum á umbjóðendur þeirra, en það er hvorki karlmannlegt né siðferðislega rétt. Það má ekki búast við sérþekkingu á svo sérstöku máli, sem þessu, hjá kjósendum, sem koma á þingmálafundi frá orfinu eða öðrum störfum sínum. Þingmannaefnin reifa málin, og hjá þeim er ábyrgðin. Enda veit háttv. þm. það eins vel og eg, að þingmenn eiga að fara eftir sannfæringu sinni, og engu öðru. Stjórnarskráin mælir beint svo fyrir, og þess hafa þeir meðal annars allir unnið eið.

Að svo mæltu vík eg að þeim atriðum, er eg hafði ásett mér að ræða, áður en háttv. framsm. meirihl. tók til máls, og mun þá jafnframt víkja að því í framsögu hans er á milli ber okkar. Og skal eg reyna að gæta hófs meðan ekki er ráðið á mig, enda þó að ekki neyti eg því, að oft sárni mér, er eg hugsa til meðferðarinnar á þessu máli, sem allra mála sízt mátti verða að flokks eða æsingamáli.

Það er sitthvað, þó vér gerum einhverjar skyssur í innlendum málum, úr þeim er oftast hægt að bæta. En þær skyssur, sem vér látum oss henda í viðskiftum vorum við aðrar þjóðir, verða annaðhvort ekki bættar, eða að minsta kosti mjög vandbættar. Hafi oss t. d. hent skyssa í aðflutningsbannsmálinu, þá er hægur hjá, að setja kútinn aftur á stokkana. En takist illa til hér, þá er viðbúið að það verði aldrei bætt.

Eg ætla ekki sérstaklega að ræða sambandsmálið frá lagalegu sjónarmiði, þótt sumt í því sé ekki annara meðfæri en lögfræðinga, t. d. hvað orðið »fullveldi« merkir. Eg ætla einkanlega að reyna að skýra málið frá praktísku og pólitísku sjónarmiði. En til þess verð eg fyrst að lýsa réttarstöðu landsins, eins og hún nú er; síðar mun eg sýna fram á, hver hún mundi hafa orðið, ef frumvarp millilandanefndarinnar hefði orðið að lögum, og um leið bera það saman

við neðri deildar frumvarpið og drauma sumra um skilnað eða persónusamband. Og vona eg, að sá samanburður færi mönnum heim sanninn um það, hvert fyrirkomulagið henti oss eftir öllum atvikum bezt.

Samkvæmt stöðulögunum svokölluðu, frá 2. janúar 1871, er Ísland »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«, en þó með »sérstökum landsréttindum.« Það er með öðrum orðum talið jafnbundið við ríkið, og hinir dönsku landshlutar. Að vísu höfum vér engan þátt tekið í tilbúningi þessara laga. Þau eru sett af konungi og ríkisþinginu. Og þeim var enda mótmælt af alþingi 1873.

En samt sem áður verður því ekki neitað, að mikið af efni stöðulaganna og sumt af því, sem oss er verst við, er í raun og veru runnið héðan, og það frá Jóni heitnum Sigurðssyni forseta.

Bæði á þinginu 1867 og 1869 voru samþykt stjórnskipulaga frumvörp, er snertu réttarstöðu landsins út á við, og á báðum þingunum var Jón Sigurðsson aðalforvígismaður málsins. — Eftir þingfrv. 1867 átti Ísland að vera: »erfðaland Danakonungs og einn hluti Danaveldis«. Þar var gjörður greinarmunur á »sameiginlegum málum«, sem Ísland átti engan þátt að eiga í, og »sérstökum málum«, er áttu að vera því nær hin sömu, og þau eru nú. Og það var beint tekið fram, að konungur skyldi skera úr því, hvort mál væri »sameiginlegt« eða »sérstakt«, ef til ágreinings drægi um það. — Í þingfrv. 1869, 1. gr., segir fullum fetum: »Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum«. Þar eru notuð nákvæmlega sömu orðin og í 1. gr. stöðulaganna. Síðan eru talin »sameiginlegu málin«, og meðal þeirra: »viðskifti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, ríkisráðið, réttindi innborinna manna, myntin, ríkisskuldir og ríkiseignir, og póstgöngur milli Danmerkur og Íslands«. Íslendingar áttu ekki að eiga neinn þátt í stjórn þessara mála, enda ekkert til þeirra að leggja. Þar á eftir voru talin upp »sérstöku málin«, sömu málin og nú eru sérmál eftir stöðulögunum.

Þar að auki fól hið sama alþingi, er mótmælt hafði stöðulögunum, konungi að veita landinu stjórnarskrá. Og stjórnin gleymdi ekki að vitna til þess umboðs í forsendunum fyrir stjórnarskránni, auk þess sem 1. gr. beint nefnir stöðulögin sem undirstöðu stjórnarskrárinnar.

Hér við bætist, að öll íslenzk stjórnarvöld, alþingi, umboðsvaldið og dómsvaldið, hafa óbeinlínis játað stöðulögunum í framkvæmdinni. Alþingi, eða réttara sagt efri deild, gjörði það seinast þessa dagana, með því að kæfa frumvarp neðri deildar um afnám dómsvalds hæstaréttar og stofnun æðsta dóms á Íslandi. Deildin hefir með því óbeinlínis kannast við það, að ákvæði 3. gr. stöðulaganna um dómsvald hæstaréttar yrði ekki breytt af löggjafarvaldi voru einu, og þorði því ekki að láta ráðherrann fara með það á konungsfund. — Sama er um umboðsstjórn vora. Hún hefir altaf, bæði að fornu og nýju, leitað á náðir hinna dönsku stjórnarvalda, þegar um »sameiginleg mál« hefir verið að ræða. Og enginn veit það betur en hæstv. forseti vor, að yfirrétturinn hefir altaf kannast við hæstarétt sem dóm yfir sér, afgreitt mál til hans, tekið aftur fyrir mál, er hæstiréttur hefir vísað heim o. s. frv.

Svona *er* réttarstaða landsins *út á við* í framkvæmdinni, landið nokkurs konar »hjáleiga frá herragarði«; það sagði hæstv. ráðherra nýlega í Danmörku, þó óþarfi væri að segja það þar.

Inn á við er vald vort meira, en þó hvorki mikið né vel trygt. Vér höfum umráð yfir *einum 9 flokkum* alinnlendra mála, og þó *ekki fult* vald yfir þeim öllum, því að úrslitadómsvaldið er hjá Dönum. *Öll önnur mál* en þessi 9 sérmál eru *aldönsk* mál, sem vér höfum

alls engin umráð yfir, enda þó að þau séu kölluð »sameiginleg mál« landanna. Og þó er það verra en alt annað, að Danir halda því fram, að þeir geti svift oss þessu valdi, ef þeim býður svo við að horfa. Matzen professor, aðal ríkisréttarfræðingur þeirra, heldur því fram í ríkisrétti sínum, Khöfn. 1888, I. bls. 247, að ríkislöggjafarvaldið, sem setti stöðulögin, geti breytt þeim og afnumið þau eftir vild, og þannig svift oss allri sjálfstjórn. Og þetta er kent á háskólanum enn þann dag í dag.

En þetta er ekkert að marka, segja sumir. Vér höfum rétt til þess að vera fullvalda ríki eftir *»gamla sáttmála«*, og það viljum vera. Eg skal nú hvorki lasta »gamla sáttmála« né gjöra lítið úr þessum góða vilja, en sá hængur er óneitanlega á hag vorum, að samningsaðili vor, Danir, viðurkenna ekki gildi gamla sáttmála eða annara sönnunargagna vorra, og oss brestur þrótt til að geta þröngvað Dönum til að játa málstað vorum. Það er því ekki til neins, að veifa gamla sáttmála. Og þaðan af óþarfara að gera lítið úr Dönum og blása sjálfa sig upp.

Það er ekki til nema ein leið út úr ógöngunum, sama leiðin og millilanda nefndin fór, *samningsleiðin*, enda játa því nú allir heilvitamenn, jafnvel æstir meirihlutamenn. Aftur á móti halda sumir þeirra því fram, að vér millilandanefndarmenn hefðum ekki átt að taka hinum fengnu réttarbótum, úr því að Danir fengust ekki til þess að kannast við rétt vorn til þeirra. En hvað myndu þeir hinir sömu menn hafa sagt, ef þeir hefðu gjört oss út til að heimta saman útistandandi skuldir þeirra, og vér komið tómhentir heim, af því að vér hefðum ekki viljað taka við framboðinni borgun, vegna þess að skuldunautar hefðu jafnframt borguninni sagt, að í rauninni gætu þeir eigi kannast við réttmæti skuldanna. Þeir hefðu smánað oss fyrir heimskuna, og það með fullum rétti. En söm hefði heimska vor verið, ef vér hefðum hafnað frumvarpinu fyrir það eitt, að Danir töldu oss ekki eiga heimtingu á því.

Eg hefi nú í stuttu máli lýst réttarstöðu landsins og bent á þá einu færu leið til breytinga. En hverjar eru þá þær breytingar, sem til orða hafa komið.

Sumir hafa nefnt skilnað sem eina eftirsóknarverða hnossið. Þeir segja að oss væri ekki vandara að lifa upp á vort eindæmi nú en til forna. En þeir gleyma því, hinir »ungu og gömlu fautar«, að það stendur nokkuð öðru vísi á, nú en þá. Þá kunni enginn að meta kosti þessa lands, hin ríku fiskimið, hið máttuga afl fossanna o. s. frv. Og þá höfðu menn ekki annað en opna báta til að sækja á yfir hið mikla haf. En nú langar margt ríkið vafalaust í matarholur vorar, og nú er hafið ekki meiri þrándur í götu þeirra, en vesöl spræna vöskum manni. En annars þarf væntanlega ekki mörg orð eða sterk til að kveða skilnaðarhugmyndina niður, nú, er ráðherrann hefir kallað hana »hugarburð og loftkastala«, og forsvarað flokksmenn sína fyrir henni í líf og blóð í Kaupmannahafnarleiðangrinum sæla. Annars er leitt að hæstv. ráðherra skuli ekki vera staddur hér í deildinni í dag, og mætti eg ef til vill skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að aðvara hann. *(Forseti:* Hann hefir fengið dagskrána eins og aðrir). Jæja, það verður þá svo að vera.

Nú munu flestir ráðsettir menn kannast við það, að skilnaður sé ófær. En svo hafa sumir hugsjónamenn í hans stað dauðskotið sig í svokölluðu persónusambandi, og því einu þykist nú meirihlutinn geta unað. Raunar fer frumvarp hans engan veginn fram hreinu persónusambandi. Með löndum, sem eru í hreinu

persónusambandi, er ekki eitt einasta mál sameiginlegt, ekkert sameiginlegt nema landsdrottinn einn. En eftir meiri hluta frumvarpinu verða 4 mál sameiginleg milli landanna um ótiltekinn tíma, þó með uppsagnarfresti sé. Meiri hluta frumv. stofnar því í rauninni til málefnasambands eins og millilandafrumv.

Að hreinu persónusambandi yrði það þá fyrst, er öllum sammálum öðrum en konungssambandinu væri sagt upp.

En þá yrði sambandið oss líka gersamlega ónógt, ekki betra, heldur jafnvel verra en skilnaður.

Á persónusambandi eru allir ókostir skilnaðar, því að þá er einskis stuðnings að vænta út á við frá sambandsþjóðinni, en persónusamband hefir auk þess ókosti, sem skilnaður hefir ekki, það bindur að óþörfu þjóð við þjóð, og það er dýrara en skilnaður, því að framlag vort til konungsmötu og lífeyris konungsættarinnar miðaðist þá við framlög miklu ríkari þjóðar í þessu skyni, en gefur þó ekkert meira í aðra hönd. Það væri því miklu nær að taka sér sjálfur landsdrottinn, enda má búast við því, eftir kappinu, sem var um ráðherrastöðuna síðast, að einhver fengist til að vera þjóðhöfðingi hér á landi. Persónusamband er heldur ekki til nokkurstaðar í heiminum, enda kemur nú ríkisréttarfræðingum saman um, að það sé óhafandi. Og eins og eg þegar hefi sýnt fram á, er það heldur ekki persónusamband, sem háttv. meiri hluti fer fram á. Það er í rauninni málefnasamband um ótiltekinn tíma, en verra en það samband, sem millilandanefndin fer fram á, eins og eg skal sanna, þegar eg hefi lýst nefndarfrumvarpinu.

Nefndarfrumvarpið snýr bæði *út á við* og *inn á við*, en þó einkum út á við, að réttarstöðu lands og lýðs til Danmerkur og Dana.

Og það *gjörbreytir* aðstöðu vorri í báðar áttir. *Danir skömtuðu* oss rétt vorn 1871, og skamturinn var *lítill*, sannkallaður litli skattur, að eins nokkur umráð yfir 9 málum. Nú skömtum *vér oss* sjálfir *allan* rétt vorn, *felum* Dönum að eins að fara með örfá mál um tiltekinn eða ótiltekinn tíma. Hjálendan, »hinn óaðskiljanlegi hluti Danaveldis«, verður að sjálfstæðu konungsríki, ef frv. gengur fram. Munurinn er hvorki meiri né minni.

Eftir 6. gr. frv. er íslenzku þjóðinni trygt fullkomið *einræði inn á við* í öllum málum; það sést af niðurlagi 6. gr., er hljóðar svo: »Að öðru leyti« (þegar meðferð sameiginlegu málanna er undanskilin) »ræður hvert landið að *fullu öllum* sínum málum«.

Og *út á við* ætlar frv. oss fullkomið jafnræði við Dani að lögum. Það sést af 1. gr. og 6. gr. frv. og víðar. Að vísu eiga Danir að fara með sameiginlegu málin, en það eiga þeir að gera fyrir vora hönd, sbr. 6. gr. — eða *í umboði voru*, og það dregur enginn í efa, að umbjóðandi hefir fult vald yfir málinu, þótt hann feli öðrum manni að fara með það fyrir sína hönd. Af málum þeim, sem sameiginleg eru samkv. 3. gr., eru 5 af 7 að eins sammál um tiltekið árabil, — eg segi af ásettu ráði 7, en ekki 8, því að það er bein afleiðing konungssambandsins, að konungsmatan verður að vera sameiginleg. Og eitt af þessum 5 málum, og það ekki það lítilvægasta, geta Íslendingar strax tekið að sér að öllu leyti; þeir geta þegar er sambandslögin væru í gildi gengin sett á stofn íslenzkan hæstarétt, og um leið afnumið hæstarétt Dana, sem æðsta dómstól í íslenzkum málum. Af öllum greinum hins opinbera valds, er dómsvaldið í rauninni það valdið, sem mest er undir komið, því að það sker ekki að eins úr þrætum milli einstaklinga innbyrðis, og milli einstaklinga

annars vegar og hins opinbera hins vegar, heldur og úr þrætum milli einstakra greina hins opinbera valds, enda hefir það alt síðan Íslendingar fyrst hófu sjálfstæðisbaráttuna verið einróma krafa þeirra, að fá æðsta dómsvaldið inn í landið. — Vér fáum enn fremur strax rétt til þess, að veita fæðingjarétt, og sá réttur gildir ekki að eins hér á landi heldur og í Danmörku. Hér takmarkar Danmörk ekki síður fullveldi sitt en Ísland sitt, ef um nokkra takmörkun væri að ræða á annað borð. — Þá gætum vér og þegar í stað lögleitt hér á landi þann fána, sem oss gætist bezt að. Sem stendur er danski fáninn lögskipaður bæði innan lands og út á við. Eftir frv. væri heimafáninn sérmál, og kaupfáninn út á við uppsegjanlegt sam eiginlegt mál. Eg skal játa, að það er viðkunnanlegra að sjá sitt eigið merki blakta yfir höfði sér, og eftir þeirri áherzlu, sem lögð hefir verið á þetta atriði af hálfu andstæðinga millilandanefndarfrumvarpsins, hefði mátt búast við, að meiri hlutinn eða ráðherrann kæmu með frv. um sérstakan íslenzkan fána. Reyndar er það ekki ósennilegt, að það hefði fengið sömu viðtökurnar og hæstaréttarfrumvarpið, — verið svæft í nefnd. — Þá er gerðardómurinn einn ásteitingarsteinninn. Eg varð alveg hissa, er eg heyrði Íslendinga hneykslast á því ákvæði. Eftir frumvörpum Jóns Sigurðssonar bæði 1867 og 1869 átti konungur að skera úr þrætum, er um það rísa, hvort eitthvert mál væri íslenzkt sérmál eða ekki, en eftir frv. á að setja á stofn sérstakan dómstól til þess að skera úr slíkum þrætum. Rísi deilan milli einstakra ríkishluta innbyrðis eða milli ríkishluta og ríkisheildar, þá sker ríkisstjórnin sjálf úr þrætunni. Gerðardómurinn er því ótvíræð sönnun fyrir því, að frv. ætlar Íslandi að vera fullveðja ríki. Hitt skiftir minnu, hvor þjóðin hefir fleiri fulltrúa í dómnum, einkum þar sem frv. dregur svo skýr takmörk milli sérmálanna og sameiginlegu málanna, að um þau getur tæplega orðið ágreiningur.

Eg gat þess áðan, að Danir álíta löggjafarvald ríkisins þess um komið, að fella úr gildi eða breyta stöðulögunum, og kippa þannig fótunum undan þeirri sérmálasjálfstjórn, er vér nú höfum, en verði frv. samþykt, verður *ekki einum staf breytt* í sambandslögunum án vors samþykkis; þá er grundvöllurinn bjarg, í stað þess að nú er hann sandur. Það hefði átt að mega búast við því, að mál þetta yrði ekki gert að flokksmáli, en svo fór nú samt, því miður.

Skal eg þá víkja að aðfinslunum, og get eg þess þegar, að eg held mér aðallega við aðalblað meiri hlutans — blað ráðherrans, og þess vegna er leiðinlegt, að hæstv. ráðherra skuli ekki vera viðstaddur umræðurnar hér í dag. Fyrst var átalið, að frv. skyldi nefna sig frv. til »laga«, en ekki frv. til sáttmála. Sambandinu milli Austurríkis og Ungverjalands er skipað með lögum, er löggjafarvöld beggja ríkjanna hafa samþykt, og hefði því ekki þurft að finna að þessu, en annars er ekki orðum eyðandi að slíkum hégóma, sízt nú, er meiri hlutinn hefir játað, að aðfinsla sú sé á engum rökum bygð, með því að kalla sitt eigið frv. frv. til *laga*. Þá var gert mikið veður út af því, að í 1. gr. stendur, að landið verði eigi af hendi látið. Og er þó ekkert eins dæmi, að svo sé ákveðið í stjórnarlögum ríkja. Sams konar ákvæði stendur í stjórnarskrá Norðmanna, enda var það tekið þaðan upp í frv. í því skyni að tryggja oss Íslendingum, að Danir gætu aldrei látið Ísland af hendi, þótt þeir neyddust til láta eitthvað af löndum sínum, því að þótt Danir vildu afhenda Ísland, þá myndi hinn samningsaðilinn ekki taka

við því, ef sambandslög landanna bæru það með sér, að Danir hefðu eigi rétt til slíkra ráðstafana. — Þá var sagt, að ríkjasamband væri ekki sama og »Statsforbindelse«, en þetta er blátt áfram rangt. Það er ekki hægt að kalla »Statsforbindelse« eða »Statsforbund« öðru nafni á íslenzku en »ríkjasamband«. Hitt er aftur á móti satt, að »veldi Danakonungs« er ekki beinlínis þýðing á orðtæki því, sem stendur á tilsvarandi stað í danska textanum, en það er heldur ekkert annað en *heiti* á sambandinu, sem tekið er upp í frv. úr skipunarbréfi millilandanefndarinnar, og það skiftir engu, hvað sambandið heitir, heldur er alt undir því komið, á hvern hátt því er fyrir komið. — Þá hefir því verið haldið fram, að með 2. gr. frv. væri afsalað rétti, sem Íslendingar hefðu nú til þess að taka þátt í konungskosningu, yrði konungdómurinn laus. Fyrst og fremst má geta þess, að engar líkur eru til, að sú góða ætt, sem nú situr að völdum í Danmörku, deyi út í bráðina, og í annan stað hafa Íslendingar aldrei neytt þessa réttar til að taka þátt í konungskosningu, enda myndu Íslendingar fá litlu ráðið í því efni, þar sem þeir eru 30 sinnum færri en Danir, og áhrif hvers lands færu að sjálfsögðu eftir fólksfjölda þess. Loks má geta þess, að 2. gr. bindur oss, eftir orðanna hljóðan, að eins við þá skipun, er *nú* gildir í Danmörku um ríkiserfðir o. fl., svo að vér ættum að geta heimtað áhrif á konungskjör, ef til kæmi. — Enn hefir verið snúið út úr því, að í 7. atr. 3. gr. stendur, að löggjafarvald Íslands geti sett á stofn æðsta dómstól í »íslenzkum málum«. Því hefir verið haldið fram, að »íslenzk mál« væru þau ein, er báðir málsaðilar væru Íslendingar, en þetta er svo fjarri öllum sanni, að það er ekki svaravert, enda var það ungur prokurator, er þetta fann upp, en allmerkt blað — Þjóðólfur — flutti það þó. Margir hafa skilið jafnréttisákvæði 5. gr. á þá leið, að það heimilaði Dönum, *hvar sem þeir væru búsettir*, jafnrétti við Íslendinga búsetta á Íslandi, en það er ekki rétt. Í upphafi 5. gr. segir: »Danir og Íslendingar *á* Íslandi og Íslendingar og Danir *í* Danmörku njóta fulls jafnréttis«. Þetta þýðir, að Danir og Íslendingar, sem heima eiga á Íslandi, og Íslendingar og Danir, sem heima eiga í Danmörku, eiga sama rétt að öllu leyti. Hér er því um lítil forréttindi að ræða, því að jafnrétti við landsmenn til atvinnu hefir hver sá útlendingur, er hér sezt að og fullnægir að öðru leyti atvinnuskilyrðum vorum. Og það sést beint á 3. lið 5. gr., að 1. liður greinarinnar tekur að eins til Dana, búsettra hér á landi. 3. liður segir sem sé, að Danir hafi að eins rétt til fiskiveiða hér í landhelgi, *meðan* þeir hafi á hendi strandvörn, en ætti 1. liður við alla Dani skilyrðislaust, héldu þeir landhelgisréttinum, eins og öðru jafnrétti, um »aldur og æfi«. — Þá var gert ógnar veður út af því, að Ísland var hvergi nefnt »ríki«, heldur land í frv., en við þeirri aðfinslu liggja þau svör, að Danmörk var þar heldur hvergi kölluð ríki, heldur alstaðar land. Og í annan stað situr það ekki á háttv. meiri hluta, að finna að þessu, því að hann amaðist á Þingvallafundinum 1907 við tillögu, er fór í þá átt, að krefjast þess, að Ísland yrði ríki, og Ísafold sagði líka um það leyti, sem Blaðamannaávarpið var á ferðinni, að það væri ekki meining ávarpsmanna, að heimta að Ísland yrði sérstakt konungsríki. Hún sagði 15. nóv. 1906: »Orðið land merkir, að vér hugsum ekki til að vera ríki sér«. Lengra var hún ekki komin þá. — Þá kem eg að *utanríkismálum* og *hermálum*, sem deilan hefir verið hörðust um. Það er algerlega rangt, sem sagt hefir verið,

að þau mál væru bundin við Dani um aldur og æfi. Munurinn á þeim og hinum sammálunum er að eins sá, að þau eru falin Dönum um óákveðinn tíma, en hin eru uppsegjanleg að ákveðnum tíma liðnum. Hinn háttv. framsögum. meiri hlutans hélt því fram, að það eitt út af fyrir sig, að ekki er beint tekið fram í frv., að þessi mál séu uppsegjanleg, sé næg sönnun þess, að Íslandi sé ekki ætlað að verða fullvalda ríki. En þessu verð eg að mótmæla. Fullvalda er hver sú þjóð, sem ekki lýtur öðrum skuldbindingum en þeim, sem hún sjálf hefir á sig lagt, sbr. ummæli hins merkasta núlifandi ríkisréttarfræðings, *Jellinek:* Staatenverbindungen, bls. 34. Ætti sú þjóð ein að vera »fullvöld«, er engum skuldbindingum væri háð, væri engin »fullvalda« þjóð til. Það er ekkert ríki til, sem ekki er bundið einhverjum skuldbindingum gagnvart öðrum ríkjum; sum eru að sumu leyti bundin um »aldur og æfi«. Með Austurríki og Ungverjalandi eru t. d. utanríkismál og hermál sameiginleg um »aldur og æfi«, og Noregur og Svíþjóð áttu utanríkismál saman án nokkurs uppsagnarréttar, og skildu þó. Reyndar er ekki rétt að segja, að nokkur þjóðasamningur gildi um »aldur og æfi«, þegar af þeirri ástæðu að þjóðarviljinn getur ekki bundið sig til fulls og alls, í þeim skilningi að nauðsyn geti ekki brotið, sbr. sömu bók bls. 102 og dæmi Norðmanna og fleiri þjóða, er slitið hafa umsamið bandalag við sambandsþjóðir sínar.

Annars væri harla lítið leggjandi upp úr því, þó að Ísland væri *kallað* »fullvalda« í frumvarpinu. Helztu ríkisréttarfræðingum kemur t. d. saman um, að Pólland hafi verið fullvalda ríki, þrátt fyrir samning þess við Rússland frá 5. og 16. okt. 1793, og átti þó Rússland ekki að eins öll umráð yfir hermálum Póllands og utanríkismálum, heldur var Póllandi auk þess óheimilt að breyta stjórnarskrá sinni án samþykkis Rússastjórnar. Þetta mundu meirihluta »ríkisréttarfræðingarnir« nú að vísu ekki kalla »fullveldi«, en svo er nú samt, bæði að dómi Jellineks, bls. 56, og annara sérfræðinga.

Og því fer svo fjarri, að vér verðum ófullvalda þjóð, þó að Dönum sé falið að fara með utanríkismál vor og hermál án uppsagnarréttar af vorri hendi um ótiltekinn tíma, að samband um þau 2 mál, auk konungssambandsins, er þvert á móti *lágmark* þess, sem sameiginlegt hlýtur að vera milli sambandslanda, sem í málefnasambandi eru, sbr. Jellinek bls. 214, og um utanríkismál sérstaklega segir hann á bls. 219, að þjóðir, sem eru í málefnasambandi, hljóti samkvæmt *eðli* sambandsins að hafa sameiginlega utanríkispólitík. Þetta eru engar fræðimannagrillur, því að reynslan sýnir, að þannig er því varið í framkvæmdinni. Svona er sambandinu háttað milli Austurríkis og Ungverjalands, sem er eina málefnasambandið, sem nú er til hér í álfu, og svona var því háttað milli Noregs og Svíþjóðar. Aftur á móti er ekkert persónusamband til og mun ekki verða til, því að það er ósamrýmanlegt við venjulegt stjórnarfyrirkomulag vorra tíma. Annars er það ekki Jellinek einn, sem hefir þessa skoðun á fullveldinu, er nú hefi eg nefnt; eg get t. d. bent á, að *Hagerup*, sendiherra Norðmanna í Kaupmannahöfn og frægasti lögfræðingur Norðurlanda, sagði við mig í fyrra og leyfði mér að hafa það eftir sér, að það væri enginn vafi á, að Ísland yrði »fullvalda« ríki, ef frumvarp sambandslaganefndarinnar gengi fram.

En enda þó að einhverjar af aðfinslum þessum hefði verið réttmætar að meira eða minna leyti, þá skyldi maður ætla, að meiri hlutanum þætti frv.

nú aðgengilegt með breytingum þeim, sem minni hlutinn hefir gert á því. — Að vísu eru breytingar þessar flestar eða allar orðabreytingar frá sjónarmiði minni hlutans, en þær hljóta flestar eða allar að vera *efnis*-breytingar eftir þeim skilningi, sem meiri hlutinn hingað til hefir lagt í frumvarpið. Eg heyri spurt, hví minni hlutinn beri þessar breytingartillögur fram, úr því að þær séu í rauninni óþarfar. Það gerir minni hlutinn fyrst og fremst af því, að frumv. ætti að vera aðgengilegra í hinu breytta formi, er búið er að laga það sem helzt var fundið að, og svo í öðru lagi til þess að friða þá, sem undir lögunum ættu að búa. — Og skal eg svo víkja nokkrum orðum að breytingartillögum minni hlutans og jafnframt geta þess, að athugasemdir mínar um breytingar við hinar ýmsu greinir eiga allar við greinir sambandslagafrumvarpsins.

Með breytingartillögunum við 1. gr. er því slegið föstu með berum orðum, að Ísland sé »ríki«, og einn af helztu ásteytingarsteinunum, kenningarheitið »det samlede danske Rige«, eða veldi Danakonungs, jafnframt felt burtu. Þar næst er slept orðinu »sérstaklega« úr 2. lið 3. gr. og þar með tvímælalaust heimtað samþykki ísl. stjórnarvalda til *allra* þjóðasamninga um ísl. hagsmuni utan sameiginlegu málanna eftir 3. gr. Þá tekur viðaukinn við 4. lið 3. gr. af öll tvímæli um það, að ekki þarf samþykki Dana til að vér aukum strandvörn vora. Það er skýrt tekið fram, að samkomulagið við Danmörku nái að eins til hinnar nánari tilhögunar á eftirlitinu. Og um það verður samkomulag að nást, ef báðar þjóðir eiga að hafa eftirlitið á hendi. Annars er eftirlit beggja ónýtt.

Með viðaukanum við 1. lið 5. gr. eða orðunum »að öðru jöfnu«, er því slegið *ómótmælanlega* föstu, að Danir utan Íslands hafa ekki jafnrétti á við Íslendinga, sem heima eiga á Íslandi, og oss þannig tvímælalaust heimilað að heimta búsetu hér á landi af Dönum, sem skilyrði fyrir því, að þeir njóti jafnréttis við hér búsetta Íslendinga. Þetta hlýtur meiri hlutinn að telja mikilsverða breytingu.

Með viðaukatillögunni við 6. gr. eða tilvitnuninni til 9. gr. í viðbót við 3. gr., er það skýrt tekið fram, að Danir geti ekki farið með þau sameiginleg mál, er löglega kynni að hafa verið sagt upp. — Í 7. gr. er tekið upp orðið »ríkissjóður« í stað »landsjóður«, og skal eg jafnframt geta þess, að þar sem segir í nefndaráliti voru, að vér berum fram nokkuð fleiri breytingartillögur en minni hlutinn í neðri deild, þá er þar að eins átt við orðabreytingar til betra samræmis. Minni hlutinn í neðri deild hafði gleymt að setja sumstaðar »ríki« í stað »lands« í framhaldi af breytingunni á 1. gr., en úr því höfum vér nú bætt.

Og svo vil eg hugga þá, sem hafa amast við gerðardóminum, með því, að með tilvitnuninni til 3. gr. er því væntanlega slegið föstu, að dómurinn að eins á að skera úr því, hvort mál sé sameiginlegt samkv. 3. gr. eða eigi.

Þá býst eg við, að háttv. þm. Kjósar og Gullbringusýslu og aðrir þeir, sem óttast hafa ákvæði 9. gr., geti aðhylst hana með breytingu minni hlutans, þar sem sagt er fullum fetum, að konungur skuli slíta sambandinu um öll þau mál, er sagt kynni að verða upp af annari hvorri hálfu. Og segi báðir aðilar upp, en annar fleiri málum en hinn, þá á konungur að fara eftir þeirri tillögunni, er lengra fer.

Þessar breytingartillögur, sem óhætt mun vera að segja um, að séu fáanlegar, sýna það fyrst og sanna, *að* minni

hlutinn hefir skilið sambandslagafrumvarpið rétt. Og í annan stað sanna þær það alveg ugglaust, *að* Ísland yrði fullveðja ríki, ef frumvarpið gengi fram.

Og gæti um nokkra frekari áréttingu verið að ræða í þessu efni, *þá* áréttar stjórnarskrárfrumvarpið það, sem konungur fyrir sitt leyti hefir samþykt í ríkisráðinu og stjórnin lagði fyrir alþingi í þingbyrjun, þetta enn áþreifanlegar. Frumvarp þetta var sett í nefnd í neðri deild í þingbyrjun, en er ekki komið frá henni enn, og þó eru nú að eins fáir dagar til þinglausna. Á síðasta þingi þótti ekki mega bíða með að gera fremur ómerkilegar breytingar á stjórnarskránni eftir áliti sambandslaganefndarinnar, sem víst var um að leiða mundi til ýmsra breytinga á stjórnarskránni, en nú, þegar sambandsmálinu er fatað, má alt sitja við það, sem þá þótti ósætt við!

Nú hefi eg lýst þeim kjarakostum, sem frumvarpið býður fram: lögmæltu *jafnræði* við Danmörku út á við og fullkomið *einræði* inn á við og hvorttveggja *án nokkurs kostnaðarauka*. Að vísu eigum vér eftir frv. að leggja nokkur þúsund á konungsborð, en upp á móti því vegur það fyllilega, að borgunin fyrir strandgæzluna félli þá niður. Og skal eg nú reyna að sýna fram á, að staða landsins samkvæmt frumvarpi meiri hlutans yrði miklu verri en eftir frumvarpi millilandanefndarinnar.

Eftir frv. meiri hlutans má að 25 árum liðnum segja upp öllum sammálunum nema konungssambandinu. Hvor málsaðila um sig er jafnborinn til uppsagnar og uppsagnarfresturinn er ekki nema 1 ár. Danir eiga eftir því að geta sagt oss upp með 1 árs fresti öðrum eins málum og utanríkismálum, gæzlu fiskiveiðaréttar o. fl. Eg er hræddur um, að Íslendingar verði ekki miklu færari um að taka við öllum málum sínum eftir 25 ár en þeir eru nú, og að þeir þá mundu finna ónotalega til þess stórmikla gjaldaauka, sem leiða mundi af því, ef Danir segðu þeim alt í einu upp t. d. utanríkismálum og strandvörn. Og þó að það kynni að verða fjárhagslega kleift, þá er eg hræddur um, að 1 ár mundi reynast nokkuð stutt til að koma því öllu í kring. Og hvaðan ættum vér að taka menn í allri manneklunni til þess að berjast fyrir sjálfstæði landsins með vopnum, ef á það yrði ráðið? Þá dygði ekki orðaglamrið, sem svo mikið er til af meðal vor.

Vér gætum búist við að verða herfang þeirra, sem fyrst réttu út hendina eftir oss. Það er ekki svo að skilja, að eg geri mikið úr hervörn Dana, ef á landið væri ráðist. En eg legg mikið upp úr þeim siðferðislega stuðningi, sem vér höfum af að vera í samdandi við gamalt ríki, sem stórveldin mundu ekki líða að væri tekið herskildi. Lega Danmerkur ein út af fyrir sig er þannig löguð, að ekkert ríki mundi unna öðru að eignast hana. Vér minni hluta menn erum heldur ekki einir um þessa skoðun. Að minsta kosti einn meiri hluta maður, háttv. 1. þm. Skagf., lagði svo mikla áherzlu á þetta, að og bjóst satt að segja við, að hann mundi greiða atkv. með breytingum minni hlutans, eða að minsta kosti sitja hjá.

En að öllu þessu sleptu er annar ekki óverulegur hængur á frv. meiri hlutans, hængur, sem allir kannast við, sá, að það er *með öllu ófáanlegt*. Það vitum vér allir nú, eftir för forsetanna, og það vissum vér raunar mjög vel áður. Því að fulltrúar allra stjórnmálaflokka Dana lýstu því yfir í millilandanefndinni, að ekki *gæti* komið til mála, að hermál og utanríkismál væri uppsegjanleg, ef sami ætti að vera konungur landanna.

En til hvers er þá meiri hlutinn að

veifa þessu frumvarpi, úr því það er vitanlega ófáanlegt? Jú, meiri hlutinn segir að það sé »stefnuskrá« flokksins. Flokkurinn segist þá ætla að keppa að því, sem er sýnu verra en það, sem nú er í boði, og sem hann játar sjálfur, að sé alveg ófáanlegt. Eg vil heldur kalla það dulu en stefnuskrá, dulu, sem veifa á framan í fólkið. Meiri hlutinn hefir heyrt getið um rauðu dulurnar, sem spænskir nautaatsmenn brúka til að æsa nautin með, og ætlar nú kanske að brúka þessa dulu til þess að æsa Íslendinga innbyrðis og á móti Dönum. En sé svo, vona eg að skýrum skjótist. Meiri hluti Íslendinga lætur naumast leika eins áþreifanlega á sig við næstu kosningar eins og 10. sept. f. á.

Íslenzku nefndarmönnunum hefir verið borið margt á brýn, og eitt er það, að þeir hafi rekið erindi sitt slælega. Nú hefir hæstv. ráðherra kannast við það, eftir utanför sína, að frekara væri ekki fáanlegt. Og má nú meiri hlutinn renna niður því góðgætinu, eins og mörgu öðru sem hann bar á borð fyrir nefndarmennina. — Hafi nokkrir slakað til í millilandanefndinni, þá voru það dönsku nefndarmennirnir, eins og allir geta sannfært sig um, sem nenna að lesa bláu bókina, og hana ætti hver hugsandi maður í landinu að hafa lesið. En það er nú öðru nær, því að eg hefi það fyrir satt, að sumir þeir menn, sem vitnað hafa mjög í bókina, hafi aldrei lesið hana, t. d. hefir einn hinna málugustu meiri hluta manna í neðri deild játað sjálfur, að hann hafi aldrei lesið hana. Og að minsta kosti annar maður til hefir talað svo innan þings og utan, seinast undir framsögu málsins í neðri deild á dögunum, sem hann hefði ekki litið í hana. — En hver maður sem vill spyrja að vopnaviðskiftum í nefndinni, getur séð það í bláu bókinni, að fyrsta frumvarp Dana, frv. frá 27. marz 1908, var ekki annað en uppsuða úr stöðulögunum. Annað frumv., er kom fram 7. apríl, var nokkru skárra, og seinasta frumv. þeirra, frumv. frá 14. apríl, var enn skárra. En frumv. okkar Íslendinga frá 18. apríl, er síðar varð að samningi með örfáum óverulegum breytingum, var þó miklu bezt. Vér fengum öllum aðalóskum vorum fullnægt. Danir könnuðust að vísu ekki við að skulda oss neitt að lögum, en greiddu þó skuldina, og vér tókum eðlilega við henni.

Þá hefir meiri hlutinn fært það fram á móti frumvarpinu, að vér mundum verða ver staddir í baráttunni framvegis, ef vér tækjum frumvarpinu, *en það er alveg þveröfugt.* Einn af hinum mörgu kostum frumvarpsins er meðal annars sá, að gangi það fram, er því ómótmælanlega slegið föstu, að vér erum *réttir samningsaðilar.* Vér eigum heimting á að fá Dani til viðtals aftur um endurskoðun á samningnum. Setjum nú svo, að endurskoðun leiddi ekki til nýs sáttmála. Þá mundum vér segja upp öllum uppsegjanlegu málunum, og Danir mistu þá jafnframt ýmsa hagsmuni, svo sem fæðingjarétt og landhelgisveiði. Hermálin og utanríkismálin yrðu þá ein eftir í höndum Dana, en upp úr rekstri þeirra mála fyrir vora hönd hafa Danir ekkert nema — bláberan kostnað. Þeir myndu því, er alt annað væri farið, líklega verða fegnir að sleppa oss alveg lausum, ef vér færum fram á það, bæði úr konungs-, hermála- og utanríkismálasambandi.

En hvernig stendur á því, að frumvarpinu er hafnað, þrátt fyrir alla kosti þess? Til þess liggja margar ástæður. Sú fyrst, að þjóðin er ekki nógu þroskuð, enda hefir hún ekki gefið annað fyrir frelsi sitt en orð, og oft æði innantóm; því kann hún heldur ekki að meta það. Því fer hún nú að ráði sínu eins og barn mundi gjöra, er boðið væri leir-

ugt gull í annari hendi, en gyltur leir í hinni. Hún tekur gylta leirinn, frumvarp meirihlutans, en fúlsar við frumv. millilandanefndarinnar, gullinu, sem meiri hlutinn ataði í leir.

Tíminn, sem þjóðinni var veittur til umhugsunar, var líka bæði illa valinn og alt of stuttur, víða ekki nema 8 vikur, og þær úr aðalannatíma manna. Það mátti búast við því, að málið yrði gjört að æsingamáli, úr því að svo slysalega tókst til, að íslenzku nefndarmennina greindi á. Ófgarnar þurfa tíma til að hjaðna niður, eins og rykið á götunum þarf tíma til að setjast og forin tíma til að þorna.

En hvorugt hefði þó dugað hinum góða málstað til falls, ef ósvífnir menn og samvizkulausir hefðu ekki kynt eld tortryggninnar og annara illra hvata jafn ósleitulega og raun varð á. Hér var að ræða um hjartfólgið mál öllum almenningi, enda fór svo, að hjörtun réðu meiru en höfuðin. Góðir menn en athugalitlir snerust unnvörpum í lið með æsingamönnunum.

Loks má geta þess, að frumvarpsmenn höguðu málsmeðferð sinni öðru vísi en sigurvænlegt var. Þeir reifðu málið rétt svo sem skylda þeirra var. En þeir gjörðu meira. Þeir tóku helzt til þvert fyrir breytingar, bæði eg og aðrir, ekki af því að þeir sæu ekki, að það var miður sigurvænleg aðferð, heldur af því einu, að þeir vildu segja satt. Þeir vissu, að ekki var efnisbreytinga von, og vildu því ekki vekja tálvonir hjá kjósendum. Þeir treystu um of á hinn góða málstað og glöggsýni kjósenda.

Og þó var það fyrirsjáanlegt fyrir lifandi löngu, að svona mundi fara. Eg þóttist t. d. sjá, hvert stefndi, þegar blaðamannaávarpið birtist, og get í því skyni vitnað í grein í »Rvík« 29. desbr. 1906, sem heitir: »Hingað og ekki lengra«, og svo til orðakasts okkar þm. N.-Ísf. um sambandslaganefndina á þingi 1907 í umræðunum um stjórnarskrármálið, þar sem íslenzka blaðamarkaðinum er líkt við uppboð. Það var þá þegar bert, að farið var að vinna móti því, að nokkur árangur yrði af þingmannaförinni 1906.

Fyrst var reynt að spilla því með öllu móti, að hún yrði farin. Ísafold óttaðist að eitthvað gott mundi leiða af henni og smánaði hana þess vegna sem mest hún mátti. En er ekki lánaðist að ónýta förina og heldur ekki spilla góðu samkomulagi þingmannanna, sneri Ísafold við blaðinu og þakkaði sér og sínum mönnum(!) árangur fararinnar. En við svo búið mátti ómögulega lengi standa. Það leit út fyrir að Íslendingar ætluðu að verða sammála og hafa sitt hjá Dönum með því móti. En það mátti umfram alt ekki ske. Þá var Þjóðræðisflokkurinn í voða. Því varð eitthvað til bragðs að taka. Og sjá! Því var blaðamannaávarpið sæla fundið upp. Það fór einkum því fram, að Danir hjálpuðu oss til að taka ríkisráðsákvæðið út úr stjórnarskránni. Það var viðbúið, að Heimastjórnarflokkurinn vildi ekki fara að leggja stjórnarskrárbreytingar undir Dani, og að ávarpið því mundi gjöra upp á milli flokkanna aftur, enda fór svo.

En það dofnaði fljótt yfir ávarpinu, og því þurfti að finna nýtt ráð. Og sjá, tækifærið kom upp í hendurnar á Ísafold og hennar liðum. Millilandanefndin var í aðsigi. Það var reynt að ónýta setning hennar á allar lundir. Og þegar það lánaðist ekki, var reynt að eitra fyrir hana innanlands og utan á allar lundir, til þess að enginn skyldi verða árangur af starfi hennar. Íslenzku nefndarmennirnir voru tortrygðir á all-

ar lundir innanlands. Og Danir voru svívirtir og smánaðir meira en dæmi eru til.

Þingvallafundinum var hleypt á stað með bumbuslætti og básúnum. Hann var skýrður »þjóðfundur« og látinn samþykkja kröfur, sem voru svo fráleitar, að óhugsandi var fyrirfram að þær gengju nokkru sinni fram.

Og þegar svo millilandanefndin þrátt fyrir alt og alt, þar á meðal mjög svo ískyggilega kúvendi gu eins íslenzka nefndarmannsins, komst að mjög svo heppilegri samningsniðurstöðu, þá var öllum illum öndum sigað út af örkinni til að ónýta frumvarpið. Landið huldist moldviðri taumlausra blekkinga og rangfærsla. Frumvarpið, sem leysir þjóðina á höndum og fótum, var kallað »innlimun«, »Gleipnir hinn nýi« o. s. frv. Nú var það ástand, sem alt til þessa hafði verið talið hin argasta innlimun og þótt allsóhafandi, alt í einu gott og blessað og hafði þó í engu breyzt.

Með þessum ósköpum, sem nú líkjast mest illum draum, tókst að spilla hinu góða máli, svo að það er nú ekki að eins ónýtt í bráðina, heldur líklega í bráð og lengd.

Vér áttum og eigum enda enn kost á frumvarpinu, af því að vér höfðum eignast ekki að eins samhygð Dana, heldur og annara þjóða. Alt var ágætlega í garðinn búið Þingmannaförin 1906 og konungsheimsóknin 1907 höfðu lánast vel og aflað oss álits og góðvildar annara. En *nú er þessu öllu innan stundar spilt*, bæði áliti voru og góðum horfum vors mesta máls. Í næsta mánuði fara fram nýjar kosningar í Danmörku, og hvernig sem þær fara að öðru leyti, má telja alveg víst, að hinir nýkosnu þingmenn telji sér ekki skylt að standa við boð hins fyrra þings, eftir þeirri meðferð, sem bæði það, dönsk stjórnarvöld og Danir yfirleitt hafa orðið fyrir af vorri hendi.

Eg þykist raunar vita, að íslenzka þjóðin vakni, og að sú víma, sem á hana rann í september, renni af henni aftur, og þá mun jafnframt vakna *eftirsjá* eftir frumvarpi því, sem nú er hafnað, en þá ekki verður kostur á að fá. Og eg tel víst, að afturslagið sé byrjað. Það sýna meðal annars þakkarkveðjurnar til H. Hafstein, ekki síst kveðja Reykvíkinga. Og það skal sannast, að um það leyti, sem sú 6 ára betrunarhússvinna, sem meiri hlutanum hepnaðist að hneppa þjóðina í 10. sept. f á. endar, verður runnin mesta gyllingin af sumum af þeim görpum, sem hæst hafa talað á móti frumvarpinu, sem ekki var séreign Heimastjórnarflokksins, þar sem 2 af helztu mönnum Þjóðræðisflokksins höfðu unnið að því eins og við hinir.

En nú er svo komið sem komið er. Og engin bót að sakast um orðinn hlut. Þetta kjörtímabil líður líka. Og Heimastjórnarflokkurinn þykist ekki þurfa að skammast sín fyrir kjörtímabilið, sem nú er liðið.

Á þeim 6 árum, sem nú eru liðin, var stjórnin flutt inn í landið, sett lög um ábyrgð ráðherra, landsdómur stofnaður og lagaskóli reistur. Og þannig fullnægt hinum elztu og helztu kröfum þjóðarinnar. Á þessum sömu árum varð til hið mesta mannvirki, sem á Íslandi hefir verið unnið: ritsíminn og talsíminn, sem hverju mannsbarninu nú þykir vænt um, en einu sinni átti litlum vinsældum að fagna hjá núverandi meiri hluta. Auk þessara stórmála mætti minna á mörg mjög mikilsverð mál, svo sem stofnun geðveikrahælisins, ýmsa sjóði svo sem byggingarsjóð, fiskiveiðasjóð, byggingu safnahússins, fornmenjalögin og fræðslumálin. Sum af þessum málum hafa andstæðingar Heimastjórn-

arflokksins stutt, svo sem háttv. 6. kgk. þm. fræðslumálin, en flest af þessum málum, og einkum hin stærstu, hefir Heimstjórnarflokkurinn borið fram til sigurs gegn megnum andróðri andstæðingaflokksins. Þetta komst hann og lengra þó, því að honum lánaðist með hjálp góðra manna utan flokks að flytja þjóðinni heim í hlaðið það hnossið, er hún hefir lengst og heitast þráð og vandsóttast hefir verið hingað til, *viðurkenningu landsréttinda hennar í góðum búningi*, þar sem er frumvarp millilandanefndarinnar og svo stjórnarskrárfrumvarp hinnar frá förnu stjórnar. En lengra en í hlaðið komst hnossið heldur ekki. Þar greip meiri hlutinn fram í sem kunnugt er. En alt um það munu þessar vörður, sem Heimastjórnarflokkurinn hefir reist síðastliðin 6 ár, ekki strax fenna í kaf. Og þó eg sé ekki spámaður, þá ætla eg nú samt að spá því, að nafnið Hannes Hafstein muni þola samanburð við nafnið Björn Jónsson um það er næstu 6 ár eru á enda.

Um leið og eg nú fyrir hönd minni hlutans legg sambandslagafrumvarpið með fáanlegum skýringarviðaukum fram í formi breytingartillagna við frumvarp meiri hlutans, get eg þess, að minni hlutinn mun hve nær sem málið kynni að verða tekið upp aftur í alvöru fús á að taka öllum breytingum, sem til bóta kynni að horfa á frumv. og *kostur væri á að fá*. En minni hlutinn mun aldrei stofna málinu í hættu, og því ekki ganga að öðrum breytingum á frumvarpinu en þeim, sem hann veit að eru fáanlegar. Frumvarp meiri hlutans er allsendis ófáanlegt, eins og meiri hlutinn sjálfur kannast við, og því er hér í rauninni leikinn skollaleikur, leikur, sem minni hlutinn ekki vill taka þátt í. Hins vegar óskar minni hlutinn nafnakalls um allar breytingartillögur sínar við frumvarp meiri hlutans, svo að nöfn þeirra sjáist svart á hvítu, sem tóku á sig *þá ábyrgð, að drepa sambandslagafrumvarpið grein fyrir grein.*

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Flestum mun það ljóst vera, að það sé með öllu árangurslaust að standa hér og halda langar ræður í þessu máli, *svo* er því nú komið. Enda verð eg að taka undir með skáldinu:

»Mjök esumk tregt
tungu at hræra
ok loptvægi
ljóðpundara«.

Því nú sé eg fyrir örlög þessa máls um óákveðinn tíma, þess máls, sem hefir verið og er mér hjartfólgnast allra mála, sem eg hefi um fjallað. Eg sé að því er nú teflt í það óefni, að litlar líkur eru til, að úr því muni vel rætast í bráð. Engu að síður get eg ekki með öllu orða bundist. Eg ætla mér ekki að fara að rekja sögu sjálfstæðismálsins, hvorki hinn fyrri þátt hennar né hinn síðari. Það hefir verið gjört allrækilega, og nú síðast af háttv. framsögum. minni hlutans. Að eins ætla eg mér að benda á það meðal annars, að frumherjar sjálfstæðismálsins með Jón Sigurðsson í broddi fylkingar ætluðust ekki til, að Ísland yrði ríki, og því síður fullvalda ríki. Hrein personalunion var fjarri huga Jóns Sigurðssonar, og það var því ekki rétt hjá háttv. framsögum. meiri hlutans, að »Íslendingar hafi haldið því fram um langan aldur, að Ísland væri sjálfstætt ríki«. Og meðan vér vorum sjálfstætt ríki vorum vér aldrei nefndir annað en land.

Stjórnarskipunarfrumvörpin 1867 og 1869, sem Jón Sigurðsson samdi og samþykti, byrja bæði á því, að »Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum«; þessi setning verður svo eins og kunnugt er 1. gr. stöðulaganna, og þessari grein stöðulaganna var *ekki mótmælt sérstaklega* á

þinginu 1871. Lögunum var mótmælt formsins vegna, og hinum sérstöku greinum þess efnisins vegna, nema 1. gr.; við hana fann Jón Sigurðsson og hinir aðrir ágætismenn, er málið höfðu með höndum, ekkert athugavert. Þess var heldur ekki að vænta, þar sem þeir höfðu á tveim undanförnum þingum beðið hans hátign konunginn að samþykkja þessa réttarstöðu landsins. Eg hefi bent á þetta af því að eg man ekki til að það hafi verið gjört í umræðunum um þetta mál.

Sú krafa, að Ísland verði viðurkent sjálfstætt ríki er ný. Það er eftir því sem eg frekast veit Guðmundur læknir Hannesson, sem fyrst hreyfir henni í alvöru í blaðagreinum í »Norðurlandi« og ræðum á fundum á Akureyri.

Á fundi, sem haldinn var um borð í »Botnia« í þingmannaförinni 1906 hélt eg því fram, að þessi ætti að vera meginkrafa vor. Blaðamannaávarpið, sem kom þá út um haustið, ber það með sér, að þeim mönnum er það sömdu er þetta ekki fullljóst, að minsta kosti ekki öllum. Blaðið »Ísafold« sagði t. d. berum orðum, að orðið land væri viðhaft, af því ekki væri til ætlast að Ísland yrði sérstakt ríki. Ávarpið hefir nú verið skýrt öðru vísi síðan, en það var fyrst í skýringargrein, sem birtist í »Norðurl.« rétt eftir að ávarpið kom út, að því var slegið föstu, að í ávarpinu felist krafa um það, að Ísland verði viðurkent frjálst og óháð sambandsland eða sambandsríki við Danmörku. — Þar er svo að orði komist eftir að hin einstöku ákvæði ávarpsins hafa skýrð verið: »Ísland er frjálst og óháð sambandsland Danmerkur og lúta löndin sama konungi. Í sambandslögum er bæði löndin samþykkja og væntanlega verða samin eftir tillögum fulltrúa, sem kosnir eru af alþingi Íslendinga og ríkisþingi Dana, skal ákveðið, hver mál skuli vera sameiginleg fyrir bæði löndin, hvernig haga skuli stjórn þeirra og hvernig beri að jafna ágreining milli landanna. Í öllum öðrum málum eru Íslendingar einráðir með konungi um löggjöf sína og stjórn, án nokkurrar íhlutunar af hálfu Dana eða hins danska ríkisráðs.

Á þessa leið hefðum vér óskað að meginatriði ávarpsins hefðu verið orðuð. Með þessum skilningi á efni þess og anda höfum vér undir það ritað í því trausti og með þeirri von, að starfsbræður vorir, sem undir því standa, hopi eigi frá þeim sjálfstæðisgrundvelli, sem hér er markað fyrir

Fáist þessu framgengt, verður samband landanna ljóst og einfalt, í stað þess að það er nú óskýrt og flókið og á röngum grundvelli bygt«.

Og þessu, sem þarna er tekið fram í fám orðum, höfum við eða réttara sagt *getum* við fengið framgengt, með því að samþykkja sambandslagafrumv. stjórnarinnar, með skýringarbreytingum þeim, sem vér leggjum til að gjörðar verði á því.

Í þessu frumv. erum vér viðurkendir frjálst, sjálfstætt ríki í sambandi við Danmörku um einn og sama konung í því málefnasambandi, er ríkin hafa komið sér saman um af frjálsu fullveldi sínu. Þetta er margsýnt og sannað, svo ekki verður á móti mælt með rökum, og nú síðast af háttv. framsögumanni minni hlutans.

Þetta, sem hvert einasta mannsbarn á Íslandi þráði og þótti eftirsóknarvert fyrir nokkrum mánuðum, því ætlar nú meiri hluti fulltrúa þjóðarinnar að hafna, fyrir þá sök eina, að vér fáum ekki að þeirra dómi með frumv. þessu þann rétt fullan er oss beri eftir fornum skjölum og skilríkjum, og svo framarlega sem vér samþykkjum þetta frumvarp takist oss aldrei að eilífu að ná þessum rétti.

Þeir aftaka með öllu sjálfir, sjálfstæðismennirnir okkar, að stiga þetta skref fram á við að sjálfstæðismarkinu, vegna þess að með því sé markinu ekki alveg náð. — Af því að þeir ná ekki hæsta tindinum í einu stökki, þá eru þeir ófáanlegir til að stíga upp að hátindunum og kjósa heldur að standa kyrrir í sömu sporum, »standa fast við status quo og stöðulögin kæru«, eins og þar stendur, horfa þaðan aftur langt aftur í aldir og rýna sig rauðeygða á gömlum sáttmálum og sammælum, þangað til þeir missa sjónar á því sem næst er, og miða alt við það sem *var* eða þeir álíta að verið hafi, en ekki við ástandið eins og það *er*.

Eins og þegar hefir verið sýnt, er það sem hér er í boði langtum meira en það, sem okkar einbeittustu, vitrustu og ágætustu sjálfstæðismenn, t. d. Jón Sigurðsson, nokkru sinni hafa farið fram á, og *langsamlega miklu meira* en það, sem vér nokkru sinni höfum átt kost á áður.

Fyrir hjálendurétttleysi stöðulaganna fáum vér með frumv. rétt frjáls og óháðs ríkis.

Eftir frumv. er réttur vor meiri í raun og veru en hann hefir nokkru sinni áður verið síðan landið gekk undir konung. Þessu verður ekki mótmælt. Þótt nú svo væri álitið, að vér værum ekki fyllilega sjálfstæðir eftir frumv., þá ber þess fyrst og fremst að gæta, að það getum vér aldrei orðið með sáttmálum einum og lögum; en sú fullyrðing meiri hlutans, að vér stöndum ver að vígi að ná rétti vorum öllum síðar meir, ef vér samþykkjum frumv., er fjarri öllum sanni, og skal eg reyna að færa þessum orðum mínum stað.

Nú erum vér eins og allir vita ómótmælt af oss óaðskiljanlegur hluti Danaveldis.

Á þessari meginsetningu hvílir öll vor stjórnarskipun. Með ríkisráðsákvæðinu í stjórnarskránni höfum vér beinlínis játað, að vér værum hluti danska ríkisins. Með því að hafna frumvarpi stjórnarinnar og kjósa heldur hið núverandi réttarástand, hina núverandi réttarstöðu, staðfestum vér þetta enn betur.

Ef vér svo síðar meir leitumst við að fá þessu breytt, liggur þá ekki beint við að Danir svari oss því, að vér hefðum ekki viljað breytingar þegar oss buðust þær; þá hefðum við heldur kosið »status quo« og stöðulögin. Og það myndi ekki duga þá að vitna til þess, að þingið hefði jafnframt samþykt frumvarp, þar sem fylstu sjálfstæðiskröfum Íslendinga væri haldið fram, því allir hafi vitað, að þetta var að eins krókaleið til þess að hafna því sem var fáanlegt, þar sem það var vitanlegt, að hinn aðilinn var með öllu ófáanlegur til þess að ganga að hinu samþykta frumvarpi.

Færum við að leita fulltingis hjá öðrum þjóðum, myndum við enga áheyrn fá, því það yrði skoðað sem móðgun við Dani, að láta innanríkismál þeirra að nokkru til sín taka, og vér yrðum skoðaðir sem uppreisnarmenn, þar sem vér yrðum að teljast danskir þegnar. Sama yrði uppi á teningnum ef við reyndum að losa okkur með valdi. Þessi verður aðstaða vor framvegis með »status quo«, eða meðan vér erum í stöðulagahaftinu, því það má öllum ljóst vera, að Danir þurfa aldrei að slaka neitt til. Frjálsir samningar við þá er eina færa leiðin.

En nú er að líta á hver aðstaða vor verður til þess að fá rétt vorn að fullu viðurkendan síðar meir, ef vér samþykkjum frumvarp stjórnarinnar með breytingum minni hlutans. Eftir því verðum vér viðurkendir frjálst sjálfstætt ríki við hliðina á Danmörku,

samkvæmt frjálsum samningi, er vér getum krafist endurskoðunar á að 25 árum liðnum. Ef samningar takast þá ekki, getum vér að lögum sagt þeim upp meðferð allra hinna sameiginlegu málanna að konungi, hervörnum og utanríkismálum undanskildum. En ekkert er því til fyrirstöðu, að vér getum þá samið svo við Dani um þessi mál, að vér megum vel við una. — Alt mælir með því, að hægra verði þá að komast að hagkvæmari samningum en nú, en ekkert mælir á móti því. Búast má við að Danir vilji þá, engu síður en nú, hafa sambandsmálin sem fiest. Þeim mun þá, engu síður en nú, verða sárt um að missa ýms af hinum uppsegjanlegu málunum; t. d. skal eg nefna fæðingjaréttinn, myntina og síðast en ekki sízt fiskveiðaréttinn. Síðasta atriðið hefir hagsmunalegt gildi; hin eru svo vaxin, að þau eru gott ríkisheildartákn.

Sjá nú ekki allir, sem opin hafa augun, að hægra muni verða þá að fá Dani til að fara að okkar vilja um þau tvö málin, sem ekki eru að lögum uppsegjanleg, þegar við getum haldið fram sambandsslíti í hinum málunum, heldur en nú, þegar engu slíku er til að dreifa; við höfum ekkert slíkt »tromf« á hendinni. Í öðru lagi ættum vér þá að vera orðnir meira að manni en nú, svo vér gætum blygðunarlaust og með fullri einurð kveðið að kröfum vorum, og þyrftum ekki eins og nú að bera kinnroða fyrir fæð, fátækt og vesaldóm í nálega öllum greinum.

Að síðustu enn það, sem ekki er minst um vert, að við erum þá búnir að vera viðurkendir sem sjálfstætt ríki í heilan mannsaldur. Ef við förum viturlega að ráði okkar, ætti sá tími að nægja til þess, að afla íslenzka ríkinu virðingar meðal annara þjóðríkja og þeirrar viðurkenningar, að vér verðskuldum að vera sérstætt og sjálfstætt ríki, verðskuldum að njóta friðar og eigum skilið að njóta verndar hins mentaða heims. Alt þetta, sem nú hefir nefnt verið, styður að því, að vér komumst að enn betri kostum næst, þegar sambandslögin verða endurskoðuð, en nú varð raun á, svo framarlega sem vér þá æskjum eftir nokkrum verulegum breytingum. Um það verður engu spáð. Fari vel á með oss og Dönum, er ekki ástæða til að breyta öðru en því, sem lagað verður eftir breyttum ástæðum og kröfum tímans.

En þó vér nú sleppum öllu þessu, og lítum aðeins á reynslu sjálfra vor í sjálfstæðisbaráttunni, bendir hún ótvíræðlega í þá átt, að frumvarpið sé stórt skref fram á við að sjálfstæðismarkinu, og að vér eigum að stiga þetta skref, þótt það jafnvel væri nokkru styttra en vér vildum. Hvar stæðum vér nú, ef vér hefðum neitað að taka við stjórnarskránni 1874, af því að hún var bygð á stöðulögunum og að ýmsu leyti frábrugðin því, sem margoft hafði verið farið fram á af alþingi? Hvar stæðum vér nú, ef vér hefðum neitað stjórnarskrárbreytingunni 1903 vegna ríkisráðsákvæðisins, sem því miður verður að skoðast sem bein viðurkenning þess, að landið sé partur af danska ríkinu, bein viðurkenning þess, að það sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum?

Já, hvar stæðum vér?

Í fám orðum verður því ekki svarað. En óhætt er að fullyrða, að ótal margt af því, sem framkvæmt hefir verið hér á landi síðasta mannsaldur, væri þá ógert, og hagur okkar allur á annan veg.

Þó margt megi segja um fjárstjórn vora, þá er það þó fjárforræðinu að þakka, hvað vér höfum komist úr kútnum síðustu áratugina. Af því vér tók-

um við stjórnarskránni og breytingum á henni 1903, sendum vér nú lög frá alþingi, en ekki frumvörp, þegnsamleg álitsskjöl og auðmjúkar bænarskrár. Og fyrir þá sök höfum vér nú ráðherrastól hér í salnum, og á honum íslenzkan ráðherra, búsettan hér á landi, og með fullri ábyrgð fyrir þinginu. Og loks, hefðum við hafnað öllu þessu, af því vér vorum ekki alls kostar ánægðir með það, þá hefðum vér nú ekki í höndum frumvarp til laga um samband Danmerkur og Íslands, sem valdir menn af báðum þjóðum hafa samið og orðið ásáttir um, þar sem jafnrétti vort við Dani er viðurkent, Ísland, hjálendan, sem Danir töldu 1871 að þeir mættu fara með eftir vild, viðurkent sérstakt ríki með fullveldi yfir öllum sínum málum.

Er nú nokkurt vit í því, með þessa reynslu að baki, að stiga nú ekki þriðja og stærsta sporið fram á við að sjálfstæðismarkinu, þó vér verðum, sökum vanmáttar vors, að láta Dani fara með nokkur mál vor um óákveðinn tíma, sem vér ekki í bráðina erum færir um að hafa sjálfir með höndum? Hagurinn er þar allur okkar megin.

Það sem oss þótti áfátt við stjórnarskrána 1874 og stjórnarskrárbreytinguna 1903 er nú fáanlegt.

Liggur þá ekki nærri að halda, að það sem oss þykir að fyrirkomulagi því, sem hér er í boði, muni lagast er stundir líða, — muni lagast í fyllingu tímans, þegar oss er vaxinn svo fiskur um hrygg, bæði efnalega, siðferðislega og pólitískt, að vér verðum færir um að standa á vorum eigin fótum og — þegar vér erum búnir að afla oss svo mikils álits, virðingar og samúðar annara þjóða, að vér fáum, ef vér viljum, að sigla vorn eigin sjó?

Eg þykist nú hafa leitt ljós rök að því, hvílík fjarstæða sú fullyrðing er, að samþykt þessa frumvarps leiði til þess, að við náum aldrei fyllri rétti, það sé réttarafsal — slagbrandur fyrir því, að vér nokkru sinni fáum frekari réttarbætur en í því felast.

Jeg þykist hafa sýnt fram á það, að með því að ganga að frumvarpinu, stígum vér risaskref að sjálfstæðishámarkinu.

Og hvaða vit er svo í því, að stíga ekki þetta spor? Hvernig eigum vér að verja slíka fásinnu fyrir eftirkomendum vorum?

Þetta verða menn að athuga vandlega, áður en þeir greiða atkvæði á móti breytingartillögum þeim, sem minnihlutinn hefir leyft sér að koma fram með, og allar eru til bóta, þó þær geti ekki heitið efnisbreytingar á frv. stjórnarinnar, rétt skýrðu.

Menn verða að reyna að gleyma því, að mál þetta hefir illu heilli verið gert að flokksmáli, og leggja sér á hjarta, að þetta er lífsmál þjóðarinnar, sem með engu móti má draga niður í flokksdeilusorpið.

Undir úrslitum þessa máls er kominn vegur og virðing þjóðarinnar í nútíð og framtíð, allur hagur hennar andlegur og efnalegur, í einu orði: líf hennar sem sérstakrar þjóðar, saga hennar öll á komandi tíð.

Ari Jónsson: Þótt þessu máli sé leiður lítill tími hér í deildinni, þá langar mig þó til þess, að tefja umræðurnar örlítið með nokkrum athugasemdum.

Það er spaklega mælt, að varði mest til allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin. Þetta gildir ekki einungis um orð, heldur og um allar gjörðir og framkvæmdir. — Þegar skoðun er látin í ljós um, eða leggja á dóm á þær kröfur, sem alþingi hefir með höndum, þá ber ekki að eins að líta á kröfurnar sjálfar, heldur ber og að taka tillit til á hverju þær séu bygðar og hver grundvöllurinn sé undir þeim. Því sé grundvöllurinn send-

inn, þá er við búið að það, sem ofan á verður bygt, verði haldlítið og gallað.

Vér meirihlutamenn byggjum kröfur vorar á þrem máttarstólpum.

Fyrsti máttarstólpinn er lagalegur og sögulegur réttur Íslendinga. Þetta er ekki nýtt, að minst sé á þennan máttarstólpa í sjálfstæðisbaráttu vorri. Honum hefir ekki aðeins verið haldið fram nú, heldur hafa beztu menn þjóðarinnar haldið honum fram á öllum tímum. Það hefir mikið verið rætt um þennan rétt vorn, og því fer betur, að þetta atriði hefir skýrst og orðið ljósara á síðari tímum. Þetta hefir haft þær afleiðingar, að bæði hefir þeim Íslendingum fjölgað, er haldið hafa fram þessum rétti vorum af fullri einurð, svo hafa og ýmsir mikilsmetnir útlendingar kynt sér þjóðarrétt vorn, og stutt með skoðunum og tillögum sínum réttarkröfur vor Íslendinga; sérstaklega eru það Norðmenn, er hafa orðið oss til mikils stuðnings í þessu atriði. Eg skal jafnframt og sérstaklega benda á, að margir þingmenn minnihlutans litu líka svona á málið fyrir einu ári, sbr. það sem skráð er 16. marz 1908 í bláu bókina. En því ber ekki að neita, að nokkrir Íslendingar hafa síðan orðið til þess, að gera lítið úr þessum máttarstólpa og gengið í bandalag við Dani í því efni.

Annar máttarstólpinn, sem meiri hlutinn byggir á kröfur sínar, er sá siðferðislegi og eðlilegi réttur vor, sá réttur, sem þjóðerni vort gefur oss til þess, að ráða oss sjálfir, viðskiftum vorum og atvinnugreinum. Þessum rétti hefir enginn mótmælt, og eg vona að slíkt verði ekki gert.

Þriðji máttarstólpinn undir kröfum meirihlutans er vilji íslenzku þjóðarinnar sjálfrar. Þessi vilji til að halda fullum rétti Íslendinga hefir ekki aðeins komið fram á síðari árum. Hann hefir haldist í landinu síðan Einar Þveræingur hélt fyrst fram þjóðrétti vorum, og komið oft fram mjög ákveðinn og eindreginn, t. d. má nefna þjóðfundinn 1851. Nú hefir þessi vilji þjóðarinnar vaknað með nýjum krafti á síðustu árum. Þjóðin hefir sýnt það, að hún vill halda fram fullum þjóðarrétti, öllum þeim meginréttarkröfum, sem meiri hlutinn nú berst fyrir.

Það er því eigi á ótraustum grundvelli bygt, sambandslagafrumvarp meiri hlutans. Réttarkröfur þess styðjast við svo öflugar meginstoðir, að hver útlend þjóð hlýtur að taka tillit til þess, ef hún kynnir sér málið til fulls. Frumvarpið fer fram á fullan rétt Íslendinga, og forðast alt afsal á þjóðréttindum vorum; þar skilur mikið á milli þess og frumvarps millilandanefndarinnar.

En nú kemur spurningin um það, hvort vér getum komið frv. fram. Eg tel það alls ekki fullreynt, fyr en óskir vorar (þingsins) eru komnar fram fyrir Dani; þá fyrst er fullreynt, hvort Danir vilji taka máli voru eða ekki. Þótt forsetar þingsins hafi talað við konung og forsætisráðherra Dana, þá getur svar þeirra eigi verið jafngilt og það kæmi frá dönsku þjóðinni í heild sinni, allra sízt þar sem ekkert ákveðið opinbert svar liggur fyrir. Fyrst er fullreynt, þegar Danir hafa formlega og fyllilega svarað réttarkröfum þingsins.

En hvernig hafa nú minnihlutamenn þingsins komið fram í þessu sambandsmáli. Á hverju byggja þeir kröfur sínar og hverjar eru þær. Eg gat þess áðan, að allir íslenzku millilandanefndarmennirnir hefðu í upphafi (sbr. bláu bókina) bygt kröfur sínar á því, að Ísland væri frjálst ríki og réði öllum sínum málum sjálft, en það má fyllilega ætla, að þeir hafi aðeins borið þessar kröfur sínar fram til málamynda, sem svo átti óðar að slá af, eins og afsláttar-klára, enda var það gert svikalaust;

það sást bezt, þegar frumvarpið sæla kom fram. Hver er nú þar sá grundvöllur, sem minnihlutinn byggir frumvarp sitt á, og neytir allrar orku til að berja fram. Grundvöllurinn er ofur augljós í nefndaráliti minni hlutans, bæði í Nd. og Ed. Þar er ekki bygt á öðru en því, að vér séum *þegar innlimaðir*. Í fyrra bygðu þeir á sjálfstæði, en hvað gera þeir nú? Nú byggja þeir á sama grundvelli og Danir hafa jafnan gert, þeim grundvelli, að vér séum þegar innlimaðir Danmörku. Og byggingin hefir svo orðið lík undirstöðunni.

Eg ætla ekki að fara út í einstök atriði í frumv. millilandanefndarinnar. Menn vita alment, hvar innlimunin kemur bezt fram, sem sé í hermálum og utanríkismálum, sem vér ætlum Dönum samkvæmt því frumv. að fara með fyrir vora hönd, án þess að hafa nokkra trygging fyrir því, að vér getum nokkurn tíma náð þessum málum til okkar aftur, eða undir okkar yfirráð. Og til hvers er þessu afsalað? Til hvers vilja þeir afsala yfirráðum í þessum málum? Jú — til þess að vér getum fengið fram nokkrar breytingar, sem minni hlutinn lítur ákaflega stórt á, en sem eg verð að telja lítils verðar, þegar litið er til þeirra tveggja atriða, yfirráðanna í hermálum og utanríkismálum, er vér um leið semjum af oss. Vér eigum ekki að kaupa réttindi, sem vér eigum, með réttarafsali í mikilsverðum atriðum.

Ýmsir aðrir ókostir eru á frumvarpi minnihlutans, sem eg ætla ekki að fara út í. Eg vil aðeins drepa á eitt atriði, þennan gerðardóm, sem var áðan færður til sem sönnun þess, að frumv. ætlaði Íslandi að verða fullveðja ríki. Nefndarmönnunum hafa verið furðu mislagðar hendur, þegar þeir gengu inn á, að danskur maður skyldi ávalt hafa æðsta úrskurðarvald í slíkum dómi.

Annað er það, sem athugavert hefir þótt. Það er ósamræmi textanna. Nefndarmenn hafa haldið því fram, meðal annara 3 þeirra í mín og margra manna eyru, að textarnir væru í fullu samræmi. Hver er nú raunin á orðin? Allir Íslendingar sjá ósamræmið, og Danir hafa viðurkent það. Því eru mennirnir enn að neita því?

Frumvarpsmenn hafa lagt áherzlu á það, að samningsaðilaréttur vor Íslendinga sé viðurkendur með því, að vér fáum að gera sambandssáttmála við Dani. Gott, en hvers virði er þessi samningsaðilaréttur, sem er í því falinn, að vér afhendum Dönum vor mál? Því er svo fyrir komið, að minsta kosti um tvö af þessum málum, að vér verðum ekki samningsaðilar um þau aftur, nema Danir vilji svo vera láta.

Eg ætla ekki að halda lengri ræðu nú. Eg bæti kann ske við síðar. En eg vil aðeins taka það fram, að vér meirihlutamenn látum oss eins og vind um eyrun þjóta þá spádóma, sem nefndarmennirnir hafa sífelt borið fram í ræðu og riti, síðan er þeir komu heim úr för sinni. Þessir spádómar eru engir hæstaréttardómar. Það er sagan og framtíðin, sem leggur dóminn á gerðir þessara manna í millilandanefndinni. Það er ekki að furða, þótt þeir þurfi að halda langar varnarræður fyrir framkomu sína í nefndinni og síðar. Þeir voru umboðsmenn þjóðarinnar, sem báru fram hennar kröfur. Þeir byrjuðu vel, og settu markið hátt. En síðan tefldu þeir refskák um réttindi landsins, og lauk svo að Danir bræddu inni 6 nefndarmennina. Það er von, að þeir þurfi á varnarræðum að halda. En eg held, að þeir umboðsmenn vinni sér seint traustið aftur, sem hafa látið til leiðast, að reyna að koma á aftökustaðinn réttindum landsins, yfirráðunum í utanríkismálum og hermálum.

Jens Pálsson: Eg sé af breyt.till.

minnihlutans, að hann vill bjarga frumvarpi millilandanefndarinnar með því, að smella inn í það á stöku stað orðinu »ríki« í staðinn fyrir »land«. En frumv. verður ekki bjargað við, né það bætt til neinnar hlítar með því, að breyta til um þessi orð. —

Það er ekkert aðalatriði, hvort Ísland er nefnt »land« eða »ríki« í sambandslögunum, heldur er hitt aðalatriðið og mergurinn málsins, hvílíkt »land« eða »ríki« það verður eftir sáttmálanum, því lög þessi eru í eðli sínu og að efni til »sáttmáli«, — hve sjálfstætt og fullveðja land eða ríki það verður, þegar frumv. er orðið að fullgildum lögum. Hinar miklu og ítarlegu umræður um frumv. þetta bæði í blöðunum og á mannfundum hafa yfirleitt um það snúist, hvert og hvílíkt sambandið yrði milli Íslands og Danmerkur, ef frumv. millilandanefndarinnar gengi fram, að öllu efni þess óbreyttu.

En þegar dæma á um frumvarpið að þessu leyti, um kosti þess og ókosti fyrir land vort og þjóð, þá skýrist málið ekki til nokkurs gagns með hinum margtuggnu skilgreiningum, þessum lærdómslegu skilgreiningum milli konungssambands og málefnasambands o. s. frv. Hverju slíku sambandi getur verið margvíslega fyrir komið og háttað, og skal eg ekki fara frekara út í þá sálma.

En til þess bað eg mér hljóðs, þótt mér sé sakir kvefs og hæsi örðugt um að tala, að eg vildi gera grein fyrir mótatkvæði mínu gegn frv. millilandanefndarinnar, gera grein fyrir því, hví mér þykir frágangssök að greiða því atkvæði mitt. Það er af því, að sambandi því, sem þar er í boði, milli Íslands og Danmerkur, er svo háttað, að Ísland og Danmörk verða í reyndinni einn »ríkisorganisme«. Ísland verður ekkert annað en samgróinn hluti af »det samlede danske Rige«. Enda hafa nú Danir sjálfir, eða Dr. Kn. Berlín fyrir hönd dönsku nefndarmannanna og í þeirra nafni, kveðið upp úr með það, að sú væri meiningin. Þegar eg talaði um »ríkisorganisme«, þá meinti eg það, að sambandið á milli landanna yrði svo náið, svo lífrænt samband, eins og sambandið milli ýmsra hluta þess líkama, sem sama taugakerfi liggur um og sama blóðrás. Þess vegna liggur í frumvarpinu hrein og bein »innlimun«, »inkorporation«, í Danmörku. Ísland gæti eftir því aldrei orðið sérstakt ríki, nema Danir vildu svo vera láta, og það vildu þeir líklega aldrei. Þetta er agnúinn mikli á frumvarpinu, — agnúinn, sem gerir það ótækt fyrir Ísland. Að hafa öðruvísi lagað málefnasamband við Dani, þannig að við semdum við þá um að reka fyrir okkur sum mál á meðan hagkvæmt þykir og báðir koma sér saman, á móti því er ekkert að hafa. Slíkt samband getur gefist vel, á meðan bróðurþel helzt á milli þjóðanna og þær vilja vinna saman.

Öll mál, sem Ísland varða, eru okkar mál. Við eigum ekkert mál sameiginlegt við Dani, annað en konung og það sem þar að lýtur. Að eiga að slá því föstu, að sum af okkar eigin málum, og það ekki lítilfjörlegri mál en utanríkismálin, skuli hér eftir vera óuppsegjanleg sameiginleg mál okkar og Dana, — að eiga að slá því föstu, er ægilegt, — það er betra að hugsa sig vel um og lengur en enn hefir gefist kostur á, áður en jafn ægilegt spor er stigið.

Hermál viðurkenni eg ekki að vér höfum nokkur né eigum að hafa. Hin umræddu hermál eru aldönsk og oss með öllu óviðkomandi mál.

Að hafa hermál sameiginleg með Dönum, er að minni hyggju svo hættulegt, að eg gæti aldrei greitt atkvæði með því. Þá værum við orðnir opinbert hervarnar-ríki, samgróið Danmörku. Af því leiðir, að ef eitthvert annað stærra

herriki slær herhrammi sínum á Danmörku, þá getur það með sama rétti teygt herklær sínar til Islands, og tekið það herskildi, og Íslendingar gætu ekkert á móti haft, þar sem landið væri innlimað í Danmörku.

Hvað snertir utanríkismálin, að fela þau Dönum, til óuppsegjanlegrar meðferðar, hefi eg tekið fram, að það sé svo stórt og alvarlegt mál, að eg skil ekki, hvernig nokkur Íslendingur getur gengið inn á slíkt, óaðþrengdur og ótilneyddur. Það getur enginn tölum talið, hve mikils virði þjóðinni kann að verða sjálfstæði í þeim málum með tímanum, þegar henni vex fiskur um hrygg. Slíkt málefnasamband er ósamrýmanlegt sögulegum, lagalegum, þjóðernislegum og siðferðislegum rétti Íslands til þess að verða fullveðja ríki.

Það er þetta sem vér höldum fram, meiri hlutinn hér á þingi, að *slíkt* málefnasamband sé afar óaðgengilegt fyrir Ísland. Að mínum skilningi er það svo mikill neyðarkostur fyrir oss, að eg skil ekki, hvernig menn geta látið tilleiðast, að gína við slíku boði, ótilneyddir, undir eins eftir eina mishepnaða tilraun til að fá betri kosti. Það hefir verið talið frv. til gildis, að sambandið, sem það innifelur í sér, myndaðist, ef fram gengi frumvarpið, með fullu samningsfrelsi af vorri hálfu eins og Dana. En það samningsfrelsi, sem er í því fólgið, að afsala sér réttinum til að ráða sínum eigin málum, það samningsfrelsi met eg ekki mikils.

Því hefir verið haldið fram, að Danir færu með hervarnir og utanríkismál í umboði okkar, það sé fullskýrt tekið fram í frumvarpinu. Það er dáfallegt umboð, sem aldrei má af þeim taka, nema með þeirra samþykki, hvað fegnir sem við vildum, og hvað sárlega sem við þyrftum þess með.

Það er sama, hvað fært er fram til varnar þessu frumvarpi. Það hefir verið sýnt með rökum, að það er frumvarp til innlimunar, sem ekki verður forsvarað fyrir dómi sögunnar.

Eg skrifaði upp sumt af því, sem háttv. 5. kgk. þm. *tók fram í ræðu sinni.*

Eitt var það, að það hefði ekki verið nein ástæða til að láta nýjar kosningar fara fram, áður en sambandslaganefndin var skipuð. Háttv. 5. kgk. þm. þarf miklar ástæður. Engin ástæða! Hvílík fjarmæli! Skal eg nú sýna, að ástæðurnar voru margar og mikilvægar fyrir hendi til þess.

Það kom fram almenn krafa frá þjóðinni um nýjar kosningar, bæði í meiri hluta blaðanna, frá þingmálafundum og frá fjölmennum fundi, þar sem mættir voru fulltrúar frá nálega öllum héruðum landsins. Líka var stjórninni kunnugt um það, að það var myndaður nýr pólitískur flokkur í landinu, flokkur sem engan fulltrúa hafði á þingi. Þessi flokkur, Landvarnarmannaflokkurinn, var þá orðinn fjölmennur, og hann fær ekki að hafa neinn fullrúa í nefndinni.

Háttv. 5. kgk. þm gerði lítið úr því, að þjóðin hefði rökstudda skoðun eða ákveðna viljastefnu í þessu mikla máli. Útaf því vil eg minna þm. á það, að 17 fjölmennir þingmálafundir, sem haldnir hafa verið í vetur, hafa allir verið ákveðnir í þeirri kröfu, að öll mál skyldu vera uppsegjanleg, og sumir hafa haldið fram hreinu konungssambandi.

Háttv. sami þm. vitti það, að þetta mál hefði orðið flokksmál og tilfinningamál og hefði verið gert að æsingamáli. Eg mótmæli því, að frumvarpsandstæðingar séu um það sekari en frumvarpsmenn, nema síður sé. Mér finst það engin furða, þó að slíkt mál verði tilfinningamál með fram. En æsingamál hefir það ekki verið. Eg þori að segja það, að íslenzk dómgreind hefir aldrei lagt sig eins í líma til að kryfja til mergjar nokkurt mál annað. Allir gerðu það,

sem þeir gátu, til að gagnrýna málið sem bezt, enda létu menn ekki uppi skoðun sína, fyr en þeir höfðu áttað sig vel. Hitt var eðlilegt, að það yrði hitamál, enda var það jafnt á báðar hliðar. Það var auðvitað ekki síður hitamál hinum flokknum, og þá ekki sízt nefndarmönnunum sjálfum, eftir að þeir komu heim. Það er alkunn staðreynd, að þeir urðu næsta heitir og jafnvel æstir, er þeir tóku að sæta mótmælum.

Háttv. þm. mintist á, að kröfur Jóns Sigurðssonar hafi að sumu leyti farið í líka átt og frumvarpið. Eg ber eins mikla lotningu fyrir því mikilmenni, eins og hver annar. En eg hygg þó, að hann muni ekki fremur en önnur mikilmenni hafa verið undanþeginn því lögmáli, að framþróun hefði getað haft áhrif á skoðanir hans. Hann mundi líklega hafa sett mark sitt hærra nú, en fyrir hálfri öld. Eg vil spyrja háttv. 5. kgk. þm. t. d. hvort hann heldur það, að þeir Brynjólfur Sveinsson og Árni lögmaður Oddsson hefðu ekki andæft í Kópavogi harðlegar og skýrara og sett kröfur sínar og mark hærra, en þeir gerðu, ef þeir hefðu lifað nú á 20. öld. Málin skýrast. Allir eru börn sinnar tíðar og verða fyrir áhrifum af samtíðinni.

Þá minti háttv. þm. á, að sjálfsforræði sérmála vorra stæði á lausum grundvelli, og að það væri kent við Kh.-háskóla (prof. Matzen), að Danir gætu numið stöðulögin úr gildi og kipt grundvellinum undan allri sjálfstjórn landsins. Það er ekkert efamál, að það getur alls ekki komið til slíkrar óhæfu. Stöðulögin eru bindandi fyrir Dani og þeir geta ekki hlaupið frá þeim. Þessi ástæða er því hégómi og síður en svo gild og knýjandi fyrir oss til að ganga að afarkostum.

Þá lagði háttv. þm. áherzlu á það, að frumvarpið um hæstarétt hefði verið svæft hér í deildinni. Þar til er að svara, að þó að við bygðum á tilboði Dana í uppkastinu einhverjar vonir um að hæstiréttur fengist, þá er sú tilslökun frá Dana hálfu bundin því skilyrði, að gjörbreytt verði dómaskipun landsins.

Þá hefir verið minst á Gamla sáttmála og gert lítið úr honum. En eg vil halda því fram, að þjóðernisrétt eigum vér betri og skýlausari en flestar aðrar þjóðir. Sá ættstofn, sem vér erum af komnir, hefir numið landið og bygt það. Vér höfum verndað heimsfræga tungu og verk meistaranna, og höfum geymt söguarfinn dýrmæta. Vér höfum ekki tekið þetta land af neinum. Vér eigum það að guðs og manna lögum.

Háttv. þm. lét liggja orð að því, að við hefðum ekki lagt mikið í sölurnar fyrir þetta land, — ekki varið þjóðerni vort og land með vopnum, ekki lagt mikið í sölur í slíku skyni, — að minsta kosti ekki úthelt blóði voru. Að undanskildum Jóni Arasyni og sonum hans og mönnum höfum við ekki beint úthelt blóði; en samt sem áður hefir þjóðin orðið mikið að líða af erlendra hendi; og alls óvíst, að við hefðum liðið meira, þótt við hefðum beinlínis barist við útlend völd fyrir frelsi okkar. — Háttv. þm. sagði, að persónusamband veitti okkur engan styrk. Þá þykir mér hann gera lítið úr konungi, ef oss er engin stoð að vera þegnar hans.

Sakir lasleika og þreytu og vegna þess, að langt er liðið á kveldið, hleyp eg yfir mörg mótmælaverð umyrði háttv. þm., er eg þó hefi teiknað hjá mér. Á fátt eitt vil eg þó enn minnast.

Hann vildi ekkert úr því gera, hvort sambandið væri nefnt ríkjasamband eða ríkissamband. En hitt vita allir, að það er þýðingarmikið, að hugtök séu nefnd réttu nafni. Rétt heiti og rétt nafn get-

ur eitt út af fyrir sig ætið haft mikið að segja, og ef um réttindi er að ræða, þá þess fremur. — Enn fremur sagði hann, að sá maður væri frjáls, sem ekki hefði öðru bundist en því, sem hann hefði sjálfur skuldbundið sig til. En þá vil eg spyrja: en ef hann hefði skuldbundið sig til að láta af hendi sjálft frelsi sitt og gerzt þræll annars manns æfilangt, væri hann þá samt eftir sem áður frjáls maður? (*L. H. B.*: Já). Þá held eg þó að minsta kosti, að það frelsi kæmi honum ekki að miklu gagni. — Þm. »citeraði« allmikið prófessor Jelli nek. Það er nú ekki nema gott og blessað, að vitna í merka menn máli sínu til stuðnings. En lakast er, þegar þeir eru »citeraðir« bæði með og móti í sama málinu. Slíkum herrum geri eg ekki mikið úr, sem skipa þarf á báða bóga. — Hann sagði, að þjóðarviljinn gæti ekki bundið sig um aldur og æfi. Jú, einmitt getur hann það; og það er það, sem honum er ætlað í frumvarp inu, þó svo geti auðvitað einhvern tíma farið, að þeir, sem umráðin fá yfir böndunum, hirði ekki um eða megni ekki að halda böndunum við. — Það eru annars ekki svo fáir höfundar og merkismenn, sem »citeraðir« hafa verið í þessu máli. En merkilegast þykir mér, að sá hefir ekki verið nefndur hér, sem líklegastur hefir verið, sá maður, sem var skrifari nefndarinnar, og síðan hefir allmikið skrifað um málið. Eg á við dr. Knud Berlin. Hann hefir einmitt nú gefið skýrar yfirlýsingar í nafni og fyrir hönd dönsku nefndarmannanna um, hvað felist í frv., um þýðinguna á því, hve slæm hún sé o. s. frv., og þessu hefir ekki verið mótmælt. — Framsögumaðurinn spurði, til hvers uppkastið væri. Eg sé, satt að segja, ekki til hvers það er, nema til þess að setja á oss danskan undirlægjustimpil. Frumvarp meiri hlutans aftur á móti sýnir Dönum okkar kærasta markmið, sem vér ætlum í bráð og lengd að stefna að, unz vér höfum náð því. Það er það, sem mest á ríður, að sýna Dönum, að vér álítum rétt vorn lögmætan, og jafnframt skyldu vora gagnvart sjálfum oss, að fara þar á fremstu grös og láta ekki staðar numið, þó einhver mótspyrna verði á leiðinni. Það er um að gera fyrir oss, að vekja Dani til umhugsunar, svo þeir læri að skilja oss betur. Því ef Dönum lærist að skilja oss betur en enn er orðið, þá skilst þeim jafnframt, að engin hætta er fyrir þá að uppfylla óskir vorar; vér verðum hvorki svo fjölmennir eða illviljaðir, að það geti gert þeim neitt mein. Við viljum í bróðerni og með samhug efla sameiginlegan hag ríkisins af fremsta megni og eftir því sem kraftar vorir leyfa, og vera hollir og trúir þegnar konungs vors. — Háttv. þm. taldi upp ýmsar ástæður fyrir því, að uppkastinu hefði ekki verið tekið. Eg fer ekki út í að rekja þau ummæli. En eg vil leyfa mér að mótmæla ummælum hans í heild; þau voru ekki rétt, og að sumu leyti niðrandi fyrir dómgreind hinnar íslenzku þjóðar. Enn fremur kom hann fram með getsakir og ákúrur til Þingvallafundarmanna. Slíkt dæmir sig sjálft. — Einnig sagði hann, að við hefðum verið óánægðir með stjórnarbreytinguna 1903, þótt við vildum halda í hana nú. En það var einmitt flokkur hans sjálfs, sem hélt því fram þá, að nú væri alt fengið, þótt honum farist nú orð í gagnstæða átt. — Svo er þessi spámannlegi mannjöfnuður, sem þm. var með. Eg rýri ekki Hannes Hafstein; það skal vera langt frá mér að gera það. En þessa spá þm. um nýja ráðgjafann met eg að engu. Slík orð eru réttlaus og út í loftið mælt, og alveg ósamboðin greind háttv. þm. Þegar Björn Jónsson er búinn að vera við

stjórn í 5 ár eins og hinn, þá getur komið til mála að bera þá saman, en fyr ekki. Annars er þessi spá og þessi samanburður óviðeigandi í alla staði. Slíkt á algjörlega að liggja milli hluta. Eg get lofað svo Ólaf kóng, að eg ekki lasti annan. Það er hægt að meta gildi eins manns og kosti hans, án þess á annan að ósekju sé hallað.

Eg get ekki stilt mig um að minnast á, að þeir tveir háttv. kgk. þm., sem hér í deildinni hafa haldið frv. sambandslaganefndarinnar svo einkar kappsamlega fram, voru sjálfir í nefndinni og verja sitt eigið verk þar og fegra það, og fer það að vonum; ekki voru þeir kvaddir á þing af þjóðinni, en féllu við kosningar og voru þá kvaddir af stjórninni, sem hélt frv. kappsamlega að þjóðinni, þrátt fyrir rökstudd og réttmæt mótmæli og tregðu hennar; þeir eru því sannarlega fulltrúar fyrv. stjórnar, en einskis kjördæmis á þessu landi. (*L. H. Bjarnason:* Eg verð að láta þingmanninn vita, að hann hefir ekkert vit á uppkastinu). Það er meira en yfir mann gangi, að mæta slíkum hroka í sjálfum þingsalnum, og eg lýsi því yfir, að eg beygi mig alls ekki fyrir slíku hátterni.

Háttv. 6. kgk. sagði, að það væri á okkar ábyrgð, hvort við tækjum við frv. eða ekki. Það er rétt; við vitum það. En þegar nú er um það að ræða, hvort oss sé með frumvarpinu boðið að verða fullvalda og sjálfstætt ríki eða ekki, þá er þó að minsta kosti íhugunarvert, hvað hinn aðilinn (Danir) segir um það. Hvar er hans skoðun á frumvarpinu? Hvað segir sá af dönskum mönnum, sem gagnkunnugur er þessu máli og hefir opinberlega og skýlaust lýst yfir, hvað í frv. felist, dr. Knud Berlin? — og hvað segir hann um þýðinguna? — Eg skal ekki fara fleirum orðum um þessar yfirlýsingar og skýringar dr. Berlins; en það tek eg fram, að mér nægir ekki, að hann sé lauslega vefengdur, eða því slegið út, að ekkert orð hans sé að marka um þessa hluti.

Hvað það atriði snertir, sem nefndarmennirnir fullyrða, að þeim sé kunnugt um, að hverju Danir vilji nú ganga og hverju ekki, og að þeir gangi að breytingartillögum minni hlutans, þá leyfi eg mér að bera brigður á það. Eg trúi því ekki fyr en eg tek á því. Ef þeir þykjast geta fullyrt nokkuð um það, þá hljóta þeir að geta sýnt einhver skilríki. Því leggja þeir þau ekki fram?

Það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Strandamanna, að kröfur þær, sem millilandanefndin gerði í fyrstu fyrir Íslands hönd, hafi að eins verið til málamynda. Þessu er eg eigi samþykkur. Eg þykist þess fullviss, að háttvirtir nefndarmenn hafi haldið fram kröfum sínum í einlægni í fyrstu, þó að þeir síðar slægju af þeim og gengju að frumvarpinu. En hinu get eg ekki gleymt, hvernig þeir fluttu málið á eftir fyrir þjóðinni; þar hefir þeim skjátlast mest. — Hvað gjörðardómnum viðvíkur, þá hefir háttv. þm. Strandamanna minst á hann.

Læt eg svo staðar numið um mál þetta við þessa umræðu, og læt breytingartillögur minni hlutans liggja milli hluta þangað til við 3. umræðu.

Steingrímur Jónsson: Eg get ekki stilt mig um, að minnast á eitt af síðari orðunum í ræðu háttv. þm. Gullbr. og Kjósarsýslu. Hann skaut því sem sé til okkar nefndarmanna, að við værum ekki kosnir fyrir neitt kjördæmi. En eftir stjórnarskipun þeirri, sem nú er í gildi, þá höfum við sama atkvæðisrétt og aðrir. Og þykist eg hafa sýnt eins mikla viðleitni á að komast að sannleikanum eins og hann í þessu máli.

Og vil eg benda á, að það er skylda þingmanna að greiða atkvæði samkvæmt samvizku sinni, en ekki vilja kjósenda sinna; það er gott ef það fer saman; en fari það ekki saman, þá er þingmaðurinn að eins skyldur til að fara eftir samvizku sinni. Annars skal eg taka það fram, að eg hygg að flestum eða öllum sé kunnug skoðun mín í þessu máli, svo að eg þarf hér litlu við að bæta. Mönnum er það kunnugt, að eg álít það mikið spor í sjálfstæðisáttina, ef frumvarpið verður að lögum, — og óhapp, sem seint bætist, ef það fellur, eins og sýnilegt er. Breytingartillögur minni hlutans mun eg og geta samþykt, og álít þær til góðs og betur farið að þær séu upp teknar. Það eru ekki nema orðabreytingar, en þær gera þó frumvarpið aðgengilegra, og í sumum atriðum ljósara. — Nokkur atriði skal eg nú og minnast á. Framsögumaður meiri hlutans sagði í ræðu sinni, að Danir hefðu sagt í vetur, að við ættum engan rétt, og að þeir þyrftu ekki að gefa okkur annan rétt en sem þeir vildu skamta. Þessu mótmæli eg, og vísa eg því til sönnunar í athugasemdirnar við frv. Danir viðurkenna víst, að við eigum rétt, þótt þeir viðurkenni ekki gamla sáttmála. — Sami háttv. þm. sagði það og í ræðu sinni, sem einnig var ranglega mælt, að það væri samkvæmt úrskurði þjóðarinnar, að þær breytingar hefðu verið gerðar á frv., sem komu fram í nefndaráliti meiri hlutans. Þetta álít eg rangt. Eg er nógu kunnugur því máli til að geta sagt um það, að á mjög miklum hluta af landinu hafa engar ákveðnar breytingar verið til teknar aðrar en þær, að frumvarpið þyrfti að vera greinilegar orðað á stöku stað. Og býst eg við, að fáa í landinu hefði grunað, að annað eins afskræmi mundi fram koma og það, sem neðri deild samþykti. Það þarf að bera það undir þjóðina aftur, áður en farið er að vitna í þjóðarviljann í því máli. Þm. sagði, að Danir hefðu strax í haust eftir kosningar neitað því, að Ísland væri »suverænt« eftir uppkastinu. Að *Danir* hafi haldið því fram, mótmæli eg algjörlega. Eg veit sem sé ekki til, að aðrir hafi haldið því fram en einn einasti blaðasnápur, — eg á við dr. Berlin, þótt frekt sé að orði kveðið. Hins vegar kannast eg við, að það er algengt, ef einn blaðasnápur í einhverju landi hefir slegið fram einhverri skoðun, þá er sagt að það sé skoðun þjóðarinnar. Slíkt er svo mikil fásinna, að það nær engri átt. En hins vegar skal eg benda á, að það var auðþekt ættarmarkið á greinum þeim, sem við dr. Berlin eru kendar. Það má sem sé heita, að þær séu nær eingöngu útlegging úr Ísafold. En viðvíkjandi dr. Berlin skal eg taka það fram, að sá maður hefir af öllum mætti lagt sig fram til að koma frumvarpinu fyrir kattarnef, af því að honum þótti það of frjálslynt í garð Íslendinga. Sem kunnugt er, hefir á þetta verið minst í nokkrum hægriblöðum að eins. En ekki veit eg til að einn einasti stjórnmálamaður hafi á það minst nema þessi eini, dr. Berlin. En hvað er komið undir *hans* skoðun á málinu? Ekki neitt, eða að minsta kosti lítið. Það eru þingmenn Dana, sem hlut geta átt í þessu máli, og alt er undir komið, en aðrir ekki. Það eru þeirra skoðanir á málinu, sem ráða; og þær koma fram í frumvarpinu.

Eins og háttv. framsögum. meiri hlutans sagði, þá er aðalágreiningurinn um persónusamband og »realunion«. Þetta er rétt að því er meiri hlutann snertir. Minni hlutinn vill »realunion« við Dani, þó við teljum það reyndar ekki þá lífsnauðsyn, sem öll okkar velferð sé undir komin, svo að alt sé á heljarþröminni annars. Það höfum við ekki sagt; við vitum, að við getum vel lifað undir

»status quo«. En til þess að lögtryggja okkur frelsi, þá er málefnasamband nauðsynlegt. — Annars eru sýnilega að eins tveir vegir fyrir oss til sjálfstæðis: »realunion« eða skilnaður. Hvers vegna? Af því allir vita, að persónusamband er ómögulegt, óhugsanlegt fyrirkomulag. Það er eins og skuggi liðinna tíma, sem gengur nú ljósum logum fyrir ímyndun háttv. frumvarpsandstæðinga.

Og hvers vegna eru að eins 2 leiðir til í máli þessu? Vegna þess, að persónusamband er alveg ósamrýmanlegt við þingbundna konungsstjórn. Það getur hver sem vill sannfærst um af sögu síðari alda. Það er alveg óhætt að fullyrða, að það er alveg óhugsandi, að Danmörk og Ísland geti haft konunginn einan sameiginlegan og ekkert annað, enda var það ljóst öllum 20 mönnunum, er í millilandanefndinni sátu, þegar eftir fyrstu fundina. Danir gátu ekki teygt sig lengra en þeir gerðu í uppkastinu, og þá var annað hvort að taka því eða fara fram á skilnað, en nefndarmennirnir íslenzku höfðu ekkert umboð til þess að semja um skilnað, enda hafa forsetarnir nú í utanförinni lýst því yfir, að hér á landi væru sárfáir skilnaðarmenn. Hinn háttv. framsögumaður meiri hlutans sagði, að það væri ekki svo ýkja mikið, sem okkur og þeim bæri í milli. Það væri að eins um 2 mál, utanríkismál og hervarnir, sem deilan stæði, hvort þau skyldu vera uppsegjanleg eftir ákveðinn tíma eða ekki; — það hefði nú þá verið réttara að segja, að það væri ekki nema $1^1/_2$, því að vér höfum áhrif á alla samninga, er Danmörk gerir við erlend ríki, ef þeir snerta oss sérstaklega. Þetta geta þeir einir látið sér um munn fara, sem ekkert gera úr pólitisku sjálfstæði; ef vér höfum ekkert að gera við utanríkismál, og ef vér höfum engar hervarnir, þá eru það sannarlega smámunir einir, sem í milli bera, en það er að eins skoðun þeirra manna, er álíta »status quo« beztan. Meiri hlutinn gerir kröfur, sem eru ófáanlegar, en það er aftur á móti fáanlegt, sem minni hlutinn fer fram á, og munurinn sá einn, eftir því sem háttv. framsögumaður meiri hlutans komst að orði, að eftir tillögum minni hlutans verður ekki til tekinn neinn ákveðinn uppsagnarfrestur, að því er $1^1/_2$ mál snertir. Hinn háttv. framsögum. meiri hlutans sagði, að breytingartillögur minni hlutans væru ekki fáanlegar, en fyrverandi ráðherra hefir lýst hinu gagnstæða yfir í neðri deild, og það er fyrir þá sök eina, að vér erum í minni hluta, að vér getum ekki skjallega sannað, að svo sé, en reyndar getur hver sem vill séð það af »bláu bókinni«, því að hún sýnir, að þetta eru orðabreytingar einar, og Danir hafa að eins lýst því yfir, að allar verulegar efnisbreytingar væru ófáanlegar, en jafnvel sjálfur prófessor Matzen er alls ekki mótfallinn orðabreytingum. Menn segja, að það komi í bága við það, sem Neergaard hefir sagt forsetunum, en það er ekki. Neergaard lýsti því að eins yfir, að efnisbreytingar væru ófáanlegar, en forsetarnir gerðu sig seka í þeirri ófyrirgefanlegu gleymsku, að spyrja ekki forsætisráðherrann að því, hvað hann áliti efnisbreytingar og hvað að eins formbreytbreytingar, og í hans augum eru þetta ekki efnisbreytingar, enda þótt meiri hlutinn hér á þingi líti svo á. Hinn háttv. þm. Strandamanna sagði, að vér gætum fyrst vitað, hvar vér stæðum í þessu máli, þegar frv. meiri hlutans hefði verið samþykt af alþingi og Danir tekið afstöðu til þess. En þetta er ekki rétt Frv. meiri hlutans fer fram á hreint persónusamband að 25 árum liðnum, en bæði eg og aðrir minni hluta menn hér og í neðri deild hafa leitt

rök að því, að Danir ganga aldrei að persónusambandi, þeim er það blátt áfram ómögulegt. Það hlýtur því að vera öllum ljóst, að það er að eins gert til málamynda, að vera að samþykkja þetta frumvarp, og senda ráðherra með það á fund Dana, því að það getur engan árangur haft. Þá sagði sami háttv. þm., að millilandanefndarmennirnir íslenzku hefðu að eins gert það til málamynda, að halda fram fullum kröfum Íslendinga, því að þeir hefðu slegið af, er á átti að herða. Mér þótti vænt um, að hinn háttv. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu mótmælti þessu. Annars sýnir þetta, að hinn háttv. þm. Strandamanna ekki hefir kynt sér málið og umræðurnar um það sem skyldi, því að hann ruglar hér saman samningsgrundvellinum og sjálfum samningnum. Það var samningsgrundvöllur, sem vér settum fram 16. marz, og honum héldum vér og höldum enn, þótt vér gengjum að uppkastinu.

Háttv. þm. Strandamanna og háttv. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu töluðu mikið um innlimun. Út af því vildi eg benda á, að þetta orð, innlimun, er í íslenzkri pólitík að eins notað sem ókvæðisorð, er hljómar sérstaklega einkennilega og fávíslega, er það kemur frá mönnum, sem búa við stöðulögin frá 1871. Það er óhyggilegt af þeim mönnum, að vera að kalla okkur hina, sem komast viljum úr stöðulagainnlimuninni, innlimunarmenn. Háttv. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu sagði, að hervarnir væru stórmál, en eftir frv. neðri deildar skilst mér helzt, að þær séu ekkert mál, því að þær eru alveg strikaðar út. Sami háttv. þm. sagði, að það væri óforsvaranlegt, að hespa þetta stórmál af á einu ári. Veit hann þá ekki, að að þessu máli hefir verið unnið af beztu mönnum hinnar íslenzku þjóðar í 2 mannsaldra, og að Jón Sigurðsson helgaði því alt sitt æfistarf. Enn sagði sami háttv. þm., að minni hlutinn hefði sagt, að mál þetta hefði verið gert að æsingamáli, en það væri ekki rétt. Hann gleymdi að geta þess, sá góði maður, að mál þetta var notað til þess að steypa hinni fyrverandi stjórn, og að meiri hlutinn ekkert annað mál hafði til þess. Það þarf ekki annað en að lesa vantraustsyfirlýsinguna frá 23. febrúar, og kynna sér sögu þingsins til þessa dags, til þess að sjá, að eg fer hér með rétt mál. Eg vona, að það hafi verið mismæli, þar sem hinn háttv. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu sagði, að dr. Knud Berlin hefði skrifað frumvarpið, því að slíkt getur engum til hugar komið, sem lesið hefir frumvarpið.

Skal eg svo víkja að breytingum þeim, sem meiri hlutinn hefir gert á frv. millilandanefndarinnar. Í 1. gr. hefir orðið »fullvalda« verið sett í stað orðsins »sjálfstætt«. Það er að eins lítilfjörleg orðabreyting, sem þó ekki er til bóta, því að orðið »sjálfstætt« á heima í lagatexta, en orðið »fullvalda« miklu síður. Það orð á miklu frekar heima í vísindaritum, enda eru það helzt þau ríki, sem ekki eru »suveræn«, sem taka það upp í stjórnarskrá sína. 2. gr. er í aðalatriðunum eins og í uppkasti millilandanefndarinnar, að hér á landi skuli, í þeim efnum, sem þar um ræðir, gilda sama skipun, sem í Danmörku, en þó hafa tvær klausur verið feldar burt, önnur um rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, en hin um það, hvernig fara skuli að, þá er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi. Nú er mér spurn, hvaða reglur eiga þá að gilda um þetta efni? Samkvæmt 7. gr. á konungssambandið að vera óuppsegjanlegt um aldur og æfi, en af því flýtur, að sama skipun verður að gilda í báðum löndum um þessi atriði, og úr því hún er ekki

ákveðin í sambandslögunum, verður það gert með einhliða dönskum lögum — eða með öðrum orðum, Danir verða alveg einráðir í þessu efni án þess vér eigum þar um nokkurt atkvæði.

Á 3. gr. hafa verið gerðar 3 aðalbreytingar, sambandsmálunum verið fækkað úr 8 niður í 5. Hervörnunum er slept. En með því er fyrst og fremst slept rétti sem vér höfum gagnvart Dönum til þess að heimta af þeim að þeir verji okkur, og það er mikilsverður réttur, því að sjálfstætt ríki verður að hafa hervarnir; það er hreint og beint »humbug«, að vera að tala um sjálfstæði, og ætla sér engar hervarnir að hafa. Vér skulum allra snöggvast hugsa okkur að frumv., eins og það nú liggur fyrir, væri orðið að lögum. Afleiðingin af því að þar er ekkert minst á hervarnir yrði sú, að erlend ríki heimtuðu, að Ísland annaðhvort yrði skoðað sem óumumið land, er hver mætti hirða sem vildi, eða að Danir tækju að sér hervarnirnar fyrir okkur, og þá yrðu þær auðvitað aldanskt mál, sem vér hefðum engin áhrif á eða umráð yfir. Þá hefir fæðingjarétturinn verið feldur burt úr tölu sameiginlegu málanna. Í því ákvæði í uppkasti millilandanefndarinnar lá fyrst og fremst það, að vér gátum veitt útlendingum innfæddra rétt, er líka gilti í Danmörku, og í annan stað, að vér höfðum rétt innborinna manna í Danmörku, og af því hefðum vér mest gagnið, því að það er vitanlegt, að vér höfum miklu meira að sækja til Dana en þeir til okkar. Auk þess má benda á, að fæðingjarétturinn er þess meira virði, sem þjóðin, er hann gildir hjá, er fjölmennari, og að hann verður fyrst verulega dýrmætur, þegar menn komast í ógöngur fjarri heimkynnum sínum. Þá vill meiri hlutinn ekki hafa fánann út á við sameiginlegan. En hvernig hefir hann hugsað sér að koma því í kring, að Ísland geti strax fengið sérstakan kaupfána, er sigla megi með um öll höf? Og hvernig ætlar hann að fara að því að fá þann fána viðurkendan? — Þá hefir 4. gr. uppkastsins verið feld burt með öllu. Mér er það nú alveg óskiljanlegt, hvers vegna þessi grein ekki mátti standa, því að hún hefir þó að minsta kosti hvorki í sér fólgna innlimun né réttindaafsal. Þessi grein tekur til sérmála, er snerta bæði löndin; yfir slíkum málum hafa Danir viljað ráða hingað til, þótt um íslenzk sérmál væri að ræða, og þess vegna var full ástæða til að slá því föstu, að Danir gætu enga ákvörðun tekið um slík mál, nema með fullu samþykki íslenzkra stjórnarvalda. Breytingar þær, er gerðar hafa verið á 5. gr., fara ekki jafn langt, sem kröfurnar í sumar. Nú er ekki lengur ráðist á jafnréttið; því er slegið föstu alveg á sama hátt í frumvarpi meiri hlutans sem í uppkasti millilandanefndarinnar. Þá hefir klausan um að Íslendingar skyldu vera undanþegnir herþjónustuskyldu verið feld burt. Hún var sett í uppkastið vegna þess, að það er bygt á einhverju gömlu konungsbréfi, að Íslendingar skuli ekki vera útboðsskyldir, og það var hugsanlegt, að Danir næmu það bréf úr gildi, og þröngvuðu oss svo til að ganga í herþjónustu. En fyrir það var loku skotið með því að taka ákvæðið um þessa undanþágu beinlínis upp í sambandslögin.

Þá hefir 6. gr. verið breytt að orðalagi, en ekki þó til bóta. Í því efni vil eg benda á tvær villur, sem haldið var fram í »agitationinni« hér í sumar sem leið, nefnilega, að með frumvarpi stjórnarinnar afsöluðum við Dönum utanríkismál og hermál, og það um aldur og æfi. Fyrst og fremst stendur »um aldur og æfi« hvergi í frumv., enda er það löngu úr tízku að gera slíka samn-

inga um aldur og æfi. Sá rétti skilningur er einmitt, að við felum Dönum meðferð þessara mála »*meðan um semur*«; og að við því erum með frumv. viðurkendir jafnréttháir aðilar. Að öðru leyti er hér alls eigi um afsal að ræða, og sést það ljóslega af 6. og 7. gr. bornum saman; samkvæmt þeim eigum við heimting á að fá hlutdeild í meðferð þessara mála; ef við að eins förum fram á sanngjarnar kröfur, þá geta Danir ekki neitað þeim, án þess að brjóta rétt á okkur, og þá stöndum við miklu betur að vígi með að gera uppreisn en nú. — Þá hefir 8. gr. verið feld í burtu. Það er mér gjörsamlega óskiljanlegur hugsunarháttur. Eg hefði getað skilið, að greininni hefði verið breytt á þá leið, að oddamaðurinn skyldi vera norskur eða íslenzkur, en að menn skuli vilja láta hnefaréttinn ráða, þegar ágreiningur rís milli okkar og Dana, það leiði eg minn hest frá að skilja. — Aðalbreytingin sem Nd. hefir gert á frumvarpinu er við 9. gr. þess. Í stað þess, að í frumv. stjórnarinnar voru ekki öll málin uppsegjanleg, og þau sem það voru, að eins eftir »revision«, þá eru í frumv., eins og það kemur frá Nd., öll málin uppsegjanleg og sama sem bönnuð öll »revision«. Þetta eru auðvitað mjög aðgengilegir kostir fyrir Dani, því þeim er alveg sama þó við getum sagt sambandinu upp, en slíkt ákvæði er stórháskalegt fyrir okkur. Það gæti komið okkur mjög illa, ef Danir segðu einn góðan veðurdag við okkur, að nú yrðum við að vera búnir að koma okkur fyrir innan árs, af því að þeir vildu ekki hafa neitt með okkur að gera lengur. Þetta ákvæði, að Danir geti sagt sambandinu upp með svo skömmum fyrirvara, er sá háski, sem við eigum að forðast eins og heitan eldinn. Yfirleitt verðum við að búa svo um hnútana, að það verðum *við*, sem segjum upp, en ekki þeir, og þess vegna verðum við að koma okkur vel við þá. Sumir kunna að segja, að fyrir það sé girt, að Danir geti sagt sambandinu upp, með því að konungssambandið sé óuppsegjanlegt. En það er ekki rétt. Danir geta vel bannað sínum konungi að vera jafnframt konungur í öðru landi, og þeir mundu gera það, ef sambandinu um hermál og utanríkismál væri sagt upp frá okkar hlið, því þeir hafa ávalt haldið því fast fram, að hreint konungssamband kæmi ekki til mála, enda væri slíkt samband að eins skuggi af sambandi, er gæti enga verulega þýðingu haft. Enda er það líka eðlilegast, að þessi tvö mál séu sameiginleg með okkur og Dönum. Það er í samræmi við þá framtíðarhugsjón, sem allir Norðurlandabúar hljóta að óska, að komist í framkvæmd innan skamms, nefnilega, að öll hermála- og utanríkismála-stjórn allra Norðurlanda verði sameiginleg; á því einu er hægt að byggja von um það, að sjálfstæð menning þessara landa geti staðist til lengdar.

Eg er því mótfallinn öllum breytingum Nd. við frumv., en samt ætla eg ekki að greiða atkvæði á móti þeim, af því eg lít svo á, að þetta frumv. meiri hlutans sé tómur leikaraskapur, tóm uppgerð. Í niðurlagi nefndarálits meiri hlutans hér í deildinni segir, að meiri hlutinn treysti því, að bræðraþjóð vorri muni óðum vaxa svo þekking og skilningur á rétti þessarar þjóðar til að njóta óskoraðs fullveldis yfir öllum sínum málum, að hún, er stundir líða fram, muni reynast fúsari til að verða við öllum réttmætum kröfum vorum, en hingað til hefir raun á orðið, og af því sem stendur framar í álitinu, er augljóst, að þeir með þessu meina, að Danir muni fást til að ganga inn á hreint persónusamband. Þetta er annaðhvort sprottið af fávizku, eða þá að það er tómur

leikaraskapur, og um slíkt vil eg ekki greiða atkvæði, hvorki með né móti.

Kristinn Daníelsson: Hingað til hefir ekki verið sagt mikið annað en það, sem allir hafa heyt áður, og vona eg því, að mér verði fyrirgefið þó eg geri það ekki heldur. Eg sný mér fyrst að því, sem háttv. framsm. minni hlutans undirstrikaði svo mjög, að við meiri hluta menn bærum persónulega ábyrgð á úrslitum þessa máls, og við ættum að fara eftir okkar eigin sannfæringu en ekki skjóta okkur bak við þjóðina og velta ábyrgðinni yfir á hana. Það er alveg óréttmæt aðdróttun, að við förum ekki eftir eigin persónulegri sannfæringu í þessu máli. En alt fyrir það er þó mikils virði að hafa þjóðarviljann eins ákveðinn að baki sér, eins og við höfum í þessu máli. Þjóðarviljann sýna bæði þingmálafundirnir, kosningarnar 10. sept. og Þingvallafundurinn, og eg er ekkert hræddur við það, þó reynt sé að gera lítið úr Þingvallafundinum. Þingvallafundir okkar hafa haft svo mikla þýðingu fyrir þjóðina í stjórnarbaráttu vorri, að eg er ekkert hræddur við að hægt verði að draga þá ofan í skarnið. Og að því er kosningarnar 10. sept. snertir, þá skil eg ekki, að nokkurn tíma hafi verið að marka kosningar, ef ekki er að marka þær. — Þá var meiri hlutanum borið á brýn, að hann hafi gert þetta mál að flokksmáli. Eg skil ekki betur en varla hafi verið hægt að gera ráð fyrir öðru en að menn skiftust í tvö horn um málið, úr því á annað borð urðu skiftar skoðanir um það, og ekki gátu allir orðið á eitt sáttir, sem æskilegast hefði verið. En eigi nokkur *sök* á því, að málið varð að flokksmáli, þá er það minni hlutinn miklu fremur en meiri hlutinn, því hann hefir stöðugt mótmælt öllum tilraunum til að snúa uppkastinu á annan veg en það var, er það kom úr höndum millilandanefndarinnar. — Eg byggi skoðun mína á þessu máli á ályktun Þingvallafundarins, sem eg hefi ávalt verið samdóma, og í henni er því haldið fast fram, að við eigum ekki að skuldbinda okkur til neins annars en konungssambands, og að öll önnur mál, sem við föllumst á að hafa sameiginleg við Dani, skuli vera uppsegjanleg. Þetta er aðalmergurinn í minni skoðun. — Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að það þyrfti »fagmenn« til að skilja og skýra orðið fullveðja. Eg skal kannast við það; en við hinir, sem ekki erum laganenn, þurfum að skilja, hvað í útskýringunni felst, og eg hygg, að þjóðin muni ekki láta sér nægja aðra skýring en þá, að fullveðja sé sá, er ræður öllum sínum málum sjálfur. — Jón Sigurðsson hefir verið minst á í umræðunum, og sagt, að honum mætti kenna það, að Ísland sé hluti af hinu danska ríki, þar sem hann hafi verið höfundur að því ákvæði í frumvörpunum frá 1867, 1869 og 1873, að »Ísland sé óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«. Eg efa það ekki, að með Danaveldi hefir Jón meint það, sem millilandanefndin kallaði veldi Danakonungs. Það er áreiðanlegt, að Jón hefir ekki hugsað sér að við gerðum neitt órjúfanlegt samband við Danmörku. Árið 1869 sagði hann í þingræðu, að ekki gæti leikið neinn vafi á því, að Danir mundu smátt og smátt fá skilning á rétti okkar og láta að kröfum vorum, og síðar í ræðunni segir hann, að, »Danir eigi ekkert með að halda fyrir okkur frelsi okkar og jafnrétti«. Skyldi hann hafa átt við það jafnrétti, að Íslendingar hefðu sama rétt og Danir í Danmörku og Danir sama rétt og Íslendingar á Íslandi. Nei, það er enginn vafi á því, að hann hefir átt við það jafnrétti, að eins og Danir eignuðust sjálfir land sitt 1849, eins ættum við að eignast okkar land, og að við ættum að fá jöfn ráð okkar mála og Danir sinna mála. Enn fremur segir

Jón í Andvara 1874 um frumvarpið frá '73: »Það var ekkert ákveðið um sambandið milli landanna«; hann lítur með öðrum orðum svo á, að þrátt fyrir orðin: óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, hafi þó ekkert enn verið ákveðið um fullnaðarsambandið. — Þá hefir því verið haldið fram, að stjórnarskráin sé bygð á stöðulögunum, og að stöðulögin höfum við játað í framkvæmdinni. Það er alls ekki viðurkent af öllum, að stjórnarskráin sé bygð á stöðulögunum, þó í henni sé vitnað í þau. Stjórnarskráin er fengin oss af fullveldi konungs, og af sama fullveldi vitnar hann í stöðulögin. Um það, að þau séu játuð af oss í framkvæmdinni, er það að segja, að við höfum auðvitað hirt þá mola af réttindum okkar, sem okkur hafa verið fengnir, en við höfum aldrei sagt, að við ættum ekki meiri réttindi, og ávalt mótmælt gildi laganna. Háttv. 5. kgk. þm. mintist á, að meiri hlutinn hefði svæft hæstaréttarfrumvarpið hér í deildinni. Það er ósköp eðlilegt; við getum ekki heimtað hæstarétt á þessu stigi, af því hann var ekki einn af molunum, sem okkur voru fengnir með stöðulögunum og stjórnarskránni. — Sami háttv. þm. sagði, að engir nema við könnuðumst við Gamla sáttmála. Fyrst og fremst er þetta ekki rétt; t. d. kannast bæði Lundborg og Gjelsvik við hann, og enn fleiri. En þó þessi staðhæfing væri rétt, þá verður því ekki neitað, að Gamli sáttmáli hefir verið, er og mun vafalaust verða ómetanlegt gagn fyrir okkur sjálfa, að því leyti sem meðvitundin um þann rétt, er hann tryggir oss, hefir styrkt oss og haldið oss uppi í baráttunni fyrir réttindum vorum. — Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að eftir 6. gr. stjórnarfrumv. fengjum við fullkomið einræði inn á við. Eg get ekki stilt mig um að minna á 4. gr. þess, sem háttv. 4. kgk. þm. furðaði svo mjög á, að meiri hlutinn skyldi vilja fella burtu. Eg sé ekki betur, en að þar sé búinn til hanki fyrir Dani til að smeygja inn hendinni. Háttv. 5. kgk. þm. sagði ennfremur, að frumv. stjórnarinnar trygði Íslandi jafnræði við Danmörku út á við. Það byggir hann á því, að samkvæmt 1. gr. eru sammálin ákveðin »eftir samkomulagi«, og svo á orðunum »fyrir hönd Íslands« í 6. gr., sem hann segir að merki sama sem »í umboði«. Eg get ekki séð, að þetta sé rétt skýring á þessum orðum. Maður getur vel gert samkomulag við annan án þess báðir séu jafn réttháir eða ráði jafn miklu, t. d. gera menn oft samkomulag um hitt og þetta við börn. Sömuleiðis geta menn gert hitt og þetta fyrir hönd annars manns án umboðs. Að ekki er átt við umboð í uppkastinu, sést líka greinilega á athugasemdum þess, þar sem það er ótvírætt sagt, að ekki sé verið að semja við okkur sem fullveðja málsaðila, heldur af góðmannlegri virðingu fyrir þjóðarrétti vorum. Enda hefir það komið fyllilega í ljós síðan, að það var ekki meining Dana. — Um ákvæðið um fæðingjaréttinn hefir það verið sagt, að það sé jafn mikil skerðing á fullveldi Dana eins og okkar. Það má vera; en Dönum má vera sama þó að við fáum þennan rétt á hendur þeim, þar sem það aftur á móti gæti verið mjög óheppilegt fyrir okkur, að láta þjóð upp á 2 miljónir manna hafa sama rétt og við hér í landi. — Um gjörðardóminn skal eg geta þess, að eg er því samþykkur, að betra sé að hafa engan gjörðardóm, en að hafa hann með því fyrirkomulagi, sem gert var ráð fyrir í frumvarpi stjórnarinnar. Til gjörðardómsins kasta mundi því að eins koma, ef verulegur þjóðarágreiningur risi, og þá mundum við ávalt verða undir, ef dómstjóri hæstaréttar væri oddamaður. Eg meina ekki, að hann mundi verða vísvitandi

hlutdrægur, en í slíku máli mundi þjóðernistilfinningin ráða svo miklu, að hann yrði ósjálfrátt hlutdrægur.

Grundvöllurinn var sagt að yrði að bjargi, ef bygt væri á frumv. stjórnarinnar, en að sandi, ef vér bygðum á stöðulögunum. En vér könnumst ekki við að standa á stöðulögunum, svo þessi samlíking nær engri átt. Í frumv. stjórnarinnar er Dönum fólginn sá sami valdþungastraumur, sem var í stöðulögunum. Og um ríkisráðið vita allir nú, að jafnvel þeir, sem áður töldu það litlu skifta, vilja nú fegnir losast við það, því það skiftir alls ekki litlu, ef Danir vilja beita því valdi, sem þeim er þar með fengið. Þá var það sagt, að litlu skifti hvort þetta væri kallað lög eða sáttmáli. Það er auðvitað alveg rétt, að það má einu gilda, ef innihaldið er gott, en til þess að benda á að til eru þó menn, sem ekki þykir þetta engu skifta, má minna á t. d. Gjelsvik, sem meðal annars kemst þannig að orði: »Först og fremst maa man have paa det rene, hvad Slags *Dokument* man vil oprette; skal det være en *Lov*, givet af »det samlede danske Rige«, eller skal det være en *Traktat* mellem de selvstændige Riger Danmark og Island? Her gælder det: Klar Tanke og klar Tale! Men skal det Dokument, man vil oprette, være en Traktat, saa bör det ogsaa kaldes Traktat og ikke Lov«. Það er að minsta kosti ekki ómerkir menn sumir þeirra, sem álíta að þetta standi ekki á sama.

Þá var það þessi gamli ágreiningur um »Statsforbund« og »Statsforbindelse«. Því er enn haldið fram, að »Statsforbindelse« þýði sama sem Staters Forbindelse. Eg held að það sé þó löngu búið að sýna það ljóslega, að »Forbindelse« má brúka um alls konar samband, og það milli dauðra hluta, og »Statsforbindelse« þarf því ekki að þýða annað en samband milli tveggja ríkishluta. En »Forbund« þýðir samband á milli skynsemi gæddra vera, bandalag, sem menn gjöra milli sín.

Þar sem háttv. 5. kgk. þm. talaði um kosningu konungs, fanst mér kenna misskilnings hjá honum. Hann talaði um að taka þátt í konungskosning, en svo er eigi, að vér hugsum til að taka þátt í neinni kosning, heldur höfum vér rétt til þess, ef Glücksborgarættin í Danmörku verður aldauða, að segja til, hvort vér viljum hafa sama konung sem Danir þá kjósa.

Talað hefir verið um að einu gilti, hvort Ísland væri eftirleiðis kallað land eða ríki; eg hefi nú ekki gert mér þetta að neinu áhugamáli, en hitt er mér áhugamál, að verði Ísland kallað ríki, þá feli það nafn á bak við sig þann rétt, sem réttlætir nafnið. En þó Ísland verði kallað land, það er mér sama um, ef rétturinn er fenginn.

Hvað það snertir, að meiri hlutinn ekki hefir látið fram ganga stjórnarskrárbreytingu á þessu þingi, þá er ómögulegt til þess að ætlast, þar sem það frumv. byggist á sambandslagafrumvarpinu, og verður því að sjást, hvernig um það fer.

Þá var talað um að við nytum góðs af því, að engin líkindi væru til að Danmörk yrði tekin af stórveldum. Eg álít, að þessara sömu gæða njótum við þó við séum í persónusambandi við Dani; það gagn höfum við af því að vera í sambandi við svo góða konungsætt og svo göfuga þjóð. Konungssamband eitt gjörir *oss* því sama gagn, og *fyrir Dani* heldur prófessor Gjelsvík því fram, að ekkert annað samband geti haft »Interesse« en konungssamband. Þetta fyrirkomulag er nú að vísu sagt að sé ófáanlegt. En þetta er ekki nýtt; það er jafngamalt stjórnarbaráttu vorri;

það hefir alt af verið vani afturhaldsmanna, að brýna þá sem lengra hafa viljað fara á því, að það sem þeir vildu væri »ófáanlegt«. Eg held að enginn sé fær um að spá slíku, og það sýna viðskifti vor við Danmörku, að slíkar spár hafa ekki ræzt, og eins og Jón Sigurðsson spáði, þá hefir Dönum aukist skilningur á máli voru, og þeim til heiðurs skal eg geta þess, að við höfum þó fengið hitt og þetta hjá Dönum, sem sumir hér heima hafa talið ófáanlegt.

Það var talað um að þetta mál ætti ekki að vera tilfinningamál, heldur ætti það að ræðast með ró og köldu blóði. Eg er auðvitað samdóma um að æskilegt sé að halda hin síðari atriðin, en eg ætla, að það sé þó engum láandi að það verði að tilfinningamáli nokkru, og að það sé heldur ekki einskisvert fyrir þetta mál, að þjóðernistilfinning vor Íslendinga fái þar að tala.

Háttv. 6. kgk. þm. sagði að annað og meira en lög þyrfti til þess að vér gætum verið sjálfstæðir. En eins og einstakir menn aldrei geta lært að vera frjálsir og sjálfstæðir, ef þeim er haldið í tjóðurbandi, eins er um einstakar þjóðir, að þær verða fyrst og fremst að vera sjálfstæðar að lögum og rétti til þess að geta verið sjálfstæðar.

Mér féll það illa hjá hinum háttv. 4. kgk. þm., að hann skyldi brúka svo ljótt orð um frumv. meiri hlutans að kalla það »afskræmi«. Þetta er frumvarp, þar sem djarft og drengilega eru settar fram kröfur þjóðarinnar; fyr gætu nú verið gallar á, en að orðið afskræmi kæmist nærri sanni. Eg held að honum hljóti að hafa verið farið að renna í skap, er hann lét sér um munn fara, að þetta væri »leikaraskapur« hjá oss. Eg held að slík orð geti alls ekki átt sér stað, þar sem um helgasta og dýrasta mál þjóðarinnar er að ræða. Sama er um þær aðdróttanir minni hlutans, að meir hafi ráðið hjá oss meiri hluta mönnum, að koma fyrverandi ráðherra frá, en að vinna fyrir því máli, sem vér álítum sannast og réttast. Þessu vil eg vísa á bug frá mér og flokksmönnum mínum.

Sigurður Hjörleifsson: Það var lítið meir en smá-athugasemdir, sem eg ætlaði að segja. En eg get þó ekki látið vera að minnast stuttlega á, að hér hafa í kvöld hrotið allgífurleg stóryrði í garð vorn meiri hluta manna og ræður verið haldnar, þrungnar af aðdróttunum um illan tilgang, valdafíkn og þar fram eftir götunum. Hér er mikið sagt, af því að með þessu er ekki að eins verið að hreyta illu að fáum mönnum, heldur að meiri hluta allrar þjóðarinnar. Eg held að betra væri fyrir þessa menn að fara ögn hægara, þó þeir biðu ósigur í þessu máli. Það má líka benda á, að fleiri en vér, andstæðingar hinnar fráfarandi stjórnar, hafa unnið á móti frumv. þeirra, og þar með að því að fella fyrv. ráðherra; það voru líka þeirra eigin flokksmenn sem snerust öndverðir gegn frumvarpi þessu. Það hefir verið talað hér um »leikaraskap«. Þetta get eg fyrir mitt leyti ekki kallað kurteisi, mætti ef til vill kallast ruddaskapur.

En það sem eg aðallega ætlaði að minnast á, er sambandið milli frumvarpsins sæla og hins nýja frumvarps þeirra, minni hlutans. Sjálfir segja þeir að það sé ekki annað en gamla frumvarpið með orðabreytingum. En þessar orðabreytingar hljóta þá að vera mjög þýðingarmiklar í þeirra augum, því það er þó víst, að þjóðin vildi ekki frumv. eins og það var, en eg býst við að þeir ætlist til, að þjóðin gangi að því með breytingartill. þeirra. En ef þessar breytingar þeirra eru að eins orðabreytingar, þá hljóta þær að vera mjög verulegar. En nú vikur svo undarlega við,

að jafnframt er því haldið fram, að þessar breytingar séu allar fáanlegar; þetta fullyrða minni hluta menn óspart. En ástæðan fyrir því, að þeir ekki geta sannað þetta, er sú, að þeir eru í minni hluta. Þetta virðist mér alt saman undarlegt. Fráf. stjórn leggur frumv. fyrir þingið og ekki neinar breytingartillögur við það, sem ekki var von. En hefði hún nú haft þýðingarmiklar breytingar í pokahorninu, þá var það undarlegt að koma ekki með þær, annaðhvort í frumv. eða athugasemdunum við það. Það sýnist þó réttmætt, að ætlast til þess, að hafi stjórnin ætlað að bjóða þjóðinni stórbreytingar, þá hefði hún átt að láta hana vita af þeim. En nú kemur það upp úr dúrnum, eins og í Húsavíkurmálinu hérna um daginn að »skjalið vantar«. Eg tel það ekki þinglegt, að koma svona fram í jafn þýðingarmiklu máli. Og þar sem minni hluta menn töluðu drýgindalega um það, að ef þingið gengi ekki að frumv. stjórnarinnar, þá væri framin sá þjóðglæpur, sem aldrei yrði útskafinn, þá eru þetta aðeins marklaus stóryrði þeirra manna, sem tala hvatvíslega, og ekki annað. Það getur að vísu satt verið, að frumvarp meiri hlutans fáist ekki staðfest eins og nú er, en eg er sannfærður um það, að ef við höldum fast við það, sem við álítum satt og rétt, og göngum ekki frá málstað vorum, þá láta Danir undan að síðustu, og við sigrum.

Steingrímur Jónsson: Eg ætla að minnast örfáum orðum á það, sem tveir háttv. síðustu ræðumenn beindu til mín. Háttv. þm. V.-Ísf. sagði snemma í ræðu sinni, að 4. gr. í frumv. stjórnarinnar, væri eins og hanki fyrir danska fingur. Eg skil þetta ekki, því að greinin er skýr og greinileg í alla staði. Greinin er sett inn af ótta fyrir því, að Danir af gömlum vana kunni að vilja svæla þessi mál undir sig.

Það er ekki rétt, að við séum að rífast um það, hvernig eigi að skilja 6. gr. En til þess að mögulegt sé að skilja hana, þarf að skoða hana í sambandi við lögin sjálf.

Háttv. þm. V.-Ísf. gerði nokkrar athugasemdir um fæðingjaréttinn, en gleymdi þeirri viðurkenningu, sem liggur í því atriði, að okkur er líka leyft að gefa fæðingjarétt, sem er jafn rétthár danska réttinum. Þetta er ákaflega mikils varðandi atriði. Það sem háttv. þm. sagði viðvíkjandi gerðardóminum, var algerlega röksemdalaust, og því ekki ástæða að svara því frekar. Hann gat þess, að eg hefði notað orðið »afskræmi«; eg man ekki til þess, að eg hafi notað þetta orð, en mér fanst eg gera svo ljósa grein fyrir máli mínu, og vil ekki taka neitt aftur af því.

Meiri hlutinn hefir felt burt greinar, sem verulegar réttarbætur voru í, og enginn hefir neitað. Þetta hefði ekki þurft að gera. Háttv. þm. V.-Ísf. tók það líka til, að eg hefði brixlað meiri hlutanum um leikaraskap, en eg sagði að það væri leikaraskapur, ef háttv. meiri hluti héldi að hann fengi sínu frv. framgengt. Eg hélt því fram, og eg endurtek það, að allur þessi brestur, sem gerður hefir verið, hafi að eins verið gjörður til að koma Hannesi Hafstein frá völdum.

Háttv. þm. Ak. talaði um að eg hefði verið með aðdróttanir, en ræða hans sjálfs úði og grúði af aðdróttunum. Eg skal ekki fást við að svara einstökum atriðum. Hann sagði að það væri undarlegt að tala um orðabreytingar í frumvarpinu, þar sem um verulegar efnisbreytingar væri að ræða. Þetta var sagt út í loftið, því að háttv. 5. kgk. og eg höfum fært skýr rök að því, að flestar breyt.till. meiri hlutans eru aðeins orðabreytingar. Það einasta sem þm. sagði af viti, var það,

að erfitt væri að skilja frumvarpið eins og það nú liti út. Hann dróttaði því að okkur, að við kæmum fram í þessu máli eins og vissir »prokuratorar«; hann dróttar því að okkur, að við segjum rangt til og bar það saman við að eg hefði sagt ósatt um Húsavíkursókn; en honum láðist, þeim háttv. þm., að geta þess, að það var hann sem af velvild sinni fekk flokksbræður sína til þess að drepa það frumv., og við því verða engin önnur rök fundin heldur en hefnigirni hans. Eg ætla ekki að svara þeim ákúrum hans að við höfum líka komið fram sem prokuratorar fyrir Dönum. Við höfum fengið svo mikið af slíku að það munar lítið um ekki meiri mann en þm. Ak. Og það mun víst aldrei standa okkur fyrir svefni. Hann vítti okkur harðlega fyrir það, að við fullyrtum, að Danir mundu aldrei taka til greina kröfur okkar um persónusamband. En til þessa er tvennu að svara. Fyrst og fremst því, að enginn stjórnmálamaður í Danmörku mundi taka í mál neitt svipað. Þetta höfum vér fengið að vita með fullri vissu, og hitt er að væna okkur um lygi. Og í öðru lagi er sú pólitíska stefna, sem nú ræður í heiminum, algerlega andvíg persónusambandi. Þessi stefna þykir alveg ósamrýmanleg við þjóðræði.

Eg hefi svo ekki meira að athuga við það sem sagt var, og ekki fleira að segja í þessu máli. En eg vil lýsa því yfir hér í þinginu, að þegar atkvæðagreiðsla fer fram um þetta mál hér, þá verður greitt atkvæði um það, hvort Ísland skuli verða sjálfstætt í málefnasambandi við Dani, eða hvort vér skulum halda áfram að búa við stöðulögin frá 1871. Fyrir mér er þetta alveg ljóst, og eg tala alveg þykkjulaust, svo ekki verður sagt að eg hafi sagt neitt í hita eða fljótfærni.

Lárus H. Bjarnason: Það er auðséð af því, hve margir meirihlutamenn hafa talað, að minni hlutinn hefir þó verið álitinn svara verður, og eg slæ því um leið föstu, að það hefir verið sókn en ekki vörn af hendi minni hlutans í dag.

Háttv. framsm. meiri hlutans er í rauninni eini ræðumaðurinn, sem svara þarf, því að hitt, sem sagt hefir verið, er naumast svara vert. Hann sagði ýmislegt í framsögu sinni, sem eg gleymdi að svara þá, meðal annars, að gæfa Íslands væri naumlega komin undir sambandi við Dani um utanríkismál og hermál, og eg er honum alveg sammála um það, en hann gætir ekki að því, að vér fáum ekkert samband við Dani, ekki einu sinni konungssamband, nema því að eins, að utanríkismál og hervarnir sé sameiginleg. Það er heldur ekki gerandi eins lítið úr hervörnum Dana og flutningi þeirra á málum vorum við aðrar þjóðir, eins og meiri hlutinn gjörir. Því að þó að Danir geti hvorki varið sjálfa sig né oss, ef stórþjóð ræður á þá, þá er samt mikill stuðningur að því, að vera í sambandi við gamalt ríki. Og að því er flutning þeirra á utanríkismálum vorum snertir, má t. d. benda á tollsamninginn við Spánverja, frá 1893. Það er góður samningur, og þar nutum vér einungis Dana. Allir samningar, hvort sem þeir snerta einstaka menn eða heil lönd, eru bygðir á hagsmunavon beggja aðila. Vér kaupum lítið eða ekkert af Spánverjum, en Danir standa í töluvert miklum viðskiftum við þá. Vér fengum með samningnum 20 pezeta eða um 14 til 15 kr. tollafslátt af hverju skpd. af saltfiski.

Háttv. framsm. sagði ennfremur að hér væri ekki verið að þrátta um annað en smámuni eða um »keisarans skegg«, þar sem örlítið bæri milli frumvarps meiri hlutans og frumvarps minni hlutans. En úr því svo er, og eg undirstrika þessi orð háttv. framsm.,

hví *samþykkir meiri hlutinn þá ekki frv. minni hlutans* sem allir vita að er fáanlegt, og tekur aftur sitt frumvarp, sem hann játar sjálfur að sé allsendis ófáanlegt.

Eg verð að játa, að eg varð dálitið hissa á háttv. þm. Strand. Hann hafði auðsjáanlega hugsað lítið, bæði málið sjálft, og það sem hann sagði um það. Hann talaði, að það varðaði mest til allra orða, að undirstaða rétt væri fundin, og eg er honum sammála um það, en vill þá þessi háttv. þm. halda því fram, að frumv. nefndarinnar sé bygt á lausari grundvelli en stöðulögin. Hann greip á hundasundi niður á þremur máttarstoðum undir kröfum meiri hlutans, og nefndi þær lagalegan rétt, siðferðislegan rétt og þjóðarviljann. En eg get frætt þm. um það, að Jón Sigurðsson gerði ekki eins mikið úr þeim lagalega rétti, sem þm. taldi fyrstan, eins og úr hinum eðlilega rétti vorum. Og eg vil ennfremur benda honum á að þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) hefir nýlega lýst því yfir á þingi, að hann gerði ekki eins mikið úr þeim lagalega rétti vorum og úr þjóðernisrétti vorum. Og loks skal eg minna á, að háttv. þm. Strand. gerði ekki eins mikið úr lagaréttinum í nefndinni, svo sem sjá má í nefndaráliti meiri hlutans, er hann hefir skrifað undir. Um hinn siðferðislega eða öllu heldur eðlilega rétt vorn til að vera frjáls og sjálfstæð þjóð, erum vér aftur móti allir sammála, og á honum höfum vér millilandanefndarmenn aðallega bygt. Sem þriðja máttarstólpann nefndi þm. vilja íslenzkra kjósenda og taldi hann þann hinn sama, sem meiri hlutinn nú berst fyrir, en þetta er ekki rétt. Hér gæti að eins verið að ræða um samræmi milli vilja þeirra kjósenda, sem komu á kjörfund og greiddu meiri hlutanum atkvæði, og vilja meiri hlutans á þingi. En ekki einu sinni því er að heilsa, því að meiri hluti kjósenda var aðeins sammála um það eitt, að vilja ekki nefndarfrumvarpið *óbreytt*, en um frumvarpsómynd þingsmeirihlutans hafa kjósendur ekkert sagt, þegar af þeirri ástæðu, að það kom fyrst fram á þingi fyrir nokkrum dögum. Og sízt af öllu hefði þm. átt að citera gjörðir Þingvallafundarins 1907; því að það er sannast að segja, að þeir menn, sem skrifuðu undir þá samþykt, hafa ekki vitað hvað þeir voru að skrifa undir. Ef feður Þingvallafundarins hefðu vitað hvað þeir gerðu, hefði samþyktin aldrei orðið lengri en 1. málsgreinin. Viðaukinn sýndi ljóslega, að þeir skildu ekki það sem þeir voru að fara með, hvorki svokallaðir Landvarnarmenn né Þjóðræðismenn, sem í rauninni er og hefir altaf verið eitt og hið sama, tilgangurinn altaf samur, að steypa stjórninni, sem var, enda altaf fylgst að málum.

Auk þeirra sannana, sem eg taldi fyrir því, að Ísland yrði fullveðja ríki samkvæmt frumvarpinu, má telja uppsagnarréttinn eftir 9. gr. Vér getum ekki sagt oss undan þeim lögum, sem oss fellur ekki við. Hinsvegar segir maður því upp, sem maður semur á sig. Eg skal svo ekki fara frekar út í það, sem háttv. þm. sagði, en vil aðeins segja honum það, að hann skal ekki halda, að vér minnihlutamenn séum að halda uppi vörn fyrir oss. Vér stöndum hér miklu fremur sem ákærendur meiri hlutans. Eg fyrir mitt leyti ákæri að minsta kosti meiri hlutann fyrir öll hin óforsvaranlegu afskifti hans af sambandsmálinu.

Eg get strax skotið því að háttv. þm. Ak., að það situr sízt á honum, að tala um ruddaskap eða um vilja kjósenda, hann sem situr hér í óþökk sinna eigin kjósenda. Og ekki fer honum það betur, nýgræðingnum þeim, að vera að monta af því, að hann slysaðist inn á þing í þetta eina skifti og skósa aðra, sem miklu lengur hafa notið trausts og um-

boðs sinnar þjóðar en hann, með því að þeir hafi ekki náð kosningu. Annars mun eg athuga manninn nánar seinna.

Háttv. þm. G.-K. talaði af miklum móði, en ekki vil eg taka hart á honum fyrir það, því að hann er að mörgu leyti mætur maður. En ríkisréttarfræði hans skal eg ekki fara út í. Við fullveldishjali hans og miskilningi á málefnasambandi og persónusambandi liggja sæmilega skýr svör í framsögu minni. Eg ætla aðeins að athuga þau einstöku atriði, er hann misskildi og hermdi rangt frá. Hann var hræddur um að Ísland kynni að verða látið af hendi ef frumvarp millilandanefndarinnar yrði að lögum og Danir biðu ósigur í hernaði. En það er svo fjarstætt sem mest má verða. Frumvarpið gjörir Ísland að séreign Íslendinga, og það er beint tekið fram, að ekki megi það af hendi láta. Eftir stöðulögunum aftur á móti er Ísland »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis« og Danir mundu vafalaust telja sér heimilt að láta það af hendi eftir 18. gr. grundvallarlaganna. Hér hefir þm. því bein hausavíxl á réttu og röngu. Þá sagði háttv. þm. að minni hlutinn sem nú er hefði gert þetta mál að æsingamáli. Þetta er blátt áfram ósatt. Hér kennir þm. að ónefndra manna sið, saklausum um það, sem hann og hans flokksbræður hafa einmitt sjálfir gjört. Auk hinna alræmdu æsinga blaðanna, einkum Ísafoldar, má minna á margt athæfi sjálfra þingmanna, t. d. »Halakleppsgrein« háttv. þm. V.-Ísf. í Ísafold, sem var einhver svæsnasta greinin í »agitationinni« móti frumvarpinu. Og ef ætti að fara að lýsa kosningaundirbúningi meiri hlutans, þá kæmi sannarlega margt misjafnt á daginn. Eg veit um eitt kjördæmi, þar sem Ísafold hélt úti þrem launuðum utanhéraðsmönnum auk ótalinna innanhéraðsmanna til að steypa þingmannsefni frumvarpsmanna. Einn smalinn, sem nú er þingmaður, játaði, að hann fengi borgun frá Ísafold. Annar smalinn, líka launamaður Ísafoldar, var látinn liggja við í kjördæminu frá því um vorið og fram yfir kosningar. Hann var sérstaklega látinn bera út ýmsar kynjasögur og Gróuleytissögur, t. d. það, að ekki mætti samþykkja frumvarpið af því, að þá mundu allir íslenzkir karlmenn verða kallaðir í stríð og strádrepnir niður. Svona mætti halda lengi áfram, en eg hirði ekki að gera það, því þetta vita háttv. deildarmenn, og sérstaklega meiri hlutinn, eins vel og eg. — Háttv. þm. brígslaði Heimastjórnarmönnum um ósamkvæmni, sagði að þeir hefðu talið það ástand ágætt 1903 og síðar, sem þeir löstuðu nú, en þetta er algjörlega rangt. Vér Heimastjórnarmenn töldum *innanlandsstjórnar*-fyrirkomulagið gott 1903 og síðar, og teljum svo enn þá, en sambandinu *milli landanna* höfum vér aldrei hælt, heldur þvert á móti, en það var ekki farið að ræða það fyr en í þingmannaförinni 1906 og eftir hana.

Háttv. þm. sagði að dr. Berlin hefði samið millilandafrumvarpið, en það er alveg tilhæfulaust; það gerðum vér Íslendingar.

Háttv. þm. sagðist ennfremur efast um, að breyt.till. minni hlutans við frv. væru fáanlegar. Auðvitað er ekki hægt að færa fram hér í þingsalnum sannanir fyrir því að svo sé, en ef háttv. meiri hluti vildi kjósa heiðarlegan og þagmælskan mann til að grenslast eftir því hjá fyrv. ráðherra, þá mundi hann geta fengið sannanir fyrir því, að svo mun þó vera. Annars var það skylda nefndarinnar í Nd. að bera sig saman við nefndarmennina dönsku meðan hún vann að þessu máli, og hefði hún gert það, þá hefði hún getað fengið að vita hverjar breytingar mundu vera fáanlegar. — Háttv. þm. eða einhver annar flokksbræðra hans fann mikið að því, að nota danskan kaupfána. En fyrst og fremst getum

vér lögleitt hvaða fána sem vér viljum innanlands, ef frumvarpið kemst á. Og í annan stað getum vér þá alveg losnað við hann líka í utanlandssiglingum eftir rúman mannsaldur, og svo lengi getur það ekki verið nokkur bagi fyrir okkur að hafa danska kaupfánann. Fyrst og fremst eigum vér nú fá eða engin skip í millilandasiglingum, enda er sérstakt flagg ekki mikils virði, nema menn hafi púður og kúlur til að verja það með.

Eg hefi þegar að nokkru leyti svarað háttv. þm. V.-Ísf. Hann vitnaði líka í Þingvallafundinn, en það hefði hann ekki átt að gera fremur en hinir, því meiri hlutinn hefir runnið frá þeim kröfum, sem settar voru fram í ályktun fundarins. Í henni stendur berum orðum, að fáist ekki hreint persónusamband, þá telji fundurinn ekki annað fyrir höndum en *skilnað*. Hér sem víðar, hefir meiri hlutinn runnið undan þeim kröfum, sem hann sjálfur hefir sett upp til málamynda. Hæstv. ráðherra, sem annars varð ekki flökurt af feitmetinu, má nú t. d. ekki heyra skilnað nefndan, kallar hann nú hugarburð og loftkastala. Háttv. þm. flaggaði líka með »fullveldinu«, sem segir í raun og veru ekki neitt. Í Ameríku og á Þýzkalandi er t. d. ekkert »fullvalda« ríki til, og eru sum þeirra þó stórveldi. Og eftir skilningi meiri hlutans á »fullveldi« er ekkert land undir sólunni fullvalda, því að ekkert land ræður eitt öllum sínum málum. Allar þjóðir binda einhver bönd, t. d. póstsambönd, tollsamningar o. s. frv. Aftur á móti var Pólland »fullvalda« í réttum skilningi þess orðs, eftir samninginn við Rússa 1793.

Rella háttv. þm. V.-Ísf. út af Jóni Sigurðssyni er varla svaraverð. Hvað sem J. S. kann að hafa sagt 1869, þá verður þó ekki frá því komist, að hann skrifaði undir það, að Ísland væri »óaðskiljanlegur hluti Danaveldis«. Og óvart varð háttv. þm. á að segja nokkuð, sem eg þakka honum fyrir. Hann sagði að það hefði ekki verið nema eðlilegt, að hæstaréttarfrumvarpið var látið daga uppi hér í deildinni, og vegna hvers? Af því að það færi í bága við stöðulögin! Þar með viðurkennir hann að stöðulögin séu gildandi lög hér. — Þá neitaði háttv. þm. því, að 6. gr. frv. trygði oss fult einræði inn á við, og benti því til sönnunar á 4. gr. Eg sagði að Ísland fengi fult vald inn á við yfir öllum *sínum eigin* málum, en datt auðvitað aldrei í hug að segja, að það ætti eitt að ráða þeim málum, sem það hefir sameiginleg við Dani og ætti því ekki nema að hálfu leyti, eins og t. d. póstsambandi og ritrímasambandi. Setjum svo, að háttv. þm. eigi bát með öðrum manni, að þeir eigi t. d. sinn helminginn hvor, og myndi enginn álíta það skerðing á »fullveldi« þm. yfir hans eigin málum, þó að hann réði ekki einn öllu um sameignarbátinn. Þá sagði þm., að jafnréttis- og fæðingjaréttarákvæðin væru Dönum í hag. En það er alveg þvert á móti. Vér fáum miklu meira hjá Dönum samkvæmt frumvarpinu, heldur en Danir hjá oss. Þeir fara oss að kostnaðarlausu með öll sameiginlegu málin; íslenzkir námsmenn njóta Garðstyrks framvegis eins og undanfarið, og vér verðum undanþegnir herþjónustu eins og hingað til, og fáum 1 miljón og 500 þús. kr. útborgaðar í peningum, auk þess sem vér njótum að öðru leyti fulls jafnréttis á borð við Dani í Danmörku. Danir fá á hinn bóginn að eins leyfi til að *halda* þeim rétti til landhelgisveiða, sem þeir hafa nú fyrir ekkert, og þó að eins á meðan þeir verja landhelgina, og svo sjálfgefið jafnrétti á við Íslendinga, flytji þeir hingað. Og ekki held eg heldur að við þurfum að óttast það, að Danir fari að flykkjast hingað; það er miklu hættara við »invasion« frá lakari löndum, t. d. Noregi.

Háttv. þm. Ak. þarf eg ekki að svara mörgum orðum. Hann sagði, að millilandanefndarmennirnir hefðu heykst fyrir Dönum og enda »prokurerað« fyrir þá. Það situr illa á meiri hluta manni að segja annað eins, eftir að heimafrakkasti aðaltrúnaðarmaður flokksins hefir fleygt sér jafn flötum fram fyrir fætur Dana og raun er á orðin, og annar trúnaðarmaður flokksins hefir sagt Dönum, að Íslendingum væri það nóg frelsi, að fá sjálfir að selja fisk sinn á Spáni og síld í Noregi. Enda veit þingmaðurinn, að millilandanefndarmennirnir komu hvívetna fram sem fullorðnir og heilbrigðir menn. Hann sagði ennfremur að það væri ósatt, að frumvarpið hefði verið brúkað móti Hannesi Hafstein. En því verður þó ekki neitað. Þm. N.-Ísf. lýsti yfir í ræðu í Nd., að þjóðin hefði heimtað að þingið samþykti vantraustsyfirlýsingu til H. Hafsteins. — Það er ekki rétt, að minni hlutinn hafi þagað um, að breytingar væru fáanlegar. H. Hafstein lýsti því yfir í Nd., þegar hann lagði frumvarpið fram, að hann byggist við, að Nd.-nefndin bæri sig saman við ríkisþingsnefndina, en það hefir ekki verið gert. Nefndin í Nd. hefir ekki gert annað en að slóra allan þingtímann. (*Forseti:* Þingmaðurinn áminnist um að brúka þingleg orð). Eg hefi ekki sagt annað en það sem satt er. (*Forseti:* Þá víti eg þetta orðbragð, að slóra!). Mér er sama. En auk þess sem Hannes Hafstein lýsti þessu yfir í Nd., þá var því líka skotið að 1. þm. Skagf., að þessar breytingar væru fáanlegar, til þess að hann skýrði flokksmönnum sínum frá því og samnefndarmönnum. Hann mun líka hafa gert það, en því fekst ekki framgengt, að breytingarnar væru ræddar í nefndinni. Sjálfur vildi H. Hafstein ekki bera breytingarnar fram, af því hann þóttist viss um, að það mundi einungis verða til að spilla fyrir því, að þær yrðu teknar til greina, enda hefir nú sú raun á orðið. — Annars skal eg geta þess, að úr því að því hefir verið lýst yfir af meiri hluta mönnum, að *aðaldstæða* þeirra til að vera á móti frv. stjórnarinnar sé vilji kjósendanna, þá vænti eg þess, að háttv. þm. Akureyrar virði svo vilja mikils meiri hluta kjósenda sinna, að hann greiði atkvæði með frumvarpinu. Þeir hafa heimtað það af honum með skriflegri áskorun, sem kunnugt er orðið.

Ari Jónsson: Mér þótti háttv. 5. kgk. þm. gerast nokkuð digurmæltur, en fanst þó kúlurnar, sem hann þeytti, vera nokkuð sápukendar. Það er ekki hyggilegt, að ráðast eins og háttv. þm. gjörði, á einstaka menn og flokka með meiðandi stóryrðum. Hann brúkaði ekki að eins meiðandi orð, heldur og ósönn. Hann sagði, að Landvarnarflokkurinn væri ekki og hefði aldrei verið sérstakur flokkur, heldur hefði hann ávalt haft sömu stefnu í öllum málum, sem Þjóðræðisflokkurinn. Segir háttv. þm. að landvarnarflokkurinn hafi verið á sama máli og þjóðræðisflokkurinn árið 1903? Menn vekja ekki traust til sín með slíkum staðhæfingum. — Ummæli háttv. þm. um Þingvallafundarályktunina voru eintómir útúrsnúningar. Það sem meiri hlutinn heldur fram hér á þingi, er í fylsta samræmi við Þingvallafundarályktunina. Um það býst eg við, að eg sé fult eins fær að dæma og háttv. 5. kgk. þm. Það er lítil bót í því, að hafa setið í millilandanefnd eða hlotið nafnið lagaskólastjóri, þegar menn koma með svo frámunalegar skýringar. Eg leit nýlega í bók með skýringum eftir ýmsa menn, þar á meðal háttv. 5. kgk. þm.; þær skýringar báru ekki vott um mikinn lagaskilning. Eg er að vísu að eins ungur kandídat í lögum, en þó held eg að eg geti komið

með fullskýrar athuganir um þær skýringar, sem hann hefir gefið. — Eg tek það fram út af því sem háttv. 4. og 5. kgk. þm. hafa sagt, að það var rétt sagt hjá mér, að grundvöllurinn undir kröfum minni hlutans var allur annar fyrir ári en nú. Þá bygði hann á sögulegum rétti okkar, en nú á réttleysi okkar. Þetta kemur líka skýrt fram í frumvarpi hans.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg verð að játa, að vonir mínar um það, að menn héldu sér við efnið og færu ekki út í aðra miður viðeigandi sálma, hafa ekki rætst. Sumar síðustu ræðurnar hafa fremur snúist um menn en þetta stórmál, sem hér er til umræðu. Og ekki er það þinglegt orðbragð, að líkja frv. meiri hl. við rauða dulu, sem verið sé að veifa framan í naut. Það verður ekki skilið öðru vísi en að nautið eigi að merkja þjóðina, og er það miður viðeigandi samlíking. Eg mun reyna að láta mér víti háttv. þm. að varnaði verða, og kosta kapps um að halda mér við efnið. Eg gat þess í kvöld, að með skipun millilandanefndarinnar værum við þegar viðurkendir sjálfstæðir samningsaðilar, og því ríður á því, að við gætum þess, að semja engan rétt af okkur. En eg er hræddur um, að eftirkomendur vorir mundu líta svo á, að við hefðum glatað nokkru af þeim rétti, sem við höfum nú, ef við gengjum að frumvarpi nefndarinnar.

Því hefir verið spáð, að kosningavíman í haust mundi skjótt renna af þjóðinni. Eg held, að hér sé ekki um neina vímu að ræða, heldur sjái þjóðin rétt til leiðar sinnar. Það er að vísu satt, að þjóðinni getur yfirsést; og ef svo hefir verið hér, þá er vonandi, að hún leiðrétti það síðar. — Það hefir verið sagt, að þetta mál hafi verið gert að flokksmáli. Það er rangt. Heldur er hitt, að málið sjálft hefir skift flokkum. Það sýnir og skifting flokkanna áður og eftir. Málið skiftir flokkum að nýju; það sýnir verulegleika málsins og afl, að það myndar nýja flokka. Þetta skal sagt til að eyða þeim hraparlega misskilningi, að nokkur maður hafi látið sér til hugar koma að gera svona mál að flokksmáli. Það er of stórt til þess, að nokkrum sé ætlandi að ráða fram úr því öðru vísi en eftir beztu sannfæringu. Að persónulegar hvatir hafi ráðið þar, skal eg ekki ímynda mér, sízt hjá flokkunum í heild sinni. Og að meiri hlutinn hafi beitt frumvarpinu eins og herfjötri til að fella Hannes Hafstein, vil eg leyfa mér að mótmæla í fylsta máta. Að bera öðrum slíkt á brýn er þeirra einna, sem líta á mennina, en ekki málefnin.

Þá skal eg snúa mér að öðru aðalatriði: líkunum fyrir því, að breytingar minni hlutans fái samþykki hins málsaðilans. Því skal eg trúa, þegar eg fæ sannanir; en þangað til hlýt eg að verða mjög efablandinn, hvort eg eigi að trúa því eða ekki. En verði mér sýnt það skjallega, skal eg trúa því. (*L. H. B.*: Vill þingmaðurinn þá greiða atkvæði með frumvarpi minni hlutans, ef hann sér þetta skjallega?). Það segi eg ekki, að eg greiði því atkvæði mitt samt sem áður; enda segja og sjálfir minni hluta mennirnir, að þessar breytingar séu ekki nema óverulegar orðabreytingar, og hafa gert lítið úr þeim; og hefðu þeir samþykt frumvarpið, þó engar breytingar hefðu verið á því gerðar. En hvað sem því líður, þá er það víst, að þessar breytingar eru lítilsvirði fyrir oss, því að það er skilyrðislaus uppsagnarfrestur á öllum vorum málum, sem vér viljum hafa; og hefir það sýnt sig, að það er almenningsvilji — bæði af umræðum

um málið á fundum og undirtektum þjóðarinnar undir það í heild sinni.

Mér hefir verið sagt, og eg heyrði það í neðri deild, að fráfarandi ráðherra mundi hafa fengið ádrátt eða loforð um breytingar á frumvarpinu. Mér dettur ekki í hug að efa orð þess heiðursmanns, er sagði mér þetta; en ef það er rétt, þá tel eg það siðferðislega skyldu hans, að leggja frumvarpið með breytingum fram fyrir þingið, fyrst hann vissi, að þær voru fáanlegar, í þeirri von, að það greiddi fyrir gangi málsins.

Enn er eitt atriði, sem er athugavert. Það er yfirlýsing Neergaards um, að engar efnisbreytingar fáist, eða það sem við meiri hluta menn leggjum áherzlu á. Mér er sama um orðabreytingar; en 1. gr. sá eg að þurfti að gerbreytast, þar sem eg faun hvergi í frumvarpinu, að Ísland yrði sjálfstætt ríki eða jafn réttháttt Danmörku.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að ekki lægi neinn úrskurður fyrir frá þjóðinni, að ekki skyldi ganga að frv. óbreyttu að efni. Eg sagði, að þjóðin í heild sinni væri meiri hlutinn, og meiri hlutinn hefði þar sýnt, að hann vildi ekki ganga að óverulegum orðabreytingum, heldur að eins sætta sig við gagngerðar efnisbreytingar, og á þeirri stefnu byggir meiri hlutinn sína framkomu. — Eg kalla úrskurð, það sem meiri hlutinn dæmir. — Um það, að þingmaðurinn kallaði frv. meiri hlutans »afskræmi«, tala eg ekki. — Hann viðurkendi og, að dönsk blöð hefðu tekið í þann streng eftir kosningar, að ekki væri útlit fyrir, að oss væri ætlað sjálfstæði. Hitt þykir mér aftur býsna kynlegt, sem hann lét í ljósi, að dr. Berlin hefði út lagt úr Ísafold. Eg held Ísafold og hefi lesið bók dr. Berlins. Þetta er fjarstæða. Auk þess kom dr. Berlin fram fyrir hönd dönsku nefndarmannanna, og er það ekki kunnugt, að þeir hafi mótmælt því. Annars legg eg ekki mikið upp úr ummælum dr. Berlins.

Það hefir verið mikið gert úr hervörnunum og þeim rétti, sem vér höfum til þess, að Danir verndi oss. Þá segi eg: Guð hjálpi oss, ef það er dönsk vörn, sem við eigum að lifa og deyja upp á. Mér er ekki kunnugt, að vér höfum nokkru sinni verið varðir af Dönum, fyr né síðar. En hitt kannast eg við, að dönskum vopnum hafi verið snúið *gegn* oss. Og má tilfæra dæmi þess úr sögu landsins; og skal eg nefna þau tvö: Kópavogsfundinn og aftöku Jóns Arasonar. Segi eg þetta þó ekki til að lasta Dani, heldur er hitt, að eg get ekki stilt mig um að minnast á það, úr því verið er að veifa dönsku vopnunum framan í okkur. 1851 sáust og dönsk vopn; en voru þau til að verja okkur?

Það hefir verið talað um fánann. Eg lít svo á, að íslenzkur verzlunarfáni sé sérmál, sem við getum sjálfir ráðið, hvernig við höfum. Í stöðulögunum er verzlunin talin íslenzkt sérmál, og undir verzlunina hlýtur fáninn að teljast. Eg álít því, að engum vafa sé undirorpið, að vér séum gjörsamlega sjálfráðir að því, að hafa sérstakan íslenzkan fána á okkar skipum. Hvenær við framfylgjum þeim rétti, því ráðum vér.

Háttv. 4. kgk. þm. lagði mikið út af því, að herþjónusta hefði verið strikuð út á frumvarpi neðri deildar, í 5. gr. frumvarpsins. En það er alveg »formelt« rétt, að herþjónustu-ákvæðið strikist út í sambandi við breytingartillöguna við 3. gr. — Þm. þykir ilt að missa gjörðardóminn. Þar er eg samþykkur þm. Vestur-Ísf. Það getur ekki talist merki upp á það, að vér séum sjálfstætt ríki, að það ríki, sem vér eigum í höggi við, verður í meiri hluta í dómnum um ágreiningsatriðin.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að með 7.

gr. í frv. neðri deildar væri bönnuð öll »revision«. Það stendur í 7. gr., að með eins árs fyrirvara megi segja upp sambandinu. Þá geta t. d. Íslendingar sagt: »Nú viljum við vera lausir eftir 5, 6 ár«. Danir alt að einu. En aðgætandi er, að þjóðirnar geta vel komið sér saman um »revision«. Þar kemur einmitt til greina bróðurþel og góð samvinna þjóðanna, hvernig fer um það, sem ráð er fyrir gert í 9. gr. stj.frv., sem þó er flókin og óskýr í mínum augum.

Það hefir mikið verið talað um það af minni hlutanum, sem einn af aðalkostum þessa stjórnarfyrirkomulags, að við yrðum þá lausir við ríkisráð Dana. En það merkilegasta er, að þetta stendur þó hvergi í sjálfu frumvarpinu, enda þótt það standi í »mótívunum« fyrir því, og því er einnig slept í stjórnarskrárfrumvarpinu, sem stendur í sambandi við uppkasts-frumvarpið. Eg er því ekki viss um, hvort sú stjórnarfarsnauðsyn, sem Alberti þótti á þessu vera, er úr sögunni eða ekki, og eg hefi heyrt, að varkárir menn hafi ekki viljað segja neitt um þetta.

Háttv. framsögum. minni hl. sagði, að engin þjóð í heimi hefði fullveldi í öllum málum. Ef til vill er þetta rétt í minni hluta skilningi. En þjóðarfullveldi kemur einmitt fram í því, að þótt hún að vísu kunni að vera bundin við ýmsa samninga, þá hafi hún þó sjálf vald yfir öllum sínum málum á þann hátt, að hún geti upp á sitt eindæmi bæði skipað um þau eftir vild sinni og samið um þau við aðra aðila. Þar vilja þjóðirnar hafa leyfi til að semja við aðrar þjóðir án íhlutunar eða leyfis annara.

Þingmaðurinn sagði t. d., að við þyrftum að eiga gott við Spánverja um sölu á saltfiskinum. Það er alveg rétt. En heldur hann, að Spánverjar vilji ekki eins kaupa saltfisk af okkur, þó að Danir séu ekki með »í spilinu«. Og eg sé ekki, að samningarnir þurfi að verða neitt verri fyrir það, þó að við séum ekki Dönum háðir. Fiskurinn okkar er þeim alt að einu óhjákvæmilegur fyrir það.

Framsögumaður minni hlutans tók t. d. fullveldi þýzku ríkjanna til samanburðar, að það væri hvergi ákveðið með lögum, og því væri ekki fremur ástæða fyrir okkur til að vera að »premera« það fyrir okkar leyti. En eg vil spyrja: Stendur ekki nokkuð öðru vísi á hjá þeim, heldur en hjá Íslendingum og Dönum? Þau eru bundin hinum sömu þjóðernis- og ættjarðarböndum, þótt þau séu sundur skift eftir löggjöf. Það er þessi munur, að þjóðin, sem vér höfum átt að búa með, hefir verið gagnólík oss að öllu leyti, bæði hvað snertir menningu, þjóðlíf og ætterni o. s. frv., auk þess sem hún býr í landi, sem er mörg hundruð mílur í burtu frá oss, og einnig að öllu ólíks eðlis voru landi.

Eg skal að síðustu taka það fram, að mér finst í alla staði óviðeigandi, að við séum að ákæra hver annan í þessu máli, hvort heldur er meiri eða minni hlutinn. Vér eigum allir, hver í sínu máli, að fara með málið eftir samvizku okkar; og væri það því bæði fávíslegt og ranglátt, að eyða kröftum vorum og athygli í ákærur hverir á aðra, í stað þess að leitast við að skera sem réttlátast úr málinu. Eg segi fyrir mitt leyti: eg læt mér á sama standa, þótt eg sé settur hér á ákærubekk, og eg held mèr að þeim málstað, sem eg hygg sannastan og réttastan eftir sem áður, og læt það ekkert á mig fá. Báðir flokkar hafa hér jafn lítinn rétt til að ákæra. Ef það er nokkur, sem hefir rétt til að ákæra í þessu máli, þá er það þjóðin. Hún hefir leyfi til að ákæra okkur, ef henni finst vér ekki rækja skyldur vorar; og hún getur fylgt ákærunni fram, en ekki vér sjálfir, hvorir

gagnvart öðrum, þótt vér höfum mismunandi skoðanir. Þegar vér göngum út frá því, að skoðun okkar byggist á viti, þekkingu og rannsókn hvers eins, í þessu sem öðrum þjóðmálum, þá eigum við að finna skyldu vora í að láta hvern mann ásökunarlausan með sannfæringu sína, sem hann ber ábyrgð á gagnvart sjálfum sér og fósturlandinu.

Það hefir verið talað um kosningaundirbúninginn og sagt, að meiri hlutinn hafi haft leigða menn í þjónustu sinni í sumar til að »agitera«. Það er um þetta að segja, að fyrst og fremst er nú þetta að vísu atriði, sem sízt kom málinu við; en þó það væri satt, þá get eg ekki fundið, að það sé neitt ljótt. Hugsa eg og, að jafnt sé í því efni á komið á báðar hliðar eða hjá báðum flokkum, og víti eg það hvergi. Kosninga-»agitatíónir« viðgangast í hverju einasta þingfrjálsu landi, og sé eg ekki, hvers vegna það ætti að teljast ljótt hjá oss, sem sæmilegt þykir hvervetna með erlendum þjóðum; og í sjálfu sér lýsir það að eins kappi og áhuga á málstað sínum, að leggja sig fram til að koma honum sem bezt á framfæri almennings. Hvort þeim mönnum eru goldnir peningar, sem fengnir eru til að telja almenningi hughvarf, eða ekki, finst mér litlu skifta; finst mér þar hver sjálfráður, hve miklu hann vill til kosta, að útbreiða þá skoðun, sem hann álítur holla og heppilega fyrir landa sína. Að víta slíkt er óráðsmál, — og alrangt að bregða mönnum um mútur í því sambandi. En jafnvel þótt einhverjar mútur hefðu átt sér stað, þá er það ekki mútuveitandinn, sem saka skal í því sambandi, heldur mútuþiggjandinn. Því sé sannfæring einhvers ekki beisnari en svo, jafnvel í slíku stórmáli og velferðarmáli þjóðarinnar, að hún sé til sölu, þá sé eg ekki að það væri neitt ódæði, að reyna að ná þessu glerbroti sín megin í atkvæðavogarskálina, þótt eitthvert lítilræði kæmi í mót. Það sýnir í heild sinni að eins áhuga á og umönnun fyrir þjóðarheillinni, að leggja sig sem mest fram í slíku máli, hvort heldur krafta sína og tíma eða fé sitt. Er slíkt einmitt miklu síður vítavert en virðingar. En hins vegar, þá hygg eg, að það sé ofmæli ein, að nokkrar mútur hafi átt sér stað í kosningabaráttunni í sumar, þótt aldrei nema allmikill hiti ætti sér stað hjá mörgum. Og hvað sem öðru líður, þá mun það alrangt, að fara að gera upp á milli flokkanna í því efni; þar hygg eg, að þeir hafi átt svipaðan hlut að hvor í sínu lagi, — þótt gifta réði því, að misjöfn yrðu erfiðislaunin um það er lauk.

Það má vel vera, að æsingum hafi verið hleypt í þetta mál, en það hefir þá verið jafnt frá báðum hliðum, svo að í því efni þarf hvorugur flokkurinn að kvarta undan hinum. Hitt er aftur á móti víst, að þjóðin hefir sannfærst betur af rökum og ástæðum vorra manna en minni hlutans. En það er sagan, en ekki vér, sem um það á að dæma, hvor flokkurinn hafi haft réttara fyrir sér. Það má vel vera, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé ófullkomið, en það mun vinnast ærinn tími enn til þess að athuga það nánar, því að það eru ekki líkindi til að það verði að lögum í bráðina. Það getur og verið, að þjóðin breyti skoðun sinni á málinu, og yrði biðin til þess, að vér fengjum það sem vér óskum eftir, þá væri hún bara góð. Eg skal alveg leiða hjá mér allan þann mannjöfnuð, sem hér er verið að fara í; hann er til einskis annars en að hleypa óþarfa kappi og æsingu í mál, sem allir vilja, að ráðið sé fram úr á sem hagfeldastan hátt, án alls tillits til flokka og flokksfylgis. Að lokum vildi eg taka það fram, að eg hefi líklega misskilið háttv. 4. kgk. þm., og bið hann

velvirðingar á því, ef eg hefi haft rangt eftir honum.

Framsögumaður minni hlutans (Lárus H. Bjarnason): Eg vona að eg þurfi ekki að tala oftar við þessa umræðu, og helzt ekki oftar um þetta mál á þessu þingi. Eg leiði hjá mér að svara háttv. þm. Strandamanna. Hann er dauður, því að hann hefir þegar talað tvisvar, og getur því ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Það eitt vil eg segja honum og félaga hans, þm. Ak., að þeir mega sjálfum sér um kenna, hafi þeir fundið til undan orðum mínum. Eg þykist ekki vera vanur að ráðast á fólk að fyrra bragði, en hinu skal eg ekki neita, að eg tek á móti eftir föngum, er á mig er ráðist; hefi alt af gert það, enda þótt meiri burgeisar hafi átt hlut að máli en nefndir þingmenn, og mun alt af gera það. Eg gæti líklega útvegað hinum háttv. þm. Ísafjarðar sannanir fyrir því, að breytingar þær, sem minni hlutinn ræður til að gerðar séu á uppkasti millilandanefndarinnar, eru fáanlegar eða voru að minsta kosti fáanlegar um og eftir áramótin, en þar sem hinn háttv. þm. lýsti því yfir, að það myndi engin áhrif hafa á atkvæði hans, hefir það enga þýðingu, og þess vegna læt eg það líka vera. Það var alveg rétt af fyrverandi ráðherra, að bera ekki fram þessar breytingar, því að hann gat búist við, að það yrði þeim að falli. Ísafold barðist fyrir ritsímanum, þegar dr. Valtýr Guðmundsson flutti málið á þingi, en hamaðist á móti því, þegar fyrv. ráðherra tók það upp. Ísafold sagði að það væri Íslendingum vanvirða, að láta Dani annast landhelgisvörnina hér við land án nokkurs endurgjalds, en þegar þingið eftir tillögum fyrv. ráðherra samþykti, að greiða ríkissjóði Dana $^2/_3$ hluta sektanna fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, kallaði hún það hreint og beint glapræði. Eg get ómögulega lagt mikið upp úr Neergaards-skýrslunni. Hann hafði enga ástæðu til að bjóða fram breytingar að fyrra bragði, úr því að forsetarnir otuðu strax fram kröfum meiri hlutans. Háttv. framsögum. meiri hlutans gerði lítið úr vernd þeirri, sem vér hefðum af því að vera í sambandi við Dani. En það er ekki rétt að gera svo lítið úr þeirri vernd. Danmörk er gamalt ríki, sem stórveldin ekki þola hvert öðru að sýna ágengni. Hann sagði enn fremur, að engin sönnun væri fyrir því, að mál vor yrðu ekki eftir sem áður borin upp fyrir konung í ríkisráðinu, þótt »uppkastið« yrði að lögum, og gaf jafnframt í skyn, að enginn vissi hver afskifti dönsku ráðherrarnir hefðu haft af málum vorum í ríkisráðinu hingað til. Það lítur helzt út fyrir, að hinn háttv. þm. hafi ekki munað eftir niðurlagi 6. gr. og athugasemdunum við frv., því að í 6. gr. segir svo: »Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum«, og í athugasemdunum við grein þessa stendur: »En Ísland hefir full og óskert umráð allra mála sinna annara, þar með talinn uppburður mála fyrir konungi og skipun ráðherra«. Annars skal eg geta þess, og það í því skyni, að það verði prentað í Alþingistíðindunum, svo að allir eigi kost á að vita það, að H. Hafstein lýsti því einu sinni yfir í millilandanefndinni að forsætisráðherranum viðstöddum, að alla hans embættistíð hafi danskur ráðherra aldrei skift sér af nokkru íslenzku sérmáli í ríkisráðinu.

Út af orðum háttv. framsögumanns meiri hlutans um samninga af vorri hendi við Spánverja, skal eg að eins endurtaka það, sem eg sagði fyr, að einmitt er til slíkra samninga kemur erum vér stórum betur settir með því að vera í félagi við Dani um utanríkismálin, en ef vér ættum að fara með

þau sjálfir. Danir geta boðið Spánverjum toll-ívilnanir, að því er ýmsan spænskan varning snertir, en vér getum ekkert slíkt boðið, því að vér flytjum ekkert — eða sama sem ekkert — inn af spænskum vörum. — Svo er það »fullveldið«, sem alt veltur á í augum hins háttv. meirihluta; stærstu ríkin í þýzka sambandinu eru ekki fullvöld, en Íslandi getur ómögulega nægt minna, en að »fullveldi« þess sé tekið fram með berum orðum í sambandslögunum, og það enda þó að »fullveldi« sambandslandsins sé ekki nefnt á nafn. Annars væri gaman að heyra einhvern lögspeking meiri hlutans, t. d. háttv. þm. Strandamanna skýra það, hver væri munurinn á uppáhaldsorði meiri hlutans »fullvalda ríki« og orðum frumvarpsins: »frjálst og sjálfstætt ríki«. — Eg skal ekki vekja kappræðu um aðferð þá, er hinn háttv. meiri hluti hefir beitt í máli þessu, en út af orðum háttv. framsögum. vil eg að eins láta þess getið að síðustu, að eg legg ekki mikið upp úr því, þótt þeir, er að eins vildu rífa niður, yrðu ofan á við kosningar; þeir áttu ólíkt hægra aðstöðu; það er hægra að rífa miskunnarlaust niður, en byggja með forsjá.

ATKV.GR.:

Þessir þingmenn kröfðust nafnakalls um allar breytingartillögurnar á þgskj. 725: Lárus H. Bjarnason, Eiríkur Briem og Júlíus Havsteen.

1. br.till. (725) við 1. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

1. gr. frv. óbreytt sþ. m. 7 samhlj. atkv.

2. br.till. (725) við 2. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

2. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

3. br.till. (725) við 3. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

3. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

4. br.till. (725) — viðaukatill. — feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnsson,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

5. br.till. (725) við 4. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,

Já:	*Nei:*
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss., Sigurður Stefánsson.

4. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

6. br.till. (725) við 5. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason.	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss., Sigurður Stefánsson.

5. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

7. br.till. (725) við 6. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss., Sigurður Stefánsson.

6. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

8. br.till. (725) — viðaukatill. — feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss., Sigurður Stefánsson.

9. br.till. (725) við 7. gr. feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss., Sigurður Stefánsson.

7. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

10. breyt.tillaga (725) fallin af sjálfu sér.

8. gr. frv. óbreytt samþ. með 7 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Þessir þingmenn beiddu um nafnakall um frv. í heild sinni: Sigurður Stefánsson, Sigurður Hjörleifsson og Jens Pálsson.

Frv. samþ. með 8:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingrímur Jónsson,
Ari Jónsson,	Eiríkur Briem.
Gunnar Ólafsson,	
Jens Pálsson,	
Jósef Björnsson,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Stefánsson.	

Einn þingmaður (1. kgk.) greiddi eigi atkvæði og telst með meiri hlutanum, með því að undanfærsla hans var eigi tekin gild af forseta.

Þrír þingmenn voru gengnir af fundi.

Málinu vísað til 3. umræðu með 7 samhlj. atkv.

Þriðja umræða 7. maí (A 693).

Lárus H. Bjarnason: Það var svo mikið talað síðast í þessu máli, að eg býst ekki við, að mikið verði sagt nú við þessa umræðu.

Eg vildi að eins lýsa því yfir fyrir hönd minni hlutans, eða að minsta kosti

fyrir hönd Heimastjórnarflokksins, að hann mun greiða atkvæði gegn frumv., af þeirri ástæðu að háttv. forseti vildi ekki taka þær ástæður gildar, sem flokkurinn bar fram við 2. umr. fyrir því, að greiða ekki atkvæði um frumv. meiri hlutans.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 7:5 atkv.

Frumvarpið er þannig samþykt af báðum deildum alþingis, og afgreiðist til ráðherra sem lög.

Aðflutningsgjald.

FRUMVARP til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi (A. 79); 1. umr. í Ed. 3. marz.

Agúst Flygenring: Eins og frumvarpið liggur fyrir nú, sýnist mér það óskapnaður, og skal eg geta þess strax, að eg get ómögulega verið með því óbreyttu. En það getur vel verið, að frumvarpið geti lagast svo í nefnd, að eg gæti þá verið með því, og því leyfi eg mér að stinga upp á því, að 5 manna nefnd verði kosin í málið að umræðum loknum. Eg sé ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frumvarpsins nú, en áskil mér rétt til þess síðar.

Ráðherra (H. H.): Neðri deild hefir samþykt undanþágu frá þingsköpunum í þessu máli í þeim tilgangi, að því yrði flýtt sem mest, helzt svo að frumvarpið yrði sent til staðfestingar um miðjan marzmánuð. — Það verður ekki hjá því komist, að auka tekjur landsjóðs á einhvern hátt; neðri deild hefir fallist á, að heppilegasta leiðin til þess sé sú, sem hér er farin, og hefir því samþykt frumvarp stjórnarinnar óbreytt með tveim viðaukum. Annar viðaukinn er sá, að bæta við tolli á súrri saft, en hin, að láta lögin verka aftur fyrir sig að því er snertir áfengisdrykki, er flytjast inn eftir 24. febrúar. Þetta síðara ákvæði er til þess, að þeir menn, sem ef til vill hafa flýtt sér að panta sem mestan vínforða, er þeir sáu að frumvarpið var í aðsigi, geti ekki fengið betri kjör en aðrir. — Þó að þetta síðara ákvæði sé að mörgu leyti varhugavert, vil eg þó eftir atvikum ekki vera að hafa á móti því, því vel ann eg landsjóðnum þess, að ná sem mestum tekjum þegar á þessu ári, hvað sem öðru líður.

Agùst Flygenring: Eg álít það ákvæði mjög ranglátt, að lögin komi sumpart í gildi frá þeim tíma, sem nú þegar er liðinn, nfl. 24. fyrra mánaðar. Eftir því eiga menn að borga toll af vörum, sem menn verða búnir að selja út löngu áður en tollinn skal borga, og meira að segja af vörum, sem þeir eru ef til vill nú þegar búnir að selja út. En slíkt er svo ranglátt, að það mætti vel kallast rán, og er alls engin bót mælandi. Eg er því alveg á móti þessu ákvæði. En hitt ákvæðið, um að súr saft skuli tolluð með 30 aurum pr. pott, er þó enn þá vitlausara. Allir vita, að súr saft er nauðsynjavara, sem brúkuð er nálega á hverju einasta heimili. Og þó að einhverjir dónar norður á Siglufirði eða annarsstaðar hafi ef til vill notað súra saft til þess að fylla sig á, þá virðist mér vanvirða fyrir þingið, að vera að hlaupa eftir slíku.

Ráðherra (H. H.): Eg vil minna háttv. 3. kgk. þm. á það, að það eru fleiri vörur tollaðar en þær, sem vínandi er í, t. d. er brjóstsykur tollaður, og er þó enginn vínandi í honum. — Og þar sem háttv. þingm. kallaði það *rán*, að láta sum ákvæði laganna gilda frá 24. febr., þá get eg alls ekki verið honum samdóma. Hér getur ekki verið að tala um neinn ránskap, því allir kaupmenn *vita*, að lögin eru á ferðinni,

og ef þeir panta meira en þeir ella hefðu gert, áður en þeir vita hvernig lögunum reiðir af, í þeim tilgangi, að komast á undan lögunum, þá tefla þeir lukkutafl, sem þeir verða að vera viðbúnir að geta tapað. Háttv. þingm. talaði og um það, að ef frumv. yrði samþykt óbreytt, mundu ýmsir kaupmenn verða að borga toll af vörum, sem þeir *nú þegar* eru búnir að selja. Þetta hygg eg að mundi alls ekki verða algengt, því að flestir þeir, sem á annað borð verzla með vínföng, hafa líklega haft svo mikinn forða þ. 24. febr., að hann er varla uppseldur enn. Að minsta kosti er ólíklegt, að þeir séu búnir að selja mikið af þeim vínföngum, sem þeir hafa fengið til landsins *síðan* 24. febr., og ákvæðið nær að eins til þeirra vínfanga, sem flutzt hafa til landsins *eftir* 24. febr., en ekki til þess forða, er kaupmenn höfðu þá til.

Lárus H. Bjarnason: Eg man ekki í svipinn eftir lögum, er hafi verið látin öðlast gildi áður en þau urðu til. En svo færi, ef ákvæði 3. gr. verður látið standa óbreytt, því að þar er ætlast til að lögin gangi í gildi að nokkru leyti frá 24. febr. Hér er um mjög aðgæzluverða nýjung að ræða, og því er full ástæða til að setja málið í nefnd, enda þarf það ekki að tefjast mjög mikið fyrir því. Það ætti samt sem áður að geta öðlast staðfestingu um miðjan mánuðinn eða því sem næst.

Steingrímur Jónsson: Eg er samdóma hæstvirtum ráðherra um það, að málinu ber að flýta sem mest, og ætti helzt að vera tilbúið í þessum mánuði. En ákvæði 3. gr., sem miðar gildi laganna að nokkru við 24. febr., er svo hart, að deildin þarf að hafa nægan tíma til að hugsa sig vel um, áður en slíkt ákvæði verður samþykt. Það þarf að athuga málið svo sem kostur er á, og helzt í nefnd. — Það er fleira í frumvarpinu en þetta ákvæði, sem þarf athugunar við, t. d. líka 2. málsgr. aftan við 5. tölul. 1. gr. Þar er ætlast til að ef vínföng þau, sem falla undir 2., 3. og 4. tölul. koma í ílátum, sem rúma minna en pott, þá skuli greiða jafnan toll af 3 pelum, sem potti í stærri ílátum. Þar af leiðir t. d., að greiða verður 1 kr. í toll af einni brennivínsflösku. Það er ekki svo að skilja, að mér þyki 1 kr. of hátt gjald, en hér kemur fram misrétti á móts við aðrar áfengistegundir, þar sem tollur af 3 pelum af brennivíni hækkar frá 39 aurum og upp í 1 kr., en af konjaki, whisky o. fl. úr 78 aur. upp í 1 kr. Slík hækkun er ósanngjörn, því að brennivínsnautn mun ekki þeim mun skaðlegri en nautn annara áfengra drykkja, að svona mikill mismunur á tollhækkuninni gæt orðið réttlættur frá því sjónarmiði.

Ráðherra (H. H.): Þessi mikla tollhækkun á brennivíni, sem háttv. 4. kgk. þm. talaði um, kemur ekki niður á öðru brennivíni en því, sem flutt er á 3. pela flöskum. En brennivín flytzt ekki hingað til lands á flöskum, nema ákaviti, og það er lítið keypt. Og eg sé ekkert á móti því, að sama gangi yfir ákaviti sem önnur vín. — Háttv. 5. kgk. þm. talaði um að það væri óvanalegt, að láta lög verka aftur fyrir sig, og er það satt. En eg held þó, að það sé ekki einsdæmi. Mig minnir að svipað ætti sér stað t. d. í Danmörku fyrir ári síðan, þegar nýju tollögin komu þar í gildi, að því er snertir fyrirliggjandi birgðir af vínum.

ATKV.GR.:

Samþykt að vísa málinu til 2. umr. með 8 : 1; ennfremur að skipa 5 manna nefnd í málið, og voru kosnir:

Gunnar Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,

Sigurður Stefánsson,
Ágúst Flygenring,
Steingrímur Jónsson.

Önnur umræða 6. marz (A. 79, 109).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Nefndin hefir verið samdóma um það að ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið. Þarfirnar eru miklar og svo knýjandi, að það verður ekki komist hjá að auka tekjur landsjóðs til bráðabirgða á einn eða annan hátt. Og nefndin álítur hins vegar ekkert verulegt athugavert við það, að fara einmitt þessa leið, til þess að fá tekjurnar auknar. Að vísu er tollhækkunin mikil; en tollarnir verða þó ekki hærri en gerist um sams konar vörutegundir í nágrannalöndunum, t. d. Noregi, auk þess sem þar eru miklu fleiri vörutegundir tollaðar en hér á landi. — Það má nú ekki búast við því, að tekjurnar af tollinum vaxi alveg í hlutfalli við tollhækkunina, því að tollaukinn er mestur á áfengi, og getur vel verið, að það verði til þess, að áfengiskaup í landinu minki. Það væri vel unandi við þær afleiðingar, að dragi úr áfengiskaupum, en eg geri ráð fyrir, að það verði ekki meiri brögð að því en svo, að tekjuaukinn verði þó töluverður, og líklega nógur til þess, að vega á móti tekjuhalla þeim, sem nú er gert ráð fyrir á fjárlagafrumvarpinu.

Nefndin vill flýta málinu sem mest, því að frumvarpið þarf að verða afgreitt sem lög frá þinginu svo snemma, að það verði sent til staðfestingar ekki síðar en með Lauru eða Sterling, sem eiga að fara héðan frá Rvík þ. 20. og 21. þ. m. En einkum leggur nefndin áherzlu á þetta, *ef* breytingartillagan við 3. gr. frumv. verður samþykt, og því óskar nefndin að sú breytingartillaga, hin síðari á þingskj. 109, verði borin upp fyrst. Ef breyt.till. verður ekki samþ., er nfl. ekki nærri eins áríðandi að hraða málinu, því að lögin gilda þá hvort sem er að miklu leyti frá fastákveðnum tíma, 24. f. m. (febr.).

Hin breytingin, sem nefndin fer fram á, sú fyrri á þingskj. 109, er innifalin í því, að tollurinn verði 5 aurum hærri á brendu kaffi en óbrendu. Þetta er gert til þess að girða fyrir, að menn komist hjá tollhækkuninni með því að flytja inn brent kaffi í stað óbrends, vegna þyngdarinnar. — En þetta er ekki svo mikið atriði, að nefndin vilji *þess vegna* senda málið aftur til neðri deildar. Og því verður þessi breyt.till. tekin aftur, ef breytingartillagan við 3. gr. frumv. verður feld.

Nefndin álítur óeðlilegt það ákvæði 3. gr., að aðflutningsgjald eftir frumvarpinu skuli greitt af vörum, sem flytjast til landsins eða hafa flutzt alt frá 24. febr. Það er alt af óeðlilegt, að lög séu látin gilda áður en þau verða til; og einkum er það bæði óeðlilegt og hart, að láta lögin gilda frá þeim tíma, þegar þau voru komin svo skamt á leið, eins og þetta frumv. var þ. 24. f. m. Og því varhugaverðara er þetta, þegar um er að ræða svo hörð lög, sem þessi eru. Tollhækkunin er gífurlega mikil og kæmi mjög hart niður á mönnum, sem ef til vill hafa verið búnir að panta svo og svo miklar vörubirgðir í góðri trú, og verða svo máske að liggja með vörurnar miklu lengur en ella, einmitt vegna tollhækkunarinnar eða þar af leiðandi verðhækkunar. — Það er enn eitt að athuga um þetta ákvæði, að lögin skuli gilda fyrir sig fram, nfl. að lögin gætu að þessu leyti orðið mjög óheppilegt fordæmi fyrir íslenzka löggjöf framvegis. Ef slíku væri beitt um mörg lög, gæti orðið undarlegt réttarástand í landinu.

Loks mundu lögin eða tollhækkunin

koma misjafnlega hart niður á mönnum, ef þetta ákvæði nær fram að ganga. Það er kunnugt orðið, að sumir kaupmenn í Reykjavík fengu afarmiklar birgðir af vörutegundum þeim, sem hér er um að ræða, rétt fyrir þann tíma, sem gildi laganna á að miðast við. Þessir menn mundu standa miklu betur að vígi, óverðskuldað, heldur en aðrir, sem ef til vill hafa pantað á alveg sama tíma, en ekki fengið vörurnar fyr en eftir 24. febr., vegna óheppilegra skipaferða eða af öðrum ástæðum. Eg legg mikla áherzlu á þetta atriði; og hefði ef til vill verið betra að leggja gjaldaukann á allar vörubirgðir manna. En þá væri þó ekki um eiginlegt aðflutningsgjald að ræða. Tekjuaukinn hefði orðið töluverður á þann hátt; en tekjuaukinn af þessu, að láta lögin gilda fyrir sig fram, frá 24. febr., verður svo óverulegur, að það sýnist lítil ástæða til að fara inn á svo viðsjárverða braut.

Af þessum ástæðum vill nefndin breyta ákvæðinu. En hún vill þó ekki gera það að kappsmáli, ef það þyrfti að verða frumvarpinu að falli. En það mun varla koma til þess, að þetta verði kappsmál á milli deildanna. Eg vona að neðri deild haldi ekki svo fast við þetta ákvæði. Að minsta kosti er engin áhætta að láta málið fara aftur til neðri deildar, því að ef breytingin gengur ekki í gegn þar, svo að frumv. verði óbreytt eins og það er nú, þá er ekki nærri eins mikil nauðsyn að hraða málinu, af þeirri ástæðu sem eg gat um áðan. Aftur er áríðandi að flýta málinu sem mest, ef breytingartillaga nefndarinnar yrði ofan á, og því legg eg til, að hún verði samþykt, og málið afgreitt til Nd. sem allra fyrst.

Sigurður Stefánsson: Eg skrifaði undir álit nefndarinnar með fyrirvara, ásamt öðrum nefndarmanni. En það var ekki af því, að við værum ánægðir með viðbót neðri deildar, þetta ákvæði, að lögin gildi frá 24. febr. Mér þótti það ákvæði strax varhugavert. En eg hafði ekki tíma til að athuga málið nægilega og hafði því fyrirvarann að eins til þess, að hafa vaðið fyrir neðan mig, ef mér kynni að lítast annað við betri umhugsun. — Eg felst alveg á athugasemdir hins háttv. 4. kgk. þm. við frumv. Það er óviðkunnanlegt og óheppilegt, að láta lög verka fyrir sig fram. — Eins og háttv. þingm. tók fram, er það kunnugt, að sumir kaupmenn hér í bænum hafa fengið miklar birgðir af þessum vörutegundum, sem hér er um að ræða, skömmu fyrir þann tíma, sem ætlast er til að lögin komi í gildi. Þeir fá því hlunnindi fram yfir aðra, sem ef til vill hafa pantað vörur á sama tíma, en gátu ekki fengið þær fyr en eftir 24. febr. Þeir verða svo ef til vill að liggja með vörur sínar svo og svo lengi, af því að þeir geta ekki staðið sig við að selja eins lágu verði eins og hinir, sem voru svo heppnir, að fá vörur sínar fyrir 24. febr. og sluppu þar af leiðandi við tollaukann. Það er ekki rétt af þinginu að koma af stað svona misrétti. Hins vegar er nauðsynlegt að auka tekjur landsjóðs, og væri æskilegt, að tekjuaukinn af tollhækkuninni yrði sem mestur. Þess vegna væri ef til vill réttara, að leggja tollaukann á allar birgðir manna, er lögin ganga í gildi. Þá munaði meir um tekjuaukann, og það væri líka betra að því leyti, að þá væri öllum gert jafnt undir höfði. Það væri minna út á það að setja frá formsins hlið, því að á þann hátt kæmist maður hjá því, að láta lögin gilda fyrir sig fram. — Þetta væri ef til vill betra, en þó töluvert varhugavert. Eg veit ekki hvort eg kem með breytingartillögu við frumv. í

þessa átt, en áskil mér rétt til þess við 3. umr., *ef* mér sýnist svo við nánari umhugsun.

Ari Jónsson: Eg er alveg samdóma nefndinni um breytingartillögur hennar, en vildi að eins athuga dálítið þau orð háttv. þm. Ísf., að hann hefði hugsað sér aðra breyt.till., sem hann ef til vill kæmi fram með við 3. umræðu málsins. Eg er fullkomlega samdóma háttv. 4. kgk. þm. um það, að það er mjög óhyggilegt að komast inn á þá braut, að láta lög hafa áhrif á viðskifti manna áður en þau (lögin) verða til, eða að láta lög gilda fyrir sig fram. En breyting sú, sem háttv. þm. Ísf. mintist á, fer einmitt í þessa stefnu; fer alveg í sömu átt eins og það ákvæði frumvarpsins, sem nefndin vill breyta, en fer bara ennþá lengra. Því að ef tollaukinn væri lagður sem skattur á allar birgðir manna þegar lögin koma í gildi, væri öllum gert jafn rétthátt eða réttlágt undir höfði. Þá væri gengið ennþá lengra í því, að láta lög hafa áhrif á viðskifti manna áður en þau (lögin) verða til, heldur en gert er í frumv. eins og það er. Frumvarpið fer nú ekki lengra en það, að tollaukinn nær til þeirra manna, sem hafa ætlað að komast hjá honum með því að vera nógu fljótir til að panta; en ef slík breyting, sem háttv. þm. Ísf. stakk upp á, væri samþykt, næðu lögin líka til þeirra manna, sem engan slíkan tilgang hafa haft, og ef til vill keypt vörur sínar fyrir mörgum mánuðum eða jafnvel missirum. Þá væri síðari villan verri hinni fyrri.

Lárus H. Bjarnason: Eg var ekki viðstaddur meðan háttv. framsm. talaði, og því getur verið að eg kunni að taka eitthvað upp af því, sem hann hefir sagt, en þó verð eg að segja nokkur orð.

Eg álít 3. gr. frumv. eins og hún hefir verið samþ. við 3. umr. í Nd. ekki að eins óeðlilega, heldur jafnvel óhæfilega, ef ekki beinlínis ólöglega. Eg sé ekki betur, en að ákvæðið um, að greiða skuli aðflutningsgjald af tollskyldum vörum samkvæmt þessum lögum alla leið frá 24. febr. 1909 sé beint brot á tolllögunum frá 8. nóv. 1901. Eftir tolllögunum frá 1901 legst tollgjald á vörur um leið og skip það hafnar sig, sem vörurnar flytur inn í landið. Allar vörur, sem nú eru komnar inn í landið og toll ber að greiða af, eru því tollskyldar eftir tolllögunum frá 1901. Það er hreinn og beinn hugarburður að segja að vara, sem komin er í íslenzka höfn, sé tollskyld eftir »lögum«, sem enn eru ekki orðin að lögum. Eg vil ennfremur benda á, hvort það muni ekki koma helzt til nærri anda 50. gr. stj.skrár. eða jafnvel orðun hennar, að láta lögin ná svona fyrir sig fram. Þeir menn, sem nú hafa eignast tollskyldar vörur, eiga þær t. d. í skipi, sem hefir nýlega hafnað sig, þeir eiga þessar vörur með þeim takmörkunum einum, sem *nú*gildandi lög gjöra á eignarrétti þeirra, eða með öðrum orðum, eiga þær með núgildandi tollskyldukvöð.

Það er auk þess mjög varúðarvert fyrir löggjafarvaldið, að beygja inn á þessa braut, að láta lög ná fyrir sig fram. Afleiðingarnar gætu orðið hvorki meiri né minni en þær, að þá mætti aftaka svo að segja hvern rétt sem finst í landi voru. Það mætti þá koma aftan að mönnum og svifta þá hverjum rétti sem væri, hversu vel og dýrt sem þeir hefðu aflað hans. Eg vona því að þessi »nýi siður« verði ekki tekinn upp, enda mun ekkert fordæmi til slíks finnast hér á landi. Tolllögin frá 1907 ganga lengst. Þau gengu í gildi sama dag og konungur staðfesti þau. Hæstv. ráðh. skaut því að vísu fram, að fordæmi fyndist í Danmörku, nfl. tolllögin nýju. En eg held að þetta sé ekki rétt, því að lögin

ganga í gildi 1. jan. 1909, en voru samþykt í maí 1908. Hitt er annað mál, að konungi var falið að láta lögin, að því er snerti toll á nokkrum vörum, öðlast gildi með kgl. tilskipun *fyrir 1. jan. 1909*, ef á þyrfti að halda til þess að stemma stigu fyrir tollspekulationum, og það er eitthvað annað en hér er farið fram á. Þótt hæstv. ráðh. hafi þannig heldur mælt með frumv. Nd., þá er það vitanlega ekki af því, að hann sé með því í principinu, heldur af því að hann er hræddur um, að ekki verði með öðru móti girt fyrir, að menn fari kring um lögin.

En þó að lögin verði samþykt eins og þau komu frá Nd., ná þau samt sem áður ekki þeim tilgangi, sem til er ætlast. Það eru til kaupmenn, sem þegar hafa farið í kring um þenna tilgang laganna og þessi lög ekki mundu ná til. Mér er sagt af 1 eða 2 Reykjavíkur kaupmönnum, sem hafi keypt annar 150 tunnur en hinn 160 tunnur af brennivíni. Þeir sáu við lekanum og settu undir hann í tíma, fengu brennivínið með »Sterling« 9. febr., vitanlega af því, að allir voru ekki eins þéttir og þeir áttu að vera, annaðhvort í stjórnarráðinu eða í prentsmiðjunni. Og þannig næðu þessi lög ekki tilgangi sínum gangnvart þessum mönnum.

Hins vegar er engin hætta á, að kaupmenn geti farið kring um lögin úr þessu. Því er óhætt að halda hinum gamla og gilda sið, að láta lögin þá fyrst ganga í gildi, er konungur hefir staðfest þau. Kaupmenn geta ekki náð sér í nein vínföng áður en konungur staðfestir þau, ef frumv. er flýtt hér í deildinni og Nd. Héðan fer skip til útlanda næsta mánudag. Ef frumv. yrði tekið hér til 3. umr. í dag með afbrigðum frá þingsköpunum mætti ljúka því í Nd. á mánudagsmorguninn og gæti þá stjórnin væntanlega afgreitt það til konungs með þessu skipi. Með þessu móti gæti frumv. orðið að lögum um miðjan þenna mánuð, en þá gætu kaupmenn hvorki náð hingað víni með »Sterling«, sem er farin frá Höfn, né með »Ceres«, áður en lögin yrðu undirskrifuð af konungi. Ef þessum framgangsmáta væri fylgt, félli alt í ljúfa löð, og jafnframt þá komist hjá því, að fremja lögleysu.

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eg vil að eins geta þess vegna þess, sem háttv. þm. Ísf. sagði, að eg væri með því að láta lögin verka fram fyrir sig, að þar með meinti eg alls ekki, að eg væri með svo háskalegu ákvæði, heldur hitt, ef það yrði ofan á að lögin yrðu látin verka fram fyrir sig, þá væri rétt að taka skrefið fult og láta þau t. d. gilda frá 1. jan., til þess að gera öllum jafnt undir höfði, láta ekki svo ströng og ill lög bitna á einstöku mönnum. Ef skip fer á mánudag eða þriðjudag álít eg alveg sjálfsagt að afgreiða lögin svo fljótt, að þau geti komist á því skipi, til þess að geta fengið undirskrift konungs.

Ráðherra (H. H.): Eg ætla ekki að verja þá viðbót, sem frumv. fekk í Nd., að hún er óvanaleg og getur verið varhugaverð. En eg sé þó ekki, að hér sé neitt alveg spánnýtt á ferðinni; eg vil t. d. nefna bitterskattinn á fyrirliggjandi birgðir, sem samþ. var á þingi 1907; það var að forminu dálítið öðruvísi, en útkoman svipuð í reynd; það var lagt gjald á birgðir, sem búnar höfðu verið til á undan lögunum, meðan ekkert gjald var á slíkri framleiðslu. (*L. H. Bj.:* Það var skattur en ekki tollur). Eg kannast fúslega við það, að það er ekki heppilegt að innleiða þá lögvenju, að láta lög verka aftur fyrir sig. Það er einnig rétt hjá háttv. 5. kgk. þm., að tollurinn er fallinn í gjalddaga þegar skip kemur í höfn.

Eftir því sem mál þetta er nú komið,

held eg, að þörfin á þessari viðbót háttv. Nd. fari að verða mjög lítil, því að menn hafa þegar við umr. um hana hér í þinginu, sem talsíminn jafnóðum hefir borið fréttir um út um alt land, fælst frá því að panta svo mikið, að landsjóður þurfi nein örþrifaráð að taka þess vegna. Eg held því, að nægilegt sé að lög þessi öðlist gildi á staðfestingardegi, ef þau komast að eins til konungs með fyrsta skipi.

ATKV.GR.:

Eftir ósk nefndarinnar var fyrst gengið til atkvæða um breyt.till. við 3. gr.

2. br.till. (109) við 3. gr. sþ. með 11 samhlj. atkv.

1. br.till. (109) við 1. gr. stafl. a. sþ. í e. hlj.

1. br.till. (109) við 1. gr. stafl. b. sömuleiðis

1. gr. þannig breytt sþ. í e. hlj.

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

3. gr. breytt sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkvgr.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umr.

Þriðja umræða 8. marz (A. 127, 132, 134).

Gunnar Ólafsson: Breyt.till. mín er fram komin af því, að skiftar skoðanir eru hér í deildinni um það, hvenær lögin skuli ganga í gildi. Nd. vildi láta þau ganga í gildi 24. febr., en það ákvæði var felt hér við 2. umr., svo sem sjálfsagt var, og skal eg ekki tala frekar um það. En þar sem þingið hefir nú haft þetta frumv. til meðferðar í nærfelt mánuð og þar með gefið kaupmönnum færi á að flytja til landsins miklar birgðir vínfanga í viðbót við það, er þeir hafa flutt þessir, er vissu af frumv. löngu fyrir þing, þá er þetta eina og sjálfsagða ráðið, að leggja skatt á allar vínbirgðir í landinu, þegar lögin öðlast gildi.

Með því er tilganginum náð, að fá tekjur í landsjóð, og um leið hindrað það misrétti, er fram kemur meðal vínsölumanna, þar sem þeir, er birgðum hafa náð áður en lögin öðlast gildi, geta selt svo ódýrt, að hinir alls ekki geti selt neitt

Það er vitaskuld, að þingið á ekki að sjá um þetta beinlínis, og það er ekkert aðalatriði. En það á ekki að hjálpa mönnum til að skjótast undan réttmætu gjaldi, svo sem hér kemur í ljós, ef frumv. verður samþykt óbreytt. Verði þessi breyt.till. mín samþykt, þá kemur hún í veg fyrir allan órétt. Hún eltir engan sérstakan, en gjörir öllum jafn hátt undir höfði, með því að láta borga af öllum birgðum, sem í landinu eru þann dag, sem lögin öðlast gildi. Þegar tollurinn er kominn á, þá hækka kaupmenn eðlilega verð vörunnar eins fyrir því þótt þeir hafi aflað birgðanna áður en tollur lagðist á. Það er ekki kaupmaðurinn, heldur kaupandinn, sem í raun og veru borgar tollinn, og það er ekki ranglátt, að leggja skatt á þessa vöru, þó að fordæmi finnist ekki fyrir því, eins og svo margir tala um nú. Eg vona að þessi stefna, sem eg fer fram á, verði tekin, þegar tollar eru hækkaðir eða nýir tollar lagðir á í framtíðinni. Þá mundu kaupmenn ekki leggja þvílíkt kapp sem nú á það, að flytja mikið inn í landið áður en lögin ganga í gildi, til þess að smeygja sér hjá tollgreiðslunni. Eg áfelli vitanlega ekki kaupmenn, þó að þeir reyni að komast hjá því, að falla undir nýrri tollög, en það er þingið sem á að sjá um það, að menn skjótist ekki undan réttmætum gjöldum til almenningsþarfa. Það hlýtur hver maður að játa, að ef helmingur af þessum 22 vínsölum í landinu hafa birgt sig upp til heils árs eða meira, áður en lögin ganga í gildi, að þá er tap fyrir landsjóð sjálfsagt 50 þús.

kr. eða meira. En ef tollur yrði lagður á birgðirnar, þá er það þó ekki svo, sem sumir halda fast fram, að kaupmenn verði fyrir fjártjóni, missi af réttmætum arði, heldur hitt, að þingið lætur þá ekki leika með sig, gefur þeim ekki færi á að birgja sig upp, á meðan að verið er að búa til lögin, upp á annað en að þeir borgi af þeim birgðum. Ef menn halda að ekkert fordæmi sé til, og án þess virðist nú ekkert vera gjörlegt, þá má benda á lög 1907 um bitter og vindlagjörð. Þeir sem áttu bitter í verzlunum sínum, urðu að gefa drengskaparvottörð um það, hvað mikið þeir hefðu, og gjalda skattinn samstundis.

Þetta var vitanlega alveg rétt, eftir því sem á stóð, svo sem hæstv. ráðh. benti á við 1. umr. þessa máls hér í deildinni. Og eins og það var rétt að leggja skatt á bitterbirgðirnar, svo er það og rétt og sjálfsagt að leggja nú skatt á vínbirgðirnar í landinu, jafnskjótt og lögin um tollhækkunina öðlast gildi.

Það má ekki taka tillit til þess, þó þessi lög komi ekki öllum vel, því að það verður að líta á hag almennings. Kaupmönnum er engi óréttur gerður; það eru þeir sem kaupa, sem verða að borga brúsann, og það er rétt. Í tillögu minni er farið fram á að kaupmönnum sé gefinn all langur gjaldfrestur á skattinum, og er það gjört til þess að hugnast þeim, er mestra birgða hafa aflað sér, sérstaklega þeim er fyrir þeirri náð hafa orðið að fá vitneskju um tollhækkunina, á meðan frumv. var í höndum stjórnarinnar.

Þeir eiga það skilið, eða öllu heldur, þeir þurfa þess með, þar sem þeir hafa svo miklar birgðir!

Lárus H. Bjarnason: Eins og Nd. hafði skilið við frumv., áttu lögin að ná gildi frá 24. febrúar, en þrátt fyrir þetta mjög svo athugaverða nýmæli, hefðu lögin þó ekki náð tilgangi sínum. Br.till. háttv. þm. V.-Sk. er að því leyti betri, að verði hún samþykt, þá næst tilgangur laganna, þar sem hún girðir fyrir það, að kaupmenn græði á því að hafa spekúlerað í lögunum. En tillagan hittir ekki aðeins markið, hún fer yfir markið. Eftir henni yrðu allar birgðir, hversu fornar sem væru, tollaðar eftir þessum lögum, sem nú er á ferðinni, en það er ekki að eins harka, heldur er það grimd. Að því leyti til er tillagan miklu verri. Og þó að háttv. þm. kalli gjaldið ekki »toll«, þá er það í rauninni tollur, og því eiga allar þær ástæður við þetta gjald hans, sem eg hreyfði við 1. umræðu. Eg skil annars ekki hvað háttv. þm. gengur til þessarar grimdar. Þessi drekahali, sem háttv. þm. nú er að reyna að klína á frumvarpið, var upphaflega fundinn upp af nefndinni í Nd., en þingmenn þar lögðust svo hart á móti tillögu nefndarinnar, að nefndin sá sér ekki fært að halda tillögu sinni til atkvæða. Tillagan mætti þar svo mikilli mótstöðu, að enda einn háttv. þm. (þm. Vestm.), sem hefði grætt mikið á tillögunni, lagði gagngert á móti henni, áleit hana svo gagnstæða öllu réttlæti og sanngirni, að hún gæti ekki komið til mála.

En hér verður einnig að gæta þess, að þetta gjald er lítilræði fyrir landsjóð, en skiftir hinsvegar miklu fyrir kaupmenn. Aðeins 2 Reykjavíkurkaupmenn pöntuðu vínföng þegar þeir heyrðu að frumvarpið var á leiðinni, og það hæfir ekki að áfella þá fyrir það, þeir gripu að eins það tækifæri, sem hver duglegur kaupmaður mundi hafa notað. Það á því ekki að hegna þeim með háum fjárútlátum. Væri nokkur refsingarverður, væri það þeir, sem ljóstuðu því upp, að frumv. væri á leiðinni. Auk þess sem þetta ákvæði lenti á öllum þeim, sem hafa gamlar birgðir, kæmi það óþarflega hart niður á kaupendum.

Það yrði ekki til að draga úr drykkjuskapnum; drykkjumaðurinn myndi súpa sopann sinn eins og áður; það yrði ekki til annars en að minka brauðbita konunnar og barnanna. Mér þykir það ilt, að svona slæm tillaga er komin fram. Rómverjarnir gömlu fóru eftir bono et æquo (sanngirni), þar sem lög náðu ekki til. En hér skal beitt hörku, eða öllu heldur grimd, og slíkur hugsunarháttur er ekki líklegur vottur þess, að vér séum því vaxnir að koma á kviðdómum, sem mig og marga aðra góða menn þó langar til að ætti ekki langt í land. Flutningsmaður till. sagði að tillagan yrði að vera svona, til að girða fyrir, að kaupmenn birgðu sig upp til margra ára. En eg vil segja háttv. flutningsmanni það, að það er óþarfi að setja svo stórt trog undir svo ólíklegan leka, því að skipaferðum er svo háttað nú, að kaupmenn geta ekki dregið að sér meira, þangað til lögin gætu með réttu móti öðlast gildi, sem sé frá og með staðfestingu konungs. Dæmið, sem háttv. þm. nefndi bitterdæmið, er ekki heppilega valið, því að það gjald er framleiðslugjald, enda stóð öldungis sérstaklega á þar, sem voru allar bitterbirgðir Valdimar Petersens, og þau lög áttu ekki að öðlast gildi fyr en eftir venjulegan 12 vikna tíma, svo að þar var leki, sem setja þurfti undir. Eg býst við að ekkert slíkt fordæmi finnist í »det samlede danskeRige«. Því að tilvitnunin í dönsku tolllögin nýju er röng, eins og eg hefi áður drepið á. Það væri jafnmikil grimd að láta tolllög gilda fram fyrir sig, eins og það þykir óhæfilegt, að hegningarlög nái fyrir sig fram. Það væri það sama, og segja kaupmönnum sem nokkrar birgðir hefðu, að hella svo miklu niður af þeim, sem gjaldinu næmi. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, vona að háttv. deild felli till., en flýti að öðru leyti sem mest fyrir frumv.

Gunnar Ólafsson: Háttv. 5. kgk. þm. játaði það, að lögin mundu ná betur tilgangi sínum, ef skattur væri lagður á allar vínbirgðir í landinu, eins og hér er farið fram á, og eins hitt, að lögin kæmu þá ekki sérstaklega ranglega niður á einstökum mönnum. Um þetta hvorttveggja er hann mér því alveg samdóma. En háttv. þm. hélt því fram, að það væri ekki rétt, sem eg sagði, að þingið 1907 hafi tekið upp alveg sömu stefnu með ákvæði 3. gr. í lögum frá 16. nóv. 1907 um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á bitter. Með leyfi hæstv. forseta vil eg lesa upp greinina eða það ákvæði í henni, sem hér skiftir máli. Það hljóðar svona: »Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum og bitterum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt.« Ef þettta fer ekki í sömu stefnu, sem breytingartillaga mín, þá veit eg ekki, hvernig það ætti að vera líkara. Háttv. þm. talaði líka mikið um það, að vínið hækkaði í verði, en drykkjumenn drykkju eftir sem áður, og yrði þetta því til þess að taka brauðið frá börnunum o. fl. því líkt. En þetta er æði hæpin röksemdaleiðsla, eða öllu heldur, þetta er hin mesta firra. Eftir því ætti að vera áríðandi að styðja sem mest að því, að vín fengist í landinu með sem allra lægstu verði, og væri þá rétt að lækka tollinn fremur en hækka. En þetta kemur ekkert því máli við, sem hér er um að ræða, því að menn eru einmitt sammála um að hækka tollinn, en breytingartillaga mín fer aðeins í þá átt, að tollaukinn komi jafnara niður, og lögin nái tilgangi sínum. — Það er ekki rétt að kalla það grimd, þó að skattur sé tekinn af ónauðsynlegri vöru og skaðsamlegri. Ákvæðið, sem farið er fram á,

að samþykt verði, kemur sér illa fyrir nokkra menn, sem á óleyfilegan hátt hafa komist að því, að lögin voru í aðsigi, en það á ekki og má ekki taka tillit til þess. Ef sú stefna væri tekin, sem ætti að vera, að ný tolllög eða tollaukalög næðu altaf til birgða þeirra sem fyrir voru, þá væri loku skotið fyrir slíkar »spekulationir« framvegis, sem nú hafa átt sér stað. — Háttv. sami þm. hélt því enn fram, að ekkert fordæmi væri fyrir slíku í íslenzkri löggjöf. Þó svo væri, þá væri það engin ástæða, því að ef aldrei má taka upp neina nýja stefnu, ef aldrei má gera neitt, sem ekki hefir verið gert áður, þá verður lítið um nýmælin og lítið um framfarirnar. Það sjá allir, að það dugar ekki að binda sig við slíkt. En fordæmið er til í þessu efni, svo sem eg benti á áður, og ætti það að vera huggun fyrir þá háttv. þingmenn, er berjast móti breytingartillögu minni sakir vantandi fordæma, sem þeir segja. En sem eg álít að sé af nokkru öðru.

Agúst Flygenring: Háttv. þm. V.-Sk. hélt því fram, að það væri til fordæmi fyrir því í íslenzkri löggjöf, að láta ný tolllög eða skattalög gilda um birgðir, sem til eru þegar lögin verða til, og þetta fordæmi væri lögin um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á bitter frá 1907. Útaf þessu vil eg leyfa mér að gefa nokkrar upplýsingar, sem sýna að þar stóð alt öðru vísi á en nú. Í tolllögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901 var lagt *aðflutningsgjald* á bitter. En tilgangurinn náðist ekki af því, að sá, sem mestan seldi bitter hér landi þá, fór jafnharðan að búa hann til í landinu sjálfu, þegar tolllögin gengu í gildi, og slapp þannig við að greiða allan toll, en hækkaði þó verðið sem tollinum svaraði og stakk honum þannig óbeinlínis ásamt gróðanum í sinn eigin vasa. Sumarið 1907, þegar stjórnin lagði frumv. um sölutoll á bitter fyrir þingið, var þegar búið að flytja inn í landið efni í bitter og »fabrikera« svo mikið, að birgðirnar voru til fjölda margra ára. Eg þarf ekki að geta þess í hverju skyni þessar feikna stóru birgðir voru búnar til þá. Þá var því um ekkert annað að gera, en leggja skatt á birgðirnar, eða láta manninn sleppa við allan skatt að öðrum kosti. Kringumstæðurnar voru þannig alt aðrar þá en nú, því að tilgangi laganna varð alls ekki náð á annan hátt. Auk þess sem um var að ræða svo gagnslausa og jafnvel skaðlega vörutegund, sem bitteressens er.

Í annan stað vildi eg aðeins minnast á þessa ívilnun, sem á að liggja í niðurlagi breytingartillögunnar, þar sem talað er um að veita megi áreiðanlegum kaupmönnum 6 mánaða frest á gjaldinu. Eg veit ekki hvað þetta ákvæði á að þýða, því að eftir lögunum um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, má veita ársfrest á gjaldinu. Eg sé ekki betur en að ákvæðið sé þýðingarlaust.

Annars er eftir almennri réttarmeðvitund alveg rangt, að leggja nýjan toll á vörur, sem búið er að flytja inn og búið er að borga lögboðinn toll af áður. Eg er móti þessu ákvæði, af því að það er blátt áfram ranglátt, en ekki af því, að mér sé svo sérstaklega ant um þessa tvo menn, sem sagt er að hafi fengið áfengisvörubirgðir í síðastl. mán., heldur af því, að þeir eiga eins og aðrir menn fullan rétt á, að fjárhagslegum kringumstæðum þeirra sé ekki þröngvað með ranglindum og að ástæðulausu. Slíkt verður ekki varið, hver sem í hlut á, og sízt ætti alþingi að gjöra sig sekt í því.

Sigurður Hjörleifsson: Mér finst eins og háttv. deildarmönnum hætti við að gleyma aðalatriði málsins, nfl. því, að tryggja landsjóði tekjuauka. Ef það

tekst ekki, eru lögin gagnslaus. Mig furðaði mjög á ræðu háttv. 5. kgk. þm. Hann lagði mikla áherzlu á þá grimd, sem væri innifalin í því, að láta lögin ná til allra vörubirgða. En sami háttv. þm. gaf þær upplýsingar við 2. umræðu málsins, að tveir kaupmenn hér í Reykjavík hafi á óleyfilegan hátt fengið njósnir af undirbúningi þessara laga, og hafi því birgt sig upp til margra ára. En hvernig fer þá, ef slíks eru mörg dæmi? Mundi þá ekki verða harla lítið gagn að ákvæðum laganna? Og ef svo er, að nokkrir menn hér í bænum hafa haft njósnir af lögunum, er lítil trygging fyir því, að menn úti um land hafi ekki líka fengið einhvern pata af þeim. Það fréttist margt með ritsímanum. Eg get sagt fyrir mig, að áður en eg fór af stað frá Akureyri, var eg búinn að heyra ávæning af því, að til stæði veruleg hækkun á tolli. Og úr því þetta hafði heyrst bæði í Reykjavík og á Akureyri, er ekki ólíklegt að svo hafi verið víðar. Þessvegna finst mér full ástæða til að setja ákvæðið inn í lögin, að láta tollaukann ná til allra birgða. Annars koma lögin alls ekki að tilætluðum notum.

Háttv. 3. kgk. þm. hélt því fram, að ákvæðið um umliðan á gjaldinu væri þýðingarlaust af því, að gjaldfrestur væri heimilaður í tolllögunum hvort sem er. Þetta er ekki rétt athugað. Hér er ekki um aðflutningsgjald að ræða, heldur skatt, sem greiða skal af vörubirgðum. Þess vegna er ekki úr vegi að taka það skýrt fram, ef ætlast er til að gjaldfrest megi veita.

Háttv. 5. kgk. þm. lagði mikla áherzlu á það, að ákvæðið mundi ekki koma eins hart niður á kaupmönnum eins og kaupendunum, af því kaupmenn auðvitað hækka verðið sem tollaukanum nemur. Og hann talaði um það, að þetta yrði til þess að taka brauðið frá konum og börnum drykkjumannana. En hvers vegna er þessi háttv. þm. þá ekki móti öllum tolllögum. Vitanlega koma öll slík lög niður á kaupandanum, og því er engin ástæða til að vera með neina mannúðarmælgi út úr þessu atriði, fremur en lögunum í heild sinni, eða öllum tolllögum yfir höfuð.

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eg get verið fáorður um breytingartillöguna, því að háttv. 3. og 5. kgk. þm. hafa tekið ómakið af mér. Við 2. umr. málsins færði eg fram ástæður á móti viðbótarákvæði Nd. við frumvarpið, þar sem ætlast var til að lögin giltu frá 24. febrúar. Þær ástæður gilda jafnt á móti breytingartillögu þessari, því að það ákvæði, sem hér er farið fram á, hefir sömu höfuðgallana sem hitt. Að vísu er þetta ákvæði betra að því leyti, að trygging er meiri fyrir því, að tekjuaukinn náist, og eins hitt, að af því stafar ekkert misrétti milli kaupmanna. En hvorugt af þessu var aðal ókosturinn við ákvæðið frá Nd., heldur hitt, að taka upp þá reglu, að láta lög gilda aftur fyrir sig, að láta ákvæði laga gilda áður en lögin eru orðin til, og svifta menn á þann hátt vel fengnum réttindum. Það er réttur kaupmannsins, að verða ekki neyddur til að borga aftur toll af vörum, sem hann hefir keypt, ef til vill fyrir mörgum árum, og er búinn að borga lögboðinn toll af. Þetta ákvæði er enn þá harðara en hitt, að því leyti, að það nær ekki aðeins til þeirra, sem hafa haft þann tilgang, að komast hjá tollaukanum, heldur líka til allra, sem eiga afgang af vörubirgðum frá síðustu árum. — Tollaukinn hlýtur að verða til þess, og á að verða til þess, að áfengiskaup í landinu minki. En ef svo verður, og tollaukinn nær til allra birgða, þá verða þeir menn tvöfalt hart úti, sem hafa birgt sig vel upp í þeirri von, að geta

selt vörurnar á hæfilega löngum tíma, en verða svo að liggja með þær afar lengi.

Það er auðvitað æskilegt, að tekjuauki landsjóðs verði sem mestur, en það verður þó að gæta þess, að fara eftir réttum löggjafarreglum. Það er varhugaverð og háskaleg braut, sem þingið kemst inn á, ef það tekur upp þá reglu, að láta lög verka aftur fyrir sig. Með því er kipt burtu öllum grundvelli undir sæmilegu réttarástandi í landinu. Ef byrjað er á slíku, má verja flest. Þá mætti jafnvel fara að láta ströng hegningarákvæði verka aftur fyrir sig, og sjá allir hver háski væri af því búinn.

Eg skal ennfremur geta þess, að samskonar tillaga og þessi kom fram í Nd., en var ekki borin upp, eingöngu af þeirri ástæðu, að það voru engar líkur til að hún yrði samþykt. Ef við nú samþykkjum þetta ákvæði, þá verður það að öllum líkindum til þess, að frumvarpið hrekst á milli deildanna og tefst svo, að lögin koma enn þá seinna að gagni; en gætu annars orðið tilbúin svo fljótt, að þau yrðu send með ferð sem fellur til útlanda einmitt nú þessa dagana. — Eg ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en vona að háttv. deildarmenn felli breytingartillöguna.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal nú játa það, að dæmið, sem háttv. þm. V.-Sk. nefndi frá þinginu 1907, er ekki alveg ólíkt því, sem hér er um að ræða. Eg hélt áður að háttv. þm. ætti við lögin nr. 9 31. júlí 1907, en sé nú að hann hefir átt við lögin frá 16. nóv. 1907. En eg skal jafnframt geta þess, að eg var ekki ánægður með þá aðferð, þó að eg léti hana afskiftalausa, *af því*, að alveg sérstakar kringumstæður voru fyrir hendi, eins og háttv. 3. kgk. þm. hefir svo ljóslega skýrt frá. Og þó að einu sinni hafi verið gert eitthvað varhugavert, er síður en svo ástæða til að gera það endilega aftur.

Það er annars hart, að konungkjörna liðið á þingi skuli þurfa að heyja baráttu gegn þjóðkjörnum þingmönnum, til þess að verja þá grundvallarreglu frjálsrar löggjafar, að ný lög séu ekki látin verka aftur fyrir sig, að konungkjörna liðið skuli þurfa að vernda frjáls viðskifti borgaranna fyrir slíkri ásælni af hendi löggjafarinnar.

Háttv. þm. Ak. sagði að lögin mundu verða gagnslaus, ef breyt.till. yrði ekki samþykt. Þetta er ekki rétt, því að eins og eg hefi áður bent á, geta kaupmenn ekki héðan af pantað og fengið vörur sendar nógu snemma til þess að sleppa við tollaukann, ef lögunum verður hraðað. Það eru að eins 2 menn hér í bænum, sem hafa fært sér í nyt vitneskjuna um að lögin voru í aðsigi. Eg hefi aldrei kallað þetta óleyfilegt atferli af þeirra hálfu, mennirnir voru auðvitað í fullum rétti og gerðu ekki annað en það, sem hverjir aðrir »góðir« kaupmenn hefðu gert. En þar sem aðeins er um 2 menn að ræða, sýnist lítil ástæða til að samþykkja breytingartillöguna af þeim ástæðum. En háttv. þm. V.-Sk. hefir líklega ætlast til, að kaupmenn skelfdust svo við þetta fordæmi, yrði það að lögum, að þeir þyrðu aldrei að »spekúlera« af óttа fyrir því, að svo kynni að verða farið með þá framvegis, sem nú er ætlast til. Og væri það þá ekki ólíkt einum »dómi« Wallensteins. Til hans var færður maður, sem var ákærður um að hafa stolið hænu. Wallenstein sagði: »Hengið þið hann«. Rétt í því kom maður með þær upplýsingar, að hinn ákærði væri saklaus. »Hengið þið hann samt«, sagði Wallenstein, »því að ef saklaus maður er hengdur fyrir stuld, hve miklu hræddari munu þjófarnir þá ekki verða«. — Líkt þessu hugsa þeir,

sem vilja beita grimd við saklausa menn, sem ekkert hafa til unnið annað en að kaupa leyfilega verzlunarvöru og borgað fullan toll af, til þess að menn reyni síður framvegis að »spekúlera« í tollhækkununum.

Eg vil enn fremur ráða háttv. deildarmönnum til að athuga það, að ef þeir samþykkja breyt.till., er þar með dregið úr mögulegleikanum til þess, að láta lögin geta komið í gildi sem fyrst, því að þá þyrftu þau ef til vill að hrekjast milli deilda og enduðu kannske í sameinuðu þingi.

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Háttv. þm. Vestur-Skaftfellinga sagði, að það mætti ekki leggja mikla áherzlu á að fara ekki út fyrir það, sem fordæmi eru fyrir. Þetta er athugaverð skoðun. Vér Íslendingar, sem stöndum nokkuð aftarlega sem löggjafarþjóð, ættum einmitt að gá vel að því, hvað aðrar þjóðir gera, og helzt aldrei fara út fyrir dæmi þeirra þjóða, sem framar standa hvað löggjöf snertir. Það er nauðsyn fyrir okkur að fara varlega í þessum efnum, því að annars gæti vel svo farið, að við hlypum ýms gönuskeið til tjóns og skammar, og yrðum í augum annara þjóða ættlerar og heimskingjar, sem ekki kunna fótum sínum forráð. Svona gæti vel farið, ef við færum að brjóta þær reglur, sem alstaðar eru álitnar svo áríðandi grundvallarreglur í löggjöfinni, að alls eigi megi frá þeim víkja.

Kristinn Daníelsson: Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið um þetta mál, en að eins leyfa mér að segja örfá orð.

Það hlýtur að vera áhugamál löggjafarvaldsins og þá líka þessarar háttv. deildar, að þau lög, sem hér ræðir um, eins og öll önnur, nái sem bezt tilgangi sínum. Nú er það ekki tilgangur þessara laga, að einstakir menn ábatist fyrir þau stórmikið á kostnað landsjóðs og standi í samkepni við aðra miklu betur að vígi, sem hvorttveggja mun eiga sér hér stað fyrir atvik, sem aldrei var til ætlast að fyrir kæmi.

Eg gat þó ekki greitt atkv. með frv. eins og það kom frá Nd., því eg lét mér skiljast, að það væri brot á venjulegum reglum, að láta lög verka aftur fyrir sig, auk þess, sem frumvarpið ekki fyrirbygði misréttið í samkepninni. Nú er með þessari tillögu ráðin bót á þessu hvorutveggju. Þegar lagður er skattur á allar birgðir jafnt, þá verka lögin ekki aftur fyrir sig og koma jafnt niður á öllum, og mun eg því greiða atkv. með tillögunni.

Það, sem háttv. 5. kgk. þm. talaði um grimd, getur alls ekki komið til greina. Það mælir engin sanngirni með, að þeim mönnum, sem þetta ætti að eiga við, haldist uppi að ná óvæntum gróða á kostnað landsjóðs. Slíkt mætti miklu fremur kalla grimd, að láta þá sópa fé í vasa sinn meðan aðrir sætu hjá.

Sigurður Hjörleifsson: Hér hafa verið töluð nokkur hörð orð til deildarinnar, ef hún færi að samþykkja þær breyt.till. sem hér liggja fyrir. Það hefir verið talað um grimd og þess háttar. Það hefir líka verið bent á það með hógværum orðum, að ef þetta gengi fram, þá væri það gert, sem ekki væri samboðið siðuðum þjóðum. Eg vil segja að það séu stór orð, að kalla það að réttur sé brotinn á mönnum, ef þetta yrði samþyki. Eg býst við, að það vaki einmitt fyrir þingmönnum, að brjóta ekki rétt einstaklingsins. Hvað hafa menn fyrir sér, er þeir segja slíkt um br.till. þá sem hér er um að ræða? Eg veit ekki betur, en að þjóðfélaginu sé heimilt að leggja skatt, hvernig og hvenær sem það vill, ef því þykir betur svo haga. Því að hér er beint um skatt að ræða. Br.till. fer fram á að lagður

sé skattur á eign í landinu. Mér dettur í hug fasteignaskatturinn; þar er líkt ástatt, og kallar þó enginn þann skatt réttarbrot. Og það má segja, að fasteignaskatturinn komi þyngra niður; því að hér er að ræða um vöru, sem gengur ört kaupum og sölum, og þá fær seljandinn sinn skatt endurgoldinn með kaupunum. Vilji hann ekki greiða skattinn, getur hann selt vöruna strax, en það er sjaldan hægt að gera við fasteign. Eg get ekki séð annað, en að hér sé að ræða um skatt, sem snertir einstaklinginn miklu minna en t. d. sá skattur, sem eg mintist á, og mér finst fráleitt að tala um réttarbrot í þessu sambandi.

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eg skal leyfa mér sem framsögumaður að gera stutta athugasemd við það, sem tveir háttv. síðustu ræðumenn sögðu.

Háttv. þm. V.-Ísf. sagði, að eitt meðal annars, sem ynnist með þessari br.till. væri, að tollurinn félli á kaupandann en ekki á seljandann, og sagði að það væri réttlátt. Það er mikið rétt, að tollurinn lendir á kaupanda, en hann kemur líka niður á seljandanum, því hann heftir söluna á vörunni. Það liggur í augum uppi, að það er erfiðara að fást við vínsölu, ef 500% tollur er lagður á áfengi, heldur en t. d 300%. Eg skal sérstaklega benda á, að það er dálítið hart, og mér liggur við að segja með háttv. 5. kgk. þm., grimd, að leggja nú toll á ný á flösku, sem hefir legið í 15 ár. (*Sigurður Hjörleifsson:* Hún hefir »lagrast« vel). Auðvitað, en peningarnir hafa líka »lagrast«. Það má heldur ekki gleyma, að tollhækkuninni fylgja ekki eingöngu þeir aurar, sem lagðir eru á hverja flösku, heldur líka vextir og allur sá kostnaður, sem legst á við minni sölu. Því að það fé, sem liggur fólgið í víninu sjálfu, dregur líka rentu. Háttv. þm. sagði, að lögin verkuðu ekki fram fyrir sig; það má auðvitað reyna, að velta málinu við eins og hverjum þykir bezt, en eitt er víst, að hér er farið fram á mikla hækkun.

Háttv. þm. V.-Sk. þýðir ekki að »citera« bitter-lögin frá 1907, því þar var að ræða um verulegar birgðir af bitter, sem búnar höfðu verið til í ranglátu tollskjóli. Það er auðsætt, að þetta var óhæfa, og þess vegna ómögulegt að bera bittergjaldslögin saman við það, sem hér á að fara fram. Háttv. þm. V.-Ísf. bar þetta líka saman við hundaskattinn. Þetta er ekki hægt, þótt ekki væri af öðru en því, að hundaskatturinn er lágur skattur, en þessi áfengisskattur er mjög harður. Þar að auki er hundaskatturinn að eins lagður á hunda á vissum aldri, en ekki á þá hunda, sem enn þá eru í móðurlífi. Og á hinn bóginn er mönnum hægt að farga hundinum, ef þeir vilja komast hjá að greiða skattinn. Það má annaðhvort selja hann eða drepa hann. Hér stendur ekki svo á. Hundar eru ekki vara, sem að jafnaði gengur kaupum og sölum. Það er ekki hægt að segja kaupmanni að ónýta birgðir sínar, en það yrði, því vínsölumaður getur ekki flutt vöruna út aftur.

Eg skal svara því, sem háttv. þm. Ak. sagði. Það er ekki mín meining, að taka mikið til þess, þótt einstaka maður geti orðið fyrir nokkurri hörku. Slíkt getur alt af borið við, þegar um ný lög er að ræða. En eg legg mikla áherzlu á fordæmið, sem hér á að skapa. Því að þegar einu sinni er búið að leiða asnann inn í herbúðirnar, þegar farið er að láta lög verka fram fyrir sig, og það lög, sem eru mjög hörð, þá liggur í því mikil hætta. Þm. vildi líkja þessu við fasteignaskattinn. Þetta er alls ekki hægt, því fasteignaskattur segir ekki annað, en að löggjafarvaldið leggur kvöð á varanlega eign gjaldþegnsins. En þá

vil eg benda mönnum á, að það er mikill munur á að leggja skatt á fast eign og að leggja skatt á viðskifti. Í því verða menn að vera mjög varkárir. Eg býst ekki við, að nokkurn tíma verði lagður svo hár skattur á fasteign, að hún verði óeigandi, en það gæti með þessu móti rekið að því, að svo hár skattur yrði lagður á viðskifti, að hann hefði gjaldþrot í för með sér. Eg er sannfærður um, að hér er verið að stofna mörgum mönnum í verulega fjárhagslega hættu. Að minsta kosti hlýtur tollurinn að koma mjög hart niður.

Eg vil í sambandi við þetta mál beina því til háttv. forseta, hvort ekki væri rétt að taka málið út af dagskrá, þar sem á fundinn vantar tvo lögfræðinga, og eg hins vegar álít, að mál þetta sérstaklega taki til þeirra.

Eg vil skjóta þessu til háttv. forseta, og mér liggur við að gera það að tillögu minni, að málið sé tekið út af dagskrá.

Eiríkur Briem: Það er að bera í bakkafullan lækinn, að fara að taka til máls í þessu máli. — Það er að eins eitt atriði viðvíkjandi þessari breyt.till., sem eg vildi minnast á. Það er, að þegar um tollgreiðslu er að ræða, þá eigum vér öll skil undir samvizkusemi þeirra manna, sem eiga að telja tollskyldu vörurnar fram. En eg álít, að ekkert geti fremur dregið úr samvizkusemi þessara manna, heldur en einmitt sú tilfinning, að þeir séu hafðir fyrir ójöfnuði. Og eg er hræddur um, að ákvörðun sú, er þessi breyt.till. felur í sér, verði skoðuð sem ójöfnuður, og gæti haft töluverð áhrif einmitt til þess að veikja samvizkusemi manna. Þetta er mjög varhugavert atriði, og gæti kostað miklu meira en það sem vinst með breytingartillögunni.

Gunnar Ólafsson: Eg ætlaði að eins að gera þá litlu athugasemd við ræðu háttv. 4. kgk. þm., að honum sýnist vera það tilfinningamál að styðja vínsölu. Hann kvartaði um, að þessi breyt.till. mundi hefta vínsölu, menn gætu þá ekki keypt vínið, og verð eg að segja, að eg gæti ekki séð neitt á móti því, þó vínkaup minkuðu. En vínverð hækkar nú strax sem þessi lög eru samþykt, eins á því sem inn var flutt áður. Svo það eru ekki vínkaupendur, sem njóta þess að tillaga mín verður feld, heldur nokkrir kaupmenn, er hafa birgt sig upp eftir að þeim var kunnugt, að þessi lög voru á ferðinni.

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Mér er persónulega sama, hvort þetta gengur fram eða ekki. En hitt er satt, að mér er það kappsmál, hvort Alþingi eða þessi deild geri slíkt að lögum eða ekki. Mér þykir það ósamboðið virðing þingsins og það setur blett á mitt mannorð sem **lögfræðings** og alþingismanns. Persónulega má mér standa það á sama, eins og eg áðan tók fram.

Eg skal leyfa mér að stinga upp á því við háttv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá.

Forseti: Eg sé ekki nægа ástæðu til þess að taka málið út af dagskrá, þó eg að vísu hafi vald til þess. En eg skal fúslega leggja það undir úrskurð deildarinnar, hvort málið skuli tekið út af dagskrá eða ekki, ef einhver háttv. deildarmanna óskar þess.

ATKV.GR.:

Br.till. (132) við frv. feld með 6:6 atkv.

Br.till. við br.till. (134) þá fallin að sjálfsögðu.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelss.,	Jens Pálsson.
Steingr. Jónsson,	
Ágúst Flygenring,	

Já:	*Nei:*
Eiríkur Briem,	
Gunnar Ólafsson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

Þm. Strand. var farinn af fundi, er atkv.gr. fór fram.

Frv. sendist aftur forseta Nd.

Ein umræða 12. marz (A 181, 193).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Frv. hefir verið breytt í Nd., og eg get sagt, bæði fyrir mína hönd og nefndarinnar, að við álítum breytingarnar heldur til spillis en hitt. En þar sem frv. er mjög þýðingarmikið fyrir fjárhag landsins, lítur nefndin svo á, að ekki sé rétt að gera úr þessu kappsmál milli deildanna, og ræður því háttv. deild til að samþykkja breytingarnar í aðalatriðunum.

Eg get sparað mér að fara mörgum orðum um breytingar þær er Nd. hefir gert á frv., nefnilega þær, *að* telja skuli súrsaft með vínum og hækka þar af leiðandi toll á henni, og *að* greiða skuli gjald af öllu sem flyzt inn frá í dag. Í öllum aðalatriðum hefir nefndin fallist á þessar breytingar. Þó hafa tveir nefndarmenn skrifað undir með fyrirvara, af því við álítum það óheppilegt að láta lög verka áður en þau verða til. Þó er hér mikil bót frá því sem ákveðið var í frv., er það kom fyrst frá Nd., þar sem nú er miðað við þann dag, sem lögin eru afgreidd frá Alþingi. Er þá gert jafnt aðstöðu, eins og ef konungur væri hér, eða sú regla tekin upp, að slík lög væri staðfest pr. telegraf. Það er því mikill munur á þessu ákvæði og því, að lögin skyldu ganga í gildi 24. febrúar. Og eru reistar þær skorður við því hættulega ákvæði, að búast má við, að fordæmið verki ekki skaðlega eftir á.

Af þessum ástæðum get eg verið með breytingunum, og það því fremur sem það væri að mínu áliti mjög varhugavert að fella svo nauðsynlega bót á fjárhag landsins, sem hér er um að ræða.

En eg get samt sem áður ekki ráðið háttv. deild til að samþykkja síðustu grein frv. óbreytta. Það er óhjákvæmileg nauðsyn að gera orðabreytingar á henni. Fyrst segir í greininni: »Lög þessi öðlast gildi þegar í stað«, og síðar: »Þó skal greiða aðflutningsgjald . . . frá 12. marz 1909«. Síðari hluti greinarinnar er í mótsögn við fyrri hlutann, og fer í bága við þá meginreglu, sem öll tollög hljóta að ganga út frá, að tollur sé fallinn í gjalddaga þegar skipið er komið í höfn, og að kaupmenn eigi heimting á að borga tollinn strax. Hér er ekki um aðflutningsgjald að ræða, heldur birgðaskatt. Það er því góð breyting, sem nefndin leggur til að gerð verði (þgskj. 193), nefnilega, að greinilega sé tekið fram, að það sé aukagjald, sem borgast frá 12. marz, þar til lögin öðlast gildi. Eg skal geta þess, að tvær prentvillur hafa slæðst inn í breyt.tillöguna, nefnilega *at*flutningsgjald fyrir *að*flutningsgjald og aukagjöld fyrir aukagjald. (*Ráðherra:* Ártalið 1909 vantar á eftir 12. marz).

Eg treysti því, að meiri hlutinn geri ekki neina deilu út úr þessu frekar. Þessi breyting fer að eins fram á það, að gera lögin aðgengilegri að forminu til. Frá mínu sjónarmiði er ef til vill ekki ástæða til að búa undir fyrir næstu stjórn, en á hinn bóginn ber hvor deildin um sig ábyrgð á því, að lög þau, sem hún afgreiðir, séu fullkomlega aðgengileg að forminu til. Þetta frv. kom illa

útbúið frá Nd., og því gerði nefndin þessar breytingar á því. Ræð eg svo háttv. deild til að samþykkja breyt.-tillöguna með leiðréttingu á umgetnum prentvillum.

Forseti gat þess, að réttmætt væri að skoða sem prentvillur *at*flutningsgjald fyrir *að*flutningsgjald, aukagjöld fyrir aukag*j*ald, og sömuleiðis það, að ártalið 1909 vantaði, og kvaðst mundu sjá um, að þetta yrði leiðrétt.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 193 samþ. í e. hlj.

Frv. með breytingum samþ. í e. hlj. og verður sent forseta sameinaðs þings.

Umræða í sameinuðu alþingi 12. marz (A 194, 196).

Jón Ólafsson: Eg tek að eins til máls sem framsögum. nefndarinnar í Nd., til þess að lýsa yfir því, að hún aðhyllist málið alveg eins og það liggur fyrir frá háttv. Ed.

Um breyt.till. á þgskj. 196 hefi eg það eitt að segja, að eg sé enga ástæðu til þess að aðhyllast hana, og vildi helst að hún yrði tekin aftur, þótt eg búist við, að sú ósk mín hafi ekki mikil áhrif, þar sem háttv. 3. kgk. þm. virðist hafa tekið slíku ástfóstri við breyt.till., að hann muni ekki vilja sleppa henni.

Agúst Flygenring: Eins og br.-till. á þgskj. 196 ber með sér, þá gengur hún út á, að færa þennan berjasafa (súrsaft) úr 4. lið og setja hann sem sérstakan lið (15. lið) á frv. Eg álít að þetta sé rétt, vegna þess, að með því að láta þennan berjasafa standa undir 4. lið, þá er því um leið slegið föstu, að hann sé áfengi. Eg verð að álíta þetta mjög óheppilegt, því að það er vist flestum háttv. þm. kunnugt, að þessi vörutegund er nauðsynjavara, t. d. alveg eins og kaffi og sykur, og að hún er notuð á fjölmörgum heimilum í landinu til matar. Það er að eins á hinum síðustu og verstu tímum, að hún hefir verið misbrúkuð. Dæmin eru þó svo tiltölulega fá, að eg tel ómögulegt að löggjafarvaldið fari þess vegna að færa hana undir áfenga drykki, enda væri það skoplegt, þar sem þó má selja hana alstaðar og öllum.

Ef súrsaftin er því látin standa undir þessum lið og svona geypi-hár tollur settur á hana, þá geta kaupmenn hér eftir ekki flutt hana inn í öðru skyni en til þess að selja hana sem áfengi, því hún yrði þá alt of dýr til heimilisnotkunar. Þetta er þess vegna að »leiða asnann inn í herbúðirnar« og kenna drykkjukránum óleyfilega notkun þessa forboðna ávaxtar; ekkert annað en snara, sem lögð er fyrir fáeina aumingja menn, sem eru svo breyskir, að þeir festa sig í henni. Eg skil ekkert í því, að bindindisvinir geti verið slíku hlyntir.

Þeim, sem vilja stemma stigu fyrir, að súrsaftin sé notuð á þennan hátt, með því að hækka tollinn, skjátlast mjög mikið. Kaupmenn munu sjá um, að styrkleikinn svari til verðsins, og það dettur engum manni í hug að kaupa hana, nema sem áfengi. Fjarri fer því líka, að landsjóður muni hafa hagnað af svona háum tolli, því að salan verður margfalt minni, en ef tollurinn væri að eins 25 aurar, og með þeim tolli gæti verið von um að ná töluverðu fé í landsjóðinn.

Eg býst við að mér muni svarað, að lögreglustjóri og aðrir eigi að hafa eftirlit með því, að ekki sé farið í kring um lögin, og óleyfileg sala eigi sér stað. En eg vil spyrja: hvernig eiga þeir að fara að því? Alkohol-mælirinn mælir ekki styrkleika saftarinnar, því að hún er of þykk; það yrði því að snúa sér til efnarannsóknarstofu t. d. í Reykjavík, en eg hygg að það yrði fremur snúningasamt.

Eg hefi ekki mikið meira að segja í þessu máli, og ætla mér ekki að gera það að kappsmáli, en eg gat að eins ekki gengið fram hjá því, að benda hinu háttv. þingi á það, hver afleiðingin mundi verða, ef tollhækkunin væri lögleidd. Landsjóðurinn missir tekjurnar að miklu leyti, og saftin verður að eins notuð af óheiðarlegum kaupmönnum o. fl. til áfengissölu, og eykur þannig siðspillingu í landinu.

Kristinn Daníelsson: Eg vil leyfa mér að mæla mjög fast gegn því, að breyt.till. þessi fái samþykki; eg vonast eftir að hið háa alþingi samþykki frumv. eins og það kom frá Ed.

Eg get ekki betur séð, en að óhætt sé að telja súrsaft undir áfenga drykki, því að hún er mestmegnis notuð þannig. Súrsaftin er herfilega misbrúkuð, og hún á það sannarlega skilið, að þröskuldur sé settur á veg hennar.

Hinn háttv. 3. kgk. þm. sagði, að hún væri nauðsynjavara, sem bera mætti saman við kaffi og sykur, og mest notuð til matar. Þetta er algjörlega rangt. Að vísu kannast eg við, að hún er notuð á nokkrum stöðum til matar, en óhætt er að fullyrða, að aðallega er hún notuð sem áfengi til drykkjar, og því alveg rétt að leggja á hana háan toll.

Hinn háttv. 3. kgk. þm. bar einnig kvíðboga fyrir því, að lögin yrðu misbrúkuð, af því að svo erfitt væri fyrir lögreglustjóra að mæla áfengismagn hennar. Eg geng nú út frá því, að lögum þessum verði alveg eins hlýtt og fyrirmælum annara laga, og að ráð muni finnast til þess að hafa eftirlit með þeim. Mjög undarlegt þótti mér þegar háttv. þm. var að tala um að siðspillingu muni leiða af því að útrýma hlut, sem er siðspillandi, — get ekki skilið það.

Annars skal eg ekki fjölyrða um málið.

Jón Ólafsson: Háttv. 3. kgk. þm. hélt því fram í ræðu sinni, að »súrsaft« væri almenn neyzluvara til matar hér, t. d. alveg eins og kaffi og sykur. Eg held þetta sé alls ekki rétt hjá þm.; það mun tæplega vera meira en 1—2% af því sem selt er af þessum vökva, sem notað er til matar; alt hitt er notað til drykkjar. Það er víst kunnugt, að hingað til landsins flyzt mikið af »súrsaft«, ekki sízt frá Valdemar Petersen, sem eingöngu er búin til í þeim tilgangi, að hún sé notuð sem áfengi.

Sami háttv. þingmaður sagði, að ef frumv. yrði samþykt eins og það var afgreitt frá Ed., að þá mundi sætsaftin framvegis verða snara fyrir einstaka aumingja í landinu. Eg vil leyfa mér að spyrja hinn háttv. þm., hvort hann heldur að hún muni verða hættulegri snara eftir þetta, heldur en súrsaftin er og hefir verið. Eg veit að þm. er svo eftirtektasamur og glöggur, að hann muni hafa séð marga Hafnfirðinga, ekki að eins sætkenda, heldur pöddu-fulla og dinglandi af tómri súrsaft, og eg segi þetta ekki af því, að það muni vera undantekning með þennan kaupstað; þvert á móti er þetta að eins það sem víðast viðgengst. Á Austurlandi er það algengt, að menn drekki sig fulla af súrsaft; sama er sagt um Norður- og Vesturland, og á Suðurlandi þekki eg svo mikið til, að eg veit að hún er víðast hvar notuð sem áfengur drykkur.

Sami háttv. þm. sagði, að ekki væri auðið að gráðumæla súrsaft með vínandamæli. Eg held þó, að ef t. d. 2 potta mál er fylt og saftin fylt til helminga með vatni, að þá muni hægt að mæla hana; auðvitað verður þá að tvöfalda gráðutalið, og að í ljós muni koma,

að hún stendur stundum ekki mikið að baki brennivíni.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi leyfa mér að gera grein fyrir atkv. mínu við breyt.till. á þingskj. 196.

Mér finst það hlægilegt, að setja súrsaft undir 4. lið, og telja hana þannig með ýmsum víntegundum, portvíni o. fl. Mér finst það næstum vera að leiða hana í kór, og álít eg það óheppilegt, vegna þess að eg hygg að það gefi bendingu til þess, að nota hana frekar en áður hefir viðgengist í ólöglegum tilgangi til áfengis.

Lögin banna mönnum ekki að verzla með þessa vöru, nema hægt sé að rannsaka hana og sýna og sanna að hún sé áfeng. En það getur verið miklum erfiðleikum bundið, að hafa eftirlit með þessu, því að eftir því sem sagt hefir verið hér, er ekki hægt að mæla hana með venjulegum vínandamæli, vegna þess að lögurinn er svo þykkur. Ef að lögreglustjóri á því að geta haft eftirlit með því, að fyrirskipununum sé hlýtt, þá þarf að benda á hagkvæma leið til þess að rannsaka það, hvort hún inniheldur áfengi eða ekki.

Eg álít langréttast, að súrsaftin hefði staðið sem sérstakur liðum í frumv., og rangt sé að telja hana þar með áfengum drykkjum.

Í öðru lagi verð eg að segja það, að tollhækkunin er óeðlilega há, og eg get ekki skoðað hana öðru vísi en óbeinlínis bann, og þá álít eg betra að banna innflutning hennar beinlínis, og eg get ekki séð, að það sé svo þýðingarmikið hvort það er gert eða ekki.

Eg held ekki að það sé rétt, að súrsaft sé neyzluvara víða um land, en hitt er engu síður rangt að segja, að hún sé ekki notuð til matar. Eftir því sem mig minnir, er hún lögboðin í matlista þilskipa, og þyrfti þá að breyta því ákvæði. Yfirleitt er hún töluvert þýðingarmikil nauðsynjavara fyrir útgerðarmenn.

Af þessum ástæðum vil eg greiða atkvæði með breyt.till.

Ráðherra (H. H.): Eg er flutningsmanni breyt.till. samdóma um það, að tilgangur frumv. muni ekki nást með því að hækka tollinn á súrsaftinni, og held að það komi alls ekki í veg fyrir misbrúkun hennar. Í frumv. er að eins farið fram á að tolla súra saft, en það er alveg eins hægt að blanda áfengi í sæta saft. Eg held að sæt saft sé ekki annað en súr saft, sem sykur hefir verið látinn í. Það er því hægt að svíkja súrsaftina með því að blanda púðursykri í hana, t. d. láta fáein pund af sykri í súrsafttunnu, þá er það ekki annað en sætsaft, því hún er þá orðin sæt.

Eg álít ranglátt að setja svona háan toll á súrsaftina, en álít aftur á móti rétt að tolla hana með tolli, sem bannar ekki kaupmönnum að verzla með hana, t. d. 30 aura pottinn, eins og fyrst var farið fram á hér í deildinni.

Kristinn Daníelsson: Það er rétt, sem hæstv. ráðherra tók fram, að hægt er að blanda sæta saft með áfengi, en þess ber að gæta, að sú sæt saft, sem nú er notuð hér á landi, er ekki áfeng, þar sem súrsaftin er áfeng án þess að hún sé blönduð með áfengi, og eg þykist vita með vissu, að hún hefir reynst mjög áfeng óblönduð. Eg skal ekki neita því heldur, sem hæstv. ráðherra sagði, að þessi hætta gæti legið í loftinu með sæta saft og misbrúkun hennar, en þá er að setja undir þann lekann, þegar sú reyndin er á orðin. Það verður ekki fyrir alt byrgt og má þó byrgja fyrir nokkuð.

Ráðherra (H. H.): Súrsaft, sem ekki er blönduð áfengi mun aldrei sterkari en svo sem svarar 6—7°, en það tíðkast að gera hana sterkari með því að blanda vínanda í hana, en eins og

og eg hefi sagt, geta þeir, sem gera það, alveg eins notað sæta saft til þess. Eg verð því að álíta það alveg rétt athugað hjá hinum háttv. 3. kgk. þm., að þessi mikli tollur muni fremur spilla en bæta, og að með honum náist alls ekki tilgangurinn, sá að koma í veg fyrir misbrúkun.

Jón Ólafsson: Eg vil leyfa mér að gera dálitla athugasemd við það, sem hinn háttv. 4. kgk. þm. sagði um það, að útvegsmenn væru skyldugir til þess að nota súrsaft í skipunum. Þetta er að vísu rétt, en eg vil leyfa mér að benda þm. á það, að þeim er leyfilegt að skifta um fæðutegundir, þær sem lögboðnar eru, ef þeir setja aðrar jafngóðar í staðinn, og eg álít, að það sé auðvelt að því er saftina snertir.

Það er undarlegt, að hæstv. ráðherra og aðrir háttv. þm. hafa talað um súrsaft eða berjasafa sem væri misbrúkaður, en hér er ekki um það að ræða, heldur í mörgum tilfellum sem hreint og skært brennivín, sem blandað er með sykri og anilíni o. fl. góðgæti ámóta óhollu, búið til í þeim eina tilgangi, að selja það sem súrsaft og nota hana þannig fyrir skálkaskjól. Það er alveg rétt, að saftin getur orðið áfeng ef hún er geymd; eg hefi jafnvel heyrt sagt að saft, sem flutzt hafi hingað, hafi haldið 7—8 stig.

Einar Jónsson: Eg get ekki betur séð, en að það sé einkennilegt að vera að ræða um það, hvað mikið súrsaft inniheldur af áfengi. Mér finst spurningin um tollhækkunina ekki leika á því, hvort það er heldur 6—7% eða jafnmargar gráður. Það eitt finst mér nægja, að það er meira en nóg áfengi í súrsaft til þess að gera menn drukna, og það má telja víst, að allar saftir séu meira eða minna áfengar, þótt styrkleikinn sé nokkuð misjafn. Brennivín og fleiri sortir áfengis eru mjög mismunandi að gæðum og vinanda styrkleik, þó er tollurinn látinn gilda á því, án tillits til þess. Kaffi, sykur og margt fleira er líka tollað, enda þó vitanlegt sé, að ekkert áfengi sé í því. Eg get því ekki betur séð, en að þingið hafi fulla heimild til að tolla saftina og ákveða tollhæðina, og eg álít það rétt, sem farið er fram á í frumv. Ed. Saftin á sannarlega ekki betra skilið, þegar íhugað er hve illa þeir menn verða úti, sem drekka hana í stað víns. Hún hlýtur að vera nokkurs konar óæti og því ekki vert að fara um hana vægum höndum.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (196) við 1. gr. 4. lið feld með 27 atkv. gegn 10.
2. breyt.till. (196) við 1. gr. 14. lið þá fallin að sjálfsögðu.

Frumv. síðan samþ. í einu hljóði, og verður afgreitt sem lög til ráðherra.

Háskóli.

FRUMVARP til laga um stofnun háskóla. (Stjórnarfrv. A. bls. 152). 1. umr. 17. febr.

Ráðherra (H. H.): Á síðasta þingi var borin fram í Nd. og samþ. í e. hlj. till. til þingsályktunar um að skora á stjórnina, að semja og leggja fyrir þetta þing frumvarp um stofnun háskóla, sem kæmi í stað þeirra 3 æðstu mentastofnana, sem nú eru, prestaskóla, læknaskóla og lagaskóla.

Stjórnarráðið áleit, að rétt væri að verða við þessari áskorun og fól forstöðumönnum þeirra 3 embættisskóla, sem hér eru, að undirbúa málið, koma fram með frumvarp og tillögur um stofnun háskóla og fyrirkomulag á honum. Nú hafa forstöðumenn þessara skóla, settur forstöðumaður prestaskólans

Jón Helgason, lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason og landlæknir Guðmundur Björnsson, samið og sent stjórnarráðinu tvö frumvörp, annað um stofnun háskóla, og hitt um laun háskólakennara.

Þingsályktunin ber með sér, að það hefir aðallega vakað fyrir þinginu 1907, að sameina þrjá æðri mentaskóla landsins í eina heild. Í frumvarpi stjórnarinnar, sem hér liggur fyrir, er þessu fylgt, og því bætt við, að kend yrði íslenzk sagnfræði og málfræði. Þessar greinar yrðu svo í sérstakri háskóladeild, heimspekisdeild.

Það má fullyrða, að það hafi lengi vakað fyrir þingi og þjóð, að þegar lagaskóli væri fenginn hér á landi, þá væri stofnun háskóla sjálfsögð. Nú er lagaskólinn kominn á stofn og þar með því skilyrði fullnægt.

Að vísu mun háskóli hér á landi eiga við margá erfiðleika að stríða, fyrst og fremst vegna fólksfæðar hér og í öðru lagi vegna fátæktar þjóðarinnar. Þetta getur þó ekki verið því til fyrirstöðu, að vér *notum* háskólanafnið um æðstu mentastofnun vora.

Það er auðvitað, að háskóli hér á landi getur ekki komið til jafns háskólum stærri þjóða í ýmsum greinum. Þó ætti að sjálfsögðu að vera betra að mema íslenzk lög hér en annarsstaðar, og líkt ætti að ráða um kenslu í íslenzkri sögu og málfræði. Stjórnin hefir fallizt á frumvarp forstöðumanna embættisskólanna, og tekið það upp að mestu óbreytt. Þó hafa ýmsar smábreytingar verið gjörðar, er forstöðumennirnir hafa aðhylst. Aftan við 29. gr. frumv. hefir verið bætt ákvæði um það, að próf frá háskólanum nýja veiti allan sama rétt til embætta hér á landi, eins og próf frá Kaupmannahafnarháskóla hafa veitt hingað til, og aftur hins vegar, að próf frá Kaupmannahafnarháskóla haldi gildi sínu til embætta hér á landi, þó svo, að þeir fullnumar í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla, sem útskrifast þaðan eftir 1. okt. 1911, þann dag, er stjórnin vill láta lög þessi öðlast gildi, verði að leysa af hendi aukapróf við lögfræðisdeildina hér á landi, áður þeir öðlist rétt til lögfræðisembætta, og er þetta í samræmi við það sem nú er ákveðið í lagaskólalögunum.

Forstöðumenn skólanna hafa ennfremur borið fram lausa áætlun og tillögur um bygging á húsi handa háskólanum. En af því að svo margar þarfir og nauðsynjar kalla að, sá stjórnin sér ekki fært að þessu sinni að koma fram með frumv. í þessa átt. Slík bygging er heldur ekki skilyrði fyrir því, að háskólinn komist á fót Fyrst um sinn yrðu háskóladeildirnar að bjargast eins og áður hver á sínum stað í því húsnæði, sem hægt er að fá. Síðar væru svo möguleikar, áður en langt um liði, að koma upp sérstakri byggingu handa skólanum.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en að eins leyfa mér að vísa til þeirra athugasemda, sem prentaðar eru aftan við frumvarpið, og fela það velvild háttv. deildar, sem eitt af helztu velferðarmálum þjóðarinnar, sem ætti að geta orðið ein af lyftistöngunum til þess, að hefja menning og framtíðarþroska þjóðarinnar, og auka henni gengi og álit í augum annara þjóða.

Sigurður Stefánsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd og fresta umr. Kosnir voru í nefndina:

Ari Jónsson,
Jens Pálsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson, 6. kgk.

1. umræðu frestað.

Framhald 1. umr. 15. marzmán. (Stj.frv. A. bls. 152; n. 173).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Háskólamálið er ekki gamalt. Að vísu var samþykt frumv. um landsskóla á alþingi 1883 og sams konar frumv. var samþykt í neðri deild 1885. En frumv. um stofnun háskóla var fyrst borið upp á alþingi 1891 og samþykt í neðri deild, en féll í efri deild; enda þá kallað »blóðlaus hugmynd«. Málið var tekið upp aftur 1893 og þá samþykt í báðum deildum, en hugmyndin fór þó fyrst að safna holdi eftir 1893, með stofnun háskólasjóðsins.

Aftur á móti er lagaskólamálið gamalt. Það var til jafnsnemma og hið endurreista alþingi, enda borið upp á fyrsta þinginu, 1845, og síðan á dagskrá þingsins árin 1855—87, 1893—97, 1903 og 1907. En þó að frumvörp alþingis 1883, 1885, 1891 og 1893 væru kend við landsskóla, þá voru þau í raun og veru ekki annað en frumvörp um stofnun lagaskóla, gamla hugmyndin í nýjum búningi. Líklega hefir þó lagaskólamálið verið sótt svo fast, sem raun varð á, meðfram vegna vonarinnar um það, að háskólamálið mundi verða auðsóttara, þegar lagaskólinn væri kominn á.

Nú er lagaskólinn fenginn, og eg vona, að horfurnar fyrir honum séu ekki lakari en spárnar í efri deild alþingis 1907. Embættaskólarnir eru nú orðnir 3, og sé heimspekiskenslan á prestaskólanum talin sérstök deild, eða vísir til sjálfstæðrar deildar, eru þannig fengnir hornsteinarnir 4, sem byggja má á, og byggja á á íslenzkan háskóla.

Þetta hefir þing og stjórn fundið. Þess vegna samþykti neðri deild alþingis 1907 í einu hljóði að skora á landstjórnina, að »endurskoða núgildandi lög um lagaskóla, læknaskóla og prestaskóla, og semja frumvarp um stofnun háskóla, er verði lagt fyrir alþingi 1909«. Stjórnin varð við þessari áskorun og fal forstöðumönnum embættaskólanna 3 að semja frumvarp í þá átt. Þeir hafa búið til frumvarp það, er hér liggur fyrir, og er það í flestum aðalatriðunum sniðið eftir norsku háskólalögunum frá 1905. Þannig er frumvarp þetta til orðið.

Háttv. deildarmenn munu sjá, að mál þetta hefir til allrar hamingju ekki orðið flokksmál í nefndinni, og því er vonandi, að það verði auðsótt. Nefndin er í rauninni samdóma stjórninni um frumvarpið og ástæðurnar fyrir því, enda þó hún ráði til nokkurra breytinga, og mætti því vísa til athugasemda stjórnarinnar og nefndarálitsins á þingskj. 173, og það því fremur, sem frumvarpinu fylgja ítarlegar ástæður forstöðumanna embættaskólanna.

En af því að hér er nýr og góður gestur á ferðinni, af því að alþingi ræðir nú málið í fyrsta sinni með fullri vissu um, að það ræður forlögum þess, þá þykir mér hlýða, að fylgja því á leið með nokkrum orðum.

Margir munu líta svo á, að hlutverk háskóla sé það eitt, að klekja út embættismannaefnum. Það er líka meðal annars hlutverk hvers háskóla. En háskóli er jafnframt annað og meira. Hann er um leið aðaluppspretta allrar mentunar síns lands, bæði almennrar mentunar og sérmentunar. Þaðan renna allir aðalstraumar mentunarinnar og kvíslast út í yztu æsar þjóðlíkamans, eins og blóðið rennur frá hjartanu út um allan líkama mannsins. Þar eiga t. d. tveir hinna sterkustu menningarstrauma samtíðarinnar upptök sín, lýðháskólahugmyndin og alþýðufræðsla sú, sem kölluð er »university extension« og nefna mætti á íslenzku háskóla-farandfræðslu. En auk þess sem háskóli er aðaluppspretta allrar mentunar og menningar, er hann líka vermireitur tungu

og annara þjóðhelgidóma. Enda er sagt að Finnar telji háskóla sinn beztu verjuna gegn Rússum, og alkunnugt er, að Norðmenn spruttu upp eins og fjöður, þegar þeir höfðu fengið háskóla sinn.

Norðurlandaþjóðirnar hafa allar fyrir löngu eignast háskóla, Svíar 1477, Danir 1478, Finnar 1640 og Norðmenn 1812. Allir nema vér.

En er nú ekki líka kominn vitjunartími vor Íslendinga? Er ekki kominn tími til að vér eignumst það 1909, sem frændþjóðir vorar flestar hafa átt svo hundruðum ára skiftir? Eigum vér engan gróður, sem vert sé að hlúa að? Eigum vér ekki tungu, lög, sögu og aðrar þjóðgersemar?

Og þurfi aðrar þjóðir vermireit handa sínum gróðri, hversu miklu fremur þurfum vér Íslendingar hans þá ekki, vér sem erum afskektari en aðrir og kaldara er kringum en flesta aðra. Jú, sannarlega ætti vitjunartími vor að vera kominn.

Auk þess verður íslenzk sérfræði, tunga, lög og saga hvergi kend eins vel og í landinu sjálfu, á innlendum skóla, sem stjórnar sér sjálfur og ábyrgist sig sjálfur, með öðrum orðum á íslenzkum háskóla.

Eignumst vér slíkan skóla, mun oss og haldast betur á mannsefnum vorum en hingað til. Vér höfum mist of margt mannsefnið við dvöl námsmanna vorra í Danmörku, og stundum ekki lökustu efnin.

Mikill hluti námskostnaðar íslenzkra embættismannaefna hefir hingað til gengið út úr landinu. Ef vér stofnum hér háskóla, þá græðum vér það fé; það verður þá kyrt í landinu.

Loks er þess að geta, að auk Íslendinga myndu útlendir námsmenn koma hingað víðs vegar að til þess að stunda hér nám í íslenzkum fræðigreinum. Þeir sem nú sækja þann fróðleik til annara háskóla, mundu þá sækja hann hingað. Þannig mundi háskólinn verða oss bæði til gagns og sóma.

Vitjunartími vor er því sannarlega kominn og engin ástæða til að bíða lengur. Þær ástæður, sem færðar hafa verið til móti stofnun háskóla, eru rakalausar eða rakalitlar.

Ein er sú, að vér séum of fámennir. Það er satt, vér erum fámennir. En því minna bolmagn og fjármagn sem vér höfum, þess lífsnauðsynlegra er oss að auka hið innra magn vort. Því veikari, sem ytri verjurnar eru, því lífsnauðsynlegra er að vanda sem bezt til innri verjanna.

Þá er fátæktin. En við þeirri mótbáru liggja þau svör, að megnið af tilkostnaðinum, sem sé allan stofnkostnaðinn eða byggingarkostnaðinn má spara í bráðina. Það þarf ekki að byggja hús yfir háskólann. Það má nota efri bygð mentaskólans fyrst um sinn. Þar eru 11 herbergi, og af þeim notar skólinn nú að eins 2 sem bekki. Hin eru sumpart notuð til íbúðar og sumpart til annars. Í neðri bygðinni eru 4 herbergi, sem umsjónarkennarinn notar. Það mætti byggja þeim 2 kennurum, sem búa í skólanum, út og fá mentaskólanum herbergin, sem losnuðu niðri, og gæti þá háskólinn fengið alla efri bygðina. Háskólinn fengi þannig 11 herbergi, og það ætti að vera viðunanlegt fyrst um sinn. Með því móti gæti lagadeildin, prestadeildin og heimspekisdeildin, hver um sig fengið 2 herbergi, læknadeildin 4 herbergi, og þó yrði ein stofa afgangs, sem nota mætti sem kennarastofu.

Verði þessi kostur tekinn, kemur ekki til neins stofnunarkostnaðar. Þvert á móti mundi heldur vinnast en tapast frá því sem nú er, með þessu móti. Það kostar mikið fé, að hafa skólana hvern í sínu lagi, eins og nú er, og þó óvið-

unanlegt húsrúmið, sem sumir þeirra hafa. Það er áætlað, að selja mætti prestaskólahúsið með lóð fyrir 20 þús. kr. Geri maður 5% vexti af því fé, koma út 1000 kr. Prestaskólinn borgar þannig 1000 kr. árlega í leigu fyrir þetta eina herbergi, sem hann notar, og liggur það að eldhúsi öðru megin en safnfor hinu megin. Læknaskólinn hefir gamalt og lélegt hús á leigu fyrir 1000 kr. og lagaskólinn nokkurn vegin viðunanleg herbergi fyrir 360 kr. Þannig borga þessir 3 skólar 2360 kr. í húsaleigu árlega, og má óhætt gera það að 2500 kr., því að búast má við að leigan fyrir lagaskólann hækki. Hins vegar þyrfti að bæta þeim kennurum, sem flyttu úr mentaskólanum, íbúðina þar; fá þeim t. d. 400 kr. húsaleigustyrk hvorum, og mundi þannig sparast töluvert fé við að koma öllum skólunum fyrir í mentaskólahúsinu.

Reksturskostnaður háskólans verður ekki meiri en svo, að nema mundi 28 aura nefskatti, þó að frumv. stjórnarinnar um laun háskólakennara, verði samþykt óbreytt. Og þeim, sem vex jafn lítill kostnaður í augum, fyrir jafn nytsamastofnun, og háskóli er, þeim er háskólamálið ekki alvörumál. Annars á þessi kostnaðargrýla lítinn rétt á sér. Það er öðru nær en að sá kostnaður tapist landinu. Þeir peningar, sem landsjóður leggur fram, hafa í rauninni að eins vasaskifti, renna úr einum íslenzkum vasa í annan eða aðra, og renna meira að segja að meiru eða minna leyti aftur í landsjóð, sem skattar, tollar o. fl.

Enn hefir það heyrst, að skólinn mundi verða ómyndarlegur, hann mundi kafna undir nafninu. Það er auðvitað, að skólinn getur ekki orðið jafnsnjall góðum útlendum háskólum yfirleitt. En í sumum greinum ætti hann að geta veitt betri fræðslu, sem sé í öllum íslenzkum fræðum. Og hafi kenslan við lækna- og prestaskólann verið viðunanleg hingað til, þá ætti hún ekki að verða lakari er skólarnir væri sameinaðir, og fengju að stjórna sér sjálfir.

Loks óttast nokkrir, að íslenzkir námsmenn yrðu einangraðir frá heimsmenningunni, ef þeir hættu að stunda nám í Kaupmannahöfn. Við því er það ráð, að senda þá utan, þegar þeir væru orðnir fleygir, þegar þeir hefðu lokið sér af hér heima. Þeir mundu með því kynnast menningu annara þjóða miklu betur en nú gerist, er þeir fara utan sem óþroskaðir unglingar. Gjafasjóður Hannesar Árnasonar er nú orðinn um 60 þús. kr. Ef vöxtunum af þeirri upphæð, kringum 3000 kr., væri varið til utanfara handa efnilegum námsmönnum, væri hægt að senda 1 eða 2 námsmenn utan á hverju ári. Og það væri ekki ósanngjarnt, að landsjóður bætti nokkru við. Eg get þess, að mér finnst sjálfsagt að breyta skipulagsskránni fyrir gjafasjóð Hannesar Árnasonar, þannig að styrkveitingin verði ekki bundin við heimspekinga eina, heldur verði styrkurinn veittur efnilegum námsmönnum, án nokkurs tillits til fræðigreinar. Háskólasjóðinn, um 8000 kr., ætti að brúka til þess að styrkja fátæka nemendur til bókakaupa. Og vonandi bætast fleiri slíkir sjóðir við með tímanum.

Um frumv. sjálft er það að segja, að það fer aðallega fram á sameining þeirra þriggja deilda, sem nú eru til, gerir unitas-universitas — ex trinitate, eining úr þrenning. En auk þess á að bæta við einni deild til kenslu í íslenzkum fræðum, tungu, sögu og bókmentum. Og er það sannast sagt, að ekki er vansalaust, að Íslendingar sæki lengur út úr landinu fræðslu í slíkum greinum. Í þessari deild á jafnframt að kenna heimspekileg forspjallsvísindi, sem kend hafa verið við prestaskólann. Nýja deildin er engu ónauðsynlegri en lögfræðisdeild-

in, sem sótt hefir verið af jafnmikilli nauðsyn og kappi í meira en 2 mannsaldra, og nú loks er fengin.

Annars er frumv. ekki annað en umgerð, sem fylla má út í á ýmsan veg, stakkur, þó skorinn við vöxt. Þar er t. d. ekkert til tekið um kennarafjölda, ekkert um hús. Aðeins aðaldrættirnir: *sameining — sjálfstjórn*, og er ekki sízt seinni liðurinn alveg ómissandi. Með sjálfstjórninni vex ábyrgðartilfinningin og með henni aftur kappið, kapp milli deidanna og kapp innan deilda, annars vegar milli kennaranna og hins vegar milli nemendanna.

Og afhendi eg að svo mæltu háttv. deild málið, annað mesta velferðarmál landsins, í nafni nefndarinnar og í því trausti, að allir háttv. deildarmenn, allir háttv. alþingismenn, allir einlægir Íslendingar vilji:

»orkuna styrkja, viljann hvessa,
vonina glæða, hugann hressa,
farsældum vefja lýð og láð«.

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umræða 17. marz. (Stj.frv. A. bls. 152; n. 173, 235, 236).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason:) Breyt.till. eru að vísu nokkuð margar, þær eru 24 á einu þskj. og 2 á tveim öðrum þskj., sín á hvoru. En eg get samt verið stuttorður, því að breyt.till. eru allar frá nefndinni, engin frá öðrum þingdeildarmönnum, og 21 af þeim eru blátt áfram orðabreytingar, sem eru gerðar sumpart til þess að breyta til betra máls, aðrar til að kippa burt hortittum og nokkrar til þess að koma á samræmi, með því að hafa einatt sama orð um sama hugtak.

Efnisbreytingarnar eru að eins þrjár. Fyrsta efnisbreytingin er 22. breyt.till. á þskj. 173, um að ákvæði 29. gr. um próf sem skilyrði fyrir embættisgengi falli burt Slíkt ákvæði á fyrst og fremst ekki heima í háskólalögunum, enda er það hvorki tekið upp í háskólalögin norsku né tilskipunina um háskólann danska. Það er eðlilegast að það sé ákveðið með sérstökum lögum, hvað útheimtast skuli til þess, að geta fengið embætti, enda er það svo í öðrum löndum. Dönsk tilskipun frá 26. jan. 1821, er brúkuð hefir verið hér á Íslandi, tiltekur t. d. prófskilyrði laga embættismanna. Og svo væri það mjög svo æskilegt og enda nauðsynlegt, að embættisgengi á Íslandi væri bundið við próf héðan.

Önnur efnisbreytingin er við 31. gr. Í frumv. stendur að hver sá, sem æskir doktorsnafnbótar, skuli hafa leyst af hendi embættispróf. Þetta er of hart. Að vísu má búast við því, að sá, sem æskir doktorsnafnbótar, hafi að jafnaði leyst af hendi embættispróf. En vísindamaður getur maður verið, þótt próflaus sé; þess vegna leggur nefndin til að próf sé aðeins heimtað »að jafnaði«. Og er þá ekki girt fyrir, að próflausir vísindamenn geti orðið doktorar.

Þá er þriðja og stærsta efnisbreytingin. Bæði hæstv. ráðherra og allir forstöðumenn embættaskólanna, voru á eitt sáttir um það, að láta háskólalögin ganga í gildi 17. júní 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Nefndin er og á einu máli um það, að háskólinn ætti að komast á sem *allra fyrst* á laggirnar, og að það væri einkar hugðnæmt að geta bundið göngu skólans við þenna dag. En þurfi að byggja hús yfir skólann, þá er ekki líklegt að það geti orðið til taks á þeim degi. Nefndin sá sér því ekki annað fært en að leggja það til, að skólinn tæki þá fyrst til starfa, er fé væri veitt til hans á fjárlögunum, líkt og ákveðið var í lögunum um stofnun lagaskóla. Enda þótt nefndin hafi þannig breytt frumv., vonar hún samt að skólinn geti tekið til starfa á tilteknum degi. Hún

vonar að tiltækilegt verði að notast við efri bygð mentaskólans í bráðina. Þar eru 11 herbergi, eins og eg drap á á dögunum. Í rektors-íbúðinni gömlu uppi á loftinu býr að vísu einn kennari, en honum mætti byggja út. Auk þess eru nú einnig kenslustofur fyrir 5. og 6. bekk uppi á loftinu, en þá bekki mætti flytja niður, er umsjónarkennarinn flytti úr skólanum. Vitanlega þyrfti að útvega þessum mönnum íbúð í bænum og mundi það kosta um 400 kr. fyrir hvorn, eða samtals 800 kr. En hinsvegar mundi fást í aðra hönd húsaleiga sú, er embættaskólarnir nú borga, sem sé 1360 kr. fyrir lagaskólann og læknaskólann. Og svo mætti gera sér töluverðan mat úr prestaskólanum og þeirri lóð er hann stendur á; það er góð lóð og dýr, um 20,000 kr. virði með húsinu, að því er gizkað er á. Væri þetta fé ávaxtað með 5%, gæfi það 1000 kr. á ári, og sparaðist þá alls 2360 kr. eða öllu heldur 2500 kr., því að húsaleiga fyrir lagaskólann mun framvegis ekki verða undir 500 kr., og þó maður dragi þar frá húsaleigustyrk mentaskólakennaranna, þá yrði samt afgangs um 1700 kr.

Það er lítill vafi á því, að þessi 11 herbergi mundu nægja í bráðina fyrir 4 deildir háskólans; presta-, laga- og heimspekisdeildinni nægir hverri um sig 2 herbergi. Þá eru 4 herbergi fyrir læknaskólann og þó 1 afgangs sem kennarastofa. Þannig ætti að vera vinnandi vegur að notast við mentaskólahúsið í bráðina. Það þyrfti ekki miklu að breyta. Æskilegt væri að vísu, að settur væri inngangur upp á loftið á suðurgaflinn, þar sem glugginn er nú, en þess ætti einu sinni ekki að þurfa með. Stúdentarnir og lærisveinar mentaskólans ættu að geta notað sömu dyrnar.

Eg sé ekki betur en með þessu fyrirkomulagi mætti byrja skólann á sama tíma og ákveðið er í stjórnarfrv.; hafi eg skilið nefndina rétt, þá var hún eindregin með því. Vitanlega má draga stofnun háskólans í framkvæmdinni, verði breyt.till. nefndarinnar samþykt, því að með henni er háskólinn aðeins *bréf-festur*, og fjárveitingarvaldið hefir töglin og hagldirnar, en eftir öllum atvikum mun hér við verða að sitja.

Breyt.till. á þskj. 235 er eðlileg afleiðing af 22. og 24. breyt.till. á þskj. 173. Þegar lagaskólinn er lagður niður, er ekki hægt að heimta aukapróf við þenna skóla fyrir lagakandídata frá Khöfn., en þar með á ekki að niður falla það aukapróf, sem tilskilið er í lögunum um stofnun lagaskóla.

Um breyt.till. á þskj. 236 er það aðeins að segja, að orðinu »numin« er ofaukið. Eg finn svo ekki ástæðu til að fara nánar út í breyt.till. nefndarinnar að svo stöddu. Hún hefir rætt frumv. ítarlega á mörgum fundum, og vonar að háttv. deild taki því vel.

Kristinn Daníelsson: Eg skal strax taka það fram með ánægju, að mér þykir frumvarpið hafa batnað við þær breytingar, sem nefndin gerði á því, þó að mér finnist ýmislegt að athuga við það. Fyrst er að minnast á þær breytingar, sem nefndin kallar aðalbreytingar. Að fella burt 2. lið 29. gr. frumv. um embættisgengi, er eg nefndinni samdóma um. Breytingin um hvenær lögin skuli öðlast gildi er í mínum augum stærsta breytingin, og er eg nefndinni þakklátur fyrir hana, því að hún gerir það að verkum, að eg get greitt atkvæði mitt með frumv. í heild sinni. Þá vil eg minnast á ýmisleg atriði, sem þörf væri á að laga í hendi sér og athuga nánar. Það er 1. og 2. breytingartillaga nefndarinnar, að »prófessorar« komi í stað aðalkennara. Eg vil fastlega mæla á móti þessari

breyt.till.; því að það er síður en svo, að þessi breyt.till. horfi til bóta. Eg vil benda á það nú, þegar einmitt þeir sömu menn, sem fjallað hafa um þetta frumv., hafa líka snúið háskólalögunum norsku á íslenzku, og þar eru þessir embættismenn að eins kallaðir háskólakennarar, en útlendu nöfnunum slept eða höfð á milli sviga fyrir aftan. Eg vil vara við því, að hleypa útlendum orðum að óþörfu inn í málið. Það er að vísu oft bent á, að orðin biskup, prestur o. s.frv. eru útlend, en það mælir ekki með því, að taka útlend orð nú inn í málið. Þessi orð eru orðin gömul og komin inn í málið á þeim tímum, þegar sterkir útlendir straumar komust inn í þjóðlíf vort, með nýjum hugmyndum og hugtökum, sem þá voru óþekt hér á landi og hafði ekki tungan bolmagn til að útiloka þegar í stað eða útrýma síðar meir, þegar þau höfðu náð festu. En það má þó telja furðu, hvað þessi orð eru fá. Mér þætti einnig bezt, að orðið »rektor« félli í burt. Í þýðingunni af norsku lögunum er það líka gert, og »háskólameistari« sett í staðinn. Þetta orð er mjög virðulegt og snjalt og fer vel í munni. Eg vil því leggja til, að orðið »rektor« verði felt í burt, og 1. og 2. breyt.till. nefndarinnar feldar, en þau nöfn, sem standa í stjórnarfrumvarpinu, sett í staðinn. Og mun eg bera fram breyt.till. um það við 3. umræðu. Þá vil eg benda á, hvort ekki sé betra, í samræmi við 3. breyt.till. um að »háskólaár« komi í stað »kensluárs«, að setja »háskólamissiri« í 11., 13., 16., 17., og 26. gr. í stað »kenslumissiris«. 7. br.till. fer fram á að setja »dekani« í stað »dekanus«. Í stj.frv. er »dekanus« sett í svigum fyrir aftan orðið deildarforseti. Eg get ekki haft á móti því, að það sé sett í krókbekk sviganna. En að setja »dekani« í staðinn, og leiða það í kór tungunnar, felli eg mig alls ekki við. Eg legg til, að 7. br.till. sé borin upp í tvennu lagi. Síðari liðnum gef eg atkv. mitt, en ekki hinum fyrri. 12. breyt.till. finst mér ástæðulaus. Það má láta sér nægja það sem stendur í stj.frv. Því að það er auðskilið, að hver sem tekið hefir stúdentspróf við hinn alm. mentaskóla, hvort heldur karl eða kona, hefir þann rétt, sem hér um ræðir. Um br.till. við 22. gr. er það að segja, að eg felli mig ekki betur við br.till. nefndarinnar, að setja »aftur« í stað »af nýju«. Í greininni er talað um ýms tilfelli, er nemandi gangi undir próf af nýju. Og eðlilegast er að sama orðið sé brúkað um sama hugtak við endurtekningu. Þá kann eg ekki við 18. breyt.till., að setja að »endurtaka prófið« í stað: »að ganga undir próf af nýju«. Það er ekki nemandinn, sem endurtekur prófið, heldur eru það kennararnir, sem endurtaka prófið á nemandanum. Nemandinn er ekki gerandi. Eg hefi borið þetta undir hálærðan mann, og er hann mér samdóma um þetta atriði. Mér finst því þessi br.till. sé óþörf. 20. breyt.till. fer fram á að setja »háskólastúdent« í stað »háskólanemandi«. Mér þykir háskólanemanda standi svo snoturt, að mér finst engin ástæða til að amast við því, eða þörf á að breyta því. Í 23. breyt.till. hefir nefndin lagt það til, að »háskólaráð« komi í stað »háskólanefndar«, en þá verður líka að breyta »hún« í »það«, og mætti leiðrétta það sem prentvillu, tillögulaust. Síðasta breyt.till. er aðal breyting nefndarinnar og fellur hún mér vel í geð. Mér hefði þótt það leitt, ef þessi breyting hefði ekki verið gerð, því að þá hefði eg ekki getað greitt frumv. atkvæði mitt. Nefndin leggur til, að lögin öðlist gildi, þegar fé er veitt til háskólans á fjárlögunum. Eg hefði að vísu getað komið með þessa athugasemd við 1. umr. málsins, en mér þótti það þó ekki við eigandi þá, til þess að trufla ekki hina snjöllu, vel fluttu og áhrifa-

miklu ræðu háttv. framsm. En eg álít það ósamboðið þessari háu stofnun að nota hús hins alm. mentaskóla. Eg hafði hugsað mér, að það yrði stórmikil stofa, sem benda mætti útlendum sem innlendum á með stolti, en að benda á efra loft hins alm. mentaskóla, er ekki til að miklast af. Í hugum okkar blasir við önnur og veglegri bygging. Það mætti fara mörgum orðum um þetta háskólamál, en eg vil ekki tefja umræðurnar. Eg vil því aðeins leggja til, að 1., 2., 7., 12., 18. og 20. breyt.till. nefndarinnar verði feldar, og lagaðar verði þær misfellur sem eg hefi bent á, og trúi eg háttv. nefnd bezt til þess.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Nefndin getur verið hv. þm. V.-Ísf. þakklát fyrir það, að hann er henni samdóma um efnisbreytingarnar. Hitt skiftir minna máli um smábreytingarnar.

Hann fann að því, að nefndin leggur til að hafa »prófessor« í stað »aðalkennari«. Það skiftir nú raunar ekki miklu máli hvort er; eg geri það að minsta kosti ekki að neinu kappsmáli. Mér er hérumbil sama, hvað eg er kallaður; það er meir undir því komið, hvað maður er. En hins vegar eru ýmsar ástæður til að lögleiða orðið prófessor, sem löngu er komið inn í daglegt mál vort og ritmál. Sé orðið »háskólakennari« lagt út á dönsku eða norsku, verður það »Højskolelærer«. En í dönsku, norsku og sænsku táknar það ekki kennara við háskóla — Universitet —, heldur kennara við svokallaða lýðháskóla. Og úr því háskólinn á að vera eftirmynd samskonar skóla erlendis, þá vildum við líka hafa sömu nöfn. Mér þykir ekki minna vænt um íslenzkuna en háttv. þm. V.-Ísf., og þó get eg ekki séð neitt á móti því, að nota þetta orð, og það því síður, sem við höldum mörgum öðrum orðum, sem líkt er ákomið, svo sem stúdent, kandídat, o. s. frv. Auk þess er þessum orðam haldið í nálega öllum málum, að minsta kosti þekki eg ekkert mál, sem ekki hefir haldið þeim. Og því á þá að amast við þeim? Því á að amast við því, að kennararnir hafi það heiti, sem þeir verðskulda. Enda er prófessors nafnið ekki nýmæli í íslenzku. Finnur Magnússon var altaf kallaður prófessor. Og svo eru kennarar við útlenda háskóla kallaðir þann dag í dag. — Við eigum ekki að hlaða kínverskan múr utan um íslenzkuna; við eigum að leitast við að auðga hana og fegra. Útlend orð geta verið gróði fyrir málið, ef þau eru smekkleg og handhæg. Í ensku og þýzku, að eg ekki nefni frönsku, er aragrúi af latneskum og enda grískum orðum, og amast enginn við þeim. Útlend orð eru heldur ekki ókunn í lögum vorum. Á síðasta þingi var t. d. heilt kerfi af útlendum orðum innleitt í lagamálið með metralögunum. — Þó er mér þetta, eins og eg hefi þegar tekið fram, ekkert kappsmál. En verði prófessorsnafninu bygt út, þá verður að gjöra öðrum útlendum orðum sömu skil, svo sem orðunum stúdent, kandídat og doktor. Og þess verður að gæta, að háskólakennari samsvarar ekki prófessor. Við hinn fyrirhugaða háskóla vorn eiga að vera tvennskonar kennarar, eins og við erlenda háskóla, prófessorar og dósentar, eða aðalkennarar og aukakennarar, þeir heita einu nafni háskólakennarar, Universitetslærere, en innan þessa heildarheitis eru 2 flokkar: prófessorar, aðalkennarar og dósentar, aukakennarar. — 6. breyt.till. við 7. gr. frv., er í rauninni ekki annað en orða breyting. Eftir frv. stjórnarinnar er kennurum háskólans skift í tvo aðalflokka, aðalkennara og aðstoðarkennara. Síðari flokknum er aftur skift í tvent, dósenta og aukakennara. Dósenta átti að kalla þá, sem hefðu kensluna að einkastarfi, en aukakennara þá, sem hefðu önnur

störf að aðalstarfi, eins og héraðslæknir, tannlæknir o. fl. nú hafa við læknaskólann. Sumum nefndarmönnum þótti þessi skifting óþarflega margbrotin, þótti óbrotnara að hafa að eins 2 flokka, prófessora og dósenta, og varð það úr, að þessu var breytt þannig.

Eg er háttv. þm. V.-Ísf. þakklátur fyrir það, að hann benti á ósamræmi milli kenslumissiris og háskólamissiris, og kensluárs og háskólaárs.

Sömuleiðis er það rétt athugað hjá honum, að »hún« í 31. gr. 1. málsgr. á að breytast í »það«, sem afleiðing af því, að háskóla-*nefnd* er breytt í háskóla-*ráð*. Nefndinni hefir skotist yfir það, og mun hún sjá um að hvorttveggja verði leiðrétt.

7. breyt.till. vill háttv. þingm. láta bera upp í tvennu lagi, líklega vegna orðsins »dekani«. Mín vegna má gera það. En eg vil skjóta því til hans, hvort ekki væri heppilegra, að hann bæri sig saman við nefndina til 3. umr. um þetta atriði og önnur, sem hann er henni ósamdóma um. Þá þyrfti ekkert blóð að renna í dag í þessu góða máli. Raunar er eg ekkert smeikur um »dekanann« (djáknann), en mér finst sú aðferð liðlegust.

Eg skal játa það, að breytingin í tölulið 12 (við 17. gr.), að á eftir: »Hver sá« komi orðin: »kona sem karl«, er í rauninni óþörf, en hún var gerð eftir tillögu eins nefndarmanns.

Breyt.till. í tölul. 17, að »aftur« komi í stað »að nýju«, skiftir ekki máli.

Breyt.till. í tölul. 18, að »endurtaka prófið« komi í stað »ganga undir prófið að nýju« er runnin frá sama háttv. nefndarmanni, sem breyt.till. í 12. lið, og skiftir sömuleiðis litlu máli, en hins vegar virðast mér aðfinslur háttv. þm. V.-Ísf. hér að lútandi óþarfar, og jafnvel rangt, að ekki sé rétt að segja um mann, sem gengur undir prófið að nýju, að hann »endurtaki próf«. Það er líku máli að gegna um orðin »nemandi« og »stúdent« sem um aðalháskólakennari og prófessor, nema hvað orðið stúdent hefir þó það fram yfir hitt, að það er ávalt brúkað í daglegu tali. Og eg get ekki varist þess að játa, að það er svo mikill »akademikus« í mér, að eg vil heldur halda orðinu stúdent. Háskólanemandi yrði líka beinlínis villandi, væri það lagt út á dönsku eða norsku, enda miklu lengra og stirðbusalegra en stúdent.

Þá eru tæmdar athugasemdir háttv. þm. V.-Ísf., og skal eg geta þess enn, að eg er honum þakklátur fyrir tillögur hans um það sem betur má fara.

Hins vegar þótti mér miður að hann gat ekki hugsað sér, að háskólinn yrði hafður í efri bygð Mentaskólans; honum fanst það leitt, að þurfa að benda á Mentaskólann sem háskólahús. Mér þótti þetta leitt af því, að verði Mentaskólahúsið ekki notað, verður því ver líklega litið úr stofnun háskóla fyrst í stað. Og svo get eg með engu móti kannast við, að það geti verið nein ástæða móti því, að notast við Mentaskólahúsið í bráð, að skemtilegra væri að geta bent útlendingum á veglegt sérstakt hús. Vér, sem fylgjum háskólamálinu, fylgjum því vegna þess, sem það er í raun og veru; leggjum minni áherzlu á húsið en stofnunina. Vér leggjum aðaláhersluna á það, að stofnunin sé góð og líkleg til viðgangs.

Bezt væri auðvitað, ef hægt væri að byggja strax veglegt hús fyrir háskólann. Og eg vil segja það, að land, sem er nýlega búið að eyða stórri fjárupphæð í stundargaman, ætti að hafa ráð á því að leggja fram líka eða jafnvel minni upphæð til annarar eins stofnunar og háskóli er. Það ætti að hafa ráð á, að tryggja sér langt og dáðríkt líf með ekki meira framlagi, því í raun

og veru kaupir þjóðin sér nokkurskonar ábyrgð á lífi sínu með stofnun háskóla. Hann mundi öllum öðrum stofnunum fremur auka hið innra megn þjóðarinnar, og á því hlýtur öll lífsvon þeirra að byggjast, sem ekki hafa hið ytra megnið. Eg skyldi glaður greiða atkvæði með nauðsynlegri fjárveitingu til sæmilegrar háskólabyggingar nú þegar. En á hinn bóginn álít eg, að vel megi notast við efri bygð Mentaskólans fyrst um sinn.

Að endingu vil eg aftur skjóta því til háttv. þm. V.-Ísf., hvort hann vill ekki lofa breyt.till. nefndarinnar að ganga óáreittum gegn um þessa umræðu málsins, ræða síðan við nefndina þau atriði í þeim, sem honum mislíka, og koma svo við 3. umr. með breyt.-tillögur um það, sem ekki verður samkomulag um.

Kristinn Daníelsson: Eg get verið fáorður. Flest það, sem eg tók fram áðan, voru smálagfæringar, sem mér eru engin áhugamál, nema ef vera skyldi útlendu nöfnin.

Háttv. framsögum. sagði, að ef nafninu háskólakennari væri haldið, mundi það verða lagt út á dönsku »Højskole lærer«, sem þýddi annað. Til þess liggur það svar, að þá væri rangt lagt út. — Enn fremur sagði hann, að slíkum orðum væri haldið í flestum öðrum málum. Eg kannast við að svo sé, en það er veigalítil ástæða, og lítið á því að byggja. Oft ber það við, að orð með algengri þýðingu koma skyndilega upp í alt annari þýðingu í sumum málum. T. d. má nefna, að orðið *minister* þýðir nú *prestur* á ensku. En verði þýðingin frábrugðin, þá er fremur ógagn en gagn að því, að orðmyndin sé sú sama. Hann sagði, að prófessor væri alment haft í daglegu tali; t. d. hefðu menn alt af sagt prófessor Finnur Magnússon. Það sannar ekkert. Við segjum t. d. iðulega justitiarius, assessor o. s. frv., en þó dettur okkur ekki í hug að leiða þessi orð inn í lagamálið, og ekki heldur notum við þau, þegar við skrifum íslenzku.

Háttv. framsögum. ræður mér til að bera mig saman við nefndina til 3. umr. Eg er fús til þess, en álít þess þó ekki þörf. Það nægir að deildin skeri úr nú þegar, hvort hún vill heldur útlendu orðin eða innlendu. Eg skal geta þess, að eg hefi ekkert á móti því, að »dekanus« standi í svigum fyrir aftan íslenzka orðið, eins og er í stjórnarfrumvarpinu. Það er íslenzkaða myndin »dekani«, sem eg get ekki felt mig við, því að með þessari íslenzkun er verið að læða orðinu inn í tunguna. Eg gat, eins og eg mun hafa orðað það áðan, unað við það í krókbekk sviganna; en eg vil ekki leiða það í kór tungunnar.

Jens Pálsson: Eg vil að eins, út af athugasemdum háttv. þm. V.-Ísf., í framhaldi af því sem háttv. 5. kgk. þm. sagði um orðið háskólakennari, bæta því við, að eg tel réttast að geyma það orð sem embættisorð þangað til við fáum þær embættisstofnanir, þar sem það á heima sem heiti á kennurum, nefnilega lýðháskóla. Þar á það heima og er í samræmi við nöfn, sem kennarar við slíka skóla hafa sem embættisheiti. Aftur er orðið aðalkennari alveg óaðgengilegt fyrir mig, af því að svo hafa verið, eru og verða nefndir kennarar við barnaskóla og unglingaskóla, þeir er aðalkenslu hafa á hendi; en þeir, sem jafnframt öðrum störfum hafa minni kenslu við slíka skóla, eru nefndir aukakennarar. Víst eru þetta virðuleg störf líka, en eg kann samt ekki við að hafa sama heiti á kennurum við lægstu alþýðuskóla landsins, sem við háskólann. Mér finst það óþolandi. En þessum heitum skilst mér háttv. þm. V.-Ísf. vilji halda, þar sem hann vill fella orðið »prófessor«.

Eg sé ekkert á móti því, að taka upp í málið alkunn evrópsk orð, sem eru notuð af öllum mentuðum mönnum um allan hinn mentaða heim, og það því síður, hafi þau verið höfð í daglegu tali á Íslandi, eins og þau sem hér er um að ræða. Þangað til Pétur Pétursson varð biskup, var hann hvarvetna hér á landi kallaður »prófessor Pétur«. »Prófessor Finnur Magnússon« er tamt á tungu hvers Íslendings. Hér er því ekki verið að taka upp nein óþekt orð. Háttv. þm. V.-Ísf. hafði sömuleiðis og jafnvel einna mest á móti orðinu »dekani«. Mér dettur í hug »djákni«, sem er því samstofna. Það er gamalt og gott íslenzkt orð, sem enginn amast við. Því mætti þá ekki eins taka orðið »dekani« upp í málið. Mér þykir sannarlega vænt um tunguna okkar, en eg get ekki séð, að henni sé nokkur óréttur gjör né virðing hennar skert með því, að taka þessi orð upp í hana.

Eg var hvatamaður þess, að »kona sem karl« var skotið inn á eftir orðunum: »Hver sá« í 17. gr., og var eg það af þeirri ástæðu, að mér er ekki kunnugt, að konur hafi rétt til að taka próf við embættaskólana hér, nema læknaskólann. Mér þótti vel viðeigandi, að það yrði innleitt með lögum, að konur hefðu rétt til að stunda nám og taka embættispróf; þess verður ef til vill ekki langt að bíða, að þær fái rétt til embætta. En orðin: »Hver sá« í frumvarps-greininni mundu flestir skilja svo, sem þar sé að eins átt við karlmenn, enda styðst sá skilningur við fortíðina, þar sem karlmenn einir hafa hingað til haft aðgang að æðri skólum hér, að undanskildum læknaskólanum. Gerði eg því þessa breytingu og vona að háttv. deild áliti hana til bóta.

Ari Jónsson: Eg skal geta þess, að eg er á sama máli og háttv. þm. V.-Ísf. um það, að eg æski þess, að tungan geti alt af verið sem hreinust, að útlend orð séu ekki notuð og að íslenzkt mál verði auðgað að innlendum orðum. En eg vil gera þetta svo, að það sé til verulegra bóta og gert í samræmi hvað við annað. Þessi orð, sem hér er verið að amast við: kandidat, prófessor o. s. frv., eru notuð alstaðar. Stofninn í þeim er latneskur, en orðin sjálf eru orðin evrópsk. Ef við förum að íslenzka þessi nöfn, þá skal eg taka það fram, að mér þykir ekki frekar ástæða til þess að íslenzka nöfn kennaranna heldur en nemendanna (stúdentsnafnið). En mér finst vér ekki færir um að skifta um til bóta. Það er farið fram á það í frv., að gera greinarmun á þremur tegundum kennara, og gert ráð fyrir nafninu aðstoðarkennari um dósenta. Eg veit ekki betur, en að dósentar séu fullkomlega eins sjálfstæðir kennarar eins og prófessorar; þess vegna er rangt að kalla þá aðstoðarkennara, þó þær námsgreinar, sem þeir kenna, séu ef til vill að ýmsu leyti minni, þá eru þær samt jafn þýðingarmiklar. Ef á að gera mun á þessum mönnum á annað borð, þá eru nöfnin, sem valin hafa verið, að minsta kosti óheppileg.

Það var ekki fleira, sem mér þótti sérstaklega þurfa að athuga. Eg fyrir mitt leyti er líka á sömu skoðun og háttv. þm. V.-Ísf. um að br.till. á 22. gr. sé óhyggileg. Eftir því, sem góður íslenzkumálfræðingur hefir sagt mér, þá er eins mikil ástæða til að segja »endurtaka prófið« eins og »taka prófið«.

Eg skal svo að eins drepa lítið eitt á það atriði, að þýða nöfn eins og »stúdent«. Það var minst á það áðan, hve afleitt það væri, ef það yrði þýtt með orðinu »nemandi«. Eg skal benda á, að ef orðið væri t. d. þýtt á dönsku, þá yrði úr því »Højskoleelev«. Eins og menn vita, þýðir þetta orð alt annað,

sem sé lærlingur á lýðháskóla, en ekki nemandi við háskóla (Universitet). Eg verð þess vegna að vera með því að halda þeim nöfnum, sem nú tíðkast, þó þau séu í raun og veru útlend, þangað til nýjar þýðingar fást á þeim, sem eru betri en þau orð, sem nú er völ á.

Steingrímur Jónsson: Það er máske óþarfi að standa upp og lengja umræðurnar, en eg skal að eins taka fram, að eg er samdóma háttv. þm. V.-Ísf. um það, að ekki sé rétt að hleypa útlendum orðum inn í málið að óþörfu. En eg get ekki betur séð, en að hér hafi orðið að gera slíkt, þar sem algerlega vantaði góð orð um þessar hugmyndir. Og þegar svona hefir staðið á, hefir það tíðkast frá aldaöðli að taka upp útlend nöfn; á þennan hátt hefir málið hreint og beint auðgast, því að orðin hafa orðið algerlega íslenzk í huga allrar alþýðu. Eg verð að líta svo á, að hér sé beint um auðgun á málinu að ræða, ef þessi kennaraheiti verða tekin upp, en alls ekki um neina spilling. En eg skal játa, að eg kæri mig ekki um að halda svo fast í sum af þessum heitum, t. d. »decanus«, enda er það óþarft.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Háttv. þm. Strandamanna og 4. kgk. þm hafa tekið af mér ómakið að svara háttv. þm. V.-Ísf., svo að eg get verið stuttorður. Eg undirstrika það, sem háttv. þm. Strand. sagði um danska orðið »Højskoleelev«. Það verður eingöngu haft um nemendur á lýðháskólum. Og það mun þó ekki vera meiningin, að setja háskólanemendur vora á bekk með jafn lítt mentuðum mönnum og flestir lýðháskólanemendur eru. Um ýms önnur hinna útlendu heita, t. d. rektor, dósent o. s. frv., er það að segja, að þau eru styttri og munntamari en tilsvarandi íslenzk orð. En úr því háttv. þm. V.-Ísf. fór að amast við þessum orðum, hví hefir hann þá ekki líka fett fingur út í doktors heitið. Eg sé að þarna situr einn dr. phil. Hvað ætlast háttv. þm. til að hann verði kallaður framvegis? Annars mun enginn taka eftir því, að hér er um útlend nöfn að ræða, þegar frá líður, eins og enginn man nú eftir því, að biskup og djákni og ýms önnur útlend orð eru ekki íslenzk að uppruna. Háttv. þm. V.-Ísf. þótti óþarft að bera sig saman við nefndina til 3. umr., og verður það því svo að vera. Eg skaut því fram ekki síður vegna háttv. þm. en nefndarinnar. Hún er allsendis ósmeik við, að láta »slaginn« standa nú þegar.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. gr. frv. sömuleiðis.
3. gr. frv. sömuleiðis.

1. br.till. (173) við 4. gr. samþ. með 11 : 1 atkv.
2. br.till. (173) við 4. gr. sömuleiðis.
3. br.till. (173) við 4. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
4. br.till. við 5. gr. samþ. í e. hlj.
5. br.till. við 5. gr. sömuleiðis.
5. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
6. gr. frv. samþ. í e. hlj.

6 br.till. við 7. gr. samþ. með 11 : 1 atkv.

7. gr. frv. þá sjálf-fallin.

7. br.till. við 8. gr. 1. lið samþ. með 8 : 5 atkv.
8. br.till. við 8. gr. 3. lið samþ. í e. hlj.
8. gr. breytt samþ. í e. hlj.
9. br.till. við 9. gr. 1. lið samþ. í e. hlj.
9. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
10. gr. frv. samþ. í e. hlj.
11. gr. sömuleiðis.
12. gr. sömuleiðis.
13. gr. sömuleiðis.
14. gr. sömuleiðis.

10. br.till. við 15. gr. samþ. í e. hlj.
15. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
11. br.till. við 16. gr. samþ. í e. hlj.
16. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
12. br.till. við 17. gr. samþ. með 12:1 atkv.
13. br.till. við 17. gr. samþ. í e. hlj.
14. br.till. við 17. gr. sömuleiðis.
17. gr. frv. breytt samþ. í e. hlj.
18. gr. frv. sömuleiðis.
15. br.till. (173) við 19. gr. 2. lið samþ. í e. hlj.
16. br.till. (173) við 19. gr. 3. lið samþ. í e. hlj.
19. gr. breytt samþ. í e. hlj.
20. gr. frv. samþ. í e. hlj.
21. gr. frv. samþ. í e. hlj.
17. br.till. við 22. gr. 2. lið a. samþ. í e. hlj.
17. br.till. við 22. gr. 2. lið b. samþ. með 9:2 atkv.
18. br.till. við 22. gr. 3. lið samþ. með 8:4 atkv.
19. br.till. við 22. gr. 4. lið samþ. í e. hlj.
22. gr. breytt samþ. í e. hlj.
23. gr. frv. samþ. í e. hlj.
24. gr. frv. samþ. í e. hlj.
20. br.till. við 25. gr. samþ. með 12:1 atkv.
25. gr. breytt samþ. í e. hlj.
26. gr. frv. samþ. í e. hlj.
27. gr. frv. samþ. í e. hlj.
21. br.till við 28. gr. samþ. í e. hlj.
28. gr. breytt samþ. í e. hlj.
22. br.till. við 29. gr. samþ. í e. hlj.
29. gr. breytt samþ. í e. hlj.
30. gr. frv. samþ. í e. hlj.
23. br.till. við 31. gr. a. og b. samþ. í e. hlj.
23. br.till. við 31. gr. c. samþ. í e. hlj.
31. gr. breytt samþ. í e. hlj.
32. gr. frv. samþ. í e. hlj.
24. br.till. (173) við 33. gr. a. samþ. í e. hlj.
Breyt.till. (236) samþ. í e. hlj.
Breyt.till. (235) samþ. í e. hlj.
24. br.till. (173) við 33. gr. b. og c. sjálf-fallin.
24. br till (173) við 33. gr. d. samþ. í e. hlj.
33. gr. breytt samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.
Samþ. með 12 samhlj. atkv. að vísa málinu til 3. umr.

Þriðja umræða 20. marz (A 259).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg hefi orðið var við 2 lítilfjörlegar misprentanir í frv. eins og það var samþykt við 2. umr. Hin fyrri er í 8. gr. 1. l.: »decani« í stað »dekani«, og hin síðari í 33. gr. 4. l. að neðan: »eg lög . . .« í stað »og lög . . .«. — Þessar villur má sjálfsagt laga í prentuninni, og bið eg háttv. forseta að gæta þess.

Forseti: Þessar prentvillur skulu verða lagfærðar.

Sigurður Stefánsson: Mér finst mér vera skylt að gera nokkra grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli. Eg hefi greitt atkv. með öllum greinum frumv., af því að mér hefir ekki þótt ástæða til að vera á móti neinni sérstakri grein og er málinu hlyntur yfir höfuð. En mér þykir sá höfuðgalli á, að hér er verið að samþykkja lög, sem verða dauður bókstafur um óákveðinn tíma. Það kann eg ekki við um mál, sem öllum er þó í raun og veru ant um. En hver er ástæðan fyrir því, að lögin eiga ekki að koma í gildi fyr en einhvern tíma í framtíðinni, þ. e. verða dauður bókstafur um óákveðinn tíma? Engin önnur en sú, að vér þykjumst ekki hafa efni á að stofna háskóla nú sem stendur. En úr því svo er, þá sé eg ekki, hvað er unnið við að samþykkja frumvarpið nú. Mér finst það vera dálítið fordildarlegt, að

vera að samþykkja lagabálk, sem allir vita að verða ekki lög nema á pappírnum. Hitt er annað mál, að málið getur grætt við það að verða rætt rækilega í báðum deildum; verður þá betur undirbúið undir seinni tíma.

Eg hefi ekki von um að fjárhagur landsins verði betri þegar næsta alþingi verður háð en hann nú er. Fjárhagshorfurnar eru svo slæmar, að það er mörgum áhyggjuefni. Og því finst mér mjög varhugavert að taka fram fyrir hendurnar á næsta þingi. En það gerum við að nokkru leyti, ef við nú samþykkjum þetta frumv., því að þá verður það talin skylda næsta þings, að láta hugmyndina ekki verða »blóðlausa hugmynd« lengur.

Háttv. framsögum. líkti háskóla við hjarta mannsins, þannig, að hann veiti mentunarstraumunum til alls þjóðfélagsins, eins og hjartað knýr blóðið til allra hluta líkamans. Þetta er fögur samlíking, en hún á ekki við, ef háskólahugmyndin verður ekki annað en »blóðlaus hugmynd«. Háskólinn þarf peninga til þess að geta starfað, og peningarnir eru ekki til.

Eg vil því láta málið bíða þangað til vér getum gert háskóla svo úr garði, að hann verði meira en nafnið tómt. — Það hefir verið talað um að það mætti notast við efri bygð latínuskólans til íbúðar fyrir háskólann. Það væri tilraun, sem ekkert er að vita hvernig heppnast. Og eg þykist viss um, að eftir 2—3 ár mundi verða talið öldungis óhjákvæmilegt að byggja háskólahús.

Þingið vinnur málinu ekkert gagn með því að samþykkja frumv. þetta nú. Hugmyndin verður blóðlaus eftir sem áður og færist ekki framkvæmdum nær. Af þessum ástæðum mun eg ekki greiða atkv. með frumv. nú fremur en við 1. umr.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg skal taka því með ró, sem háttv. þm. Ísf. lagði nú til málsins; eg bjóst alt af við andbyr úr þeirri átt.

Háttv. þingm. kvað háskólann mundu verða dauðan bókstaf um óákveðinn tíma. Eg skal nú að vísu játa það, að að forminu til er hér að eins um bréffesting eða lögfesting háskólans að ræða, en vér vinir háskólans vonum nú samt sem áður, að skólinn komist á innan skamms, og það enda á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Háttv. þingm. lézt ekki trúa því, að notast yrði við efri bygð Latínuskólans, en eg geri mér nú sem fyr góða von um að nota megi hana, alténd í bráð, og þykist hafa leitt rök að því, og þá fer því svo fjærri að óttast þurfi óbærilegan kostnað af skólastofnuninni, að húsaleigukostnaður mundi enda verða minni en hann nú er.

Þá gat háttv. þingm. þess, að frumv. taki fram fyrir hendur næsta þings. Já, eg vona að samþykt þess reki svo á eftir, að veitt verði fé til háskólans á næsta þingi. En því miður er engan veginn víst að svo verði; þingið er formlega óbundið. Þó vona eg að svo verði, vona að landspólitíkin sitji þá í fyrirrúmi fyrir hreppapólitíkinni, vona að háskólanum gangi þá ekki lakara en horfur eru á að t. d. gagnfræðaskólanum á Ísafirði gangi nú.

Steingrímur Jónsson: Eg stend upp bæði vegna þess, sem háttv. þm. Ísf. sagði, og svo til þess, að gera stutta grein fyrir mínu atkvæði í þessu máli.

Háttv. þm. Ísf. sagði, að þessi lagasmíð væri blóðlaus. Eg get vel skilið þá skoðun hans, og álít því síður að honum sé láandi, að hann vill ekki greiða atkvæði í málinu þegar þar að kemur. En eg lít ekki eins á málið og

hann. Eg álít, að þegar verið er að ræða um að fresta málinu, þá sé ástæðan ekki sú, að ekki sé fé fyrir hendi til að koma háskóla á fót. Því eg lít svo á, að við höfum næga peninga, ef vér á annað borð viljum koma málinu áfram. Ef önnur skilyrði fyrir stofnun háskóla eru fyrir hendi, þá eru peningar til; annars erum við á sveitinni. Og mér finst nauðsyn á þessari stofnun, þess vegna er eg óhikað með. Ýmsum öðrum atriðum málsins, svo sem skipun ýmsra embætta við skólann, húsakynnum o. s. frv. er svo varið, að full ástæða er til, að fresta framkvæmdum í því efni. Þetta er að eins lítilfjörleg bending í því efni, að kostnaður sé ekki svo ýkjamikill. Peningarnir eru ekki aðalatriðið.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Eg gæti eiginlega fallið frá orðinu, því að háttv. 4. kgk. þm. hefir tekið fram mest af því, sem eg ætlaði að segja. Háttv. þm. Ísf. hélt því fram, að fé væri ekki fyrir hendi til þess að koma háskólanum á fót, og nefndin liti auðsjáanlega svo á, úr því hún ætlaðist ekki til að hann yrði stofnaður, fyr en fé væri veitt til þess á fjárlögum. Eg var ekki með þessu í nefndinni. Eg var þvert á móti á þeirri skoðun, að næg efni væru fyrir hendi. Það er ljóslega sýnt fram á það í athugasemdunum við frumv., að kostnaðurinn sem af því hlytist er ekki nema hér um bil 20,000 kr. Eg leit svo á, að ef ekki væri ráð á að veita þetta fé til svo mikilvægrar þjóðstofnunar, þá hefðum vér heldur ekki ráð á að lifa sem sérstök þjóð. Það eitt nægir til þess að sýna þörfina á háskóla, að vér þurfum nú að miklu leyti að sækja embættismönnum vorum mentun til annara landa eða háskóla.

Eg vil í sambandi við þann kostnað sem hér er um að ræða benda mönnum á alt það fé, sem fer út úr landinu með þeim mönnum, sem stunda nám í öðrum löndum. Það er stórfé á hverju ári. En þetta yrði þó ekki nema brot af hagnaðinum, sem hlytist af svona stofnun. Háskóli hlýtur að efla alt andlegt líf í landinu. Og þess mundu sjást merki strax eftir nokkur ár. Hann yrði vörn gegn miður hollum útlendum áhrifum, ekki sízt dönskum, sem vitanlega eru mikil og mjög varhugaverð að ýmsu leyti. Það má auðvitað segja, að embættismannaskólarnir geri það nú, en þó ekki nema að nokkru leyti, því meðan ekki er búið að koma þeim í betra horf, sýnist mér varhugavert að binda embættaveitingar hér á landi því skilyrði, að menn hafi gengið á þessar stofnanir, en þetta væri sjálfsagt að gjöra þegar háskólinn væri kominn í viðunandi horf.

Eg skil ekki hvernig menn geta lagt það til, að fresta þessu máli núna, þegar kröfur og raddir um sjálfstæði eru svo háværar, þegar sjálfstæði landsins er orðið slíkt hjartansmál þjóðarinnar, og þegar stofnaður er fjölmennur þingflokkur utan um sjálfstæðishugsjónina.

Eg vildi ekki kljúfa nefndina, en það hefir alt af verið mín skoðun, að þessi stofnun ætti að komast á fót nú þegar. Það er líklegt, að nokkrar breytingar verði á þingi til næsta þings, og þess vegna vil eg ekki að því sé frestað að samþykkja þessi lög.

Háttv. þm. Ísf. talaði mikið um fjárhag landsins og hafði miklar áhyggjur út af honum. Eg játa fullkomlega, að það er margt áhyggjuefnið hvað fjárhaginn snertir. Eg get ekki litið svo á, að fjárhagurinn sé svo bágborinn, að okkur sé ofvaxið að koma þessari stofnun á fót, sem hlýtur að verða lyftistöng andlegra og verklegra framfara þessarar þjóðar og skjól og vörn íslenzks þjóðernis á komandi tíð. Eg legg þess vegna áherzlu á, að frumv. verði sam-

þykt á þessu þingi, og vona að þessi deild sjái sóma sinn með því að samþykkja það.

Kristinn Daníelsson: Eg tók fram við síðustu umr. skoðun mína á breyt.-till. nefndarinnar við frv. og sagðist mundu greiða atkv. með málinu frá deildinni. En eg skal lýsa því yfir, að eg hallast mjög að máli háttv. þm. Ísf., að ekki sé í raun og veru rétt að leggja skuldbindingar á komandi þing. Eg álít, að það sé mjög svo á rökum bygt, að fjárhagur landsins sé mikið áhyggjuefni, og þær 20,000 kr., sem skólinn á að kosta árlega eftir áætlunum sumra háttv. þingmanna, koma ekki til nokkurra mála. Eg verð líka að segja það, að mér liggur við að brosa þegar verið er að tala um að hafa háskólann uppi á lofti í Latínuskólanum, auk þess sem eg býst við, að Mentaskólinn sé fullþröngur núna, þótt hann verði ekki þrengdur enn þá meira.

En þó svo sé, þá vil eg að málið komist frá þessari deild, en eg mundi ekki taka nærri mér þó ýmsir gallar væru lagaðir á því í Nd. og enda þótt frumv. kæmist þaðan ekki að þessu sinni. Mér finst líka sjálfsagt, að Nd. fái tækifæri til þess að fjalla um málið.

Jens Pálsson: Eg ætla það ekki ofmælt, að þetta mál sé eitt hið bezta mál á dagskrá þessarar þjóðar og lands, og það getur ekki komið til nokkurra mála, að láta það sitja á hakanum fyrir ýmsu öðru þýðingarminna. Málið er hugsandi mönnum þjóðarinnar eitt hið hugðnæmasta og dýrmætast allra mála, og er ekki efamál, að það á fram að ganga sem fyrst, verða á undan flestum öðrum framfaramálum, er sinna þarf. Það hefir verið margsýnt fram á það af þjóðarinnar beztu og skörpustu mönnum, hversu það sé óholt fyrir andlegt líf í landinu, að flestir leiti háskólamentunar út úr því, og að þeir námsmenn vorir, sem sækja háskólamentun sína út fyrir landsteinana, skuli allir verða að lenda á einum sama háskóla, sakir hins ríflega nemendastyrks, er þar er á boðstólum.

Þetta er óholt þjóðlífi voru. Og það er furða, að þessi einhliða straumur hins danska vísindalífs og háskólalífs skuli ekki vera búinn að gagnsýra þjóð vora enn meira, en raun hefir þó á orðið.

Það var réttilega tekið fram af háttv. 5. kgk. þm., að innra líf þjóðarinnar væri aðallífskrafturiun, sem héldi uppi því ytra, og að ekkert mundi styrkja betur innra líf þjóðarinnar, heldur en háskóli í landinu. Ennfremur tók háttv. 6. kgk. þm. það fram, að með svona stofnun ykist manngildi og mentagildi í landinu, og eg vil bæta við þjóðfrægð og landsfrægð Íslands; því að í sannleika er það auðmýkjandi og niðurlægjandi fyrir oss Íslendinga, að hugsa til þess, að erlendir menn, er leita sér mentunar í íslenzkum og fornnorrænum fræðum, skuli í því skyni þurfa að leita til háskóla í öðrum löndum, af því að vísindalega kenslu í þessum fræðigreinum er ekki að fá í þessu landi, sem þó er föðurland allra fornnorrænna og íslenzkra fræða. Meðan svo er, líta aðrar þjóðir smáum augum á íslenzkar bókmentir að fornu og nýju. Eg skal í þessu sambandi minna á, að þegar Danir gerðu hingað stúdentaleiðangurinn um aldamótin síðustu, þá voru margir þeirra þeirrar skoðunar, að Ísland ætti ekki neinar bókmentir. Ef háskóli hefði verið í landinu, þá hefði slíkt ekki komið fyrir.

Eg hélt fram í nefndinni, að réttara væri að taka ekki til um tímann, hvenær háskólinn skyldi taka til starfa, af því að eg áleit, að það væri nokkuð frekt að heimta fé til skólans skilyrðislaust, áður en menn vissu nokkuð um, hvernig fjárhagur landsins yrði næstu

árin. Og þar sem þungamiðja fjárveitingarvaldsins er í Nd., þá sýnist mér sjálfsagt og bein kurteisi, að senda málið svo til hennar. Nd. er þá í lófa lagið að gera við frumv. hvað hún vill og breyta aftur til, svo að lögin komi strax í framkvæmd.

Það hefir verið talað um 20 þús. kr. kostnað, en mér dylst þó ekki, að hann muni verða meiri, því að t. d. yrði að veita stúdentum mjög ríflegan námsstyrk til þess að vega á móti þeim stóra styrk, sem þeir fá í Khöfn. Hvað snertir húsabyggingu handa skólanum, þá er mér það hjartfólgin hugsun, að honum verði reist veglegt hús, og hefi eg hugsað mér, að það væri næstum óhugsandi, að koma stofnuninni á fót að öðrum kosti. En þegar eg nú skoða það atriði nánar, þá sýnist mér þó sem það muni vera unt í fyrstu. Hitt tel eg víst, að löggjafarvaldið dragi ekki að koma veglegri háskólabygging upp undir eins og fjárhagur leyfir það með nokkru móti. Málið er svo hjartfólgið allri þjóðinni, að það verður að gera sem bezt við það að öllu leyti.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg er háttv. þm. G.-K. þakklátur fyrir það, hve vel hann lagði til málsins, og synd væri það, að vera vanþakklátur háttv. þm. V.-Ísf., þó hann talaði ekki eins vel fyrir málinu og eg hefði óskað. Satt að segja hélt eg að ekki væri meira til í pokahorninu því eftir síðustu umræður.

Eg vil taka það fram aftur, út af orðum háttv. þm. V.-Ísf., að það er enganveginn nauðsynlegt að byggja nýtt hús fyrir háskólann. Það geta ekki aðrir álitið en þeir, sem halda að hús og stofnun sé það sama. Það sem er mergurinn málsins er, *að* sameina þá skóla sem nú eru í eina heild, og *að* útvega þeim sjálfstjórn. Þeir hafa hingað til legið undir eina skrifstofu í stjórnarráðinu. Að vísu hefir sú skrifstofa verið vel mönnuð, en það er öldungis óvíst að svo verði alt af. Enda er það sjálfsagt, að slíkar stofnanir stjórni sér sjálfar. Auk þess er háskólinn nauðsynlegur af því, að margar greinir, sem ætlast er til að verði kendar í honum, eru og *verða* ekki kendar annarstaðar. En öllum er þeim svo varið, að hægt er að kenna þær hér.

Sigli menn undir sjálfstæðisflaggi, verða menn að vera reiðubúnir að leggja eitthvað í sölurnar fyrir sjálfstæðið. En sé nokkuð spor í sjálfstæðisáttina til, þá er það stofnun háskóla. Það eru keipar einir hjá háttv. þm. Ísf. og V.-Ísf., að hafa á móti frumvarpinu eins og það er. Háttv. þm. Ísf. vil eg sérstaklega minna á það, að það er til ýmislegt í lífinu, sem ekki verður metið til peninga. Annars er það undarlegt, að menn skuli vera að berja kostnaðinum við, eins og honum yrði fleygt í sjóinn. Því fer fjarri. Peningarnir hafa bara vasaskifti; þeir renna að vísu úr landsjóði en til Íslendinga, og þaðan aftur í landsjóð, sem skattar, tollar o. s. frv.

Síðast en ekki síst má minna á vanhöldin, sem hafa orðið af því, að menn hafa þurft að senda syni sína lítt þroskaða til útlanda. Þau hverfa úr sögunni með stofnun innlends háskóla.

Annars bjóst eg ekki við umræðum um málið á þessu stigi. Einasti hugsanlegi agnúinn var fjárhagurinn, að fé væri ekki til *í svipinn*. Úr honum er bætt með því ákvæði, sem nefndin setti inn í frumvarpið, að háskólinn skuli ekki taka til starfa fyr en fé verður veitt til hans á fjárlögunum. Eins og eg hefi þegar tekið fram við 2. umr., álít eg persónulega, að við höfum ráð á að veita fé til skólans nú strax, við sem nýlega höfum fleygt hundruðum þúsunda út í stundargaman, en þeir sem líta annan veg á það atriði, geta þó

huggað sig með því að komandi þing ráði því, hvenær til fjárútlátanna kemur.

Sigurður Stefánsson: Eg vissi vel alt það, sem sagt hefir verið háskólanum til gildis. Eg hefi ekkert fræðst af umræðunum og breyti ekki mínu atkv. fyrir þær. Ef við á annað borð stofnum háskóla, þá ættum við að gjöra hann myndarlegan, til þess hann yrði okkur ekki til minkunar. Það kostar mikið fé. Og eins og eg sagði áðan, er fjárhagur landsins ekki svo góður nú, né heldur horfurnar, að við megum leggja neinar fjárveitingaskyldur á herðar næsta þingi.

Eg játa að það er mikilsvert atriði, að stöðva straum mentamanna vorra til útlanda. En það mundi líka kosta okkur 40—60 þús. kr. á ári, því að við getum ekki sagt við þá, að þeir skuli nema hér, nema við getum um leið sagt þeim, að þeir hafi engan fjárhagslegan skaða af því. En til þess er ekki fé til að sinni.

Háttv. þm. G.-K. sagði, að við mættum ekki láta þetta mál sitja á hakanum. En það er einmitt það, sem nefndin vill gera. Hún viðurkennir að ekki sé fé til að sinni, og sýnir það, að það er á fullum rökum bygt, sem eg hefi sagt.

Eg veit svo vel um hug manna í þessu máli, að mér kemur ekki til hugar, að mitt atkvæði geti haft nokkur áhrif á úrslit þess. En mín skoðun er, að réttast sé að fresta því að samþykkja þetta frv. til næsta þings. Það er nógur tími að gera það þá, ef ástæður leyfa, og menn sjá sér það fært fjárhagsins vegna.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg vil ekki efast um að háttv. þm. Ísf. sé það alvörumál að vilja styðja að stofnun háskólans. Annars hittist svo leiðinlega á, að einmitt þessi aðferð, að fresta og draga á langinn, er oft brúkuð til að eyðileggja góð mál, sem menn þora ekki að ganga í berhögg við. En sem sagt, eg vil ekki bera honum slíkt á brýn.

Háttv. þm. sagði, að við ættum að kosta kapps um að hafa háskólann myndarlegan. Með því skilst mér hann meina, að skólinn verði ekki myndarlegur í þeirri mynd, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. En deildirnar verða þær sömu sem nú, að einni viðbættri, og með sömu kenslukröftum; kenslan ætti því ekki að verða lakari, þó deildirnar yrðu sameinaðar og fengju að stjórna sér sjálfar. Ennfremur sagði hann, að við gætum ekki veitt nemendunum eins mikinn styrk og þeir fá í Höfn. Það er rétt. En bæði er það, að hér er hægt að komast af með minna en í Höfn, og svo á ekki að styrkja hvern stúdent, heldur að eins þá sem efnilegir eru. Til námsins hér þarf ekki meiri styrk en stúdentar hafa nú, en aftur legg eg mikla áherzlu á styrk til utanfara. Honum álít eg væri sérstaklega vel varið, miklu betur en þeim styrk, sem stúdentar hafa nú í Höfn. En eg álít ekki að við þyrftum að veita mikið fé úr landsjóði til utanlandsfara, þar eð við höfum sjóð Hannesar Árnasonar, sem nú er orðinn mjög álitlegur sjóður, 60 þús. kr., og gefur því 3000 kr. í rentu árlega. Að vísu eru styrkveitingar úr þessum sjóði nú takmarkaðar við eitt fag, heimspekina, en því mætti og ætti að breyta, þannig að þær næði til námsmanna í hverju fagi sem er. Þingið hefir að vísu ekki leyfi til að gera þessa breytingu á reglunum um notkun sjóðsins, en það getur væntanlega fengið ráðherra sinn til að gera hana hvenær sem vill. Í útlöndum er það stundum gjört að breyta slíku. Hannes Árnason var mentavinur, og eg efast ekki um það, að hann mundi verða fyrsti hvatamaður þess, ef hann lifði nú, og sæi hve fé er mikið

og þörfin rík. (*Sig. Stefánsson*: Hann var heldur ekki amtsráð). Háttv. þm. mun eiga við ráðstöfun amtsráðsins á bókasafninu í Sykkishólmi, en þar skjátl ast herra þingm. Sú ráðstöfun var í alla staði lögmæt. Ef til vill þekkir hv. þm. einhverja sérstaka leið til sambands við látna menn; ef svo er, mætti nota hana til að leita samþykkis H. Á. til breytingar á stofnskránni.

Háttv. þm. sagði, að ekkert væri unnið með því, að samþykkja frumvarpið nú. En það vinst einmitt mikið með því. Vilji þingið 1911 leggja fé til háskólastofnunar, getur það gert það með ein faldri fjárveiting. En ef frumv. er drepið nú, væri það sama sem að eyðileggja málið; að minsta kosti ætti það þá miklu lengra í land. En ef til vill er það einmitt vilji hv. þingmanns.

Eg vona að háttv. deild samþykki frumvarpið, og að Nd. gjöri því síðan sömu skil.

ATKV.GR.:

Að viðhöfðu nafnakalli var frumv. samþ. með 11. samhlj. atkv., og sögðu

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelss.,	
Steingr. Jónsson,	
Ari Jónsson,	
Eiríkur Briem,	
Gunnar Ólafsson,	
Jens Pálsson,	
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Stefán Stefánsson.	

Sigurður Stefánsson, þm. Ísf. greiddi ekki atkv.

Frumvarpið sendist nú forseta Nd.

Laun háskólakennara.

FRUMVARP til laga um laun háskólakennara. (Stjórnarfrumv. A. bls. 185).

1. umræða; 17. febrúar.

Ráðherra (H. H.): Eg gat þess áðan, að forstöðumenn hinna æðri skóla hér hefðu sent stjórnarráðinu frumv. til laga um laun háskólakennara, um leið og sjálft háskólafrumv. kom frá þeim.

Þess er getið í athugas. við frv. að stjórnarráðið sé ekki að öllu leyti samdóma nefndinni um ýms atriði, t. d. um það, að ekki mundi nægja að hafa tvo prófessora og einn dósent við lagaskólann í stað 3 prófessora, sem farið er fram á í frumv. Samt sem áður hefir stjórnarráðið álitið rétt að leggja frumv. óbreytt fyrir alþingi, einkum vegna þess, hve áliðið var tímans þegar frumv. kom, svo tími varð naumur til breytinga.

Það er nýbreytni í þessum lögum, að laun kennaranna fara hækkandi með embættisaldri. Þetta tíðkast í öðrum löndum og þykir fara heppilega, og eru þá byrjunarlaunin sett að því skapi lægri. Væri æskilegt að hægt væri að taka upp þetta fyrirkomulag einnig að því er snertir aðra embættismenn landsins.

Nefndin hefir samið athugasemdir með frumv., sem gera ljósa grein fyrir því.

Eg skal nú að eins mæla sem bezt með frumvarpinu og vona að háttv. deild taki því vel.

Sigurður Stefánsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á því, að frumv. þessu verði vísað til nefndarinnar í háskólamálinu.

ATKV.GR.:

Samþykt í e. hlj. að fresta 1. umr. og vísa málinu til nefndarinnar í háskólamálinu.

Framhald 1. umræðu; 20. marz. (Stjórnarfrumvarp A. bls. 185; n. 237).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Þar sem þetta er framh. 1. umr., og nefndarálitið er nokkuð ræki-legt, finst mér nægilegt að vísa til þess og ástæðna frumvarpsins, sem eru enn ítarlegri. — Eg læt því sitja hér við að sinni, og vona að háttv. deild láti frumv. ganga til 2. umræðu.

Gunnar Ólafsson: Þegar nefnd var kosin í þetta mál, bjóst eg við því, að hún mundi gera aðrar breytingartillögur við frumv. en raun hefir orðið á. Eg tek það fram þegar, að eg var á móti frumv., eins og það kom frá stjórninni og er á móti því enn, eins og nefndin leggur til að það verði. Það er engin þörf á að samþykkja þessi lög strax, með því að fé er ekkert veitt til háskólans enn þá. Það er alveg ónauðsynlegt að búa til lög, sem enginn veit hvenær muni koma í gildi. Eg er ekki á móti því, að lofa frumv. til 2. umræðu, en eg vil með engu móti að það verði afgreitt héðan úr deildinni.

Það eru ýms ákvæði frumvarpsins, sem eg er óánægður með, og þó aðallega það, hve há launin eru, eða geta orðið, þegar tímar líða. Vér verðum í þessu sem öðru að sníða okkur stakk eftir vexti, og vér höfum ekki ráð á að borga mörgum prófessorum 4800 kr. laun, eins og frumv. ætlast til að verði gert með tímanum. Það verður að miða launin við efnahag landsins yfirleitt, en ekki eingöngu við hve há laun tíðkast við útlenda háskóla.

Eg er því á móti frumv. eins og það er. En geymi mér að tala frekar um hin einstöku atriði þess, þangað til við 2. umræðu, ef til kemur.

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg þakka háttv. þm. V.-Sk. fyrir hreinskilnina. En reyndar hefði hann átt að bíða með þessa ræðu þangað til við 2. umræðu málsins, því að þá fyrst *má* fara út í einstök atriði frumvarpsins.

Háttv. þm. kvaðst vera á móti frumv. Þetta þykir mér undarlegt, af því hann greiddi þó atkvæði með frumv. um stofnun háskóla, og þetta frumv. er aðeins nauðsynleg afleiðing af því. Ef stofnaður er háskóli með 4 deildum, þá þarf kennara í þessar 4 deildir. — Hann sagði að laun prófessoranna ættu að vera 4800 kr. Þetta er ekki rétt, háttv. þm. hefir ekki lesið frumv. vel. Byrjunarlaunin eiga að vera 3000 kr., jafnhá faktorslaunum. Allir vita þó hver munur er á þeim undirbúningi, er verzlunarstjórar og prófessorar þurfa undir stöður sínar. Launin *enda* eftir 27 ára embættisþjónustu á 4800 kr. Eg get þessa að eins vegna þess, að háttv. þm. V.-Sk gaf ástæðu til þess, en fer ekki frekar út í einstök atriði, fyr en við aðra umræðu. — Eg vona að háttv. deildarm. lofi frv. til 2. umræðu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 12 atkv. gegn 1.

Önnur umræða; 27. marz. (Stj.frv. A. bls. 185; n. 237).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Þar eð engar breyt.till. hafa komið fram og stjórnarfrumvarpinu hinsvegar fylgja ítarlegar ástæður, get eg verið stuttorður.

Frumvarp þetta er nátengt háskólafrumvarpinu, sem nýbúið er að samþykkja hér í deildinni. Það fer aðallega fram á tvent, fjölgun kennnara og breyting á launum þeirra.

Fyrra atriðið, *fjölgun kennara*, er að nokkru leyti bein afleiðing af háskólafrumvarpinu, sem gerir ráð fyrir að einni deild sé bætt við. En auk þess er í þessu frumv. farið fram á, að 2 prófessorum sé bætt við, sínum við hvora

deild, lagadeild og læknadeild. — Eg vona, að háttv. deildarmönnum sé það ljóst, að lagadeildin verður að vera að minsta kosta jafnvel ment að kenslukröftum sem hinar deildirnar, og enda betur.

Lögin eru séreign okkar, en það eru ekki alþjóðavísindi svo sem læknisfræði og guðfræði. Löggjöf vor byggist að miklu leyti á íslenzkum grunni. Það sem útlent er í henni, er fram að 1662 fremur af norskum rótum runnið en dönskum. Dönsk áhrif gera ekki vart við sig að mun, fyrr en eftir að einveldið komst á. Nokkrar greinir laganámsins eru alveg íslenzkar, svo sem landsréttur og réttarsaga. Sumar eru að meiru eða minna leyti íslenzkar, svo sem borgaralegur réttur I.-II., og réttarfar. Aðeins ein grein er að mestu leyti dönsk, hegningarréttur.

Það er því meiri ástæða til að fjölga kennurum við lagadeildina, sem það má segja að enginn maður, utan lands né innan, viti til fulls hvað eru gildandi lög á landi hér. Engin rannsókn til um neitt, eða því sem næst, enda ekkert ábyggilegt íslenzkt lagasafn til á undan stjónartíðindunum. Að vísu geri eg ekki lítið úr lagasafni Jóns Sigurðssonar, en hann hefir tekið upp í það öll lög, sem hann áleit að gæti komið til tals að giltu hér, og þessvegna er það þegar af þeirri ástæðu, ekki allskostar ábyggilegt. Af því að fátt, eða því sem næst ekkert, hefir verið rannsakað í löggjöf vorri, hefir lítið sem ekkert verið skrifað um íslenzk lög nema doktorsdisputatia Magnúsar Stephensens og drög til réttarsögu eftir Vilhjálm Finsen, sem hann sjálfur bannaði að prenta, af því hann áleit þau svo ófullkomin. Hér liggur því fyrir umfangsmikil og erfið rannsókn fyrir lagakennarana. En auk þess þurfa þeir að semja kenslubækur, búa sig undir kenslustundirnar o. fl. Það er því fullkomlega »conditio sine qua non«, eða beint lífsskilyrði, að lagakennurunum fjölgi; tveir kennarar komast ekki með nokkru móti yfir það sem gera þarf. Það er er ekkert viðlit, að þeir geti búið undir aukaprófið 1912; til þess þarf sérstaka fyrirlestra og undirbúning. Það er jafnvel lítil von um að skólinn geti útskrifað nokkra stúdenta árið 1912, ef nokkuð fjölgar á honum, nema kennurunum verði fjölgað um leið. Nú eru 8 stúdentar á skólanum, og vafalaust bætast einhverjir við næsta haust. En undir eins og þeim fjölgar, verður að skifta þeim niður í tvær deildir. En af því leiðir aftur, að hvor kennari getur aðeins haft eina kenslustund á dag með hvorri deild. því að það er ómögulegt fyrir hvorn kennarann, að hafa meira en tvær kenslustundir daglega. Þegar frumv. um stofnun lagaskóla lá fyrir þingi 1907, var eg þegar á þeirri skoðun, að það mundi verða ókleift að komast af með tvo kennara við skólann. Þá fekst því ekki framgengt að þeir yrðu fleiri. En nú er reynsla fengin fyrir því, að það er ekki hægt. Og eg vona að alþingi sjái, að það verður að búa svo vel um lagadeildina að kenslukröftum, að hún geti int starf sitt sómasamlega af hendi. Þegar litið er til annara skóla, og starf skólanna eða deildanna er borið saman, sést það, að ekki er til of mikils mælst, þó farið sé fram á, að lagakennurunum sé fjölgað um einn. Prestaskólanum eru ætlaðir 2 fastir kennarar og 1 aukakennari. Læknaskólinn á að hafa 2 fasta og 6 auka-kennara. Á hvorugum þessara skóla er þó kend nein sér-vísindagrein eins og á lagaskólanum. Mentaskólinn hefir 10 kennara. Við Akureyrarskólann er samkvæmt frv., sem nú liggur fyrir þingi, ætlast til að fastir kennarar verði 4. Við lagadeild háskólans í Kaupmannahöfn, þar sem lögfræði hefir verið kend í marga mannsaldra, eru 9

kennarar, hér um bil einn í hverri grein. Hér þyrfti líka helzt einn kennara í hverri grein. En í frumvarpinu er að eins farið fram á, að kennurum sé fjölgað um einn, svo að hver kennari þurfi þó ekki að kenna nema tvær greinir.

Um læknaskólann er það að segja, að nú er þar að eins einn óskiftur kennari. Hingað til hefir landlæknir haft á hendi aukakenslu við skólann. En þegar forstöðumenn embætta skólanna ræddu frumvarpið með sér, sýndi landlæknir fram á það, að, eins og embættið nú er orðið, er ókleift að hafa þessa kenslu á hendi jafnframt því. Landlæknisembættið er orðið miklu erfiðara og umfangsmeira en það var, þegar landlækni var gert að skyldu að taka að sér forstöðumensku læknaskólans og kenslu við hann. Þá voru 20 læknishéruð á landinu öllu; nú eru þau um 43 auk margra sérlækna. Þá var að eins eitt sjúkrahús á landinu; nú eru þau mörg. Þá voru samgöngur miklu minni en nú, og sjúkdómshættan þar af leiðandi minni. Þá voru fáir löggiltir verzlunarstaðir á landinu; nú eru þeir mý-margir. Alt þetta hefir aukið mjög störf landlæknis. Skrifstofuhald hans er miklu meira en áður, og ferðalög meiri og tíðari. Við þetta má bæta, að landlæknisembættið er miklu fremur praktiskt umboðs embætti en vísindalegt. Nefndin áleit því nauðsynlegt, að leysa landlækni undan allri kenslu. En af því leiðir, að stofna verður eitt nýtt fastakennaraembætti við læknadeildina.

Við prestaskólann eru nú 3 fastakennaraembætti, öll með eftirlaunarétti. Frumvarpið fer fram á að fækka þeim um eitt, þannig, að í stað eins eftirlaunaembættisins komi eftirlaunalaust dósent-embætti. Þessi breyting stafar af því, að ætlast er til, að heimspekiskenslan gangi undan þessari deild, og ennfremur, að kenslan í kirkjurétti verði falin einhverjum lagakennaranna.

Um heimspekisdeildina þarf eg ekki að tala. Í henni er ætlast til að verði tveir prófessorar og einn dósent.

Þá kem eg að hinu aðalatriðinu í frv., *breytingunni á launakjörum kennaranna.*

Nú er munurinn á launum forstöðumanna embættaskólanna og annara kennara sá, að forstöðumennirnir hafa 4000 kr. laun, en dósentarnir 2800 kr., að undanteknum dósentinum við læknaskólann og öðrum dósent við prestaskólann, sem hafa að eins 2400 kr. laun hvor; en öllum embættunum fylgir eftirlaunaréttur. Þessi munur stafar af því, að nú hafa forstöðumennirnir umsjón með skólunum að öllu leyti. Verði háskóli stofnaður, fellur þessi umsjón niður; það er ætlast til, að prófessorarnir skiftist á að stjórna deildunum. Það er því engin ástæða til að gera upp á milli launa prófessoranna, enda leggur frumvarpið til, að þeim sé öllum gert jafnhátt undir höfði, og ætlar þeim 3200 kr. byrjunarlaun. Dósentunum ætlar frv. 2400 kr. óbreytileg laun án eftirlaunaréttar. Þessu hvorutveggju vill nefndin breyta. Það er ekki svo að skilja, sem hún álíti 3200 kr. of há prófessoralaun; því fer fjarri. En hún álítur 2400 kr. of lág laun fyrir dósenta, og það því fremur, sem þeim embættum fylgir ekki eftirlaunaréttur. Hún leggur því til, að dósentalaunin séu hækkuð upp í 2800 kr., en til þess það verði hægt, stingur hún upp á því, að laun prófessoranna séu lækkuð niður í 3000 kr. Nefndin þykist því fremur geta lagt það til, sem prófessorum eru ætluð hækkandi laun með hækkandi embættisaldri Við leggjum mikla áherzlu á, að þetta hækkunar-»princip« sé tekið upp,

og það því fremur, sem það var lögleitt um presta í prestalaunalögunum frá 1907. Það getur engum dulist, að núverandi laun dósentanna, 2400—2800 kr. eru of lág; á því getur enginn lifað með fjölskyldu. Og 3000 eða 3200 kr. er líka of lágt. Þau launalög, sem nú gilda, voru gefin út árið 1889. Ef ætti að miða laun forstöðumannanna við gildi peninga þá, ættu þeir að hafa nú 5400—5600 kr. árslaun, en hafa, ef miðað er við 1889, í raun og veru að eins 2400—2600 kr. Miðað við 1889 ættu dósentar nú að hafa, þeir launahærri 3780—3920 kr., en hinir launalægri 3240—3360 kr. árslaun, en hafa nú, miðað við sama ár, þeir launahærri 1680—1820 kr. og þeir launalægri 1440—1560 kr. árslaun. Mönnum kann að þykja þetta ótrúlegt. En skýringin liggur í verðfalli peninga. Indriði Einarsson, sem mun vera einna fróðastur manna hér á landi í þessum efnum, telur að peningar hafi á árunum 1901—1907 yfirleitt lækkað um 25%. Og Sighvati bankastjóra Bjarnasyni telst til, að peningar hafi síðan 1889 fallið í verði um 35—40% hér í Reykjavík. Af þessu leiðir hinn mikli munur á launununum, að forstöðumenn skólanna ættu að hafa 5400—5600 kr. í árslaun, en hafa að eins 2400—2600 kr. Embættismennirnir eru þeir einu menn, sem bíða tjón við verðfall penginganna. Allra annara manna laun hafa hækkað að sama skapi, sem peningarnir hafa lækkað í verði. Það má því segja, að nú sé svo komið, að landsjóður sé versti húsbóndinn á landinu. Nú fá t. d. vinnukonur 120 kr. í laun árlega, en höfðu fyrir nokkrum árum 40 kr. Alt hefir hækkað í verði, nema peningar; þeir hafa hrapað.

Annar galli á núverandi launafyrirkomulagi er það, að þau eru óbreytileg, hækka ekki með hækkandi embættisaldri. Og það er því verra, sem þau eru mjög lág. Afleiðingin af þessu hlýtur auðvitað að verða sú, að það verður erfitt fyrir skólana að halda góðum kennurum. Þó einhver fáist í embættið vegna þess að hann er í vandræðum og verður að taka alt sem býðst, þá fer hann auðvitað undir eins og honum býðst eitthvað betra. Lagaskólinn á því láni að fagna, að hafa fengið ágætan kennara í annað kennaraembættið. En hvernig er hægt að búast við, að skólinn geti haldið honum til lengdar, þegar jafnvel nemendur hans geta fengið hærri laun beint frá próf-borðinu.

Þessu ástandi vill frumvarpið breyta, aðallega með jöfnun launanna, með því að flytja lágmarkið lítið eitt upp, og svo með því að innleiða það »princip«, að launin hækki með hækkandi embættisaldri, sem er eina ráðið til að halda góðum kennurum.

Við breytingu þá, sem nefndin vill gera á launahlutfalli prófessora og dósenta og áður hefir verið getið um, sparast árlega 1000 kr. Hækkun dósentalaunanna nemur 800 kr., en lækkun prófessoralaunanna 1800 kr.

Annars eru breyt.tillögur nefndarinnar fáar. Hún leggur til að 1. gr. verði feld burtu, vegna þess að sams konar grein er í háskólalögunum. — 2. breyt.-till. leiðir af breytingunni á 7. gr. háskólalaganna. Eg bið hæstv. forseta að athuga, að þar hefir slæðst inn prentvilla, á bls. 2 í nefndarálitinu, »aukakennararnir«, en á að vera »aukakennarar«. — 3. breyt.till. hefi eg þegar talað um. — En svo er sú stóra breyting á 4. gr., að lögin skuli þá fyrst ganga í gildi, þegar háskólinn tekur til starfa, og það verður ekki fyr en veitt verður fé til hans í fjárlögunum. Þar með eru breytingarnar að eins bréffestar, en það lagt á vald fjárveitingar-

valdsins að láta lögin komast úr orðinu á borðið, þegar það sér sér fært og þykir bezt henta. — 5. breyt.till. fer fram á það, að haldið sé sjálfsögðu skilyrði um aukapróf fyrir lagakandídata frá Höfn.

Hefi eg svo ekki meira að segja, en vona, að deildin taki frumvarpinu vel og sjái, að þegar búið er að segja *A*, verða menn líka að segja *B*, og samþykki því frv. sem eðlilega og nauðsynlega afleiðing háskólafrumvarpsins.

Gunnar Ólafsson: Eg gat þess við 1. umr. málsins, að eg væri frumv. mótfallinn. Bæði fanst mér launin of há, og þar til sá eg ekki ástæðu til að flýta málinu, vegna þess að háskólinn á ekki að taka til starfa í bráð.

Mér finst réttara að bíða með þessi lög þar til þeir tímar koma, að þau eiga að koma í gildi, enda verða þau að vera samkvæm þeim tíma, er þau eiga að gilda fyrir. Eg sé því ekki ástæðu til að bréf-festa þau nú.

Það sem skilur milli mín og háttv. framsögumanns er það, að hann hugsar sér, að landið leggi háskólanum til marga kennara, eins og í útlöndum, sem hafa lítið að gera, en há laun. Þetta er auðvitað vel meint, en kemur ekki að fullu gagni nema fyrir þá stétt manna, sem nýtur af, og hún er svo fámenn, að þetta er engin þjóðarnauðsyn.

Eg játa það, að það er rétt að hækka laun dósentanna úr 2400 upp í 2800 kr. En eg get ekki fallist á, að laun prófessoranna eigi að komast upp í 4800 kr. eftir nokkur ár. Hins vegar getur það verið, að byrjunarlaunin séu nokkuð lág. Þau mættu gjarnan vera 3600 kr. með hækkun upp í 4000 kr. Það væri fullsómasamleg borgun.

Eg held að forstöðumenn æðri skólanna, sem hafa samið þetta frumvarp, eftir því sem stjórnin segir, hafi gert helzt til mikið úr þeirri hækkun á öllum nauðsynjum, sem þeir eru að tala um, og sem þeir hafa fengið einn bankastjórann til að reikna út fyrir sig. Og sýnist mér ekki þörf þess vegna að hækka laun þeirra manna, sem við skólana eiga að vinna, einkum þegar þess er gætt, hve laun embættismanna fyr á tímum voru afskaplega há í hlutfalli við tekjur annara manna hér á landi. Og eg hefi heldur ekki orðið þess var enn þá, að nokkur skortur væri á embættismönnum vegna launanna, þvert á móti, sem vonlegt er. Mér finst því lítil ástæða til, að leggja sérstakt kapp á að hafa laun þessara embættismanna miklu hærri en geti átt sér stað, eftir því sem aðrir embættismenn fá í þessu landi. Það getur vel verið, að hagur landsjóðs verði svo breyttur eftir nokkur ár, að hægt verði að samþykkja svona há laun handa prófessorunum. Ef svo skyldi fara, þá sýndist mér full ástæða til þess að láta frumvarp þetta bíða, því að eftir því sem fjárhagurinn er nú, er það ómögulegt, að mínu áliti, að ausa sérstaklega fé í þessa menn, sem verða að sjálfsögðu að sæta tiltölulega sömu kjörum og aðrir embættismenn landsins.

Háttv. 5. kgk. þm. talaði um, að störfin hefðu aukist. Það má vel vera. En ef litið er t. d. til lagaskólans, þá er það nýr skóli, og getur tæplega verið orðinn svo umfangsmikill enn þá, að þurfi að bæta við manni með háum launum, þar sem nú eru tveir nýtir og duglegir menn við kensluna. Enn fremur er talað um, að losa þurfi landlækni við kensluna á læknaskólanum. Hér kemur sama fram, að koma því svo fyrir, að hver hafi sem minst að gera, en sem hæst laun. Eg býst varla við að landlæknir hafi svo mikið að gera, að sjá um þessa 43 lækna, að hann geti ekki komist til að kenna 1—2 tíma á dag fyrir því. Sem stendur gegnir

landlæknisembættinu duglegur ungur maður, og sýnist mér alls ekki mega taka tillit til slíkra kvartana.

ATKV.GR.:

1. br.till. (237) við 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.
   1. gr. frv. fallin þar með.
2. br.till. (237) við 2. gr. frv. samþ. í e. hlj.
   2. gr. breytt (sem verður 1. gr.) samþ. með 11 samhlj. atkv.
3. br.till. (237) við 3. gr. frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.
   3. gr. breytt (sem verður 2. gr.) samþ. í e. hlj.
4. br.till. (237) við 4. gr. frv. samþ. í e. hlj.
5. br.till. (237) við 4. gr. frv. samþ. í e. hlj.
6. br.till. (237) við 4. gr. frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.
   4. gr. breytt (sem verður 3. gr.) samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Þriðja umræða 31. marz (A 349, 352, 368).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg býst ekki við, að umræður verði eins langar um þetta mál eins og um merkismálið, sem rætt var um áðan. Það liggja að vísu fyrir tvær breytingartillögur, en það þarf ekki að ræða mikið um þær, því að þær eru báðar frá nefndinni og væntanlega sæmilega skýrar og einfaldar. Önnur breyt.till. er til orðin af því, að nefndinni þótti byrjun frv. nokkuð snubbótt og skeytti þessu því framan við. Hin breyt.till. er afleiðing af því, að byrjunarlaunin eru færð niður, svo að nú þarf 27 ára embættisþjónustu, en ekki 24 ára, til þess að fá 4800 kr. laun. Eg skal svo ekki fjölyrða meira um frv., en vona að háttv. deild fari vel með það.

ATKV.GR.:

Br.till. (368) við 1. gr. samþ. í e. hlj.

Br.till. (352) við 2. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og sendist forseta Nd.

Ellistyrkur.

FRUMVARP TIL LAGA um almennan ellistyrk (stj.frv. A bls. 126) 1. umr.

17. febrúar.

Ráðherra (H. H.): Þetta frumvarp hefir legið áður fyrir alþingi. Stjórnin lagði það á síðasta þingi fyrir Nd. Þar var það ítarlega rætt og afgreitt til Ed., en komst hér ekki til umræðu vegna naumleika tímans.

Nd. breytti stefnu frv. þannig, að horfið var frá að takmarka sig við ellistyrk. Fyrirsögn frv. var breytt og nafni styrksins í »öryrkjastyrk«, og heimilað að veita af sjóðunum styrk fátækum öryrkjum, ef þeir væru að eins fullra 18 ára.

Þó að engum væntanlega blandist hugur um, að það væri æskilegast að geta veitt öllum styrk, er slíks þurfa, þá hefir stjórnin þó ekki getað álitið breytingar Nd. til bóta, og það af þeirri einföldu ástæðu, að fjármagn það, sem hér er um að ræða, getur eigi verið svo víðfaðma, ef að gagni á að koma. Það virðist nauðsynlegt að takmarka verksviðið, ef styrkurinn á ekki að renna út í sandinn og hverfa, verða að eins að viðbót við fátækrastyrk eða styrkur til sveitarsjóðs, í stað þess að hjálpa heiðarlegri fátækt, sem er að berjast áfram án fátækrastyrks. Þegar sjóðunum vex fiskur um hrygg, má færa út kvíarnar. En þegar um réttláta

takmörkun er að ræða, virðist réttast að byrja á því að styrkja heiðarlega elli, og því er frv. nú lagt fyrir þingið aftur, í öllum aðalatriðum samhljóða stjórnarfrv. 1907.

Eg skal ekki tefja fundinn frekar í þetta skifti, og leyfi mér að eins að skírskota til þess, sem fram kom í málinu á síðasta þingi, og þeirra athugasemda, sem nú fylgja frv., um leið og eg læt í ljósi þá von mína, að háttv. þingdeild aðhyllist stefnu þess, viðurkenni góðan tilgang þess og leyfi því fram að ganga.

Sigurður Stefánsson: Eg skal leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með öllum atkv., og samþ. að kjósa 3 manna nefnd. Kosnir voru í nefndina:

Kristinn Daníelsson,
Jósef Björnsson,
Eiríkur Briem.

Önnur umræða 26. febr. (Stj.-frv. A. bls. 126; 46).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, er ekkert nýmæli hér á alþingi. Það er að mestu leyti bygt á þeim grundvelli, sem lagður er með lögum um alþýðustyrktarsjóði 1890 og síðar voru endurbætt 1897. Í lögunum var ákveðið, að byrja skyldi útbýting úr þessum styrktarsjóði að 10 árum liðnum frá stofnun hans, og hefir það nú verið gert síðan árið 1900. Þessi styrkur hefir að vísu verið nokkur hugnun fyrir ýms gamalmenni, en annars hefir hann ekki komið að neinu verulegu gagni enn sem komið er, og hefir ekki vakið mikla eftirtekt. Hér er öðru máli að gegna um þetta frv., því gagnsemi þess verður miklu meiri og styrktarsjóðunum verður veitt meiri eftirtekt. Lögin stefna í þá átt, að styrkja alþýðusjóðina með því að hækka gjaldið til þeirra og fjölga gjaldendum. Þetta er gjört með því að lækka aldurstakmarkið úr 20 niður að 18 ára aldri, og skylda alla til að greiða til sjóðanna. Ennfremur er það nýtt atriði í lögunum, að landsjóður leggur fram fé eftir vissu hlutfalli við gjaldendur, og síðasta og helzta breytingin, að nú eiga eftir þessu frumv. eingöngu gamalmenni rétt á að fá styrk úr sjóðunum.

Nefndin hefir orðið sammála um, að rétt sé að samþykkja frumv. í öllum aðalatriðum, en finst einungis rétt að víkja við hinu og þessu, og skal eg að því leyti benda til nefndarálitsins.

Þegar frumv. var lagt fyrir Nd. á síðasta þingi, var eingöngu hugsað um ellistyrk af hálfu stjórnarinnar. Málið var vandlega rætt og að lokum breytt í því aðalatriði, að gjöra styrkinn að öryrkjastyrk, þannig, að láta lögin ná til heilsubilaðra manna líka, það er með öðrum, að styrkja menn á hvaða aldri sem vera vildi.

Nefndin hefir af kynnum úti um land og af samtali við menn þózt hafa orðið þess áskynja, að menn vildu halda því fyrirkomulagi, sem hefir verið, að ekkert aldurstakmark væri sett, sem þó í framkvæmdinni hefir orðið þannig, að aðallega hafa gamalmenni verið styrkt. Fyrir því hefir nefndinni þótt rétt að fara nokkurn meðalveg milli stjórnarinnar og Nd. síðasta alþingis, svo að aðallega séu gamalmenni styrkt, en megi þó, þegar sérstakar ástæður eru til, hjálpa mönnum á öðrum aldri, án þess að hún hafi fyrir það séð nauðsyn á að breyta fyrirsögninni, eins og gjört var í Nd., en vill láta hana þannig benda einnig á það sem er aðaltilgangurinn.

Nefndinni þykir athugavert að hækka tillögin til sjóðanna svo mikið, sem frv.

fer fram á. Tillagið var áður 1 kr. á karlmönnum og 30 aur. á kvennmönnum, en á nú að vera 2 kr. og 1 kr. Þetta er varhugavert af því, að það kemur niður á svo mörgum nýjum gjaldendum, sem eru lítt færir að bæta við sig nýjum álögum. Eg skal taka t. d. marga þurrabúðarmenn, sem eru að basla við að klekja upp 3—4 börnum; þeir ættu þá að greiða 3 kr. Þetta er of hátt, og mundi þykja tilfinnanlegt fyrir þá, sem hafa ekki átt að borga þetta áður. En nefndin vildi nokkuð bæta úr þeirri rýrnun, sem lækkunin hefði í för með sér, með því að haga útbýtingu úr sjóðnum á annan hátt. Nefndin leggur til að ekki verði útbýtt eins miklu og frumv. fer fram á, sem sé að verja ekki nema $^1/_2$ þess, sem greitt er í sjóðinn af hálfu landsmanna, til styrks í stað $^2/_3$ í frumv. Þetta gerir að verkum, að það legst að drjúgum mun fljótar til sjóðsins, svo að hann á þann hátt áður en langt um liði yrði eins öflugur og styrkurinn eins mikill, eins og eftir stjórnarfrumv.

Eg skal benda á, að eftir frumv. yrði tillagið til sjóðsins á ári hverju að meðtöldu gjaldi landsjóðs 79,500 kr., en eftir tillögu nefndarinnar 57,750 kr. Í nefndarálitinu stendur 57,500, en það er prentvilla. Af tillögum landsmanna er eftir frumv. ætlast til að $^1/_3$ leggist við sjóðinn, það eru kr. 17,667, en eftir tillögum nefndarinnar er ætlast til að $^1/_2$ leggist við sem eru 19,875 kr. eða sem næst 2208 kr. meira, þegar ekki er tekið tillit til vaxta, sem fyrst í stað yrðu nokkuð meiri en eftir frumv. En með þessu móti mundi sjóðurinn vaxa fljótt svo að hægt væri að veita úr honum eins riflega og ella.

Neðri deild síðasta þings ákvað hlutfallið í framlögum landsjóðs þannig, að hann legði fram $^1/_3$ móts við gjaldendur eða helming af tillagi þeirra. Að því hefir nefndin hallast, og þegar gjaldið er 1,50 kr. fyrir karl og 75 aur. fyrir konu verður það sem næst 50 aur. fyrir hvern gjaldanda eða alls 18,000 kr. eins og í stjórnarfrumv.

Þetta er það sem eg í aðaldráttum vildi segja fyrir hönd nefndarinnar, og skal eg nú að eins stuttlega víkja að þeim breyt.till., sem nefndin hefir látið fylgja áliti sínu.

Það er fyrst breyt.till. við 2. gr. Hún felur ekki annað í sér en skýring á því, hvað ber að skilja við »félausir menn«. Annars er þar engin efnisbreyting af hálfu nefndarinnar.

Í annari breyt till. fer nefndin fram á að lækka tillag gjaldenda til sjóðsins, og stingur jafnframt upp á því, að þetta ákvæði sé haft í sérstakri grein, sem svo yrði 3. gr. Með breyt.till. við 4. gr. vakti það fyrir nefndinni, að eins og hún er orðuð í frumv. leggur hún skylduna að semja skrá yfir gjaldskylda menn á presta og lögreglustjóra, í stað þess að þeir eiga að eins að gefa nauðsynlegar skýrslur nefndunum sem skrárnar eiga að semja.

Breyt.till. við stafl. a. og b. í 5. gr. miða að því, að gjöra orðalagið samhljóða því, sem stendur í hinum staflíðunum, þar er »styrktarsjóður«; en ellistyrktarsjóður nægir að standi í upphafi greinarinnar.

Um 6. breyt till. er það að segja, að hjú eiga heima hjá húsbændum sínum, sem eiga að greiða gjald fyrir þau, þótt þau hafi verið meiri eða minni part af árinu á framfæri hjá öðrum, t. d. lánuð burt til annara. Nefndin vill því að þessi orð í frumv. falli burt. Breyt. á stafl. e. stafar af því, að oft stendur svo á, að menn, sem eru í fastri þjónustu hjá kaupmönnum, halda sjálfir jafnvel stór heimili, og nefndinni þótti eðlilegast að slíkir menn greiddu tillög sín sjálfir. 8. breyt.till. er að eins til skýringar, en

það felst engin efnisbreyting í henni. Því að þó fátækur húsráðandi verði ekki talinn fær um að borga neitt til sjóðsins, þá ættu samt lausamenn, sem kynnu að vera á vist með honum, að sjálfsögðu að greiða tillag sitt sjálfir.

Aðalbreyt.till. eru við 11. og 13. gr., en um þær hefi eg talað áður. Eg skal því ekki fjölyrða frekar um þetta að sinni og vona að eins, að hátt.v. deild taki þessar breyt.till. til góðrar íhugunar.

Gunnar Ólafsson: Þetta er mikilsvert mál, sem hér liggur fyrir, og vildi eg að sem bezt yrði til þess vandað í alla staði. Eg get vel felt mig við flestallar breyt.till. nefndarinnar. En viðvíkjandi breyt.till. við 11. gr. skal eg þó taka fram, að hún er að mínu áliti ekki til bóta. Eg sé ekki betur en að sjóðurinn geti veitt $^2/_3$ af árstekjunum svo sem frumv. gjörir ráð fyrir. Hann ætti að vaxa nægilega ört samt sem áður, því að samkvæmt þessu frumv. aukast tekjurnar um helming eða vel það. En þetta er mér nú ekki sérlegt kappsmál. Hitt þykir mér vera aðalatriði, hvernig heimt er til sjóðsins, og held eg að því mætti haga betur á annan hátt en frumv. gjörir ráð fyrir. Eg vildi helzt að menn á unga aldri, t. d. um tvítugt, skyldu greiða til sjóðsins eitt skifti fyrir öll einhverja ákveðna upphæð, karlmenn mættu t. d. borga 50 kr. og konur 25 kr. Á þeim aldri eru menn jafnaðarlegast einhleypir og vinna fyrir háu kaupi. Og þegar þess er gætt, að menn eyða mestu til óþarfa á þeim aldri, þá er ekki ástæða til að ætla að þeir yrðu mun fátækari að ári liðnu, þó þeir yrðu að greiða þetta fé til sjóðsins í stað þess að eyða því á annan veg til óþarfa, margur hver.

Þegar þess er og gætt, hve margir heimilisfeður eru fátækir og munar um alt, eins og sést á því hvað oft er kvartað er undan sköttum og skyldum, þá mun fáa iðra þess að hafa losast við þetta gjald, áður en þeir áttu fyrir heimili að sjá og á meðan þeir voru hraustir heilsu. Þetta er ekki svo lítil gjaldaviðbót fyrir menn með stórri ómegð, sem oft og tíðum geta verið meira eða minna heilsubilaðir þar að auki. Á þess konar fólki kæmi eflaust sá gjaldmáti, sem eg gat um áðan, léttast niður.

Ef menn væru látnir borga í eitt skifti fyrir öll, þá mundu þau lög, sem nú gilda um styrktarsjóði fyrir alþýðufólk eiga að vera í gildi enn um allmörg ár að því er þá snertir, sem komnir eru yfir tvítugt; þeir héldu áfram að greiða gjaldið eftir þeim lögum sem nú eru í gildi.

Eg vil ekki beint bera fram breyt.till. í þessa átt, heldur að eins vekja athygli nefndarinnar og deildarinnar á þessu atriði.

Lárus H. Bjarnason: Frumvarp þetta var rætt rækilega í neðri deild 1907, og er því ekki ástæða til að vekja þær umræður upp aftur nú, það því síður, sem stjórnin og nefndin hér í deildinni hafa tekið upp að meiru eða minnu leyti ýmsar af breytingum þeim, sem neðri deild lagði áherzlu á 1907.

Sérstaklega get eg úr því sem komið er verið nefndinni þakklátur fyrir 11. breytingartillöguna, breyt.till. við 13. gr. Þar hefir nefndin hallast á sveif neðri deildar um það atriði, sem mestum ágreiningi olli 1907 milli hæstv. ráðherra og meiri hluta neðri deildar. Stjórnin hélt því fram, að styrkurinn eftir frumv. ætti eingöngu að ganga til þurfandi, ellihrumra manna, en neðri deild vildi láta hann renna jafnt til allra, er væri frá verki vegna sjúkdóms, elli eða annara ósjálfráðra orsaka.

Oss neðri deildar mönnum, sem börðust fyrir þessu, fanst sanngjarnt að allir, sem legðu fram gjald til sjóðsins, ættu að geta gjört sér von um styrk úr

sjóðnum, ef þeir þyrftu á að halda, enda myndu menn þá verða ljúfari til að gjalda í sjóðinn og lögin að öllu leyti vinsælli. Hitt myndi valda tregðu, því að því miður hefðu menn ekki bréf upp á að ná 60 ára aldri, enda ekki sjáanlegt, að elli út af fyrir sig ætti að vera rétthærri til styrkþágu heldur en sjúkdómar eða aðrar ósjálfráðar ástæður. Nefndin hefir því bætt frumv. að mínu áliti, þar sem hún heimilar að veita heilsubiluðum fátæklingum styrk, þótt ekki séu 60 ára, en bundið þessa heimild of við borð, þar sem hún heimtar »sérstakar, knýjandi ástæður«. Eg vil því skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki mætti fella orðið »knýjandi« burt úr viðaukatill. við 13. gr., þótt ekki gjöri eg það að neinu kappsmáli, því að það orð hefir líka »tog«.

Sigurður Hjörleifsson: Þó mál þetta hafi verið rætt og athugað áður á þingi, væri þó ekki vanþörf á því, að það væri athugað nákvæmlega líka í þetta sinn.

Nefndarálitið fer fram á tvær verulegar breytingar frá því sem gert er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar. Fyrst er sú breyting, að færa gjaldið til sjóðsins um $^1/_4$ niður úr því sem gert er ráð fyrir í frumv. stjórnarinnar. Og í öðru lagi á að úthluta minna úr sjóðnum en tiltekið er í frumv. Eg skal lýsa yfir því, að eg hallast fremur að ákvæðum frumv. í hvoru tveggja þessara atriða, og tel að breyting nefndarinnar bæti ekki heldur spilli. Þegar þess er gætt, hve kaupgjald er orðið hátt hér á landi, — og það fer alt af hækkandi, — og hins vegar hve lítið af því fé, sem fólk vinnur fyrir, loðir við það, þá verður það að álítast heppilegt, að gjaldið til þessa sjóðs sé svo hátt sem í frumv. segir, og því fé vel varið, sem lagt er í sjóð til styrktar ellinni. Það mun ef til vill verða sagt, að gjaldhæðin sé tilfinnanleg og muni koma hart niður á sumum, en það verður nú ekki við öllu séð.

Hvað hitt snertir, um útbýtingu úr sjóðnum, þá get eg ekki annað séð, en að sjóðurinn mundi vaxa hæfilega ef þeim ákvæðum væri fylgt, sem í frumv. standa.

Eg get heldur ekki verið samdóma um þá breyting, sem nefndin gerir ráð fyrir, að hafa sjóðinn að nokkru leyti til öryrkjastyrks. Það væri að vísu rétt og mannúðlegt að styrkja menn, sem annars yrðu að lenda á sveit fyrir sjúkdóms sakir. En eg vil halda reglunni hreinni og ekki láta nota þennan sjóð, sem ætlaður er til ellistyrks, til slíkra styrkveitinga.

Eg hefði fult eins gjarnan kosið að aldurstakmarkið hefði verið sett nokkru hærra, t. d. 65 ár eða jafnvel 70. Síðar mætti svo færa sig upp á skaftið og lækka aldurstakmarkið, þegar sjóðurinn yxi og yrði auðugri. Í þessa átt væri réttara að breytingarnar gengju nú fyrst um sinn, en ekki að slaka til, eins og nefndin vill gera. Eg sé ekki hvernig þessi sjóður ætti að geta, þegar er hann fer á stað, styrkt svo og svo marga, sem farið hefir verið fram á hér.

Eg ætla mér ekki að bera fram neina breyt.till. um þetta atriði, en kasta því að eins fram til athugunar nefndarinnar og deildarinnar.

Jósef Björnsson: Það hafa komið hér fram ýmsar mótbárur og athugasemdir við frumv. og nefndarálitið.

Eg er einn úr nefndinni, og skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um það, sem sagt hefir verið.

Eg vil fyrst víkja að ræðu háttv. þm. V.-Sk. Hann taldi rétt að úthluta strax meira af styrknum en nefndin vill, því óskir manna og nauðsyn á að fá styrk úr sjóðnum yrðu ríkari heldur en á því

að sjóðurinn vaxi. Eg er þm. ekki samdóma um þetta. Framsögum. hefir bent ljóslega á það, að ef úthlutað yrði minna úr sjóðnum í bráð, mundi hann vaxa örar en með því fyrirkomulagi, sem stjórnin hefir hugsað sér. Og þá mundi ekki líða á löngu áður en meira mundi nást til úthlutunar.

Hvað snertir uppástungu háttv. þm. um að menn greiddu t. d. 50 kr. og 25 kr. á tvítugs aldri eitt skifti fyrir öll, þá skal eg að eins gera þá athugasemd, að mér er fullkunnugt um, að í sveitum er margt fólk á tvítugs aldri svo efnalítið, að því mundi veitast fullerfitt að snara út þessari upphæð. Auk þess er þetta gjörbreyting á grundvelli frv. Það er líka óathugað, hvort sjóðurinn mundi vaxa svo fljótt með þessu fyrirkomulagi. Eg er auðvitað ekki mótfallinn því, að þetta verði tekið til athugunar, en eg býst ekki við að nefndin eða deildin muni hallast að því.

Það gladdi mig, sem háttv. 5. kgk. þm. sagði um breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. frv., að hún væri góð og nytsöm. Það gladdi mig af því að eg veit að það mundi mælast illa fyrir til sveita, að tekið væri fyrir alla útgreiðslu úr sjóðnum til manna, sem ekki væru fullra 60 ára, t. d. lúinna, heilsubilaðra manna. Eg get líka hugsað mér, að einhvern tíma gæti verið svo ástatt einhversstaðar, að engir styrksþurfar væru til yfir sextugt, en hins vegar væru menn rétt innan við sextugt, slitnir og þrotnir að heilsu og fullkomlega þurfandi einhverrar hjálpar; en eftir stj.frumv. mætti ekkert borga þeim út úr þessum sjóði, heldur yrðu þeir að fara á sveit, hve nauðugt sem þeim væri það, og missa svo mannréttindi sín. Þetta gæti og orðið til þess að bægja þeim frá að geta fengið ellistyrk um nokkurra ára bil, þegar þeir hefðu náð ákveðnum aldri, þó þeir væri hans í alla staði verðugir.

Út af ræðu háttv. þm. Ak. skal eg láta það í ljós, að eg er mótfallinn tillögum hans og tel sjálfsagt, að háttv. deild muni ekki fallast á þær. Hann vill að styrkurinn verði að eins ellistyrkur, sem þar að auki á að verða bundinn að eins við háan aldur, en ekkert við þörf né verðleika. Hann vill að engar ástæður séu teknar aðrar til greina en nægilega hár aldur. Með því móti næði styrkurinn til allra manna eldri en 65 ára, og yrði þá beinlínis ellieftirlaun og ekki annað. Þetta hygg eg að sé óheppilegt, eins og ástatt er hjá oss. Stjórnin hefir heldur ekki fylgt þessu, heldur hinu, að menn væru styrksins verðir og þurfandi.

Ráðherra (H. H.): Eg fæ ekki séð, að breyt.till. nefndarinnar séu til bóta á frumv. Ástæðan fyrir því að eg get ekki hallast að tillögum nefndarinnar er ekki sú, að eg álíti ekki að aðrir en gamalmenni geti verið fullmaklegir til styrks úr þessum sjóði, heldur er ástæðan sú, að það mundi dreyfa gjaldþoli sjóðsins um of. Styrkveitingarnar yrðu svo margar, að lítið gagn yrði að þeim; það yrði ekki annað en kák, og það vildi eg ekki að væri. En þegar sjóðnum vex fiskur um hrygg, þá má alt af rýmka um starfsvið hans.

Eg held að breyt.till. sé hættuleg, því að sveitarstjórnirnar mundu sumar hverjar setja styrkinn í þá, sem liggja við sveit, og með því móti yrði sjóðurinn litið annað en viðbót við sveitarsjóðinn. En stjórnin vildi styðja lúin og heilsubiluð gamalmenni, og einkum hjálpa þeim, sem svo eru innrættir að þeir vilja ekki á sveit fara.

Eg skal ekki tefja umræðurnar, en að eins láta þá ósk í ljós, að breyt.till. verði ekki samþ.

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eg get verið ánægður með undirtektir háttv. deildar í öllum aðalatriðum. Háttv. 2. þm. Sagf. hefir svarað mestu af því sem hefir fram komið gegn málinu, og tekið þannig ómakið af mér.

Eg skal að eins víkja stuttlega að því, sem háttv. þm. V.-Sk. vildi hafa að tillög til sjóðsins yrðu goldin eitt skifti fyrir öll; þá er þar til að segja, að slíkt er aðferð ríkra manna, en eg býst að það muni koma fátæklingum betur að borga lítið í einu.

Eg skal þakka háttv. 5. kgk. þm. undirtektir hans í málinu; honum er það sérstaklega mjög vel kunnugt, því að hann var einmitt framsögum. þeirrar nefndar, sem hafði málið til íhugunar í Nd. á síðasta þingi. Eg skal fúslega spyrja meðnefndarmenn mína, hvort þeir vilji taka tillögu hans um að fella burtu orðið »knýjandi« til greina.

Gunnar Ólafsson: Það lítur ekki út fyrir að uppástunga mín fái mikinn byr hér í deildinni, enda ekki von að menn átti sig á þessu í fljótu bragði, þar sem uppástungan fer nokkuð í aðra átt, en hingað til hefir þótt hlýða að halda. Það var og mín meining að eins að opna augu hv. þingmanna fyrir þessum vegi á greiðslunni til sjóðsins. Eg get ekki séð, að slíkur greiðsluháti yrði að eins á færi efnaðra manna, eins og háttv. þingm. V.-Ísf. sagði, heldur og engu síður hinna, því að eins og eg tók fram áðan, vinna menn yfirleitt fyrir svo háu kaupi á þeim aldri, sem hér er um að ræða, að þeim ætti flestum að veitast létt að gjalda það. Og eg er þess full viss, að á efri árum æfinnar mundi margur óska þess, að hafa int gjaldið af hendi, þá er hann var ungur og hafði ekki fyrir neinum að sjá.

En þar sem þessi uppástunga mín nær eigi fram að ganga í þetta sinn, eftir eftir því sem mér virðist, þá fjölyrði eg ekki um hana frekar.

Sigurður Hjörleifsson: Þessi lög ættu að vera þannig, að þau veittu öllum mönnum eftirlaun, er þeir hefðu náð vissum aldri.

Mér virðist það fögur hugsjón, því allir þeir, sem gjalda til þessa sjóðs, ættu að fá styrk úr honum, ef þeir þörfnuðust. Það leiðir af sjálfu sér, að aldurstakmarkið verður að vera í samræmi við gjaldþol sjóðsins. Mér finst, að það sé mjög leiðinlegt fyrir menn, að þurfa að biðja um fé úr sjóðnum, því það sem menn ættu að hafa til brunns að bera til þess að fá féð væri, að þeir væru duglegir, reglusamir, sparsamir o. s. frv. Það er leiðinlegt að þurfa að leggja þetta mál undir atkv. hreppsnefnda, en þó getur verið að réttast sé að lögin fari í þessa átt. Ætti eg fyrir mitt leyti að velja á milli stjórnarfrumv. og nefndarfrumv., tæki eg stjórnarfrumv. hiklaust fram yfir.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
1. br.till. (46) við 2. gr. stafl. b. samþ. með 7 samhlj. atkv.
2. br.till. (46) við 2. gr. stafl. d. samþ. með 10:2.
2. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.
3. gr., sem verður 4. gr., samþ. í e. hlj.
3. br.till. (46) við 4. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr., sem verður 5. gr., samþ. í e. hlj.
4. og 5. br.till. við 5. gr. stafl. a. og b. samþ. án atkvæðagr.
6. br.till. við 5. gr. stafl. c. samþ. með 7:1.
7. br.till. við 5. gr. stafl. e. samþ. í e. hlj.
8. br.till. við 5. gr. síðustu málsgr. samþ. með 10 samhlj. atkv.
5. gr. breytt, sem verður 6. gr., samþ. í e. hlj.
6. gr., sem verður 7. gr., samþ. í e. hlj.

9. br.till. við 7. gr. samþ. í e. hlj.
7. gr. sem verður 8. gr. samþ. í e. hlj.
8. — — — 9. — — - —
9. — — — 10. — — - —
10. — — — 11. — — - —
10. br.till. við 11. gr. feld með 7 : 5 atkv.
11. gr. sem verður 12. gr. samþ. í e. hlj.
12. — — — 13. — — - —
11. br.till. við 13. gr. samþ. með 7 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Eiríkur Briem,	Jens Pálsson,
Gunnar Ólafsson,	Júlíus Havsteen,
Jósef Björnsson,	Sigurður Hjörleifss.,
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Stefánsson.	

13. gr. sem verður 14. gr. samþ. í e. hlj.
14. — — — 15. — — - —
15. — — — 16. — — - —
16. — — — 17. — — - —
17. — — — 18. — — - —
18. — — — 19. — — - —
Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.
Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 2. marz; (A 68).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Það er ekki ástæða til að tala langt mál um frumvarp þetta nú, því að samkomulag var svo gott um það við síðustu umræðu, að nú er líklega ekkert eftir annað en að samþykkja það óbreytt. Það hafa einkum komið fram 2 stefnur í þessu máli. Önnur sú, að binda styrkveitinguna við aldurstakmark, en hin vill aðallega taka tillit til þess, hvar þörfin er mest, hvort sem ungur eða gamall á í hlut. Frumvarpið fer að nokkru leyti bil beggja, og þó að hvorugu takmarkinu verði náð til fulls, mun það verða stórt spor í áttina til þess, að báðum verði náð á endanum, svo að á sínum tíma komi að því, að sjóðurinn verði nokkurskonar alm. eftirlaunasjóður fyrir alla ellihruma og öryrkja menn.

Sigurður Hjörleifsson: Eg þykist vita fyrir forlög þessa máls í deildinni. En eg vil þó ekki láta það fara svo að minnast ekki á það, að eg álít þá grundvallarreglu, sem hér á að fara eftir, ranga. Eg býst við því, að ekki muni líða á löngu, að þessum lögum verði breytt aftur.

Það, sem vér þörfnumst og eigum að fá, er ekki styrktarsjóður heldur tryggingarsjóður, ekki eingöngu fyrir ellina heldur líka fyrir sjúkdóma.

Mér hefir ekki beint dottið í hug að koma með breyt.till. í þessa átt, því að eg álít að þetta sé svo mikil breyting á grundvallaratriðum frumv., að ekki sé hægt að káka við það með breytingartillögum, heldur yrði að semja frumv. upp af nýju.

En til þess að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvaða augum almenningur mundi líta á svona sjóð, sem hér ræðir um, þá gætum vér hugsað oss tvo sjóði, annan eins og þennan, en hinn væri tryggingarsjóður. Vér gætum hugsað oss, að þessir tveir sjóðir ynnu hver við hliðina á öðrum. Nú kemur maður og spyr hvers hann megi vænta, ef hann feli sjóðnum fé sitt. Í ellistyrktarsjóðnum fær hann það svar, að hann muni síðar meir geta fengið styrk úr sjóðnum, ef hann sækti um hann til þeirra manna, sem annars útbýta fátækrastyrk, og geti líka sýnt vottorð um það, að hann sé styrkþurfi og styrks verðugur. Í hinum sjóðnum, tryggingarsjóðnum, er honum gefið það svar, að hann fái fé úr sjóðnum að sama skapi og hann leggi til hans. Eg trúi tæplega öðru, en að allur þorri manna mundi fara í tryggingarsjóðinn, ef þeir mættu kjósa um hvorn sjóðinn þeir vildu heldur.

Mér þótti ekki við eiga að láta frv. fara svo hér frá deildinni að þessa yrði ekki minst.

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eg skal vera stuttorður. Mér virtist það, sem háttv. þm. Ak. fór fram á, alveg ný stefna í málinu og eiginlega annað mál, en hér liggur fyrir. Ef sjóðurinn yrði gerður að tryggingarsjóð, þá yrði að sjálfsögðu að greiða miklu hærra gjald til hans. En í bráðina verður tæplega hugsað um annað en að gjaldið sé sem allra lægst.

Mér skildist sem háttv. þm. færi ekki fram á þetta til þess að tefja fyrir málinu, og vona eg nú að ekkert verði gert til þess að hindra gang þess héðan frá deildinni.

ATKV.GR.:

Frumvarpið sþ. með 11 samhlj. atkv., og sendist forseta Nd.

Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

FRUMVARP til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip. (Stj.frv. A. bls. 192). 1. umræða; 18. febrúar.

Ráðherra (H. H.): Eg ímynda mér að menn geti komið sér saman um það, hve þýðingarmikið það er fyrir annan aðalatvinnuveg landsins, fiskiveiðarnar, að fá örugga og góða vátrygging fyrir skip og báta. Auðvitað hafa nokkur félög myndast í þessu skyni á síðari árum, en flest þessi félög eru ófullkomin, áhættan mikil, en trygging ekki sem skyldi.

Stjórnin hefir því tekið þetta mál til íhugunar, og fékk í fyrra menn nokkra til að ganga í nefnd til þess að athuga, hvernig koma mætti á samvinnu milli félaganna, aðallega í þeim tilgangi að auka tryggginguna með því að dreifa áhættunni. Mennirnir voru þessir: Tryggvi Gunnarsson, Ágúst Flygenring, skrifstofustjóri Eggert Briem og G. Trolle sjóliðsforingi, sem kom til Íslands í fyrra og bauð stjórninni liðveizlu sína í þessu. Nefnd þessi kom síðan fram með álitsskjal, er þinginu verður gefinn kostur á að kynnast, og leggur hún það til, að stofnað verði samábyrgðarfélag fyrir íslenzk skip og báta, en landsjóður ábyrgist að nokkru leyti. Nefndin vill ekki að haggað sé við vátryggingarfélögum þeim, er þegar eru á fót komin á ýmsum stöðum, því að þeim sé kunnast um eigin hag og ástand, og af þeim kunnugleika og því eftirliti, er félagsmenn geti haft hver með öðrum sé góður stuðningur, — heldur skuli markmið hins nýja félags vera, að styrkja annars vegar hin félögin, með því að taka að sér endurtrygging að nokkru fyrir þau, og þannig takmarka áhættu þeirra, og hins vegar að takast á hendur vátrygging skipa og báta, er eigi geta fengið trygging í hinum félögunum.

Stjórnarráðið hefir að mestu leyti getað fallist á tillögur nefndarinnar, einnig að því leyti, að byggja skuli á sjálfstæði þeirra félaga, er þegar eru á legg komin, og hefir tekið upp í frumvarp þetta aðal ákvæðin úr nefndaruppkastinu um fyrirkomulag félagsins, en ætlast til að ýms nánari ákvæði, er í því eru, komi fram í reglugjörð félagsins. Það virðist hentugra að hafa þau þar, svo að eigi þurfi að leita löggjafarvaldsins til að fá þeim breytt eftir því sem þörf verður á. Upp í þetta frumvarp hefir stjórnin því aðallega tekið grundvallarreglurnar um starf félagsins og um ábyrgð landsjóðs, er farið er fram á að nemi 200,000 kr.; og því næst þau ákvæði, er löggjafarvaldið verður að krefjast að sett verði vegna landsjóðsábyrgðarinnar.

Í einstöku atriðum hefir þó ekki þótt fært að fylgja tillögum nefndarinnar,

Þannig virðist ekki tiltækilegt að láta landsjóð, eins og nefndin stingur upp á, taka með fjárframlögum þátt í aukaiðgjöldum, er yrði að greiða fyrir endurtrygging í útlendum félögum, því að með slíku tillagi væri landsjóður að styrkja tiltölulega fremur vel efnaðan hluta þjóðarinnar, og það virðist yfirleitt eðlilegast, að eigendur borgi sjálfir þau iðgjöld, er þörf er á til að halda skipum þeirra og bátum í ábyrgð.

Stjórninni hefir því næst þótt ástæða til að gera sjórn félagsins óbrotnari, en nefndin hefir lagt til, meðan félagið hefir ekki náð sterkri fótfestu. Að því er sérstaklega snertir tillögur nefndarinnar um árlegar samkomur vátryggjenda, þá mundu þær koma aðallega vátryggendum í og í nánd við Reykjavík að notum, og gera þeim of hátt undir höfði að tiltölu í samanburði við aðra parta landsins, nema fulltrúum yrði greiddur ferðakostnaður og þeim með því gert hægra fyrir að koma á fundi. En þótt því beri ekki að neita, að slíkir fundir til að ræða mál félagsins væri gagnlegir, þykir þó hagfeldara að fresta ákvörðunum um slíkt, þangað til félaginu vex betur fiskur um hrygg, vegna þeirra talsverðu útgjalda, sem greiðsla ferðakostnaðar hlýtur að hafa í för með sér.

Loks virtist stjórninni, að tillag landsjóðs til stjórnarkostnaðar í félaginu yrði að takmarka svo, að það nemi ekki meiru en 5,000 kr. árlega í 5 ár.

Eins og eg sagði áðan, átti markmið félagsins að vera tvennskonar, annars vegar að samtengja og styrkja vátryggingarfélögin sem á stofn eru komin, með því að takast á hendur endurtrygging fyrir þau, og þannig minka áhættuna fyrir hvert þeirra um sig, og hins vegar að hafa á hendi vátrygging fyrir skip þau og báta, er ekki eiga kost tryggingar í þeim félögum.

Það verður auðvitað að vera skilyrði fyrir endurtrygging af hálfu félagsins fyrir vátryggingarfélög þau, sem það ætlar að vera í samvinnu við, að þeim sé tryggilega fyrir komið, svo að vissa sé t. d. fyrir því, að það geti fengið inn aukaiðgjöld þau, er jafna yrði niður, þegar illa gengur. Skilyrði fyrir samvinnu verður því að vera, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörðir hlutaðeigandi félaga, og að slíkt samþykki fáist eigi, nema félaginu sé eigi aðeins yfirleitt tryggilega fyrir komið, heldur bjóði það og vátryggjendum sanngjarna vátryggingarkosti, þannig, að t. d. veðhafar séu vissir um borgun enda þótt eigandi týndi rétti sínum til vátryggingarfjárins. Með því að gera slíkar kröfur til félaganna gæti hið nýja félag haft gagnleg áhrif yfirleitt á starfsemi þeirra og viðskiftalífið.

Það ætti að vera aðalreglan, að hið nýja félag tæki aðeins að sér beina vátrygging á þeim skipum og bátum, er eigi geta komist í héraðafélögin, sem til eru og það endurtryggir fyrir. Þessi starfsgrein þess getur eins fyrir það orðið æði viðfangsmikil, einkum að því er gufuskip snertir, og verður félagið þegar þeirra vegna að kosta endurtrygging í útlendum félögum á töluverðum hluta áhættunnar. Eg hefi ástæðu til að ætla, eftir því sem komið hefir í ljós við bráðabirgðamálaleitanir í því efni, að hægt verði fyrir félag með því fyrirkomulagi, sem ráðgert er í frumvarpi þessu, að komast í endurtryggingarsamninga við útlend félög með sanngjörnum kjörum. Það er vitaskuld, að þó að takmörk þau, er frumvarpið setur félaginu fyrir eigin áhættu þess, séu framtíðarinnar vegna eigi sett þrengri en gert er, þá verður félagið fyrst í stað að endurtryggja talsvert meir, en lögin gera því að skyldu, einkum af beinum ábyrgðum þess.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er eigi farið fram á neina skyldu til að

vátryggja hjá samábyrgðarfélaginu, né neinn einkarétt fyrir það; það væri mjög viðsjárvert að takmarka frjálsa samkepni, þar sem um annan aðalatvinnuveg í landinu er að ræða, og fyrirmuna mönnum að vátryggja þar, er þeim þykir sér bezt henta. Af þessum ástæðum hefir heldur eigi þótt rétt að fylgja þeirri tillögu nefndarinnar, að skylt skuli að tryggja hjá hinu áformaða félagi skip þau og báta, er veðsett eru fyrir lánum úr fiskiveiðasjóði eða af opinberu fé. Ef önnur félög veita jafngóða trygging, sérstaklega fyrir veðhafa, virðist rétt að taka það gilt við veiting þeirra lána.

Það er talsverður vandi að gera úr garði frumvarp eins og þetta, og hefir skrifstofa stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn mest að því unnið. Eg vona, að þingið taki frumvarpi þessu með sama huga og það er af sprottið, og vil mælast til, að hin háttv. deild setji nefnd í málið og greiði fyrir því sem bezt.

Sigurður Stefánsson: Eg vil láta gleði mína í ljósi yfir þessu frv. Mér er kunnugt um, hve erfitt það á uppdráttar, vátryggingarfélagið fyrir skip og báta á Ísafirði. Svo erfitt, að það liggur nærri að það falli úr sögunni. Svo mun og vera víðar; sjóðirnir eru svo litlir, að þeir að eins geta tekið minstu skip í trygging. Frv. er orð í tíma talað til þess að styrkja hin minni félög. Eg verð einnig að gleðjast yfir þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðherra gaf um að góðar vonir væru um það, að geta endurtrygt hjá erlendum félögum. Áhætta landsjóðs er að vísu dálítil, en það mætti ef til vill laga í nefnd, og málið er svo mikilsvert, að nefnd væri æskileg, og vil eg því stinga upp á nefnd að umræðu lokinni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Nefnd samþ. í e. hlj. Þessir hlutu kosningu:

Sigurður Stefánsson,
Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring.

Önnur umræða, 8. marz (Stj.frv. A. bls. 192; n. 115).

Framsögum. (Ágúst Flygenring): Eg get að mestu leyti vísað til nefndarálitsins, og skal því að eins taka fram örfá atriði.

Nauðsynlegt skilyrði fyrir vexti og viðgangi þilskipaútvegs er það, að góð vátryggingarfélög séu í landinu. Að vísu eru hér fáein vátryggingarfélög, en þau eru mjög ófullkomin, þar eð þau ráða yfir litlu fé og hafa ekki átt kost á endurtryggingu. Auk þess er starfsemi þeirra að mestu leyti staðbundin. Hér er því tilfinnanlegur skortur á vátryggingarfélögum, og hefir hann staðið íslenzkum þilskipaútvegi mjög fyrir þrifum, og auk þess leitt hann inn á skakt spor. Nú geta engir aðrir en ríkir menn átt skip hér. En þilskipaútvegur getur ekki þroskast á eðlilegan hátt, fyr en það er á almennings færi að taka þátt í honum, en til þess það geti orðið, eru góð innlend vátryggingarfélög nauðsynleg.

Hingað til hafa menn að mestu leyti orðið að vátryggja í útlendum félögum, og hefir það verið mjög skaðlegt fyrir útveg okkar. Hin útlendu félög hugsa ekki um annað en að tryggja sig gegn skaða með mjög háum iðgjöldum; menn hafa hingað til getað fengið vátrygging fyrir því sem þeir hafa viljað, án þess sett hafi verið nokkur skilyrði eða reglur um útbúnað skipanna, er dragi úr hættunni. Þetta leiðir af sér hærri »Forlisprocent«, því útbúnaði skipanna er auðvitað oft ábótavant, þegar engar reglur eru um hann settar, enda því meiri freisting fyrir menn til að vera hirðulausir og jafnvel gerast vísvitandi valdir að tjóni, þegar þeir hafa vátrygt fyrir

hárri upphæð. En hækki »Forlis-procenten«, þá hækka iðgjöldin einnig að sama skapi; því fleiri skip sem farast, því meiri peninga-útlátum verða félögin fyrir, og því hærri iðgjöld heimta þau til að vinna upp skaðann. — Útlend brunabótafélög hafa farið að á sama hátt; þau hafa engin skilyrði sett, er dragi úr brunahættunni, og því hafa brunar verið talsvert tíðir, og iðgjöldin þar af leiðandi farið síhækkandi á síðari árum.

Úr þessu á »samábyrgðin« að bæta. Fyrst með því að vátryggja skip og báta, sem ekki eiga kost á að fá vátrygging í öðrum innlendum félögum. Þar næst með því, að taka að sér endurtrygging fyrir innlend félög. Loks á hún að draga úr hættunni með því að setja nauðsynlegar reglur um útbúnað skipanna, og með því að ákveða, að talsverður hluti af verði skipsins skuli vera í sjálfsábyrgð. Þá verða menn varkárari og hirðusamari.

Eg get upplýst það, að elzta vátryggingarfélagið á Íslandi hefir ekki tekið hærri iðgjöld en 5% árlega, og hefir þó vátrygt nálega öll skip við Faxaflóa. Þrátt fyrir mikil óhöpp hefir félagið getað greitt öllum alt, og á nú í sjóði c. 50,000 kr. Það sýnir, að iðgjöldin þurfa ekki að vera há, ef þess er gætt, að eftirlit með útbúnaði skipanna sé gott.

Nefndin hefir komið með þrjár breyt.-tillögur.

Í 1. gr. frumv. er gert ráð fyrir, að samábyrgðin, hin staðarlegu félög, er fá endurtrygt í henni, og vátryggjendur, skifti með sér ábyrgðinni eftir hlutföllunum $^4/_{10}$, $^3/_{10}$, $^3/_{10}$. Þessu höfum við breytt aðallega með tilliti til Faxaflóafélagsins, sem hefir það ákvæði í lögum sínum, að vátryggjendur skuli hafa 25% í sjálfsábyrgð, og hefir það reynst vel. Það hefir sýnt sig, að það er fullnægjandi til þess, að eigendur vilji sporna við því að tjón verði á skipum þeirra. Önnur ástæða, er mælir með þessari breytingu, er sú, að það getur komið fyrir, að skip sé veðsett fyrir meir en 70%; það geta hvílt á þeim 75%. — Breytingin að staðarlegu félögin skuli ábyrgjast 35% í stað 30% getur ekki verið varhugaverð; það er ekki meiri áhætta fyrir þau að taka sér trygging á 35% heldur en fyrir »samábyrgðina« á 40%.

Þá höfum við komið með breyt.till. við 4. gr. frv. Þar er ákveðið, að samábyrgin megi ekki taka að sér endurtrygging fyrir einstakt félag yfir 60,000 kr. Eg veit ekki hvernig þetta hefir slæðst inn í frv., en líklega hefir það vakað fyrir þeim, er frv. sömdu, að samábyrgðin tæki á sig í einu lagi ábyrgð, er nemi þessari upphæð fyrir hvert einstakt félag, en við ætlumst til, að hún taki jafnóðum sinn hluta af ábyrgðinni á hverju einstöku skipi. Enda kæmi svo lítil upphæð að litlum notum. Fyrir elsta félagið, Faxaflóafélagið, mundi eigi full not verða af minnu en 200,000 kr. ábyrgð. Ætti ákvæðið um 60,000 kr. hámark fyrir hvert einstakt félag að halda sér, yrði að þrískifta Faxaflóafélaginu, þannig að t. d. yrði einn hluti þess í Reykjavík, annar á Seltjarnarnesi o. s. frv. En það kæmi í sama stað niður fyrir samábyrgðina; hún hefði sömu áhættu eins og þó eitt félag væri. — Við leggjum því til, að þetta ákvæði verði felt í burtu.

Hvað hagsmunatrygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði snertir, þá er ástæðan sú sama þar. Samábyrgin tryggir þar þann hluta, sem lögskipað er að hafa á skipi, en tryggir þar á móti ekki félagið í heild sinni.

Með 6. gr. er svo ákveðið, að tjón sem nemur fullum 2% af tryggingarupphæðinni eða meiru, verði ætíð bætt, og sömuleiðis tjón er nemur fullum

500 kr., þó að það kunni að vera minna en 2%. En aftur er ákveðið í sömu grein, að nemi tjónið meiru en 500 kr., skuli draga þessa 2% af tryggingarupphæðinni frá skaðabótunum. Þetta síðasta atriði um frádrátt hefir nefndinni virzt rangt, og leggur því til að það falli burt. Því að sjá má það af dæmum, hversu þetta ákvæði mundi verka. Skip, sem trygt er fyrir 25 þús. kr., en bíður tjón fyrir 600 kr., fær að eins 100 kr. bættar, en skip, sem er trygt 24,000 kr., fengi skaðann bættan að fullu. Þess vegna ráðum við til, að strikað sé yfir þennan síðasta »passus«. En það heppilegasta væri máske, að búin væri til »skala« yfir vátryggingarupphæðirnar, og þá væri ákveðið, hversu mikið skyldi draga frá, bæði í hlutfalli við vátryggingarupphæðina og tjónið, sem skipið yrði fyrir. Það væri auðvitað bezt að gera í reglugjörð, því að það er of umfangsmikið í lögunum.

Eg hefi þá ekki meira að segja að sinni, en óska lögunum góðs gengis, því að það er mín sannfæring, að þetta verði ekki að eins til þess, að gera sjávarútveginn tryggari, heldur verði slíkt ábyrgðarfélag, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að styðja hann og efla.

Eiríkur Briem: Eg vil taka undir með háttv. 3. kgk. þm., að það er mjög æskilegt, sem frv. fer fram á, og frv. í sjálfu sér mjög þýðingarmikið fyrir sjávarútveginn.

En viðvíkjandi breyt.till. nefndarinnar er það að segja, að breyt.till. við 1. gr., hvort sjálfsábyrgð á að vera á 30%, eins og frv. fer fram á, eða 25%, eins og nefndin álítur, getur verið álitamál. Að trygging sé fyrir 75%, er ekki varhugavert, ef ekki þyrfti að óttast, að virðingar væru óáreiðanlegar.

2. breyt.till. er alveg sjálfsögð, eins og framsögum. sagði, og eg skil ekki, hvernig ákvæði frv. eru komin inn. En eg vildi að eins skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að bæta við innan klofa í 4. gr. frv. á eftir »hagsmunatrygging«: »afla, veiðarfærum og útbúnaði«, til þess að hún væri í fullu samræmi við 1. gr. c. Eg held það væri betra, og mætti gera það við 3. umr.

En eg stóð upp aðallega vegna 3. breyt.till. Eg er samdóma nefndinni um, að 6. gr. a. frv. geti ekki staðið eins og hún er. Það hlýtur að vera í ógáti, að þar stendur 2% í stað 500 kr. En en álít það varhugavert, eins og nefndin gerir, að fella síðustu setning liðsins alveg burtu. Eins og framsögum. tók fram, verður alt af að vera dálítil upphæð, sem ekki er bætt, en þar er rétt að það gangi eitt yfir alla, og þá verður líka að draga eitthvað frá þeim upphæðum, sem annars eru bættar, og það hefir mikla þýðingu, ef maður verður fyrir skaða; það getur annars verið til hagsmuna fyrir hann, að láta skaðann verða meiri en vera þyrfti, til þess að skaðinn verði svo mikill, að hann verði bættur. Á síðasta þingi voru samþykt lög um brunabótasjóð, og þar var til tekið, að ef skaðinn væri ekki meira en 30 kr., þá skyldi hann ekki bættur, en ef bruninn væri meiri, þá skyldi draga frá 30 kr., því að annars kæmi fram misrétti. Því sama máli er að gegna hér. Það er freisting fyrir mann, sem bíður 400 kr. skaða, því þá fær hann ekkert, en ef skaðinn er 500 kr., þá er hann endurgoldinn. Það er freisting, að láta skaðann verða meiri. Það er því mín meining, að 500 kr. væri felt burt, en í þess stað sett minni upphæð, t. d. 300 kr. Vil eg þess vegna skjóta því til nefndarinnar, að breyta þessu í samræmi við það, sem eg hefi haldið fram hér. En

eg hefi ekki sjálfur komið með breyt.-tillögu. Það gæti nefnd þá við 3. umr. málsins.

Framsögum. (Agúst Flygenring): Viðvíkjandi því, sem hv. 2. kgk. talaði um að bæta inn á milli sviga í 4. gr., þá er eg ekkert á móti því, að það verði tekið upp við 3. umr. En eg álít, að það geri svo sem hvorki til né frá, því að það væri hvort sem er tæplega tæmandi. Við 1. gr. er það skýrt, hvað við sé átt. Þegar það stendur í lögunum, þá er auðsætt að gera þau skilyrði gildandi, sem vera ber og krafist verður. Viðvíkjandi sjálfsábyrgðinni má líta svo á, að það sé allmikill hluti, þegar hún er ákveðin 25%. Hvað snertir skaðabætur, þegar á að greiða þær samkvæmt 6. gr., þá er markið það, að það sem ekki nær 2%, þá er það lítill skaði og þá geti ekki komið til greina að bæta hann alment. En þegar hann þó er orðinn 500 kr., þá er skaðinn orðinn fram yfir það vanalega smá-»havarí«, og þá orðinn svo mikill, að rétt er að bæta hann, og í þeim tilfellum er samábyrgðin skyld að borga. En það er ekki eins mikil freisting og menn halda, að gera minni skaða stóra. Auðvitað skal eg ekki bera á móti því, að það er freisting að komast upp að takmarkinu, til þess að fá hlutinn bættan, en við þeirri freistingu verður aldrei spornað, og alt af verður maður að hafa eitthvert lágmark. Eg skal lofa því, að nefndin taki þessi atriði, sem háttv. 2. kgk. þm. benti á, til athugunar. Án þess að eg þó sjái, að hægt sé að bæta úr þessum ákvæðum, nema með því að búa til »skala« og setja fast verð. En þetta skal, sem sagt, verða tekið til athugunar í nefndinni, og gert eins vel og hægt er.

ATKV.GR.:

1. br.till. (115) við 1. gr. a. samþ. í e. hlj.
1. gr. breytt samþ. í e. hlj.
2. gr. frv. samþ. í e. hlj.
3. gr. frv. samþ. í e. hlj.

2. br.till. við 4. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. breytt samþ. í e. hlj.
5. gr. frv. samþ. í e. hlj.

3. br.till. við 6. gr. a. samþ. í e. hlj.
6. gr. breytt samþ. í e. hlj.
7. gr. frv. samþ. í e. hlj.
8. — — — - —
9. — — — - —
10. — — — - —
11. — — — - —
12. — — — - —
13. — — — - —
14. — — — - —

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umr.

Þriðja umræða, 10. marz (A 139, 156).

Framsögum. (Agúst Flygenring): Eg skal ekki tefja háttv. deild með langri ræðu, en að eins mæla fram með br.till. nefndarinnar á þgskj. 156. Breyt.till. við 4. gr. er eingöngu fólgin í að gera greinina skýrari.

2. og 3. breyt.till. við 6. gr. er komin fram samkv. því, sem háttv. 2. kgk. þm. stakk upp á við síðustu umr. þessa máls, og hún hefir verið gerð í samráði við hann. Það er svo ákveðið í frv., að ef tjón ekki nemur 500 kr., verði það ekki bætt. Þetta er fullhart ákvæði, og hefir því þótt rétt að setja upphæðina niður í 300 kr., eins og hér er gert. Hins vegar var nefndin á einu máli um það, að hentugt væri að draga alt af nokkuð frá, hvort heldur tjónið væri stórt eða lítið. Áður gátu menn ekki orðið ásáttir um, hvað mikið ætti að draga frá af skaðabótum. Hér er nú farið fram á þá miðlun, að greiða ekkert, ef tjónið nemur ekki 2%, nema því að eins að

það sé 300 kr., og sé tjónið meira, þá á líka að draga 2% frá allri upphæðinni. Reynslan hefir sýnt, að það er hagkvæmt að draga alt af nokkuð frá, því að það er aðhald að mönnum, að hleypa ekki tjóninu fram að óþörfu.

Eg held ekki, að það þurfi að minnast frekara á þessa breyt.till. — Skal eg að síðustu að eins geta þess, að í 8. gr. frv. er prentvilla, sem gæti orðið skaðleg. Þar stendur »tryggingar fjárins« í 2 orðum í staðinn fyrir í einu orði. Þetta verður vonandi leiðrétt, þegar frv. verður prentað upp.

ATKV.GR.:

1. br.till. (156) við 4. gr. samþ. í e. hlj.
2. — — — 6. — a. — - —
3. — — — 6. — a. — - —

Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj., og sendist forseta Nd.

Ein umræða, 21. apríl (A 489, 500).

Sigurður Stefánsson: Af því að háttv. 3. kgk. þm., sem er framsögum. nefndarinnar, er ekki viðstaddur, ætla eg að segja nokkur orð um þetta mál.

Neðri deild hefir breytt frv. nokkuð, og eg skal geta þess, að þær breytingar hafa verið gerðar í samráði við nefndina hér í deildinni. Því get eg lýst því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún ræður til að samþykkja frv. eins og það nú er orðið.

Aðalbreytingin, sem gerð hefir verið á frv., er í því falin, að sá hluti skipsverðsins, sem verður að vera í sjálfsábyrgð, er færður niður í $^1/_5$ af tryggingarhæfu verði skipsins. Þessi tilfærsla getur að vísu haft þá þýðingu, að skipseigendur verði ekki eins varkárir, þegar sjálfsábyrgðin er minni. En nefndin álítur þetta ekki svo varhugavert, að hún sjái ástæðu til að breyta því aftur.

Önnur breytingin er sú, að vextir, sem félagið á að greiða landsjóði, ef hann hefir orðið að hlaupa undir bagga með því, hafa verið hækkaðir úr 4% í $4^1/_2$%.

Þá er breytingin við 7. gr. Þar var ákveðið, að samábyrgðin væri aldrei skyld að greiða meira en helming tryggingarupphæðar, þegar skipstjóri væri valdur að tjóninu af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, *þó* að þá fáist ekki borgað lán af almannafé. Neðri deild hefir fært þetta hámark úr $^1/_2$ í $^3/_5$ tryggingarupphæðar. Þessu getur nefndin líka verið samþykk. Það er í samræmi við tilsvarandi ákvæði í brunabótafélögunum.

Þá hefir neðri deild gert nokkuð viðtækari ákvæði 8. gr. um það, hverjir skaðar það eru, sem félagið bætir. Þá breytingu felst nefndin einnig á.

Þetta eru helztu breytingarnar, sem orðið hafa á frv. síðan það fór héðan. Og nefndin ræður til að samþykkja frv. eins og það kemur nú fyrir.

Eiríkur Briem: Eg vil taka það fram, að eg álít það óheppilegt, að Nd. gerði þær breytingar, sem hún hefir gert á 1. gr. Því meiri sem ábyrgðin er, því hærri þurfa iðgjöldin að vera, og séu þau eigi nógu há, þá getur orðið nauðsynlegt, að grípa til hinnar »solidarisku« ábyrgðar. Í stj.frv. var gert ráð fyrir, að eigi væri vátrygt nema 70% af virðingarverðinu; efri deild hækkaði það upp í 75%, og nú hefir Nd. hækkað það enn upp í 80%. Það er einmitt svo hætt við, að virðingin á skipunum verði ekki sem nákvæmust, og aðallega af þeirri ástæðu þarf ábyrgð eiganda að vera nokkuð mikil; $^4/_5$ virðingarverðs getur orðið meira en alt skipsverðið. Af því stafar aftur sú hætta, að iðgjöldin geta farið hækkandi, því að alla vátryggingu verður að borga, því meira sem hættan er meiri. Eg

ætla þó ekki að bera fram neina breyt.-till. um þetta efni.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í e. hlj., og verður afgreitt sem lög til ráðherra.

Fiskimat.

FRUMVARP til laga um fiskimat. (Stj.-frv. A. bls. 116); 1. umr. 18. febr.

Ráðherra (H. H.): Eins og kunnugt er voru árið 1904 skipaðir 2 yfirmatsmenn á gæðum fiskifarma, er flytjast skyldu til Spánar og Ítalíu, annar í Reykjavík en hinn á Ísafirði. Sama ár gaf stjórnarráðið út erindisbréf fyrir yfirfiskimatsmennina og fiskimatsmenn, sem aðallega framkvæma matið á fiskinum undir umsjón yfirmatsmannanna. Með þessu var ekki lögð á nein skylda til að láta meta þann fisk, sem fluttur væri út, heldur var útflytjendum í sjálfs vald sett, hvort þeir vildu láta þessa matsmenn meta fisk sinn og gefa vottorð um hann. Matsmenn þessir hafa þó verið mikið notaðir til þess að meta saltfisk til útflutnings, sérstaklega í Reykjavík og annarstaðar við Faxaflóa.

Saltfiskur sá, sem þessir menn höfðu metið, fekk brátt gott álit á Spáni og Ítalíu, og stjórnarráðinu hefir borist erindi frá nokkrum kaupmönnum á Spáni þar sem þeir telja það mjög æskilegt, að öllum saltfiski, sem þangað flyttist, fylgi matsvottorð lögskipaðra yfirmatsmanna. Þótt matsmenn þessir, eins og getið var, hafi verið talsvert mikið notaðir, þá hefir þó undanfarin ár verið flutt eigi alllítið af saltfiski til Spánar og Ítalíu, sem þeir hafa ekki verið látnir meta, sérstaklega frá Ísafirði og öðrum útflutningsstöðum á Vesturlandi. Mun útflytjendum hafa þótt þeir nokkuð strangir í kröfum sínum að því er fyrsta flokks saltfisk snertir, útskipun vörunnar og hleðsluna í útflutningsskipunum. Það verður nú að álíta óheppilegt, að menn geti boðið þar saltfisk á markaðinum sem fyrsta flokks vöru, þó hann sé það ekki í sjálfu sér; það getur kastað rýrð íslenzkan saltfisk í heild sinni og þannig einnig á góðu vöruna. Síðasta alþingi var og einnig þessarar skoðunar. Á fjárlögin 1908 og 1909 setti það inn ákvæði um það, við fjárveitinguna til yfirmatsmannannna, að þegar skip, sem flytja fiskfarma til Spánar og Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík og Ísafirði, beri lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sé ritað á hleðsluskjöl þeirra, ella rita á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirmatsmanninn meta gæði hennar. Alþingi samþykti einnig þingsályktun, þar sem það skorar á landstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, sem lögbjóði fiskimat á öllum fullverkuðum saltfiski, er flyzt frá Íslandi til Spánar og Ítalíu, svo að engan fisk megi flytja til þessara staða nema lögskipaðir fiskimatsmenn hafi gefið vottorð um gæði hans.

Stjórnarráðið leitaði síðan álits yfirfiskimatsmannanna í Reykjavík og á Ísafirði um það, hvort þeir teldu æskilegt, að matsskyldu þessari væri komið á, og ef svo væri, hvernig þeir teldu, að matinu yrði heppilegast fyrir komið. Þeir mæltu eindregið með því, að matsskyldu væri komið á, eins og þingsályktunin fer fram á, og töldu það fyrirkomulag, sem nú er á matinu í Reykjavík og Ísafirði heppilegast, og töldu þörf á, að bætt væri 3 nýjum yfirfiskimatsmönnum við þá 2, sem nú eru, og hverjum yfirmatsmanni skipað ákveðið svæði af landinu sem umdæmi, en fiskimatsmenn skipaðir á útflutningsstöðunum eftir þörfum. Stjórnarráðið hefir fallist á þetta og er

lagafrumvarp þetta samið á þeim grundvelli.

Auk matsstarfanna er yfirfiskimatsmönnunum gjört að skyldu, að hafa annað áríðandi starf á hendi, sem sé að vera ráðunautar almennings að því er fiskverkun og meðferð fiskjar snertir, svo þessi mikilsverða útflutningsvara landsmanna, fiskurinn, geti orðið sem bezt og útgengilegust á markaðinum erlendis og sem mest að skapi kaupendanna. Yfirmatsmönnunum er gjört að skyldu að ferðast um umdæmi sín í þessu skyni.

Um einstök atriði frumvarpsins skírskota eg til hinna prentuðu athugasemda, er því fylgja.

Reynslan sýnir, að ill vara ekki að eins er lítt seljanleg, heldur spillir hún einnig fyrir sölu góðu vörunnar. Kærur frá Spáni hafa aldrei verið tíðari en einmitt síðan að þeir komust upp á það, að fá góða vöru og vottorð, er treysta mátti.

Þetta frumv., ef það yrði að lögum, ætti að geta aukið verðmæti íslenzks saltfisks, og þannig orðið landínu til talsverðs ábata. Eg vil því leyfa mér að mæla sem bezt með frumv., og vona að hin háttv. deild taki því vel og samþykki það.

Sigurður Stefánsson: Eg tel það vel farið, að þetta frumv. kom nú fram, og að stjórnin hefir fylgt fram vilja síðasta þings. Málið er afar þýðingarmikið, og það hefir komið ljós, að þeir tveir fiskimatsmenn, sem undanfarin ár hafa starfað á 2 mestu útflutningsstöðum landsins, hafa fengið töluverðu áorkað til bóta saltfisksverkuninni. En mér er kunnugt um það, að á Ísafirði hafa kaupmenn ekki notað fiskimatsmanninn af því að svona lög vantaði, en það hefir orðið til þess, að fiski frá Ísafirði hefir hrakað nú upp á síðkastið, þar sem Suðurlandsfiskurinn hefir stöðugt fengið betra og betra orð á sig, síðan kaupmenn þar tóku að láta hina lögskipuðu fiskimatsmenn meta hann. En þetta má ekki svo til ganga, og er því ærin nauðsyn, að fiskimat verði lögskipað um land alt. Eg sting upp á 3 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Í nefndina voru kosnir:

Sigurður Stefánsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Ágúst Flygenring.

Önnur umr. 27. febr. (Stj.frv. A. bls. 116; 55).

Framsm. (Agúst Flygenring): Hæstv. stjórn hefir að mestu leyti tekið ómakið af nefndinni um framsögu í þessu máli. Því að athugasemdirnar, sem fylgja frumv., eru víðtækar og nákvæmar, og það lítið, sem nefndin vildi taka til athugunar, stendur prentað í nefndarálitinu. Eg skal því verða mjög stuttorður.

Það mun ef til vill mörgum þykja það hart, að innleitt sé skyldumat á öllum fiski, sem héðan er fluttur. Fljótt á að líta er þetta svo. Og eg mundi ekki hafa verið með þessu frumv., ef sú reynsla, sem hefir unnist hér á síðustu árum, væri ekki svo skýr, að hún hefði sýnt það og sannað, að þetta fyrirkomulag hefir orðið til stórmikils gagns hér við Faxaflóa.

Hingað til hefir fiskimat verið frjálst; það hefir verið kjörmat; og reynslan hefir orðið sú, að fiskimatsmennirnir hafa verið notaðir sífelt meir og meir. Útgerðarmennirnir hafa orðið þess fljótt varir, að sú vara, sem hefir verið metin hér af hinum lögskipaða yfirmatsmanni, væri betur trygð til sölu erlendis heldur en hitt, sem ekki var skoðað. Enda má segja, að hér um slóðir noti líka

allir útflytjendur yfirmatsmanninn, svo að þess vegna geta útgerðarmenn við Faxaflóa sagt frumvarpið óþarft þeirra vegna. Vegna þessarar reynslu hér hefi eg orðið með frumv. Eg er hræddur um að tiltrú manna (ɔ: kaupenda á Spáni og víðar) um vöndun á íslenzkum fiski annarstaðar á landinu gæti brugðist, ef öllum mönnum yrði ekki gjört það að skyldu, að láta meta fisk sinn, enda hefir reynslan orðið sú.

Að undanförnu hefir fiskskoðunin verið að mestu leyti bundin við Faxaflóa, en nú vakir það fyrir háttv. stjórn með þessu frumvarpi, að önnur héruð verði hennar líka aðnjótandi; þar af er þetta frumv. sprottið. Á Norður- og Austurlandi hafa engir lögskipaðir matsmenn verið til þessa. Afleiðingin hefir orðið sú, að þessir landshlutar hafa átt erfitt með og enda ekki getað komið sinni vöru beint á markaðinn. Kaupendur hafa vefengt að varan gæti verið góð, þar sem ekkert mat væri á henni. Frá þessum stöðum hefir fiskurinn að eins flutzt til Noregs, Englands og Danmerkur, og þaðan hefir hann svo máske verið sendur aftur suður til Spánar og Ítalíu. Af þessu hefir hlotist töluverður kostnaður og því hafa útgerðarmenn í þessum landshlutum fengið miklu lægra verð fyrir sinn fisk, heldur en fengist hefir frá Vesturlandi og Faxaflóa.

Í þessu frumv. er nú þessum landshlutum gefinn kostur á að fá fisk sinn skoðaðan og fengnir menn upp í hendurnar til þess að gefa allar leiðbeiningar um meðferð á vörunni.

Það eru að eins 4 ár, síðan yfirmatsmenn voru skipaðir í Reykjavík og á Ísafirði. Þeir áttu meðal annars að gæta þess, að varan yrði samkynja. Það varð að fylgja föstum reglum matið. Það, sem einmitt var að athuga við gamla matið, var það, að engum meginreglum var fylgt; af því varð fiskurinn ósamkynja, svo að kaupmenn vissu ekki í rauninni hvaða vöru þeir keyptu.

Þegar Spánverjar hættu að sækja fiskinn hingað, þá vorum vér svo heppnir, að sú hefð komst á, að kaupendur urðu skyldaðir til þess að greiða andvirði fiskjarins undir eins og skipin voru fermd og hleðsluskjölin undirskrifuð. Það er gott að vera laus við þá áhættu, sem fylgir því, að senda stóra fiskfarma og eiga svo eftirkaup um söluna; því það er hvorttveggja, að það er ómögulegt að girða fyrir það, að varan geti spillst á leiðinni, og svo er hitt, að menn þykja ekki sérlega greiðir eða áreiðanlegir í viðskiftum suður á Spáni og Ítalíu, ef þeir koma því við. Það er því mjög mikils vert, að sú kaupvenja geti haldist að þessu leyti, sem eg hefi minst á. Reynslan hefir sýnt, að það er neyðarúræði að verða að senda fisk þangað suður í »consignation«. Þess vegna kjósa allir menn að sjálfsögðu að fá andvirði fiskjarins greitt um leið og kaupsamningarnir eru undirskrifaðir.

Þetta frumv. er, eins og eg tók fram áðan, samið til þess að auka tiltrú útlendinga á vöndun vörunnar héðan, og ef ákvæðin næðu til allra landshluta, þá er enginn vafi á því, að varan mundi batna í heild sinni, og þar af leiðir aftur, að betra verð fengist fyrir hana. Það mætti auðvitað segja að vér þyrftum ekki á slíku lagaboði að halda, því reynslan hefði sýnt þegar, að mat kæmist á fyrir því. En — eins og líka áður er tekið fram — það verður þó til þess að ná Norður- og Austurlandi inn í heildina, sem annars gæti dregist enn þá um langan tíma.

Eftirleiðis eiga yfirmatsmennirnir að hafa eftirlit með því, að farið verði vel og rétt með vöruna í öllum tilbúningi. Þeir eiga og að verða ráðunautar útgerðarmannanna í þessu atriði. Þetta

mætti ef til vill verða aðalstarf þeirra. En með því móti eykst vinna þeirra að mun, og þess vegna eiga þeir eftir frumv. að fá hærri laun.

Eg hefi mjög lítið að athuga við einstakar greinar frumvarpsins. Eg skal að eins minnast á, að það væri mjög æskilegt að stjórnin legði aðaláherzluna á það í þeim »Instrux«, sem samin verður fyrir matsmennina, að þeir gættu þess fyrst og fremst, að varan sé holl og góð til átu. Það hefir verið gengið svo langt í flokkun vörunnar af hendi matsmannanna, að það mætti ætla að það væri tilgangurinn að nota fiskinn sem skrautmyndir eða veggprýði en ekki til matar. Útvegsmennirnir kvarta þráfaldlega yfir því, að matsmennirnir geri sér nærri því far um að rýra gildi vörunnar. Þetta er alveg öfugt við það sem gjörist með öðrum þjóðum, þar sem öll »Reclame« er gerð til þess að auka gildi vörunnar og flokka hana í hina áttina, upp á við; t. d. »extra prima« eða »fin, fin«, sem haft er til að auðkenna vörugæði, án þess að gæðin svari fyllilega til þessara tákna. Hér með meina eg þó ekki, að þeir eigi, okkar matsmenn, að segja vöruna betri en hún er, heldur hitt, að *þeir rýri ekki gildi þeirrar vöru, sem er góð og óskemd sem neyzluvara* (matur), með því að stimpla hana »nr. 2«, máske að eins fyrir það, að lítið gat var á þunnildinu, einhver uggi kliptur af fyrir öngustungu, eða því um líkt.

Að öðru leyti hefi eg ekkert sérstakt að athuga við frumv. Ástæður stjórnarinnar eru allar bygðar á góðum og réttum grundvelli. Eg skal ekki heldur fjölyrða um breyt.till. nefndarinnar, því að hún er eingöngu orðbreyting. Eg vona að lokum, að háttv. deild taki vel við málinu og gjöri við það sem það á skilið.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. — — — - — —
3. — — — - — —
4. — — — - — —

Breyt.till. (55) við 5. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. gr. breytt samþ. í e. hlj.
6. — frv. — - — —
7. — — — - — —
8. — — — - — —
9. — — — - — —
10. — — — - — —

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umr. 2. marz (A. 63).

Framsm. (Agúst Flygenring): Eg leyfi mér að gjöra lítla athugasemd um 1. gr. frumvarpsins.

Hæstv. ráðherra var ekki til staðar við síðustu umræðu málsins, og vildi eg því nú gjöra fyrirspurn til hans um það, hvað eigi að felast í orðalagi 1. gr., þar sem talað er um fisk, sem »fara á til Spánar eða Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd«. Nefndin hefir ekki viljað leggja meira í ákvæðið, en það sem liggur beint í orðunum, nefnil. að átt væri að eins við þann fisk, sem *beinlínis er ætlað* að fara til Spánar eða Ítalíu, en ekki við fisk, sem sendur er til annara landa, t. d. Englands, Noregs o. fl., þó að sá fiskur kynni síðar að verða sendur til Suðurlanda. Nefndin vill nfl. ekki að sá fiskur, sem að eins á að fara til Englands, Noregs eða annara land en Spánar og Ítalíu, verði háður neinni matsskyldu. Að vísu getur vel verið, að þeir sem kaupa fiskinn t. d. í Englandi eða Noregi, sendi hann svo aftur til Suðurlanda; en ef þeir vilja eiga það á hættu, að láta hann fara þangað án vottorðs yfirmatsmanns

á Íslandi, á þeim að vera það heimilt. Í stuttu máli, nefndin vill að fiskur sé því að eins háður matsskyldu, að þau skjöl fylgi, sem *ákveða* fiskinn beinlínis til Ítalíu eða Spánar.

Ráðherra (H. H.): Eg er alveg samdóma skilningi nefndarinnar á 1. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á alls ekki að ná til annars fiskjar en þess, sem ákveðinn er til Spánar eða Ítalíu. En um það, hver fiskur á þangað að fara, er auðvitað ekki hægt að fara eftir neinu öðru en þeim skjölum, sem fylgja farminum, svo að ákvæðið nær að eins til þess fiskjar, er farmskjölin segja að eigi að fara til þessara landa. Enda er auðvitað, að sá fiskur, sem seldur er héðan til Englands eða Noregs, og síðan kann að koma til Suðurlanda *án* framleiðsluvottorðs, getur ekki spilt fyrir markaði íslenzkra afurða þar. En tilgangurinn er að eins, að fiskur, sem seldur er í þessum löndum *sem íslenzk vara*, nái ekki að spilla markaðinum. Eg er því alveg samdóma háttvirtum 3. konungkjörna þingmanni.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt í e. hlj., og sendist forseta Nd.

Laun sóknarpresta.

FRUMVARP til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta. (Stj.frv. A. bls. 125); 1. umr. 17. febr.

Ráðherra (H. H.): Þegar frumv. um laun sóknarpresta var til síðustu umræðu í Nd. á síðasta alþingi, var samþykt breyt.till. um að gefa sextugum prestum, sem sitja í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum eftir hinum nýju prestakallaskipunarlögum þau hlunnindi, að mega kjósa um það, að fá laun sín eftir gömlu reglunum eða eftir nýju lögunum, jafnvel þó að þeir vilji ekki ganga að breytingunum. Aftur á móti ná þessi hlunnindi ekki til sextugra presta, sem sitja í prestaköllum, þar sem hin nýja skipun getur ekki komist á, þótt þeir fegnir vildu. Með öðrum orðum: Rétturinn til þess að verða hlunnindanna aðnjótandi er látinn vera kominn undir atvikum, sem hlutaðeigendum eru ósjálfráð, og getur það komið mjög ósanngjarnlega niður. Þetta er misrétti, sem hefir orðið af því, að breyt.till. um þetta kom mjög á áliðnu þingi, svo að háttv. þingm. hefir ekki gefist nægur tími á að átta sig á henni eða hugsa hana út í æsar, enda mun naumast hafa verið tími til þess að gera breytingu aftur þegar málið kom upp í Ed. aftur, ef það átti að geta gengið fram.

Nú hefir biskup borið fram þá till., að þessi hlunnindi næðu til allra sextugra presta. Það er enn frekari ástæða fyrir þingið að verða við þessari sanngjörnu kröfu, þar sem hún verður landsjóði útlátalítil. Biskup hefir skýrt svo frá, að í næstu fardögum verði ekki sextugir fleiri en 15 af öllum prestum á landinu. Af þeim mundu svo líklega 7 njóta góðs af breytingunni.

Eg skal svo leyfa mér að mæla með því að háttv. þingdeild taki máli þessu vel, og komi þessum ákvæðum laganna í samræmi.

Sigurður Stefánsson: Eins og hæstv. ráðherra tók fram, er þessi grein í prestlaunalögunum miður réttlát, og varð, eins og hæstv. ráðherra líka tók fram, ekki nægilega athuguð vegna naumleika tímans á síðasta þingi.

Eg hafði hugsað mér að kom fram með frumv. á þessu þingi um breytingar á sóknartekjum, og þess vegna er það, að meiri hlutinn mun leggja til, að nefnd verði skipuð í þetta mál, er

þá gæti athugað önnur frumvörp, er fram kynnu að koma og snerta prestamálið.

Sóknarnefndir og almenningur finna til þess, hvað sóknartekjurnar eru ranglátar. Innheimtuskylda presta hefir verið hvimleið, en hún er sóknarnefndunum líka hvimleið sökum þess, hve þessi gjöld eru úrelt og ranglát.

Milliþinganefndin í skattamálinu hefir samið frumvarp um algerða breyting á þessum gjöldum, sem er mjög til bóta.

Eg get ekki álitið, að tekið sé fram fyrir hendurnar á hinni háttv. stjórn eða skattamálanefndinni, þó að frumv. þetta kæmi nú fram á þinginu.

Eg skal í nafni meiri hlutans leyfa mér að leggja til, að 5 manna nefnd verði skipuð í málið.

ATKV.GR.:

Samþ. að fresta 1. umr. og kjósa 5 manna nefnd í málið.

Þessir hlutu kosningu:

Sigurður Stefánsson,
Jósef Björnsson,
Jens Pálsson,
Eiríkur Briem,
Steingrimur Jónsson.

1. umræðu frestað.

Framh. 1. umr. 27. febr. (Stj.frv. A. bls. 125; 54).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg hefi lítið að segja um þetta frumv. við þetta frh. 1. umr. málsins. Deildin getur séð það, sem nefndin leggur til í nefndarálitinu. Frumv. er svo stutt, að eins ein gr.

Hér er um nauðsynlega réttarbót að ræða. Það var meining milliþinganefndarinnar, að breyting á launakjörum presta kæmist jafnóðum á og brauðin losnuðu. En þessu breytti stjórnin í frumv. sínu, er hún lagði fyrir síðasta þing, þannig að prestar í þeim prestaköllum þar sem engin breyting átti að verða á mættu kjósa hvort þeir vildu ganga undir launabreytinguna, eða hitt, að gera það ekki. Þannig samþ. Ed. þetta ákvæði 1907, en Nd. breytti því, er hún hafði það til meðferðar síðustu daga þingsins, þannig að sextugir prestar gætu orðið hlunninda laganna aðnjótandi, þótt ekki vildu þeir ganga að neinum breytingum á prestaköllum sínum, en þessi breytingartillaga hefir eflaust ekki verið athuguð nógu rækilega í Nd. Þegar frumv. kom til Ed. aftur, sá deildin að vísu, að með breyt. Nd. væri misrétti gert sumum sextugum prestum, en af því að áliðið var mjög tímans, vildi deildin ekki stofna frumv. í voða með því að fella breyt. Nd. úr frumv. Þetta misrétti milli sextugra presta er líka komið nú á daginn. Sextugir prestar í þeim prestaköllum, þar sem engin breyting kemst á, fá enga launabót, þótt þeir gjarna vildu ganga að breytingunni, en sé það fyrirmunað af hindrunum, sem þeim eru ósjálfráðar. En jafnaldrar þeirra, sem standa á móti breytingunni, fá launabót. Umkvartanir um þetta misrétti hafa líka komið og þess vegna hefir biskup farið fram á að þetta frumv. væri lagt fyrir þingið.

Nú verður öllum sextugum prestum gefið færi á að komast undir lögin. Aðalinntakið er í nefndarál., og þarf eg ekki að skýra það fyrir háttv. deild. Þessi breyting bakar ekki landsjóði verulegra útgjalda, því að þessir prestar eru svo fáir. Biskup segir að kostnaðaraukinn til að byrja með geti ekki farið fram úr 3,500 kr., er fari svo minkandi. Þessi réttarbót er því sjálfsagðari, sem hér er alloftast að ræða um menn, sem eru orðnir slitnir eftir langt starf og hafa langa lítt launaða embættisþjónustu að baki sér. Eg skal þá ekki tefja tímann með langri ræðu, en vona að háttv. deild láti frumv. ganga sinn gang.

ATKV.GR.:
Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umræða; 2. marz; (Stj.-frv. A. 125; 54).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg finn ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frumv. Nefndin hefir fallist á grundvallaratriði frumv. stjórnarinnar; hún hefir að eins leyft sér að breyta orðalagi frumv. Greinin var ógreinilega orðuð í lögunum, eins og þau voru samþykt 1907.

ATKV.GR.:
Breyt.till. (54) sþ. í e. hlj.
Frumvarpið þannig breytt sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj.
Sþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 4. marz. (A. 84).
Frumvarpið samþykt umræðulaust í e. hlj. og sendist forseta Nd.

Styrktarsjóðir handa barnakennurum.

FRUMVARP til laga um styrktarsjóði handa barnakennurum. (A. 411); 1. umræða; 13. apríl.

ATKV.GR.:
Samþykt í e. hlj. að vísa málinu til 2. umræðu.
Samþykt í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd í málið, og hlutu þessir kosningu:
Jens Pálsson,
Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða; 20. apríl. (A. 411; 473).

Framsögum. (St. Stefánsson): Eg hefi eiginlega engu við það að bæta, sem stendur í nefndarálitinu. Nefndin leit svo á, að hér væri um gott mál að ræða. Hún áleit að þessi sjóður, sem ætlast er til að verði stofnaður, gæti orðið að mjög miklum notum í framtíðinni. Meðal annars er enginn vafi að hann muni gera kennarastöðuna miklu aðgengilegri og fýsilegri, því að nú sem stendur er sú staða bæði erfið og illa launuð. Það ýtir undir menn að gjörast kennarar, ef þeir geta vænzt einhvers styrks þegar þeir eru orðnir gamlir eða bilaðir að heilsu.

Til þess að sjóðurinn gæti vaxið nokkru örar, leizt nefndinni rétt, að þeir kennarar, sem hefðu nokkru hærri laun, yrðu að gjalda hærra tillag til stjóðsins. Nefndin hefir lagt til að sú hækkun yrði í %, eins og tekið er til í breyt.till. nefndarálitsins.

Að öðru leyti leggur nefndin til að frumv. verði samþykt óbreytt. Eg skal geta þess, að umsjónarmaður fræðslumálanna hefir tjáð sig hlyntan breytingunni, og ekkert haft við það að athuga.

Eg vona að þessu máli verði vel tekið meðal kennarastéttarinnar á landinu, enda er frumvarpið komið frá kennarafélaginu í fyrstu.

ATKV.GR.:
1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Breyt.till. við 2. gr. sþ. með 12 samhlj. atkv.
2. gr. frv. þá sjálf-fallin.
3., 4., 5., 6. og 7. gr. frv. sþ. með 12 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.
Frv. þannig orðað sþ. með 12. samhlj. atkv.
Málinu var vísað til 3. umr. með 12 atkv.

Þriðja umræða; 23. apríl; (A. 542).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. í e. hlj. og sendist aftur til forseta Nd.

Meðferð skóga, kjarrs o. fl.

FRUMVARP til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. (Stj.frv. A. bls. 144); 1. umræða; 18. febrúar.

Ráðherra (H. H.): Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarráðsins við frumv. þetta, verður það að álítast nauðsynlegt, að gefin sé lagaheimild til alvarlegra ráðstafana til þess, að friða skóga og kjarr, ef það annars er talið nauðsynlegt að friða skógleyfarnar gegn eyðilegging og landið gegn uppblæstri, hvað þá ef von á að vera um græðslu nýrra skóga. Skógræktarstjórinn hefir tekið það fram, að eitt af því, sem valdi mestri eyðing á skógi og kjarri, sé það, að fé sé beitt í þeim á vetrum, og hefir enda farið fram á, að sauðbeit í þeim sé bönnuð á tímabilinu frá 1. október til 1. júní. Í öðru lagi hefir hann bent á það, að skógar og kjarr sé víða skemt með því, hvernig höggvið sé, sem víða stafi af vankunnáttu; hins vegar telur hann enga ástæðu til þess að banna högg í skógum eða kjarri, því ef skynsamlega er höggvið, geri það fremur að bæta skógana en skemma. Ennfremur hefir hann vakið athygli á því, að mjög mikil hætta stafi af því fyrir gróður landsins, ef rifið er lyng eða mosi, og vill hann láta banna það að öllu með lögum.

Það hefir þó ekki þótt tiltækilegt, að banna með lögum alla sauðfjárbeit í skógum og kjarri frá hausti til vors, því slíkt bann mundi rýra tilfinnanlega eignarrétt manna, þar sem vetrarbeit í skógum og kjarri eru aðalkostir margra jarða, og bann gegn beitinni mundi gera sumar jarðir jafnvel lítt byggilegar eins og búskap nú er hagað. Hins vegar virðist mega með nokkrum árangri gefa ákvæði um högg í skógunum og meðferð þeirra að öðru leyti, sérstaklega eftir að skipaðir eru skógræktarstjóri og skógarverðir, sem sérstaklega þekking hafa á þessum málum, enda er það aðaltilgangurinn með ákvæðum lagafrumvarps þessa, að fá þeim vald í hendur, til þess að þeir geti framkvæmt ráðstafanir þessu viðvíkjandi, sem ekki geta talist ganga of nærri umráðarétti eigenda og notenda. Loks hefir það ekki þótt athugavert, að banna með öllu að rífa lyng og mosa; það hefir þrásinnis og úr ýmsum áttum verið kvartað yfir því spelli, sem af rifi þessa gróðurs geti stafað, og það verður ekki séð, að þarfir almennings úthéimti það, að þessi illa meðferð á landinu sé látin óátalin. Eftirlitið með því, að ákvæðum frumvarpsins verði hlýtt, er ætlast til að hvíli á skógræktarstjóra ok skógarvörðunum með aðstoð hreppstjóra. Skógræktarstjóra er í því skyni gert að skyldu, að fara um landið til eftirlits, og skógarvörðunum, hverjum í sínu umdæmi; skógræktarstjóri hefir stungið upp á, að kosnar væru nefndir í hverri sýslu, til þess að hafa eftirlitið og gera aðrar ráðstafanir viðvíkjandi skógum og kjarri, en það mundi verða bæði vafningasamt og kostnaðarsamt, enda naumast gera eftirlitið tryggilegra.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins leyfi eg mér að vísa til hinna prentuðu athugasemda.

Kristinn Daníelsson: Þetta er mjög mikilvægt mál, og leyfi eg mér því að stinga upp á nefnd í það. Að vísu mætti koma málinu fram án nefndar, en þó kunna að vera atriði, sem þyrfti að athuga. Eg veit það sjálfur, hve mikið er gert að því að rífa lyng og

mosa, og eg veit hversu mjög það spillir landinu. En á hinn bóginn er það erfitt að gera lagaákvæði, sem gagn er að, þar sem það mun verða svo miklum erfiðleikum bundið, að framfylgja lögunum. Sumstaðar, einkum þar sem lítill er eldiviður, legst fólk á landið og rífur mosa og lyng, t. d. á Reykjanesskaga, þar sem landið er hrjóstrugt. Landið reynir að klæða sig, en fólkið rífur það aftur og nekir landið.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Samþ. að kjósa þriggja manna nefnd í málið.

Kosnir voru í nefndina:

Jósef Björnsson,
Júlíus Havsteen,
Kristinn Daníelsson.

Önnur umræða; 27. febr. (Stj.-frv. A. bls. 144; 53).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg skal ekki hafa langa framsögu, en eg verð þó að fara nokkrum orðum um þau aðalatriði málsins, sem hafa vakað fyrir stjórninni og nefndinni. Nefndin álítur frv. þarfa réttarbót, sem beri að koma til framkvæmda. Í því felst viðurkenning um að þörf sé að friða þær litlu leifar, sem eru eftir hér á landi af skógi og kjarri. Það er ekki hægt að dyljast þess, að illa hefir verið farið með skógana og mjög ógætilega. Það er víst, að það er að mestu mönnum að kenna, að landið er orðið svo skóglaust. Þó að náttúran hjálpi að vísu til á mörgum stöðum að eyðileggja landið, eiga mennirnir þó mesta sökina. Það hefir í ræðum og ritum opt verið bent á, að að illa og óhyggilega sé farið með skóganna. Þessi illa meðferð er innifalin í ýmsum þeim atriðum, sem í þessu frv. er reynt að girða fyrir. Eg skal nú fara nokkurum orðum um helztu atriðin:

1. Það er of mikið höggvið, og þannig að eftir verða ber svæði, en það gerir það að verkum, að stormar fá aðgang að skógunum og eyða þeim. Berhöggnu svæðin blása upp, og uppblásturinn étur sig út svo þau stækka smám saman. Kyrkingur kemur og í skóginn í kringum beru svæðin. Uppblástur og kyrkingur kreppa því að skóginum og eyða honum.

2. Það er höggvið illa, stofnar brotnir að meira og minna leyti, og sárið skilið eftir óslétt. Vatn sígur því í tréð og feygir rótina, svo að ekki getur nýtt tré vaxið upp af henni.

3. Skógur, hrís og lyng er rifið upp með rótum, og losað þannig um jarðveginn, svo að hann getur blásið upp. Afleiðingin verður oft sú, að þar sem var áður skógur og kjarr, verða gróðurlausir melar. Þessa óhæfu reynir frumv. að koma í veg fyrir, með því að banna að rífa hrís og lyng.

4. atriði er mjög mikils vert, það er beit í skóglendi. Skógræktarstjórinn hefir rétt fyrir sér í því, að það er mjög skaðlegt að beita lágan skóg, því að við það eyðileggjast yngri greinar eða árssprotar og brum, sem peningurinn bítur. Sama verður þó skógurinn sé hávaxinn ef snjór er á jörðu, því þá ná skepnurnar, sauðfé og geitur, hærra, svo árssprotarnir verða bitnir af. Börkur er einnig nagaður og skemdur, þegar jarðskarpt er. Þetta atriði er verst við að eiga og verður mest til að spilla þeim skógleifum sem til eru. En með góðum vilja og skilningi má þó koma nokkuð í veg fyrir þetta. En þó er því svo háttað á mörgum jörðum, sem hafa skóg, að þörfin til beitar er mikil. Á síðari árum hefir löggjafarvaldið látið málið til sín taka, og viðurkent að full þörf væri á að hafa eftirlit með meðferð skóganna. Eins og háttv. þingdeild er kunnugt, voru gerð samþyktarlög á þingunum 1894 og 95, til þess að friða skógleifar o. fl., en því miður hafa þessi lög gert lítið

gagn; það eru að eins tvö héruð, sem gert hafasamþyktir samkvæmt þeim lögum. Ef önnur héruð hefðu fylgt dæmi Rangárvallasýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu, og gert friðunarsamþyktir, þá væri þegar búið að taka í taumana, og þetta lagafrumvarp hefði þá ekki verið nauðsynlegt. En með því að þetta hefir enn ekki verið gert, og skógarleifar liggja ófriðaðar hingað og þangað, þá er brýn nauðsyn að koma með almenn lög sem nái yfir land alt. Nú er líka hægt að hafa eftirlit með að lögunum sé hlýtt. Það geta skógræktarstjórinn og skógarverðirnir gjört, sem skipaðir eru samkvæmt lögunum 1907. Nefndin telur það sjálfsagt að háttv. deild samþykki frv. En nefndin hefir þó, í samráði við skógræktarstjórann, leyft sér að koma fram með nokkrar breytingartillögur. Eg vil leyfa mér að gera grein fyrir breytingartillögunum í örfáum orðum.

Breyt.till. við 1. gr. er að nokkru leyti orðabreyting. Þó skal þess getið, að skógræktarstjórinn upplýsti það fyrir nefndinni að orðið »gangar« í stjórnarfrumvarpinu hefði slæðst inn í það af misskilningi, og að í þess stað hefði átt standa, að aðeins mætti grisja skóginn. Nefndin fann ástæðu til að bæta við að ekki mætti rífa víði og mel. Henni virtist og sjálfsagt að bæta því við, að mosa sé ekki bannað að rífa á mýrlendi, þar sem hvorki er skógur né kjarr.

Breyt.till. við 5. gr. er eiginlega að eins orðabreyting, sem gefur það glegra til kynna, að þar sem svæði eru tekin til friðunar, þá sé ætlast til að landeigandi eða nothafi heimti ekki að jafnaði gjald fyrir að láta af hendi land til þessara afnota. Eigi að síður er þó sjálfsagt að nothafi geti krafist endurgjalds, sé honum meinlegt að missa afnot landsins, svo hann þurfi, ef til vill, að leigja land í þess stað. En þetta getur komið fyrir á landlitlum jörðum.

Um breyt.till. við 7. gr. má geta þess, að í stað orðanna í nefndarálitinu: »7. gr. orðist þannig«, á að standa: 1. málsgr. 7. gr. verði: »Eigendur og notendur« o. s. frv. til enda.

Í þessari breyt.till. eru nokkrar verulegar efnisbreytingar. Tímanum er breytt frá því sem ákveðið er í stjórnarfrumv. Nefndin hefir fært tímatakmarkið fyrir sauðfjárbeit, og sett 1. nóv. til 1. júní fyrir suma landshluta, þar sem vetrarríki er mest og snjóþyngsli. En það má venjulega búast við, þó snjóþungt sé, að ekki falli snjór verulega í okt. Í snjóminni landshlutum, á suður- og vesturlandi, að undanskildum Vestfjörðum, hefir nefndin samkvæmt samráði við skógræktarstjórann, talið nóg að setja takmarkið frá 1. jan. Seinna tímatakmarkinu þótti nefndinni ekki rétt að breyta, því að sjálfsagt er að verja eftir föngum, þegar skógurinn er að lifna.

Fleiri orðum skal eg ekki fara um málið, og eg óska og vona að háttv. deild taki frumv. vel með áorðnum breytingum.

Eiríkur Briem: Í niðurlagi 1. gr. eins og hún á að vera eftir till. nefndarinnar er sennilega prentvilla. Þar stendur: á skóg og kjarrlausu landi, en meiningin mun vera: á skóglausu og kjarrlausu landi; en þetta mætti laga með því, að setja band á eftir skóg. En úr því eg er staðinn upp, vildi eg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri réttara að setja »dómkvaddra« á undan óvilhallra manna mati, því að þá má heimta að þeir staðfesti umsögn sína með eiði

Sigurður Stefánsson: Eg vil að eins gera athugasemd við breyt.till. við 7. gr. Þar hefir nefndin sett mismunandi tíma um friðun. Eg þykist vita að

tímatakmarkið, að því er það snertir Vestfirði, er sett samkvæmt tillögu háttv. þm. V.-Ísf., sem er kunnugur þar vestra. Þetta er til bóta, en þó virðist tímatakmarkið 1. júní of seint. Ef ekki er leyft að beita skóginn fyr, þá neyðist fólk til að brjóta lögin. Allflestir fjarðarbotnar inn úr Ísafjarðardjúpi eru lítt bygðir, en þar eru skógar og aðalbeit fyrir fénað. Að vorinu verða menn því annaðhvort að hýsa eða sleppa fé sínu inn í firði þessa. Í apríl sleppa menn vanalega fé sínu, og þá er í flestum vorum snjór að mestu leystur inn í fjörðunum. Eg vildi því, að tímatakmarkið yrði sett 1. maí í staðinn fyrir 1. júní, enda tel eg beit þá lítt skaðlega fyrir skógana eins og til hagar þar vestra.

Annars vil eg geta þess, að þótt lögin séu góð og stefni í rétta átt, þá óttast eg að þau verði meir á pappírnum en í reyndinni. Það þarf sjálfsagt marga skógarverði, ef að gagni á að verða. En eg vil leggja áherzlu á, að þessi breyt.till., 1. maí fyrir 1. júní, verði gerð.

Steingrímur Jónsson: Eg tel mál þetta þýðingarmikið og spor í rétta átt, og tel því rétt að samþykkja það. En eg er ekki sannfærður um, að það sé heppilegur tími nú að láta þessi lög koma í gildi. Eg held að það hefði verið holt, úr því að skógræktarstjóri er nú skipaður, að nota lögin frá 1894 og 1895. En úr því skógræktarstjórinn álítur þetta heppilegasta veginn, vil eg ekki greiða atkv. móti frv. En eg vildi gera athugasemd við 1. gr. frv., eins og hún er orðuð í nefndarálitinu. Aðaltilgangurinn er að varðveita skógarleifar, og fyrirgirða uppblástur lands, með því að banna lyng- og melrif. En mér virðist farið lengra en nauðsyn ber til. Lögin þurfa ekki að vera svo hörð. Ef þau eru það og ganga of nærri rétti manna, þá er hætt við að þau verði pappírslög. Þar sem stendur »birkirunnum og birkirótum má ekki kippa upp«, þá er, að minni hyggju, þýðingarlaust að fyrirskipa það þannig, að ekki megi gera undantekningar. Eg er úr því héraði, þar sem kjarr er að breiðast út, t. d. jafnvel í tún og engjar, en þá er nauðsynlegt að stemma stigu fyrir því, og það ætti að vera hægt að gera undantekningar frá lögunum í samráði við skógræktarstjórann. Með því að banna að rífa fjalldrapa, víði og sortulyng, er gengið of nærri rétti einstaklingsins. Fjalldrapi breiðist sumstaðar mjög mikið út, eyðileggur annan gróður og spillir beit fyrir stórgripi. Gagnvart þessu verður jarðeigandi að hafa rétt til að verja sig. Eg þekki t. d. tún, þar sem stórgerður gulvíðir er kominn inn fyrir túngarðinn, og það kostar mikið að uppræta hann aftur.

Þá er og athugavert að banna að rífa víði og fjalldrapa, því að víða er það notað sem byggingarefni í þök, eins og kunnugt er. Sömuleiðis er það notað sem eldiviður, þar sem erfitt er um aðflutninga og mór er ekki, t. d. í uppsveitum Þingeyjarsýslu; með því sparast áburðurinn til túnræktar. Auk þess er það notað víða á Norðurlandi í stíflugarða. Þetta má ekki hefta. Það á að vera heimilt að rífa fjalldrapa og víði á þeim stöðum, sem þess þarf, og það getur ekki valdið eyðingu landsins.

Sömuleiðis sýnist lítil ástæða til að banna að rífa upp sortulyng. Það hefir frá fornu fari verið notað til litunar og er enn á Norðurlandi.

Aftur er alveg rétt að banna að rífa mel; auðvitað verður að mega slá melinn og að nota hann til gjafar, því að það yrði til að fella verð jarða, ef bannað væri.

Eg vona, að nefndin taki þessar bendingar til íhugunar og beri sig saman við mig um breytingar.

7. gr. frv. hefði átt að vera svo, að eigendur og notendur jarða mættu eigi beita skóga og kjarr, þegar snjór er. Tímatakmarkið er og ekki heppilega valið, að því er kemur til Norðurlands. Þar er jörð venjulega, eða að minsta kosti mjög oft, auð í nóvember og desember. Fé liggur úti á nóttum, og oft ekki gengið til þess oftar en á vikufresti eða svo. Þess vegna væri betra að hafa alstaðar sama tímatakmark, nefnilega 1. janúar, eða hafa engan ákveðinn tíma, heldur að eins takmarka eftirlitið við það, hvort snjór er á jörðu. Þó er töluvert vandkvæði á þessu. Ekki geta lögin sagt mönnum að fella hjarðir sínar heldur en að beita. Í Þingeyjarsýslu eru margar jarðir, kostajarðir í snjóléttum vetrum, en í hörðum vetrum verður beitin aðallega á bruninu, og vafasamt er, hvort hægt er að varast það.

Sem sagt, um þessi atriði vona eg að geta borið mig saman við nefndina.

Júlíus Havsteen: Háttv. 4. kgk. þm. gat þess, að hann hefði litlar vonir um, að þessi lög yrðu annað en pappírslög, og mintist á lögin frá 13. apríl 1894, um samþyktir til að friða skóg og mel, og lög frá 15. febr. 1895, um samþyktir til að hindra sandfok og um sandgræðslu. En þar við er að athuga, að þau lög hafa orðið þýðingarlaus vegna þess, að mönnum hefir verið í sjálfsvald sett að nota þau. Samþyktarlög blessast sjaldan vel. Þannig hafa að eins tvær samþyktir sprottið út af þessum lögum: samþykt 15. júlí 1899 fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel (um hindrun sandfoks og um sandgræðslu), og samþykt 24. maí 1902, um verndun og notkun skóga í Vestur-Barðastrandarsýslu, sem er álitin mjög vel samin.

Skógræktarstjórinn hefir í vetur skrifað öllum sýslunefndum um þetta mál, en það nægir ekki, og er það áríðandi að setja frekari lög í þessu efni, ef alvara á að verða úr því að koma upp skógum hér á landi. Byrjunin í þessu tilliti eru lögin frá 22. nóv. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, og nú liggur þetta frumvarp fyrir, sem nefndin væntir að verði tekið vel, og væri mjög illa farið, ef það yrði að engu vegna mismunandi meininga manna hér í deildinni. Það er samt ekki meining mín að mæta þessum andmælum hér, heldur að fela það framsögumanni, sem hefir sérstaka þekkingu á skógarverndun; á hinn bóginn er eg vongóður um, að fullkomið samkomulag náist og að frumvarpið fái að ganga héðan til neðri deildar.

Steingrímur Jónsson: Það er eðlilegt, að lögin frá 1894 hafi orðið gagnslaus. Áhuginn fyrir skógrækt er nú fyrst að vakna, og er það gleðilegur árangur af bréfum skógræktarstjórans, að nú eru menn farnir að sinna þessu máli í verkinu. Á sýslufundi í Suður-Þingeyjarsýslu var samþykt, að hver hreppsnefnd skyldi halda fund um málið í sínum hreppi. Hreyfingin er holl og góð, og eg vil gera alt til þess að styðja hana.

Jens Pálsson: Eg get að mestu fallist á athugasemdir háttv. 4. kgk. þm., en vil þó bæta þar við sérstökum athugasemdum, einkum að því er snertir 7. grein laganna.

Ákvæðin í upphafi nefndrar lagagreinar eru þannig vaxin, að eg fæ ekki séð að þau komi að miklu haldi. Það nær ekki nokkurri átt að ætla, að þannig löguðum fyrirmælum verði hlýtt, svo óákveðin eru þau.

Þessi 1. málsgr. 7. gr., sem breyt.till. tölul. 3 á við og ákveður miklu nánar um, ætti því að falla með öllu burtu.

Eg get í þessu efni bent á mína eigin reynslu; eg hefi búið á skógarjörð í 7 ár. Á vetrum var fjárbeitin að eins í skóginum. Umhverfis fjárhúsin var á eina hliðina stöðuvatn, en skógur á aðrar. Af þessum 7 árum voru 6 (1880—1886) árin einhver mestu harðindaár, eins og menn muna. Fénaði var þá öllum beitt á skóginn, sem var ungur og lágur. Samt fór honum töluvert fram, þótt auðvitað hafi beitin nokkuð staðið honum fyrir þrifum. Og víða hagar svo til, að ekki verður annarstaðar beitt en einmitt á skógana, þegar snjór er mikill og hagleysur. Er það gamalla og reyndra manna mál, að brumið sé á við hálfa gjöf.

Eg tel ógjörning, að lögunum — eins og þau eru orðuð — verði við komið, þar sem þannig hagar til, og það er allvíða.

Tímatakmarkið, þ. e. til 1. júní, er með öllu óþarft, því að jafnskjótt og ísa leysir og snjó tekur af jörð, streymir féð úr skóginum og leitar þangað sem gras er að finna, það sækist eftir grashögunum þegar þess er kostur. Ákvæðið er þannig þýðingarlaust.

Mér þætti því fara bezt á, að umrædd 1. málsgr. 7. gr. félli burt, en greinin látin byrja á orðunum: »Skógræktarstjóri og skógarverðir« o. s. frv. Og gefi eftirlitsmenn nákvæma skýrslu af ferðum sínum um þessi héruð, ef misfellur kynnu að verða á meðferðinni.

Ef nú sannaðist, að skógur eyðilegðist af beit, sem eg annars efast um, þá væri sjálfsagt að taka það mál fyrir.

Í Þingvallasveitinni fór skóginum fram, hann blómgaðist, þótt beitt væri á hann, ef hann sætti ekki annari verri meðferð. En hann eyðilagðist, þegar hann var hafður til kolagjörðar, og mátti þá sjá samfelda reykjarsvælu um allan skóginn. Þá var ekki á góðu von, tjónið var auðsætt.

En er þessum ófögnuði linti og innleiddir voru skozku ljáirnir, þá brá þegar til batnaðar, nema þar sem skógurinn var illa höggvinn eða rifinn upp með rótum.

Ef vel er tekið í taumana að því er skógarhögg snertir, þá hygg eg að sauðfjárbeitin sé tiltölulega hættulaus.

Aðalatriðið er í því efni, að ekki sé of margur fénaður hafður á takmörkuðu skógarsvæði. Þá er skiljanlegt, að skógurinn þoli ekki beitina til lengdar, ef of miklu fé er hrúgað á hann.

Vil eg skjóta því til nefndarinnar, að 7. gr. sé breytt, eins og eg hefi þegar nefnt, og skal skógræktarstjóra heimilt að taka í taumana, ef augljósar skemdir verða.

Vil eg leggja til, að 7. gr. verði borin upp í tvennu lagi.

Kristinn Daníelsson: Eg skal vera stuttorður um þetta mál. Deildin virðist taka vel breytingum þeim, sem nefndin hefir gert. Og eg hygg, að enn megi laga þær svo, að þær fullnægi öllum.

Háttv. 4. kgk. þm. kom fram með ýmsar athugasemdir að því er snertir víði, fjalldrapa og lyng. Mun nefndin fús á að bera sig saman við hann um þetta efni.

Allar aðrar athugasemdir hafa lotið að 7. gr. Þar sem í greininni er komist þannig að orði, að menn eigi að kosta kapps o. s. frv., þá gæti það að vísu verið vafasamt, hvort það orðatiltæki eigi vel við í lögum, en bæði stjórn og nefnd hafa þó hallast að því. Það á fremur að vera bending heldur en skipun, enda ekki um sektir að ræða í þessu efni. Þetta orðatiltæki hefir því verið látið standa, enda verða lögin í þessu og fleiri atriðum að skoðast sem tilraun. Eg skal t. d. játa, að vafasamt getur verið, hvort hægt verði til fullnustu að koma í veg fyrir að rifinn verði

mosi og lyng. En tilraun verður að gera. — Annars vona eg, að þetta mál hljóti greiða meðferð í háttv. deild.

Jens Pálsson: Háttv. þm. V.-Ísf. mintist á það, að vægileg orð væru hér höfð, þar sem ekki væri um sektir að ræða.

Eg er þar algerlega á annari skoðun.

Ef sannast skyldi á einhvern mann, að hann hefði *ekki* kostað kapps um, að framfylgja lagafyrirmælunum, þá ætti hann — samkvæmt 9. gr. laganna — að sæta sektum frá 5 til 100 kr. til landsjóðs. Eg álít því að 1. liður 7. greinar eigi fremur heima í leiðarvísi en í svona lögum.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Umræður eru orðnar svo langar, að eg skal verða stuttorður. Eg vil að eins leyfa mér fyrir hönd nefndarinnar að svara ýmsu, sem háttv. þm. hafa sagt.

Hvað snertir ræðu háttv. 4. kgk. þm., skal eg geta þess, að mér þykir rétt að taka til greina að nokkru leyti það, sem hann hafði að athuga við 1. gr. frv. Það mætti t. d. bæta við enda greinarinnar: »nema með samþykki skógræktarstjóra eða hlutaðeigandi skógarvarðar«. Þá virðist mér að alt væri fengið fyrir háttv. þm. — Eg er honum fyllilega samdóma um, að skógviður og kjarr getur verið sem illgresi, t. d. í túnum, eins og háttv. þm. sagðist vita til. Líka getur hrís orðið illgresi í engjum manna. Þegar svo ber undir, þá er auðvitað sjálfsagt að uppræta allan kjarrgróður, og mundi vitanlega fást undanþága til slíks.

Eg ímynda mér að nefndin í heild sinni verði fús á að breyta þessu við 3. umr. málsins.

Að því er snertir ræðu háttv. 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu, þá skal eg geta þess, að nefndin mun alls ekki geta verið honum samdóma um það, að rétt sé að fella burtu fyrri hluta 7. gr. Það mætti þá eins fella alla greinina burtu, því að fyrri hluti hennar er nauðsynlegur vegna niðurlagsins. Um orðalagið á greininni er það að segja, að annaðhvort verður að gefa nokkuð teygjanleg orð í ákvæðinu, eða þá að banna og taka þvert fyrir alla beit á þess konar landi, sem hér ræðir um. En nefndinni hefir ekki þótt ráðlegt að ganga svo hart að. Hvað tímatakmörkin snertir, að ástæða væri til þess að sleppa þeim og að eins brýna fyrir mönnum, að kosta kapps um að beita sem minst í skóglendi, þá mun nefndin óefað vilja taka slíkt til athugunar og verða háttv. deild til vilja að því leyti. Því að í raun og veru er meiningin með þessu ákvæði sú, að verja skógana þegar snjór liggur á jörðu. Það sem þá gerir alla beit skaðlega er það, að féð étur toppana ofan af plöntunni, og þegar þeir eru farnir, er þvergirt fyrir hæðarvöxt runnans og hann verður að vaxa í aðrar áttir, svo framt sem um nokkurn vöxt er að ræða. Þegar búið er að sleppa fénu lausu á vorin, verður erfitt og enda ómögulegt að hafa nákvæmt eftirlit með því, en það mætti þó leitast við að gæta þess, að féð gengi sem minst í skógana, þegar þeir eru að laufgast.

ATKV.GR.:

1. br.till. við 1. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.
   1. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   2. — frv. — - —
   3. — — — - —
   4. — — — . —
2. br.till. við 5. gr. samþ. í e. hlj.
   5. gr. breytt samþ. í e. hlj.
   6. — frv. — - —
3. br.till. við 7. gr. samþ. með 7 : 4 atkv.
   7. gr. breytt samþ. með 7 : 3 atkv.
   8. — frv. samþ. í e. hlj.
   9. — — — . —

Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umr.

Þriðja umræða, 2. marz (A 64, 62, 67, 75).

Framsögum. (Jósef Björnsson): Nefndin hefir komið með breyt.till. við 1. og 7. gr., og gerir hún það til samkomulags við þá, er andmæltu frv. við 2. umr.

Aðalbreytingin á 1 gr. er sú, að ekki er útilokað með öllu að rífa lyng og hrís. Verður frv. við þá breytingu vægara en stjórnarfrv. Frá mínu sjónarmiði er það ekki beint til bóta, því að hrís- og lyngrif hefir valdið uppblæstri. Eg skal játa það, að sé um ræktað land að ræða, er ástæða til að kippa upp runnum og rótum. Annars er það til skaða. En nefndin hefir samt til samkomulags gengið svo langt, að ekki sé bannað að kippa upp runnum og rótum nema í skógum og kjörrum. Ef til vill gæti verið misjafnt hvað menn kalla skóg og kjarr, en líklega verður það þó ekki misbrúkað.

Breytingin, að »skógræktarstjóra sé heimilt að banna«, frá því er í frv. stendur, að ekki megi rífa fjalldrapa og víði, gengur líka í þá átt að gera frv. vægara, því víða mundi skógræktarstjóri ekki ná til að banna þetta.

Eins og eg þegar hefi tekið fram, hefir nefndin gert þessar breytingar til samkomulags við andmælendur í deildinni. Henni hefir og borist áveningur um, að frv. myndi ekki eiga góðum viðtökum að fagna í Nd., ef ákvæði þess væru ströng. En nefndin telur mjög illa farið, ef frv. fær ekki fram að ganga, og vill heldur að ákvæði þess séu væg en það falli. Þá er nefndin og þeirrar skoðunar, að of ströng ákvæði mundu ef til vill leiða til þess, að lögunum yrði ekki hlýtt.

Um breyt.till. við 7. gr. skal þess getið, að nefndin áleit ákvæðin um tímatakmörkin ekki nauðsynleg, og ræður því til að fella burtu setninguna: »Á Vestfjörðum« o. s. frv. Orðið »einkum« leggur nefndin líka til að sé felt úr greininni.

Þá skal eg minnast á breyt.till., sem hafa komið fram frá þm. Ísafjarðar og 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu. Breyt.till. frá þm. Ísafjarðar er óþörf, þar eð nefndin hefir farið lengra. En nefndin er algerlega mótfallin breyt.till. 2. þm. Gullbr.- og Kjósarsýslu; það væri kipt fótum undan ákvæðunum í síðari hluta greinarinnar, ef orð þau féllu burtu, er háttv. þm. vill sleppa.

Jens Pálsson: Breyt.till. mín er fólgin í því, að fella burtu allan fyrri hluta 7. gr., sem mér þykir mjög gagnslaus. Í lögum á annað hvort að banna eða að bjóða. En orðin »kosta kapps um« og »minst« eru svo óákveðin, að aðhald að hlýðni við þau verður ómögulegt; þau verða dauður bókstafur. Þau eiga heima í leiðarvísi um meðferð skóga, en ekki í lögum. Aftur er seinni hluti greinarinnar góður og getur vel staðið sem sjálfstæð grein. Hann er nægileg trygging fyrir því, að ekki verði níðst svo á skógum, að þeir eyðileggist. Skógræktarstjóri og skógarverðir eiga að athuga, hvort skógur sé nokkurstaðar ofbeittur, svo að eyðileggingar-hætta sé samfara, og eiga þá að gefa stjórnarráði skýrslu um það, og verða þá gerðar nauðsynlegar ráðstafanir. — Mest herti það á mér með breyt.till. þessa, að eg þekki svæði þar sem fé verður að ganga sjálfala á slíku landi, enginn heyskapur er handa fullorðnu fé, t. d. Hraunin í Garðahreppi. Þar verður féð að ganga á kjarrlendi þegar niðri nær, annað

land til beitar er þar ekki um að gera; og eigi verður þar aflað heyfóðurs handa rosknu fé svo nokkru nemi, því öll býli þar eru engjalaus, og engjar ekki fáanlegar í grend. Þegar þar tekur fyrir vetrarbeitina verður að fóðra beitarfénaðinn á kornmati. Um jarðir í Þingvallahrauni má eg og fullyrða, að þar er ekki unt að taka svona ráðleggingar til greina.

Eg álít réttast að fella burtu allan fyrri hluta greinarinnar; en bót er þó að láta orðin »á Vestfjörðum« o. s. frv. falla burtu. Sömuleiðis er eg því meðmæltur, að orðið »einkum« falli burtu.

Sigurður Stefánsson: Eg tek aftur breyt.till. mína og felst á breyt.-till. nefndarinnar við 7. gr. En aftur á móti get eg alls ekki fallist á breyt.-till. nefndarinnar við 1. gr. Með þeim er kipt burtu úr frumv. því sem er mergurinn málsins. 1. breyt.till. nefndarinnar fer fram á það, að ekki megi kippa upp birkirunnum og birkirótum í *skógum og kjörrum*. Að minni skoðun má *aldrei* kippa upp runnum og rótum. Breytingin að skógræktarstjóra sé »heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði« frá því er í frumv. stendur, að ekki megi rífa, álít eg sé til stórra skemda. Með henni er dregið úr ákvæðum er fara í þá átt, að vernda landið gegn skemdum. Vegna víðáttu landsins yrði það ógjörningur fyrir skógræktarstjóra að fara nógu víða og oft um landið til að banna. Og þar sem ekki verður bannað að rífa fjalldrapa, verður hann rifinn eftir sem áður, og ekki auðið að sækja menn til sekta. Mér blöskrar að sjá hvernig víða er farið með fjalldrapann; hvernig menn eyðileggja landið með því að rífa hann. Að mínu áliti ætti að setja sem skilyrðislausast bann gegn fjalldrapa-rifi.

Eg hefi heyrt menn segja, að það sé saklaust að kippa upp fjalldrapa í mýrlendi. En mín skoðun er, að það sé aldrei saklaust að rífa nokkura hríslu. Miklu nær væri að höggva þær, þá geta þær þó vaxið aftur. Víða gæti á slíkum stöðum verið vísir til skóga, ef þurkað væri.

Hentugasta aðferðin í þessu máli væri auðvitað sú, að gjörðar væri samþyktir eftir staðháttum í hverri sveit. En lítill áhugi hefir sýnst á slíkum samþyktum meðal landsmanna.

Sú bót fylgir lögum þessum, að þeir menn, sem áhuga hafa á málinu, mundu geta kært þá sem brjóta. Væri lögin nógu skýr og hörð, mundu einstaka fjalldrapa-níðingar geta komist undir ákæru og orðið sóttir til sekta. Eg tel það fullkomlega saknæmt að fara svo með landið sem þeir gjöra.

Eg legg því eindregið í móti breyt.-till. nefndarinnar við 1. gr.

Ráðherra (H. H.): Eg þarf ekki að segja margt, því að háttv. þm. Ísf. hefir tekið fram flest sem eg vildi sagt hafa, og þakka eg honum fyrir það sem hann hefir sagt. Það mundi draga mjög úr gagnsemd laganna, ef leyft væri að halda áfram að *rífa* upp lyng og mosa, og hins vegar sé eg ekki, að lagt sé þungt haft á atvinnufrelsi manna með því að banna að hafa þá aðferðina við að afla sér fjalldrapa og víðis, að rífa alt upp með rótum. Það má nota axir, hnífa, klippur eða önnur verkfæri, og eru þá ræturnar eða jarðvegurinn óskaddaður. En við rifið raskast jarðvegurinn og særist, og oft er það byrjunin að flögum, sem svo blæs upp og eyðileggja út frá sér. Úr litlu rifi getur orðið afarstórt kaun, sem aldrei grær. Eg er því fyllilega samdóma háttv. þm. Ísf. og vona, að breytingartill. við 1. gr., á þingskj. 67, verði feld. Ennfremur vona eg að breyt.till. við 7. gr., að sleppa orðinu »einkum« verði feld; það væri skemd á lögunum, að sleppa

þessu orði á þessum stað, því að ákvæðið eins og það er er ekki of sterkt.

Steingrímur Jónsson: Eg er þakklátur nefndinni fyrir þessar breyt.-till., því að þær koma heim við mína hugsun. Ef þær verða samþyktar, þá verða lögin ekki að eins pappírsgagn, heldur lög, sem gera verulegt gagn, þar sem þau verða einn eðlilegur liður til að koma skógræktinni á góðan rekspöl, og líka ná hinu takmarkinu, að girða fyrir uppblástur lands. Stjórnin annast betur skógmál þessa lands með því að setja skógarverði og kenna mönnum að fara með skógana, heldur en með því að gefa út ströng bannlög. Þetta frumv., eins og það kemur frá stjórninni, er líkara bannlögum, en lögum sem eiga að styðja skógarverði og skógræktarstjóra í starfi þeirra.

Hvað viðvíkur 1. gr., þá er það hlægilegt að banna mönnum að rífa upp feysknar birkirætur og banna að rífa víði í túnum. Það er þess vegna réttara og á betur við hugsunina, að það sé skotið inn: »án samþykkis skógarvarðar eða skógræktarstjóra«. Því að þá koma lögin heim við þá hugsun, sem liggur á bak við, að yfir höfuð sé bannað að rífa upp með rótum, en megi þó í einstaka tilfelli með vissum skilyrðum. Og eg get ekki séð, að þetta yrði erfitt í framkvæmdinni, þegar búið er að skipa svo og svo marga skógarverði. Auðvitað er mér það ekki kappsmál, að allar breyt.till. verði samþyktar, en þó tel eg breyt.till. á þgskj. 67 b. og c. alveg nauðsynlegar. Verði þær ekki samþyktar, álít eg það sjálfsagt, að lögin gangi of nærri eignarrétti manna.

Það hagar svo til á mörgum □ mílum, að fjalldrapi eyðileggur annan gróður og víðir tún eða engi; ef bannað er að rífa þetta upp, þá er gengið of nærri persónulegu frelsi og krenktur eignarréttur og umráð yfir landinu. Eg finn þess vegna enga ástæðu til að setja þessi hörðu orð inn í frumv., en aftur á móti gefa stjórn skógræktarmálanna leyfi til að banna rif, þar sem má komast hjá því.

Eg er samdóma háttv. þm. Ísf., að hér væri ástæða til að una við samþyktarlögin frá 1894 og 1895. En ef við viljum ekki una við þau, þá má ekki setja of ströng ákvæði, sem ekki er hægt að lifa undir. Málið í heild sinni snertir mest Þingeyjarsýslu allra héraða á landinu, og get eg því talað af kunnugleika. Viðvíkjandi breyt.till. við 7. gr. skiftir það litlu, hvort þær verða samþyktar eða ekki, en eg tel að það sé ekki ástæða til að ákveða neytt tímatakmark, og álít að breyt.till. b. við 7. gr. beri að samþykkja, því að þegar jörð er auð, er ekki ástæða til að banna beit í skóg, heldur á frekar að fara eftir því, hvort snjór er á jörð eða ekki, því hættan er að eins að skógar verði nauðbeittir, þegar snjór er á jörð og klaki. Ef 1. málsgr. er haldið, er hægt að nota sektarákvæðin, ef það sannast að skemdir hljótast af beit.

Lárus H. Bjarnason: Hæstv. ráðherra hefir í rauninni sagt það sem eg vildi sagt hafa, en úr því að eg hafði beðið mér hljóðs og er staðinn upp, vil eg þó sérstaklega vara háttv. þingdm. við að sleppa orðinu »einkum« úr 7. gr. Ef því er slept, breytir það ekki að eins greininni, heldur öllum lögunum. Það má þá beita skóga og kjarr hlífðarlaust að kalla má. Það má þá beita þá á öllum tíma árs, enda á vorin og þegar snjór liggur á lörð. Að eins á, þegar svo á stendur, að leitast við að gjöra sem minst að, og sér hver maður, að í því er ekkert aðhald. Það ríður svo mikið á orðinu »einkum«, að mér er sama um frumv., ef því er slept.

Annars álít eg allar breyt.till. nefndarinnar fremur til skemda en hitt. Og hvað viðvíkur breyt.till. háttv. 2. þm. G.-K., þá skil eg ekki hvers vegna seinni partur 7. gr. á að lifa ef fyrri partinum er slept. Það væri ekki ólíkt því að ætla manni að ganga, eftir að af honum hefðu verið teknir fæturnir.

Steingrímur Jónsson: Eg vil að eins gera stutta athugasemd. Eg hefi líka lesið greinina og sýnist frumv. hafi sitt fulla gildi þótt orðinu »einkum« sé slept. En áherzlan liggur þá þar sem hún á að liggja, nfl. að skógar og kjörr séu beitt sem minst, þegar snjór er á jörð og að vorinu.

Jens Pálsson: Eg verð að halda því fast fram, að 7. gr. sé alveg sjálfstæð grein, þótt ekki byrji hún fyr en eg legg til í minni breyt.till. Það sem hér skiftir máli er það, hvort skógar og kjörr eru skemd með beit. 1. málsgr. 7. gr. er engin undirstaða undir síðari parti greinarinnar; það sér hver maður, að síðari hlutinn, sem eg vil láta standa eftir, er alveg sjálfstætt lagaboð, samsvarandi tilgangi laga þessara. Fyrri hluti greinarinnar er aftur á móti kraftlaus og gagnslaus, og á því að falla burt.

Sigurður Stefánsson: Háttv. 4. kgk. þm. tók fram, að bann gegn því, að rífa fjalldrapa og víði, gengi of nærri eignarréttinum. En gangi lagabann í þessa átt of nærri eignarréttinum, þá gengur bann skógarræktarstjóra það líka. Mér virðist hér því ekki gott að samrýma ummæli hans. Annars vil eg helzt, að aldrei sé leyft að *rífa* lyng eða fjalldrapa; það má *skera* það eða höggva. En hitt er að eyðileggja jörð og veita banasár þeim bletti, sem rifinn er. Eg er samdóma háttv. 4. kgk. þm., að heppilegra væri að banna þetta með samþyktum. Í samþykt þeirri, sem sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir gjört, er algjörlega bannað að rífa fjalldrapa, og ef skógræktarstjóri leyfði að rífa fjalldrapa þar, þá mundi sýslunefndin kunna honum litla þökk fyrir.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil að eins benda háttv. 4. kgk. þm. á það, að það er allsendis ónógt, enda lítið sem ekkert aðhald í því, þó að lögin mæltust til að skógur væri ekki beittur um skör fram á »vorin«. Það orð er svo teygjanlegt. Er átt við almanaksvorið eða hvað, tímabilið frá jafndægrum til sumarmála, eða kanske til fardaga eða lengur. Það er sannarlega ekki til of mikils mælst, að eigendur og notendur jarða skuli »kosta kapps« um að beita skóg »sem minst, *einkum* þegar snjór liggur á jörð og að vorinu«. Um hitt ætla eg ekki að deila við háttv. 2. þm. G.-K., því að það er öllum ljóst, að seinni hluti 7. gr. á ekkert erindi út í lífið, ef fyrri hlutinn er feldur burt.

Steingrímur Jónsson: Út af orðum háttv. þm. Ísf. vil eg geta þess, að hann hermdi ekki alveg rétt orð mín. Hann sagði, að eg hefði sagt, að það gengi of nærri eignarréttinum, en eg sagði líka, að það gengi óþarflega nærri eignarréttinum. Þar sem má sýna fram á að skógur getur vaxið, ef ekki er rifið, þá gengur það ekki of nærri eignarréttinum að banna rif. Orð mín geta stuðst við fullkomin rök. Ef lögin eru samþykt eins og þau liggja fyrir, þá eru þau miklu nær því að vera pappírsgagn, eins og samþ.-lögin frá 1894. Eg sé ekki að orðið »einkum« spilli þó að það standi, en heldur ekki hitt að það bæti.

Kristinn Daníelsson: Háttv. 5. kgk. þm. lét á sér skilja, að nefndin hafi komið fram með beyt.till. á þgskj. 67 fremur til samkomulags við háttv. 4. kgk. þm. heldur en af hinu, að hún áliti þær vera eiginlega til bóta. Þetta

er ekki rétt, því að nefndin áleit einmitt að breytingarnar mundu verða til bóta á frumvarpinu. — Eg hefi altaf þózt vita, að það mundi verða mjög erfitt að gera lögin svo úr garði, að þeim yrði fylgt út í æsar, t. d. að því er snertir lyng- og mosarif o. fl. Og stefna nefndarinnar var strax sú, að taka tillit til þessa, og að hafa lögin ekki alt of hörð, því að það gæti einmitt orðið til þess, að þeim yrði síður hlýtt en ella, og kæmu þar af leiðandi að minna gagni. Það vill oft verða svo, að mjög hörð og »kategorisk« ákvæði laga leiða til óhlýðni, og gera þannig þvert á móti því að ná tilgangi sínum. — En breytingartillögur nefndarinnar ganga allar í þá átt, að draga nokkuð úr stangleika laganna. Held eg að þau mundu þá koma að betra gagni, sem stuðningslög fyrir skógræktina, heldur en ef ákvæði laganna væru höfð svo ströng, að almenningi þætti óþolandi. Eg verð því að halda fast við breytingartillögur nefndarinnar, og vona að deildin láti þær ná fram að ganga.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg hefði getað fallist á breytingartillögur nefndarinnar, *ef* þeir háttv. þingmenn, sem mælt hafa með þeim, hefðu getað sýnt fram á það, að lögin séu of ströng án breytinganna. En lögin verða einmitt alls ekki ströng, þó að engar breytingar verði gerðar á frumvarpinu. Þar er ekki gert annað en banna að fara gálauslega með gróður landsins. Það dugar ekki að hafa lögin svo óákveðin, að alla vega megi brjóta þau, án þess að það komi að sök, en þannig verða þau, ef breytingartillögurnar verða samþyktar. Þá mætti rífa fjalldrapa og viði svo mikið sem hver vill, alstaðar á landinu, nema þar sem skógræktarstjóri bannar að rífa. En skógræktarstjóri getur ekki verið alstaðar, og þar sem hann kæmi ekki, gætu menn haldið áfram að eyða landið í fullri lagaheimild. Friðuðu blettirnir mundu verða æði fáir, og yfir höfuð væri landið jafn opið fyrir rifi eftir sem áður, alstaðar nema á þeim fáu blettum, þar sem skógræktarstjóri kæmi. Í stuttu máli, lögin kæmu ekki að neinu gagni nema á pappírnum, og yrðu því nær alveg þýðingarlaus. Auðvitað geng eg að því vísu, að ákvæðum laganna verði ekki fullkomlega hlýtt, þó að breytingartillögurnar verði ekki samþyktar, en þá er þó sá munurinn, að hver sem vill, hefir meðal í höndum til þess að koma þeim í ábyrgð, sem stórskemma landið með rifi, og mundu lögin þannig koma að gagni, *ef* frumvarpið verður samþykt óbreytt.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg tók það fram áðan, að breytingartillögurnar eru fram komnar mest vegna ýmsra radda, sem nefndinni hafa borist til eyrna frá deildarmönnum. Breytingartillögurnar eru gerðar aðallega til samkomulags, því að nefndin er einhuga á því, að lögin séu nytsöm, og að því verði að forðast það, sem geti orðið þeim að falli. Annars er það persónulegt álit mitt, að breytingartillögurnar dragi úr því, að tilgangur laganna náist að öllu, þótt eg mæli með þeim til samkomulags. — Það má vel vera, að hrís og viðir teygist sumstaðar inn á tún og engjar, svo að skaði sé að, en það mun þó vera fremur fátítt. — Eg hallast eindregið að þeirri skoðun, að það sé skaðlegt að rífa upp slíkar plöntur, sem hér er um að ræða. Og eg vil jafnvel bæta því við, að það er líka skaðlegt fyrir gróður þeirra, að slá þær eða höggva; það dregur úr vexti þeirra og þroska. En nefndin sá sér þó alls ekki fært að mæla með því, að nokkur takmörkun verði gerð á rétti manna til að slá og höggva slíkar plöntur. Það er yfirleitt álitamál, hverja leiðina skal fara, þá vægari eða þá stangari. Per-

sónulega væri eg ánægðari með, að ákvæðin væru höfð ströng, en um fram alt er áríðandi, að þeim verði *hlýtt*.

ATKV.GR.:

Breyt.till. frá nefndinni (67) við 1. gr.:
a. liðurinn feldur með 8 atkv. gegn 5,
b. — — — 8 — — 5.
c. — — — 9 — — 4.
d. — sjálf-fallinn.

Breyt.till. (75) við 7. gr. feld með 12 atkv. gegn 1.

Breyt.till. frá nefndinni (67) við 7. gr.:
a. liðurinn feldur með 8 atkv. gegn 5,
b. liðurinn samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 12 samhlj. atkv., og sendist forseta Nd.

Ein umræða; 23. apríl. (A. 504; 536).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eins og háttv. deildarmenn sjá á framhaldsnefndarálitinu á þingskj. 536, hefir frumv. tekið þó nokkrum breytingum í Nd. Þessar breytingar eru þó að nokkru leyti að eins orðabreytingar; en þrjár efnisbreytingar eru aðallega orðnar á frumv., í fyrsta lagi sú, að inn í lögin er sett ákvæði sem ekki fyrirbyggir með öllu að fjalldrapi sé rifinn. Það eru með öðrum orðum tekin upp ákvæði, sem voru til umræðu og atkvæðagreiðslu hér í deildinni við 3. umræðu málsins, og þá var feld, en sem nefndin þó hafði mælt með, sökum þess að hún bjóst við því, sem nú er fram komið, nfl. að Nd. myndi samþykkja að hafa lögin ekki strangari enn svo, að gjört væri ráð fyrir að skógræktarstjóri eða skógarverðir gætu bannað að rifa fjalldrapa. Eg get sagt það, að frá mínu sjónarmiði ætti að banna alt rif, af því að eg álít það í raun og veru alveg rangt og skaðlegt, að rífa og tæta landið upp, því það gerir ekkert annað en flýta fyrir uppblæstri og eyðileggingu. En eigi að síður félst nefndin á að setja sig ekki upp á móti þessari breytingu, bæði af því, að mestur hluti hennar áleit ákvæðið fremur til bóta á frumvarpinu en skaða, og svo þykist nefndin hafa fulla ástæðu til að vona að skógræktarstjóri muni beita neitunarvaldi sínu, til þess að sjá svo um að hvergi sé rifið þar, sem það getur valdið skemdum.

Önnur breytingartillagan, sem telja má efnisbreytingu, er við 3. gr. og er þess efnis, að svæði það sem nothafi skógs er skyldur að höggva er fært niður úr 200 í 100 faðma. Þessa breytingu má telja litlu varðandi, og hefir nefndin því aðhylst hana.

3. breytingin er sú, að þar sem í 5. gr. frumv., eins og það fór héðan, var ákveðið að taka mætti til friðunar 6000 ferfaðma land, þá hefir Nd. breytt þessu í 10 dagsláttur. Um þetta aukna svæði er hið sama að segja frá hálfu nefndarinnar og hinar fyrri breytingar, að hún hefir aðhylst þær.

Að öðru leyti eru, eins og eg tók fram, breytingar Nd. að eins orðabreytingar, sem ekki raska efni frumv., og nefndin játar að á stöku stað sé bætt orðalagið á frumv. Og í heild sinni get eg lýst yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að hún leggur til að hin háttv. deild samþykki frumv. eins og það nú liggur fyrir.

Sigurður Stefánsson: Breytingar þær, sem Nd. hefir gert á frumv., eru þess efnis, að eg fyrir mitt leyti get ónögulega fallist á þær, og þær breyta frumv. svo að mínu áliti, að eg vil heldur að það falli, en verði að lögum í þessari mynd. Það var mikið um það rætt hér í deildinni við hina fyrri meðferð málsins, að það væri í rauninni lítil friðun á skógum, birki og kjarri, þó ekki mætti rífa nema með leyfi skógræktarstjóra, af því að um slíkt leyfi getur ekki verið að ræða nema á fáum stöðum, þar sem skógræktarstjóri þekkir sjálfur til, en alstaðar annarstaðar geta menn auðvitað rifið. Mér er t. d. kunnugt að

víða við Ísafjarðardjúp var áður fjalldrapavafið, en er nú orðið autt og bert af því, að alt hefir verið rifið upp. Og svo er það sjálfsagt víða, vegna þess að skógræktarstjóri getur ekki komið nema á fáa staði og sagt til hvort rífa megi eða ekki Eg hefði kosið að skýlaust bann hefði verið lagt á alt rif, og mér blandast ekki hugur um að eins og frv. nú er orðið, er engin réttarbót í því; heldur er þvert á móti, það er nærri því að það löghelgi enn betur rif á gróðri landsins, því menn geta altaf sagt sem svo, að skógræktarstjóri hafi ekki bannað þeim að rífa, og svo rifið eftir geðþótta sínum. En með þessu frumv. hefði eg viljað finna ráð til þess, að landið væri ekki eins miskunnarlaust afklætt, eins og gert hefir verið. En eftir frumv., eins og það er nú, er nærri ætlið innan handar að rífa eins og hverjum þóknast og eyðileggja þannig gróður landsins. Eg er því algjörlega á móti frumvarpinu í þessari mynd.

Steingrímur Jónsson: Breytingar þær, sem Nd. hefir gjört á þessu frv., eru þannig lagaðar, að eg finn ástæðu til að vera henni þakklátur fyrir meðferð málsins; enda hefir hún samþykt samskonar breytingartillögur og eg hélt fram hér í deildinni áður við hina fyrri meðferð málsins. Eins og frumv. er nú orðið, álít eg það sanngjarnt, og í því er farið eftir þeim þörfum, sem eru á að greiða fyrir og efla skógrækt í landinu. En hefði það náð fram að ganga eins og það fór héðan úr deildinni, þá hefði það ekki verið mikið annað en pappírsgagn. Eg get því með ánægju greitt frumvarpinu þannig löguðu atkvæði mitt.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg get ekki verið samdóma háttv. þm. Ísafjarðar um það, að frumv. sé þýðingarlaust, þó á því séu gerðar þær breytingar, sem Nd. hefir gert. Í 1. gr. er þó bannað með öllu að rífa beitilyng, sortulyng, krækjuberjalyng o. s. frv. nema með samþykki skógræktarstjóra. Þetta samþykki skógræktarstjóra hefir eftir minni meiningu þá þýðingu, að hvergi muni verða leyft að rífa, nema þar sem það getur engum skemdum valdið. Og þó alstaðar megi rífa fjalldrapa og víði *nema* þar sem skógræktarstjóri bannar, þá er þó sannarlega mikil bót að því, vegna þess, að hann mun telja sér skylt að nota þessa bannheimild *sem mest*, nota hana alstaðar þar, sem honum þykir nokkrar ástæður mæla með því. En þó öll ákvæði frumv. séu ekki eins ströng og sumir hefðu óskað, þá álít eg þó að frumv. eigi skilið að ná samþykki deildarinnar.

Jens Pálsson: Eg er eins og sá sem síðast settist, að eg get ekki verið sammála háttv. Ísf. um það, að lög þessi séu gagnslaus fyrir þá breytingu sem lagt er til að gjörð sé við 1. gr. Eg get ekki annað séð, en þau verði til fullra nota fyrir þá menn, sem yfir landi hafa að ráða, til þess að þeir geti haldið því friðuðu. Það hefir sumstaðar, einkum í nánd við sjóþorp og kauptún, reynst örðugt þeim, er yfir lynglöndum áttu að ráða, að verjast því að á þau væri gengið með víðis- fjalldrapa- og lyngrifi. En það er til bóta, að þeir menn, sem eiga slík lönd, geti skrifað skógræktarstjóra og tjáð honum hvernig á stendur, og fengið forboð hans gegn slíku háttalagi og birt það. Mundi þeim, er landið vildu friða, góð stoð í slíku lögheimiluðu banni. Eg efast um að gagnið þurfi að vera minna af þessu ákvæði, en almennu banni, því þó í almennum lögum lægi bann yfir öllu landinu um þetta, þá væri slíkt bann ekki eins áhrifamikið, og þegar um sérstök svæði er að ræða, þar sem banni er sérstaklega framfylgt. Þess vegna er eg með frumv. eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. með 10:2 atkv., og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Námulög.

FRUMVARP til námulaga; (A. 337); 1. umræða; 29. marz.

Kristinn Daníelsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði kosin í málið, þá er umræðunni er lokið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Samþykt í einu hljóði að kjósa 3 manna nefnd.

Í nefndina kosnir:

Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Steingrímur Jónsson.

Önnur umræða; 24. apríl; (A. 337, 549).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eg vona að hinn háttvmeiri hluti fari ekki eins með þetta mál og næsta mál á undan, að hann geri það að flokksmáli og drepi það skilmálalaust.

Frumv. þetta er hingað komið frá háttv. Nd. og er að mestu samhljóða að efni hinum gildandi námulögum frá 22. nóv. 1907; breytingarnar eru hvorki margar né stórvægilegar. Nýja frumv. er bygt á sömu meginreglum sem gildandi námulög, *að* það skuli aðeins gefa lög um námur á opinberum eignum og landsjóðseignum og kirkjueignum, og *að* gera það sem auðveldast að nota námur. Frumvarpið er aðallega í 2 atriðum frábrugðið námulögunum frá 22. nóv. 1907. Önnur aðalbreytingin er sú, að þar sem námulögin frá 22. nóv. 1907 gáfu námueiganda rétt til »fimtungs reksturs«, fer þetta frumv. fram á, að í þess stað komi skattur, er sé 50 kr. til jarðareiganda og 10 kr. til ábúanda á ári hverju, fyrir hvern námuteig.

Hin aðalbreytingin er, að frestirnir eru lengdir nokkuð og gerðir ákveðnari.

Eftir lögunum frá 11. nóv. 1907 mátti veita frest eftir rökstuddri beiðni, en þó ekki nema rúmlega 1 ár í senn.

Eftir frumv. þessu fer lengd frestsins eftir því, hve langt náman liggur frá sjó.

Báðar þessar breytingar telur nefndin til bóta og felst því á þær. En auk þeirra er enn ein stór breyting á frv., og hún er sú, að námuteigur er stækkaður úr 10000 □ metrum upp í 100000 □ metra. Nefndin gat fallist á að hér á landi væri 10000 □ metrar of lítið, enda byggist þessi breyting mest á erindi frá formanni Námufélags Íslands, er færir glögg rök að þessari beiðni sinni. En auk þessa gerir frv. ráð fyrir að námurekandi geti ráðið, án þess honum sé nokkur takmörk sett í því efni, hvernig teigurinn er í laginu. Á þetta getur nefndin ekki fallist. Stækkunina telur hún réttmæta, en hins vegar vill hún, að því er lögunina snertir, að svo sé ákveðið, að teigurinn megi aldrei vera minna en 100 metrar á breidd, og getur hann þá í mesta lagi orðið 1000 metrar á lengd. Nefndin játar að vísu, að það hefir ekki mikla praktiska þýðingu, hvort þessi breytingartillaga verður samþykt eða ekki, en henni fanst þó réttara, að einhver takmörk væru sett, að því er lögun teiganna snertir, sérstaklega þegar þess er gætt að finnandi getur átt tilkall til 2 teiga, og gæti hann þá t. d. haft þá 20 metra á breidd og 10000 metra — eða töluvert á aðra mílu — á lengd, en nái tillaga nefndarinnar samþykki, geta báðir teigarnir til samans

þó aldrei orðið nema 2000 metrar á lengd.

Eftir námulögunum frá 1907, má ekki án leyfis jarðarábúanda leita að málmi í túnum eða öðru ræktuðu landi, eða rétt hjá húsum eða öðrum mannvirkjum, nema með samþykki ábúanda. Þessu er breytt í frumv., en nefndin vill að á slíkum stöðum sé málmleit algerlega bönnuð, nema með samþykki ábúanda, og kemur með breytingartillögu í því efni. Þetta hefir heldur ekki mikla praktíska þýðingu, en nefndin taldi þó réttara að tryggja ábúendum að slíkur gröftur færi ekki fram að þeim nauðugum.

Breytingartillagan við 17. gr. miðar að því einu, að gera greinina skýrari, að taka það fram, að það væri að eins fyrir það svæði, sem hús standa á, er ætti að greiða 5 aura gjald af hverjum ferhyrnings metra, enda væri gjaldið alt of hátt, ef það tæki líka til óbygðs svæðis.

Að lokum skal eg geta þess, að nefndin hefir borið sig saman við aðal flutningsmann málsins í Nd., og hefir hann fallist á breytingartillögur hennar, enda myndu þær ekki verða málinu neinn þrándur í götu í Nd. Vona eg því, að bæði breytingartillögurnar og frumv. í heild sinni verði samþykt af þessari háttv. deild, enda hefir mál þetta verið vel og rækilega undirbúið, og er það meira en sagt verður um flest þau mál, er þetta þing hefir til meðferðar.

Gunnar Ólafsson: Það voru aðeins örfá orð, sem eg vildi sagt hafa. Mér sýnast breytingartillögur nefndarinnar svo lítilfjörlegar og til svo lítilla bóta, að eg kysi helzt að þær væru feldar. Eg álít það meiningarlaust, að vera að láta málið fyrir þá smámuni hröklast á milli deildanna. Í sumum atriðum ræður nefndin til breytinga á frumvarpinu, sem að mínum dómi skemma frv., t. d. þar sem hún vill fella burt úr 3. gr. »með öðrum áhöldum en hökum og skóflum«, enda færir hún enga ástæðu fyrir þeirri breytingu. Það er hugsanlegt að við slíkan gröft þyrfti að nota sprengiefni, og tel eg þá heppilegra, að til þess þyrfti samþykki ábúanda. Þá getur það og verið óþægilegt, að vera, að því er breidd námuteigsins snertir, bundinn við 100 metra sem lágmark. Háttv. framsögum. færði þá ástæðu fyrir þeirri tillögu, að þar sem námurekandi ætti tilkall til tveggja teiga, yrði spildan óhæfilega löng, ef mjórri væri en en 100 metrar, en eg sé ekkert á móti því, þótt teigurinn yrði lengri en 2000 metrar, þætti það hentara. Viðvíkjandi gjaldinu skal eg geta þess, að breytingin mun að minsta kosti ekki vera heppileg fyrir jarðeigendur; að öðru leyti er 17. gr. nógu ljós, og þarf ekki af þeim ástæðum breytinga við.

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Eg skil ekki háttv. þm. V.-Sk., nema svo sé, að hann hafi ekki kynt sér frumvarpið. Í frumvarpinu er bannað að leita að málmi í túni eða ræktuðu landi, nema með hökum, skóflum eða öðrum því líkum áhöldum, en breytingartillaga nefndarinnar gengur í þá átt, að banna slíkan gröft með öllu, nema ábúandi samþykki. Viðvíkjandi breytingartillögunni við 13. gr., tók eg það fram í framsögu minni, að ákvæðið er óþarflega rúmt nú. Eg sé enga ástæðu til að námurekandi sé alveg einráður um það, hverja lögun teigurinn fær, geti t. d. haft hann 10000 metra á lengd. Eg veit ekki betur, en að síður sé erlendis að setja ákvæði um lögun teigsins; t. d. í Klondyke hafa allir teigar sömu ákveðna breidd, en lengdin getur verið mismunandi. Breytingartillagan við 17. gr. miðar að því að gera grein-

ina skýrari, eins og eg áður hefi getið um, en annars verður það atriði að vera samningsmál milli jarðareiganda og námurekanda. — Þá skal eg víkja lítillega að 13. gr. Nefndin skildi hana þannig, að ákvæðið um stærðina — 100,000 □ metrar — næði til allra teiga, en nú hefir mér verið bent á, að hægt væri að skilja hana á þann veg, að stærðarákvæðið tæki að eins til þeirra teiga, þar sem málmurinn liggur í lögum, en væri hann í æð, mætti hafa teiginn svo stóran, sem hlutaðeigandi óskaði. En það er auðvitað ekki meiningin, og verður því að breyta greininni við 3. umr., sé hægt að skilja hana á þann veg. Breytingartillögur nefndarinnar tel eg til svo mikilla bóta, sérstaklega að því er snertir ákvæði 13. gr., að verði þær feldar, tel eg frv. engu betra en lögin frá 1907, og væri því réttast að fella það, næðu breytingarnar ekki fram að ganga.

Skal eg svo ekki fara um þetta frekari orðum að sinni, en að eins geta þess, að nefndin mun taka 13. gr. til íhugunar áður en málið kemur til 3. umr. hér í deildinni.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
2. — — — 11 — —
1. br.till. (549) við 3. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.

3. gr. breytt samþ. með 11 samhlj. atkv.

4., 5., 6., 7., 8., 9., 10., 11. og 12. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

2. br.till. við 13. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.

13. gr. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

14., 15. og 16. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. br.till. við 17. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.

17. gr. breytt samþ. með 10 atkv.

18., 19., 20., 21., 22., 23., 24., 25., 26., 27., 28., 29., 30., 31., 32., 33. og 34. gr. allar samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkv.gr.

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða, 27. apríl (A 613, 633).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Sú breyt.till., sem nefndin hefir leyft sér að koma með við þessa umr., er að eins gerð í þeim tilgangi, að skýra 13. gr. frv. Nefndinni var bent á þetta við 2. umr., og ef sá skilningur er réttur, þá er sjálfsagt að breyta. Nú hefir nefndin fallist á það. Nefndin vonar, að orðalag og mál á frv. sé nú orðið svo gott, að háttv. deild geti samþykt það.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (633) samþ. með 11 samhlj. atkv.

Frv. samþ. í e. hlj. og sendist aftur forseta Nd.

Aðflutningsbann.

FRUMVARP til laga um aðflutningsbann á áfengi (A 482); 1. umr.; 20. apríl.

Sigurður Hjörleifsson: Það er sennilega of lítið sagt, að segja um þetta mál, að það hafi fengið einna beztan undirbúning þeirra mála, sem komið hafa fram fyrir alþingi; því að eg er sannfærður um, að aldrei hefir mál legið betur undirbúið fyrir þinginu. Þetta mál hefir verið á dagskrá þjóðarinnar í marga áratugi, — ekki eingöngu á dagskrá hjá kjósendum, heldur hjá allri þjóðinni.

Ætti að telja upp allar þær ástæður, sem bornar hafa verið fram með og móti þessu máli, þá er eg viss um að

sá tími, sem eftir er þingsins, mundi ekki endast til þess.

Eins og kunnugt er, er þetta eina málið, sem hefir verið borið undir atkvæði þjóðarinnar — lagt undir dóm hennar. Og allir vita hvernig fór. Þjóðin hefir kveðið upp sinn dóm, og nú er það hlutverk löggjafarvaldsins að fullnægja dóminum.

Eg skal ekki fara að rekja það nú við þessa umr., hvílíkt stórkostlegt fjármál hér sé um að ræða, enda er þjóðin orðin sannfærð um það atriði; en þjóðin er líka orðin sannfærð um hitt, að hér sé að ræða um stærsta heilbrigðis- og siðferðismál sitt, sem ekki er að eins rétt að taka tillit til, heldur líka skylda.

Eg skal svo ekki fara neitt út í sérstakar greinar frumvarpsins, en að eins leyfa mér að benda á, að eg álít óþarft að skipa nefnd í þetta mál. Eg lít svo á, að réttast sé að taka málið eins og það liggur fyrir. Auðvitað má gera á því smábreytingar, því sé farið að breyta því til muna, er mjög óvíst að það komist frá þessu þingi.

Eg vona því að háttv. deild láti málið fara til 2. umr. án nefndarkosningar, og sýni frv. að öðru leyti velvild sína.

Júlíus Havsteen: Mig furðaði satt að segja stórlega á orðum háttv. þm. Ak. þegar hann talaði um góðan undirbúning á þessu máli. Það reis upp í Nd. á þingi 1905 áskorun til stjórnarinnar um að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um þetta mál, en Ed. hafði ekkert með það að gera. Eg get álasað stjórninni fyrir það, að hún skyldi hlaupa beint til og láta atkvæðagreiðsluna fara fram, án þess að Ed. væri spurð, og það hefði mátt gera á þingi 1907. Þar að auki hafa Good-Templarar ekki fengið þann atkvæðafjölda, sem ætlast var til ($^2/_3$), og sum héruð hafa beinlínis verið á móti henni.

Annars er þetta frv. alveg fult af göllum. Eg skal að eins benda á ákvæðið um altarissakramentið. Þar er beinlínis verið að breyta trúarbrögðunum, því að »saft« verður aldrei vín, hvað sem biskup segir. En aftur á móti er kaþólskum prestum leyft að nota vín í sínum embættisverkum.

Eftir þessu frv. eru menn líka settir beint undir lögregluefirlit, og kalla eg það lítið frelsi. Ef ekki er ástæða að setja nefnd í þetta mál, þá er aldrei ástæða til þess. Eg skal þess vegna leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni umræðu.

Sigurður Hjörleifsson: Það gleður mig, að háttv. 1. kgk. þm. hafði ekki fleira að athuga við frv. Vitanlega er ekki hægt að gera lög svo úr garði að öllum líki, en vér vonum þó, að þau verði öllum til blessunar.

Hvað snertir ákvæðið um altarissakramentið, þá skal eg skýra háttv. deild frá, að þessi orð eru sett inn í frv. og orðuð í samkomulagi við biskup landsins. Eg vil auðvitað taka tillit til orða háttv. 1. kgk. þm. um þetta mál, en eg vil þó enn þá fremur taka tillit til æðsta manns kirkjunnar. Því hann hefir þó sennilega athugað þetta atriði betur en háttv. 1. kgk. þm., enda þykir mér það fullmikið sagt af honum, að verið sé að breyta trúarbrögðunum með þessu. Á hinn bóginn er líka farið eftir tillögum kaþólskra presta í frv., sem telja sér nauðsyn á víni til sakramentis síns.

Steingrímur Jónsson: Að mínu áliti er þetta mál eitt hið allra merkilegasta mál, sem nokkurn tíma hefir komið fyrir alþingi. Það má jafna því við stjórnarskrármálið og önnur stærstu mál þjóðarinnar. Því varð eg alveg forviða, þegar eg heyrði að það var ætlast til að það gengi gegnum deildina án þess að það væri sett í nefnd. En eg vona, að háttv. deild láti það ekki

við gangast. Það hefir alt af verið álitið eitt hið þýðingarmesta atriði í framþróunarsögu hverrar þjóðar, hvar takmörkin hafa verið sett á milli löggjafarinnar annars vegar og persónulegs frelsis einstaklingsins hins vegar. Hafi löggjöfin gengið of nærri frelsi einstaklinganna, hefir það alt af haft í för með sér afturför og bölvun fyrir þjóðfélagið.

Hvað sem annars verður sagt um þetta frumvarp, þá er það víst, að þar ræðir einmitt um þessi takmörk, sem eg gat um. Og eg get bætt því við, að þetta frumvarp gengur nær frelsi einstaklinganna en nokkurt annað frv., sem fram hefir komið á löggjafarþingi þjóðarinnar. Eg tek það afdráttarlaust fram, að eg óttast það, að þetta frumvarp verði til stórtjóns og bölvunar fyrir þjóðina, ef það verður að lögum óbreytt. Því vil eg styðja tillögu háttv. 1. kgk. þm., að setja nefnd í málið.

Lárus H. Bjarnason: Það er satt, að þetta mál hefir fengið töluvert góðan undirbúning. En það er svo með þetta mál sem önnur, að það má líta á það frá tveim hliðum, en undirbúningurinn hefir óneitanlega verið nokkuð einhliða. Auðvitað er það eins mikið að kenna andstæðingum málsins, eins og þeim, sem barist hafa fyrir því. Þeir hafa haft tíma og tækifæri til að láta heyra til sín, en hafa ekki gert það neitt sviplíkt.

Málið snýst ekki að eins um það, *hvort* áfengi skuli leyft í landinu eða ekki. Það snýst líka um hitt, á *hvern hátt* eigi að koma fram þeirri hugsjón, að forða mönnum frá skaðsemi áfengisins. Eg er hlyntur hugsun frumvarpsins. En eg er ekki við því búinn, að greiða atkvæði með frumvarpinu eða móti því, eins og það nú er. Þar kemur margt til athugunar. Það snertir bæði persónulegt frelsi manna og atvinnufrelsi. Og það snertir líka fjárhag landsjóðs bæði beint og óbeint. Beint að því leyti, sem það tekur stærsta spóninn úr aski landsjóðs, og óbeint að því leyti sem þeir menn, er vínsöluleyfi hafa, mundu ef til vill hafa skaðabótakröfu á hendur landsjóði fyrir atvinnumissi. Þegar litið er á alt þetta, sýnist full ástæða til að athuga málið í nefnd áður en því verður ráðið til lykta. Meðferð málsins í neðri deild gefur og enn frekari ástæðu til þess. Þar kom fram fjöldi af breytingartillögum og voru mjög skiftar skoðanir manna á málinu.

Sem vinur málsins vil eg leggja það til, að það verði sett í nefnd. Enda sé eg ekkert því til fyrirstöðu. Hæstv. ráðherra gat þess að vísu, að hann óskaði að þinginu yrði flýtt. En hann gat þess jafnframt, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að þingtíminn yrði lengdur til mánaðamóta. Og hann gat þess ennfremur, að hann hefði vald til að framlengja hann enn meir upp á sitt eindæmi, ef þurfa þætti. Eg skal líka geta þess, að þó ekki væri þetta mál, þyrfti sjálfsagt að lengja þingið talsvert alt að einu, vegna annara mála. Það er t. d. nýbúið að útbýta tveimur stórum frumvörpum, sem hljóta að taka langan tíma.

Eg fer ekki fleiri orðum um þetta, en lýsi því yfir, að eg, sem hlyntur málinu, mæli með 5 manna nefnd.

Kristinn Daníelsson: Eg ætla að eins að víkja nokkrum orðum að því atriði, hvort skipa skuli nefnd í málið. Það atriði þarf að útkljá fyrst.

Háttv. 4. kgk. þm. talaði um að þetta væri merkilegt mál. Það tek eg fyllilega undir. Það er sannarlega eitt hið allramerkilegasta mál, sem komið hefir nokkurn tíma fyrir alþingi. Og eg get bætt því við, að það er *of* merkilegt mál til þess, að nokkuð megi gera, sem heft gæti framgang þess á þessu þingi,

því það er krafa þjóðarinnar að það gangi fram. Því get eg ekki annað en verið á móti því að skipa nefnd í málið, því það gæti vel stofnað því í þann háska, að það dagaði uppi á þinginu. Enda er undirbúningur málsins á þinginu sannarlega svo mikill og góður, að það ætti ekki að vera nein þörf nefndar í málið hér. Það hefir engu máli á þessu þingi verið fylgt með jafnmikilli eftirtekt bæði af þingmönnum og öðrum. Eg þori því að fullyrða, að háttv. þingmenn þessarar deildar hljóti að vera svo vel kunnugir málinu, að þeim er innan handar að koma með breytingartillögur, ef þeir óska þess. Mér er líka kunnugt um það, að málið hefir verið borið undir einn þeirra deildarmanna, er mundu verða kosnir í þessa nefnd, meðan málið var til meðferðar í neðri deild, svo að hann getur ekki verið málinu ókunnugur.

Af þessum ástæðum sýnist mér engin þörf að setja málið í nefnd, og þar sem það á hina hliðina getur verið málinu hættulegt, þá verð eg að leggja eindregið á móti nefndarskipun.

Júlíus Havsteen: Eg ætla að eins að gera athugasemd við ræðu háttv. þm. Ak., að því er snertir altarisgöngur. Hann lagði áherzlu á, að biskup landsins hlyti að vita miklu betur en eg um það atriði. Það getur vel verið, að hann ætti að vita betur. En því meiri furða er, að hann skuli ekki vita það sem hvert fermt barn á landinu veit, að vín heyrir altarissakramentinu til. »Síðan tók hann vínið«, stendur þar.

Háttv. þm. V.-Ísf. kvað óþarfa að setja málið í nefnd, af því að það hafi verið rætt vel í neðri deild. Þetta þykir mér harla merkileg ástæða. Eg veit ekki betur en við höfum nóg að gera hér í deildinni, og höfum ekki tíma til að hanga inni í neðri deild, til þess að fylgjast með umræðum þar.

Það er vanalegt að stórmál séu rædd í nefnd, og það er ekkert sem gæti réttlætt, að bregða út af þeim vana um þetta mál. Því verð eg að halda fast fram.

ATKV.GR.:

Samþ. með 11:2 atkv. að vísa málinu til 2. umr.

Felt með 7:6 atkv. að skipa nefnd í málið að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

Önnur umræða, 23. apríl (A 482, 590, 595).

Lárus H. Bjarnason: Það var farið fram á það við 1. umræðu þessa máls, að nefnd væri sett í það, en sú tillaga var feld, og vona eg að það hafi verið gert af misskilningi. En nú eru komnar fram margar og miklar breytingartillögur, og vona eg því fastlega að nefnd verði skipuð, og það því fremur, sem mér er sagt, að meiri hlutinn hér í deildinni hafi unnið að þessu máli ásamt meiri hlutanum í neðri deild, án þess minni hlutanum hafi verið gefinn kostur á að eiga þar nokkurn hlut að máli. Eg hafði gert mér töluvert far um að geta unnið að breytingartillögum með háttv. þm. Strandamanna, en það fórst fyrir eigi að síður. Hafði eg ætlað mér að bera fram 25 breyt.-tillögur, sem flestar eru reyndar annaðhvort smá efnisbreytingar eða orðabreytingar, en mundu þó gera frumv. stórum aðgengilegra og gleggra en það er nú. Býst eg við að geta gefið frv. atkvæði mitt, verði því breytt á þann hátt, er eg fer fram á. Vona eg því

að nefnd verði sett nú og annari umr. frestað, eða að minsta kosti að hún verði skipuð þá er málinu hefir verið vísað til 3. umræðu. En þar sem hin væntanlega nefnd mun hafa nauman tíma, vildi eg drepa örlítið á breyt.till. minar. Fyrst skal eg þó láta þess getið, að eg tel slík bannlög alls ekki nauðsynleg. Drykkjuskapur fer stöðugt minkandi hér á landi. 1847 kom í fyrsta sinni fram uppástunga um það á alþingi, að banna innflutning áfengis, en hún var feld með öllum atkvæðum; sjálfur flutningsmaðurinn greiddi atkv. gegn henni, og þó var ofdrykkjan miklu almennari þá en hún er nú. Bannlög geta heldur ekki bætt siðferðið, því að siðferðið batnar ekki við að taka frá manni freistinguna, heldur við að styrkja viljann svo, að hann geti staðið á móti henni. En eigi að síður get eg verið með bannlögum, og kemur það af því, að við atkvæðagreiðsluna í haust tjáði meiri hluti kjósenda sig bannlögum fylgjandi, og meiri hlutinn á að ráða í þessu máli sem öðrum. Og svo er því þannig varið með þetta mál, sem önnur mál, er vér ráðum einir yfir, að það er hægurinn hjá að nema lögin úr gildi og setja brennivínstunnuna á stokkana aftur, gefist lögin illa. Að svo mæltu skal eg víkja að breyt.till. minum.

Í 1. gr. kann eg ekki við að kalla duft og kökur, er sundur má leysa í vökva, »áfengan drykk«, en hins vegar vil eg að svo sé fyrir mælt, að með slíkt skuli fara sem áfengan drykk.

2. gr. heimilar smáskamtalæknum að flytja inn vínanda frá útlöndum til lyfjablöndunar. Þessu er eg algerlega mótfallinn, því að slík undanþága myndi verða til þess að draga mjög úr gagni laganna. Langi einhvern í sopann, þá er ekkert annað en að verða skottulæknir, því að þá getur hann flutt inn eins mikið vín og hann lystir.

Í 4. gr. er mælt svo fyrir, að umsjónarmaður áfengiskaupa skuli, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið, en það vantar ákvæði um, hvað umsjónarmanni beri að gera, sé sendingin önnur eða meiri. Fyrir því legg eg til, að inn í 4. gr. sé skotið svo hljóðandi ákvæði: »Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beðið, og skal umsjónarmaður þá endursenda það sendanda tafarlaust, annaðhvort alt, ef annað er en um var beðið, eða það sem um fram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi«. Þá segir enn fremur í 4. gr., að hirði sá ekki áfengið, er pantað hefir, áður en hinn lögboðni frestur er útrunninn, og láti heldur ekki í ljósi ósk um að áfengið á hans kostnað sé endursent seljanda, þá skuli áfengið ásamt umbúðum gert upptækt og andvirðið rennur í landsjóð. En hvað þýðir það að gera upptækt? Það þýðir það, að landsjóður skuli kasta eign sinni á áfengið og selja það á opinberu uppboði, — en sé það fyrir hönd landsjóðs selt á opinberu uppboði, þá mega líka þeir sem kaupa það drekka það. En það getur ekki hafa verið meining bannmannanna, heldur hlýtur það að vera af athugaleysi, að ákvæðið er þannig orðað, og þess vegna legg eg til, að því verði breytt þannig, að áfenginu sé helt niður, eða landsjóði heimilað að gera sér mat úr því án þess að selja það til drykkjar, en ílátin sé gerð upptæk og andvirði þeirra látið renna í landsjóð.

Í 5. gr. stendur, að hafi skipstjóri meðferðis frá útlöndum áfengi, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, þá skuli lögreglustjóri á hinni fyrstu

höfn, er skipið kemur á, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát, og á skipstjóri að ábyrgjast að ekki sé í ílátin farið fyr en skipið er alfarið frá landinu. En þetta er ekki nóg; hið opinbera verður að tryggja sér að ákvæðum þessum sé hlýtt, og vil eg því bæta við 5 gr. svohljóðandi ákvæði: »enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið heldur úr síðustu höfn, að innsigli séu heil, og að ekkert hafi verið tekið úr ílátunum«. Með því er, fullkomlega trygt, að innsiglunin komi að fullu haldi.

Í 6. gr. vil eg á 3 stöðum gjöra þá breytingu, að áfengi skuli hella niður eða það gjört eign landsjóðs, en ílátin upptæk, í stað þess að nú er svo fyrir mælt í frumv., að áfengið með umbúðum skuli gert upptækt. Ástæðurnar til þessara breytinga eru þær sömu, sem eg tók fram viðvíkjandi sams konar breytingartillögu við 4. gr.

Í 7. gr. er bannað að flytja áfengi um landið, nema það sé merkt með innsigli umsjónarmanns áfengiskaupa eða lögreglustjóra samkvæmt 6. og 10. gr. Frá þessu banni er nauðsynlegt að veita undanþágu, að því er snertir áfengi, sem ætlað er til lækninga. Legg eg því til, að inn í greinina sé bætt: »nema læknislyf sé úr lyfjabúð eða frá lækni«.

Þá kem eg að aðalbreytingartillöginni.

Í 9. gr. segir svo: »Veitingamenn og vínsölumenn þeir, sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi samkvæmt lögum nr. 26 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega eftir. 1. jan. 1912 ekkert selja« o. s. frv. 2. gr. laganna frá 11. nóv. 1899 mun heimila þeim einstökum mönnum, er fengið hafa rétt til áfengisverzlunar, að halda þeirri verzlun áfram meðan þeir lifa, brjóti þeir ekki réttinn af sér. Þetta verður sérlega líklegt þegar litið er til þess, að það er tekið fram um verzlunarfélög, að þau skuli þó ekki halda réttinum nema 15 ár. Verzlunarréttur félaga er útrunninn 1. jan. 1915, og þar sem þau líklega eiga rétt til skaðabóta úr landsjóði, verði þau svift vinverzlunarleyfinu áður en sá tími er á enda, þá vildi eg leggja til, að félögum þeim, er vínsöluleyfi hafa samkvæmt lögum 11. nóv. 1899, verði lofað að halda verzluninni áfram til ársloka 1914. Sé það gert, svifta lög þessi ekki aðra menn vínsölurétti en þá einstaklinga, er verzla með áfengi samkvæmt nýnefndum lögum. Að vísu mætti segja, að hvorki verzlunarfélög né einstakir vinsalar ættu heimting á skaðabótum, þó að bannlög væri samþykt; þeir mættu að eins verzla með áfengi, meðan áfengi væri lögleg verzlunarvara. En eigi félög heimtingu á skaðabótum, eiga einstakir vínsalar það líka. Um það atriði er að vísu ekki beinlínis nauðsynlegt að taka ákvæði upp í þessi lög, vínsalarnir geta snúið sér til dómstólanna, hvort sem skaðabætur eru beint leyfðar eða ekki, en heppilegra væri það þó eigi að síður, að tiltekið væri í lögum þessum eftir hvaða reglum bæturnar skyldu reiknaðar, ef til bóta kæmi. Hefir mér dottið í hug, að í því efni gætum vér tekið norsk lög til fyrirmyndar — lög frá 17. maí 1904. Eftir þeim lögum má innleysa vínsöluleyfi, og komi fult verð fyrir, eftir mati 4 matsmanna. Hér á landi hygg eg myndi nægja, að matið væri framkvæmt á vanalegan hátt af 2 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, og að leggja mætti til grundvallar meðaltal nettó-ársteknanna 3 síðustu árin, eftir áliti matsmanna, þannig að vínsalinn fengi þá upphæð útborgaða úr landsjóði við hver árslok, meðan hann lifir. Mat þetta kæmi eðlilega þá

fyrst til framkvæmda, er dómstólarnir hefðu úrskurðað að hlutaðeigandi vín sali ætti rétt til skaðabóta.

10. gr. um að lögreglustjóri skuli rannsaka þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1912, vil eg fella burt með öllu. Rannsókn þessi er algerlega óþörf, því að hið opinbera hefir nóg önnur ráð til þess að gæta þess, að ekki sé bætt við birgðirnar með aðflutningi frá útlöndum, en hins vegar mjög óviðkunnanlegt að vera að senda lögregluna á hvert heimili alveg að óþörfu.

Þá legg eg til, að 1. liður 11. gr. falli burt. Á því ákvæði er fyrst og fremst sá galli, að »lögreglustjóra« er skipað að framkvæma heimilisrannsóknina, en samkvæmt stjórnarskránni má heimilisrannsókn að jafnaði að eins fara fram eftir dómsúrskurði, og frá þeirri reglu er engin ástæða til að víkja hér. Og í annan stað er ákvæðið óþarft með öllu, því að sé ástæða til slíkrar rannsóknar, er heimild í gildandi lögum til þess að gera hana. Enn segir í 11. gr. að komi það í ljós, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsakað er hjá, skuli hann skyldur að sýna sönnunargögn þess, hvaðan honum eru komnar birgðirnar. En vel getur það fyrir komið, að hlutaðeiganda sé ómögulegt að sýna slík sönnunargögn, og »impossibilium nulla est obligatio«. Vil eg því í stað orðanna: »sýna sönnunargögn« setja: »skýra frá«. 12. gr. fer í engu lengra en gildandi lög um réttarfar, og legg eg því til að hún falli burt. 13. gr. er óþarflega ströng að því er málskostnaðarákvæðið snertir, og legg eg til að hún falli burt. Í 14. gr. er því ofaukið: »sé það af áfengi«, sem hlutaðeigandi hefir orðið ölvaður, því að menn verða ekki »ölvaðir« af öðru en áfengi. Síðari hluti 14. gr. er þegar gildandi lög hér á landi — að sektarlágmarkinu undanskildu — sem hreinasti óþarfi er að vera að taka upp í frumv. þetta, og legg eg til að hann falli burt. Í síðasta lið 15. gr. og 17. gr. vil eg að í stað þess að frumv. ákveður að áfengið skuli gert upptækt, sé svo fyrir mælt, að áfenginu skuli hella niður eða það gjört eign landsjóðs, en umbúðirnar upptækar. Ástæðurnar eru hinar sömu, sem til sams konar breytinga annarstaðar í frumv., er eg þegar hefi talað um. Eftir 16. gr. á að gjöra fjárnám »í« sektunum, á að vera »fyrir« sektunum. Í 20. gr. er það rangmæli, að með brotin skuli »að öðru leyti« fara sem almenn lögreglumál, sem mun vera sprottið af þeim misskilningi, að menn hafa haldið, að það væri réttarfarslegt atriði, hvert sektirnar rynnu — hér eiga þær að renna í landstjóð —, en svo er ekki. Með þessi brotamál verður því að öllu farið sem almenn lögreglumál, og því eiga orðin »að öðru leyti« að falla burt.

Loks verður, ef breytingartillögur mínar verða samþyktar, að taka upp í 23. gr. tilvísun til 9. gr.

Þegar eg fór af stað að heiman í morgun, voru mér afhentar breyt.till. háttv. þm. Strandamanna. Eg sé nú, að sumar þeirra fara í sömu átt og mínar breyt.till. Verði nefnd sett, sem eg vona, gætum við og nefndin brætt okkur saman um breytingartillögur hans og mínar.

Ari Jónsson: Vegna þess að eg hefi komið með nokkrar breyt.till. og þær eru hér til umræðu, vil eg segja nokkur orð.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er eitt af stórvægilegustu málum þessa lands. Í sumra manna augum er það stórvægilegt af því, að þeir álíta að með slíkum lögum sé bætt úr stórkostlegu þjóðarböli. Í annara augum er málið mikilvægt af því að þeir álíta,

að með þessum lögum sé gengið of nærri frelsi og eignarrétti einstaklinganna. Svo ólíkar eru skoðanir manna um þetta mál, og til þess verðum við að taka tillit, þegar taka á ákvörðun í því. Það er áríðandi að sú stefna sé tekin í þessu máli, sem getur orðið til langframa. Verði sú stefna tekin, að lögleiða aðflutningsbann á áfengi til landsins, þá er það aðalatriðið að tryggja það, að bannið standi lengur en um stundarsakir. Það er því áríðandi að gera lögin að öllu leyti svo úr garði, að trygging sé fyrir því að þau geti orðið langlíf. Því þá væri verr farið en heima setið, ef lögunum væri hleypt af stokkunum svo illa úr garði gerðum, að þau yrðu numin úr gildi eftir nokkur ár. Þá væri að miklu ónýtt barátta Goodtemplara í öll þessi ár; þá yrðu þeir að byrja af nýju á öllum þeim erfiðleikum og öllu því stríði, er þeir hafa háð að undanförnu. Langlífi laganna álít eg sé bezt trygt með því, að láta ekki böndin, sem þau leggja, særa um of eða óþarflega mikið réttindi eða frelsi einstaklinganna. Með því móti er það trygt, að þau verði ekki óvinsæl og illa þokkuð af fjölda manna.

Með þetta fyrir augum, að láta lögin ekki vera um of nærgöngul við persónulegt frelsi manna og tryggja þar með langlífi þeirra, hefi eg komið með breyt.-till. er fara í þá átt að gera greinarmun á aðflutningsbanni áfengis og sölubanni þess í landinu. Breyt.till. við 9. gr. fer fram á það, að vínsöluleyfið haldist þangað til 1915. Með því móti verða lögin aðgengilegri, því þá eru böndin ekki hert að mönnum alt í einu, heldur smáherðist á þeim og smádofnar undan þeim. Eg hefði, til að tryggja framtíð laganna, kosið að þjóðin fengi að greiða atkvæði um þau af nýju, en sé vínsölubanninu frestað til 1915, þá er minni þörf á nýrri atkvæðagreiðslu, því þá er áreiðanlegt að kosningar hafa farið fram til alþingis fyrir þann tíma. Önnur ástæða til þess að eg legg til, að vínsölubann sé ekki látið koma í gildi fyrr en 1915, er sú skaðabótakrafa, sem margir álíta að þeir, er vínsöluleyfi hafa til 1915, hafi rétt til að koma með, sé bannið látið koma í gildi fyrir þann tíma. Sé banninu aftur frestað til 1915, geta að eins þeir, sem söluleyfið hafa æfilangt, gert skaðabótakröfu á hendur landsjóði, en hinir, sem hafa það tímabundið, eru þá úr sögunni að því leyti. Eg er á þeirri skoðun, að ekki komi til mála annað en að þessum mönnum yrðu dæmdar skaðabætur, ef slík mál kæmu fyrir dómstólana. Hæstiréttur mundi vera síðasti »instans«, og þó ekki liggi neitt beint fordæmi fyrir frá honum, þá hefir hann þó felt úrskurð í svipuðu máli, eða máli, sem að sumu leyti hefir nokkra líkingu við þetta, sem ef til vill gæti bent til þess, að hann mundi dæma slíkum mönnum, sem sviftir væru vínsöluleyfinu, skaðabætur. Þessi úrskurður féll í máli Höepfner-ekkjunnar á Akureyri. Hæstiréttur úrskurðaði, að hún gæti erft vínsöluleyfið eftir mann sinn, þar sem hún sat í óskiftu búi, og *því* ætti hún heimting á skaðabótum, ef henni væri neitað um það. — Eg sé ekki betur en að lögin séu miklu aðgengilegri fyrir þjóðina, ef bannið kemur svona smátt og smátt, og þau baka henni ekki útgjöld; hvorttveggja vinst með því að fresta vínsölubanni til 1915.

Þá er annað atriði, sem mér finst of hart. Lögin verða að vera svo úr garði gerð, að ekki sé of fyrirhafnarmikið fyrir lögreglustjóra að gæta þeirra og framfylgja þeim, og ennfremur mega þau ekki ganga of nærri rétti einstaklinganna. Af þessum ástæðum hefi eg komið með breyt.till. við 10. gr. Þar

er svo ákveðið, að ekki sé skylt að flytja burt úr landinu þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1912, en eigendurnir skulu skyldir til að segja tafarlaust hlutaðeigandi lögreglustjórum til þeirra, og *eiga þeir svo* (lögreglustj. eða umboðsmenn þeirra) *að rannsaka þær þá þegar* og semja skýrslu yfir þær, og *endurtaka síðan þessa rannsókn* á 6 mánaða fresti, meðan nokkrar áfengisbirgðir eru til. Eg hefi það á móti þessu ákvæði, að það leggur óþarfa fyrirhöfn á herðar lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, ferðalög o. s. frv., því vafalaust verða þeir menn margir, sem vín hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1912, ennfremur að það gengur of nærri heimilisfriði einstakra manna, og að afar-auðvelt verður að fara kringum það með því að leyna nokkru af birgðunum í fyrsta sinni sem rannsókn er gjörð. Eg hefi því komið með þá breyt.till., að í stað rannsóknarinnar komi vottorð frá eigendunum, að viðlögðum drengskap, um það, hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi er lögin ganga í gildi, og svo sams konar vottorð á ársfresti upp frá því, þar til birgðirnar eru þrotnar. Eg lít svo á, að sé einhver maður svo gerður að hann vilji falsa vottorð, þá sé honum enn miklu fremur trúandi til að leyna af birgðunum.

Þá finst mér og ákvæði 11. gr. vera of hörð gagnvart einstaklingunum. Þar er ákveðið að heimilisrannsókn *skuli* gera hjá hverjum sem grunaður er um óleyfilegan aðflutning eða sölu áfengis. Því vil eg breyta þannig, að rannsóknina *megi* gera, og að eins eftir dómsúrskurði. Ennfremur heimtar greinin að sá, sem vín finst hjá, skuli skyldur að sýna *sönnunargögn* þess, hvernig standi á birgðunum. Þessi krafa finst mér fram úr öllu hófi ströng og óhafandi, og vil eg gera þá breytingu, að maðurinn skuli að eins skýra frá, hvernig á birgðunum standi.

13. gr. vil eg fella burtu. Hún inniheldur það ákvæði, að sá sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum laganna, skuli auk lögboðins málskostnaðar greiða kæranda og vitnum allan þann kostnað er þau hafa af málinu. Það að vitni fái borgun er nýmæli, því vitnaskylda er lögleidd hér, og menn verða að bera vitni án nokkurrar borgunar. Og það er í mínum augum hættulegt nýmæli, sem mætti misbrúka. Því þó ef til vill sé ekki hægt að segja að mútum verði komið við beinlínis, ef byrjað er að borga vitnum fyrir að mæta fyrir rétti, þá gæti þó nokkuð svipað mútum komið fram. En þó keyrir fram úr öllu hófi ef á að lögleiða það, að kærandi fái allan kostnað greiddan. Það gæti orðið til þess, að menn færu að »spekúlera« í þessu, að gera það að atvinnu sinni að kæra menn.

Í 14. gr. er ákveðið, að óhlýðnist maður, er sést hefir ölvaður, að mæta fyrir dómara eða svara spurningum dómara, þá skuli honum haldið til hlýðni með eigi minni sektum en 10 kr. í hvert skifti. Nýmælið er hér að eins 10 kr. lágmarkið, og vil eg gera þá viðbót, að sama lágmark sektar sé lögleitt að því er vitnin snertir.

Þá er breyt.till. við 15. gr. Þar er lágmark sekta fyrir óleyfilegan innflutning áfengis ákveðið 200 kr. Það vil eg hækka upp í 300 kr.; eg álít það svo stórvægilegt brot, að sektin megi ekki minni vera, ef aðaltakmark laganna á að nást.

Þá vil eg hækka hámark sekta fyrir ítrekun á brotum gegn þeim ákvæðum laganna, er óheimila að veita, gefa eða selja áfengi. Það er í 16. gr. ákveðið 1000 kr., en eg vil hækka það upp í 2000 kr.; það er í meira samræmi við hinar sektirnar.

Þá er síðasta breyt.till. að í stað 23. gr. komi tvær nýjar gr. er verði 23. gr. og 24. gr. Breytingin í fyrri greininni frá 23. gr. frumvarpsins, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1912, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, stendur auðvitað í sambandi við breytinguna á 9. gr., þar sem ætlast er til að vínsölubannið gangi ekki í gildi fyr en 1915. Eg skal geta þess, að eg sá eftir á, að greinin er óheppilega orðuð; í stað »öðlast þau gildi« ætti heldur að koma: »koma þau til framkvæmdar«. Sömuleiðis væri heppilegra að orða 24. gr. þannig, að með þessum lögum séu úr gildi numin *öll þau ákvæði* laga nr. 26 11. nóv. 1899 og önnur lagaákvæði, er *koma í bága við þessi lög.*

Þetta eru að minu áliti mikilverðustu breytingarnar, sem þarf að gera á lögunum. Fleiri breytingar gætu komið til greina, en engar eins stórkostlegar og þessar. Þegar frumv. kom fyrst fram í Nd. var það óskapnaður mesti, en hefir mjög lagast í meðferðinni á þinginu, þó enn séu á því agnúar, og jafnvel fleiri en þeir, sem eg hefi reynt að laga með breyt.till. mínum. Í sumum fyrri frumvarpsmyndunum var í ýmsum ákvæðum tekið svo hart á þeim mönnum er hafa neytt áfengis, að það var líkast því sem þau væru sprottin af einhverjum hefndarhug til þeirra. En aðalatriðið er einmitt að búa lögin þannig út, að þau geti orðið vinsæl og eftirkomendum okkar til góðs, og það gerum við með því að hafa ákvæðin ekki of tilfinnanlega hörð. Eins og lögin litu út þegar þau komu fyrst fram, virtust þau mér líkust hegningarlögum, eins og menn skoðuðu tilgang hegninganna fyrrum, nefnil. sem hefnd á glæpamanninn. En tilgangurinn með lögunum má ekki vera sá, að hefna sín á þeim sem þau brýtur; þau eiga að hafa það markmið, að uppala og bæta kynslóðir komandi tíma.

Júlíus Havsteen: Eg ónáða ekki deildina með neinum breyt.till. Það kemur þó ekki til af því, að eg sé ánægður með frumvarpið. Eg álít þvert á móti, að ef á annað borð ætti að fara að krukka í það, þá yrði ekki heil brú eftir í því. Eg er sannfærður um að þetta væru verstu lög sem nokkurn tíma hafa komið frá þingi, ef þau yrðu samþykt eins og þau líta út nú. Tveir háttv. þm. hafa talað og bent á umbætur á ýmsum ákvæðum frumvarpsins, en samt er margt eftir sem þarf að breyta. Til dæmis mintist eg við síðustu umræðu málsins á það, að eiginlega væri altarissakramentið afnumið með þessum lögum, þar sem bannað er eða hindrað að hafa vín við altarisgöngu.

Það sem eg aðallega hefi á móti frumvarpinu er það, að það brýtur gersamlega niður persónulegt frelsi manna. Í sumum ákvæðum þess eru menn jafnvel settir undir lögregluumsjón; það er eins og menn væru á Rússlandi. Yfirleitt eru allar reglur um það, hvers menn mega neyta og hvers ekki, algjörlega óþolandi. En eg veit, að skoðanir Goodtemplara á þessu efni eru alt aðrar og í hæsta máta afkáralegar. Eg hefi til dæmis heyrt Goodtemplara líkja aðflutningsbannlögunum við almenn lögregluþönn, t. d. bann gegn því að ríða hart um götur bæjarins. En slíkt er auðvitað mesta fjarstæða, því þetta er tvent ólíkt.

Annað sem eg sér í lagi hefi á móti frumvarpinu er það, að það fer í bága við eignar- og atvinnurétt manna. Það er ekkert vafamál, að þeir sem missa atvinnurétt sinn samkvæmt frumvarpinu, eiga að fá skaðabætur. Það leiðir beinlínis af 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir að engan megi skylda til að

láta af hendi eign sína, nema fult verð komi fyrir. Eg skal í þessu sambandi einnig benda á 4. gr. laga nr. 2, 4. marz 1904, um ráðherraábyrgð, þar segir að ráðherra skuli sekur, ef hann framkvæmir nokkuð það, er fyrirsjáanlega getur orðið einstaklingi að tjóni. Það sýnir, hve mikil áherzla er lögð á rétt og frelsi einstaklingsins.

Svo vil eg stuttlega minnast á þá mótbáru gegn frumvarpinu, sem menn heyra oftast nefnda, sem sé rýrnunina á tekjum landsins, sem leiðir af því að áfengistollurinn hverfur. Menn hafa að vísu sagt, að úr þeim halla mætti bæta með nýjum sköttum. En það er hægra sagt en gjört, enda er þegar þörf á auknum sköttum, þótt áfengistollurinn ekki félli niður. Ef nú bannlögin öðlast gildi 1. janúar 1912, svo sem til ætlast er, þá er óhjákvæmilegt, að búið sé fyrir þann tíma að koma skattalöggjöf landsins í það horf, að hún geti mætt þeim áföllum, sem af aðflutningsbannlögunum leiða. En með hinum núverandi hraða alþingis á afgreiðslu málanna, hefi eg alls enga von um, að slíkt geti orðið, enda er það hið mesta vandamál, að laga skattalöggjöf landsins.

Sú spurning liggur nærri, hvort nokkur nauðsyn sé á því, að leggja bann á aðflutning áfengis.

Það fer fjarri því að svo sé, því áfengisnautnin hér í landi er næsta lítil, að minsta kosti í samanburði við það, sem á sér stað hjá öðrum mentuðum þjóðum. Því það eru aðeins 3 pottar af áfengi (alkohol) sem árlega koma á hvern mann í landinu. Ef þessum neyzluskamti aftur væri jafnað niður á alla menn 15 ára og eldri, þá verða það þó aldrei meira en 230 staup á ári; þ. e. eitt staup á dag 8 mánuði ársins, en ekkert staup 4 mánuðina. Hér er eigi talið með það, sem fer í útlendingana, sem hér koma, og er það víst ekki minna en $^1/_8$. Slíkt er ómögulegt að kalla mikla áfengisneyzlu, þótt eg eigi hafi nefnt vín ($^1/_7$ pt. á mann) og öl. Í heild sinni er er óhugsandi, að nokkur heilbrigð sál telji ofdrykkju þjóðarböl hjá Íslendingum, eins og Góðtemplarar þó gera. Vér Íslendingar erum stilt og gætin þjóð, og í heild sinni hófsöm þjóð, ekki sízt í þessum efnum, og er engin ástæða til að ætla að hér verði nokkurn tíma ofdrykkja ríkjandi, eða að það verði til þess að koma þjóð vorri á kné, í nútíð eða framtíð. Og það þarf ekki annað en bera hana þar saman við aðrar nálægar þjóðir. Því þannig koma í Danmörku ekki minna en 10 pt. á mann og í Frakklandi jafnvel 15 pt Þetta er geysimikill munur; og dettur þó þessum þjóðum ekki í hug, það eg til veit, að fara að koma áfengisbannlögum á hjá sér, enda er vínræktin einn af aðalatvinnuvegum Frakka. Að vísu mun það svo, að í Ameríku séu í einu fylki bannlög á komin, en öll líkindi eru til þess, að þau standi ekki langan tíma eftir þeirri reynslu, sem liggur fyrir í 15 eða 16 öðrum fylkjum í Bandaríkjunum, þar sem menn hafa reynt að takmarka áfengisnautnina með ýmsu móti, án þess það hafi tekist. Enn fremur hefir verið vitnað í aðflutningsbannlög, sem þing Finna hefir samþykt í fyrra eða hitt eð fyrra, en verið neitað um staðfestingu. En alþýðan á Finnlandi er sannarlega öðru vísi en alþýðan hér. Á Finnlandi geta bannlög gegn áfengi verið nauðsynleg, en ekki hér. Annars finst mér aðflutningsbannshugmyndin þess eðlis, að hún lítt eða vart sé siðuðum þjóðum sæmandi.

Eg skal nú leyfa mér að drepa á nokkur atriði, sem mér finnast einkum athugaverð í sjálfu frumvarpinu.

Háttv. 5. kgk. hefir þegar tekið ýmislegt fram viðvíkjandi hinum einstöku greinum frumvarpsins, þar á meðal um bannið gegn innflutningi ýmsra hluta

sem áfengi hafa inni að halda, svo sem duft, kökur o s. frv. Það liggur í augum uppi, að það er ómögulegt, að komast að nokkurri niðurstöðu um áfengisstyrkleikann í þessum kökum o. s. frv. án þess að eyða þeim um leið, enda er það svo lítilfjörlegt, hvað flyzt inn af þess konar sælgæti, að það er rétt að sleppa því hér. Það er alls ekki rétt, að forstöðumönnum og eigendum iðnfyrtækja sé leyft að flytja að áfengi, sbr. 2. gr.; það litla sem þeir þurfa með, geta þeir fengið hjá lyfsölum.

Svo er í 3. greininni gert ráð fyrir að allt áfengi, sem til landsins er flutt, skuli fyrst flutt í land í Reykjavík. Það er alveg rangt, að veita Reykjavík þennan rétt. Hinir kaupstaðirnir og öll kauptún landsins hafa hið sama verzlunar- og aðflutningsfrelsi sem Reykjavík. Jafnframt er þeim, sem mega fá flutt til sín áfengi, en búa víðsvegar út um landið, gjört mikið óhagræði með þessu.

Umsjónarmaðurinn, sem skipa á eftir 3. gr., á ekki að hafa nema 600 kr. um árið, sem er langt um lítið, þegar litið er til hins umsvifamikla starfs hans. Auk þess er starfsvið hans þannig til tekið í lagafrumvarpinu, að það á ýmsan hátt ruglast saman við starf lögreglustjóra.

4. grein er svo úr garði gjörð, að eg ætla alveg að leiða hjá mér, að tala um hana. Ákvæðin í henni eru ein flækja.

5. grein finst mér og á ýmsan hátt ærið athugaverð, þó eg ekki útlisti það nánar að sinni, enda hefir og háttv. 5. kgk. nokkuð minst á þetta ákvæði.

Þá er 6. grein. Ekki get eg annað ímyndað mér, en að þau fyrirmæli séu meir en lítið varhugaverð. Það er mjög vandfarið með strandað góz, sem er af útlendum skipum, og eg er viss um, að hvorki Frakkar, Þjóðverjar né Englendingar mundu gjöra sig ánægða með þá meðferð, sem gjört er ráð fyrir í greininni, á áfengi, sem strandað skip hefir meðferðis, hvort heldur sem farm eða skipsforða.

Í. 10. gr. eru nefndir umboðsmenn lögreglustjóra. Við hvaða umboðsmenn er átt hér, hvort heldur þá, sem eru löggiltir af æðra yfirvaldi (nú stjórnarráðinu) til þess að framkvæma all mörg störf lögreglustjóra, kveða upp fógetaúrskurði o. s. frv., eða þá umboðsmenn, sem nefndir eru í opnu bréfi 28. desbr. 1836, og eru löggiltir að eins til þess að rita á skipaskjöl, og til að heimta inn tollgjöld. Þessum umboðsmönnum er blandað saman hér, og á þann hátt er þeim umboðsmönnum, sem síðar voru nefndir, þá falið vald til þess að gjöra fjárnám, sem er hreinasta fjarstæða. Lögreglustjórar utan Reykjavíkur hafa alls ekki umboðsmenn af því tægi, sem eg fyr nefndi.

12. og 13. grein ætla eg ekki að fara út í, þar sem háttv. 5. kgk. hefir áður tekið þær til rækilegrar athugunar.

Svo vil eg taka það fram, að mér virðast hegningarfyrirmælin alveg ófær; og eru hinar ákveðnu hegningar tiltölulega langt um þyngri, en fyrir afbrot á móti tolllögunum. Hegningarákvæðin um læknana eiga alls ekki heima í þessum lögum; þau eru að finna í hegningarlögunum.

Að öllu saman töldu tel eg lögin óhæfu. Og þó breytingar yrðu á þeim gerðar, þá er grundvöllur þeirra sá, að eg hlýt að greiða atkvæði gegn þeim.

Steingrímur Jónsson: Eg skildi ræðu háttv. 5. kgk. svo, að hann stingi upp á 5 manna nefnd í málinu og að umræðunni verði frestað. Eg taldi óhæfu við 1. umræðu málsins, að ekki var sett nefnd í það þá, einkanlega þar sem það var mjög svo laklega undirbúið frá Nd. Sönnun fyrir því er það, að þegar eru fram komnar 11 breytingartillögur, auk þess sem háttv. 5. kgk. kemur fram með 25 breytingartillögur, sem að vísu sum-

ar eru hinar sömu. Eg leyfi mér því að styðja fastlega tillögu háttv. 5. kgk. um nefnd, og að umræðum um málið sé frestað, þar til sú nefnd hefir lokið starfi sínu. Sé eg ekki að það þyrfti að verða málinu neitt til fyrirstöðu. Væri sett nefnd í málið nú, býst eg við að hún gæti verið búin að ljúka störfum sínum á mánudag; og væri svo, sé eg ekki annað en nægur tími vinnist til að málið geti fengið úrslit á þessu þingi. Því styð eg það eindregið, að nefnd verði skipuð í málið, til þess það geti orðið nokkurn veginn undirbúið, og það þó eg sé í heild sinni á móti málinu. Eins og eg áður hefi sagt, álít eg tæplega vansalaust, að málið gangi nefndarlaust gegn um deildina; þetta er slíkt stórmál, að það er alveg óhæfilegt. En sjálfur skal eg játa, að eg er á móti málinu jafnvel þó breytingartillögur hafi komið margar fram í því, og sumar til mikilla bóta. Að svo komnu máli mun eg ekki skýrar taka fram ástæður mínar, fyr en nefnd hefir um það fjallað, og allar breytingartillögur hafa fram komið og mér gefist kostur á að athuga þær. Annars skal eg játa, að eg hefi enn ekki fyllilega áttað mig á málinu með öllum þeim mörgu breytingartillögum, sem fram hafa komið í því. Því fyrst og fremst komu í Nd. allmargar breytingartillögur, og svo nú í Ed. ekki færri en 36, í alt þá víst 60—70. — Þegar svo stendur á, er óhjákvæmilegt að skipa nefnd í málið, enda erfitt fyrir deildarmenn að átta sig til fulls á því að öðrum kosti.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Eg verð að mótmæla því, að það hafi verið óhæfa, að ekki var skipuð strax nefnd í mál þetta eftir 1. umræðu. Við þá umræðu kom sem sé ekkert fram, sem gerði nefndarskipun óhjákvæmilega; auk þess sem athugandi er, hversu skamt er eftir af þingtímanum, og því hin fylsta ástæða til að hraða gangi málanna sem mest. Nú stendur alt öðru vísi á, þar sem síðan hafa komið fram mjög margar breytingartillögur, bæði frá 5. kgk. og þm. Strand., og hafa þær sumar hverjar við talsvert að styðjast. Yfirleitt mætti skifta breytingartillögum þeim, sem fram hafa komið, í 3 flokka: í 1. fl. þær, sem miða til bóta á frumv.; í 2. fl. þær, sem álitamál er um, hvort séu til bóta eða spillis; og í 3. fl. þær, sem áreiðanlega stefna til spillis. — Þar sem nú svo er komið, að fram eru komnar svo margar breytingartillögur, sem víst er um að stuðningsmenn málsins taka til greina, að minsta kosti sumar hverjar, þá finst mér einmitt réttast að setja 5 manna nefnd í það, eins og stungið var upp á. Og vil eg þá styðja það, og að málinu verði frestað, þangað til sú nefnd hafi lokið störfum sínum.

En í öðru lagi vildi eg leyfa mér í fljótu bragði að benda á 2 atriði, sem fram hafa verið tekin. Það var ekki alveg rétt hjá háttv. 5. kgk., sem hann sagði viðvíkjandi því, að áfengi væri gert upptækt. Hann sagði að ófært væri að hella áfenginu niður; slíkt væri að eyðileggja peningavirði og því »barbarí«. En það áfengi, sem upptækt yrði gert, bæri að sjálfsögðu að fara þannig með eftir anda laganna, að því yrði *ekki* helt niður, heldur yrði það selt, en breytt þannig áður að það væri gert óhæft til drykkjar. En sé ekki réttur þessi skilningur minn, þá finst mér sjálfsagt, að setja ný ákvæði í lögin, þessu viðvíkjandi, sem kveði skýrar á um þetta atriði.

Eitt af mestu vandamálum laga þessara, er spurningin um skaðabæturnar. Nú finst mér lögfræðingarnir ósamdóma um, hvernig þær eigi að vera, og hverjir eigi að fá þær. En aðgætandi er, að þetta frumvarp er ekki stjórnarfrumvarp, heldur privat-manna, og því ef til vill

ekki nægilega undirbúið. Hins vegar finst mér mætti við það una, að setja ekki að svo komnu ákvæði um það, þar sem ekki er til ætlast, að lögin séu í gildi gengin fyr en 1. janúar 1912, og þing á milli. Gæti þá stjórnin komið fram með sínar athugasemdir á næsta þingi, og mætti taka þær fyrir þar. Álít eg þessa leiðina í málinu hina langheppilegustu og ólíku betri heldur en farið sé nú að koma með í flaustri einhver ákvæði, sem hefðu ef til vill í för með sér þungar skuldbindingar fyrir landsjóð. — Ýmislegt fleira hefir og fram verið tekið, sem ástæða væri til að athuga, t. d. það sem háttv. 5. kgk. þm. sagði um það, að hér væri ekki að ræða um siðferðismál, og skil eg ekki, hvers vegna hann getur mælt svo. Það, sem nemur burtu freistingarnar, hlýtur að sjálfsögðu að bæta siðferðið. Og þarf ekki að fara lengra í þessu efni en þangað, að allur fjöldi lögreglubrota á einmitt orsök sína í áfengisnautninni; og sýnir það almenn »statistik« yfir lögreglubrot, að sú orsökin er einna tíðust. Má því hverjum heilvita manni liggja það í augum uppi, að hér er einmitt um mjög svo þýðingarmikið siðferðismál að ræða.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að svo komnu ekki að fara út í aðfinslur háttv. þm. Akureyrar. Það yrði að eins til að tefja tímann og ef til vill til að spilla fyrir málinu. Eg stend að eins upp til þess að koma með þá tillögu, að skipuð sé 5 manna nefnd í málið, úr því að hæstv. forseti ekki álítur slíka tillögu fram komna fyr.

ATKV.GR.:

Tillaga um skipun 5 manna nefndar samþ. með 12:1 atkv.

Í nefndina voru kosnir:

Ari Jónsson,
Jósef Björnsson.
Sigurður Hjörleifsson,
Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson.

2. umr. frestað.

Framhald annarar umræðu, 26. apríl (A. 482, 615, 590, 595, 619, 621).

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Þær breyt.tillögur, sem fram hafa komið í þessu máli, eru að vísu margar, og mætti líta svo á, sem hér væri um miklar breytingar á frumvarpinu að ræða. En svo er þó, þegar nánar er að gætt, ekki, og þarf því ekki mikið um þær að ræða, enda munu þær og flestar áður ræddar. Við 1. umr. málsins kom fram breyt.till. frá háttv. þm. Strandamanna, og háttv. 5. kgk. þm. lýsti því yfir, að hann hefði ýmsar breyt.till. til meðferðar og gerði hann þá þegar grein fyrir þeim. Sumar voru og þær sömu hjá báðum. Síðan hefir það verið hlutverk nefndar þeirrar, sem skipuð hefir verið í málið, að athuga þær breytingartillögur, og vinsa þær úr, sem þarfar þóttu, og fella þær inn í frumvarpið, að svo miklu leyti sem henni hefir þótt við eiga. Flestar þessar breytingar hafa verið fremur smávægilegar. — Í 1. gr. er farið fram á, þar sem talað er um duft, kökur o. s. frv., að burtu falli orðið: »telja«, og í staðinn komi: »þar . . . sem«. Enn fremur þótti rétt að leyfa innflutning á vínandá til geymslu náttúrugripa; það er ekki tekið fram í frumvarpinu, en virðist vera alveg skaðlaust, og alveg rétt að leyfa slíkt. Þá eru og enn fremur nokkrar orðabreytingar. — Í 2. gr. eru og nokkrar slíkar í 7. og 8. línu; sum orð eru felld burtu, er að meiningunni til þótti óviðeigandi að nefndarinnar dómi, og önnur sett í staðinn. Verði þessi breyting samþykt, þá verður eftir frumvarpinu ekki leyfilegt fyrir smáskamtalækna að flytja

vínanda inn öðru vísi en í lyfjum, en nú mega þeir flytja inn hreinan vínanda til lyfjablöndunar. Hvað altarissakramentið snertir, þá áleit nefndin heppilegast að orða þá breytingu á þann veg, sem hún gerði, að »próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda« skuli heimill innflutningur á því víni. — Í 4. gr. þótti okkur nokkuð ófullkomið orðalag á einum stað, og höfum við gert þar breytingu lítils háttar, sem í rauninni er viðbót og fyllir skarðið. — Enn fremur skal eg benda á, að gert er ráð fyrir, að aftan við 5. gr. bætist ákvæði um, að lögreglustjóri innsigli ílát með áfengi, sem sigla skuli, og gangi frá þeim svo að fulltrygt sé. Þetta virtist öruggara. — Á 6. gr. höfum við gert þá breytingu, að fyrir »6 mánuði« komi »12 mánuði«. Þótti okkur það hæfilegri frestur, og enda meir í samræmi við aðrar venjur í slíkum efnum. Þá er farið fram á í breyt.till., að fella burtu orðin: »gera upptækt«. Lagði háttv. 5. kgk. þm. einkum áherzlu á, að hér kæmi í staðinn: »verði eign landsjóðs«. Áleit hann, að með því að segja að áfengi væri gert upptækt, væri það að sjálfsögðu eign landsjóðs, og skyldi þá og seljast við vanalegt uppboð. Reyndar lítum við hinir nokkuð öðru vísi á, en viljum þó samþykkja það. — Þýðingarmesta breytingin er áreiðanlega 7. breytingartillagan við 9. gr., að í stað 1912 komi 1915. Það má segja, að hér sé að ræða um ferns konar bann: aðflutningsbann, sölubann, flutningsbann og gjafabann. Af þessari breytingu leiðir, að sölubann verður ekki fyr en 1915. Um þetta voru skiftar skoðanir í nefndinni. Vildi meiri hlutinn ekki innleiða sölubann fyr en 1915. Við vorum tveir, sem vildum innleiða það 1912, en urðum í minni hluta. Er ýmislegt, sem mælir með og móti báðum þessum tímaákvörðunum. Það, sem einkum hefir verið fram fært til meðmæla með því, að ekki komist á algert sölubann fyr en 1915, er það, að þá eru út runnin öll þau leyfi til sölu áfengra drykkja, sem um ræðir í lögunum frá 13. nóv. 1899. Verða þá og lögin af þessari ástæðu miklu aðgengilegri fyrir marga. Aftur er ýmislegt, sem mælir móti þeirri tímaákvörðun (1915), og það ekki smávægilegt. T. d. verður fyrst og fremst ólíku örðugra að halda uppi lögunum, þegar leyft er að selja vín jöfnum höndum. Og hins vegar er það ekki lítilsvert atriði, að um svo mörg ár verði dregið að firra þjóðina þessari óhamingju. En þar sem vínsala er ekki nema á fáum stöðum og þeim stöðum fer þar að auki fækkandi, og þar sem enn fremur ekki er leyfður flutningur á öðru en lyfjum, þá er það auðsætt, að skaðsemi þessa ákvæðis fer stöðugt þverrandi.

Eg skal geta þess hér, að talsvert var tilrætt um það í nefndinni, hvort ástæða væri til að ákveða nokkuð viðvíkjandi skaðabótum til þeirra manna, sem lög þessi kæmu harðast niður á. Var meiri hlutinn á því máli, að koma ekki með bein ákvæði um þetta. Og verði um skaðabætur að ræða, þá virðist réttast, að tillögur komi fram um það frá stjórninni. Með því móti væri engu tapað við þetta.

Þá er í 10. gr. gert ráð fyrir, að lögreglustjóri skoði birgðir þeirra manna, sem vínsöluleyfi hafa, þegar leyfistími þeirra er á enda, og setji innsigli sitt á þær birgðir, sem eftir eru. — Viðvíkjandi 11. gr. er að ræða um töluverðar breytingar. Það þótti réttara að sætta sig við, að menn gæfu skriflega yfirlýsingu um birgðir sínar eftir að bannið er komið á. Og í staðinn fyrir skoðun á 6 mánaða fresti þótti nægja vottorð með árs millibili.

Viðvíkjandi meðferð málsins fyrir

dómstólunum og sektarákvæðum þar að lútandi, hefir komið fram breyt.till. frá háttv. 5. kgk. þm. um, að ekki megi fara fram heimarannsókn nema eftir dómsúrskurði, og skulu þá falla burtu önnur ákvæði, sem eru í ósamræmi hér við. — Viðvíkjandi ákvæði síðustu greinar um, að lögin gangi í gildi 1912, þá á það við annað en sölubannið, sem fyrst kemst á 1915.

Eg hefi þá í fám orðum farið yfir sjálft frumvarpið. — En þá er enn ein breyting á þingskjali 620. Skal eg leyfa mér að benda á, að í upphafi tillögu þessarar eru prentvillur, sem þó mun hægt að laga. En að því er breytingartillöguna sjálfa snertir, þá leggur meiri hlutinn til, að hún sé feld. Hér er sem sé átt við, að ný almenn atkvæðagreiðsla fari fram um málið, og lögin gangi því að eins í gildi, að $^4/_5$ greiddra atkvæða falli málinu í vil. Þetta ákvæði fanst okkur athugavert og óþarft, og enda ófært að fara nú á nýjan leik að ganga til atkvæða um það, sem þjóðin hefir þegar greitt atkvæði með. Og sízt af öllu væri ástæða til að heimta meiri atkvæðatölu við hina síðari atkvæðagreiðslu en hina fyrri; og var hin fyrri atkvæðagreiðsla svo skýr, að slíkt lægi við að vera bein móðgun við þjóðina. Að vísu er hugsanlegt, að þessi meiri hluti fengist með málinu; þó er það alls óvíst. Hins vegar væri ekki rétt að gera ráð fyrir ósigri þar, jafnvel með svo miklum kröfum um atkvæðamun; því svo vil eg ráð gera fyrir gæfu landsins, að almenningur allur muni nú áður langt líður fara að átta sig á gildi bindindisins. En hins vegar vil eg taka það fram, að ef slík atkvæðagreiðsla ætti fram að fara, þá væri sjálfsagt, að hún miðaðist alls ekki við karlmenn eingöngu, heldur alt eins kvenfólkið; og jafnt ættu ungmennin að eiga heimting á, að sýna þar skoðun sína eins og hinir eldri menn, og á eg við, að öllum mönnum 21 árs að aldri veittist þar heimild til atkvæðagreiðslu. Því í rauninni virðist þetta mál ekki síður snerta hina yngri kynslóð, nema fremur væri. Annars finn eg alls ekkert, sem með þessari endurteknu atkvæðagreiðslu mælir. Og auk þess, sem eg hefi þegar fram tekið því viðvíkjandi, skal eg og taka það fram, að slíkt mundi bæði afardýrt og fyrirhafnarmikið, og hafa í för með sér allmikinn aukakostnað fyrir landsjóð. Hins vegar skal eg aftur taka það fram, að slíkur meiri hluti, sem hér er heimtaður, hefir aldrei heyrst að krafist væri í neinu máli, og er slíkt ósanngjarnt sem mest má verða. Nauðsynin þess utan alls engin í tilliti til frágangs laganna. Lögin eru einmitt svo mild og mannúðleg, sem unt er að vera megi. Þjóðin sjálf hefir látið í ljósi ótvíræðan vilja sinn um efnishugsjónina sjálfa (»principið«), og þar með er nóg. Þá er ekki fulltrúum þjóðarinnar til minna trúandi, en að hafa vit á að koma málinu svo í lögformaða framkvæmd, að þjóðin megi vel við una.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Það mætti virðast svo, sem það væri að bera í bakkafullan lækinn, að fara að halda langar ræður nú um þetta mál. Svo mikið hefir um það verið rætt og ritað. Enda mun það og hins vegar tilgangslítið, þar sem forlög þess munu þegar ákveðin. Engu síður skal eg leyfa mér að segja nokkur orð, einkanlega þar sem svo var ástatt, að eg stóð í nefndinni einn á móti öllum hinum; hinir voru allir fylgjandi framgangi málsins, þótt sú stefna kæmi fram hjá þeim mismunandi eindregin. En eg fyrir mitt leyti hlýt að vera algerlega á móti frumvarpi þessu fyrir þá sök, að í mín-

um augum verða lögin hin verstu *þvingunarlög*. Þau mundu ganga út fyrir takmörk hins almenna löggjafarvalds og alt um of náið inn á sérmálasvið einstaklinganna, inn fyrir vébönd heimilis-sjálfræðisins, þar sem einstaklingurinn á að öllu að stjórna sér; þau ganga hneykslanlega langt inn á svið samvizku og siðgæðis. Eg lít svo á, og er það föst skoðun mín, að lög þessi — ef lög verða — muni hafa hin óhollustu áhrif á þjóðina, þ. e. hugsunarhátt hennar og aðstöðu til löggjafarinnar og laganna í heild sinni. Og hefir ekkert það verið lagt til málanna frá gagnstæðri hlið, sem sannfært geti mig um hið mótsetta. Það má einu gilda, hvert efni laganna er, ef þau ganga of náið inn á sérmálasvið einstaklinga og heimila, þá er óhjákvæmilegt, að þau verða ekki haldin, hvernig svo sem þau eru að öðru leyti. Og þá hljóta þau einnig að verða til bölvunar. — Að vísu skal eg játa, að tilgangurinn sé góður. Það er aldrei nema gott og blessað, að ofnautn áfengra drykkja hverfi úr landinu. En þrátt fyrir það álít eg, að sá vegur, sem upp á hefir verið stungið hér til að koma því til leiðar, þ. e. aðflutningsbannið, sé svo rangur og fjarstæður, sem verða má. Hingað til hafa bindindismenn látið sér nægja, að gera mönnum ljósa með rökum þá skaðsemi, sem óhóf og ofnautn hefði í för með sér, og er sú aðferð lýtalaus og lofsverð í alla staði, að beita sannfæringarrökum. Virðist mér heppilegast að halda einmitt áfram á þeirri braut; hitt er að spilla góðu málefni, að hlaupa nú út af brautinni og fara að kúga mótstöðumennina með ofbeldi. Ef aftur á móti væri haldið áfram á þessari sömu braut, sem Góðtemplarar hafa hingað til farið, yrði afleiðingin sú, að menn breyttu smátt og smátt skoðun sinni á vínnautninni, og sá yrði endirinn, að vindrykkja hyrfi innan langs tíma algerlega með þjóð vorri. Eftir þeim miklu breytingum, sem orðið hafa á hugsunarhætti manna í þessum efnum, síðan Góðtemplarreglan hélt innreið sína hér á landi, má búast við því. Aftur þegar á að fara að kúga menn með valdi, verður afleiðingin alveg þveröfug: sú, að menn ekki að eins fyllast kergju við þessi lög og drekka alt að einu (ráðin verða alt af nóg að fara kring um lögin), heldur verður þetta einnig til þess, að minsta kosti hjá allmörgum, að þeir missa virðinguna fyrir lögum yfirleitt, og er þá ver farið en heima setið. Því þar sem hlýðninni við lögin er spilt, þar er einni af máttarstoðum þjóðsiðgæðisins burtu kipt.

Eg álít það þarft og gott verk, að sannfæra menn um, að ofnautn áfengra drykkja sé skaðleg, og af því mér hefir virzt bindindisstefnan ganga í þessa átt, hefi eg verið henni hlyntur, og af þeim ástæðum er það, að eg hefi jafnan, síðan eg fyrst kom á þing, greitt atkvæði með því að Góðtemplarreglunni væri veittur styrkur úr landsjóði. Eg hefi litið svo á, að takmarkinu ætluðu bindindismenn að ná — því takmarki, að útrýma áfengisnautninni með öllu — með frjálsum samtökum. Eg hélt að þeir treystu svo sínum málstað, að þeir vonuðust eftir að geta fengið alla menn með góðu til að hætta að neyta áfengis. En nú, þegar þeir hafa snúið við blaðinu, og í stað þess að leitast við að sannfæra menn um ágæti síns málstaðar, vilja knýja mál sitt fram með kúgun og ofríki, þá get eg ekki lengur verið þeim fylgjandi. Þegar bindindisstarfsemin og fylgi almennings við hana er notuð til þess að knýja fram þvingunarlög sem þessi, þá er ekki verið að vinna að því, að efla siðgæði í landinu, því að öll þvingun og kúgun hefir alveg gagnstæð áhrif. Og eg vona, að

eg standi ekki einn uppi með þessa skoðun. Eg býst við, að ærið margir menn, er hingað til hafa verið bindindisstarfseminni hlyntir, snúi nú við henni bakinu, er gripið er til slíkra ráða sem þvingunarlaga.

Eg sagði áðan, að lög þessi gengju óhæfilega langt inn á sérmálasvið einstaklingsins — gengju alt of nærri einstaklingsfrelsinu. Eg skal að vísu játa, að örðugt er að finna því sviði skýr takmörk, og að oft er að ástæðulausu hrópað, að verið sé að skerða einstaklingsfrelsið, en ýms mál eru þó af öllum almenningi viðurkend sérmál einstaklinganna. Eg veit t. d. ekki betur, en að það sé alment viðurkent, að ekki verði með lögum fyrirskipað, hvernig menn skuli fara með sinn eigin líkama, hvernig þeir skuli ganga klæddir, að þeir skuli vera í þykkum og hlýjum fötum á veturna, en þunnum á sumrin, hvort þeir eigi að þvo sér einu sinni eða tvisvar á dag, eða hvað þeir megi borða. Og þó getur það haft afarmikla þýðingu fyrir þjóðfélagið, hvernig menn hegða sér í þessum greinum. Stórt böl getur af því leitt, víki menn hér frá réttum reglum, en eigi að síður snúa menn sér ekki til löggjafarvaldsins, heldur reyna með fortölum og fræðslu að fá menn til þess að laga það sem ábótavant er í fari þeirra í þessu efni. En með þessum lögum er gripið fram fyrir hendurnar á einstaklingunum í hinum allra þrengstu sérmálum — tekin af þeim ráðin með það, hvað þeir megi borða og drekka. Verði frumvarp þetta að lögum, er mönnum ekki að eins fyrirmunað að drekka áfenga drykki, heldur og að borða ýmsan mat, er ekki er hægt að búa til vínlaust. Gamlar húsmæður verða að fara að fylgja nýjum reglum, að því er matargerð snertir, menn geta ekki framar fengið uppáhaldsréttinn sinn, hófsmaðurinn ekki ölglas, templarinn ekki rommbúðing. Nær er varla hægt að ganga einstaklingsfrelsinu.

En áfengið er eitur — segja bannmennirnar —, en þá er líka margt annað eitur, sem vér neytum daglega. »Coffein« er t. d. líka eitur. Annars köllum vér ekki annað eitur en það, sem hættulegt er lífi eða heilsu manna, þótt tekið sé í smáum skömtum, og það er áfengið ekki. Menn geta verið við beztu heilsu, þótt þeir hafi drukkið flösku af brennivíni daglega í 40—50 ár. En um þetta tjáir ekki að þrátta, því það er orðin trúarsetning hjá bindindismönnunum.

Afleiðingarnar af þessum lögum hljóta að verða þær, að þegar menn finna, að þau brjóta eða koma í bága við eðlilegan og viðurkendan rétt einstaklingsins, þá missa þeir virðingu fyrir lögunum, en þar af leiðir að menn brjóta þessi lög, hvenær sem tækifæri gefst. Og það verða ekki að eins þessi lög, sem fyrir þessari lítilsvirðingu verða, heldur öll lög í heild sinni. Réttarmeðvitund þjóðarinnar er því stofnað í voða með lögum þessum, enda mun lagabrotum fjölga drjúgum. En þar sem búast má við, að menn treysti á fremsta hlunn til þess að brjóta slík þvingunarlög, og þar sem hinu opinbera er ómögulegt að líta svo vel eftir, að ekki takist að brjóta lögin, þá hlýtur öllum að vera það ljóst, að markmiðinu — algerðri útrýming áfengis — ná bindindismennirnir ekki á þennan hátt. Það hefir verið sýnt og sannað svo oft áður, að þess gerist ekki þörf að fara út í það hér, að bannlög þessi hafa stórkostlegan tekjumissi fyrir landsjóðinn í för með sér, og það getur enginn sannað mér, að landsmenn græði að sama skapi. Eg er í engum vafa um, að menn leggjast á einhvern annan óþarfa, sé vínið frá þeim tekið, og

undarlegt er það, að bindindismenn eru að öðru jöfnu vanalega ekkert efnaðri en hinir sem víns neyta, sé það í hófi. Þá ber þess að gæta, að mjög mikill hluti af andvirði áfengisins rennur í landsjóð sem tollur, leyfisgjöld og árgjöld. Því fé er í raun og veru alls eigi eytt í óþarfa, og missir þess er beinn skaði fyrir landsjóðinn. Ennfremur hafa margir menn atvinnu af sölu og veitingu áfengra drykkja, og þeir fá auðvitað tekjur sínar af því fé, er inn kemur fyrir áfengið; sá hluti andvirðisins fer því heldur ekki í óþarfa. Og síðast en ekki sízt mjög mikill hluti af áfengi því, er til landsins flyzt, er drukkinn af útlendingum. Missinn af toll- og atvinnutekjum af því víni, sem útlendingar kaupa, verður að telja beint peningatjón fyrir landið, og allan tekjumissinn, sem af bannlögunum flýtur, verður landsjóður að vinna upp með nýjum skattálögum.

Hvað undirbúning málsins snertir, felst eg algerlega á röksemdir minnihluta bannalaganefndarinnar í neðri deild, og um það er eg samdóma hinum háttv. þm. Akureyrar, að ekkert mál hefir fengið slíkan undirbúning. Undirbúningnum hefir verið þannig varið, að aðeins annar flokkurinn — bannmennirnir — hefir leitast við að afla málstað sínum fylgis, og til þeirrar »agitationar« hefir hann haft styrk úr landsjóði, en hinir, sem banninu eru andvígir, hafa bókstaflega ekkert gert; eftir slíkan undirbúning var ekki óeðlilegt, þótt $^2/_5$ hlutar kjósenda greiddu atkvæði með banninu; hitt er miklu undarlegra, að bannmennirnir skyldu ekki fá miklu stærri meirihluta. Og í þessum meirihluta eru ekki að eins þeir menn, er bann vilja hafa, heldur og fjöldi annara bindindishlyntra manna, en þessir $^2/_5$ er nei-atkvæðin greiddu, eru allir eindregnir andstæðingar bannlaganna. Það er því í meira lagi óvarlegt hjá háttv. þm. Akureyrar að fullyrða að meiri hluti myndi aftur fást fyrir bannlögum, væru þau borin undir kjósendur landsins að nýju. Eg býst einmitt við að menn færu því meira að hugsa um eðli málsins, að hér er meiri hluti að kúga minni hluta í máli, sem einstaklingarnir eiga heimtingu á að ráða, án íhlutunar frá þjóðfélagsins hálfu. Allur undirbúningur málsins hefir verið svo vaxinn, að þeir sem banninu fylgja ættu að forðast að minnast á hann einu orði.

Hinn háttv. þm. Akureyrar sagði, að það væri undarlegt að vilja skjóta þessu máli aftur undir atkvæði þjóðarinnar, jafn skýrt svar og hún hefði gefið 10. september. En í mínum augum er það ekkert undarlegt. Eg vona að almenningur þá áttaði sig á, að hér ei að eins um byrjun að ræða, næst verður tóbakið tekið frá oss, svo ýms matur, sem óhollur er talinn, þá föt, sem ekki er álitið holt að vera í, svo sem lífstykki sem mörg konan hefir skemt sig á, og svo koll af kolli. Dæmin nefni eg bara af handahófi.

Þá skal eg víkja að breytingartillögunum. Eg vil styðja allar breytingartillögur nefndarinnar, því að þær eru allar til bóta, og gangi lögin fram á annað borð, verða þau þó heldur viðunandi, séu þær breytingar samþyktar. En hinn sanni andi bannlaganna kom fram grímulaus í frumvarpsóskapnaði þeim, er fyrst var lagt fyrir þingið, og það er ekki bannmönnum að þakka heldur andstæðingunum, að bætt hefir verið úr hneyxlanlegustu göllunum.

Þá hefi eg leyft mér að koma fram með breytingartillögu á þgskj. 620, er fer í þá átt, að lögin komi ekki til framkvæmda, nema $^4/_5$ hlutar alþingiskjósenda greiði þeim atkvæði sitt við leynilega atkvæðagreiðslu, er fari fram síðari hluta ársins 1910, á sama degi um

land alt. Reyndar er eg þeirrar skoðunar, að meiri hlutinn eigi ekki að ráða um slík einstaklingsmál sem hér er um að ræða, en eigi endilega að knýja fram lög, sem þvingi svo og svo marga einstaklinga til þess að eta og drekka annað en þeir vilja, þá er þó ranglætið því umfangsminna, sem menn-irnir eru færri er fyrir þvinguninni verða. Eg álít, að greiði meira en $^1/_5$ kjósenda atkvæði gegn lögunum, eigi þau ekki að koma til framkvæmda, því að í raun og veru ætti ekki að lögleiða slíkt bann, þótt það væru að eins örfáir menn, sem í móti stæðu; því hefi eg komið fram með þessa breytingartillögu, og jafnframt með það fyrir augum, að svo mikil heilbrigð skynsemi sé til hjá þessari þjóð, að það verði meira en $^1/_5$ hluti hennar, er sjái hve sú braut er varhugaverð, sem lagt er inn á með lögum þessum, og ljái þeim því ekki atkvæði sitt. Bregðist þjóðin því trausti, verða hinir fáu í þetta skifti eins og oftar að líða fyrir skammsýni fjöldans. Annars finst mér það undarlegt af jafn-eindregnum þjóðræðismanni og háttv. þm. Akureyrar er, að berjast með hnúum og hnefum á móti því, að málinu sé af nýju skotið undir dóm þjóðarinnar. Hann verður þó að játa, að þótt meiri hluti fengist fyrir banninu 10. sept., þá er engan veginn full vissa fyrir, þegar litið er á undirbúning málsins, að það hafi verið sannfæring manna sem úr-slitunum réði í það sinn. Atkvæða-greiðslan var leynileg, segir háttv. þm. — en hvað gagnar leynileg atkvæða-greiðsla, þegar að eins annari hlið máls-ins er haldið að mönnum.

Þar sem sama háttv. þm. þótti það undarlegt, að heimta nú stærri meiri hluta en þann, er fekst 10. sept., vildi eg að eins benda á, að einmitt hann sjálfur hefir haldið því fram, að ekki bæri að lögleiða aðflutningsbann, nema yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar tjáði sig því fylgjandi. Og fjöldi bind-indismanna hefir lýst því yfir bæði í ræðu og riti, að þá fyrst ætti að banna aðflutning áfengis, er það væri að eins orðið örlítið brot af þjóðinni sem í móti mælti.

Eg býst við að háttv. þm. Akureyrar ef til vill svari einhverju af því, er eg nú hefi sagt, og skal eg því láta hér staðar numið að sinni, en tek kanske til máls síðar, gefi umræðurnar mér til-efni til þess.

Kristinn Daníelsson: Það er eiginlega breyt.till. á þgskj. 595 sem gefur mér tilefni til að standa upp. Hún stendur í sambandi við breyt.till. á þgskj. 590, en þar sem þessi till. hefir verið tekin aftur, þá er okkar till. líka sjálftekin aftur, og hefi eg umboð til að skýra frá því frá meðflutningsmönnum mínum. En jafnframt hefir mér verið falið að lýsa yfir því, að við tökum ekki aftur efni breyt.till.; við höldum fast við þá skoðun sem í till. felst, að lögin eigi að vera að öllu leyti gengin í gildi árið 1912. Við álítum þann tíma nægan til að undirbúa þá sem vínsölu hafa, til að taka lögunum og afleiðing-unum af þeim, og munum við greiða atkv. samkvæmt því.

Sömuleiðis vildi eg minnast nokkrum orðum á hinn margumtalaða undirbún-ing þessa máls. Því hefir marg oft verið haldið fram, að það hafi að eins verið undirbúið frá annari hliðinni. En eg verð að halda því fram, að ekkert mál hafi fengið eins mikinn og vand-legan undirbúning eins og þetta. Það eru um 20 ár síðan Goodtemplarar hófu baráttuna fyrir því. Allan þennan tíma hafa mótstöðumenn þessa máls haft til að andmæla því og vinna á móti því, enda hafa þeir gert það. Goodtempl-arreglan hefir allan þennan tíma verið að berjast við mótbárur. Auk þess var

á þinginu 1905 samþykt þingsályktunartillaga sem fól stjórninni að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu um bannið, samhliða alþingiskosningunum 1909. Eg skal geta þess, að ártalið hefir misgreinst í nefndaráliti miðhlutans í Nd.; það var ekki 1907, heldur 1905, sem tillagan var samþykt. Þessi 3 ár hafa því andmælendur bannsins vitað að atkvæðagreiðslan átti fram að fara, og haft tækifæri til að koma fram; því hafa þeir ekki gert það? Eg verð að halda því fram, að atkvæðagreiðslan hafi verið vandlega undirbúin og að öllu leyti vandað til hennar sem bezt mátti verða. Mál þetta hefir því sannarlega fengið vandlegan undirbúning, og þjóðin á heimting á því, að hún sé ekki dregin á lögunum né þýfguð með nýrri atkvæðagreiðslu um málið.

Þetta mál er nú orðið svo margrætt, að langar ræður eru þýðingarlitlar; eg geri ráð fyrir, að allir séu búnir að mynda sér ákveðna skoðun um það, og einn sannfæri ekki annan héðan af. Eg mun því ekki fara út í almennar athugasemdir, hvorki um hin bætandi áhrif bannsins á siðgæði manna, fjárhag landsins né því um líkt, enda hefir þegar verið á það minst hér. En eg get ekki stilt mig um að minnast á þær tvær aðalástæður, sem fram hafa verið færðar móti máli u nú á síðustu tímum; því nú hefir á þessum síðustu vikum skyndilega verið reistur mikill úlfaþytur móti því, sem gosið hefir upp eins og stormur upp úr ládeyðu, eftir þessa löngu þögn. Annari þessari ástæðu hefir aðallega verið haldið fram í nefndaráliti miðhlutans í Nd., en hinni utan þings aðallega, í ritum og á fundum. Fyrri ástæðan er sú, að ekki megi hefta athafnafrelsi einstaklingsins, og ekki verja fullveðja einstakling fyrir sjálfum sér. Hefting hins persónulega frelsis er heldur ekki augnamiðið með lögunum, heldur er hún að eins afleiðing þeirra. Annars get eg ekki kannast við þetta óbundna persónulega frelsi. Menn hafa kallað það skrælingjahátt, að binda það á þennan hátt. Það er einmitt miklu fremur menningareinkenni, því aðaleinkenni menningarinnar er hin »altrúistiska« takmörkun á frelsi einstaklingsins. Þessi takmörkun réttlætist vitanlega af því, að verknaður sá, sem bannaður er, gerir öðrum mikinn skaða. Auðvitað getur í mörgum tilfellum verið álitamál, hvort skaðinn fyrir almenning sé svo mikill, að ástæða sé til að hefta frelsi einstaklingsins vegna hans, en þá er ekki nema eitt ráð til, og það er að láta atkvæðafjöldann skera úr. Í þessu máli hefir atkvæðafjöldinn skorið úr. Það er dómur mikils meiri hluta þjóðarinnar, að svo mikið tjón geti leitt af vínnautn fyrir fjöldann, að ástæða sé fyrir löggjafarvaldið til að skerast í leikinn. Ekki býst eg við, að háttv. 6. kgk. þm. þurfi að bera kvíðboga fyrir því, að löggjafarvaldið fari að skifta sér af klæðaburði manna; það er tvennu ólíku saman að jafna, honum og vininu. Hin ástæðan, sem mótstöðumenn bannsins hafa haldið fram á móti því upp á síðkastið, eru þau uppalandi áhrif, sem þeir segja að frjáls aðgangur að vínnautn hafi. Mig furðar mjög á þessari ástæðu. Eins og það sé ekki betra að vera kominn að takmarkinu, en að vera að uppala sig til að ná því? Tökum t. d. ópíum, sem ekki má selja nema eftir læknisforskrift; skyldi nokkur maður vera á þeirri skoðun, að þörf sé á því, að veita mönnum frjálsan aðgang að ópíum, svo að menn geti lært að forðast það? Ekki býst eg við því. Hugsum okkur að áfengi væri útilokað á sama hátt og ópíum; mundi þá

nokkrum manni detta í hug að innfæra það aftur til að uppala menn í baráttunni gegn því?

Menn segja ennfremur, að ef bannið kæmist á og væri síðan afnumið síðarmeir, þá mundi áfengið koma yfir okkur eins og »eldvatnið« yfir siðlausar þjóðir; menn gera með öðrum orðum engan greinarmun á siðmentum og siðlausum mönnum, gera ekki ráð fyrir að siðmenningin hafi neina þýðingu!

Annars skal eg ekki fjölyrða meir um málið, því eg býst ekki við, eins og eg sagði áðan, að eg muni snúa neinum með því.

Steingrímur Jónsson: Eg stend upp til að lýsa því yfir, að eg er þessu frumvarpi algjörlega mótfallinn og mun greiða atkvæði á móti því, til að þvo hendur mínar af því, sem eg verð að kalla óhæfilega löggjöf. Um ástæður mínar til að vera móti málinu get eg verið stuttorður; þær eru hinar sömu sem háttv. 6. kgk. hefir þegar tekið fram. Aðalástæðan er sú, að með þannig lagaðri löggjöf er traðkað persónulegu frelsi einstaklingsins og sjálfstæði hans misboðið. Fullveðja mönnum eru bannaðir hlutir, sem löggjöfin hefir enga heimild til að blanda sér í, og verknaður er bannaður undir því yfirskyni, að varðveita fullorðinn mann frá vondu eftirdæmi; fullveðja menn á ekki að vernda með því að taka voðann frá þeim. Löggjafarvaldið fer hér út fyrir þau takmörk sem því eru eða eiga að vera sett. Og sé einu sinni byrjað á slíkri löggjöf, þá eru engin takmörk fyrir því, hve langt er hægt að fara. Hvað getur háttv. þm. V.-Ísf. sagt um það, hvort ekki verði farið að gefa lög um klæðaburð manna? Á tímum þessa ofsa geta fæðst enn verri »týrannar« en þeir, sem þetta mál flytja. Það er alstaðar viðurkent, að löggjafarvaldið verður að gæta þess vel, að fara ekki inn á svæði einstaklingsfrelsisins. Sagan sýnir, að siðferðisleg og menningarleg afturför er ávalt afleiðingin ef gengið er of nærri frelsi einstaklingsins; þar er óstjórnin mest, sem mest er þröngvað persónulegu frelsi manna.

Slík lög fara í bága við viðurkend mannréttindi um allan hinn mentaða heim, enda verða þessi lög, ef þau komast á, fyrstu lög í heimi, sem banna innflutning, sölu og nautn áfengis. Að vísu er það satt, að einu sinni var samþykt sams konar frumvarp í einu fylki í Ameríku, en það kom aldrei í gildi af því að hæstiréttur dæmdi, að kæmi í bága við stjórnarskrá Ameríkumanna, að bannaður væri innflutningur áfengis í forsigluðum umbúðum, adresseruðum til einstakra manna. Ameríkumönnum hefir aldrei síðan dottið í hug *innflutnings*-bann á áfengi. Eg hefi heyrt vitnað í það, að slík lög séu á prjónunum í Finnlandi, en eg hygg, að ekki sé rétt að hafa Finna að fyrirmynd í þessu; þeir hafa ekki farið svo vel að ráði sínu síðan þeir fengu stjórnarskrá sína.

Þessi lög eru því verri sem eg hygg alveg vafalaust, að tilgangurinn með þeim náist ekki. Þau ríða svo mjög í bága við réttlætistilfinning manna, að þau verða vafalaust brotin, og við það skapast nýr flokkur lögbrota, sem er stórhættulegur, af því hér er um þýðingarmikið mál að ræða, sem annars vegar snertir persónulegt frelsi manna og hins vegar áfengi. Áfengis verður neytt í laumi, og það er vitanlegt, að launnautn er verst og hættulegust.

Það hefir verið sagt, að þetta sé siðferðismál; því verð eg að neita. Að vísu er það siðferðistakmark, að létta áfengisbölinu af þjóðinni, en það er ekki siðferðismál, að gera það með banni, heldur með því að kenna þjóðinni að fara svo með áfengið, að það geri ekki skaða, því það er vitanlegt, að áfengið

er, eins og aðrar guðs gjafir, ekki ilt nema þess sé neytt í óhófi.

Það hefir sömuleiðis verið sagt, að þetta sé heilbrigðismál. Auðvitað á áfengisnautnin, þar sem hún er óhóflega mikil, mikinn þátt í að veikja þjóðirnar. En hér á það ekki við, því drykkjuskapur er nú orðið mjög lítill hér.

Hér er sannarlega margt stærra heilbrigðisböl en áfengið, margt sem eyðileggur þjóð vora meir og fljótar, því áfengið drepur mjög seint.

Það sem mér þykir einna athugaverðast við þetta mál er það, að þessi aðferð til að útrýma áfengisbölinu verður vafalaust til að eyðileggja allan bindindisáhuga og máske bindindissemi í landinu; að lögin verða til að eyðileggja það sem hefir bygt þau upp. Goodtemplarreglan hlýtur að leysast upp þegar bannið er komið á, því að þá er starfi hennar lokið, en hún hefir átt mikinn þátt í að auka bindindisáhuga og bindindissemi hér. Og verði afleiðingin þessi, þá er verr farið en heima setið.

Háttv. þm. V.-Ísf. neitaði því, að með lögunum yrði settur skrælingjastimpill á þjóðina. En því verður ekki mótmælt. Í augum útlendra þjóða hljóta lögin að verða skrælingjastimpill á okkur. Við setjum okkur með þeim á bekk með Grænlendingum. Munurinn er að eins sá, að hér er það alþingi sem setur lögin, en í Grænlandi eru það dönsk stjórnarvöld. Stimpilinn setjum við á okkur, og hann segir, því miður, dálitið rétt til. Með banninu gerum við ekki annað en að veikja þjóðina gagnvart áfenginu, ef því verður hleypt inn í landið aftur síðar meir, og sömuleiðis veikjum við gagnvart því þá menn, sem fara héðan til annara landa. Bannlög hækka því ekki menninguna, eins og háttv. þm. V.-Ísf. vildi halda fram, heldur skerða þau hana. Flestar menningarþjóðir heimsins hafa ávalt haft áfengið sem eitt helzta neyzlu-efni.

Þá er ein hlið þessa máls sem ekki má gleyma, og það er fjárhagslega hliðin. Með því að svifta landsjóð áfengistollinum, stofnum við landinu í fjárhagsleg vandræði. Auðvitað væri þetta engin ástæða, ef það væri rétt sem bannvinirnir segja, að með banninu sparaðist jafnmikið fé eða meir en tollinum nemur. En það er alls ekki rétt. Útlendingar kaupa svo mikið vín hér, að við það kemur fullkomlega eins mikið fé inn í landið, eins og út úr því fer fyrir vín. Við sköðumst því vafalaust á banninu, og það borgar sig varla, þegar litið er á það, hve áfengisnautn hefir minkað meðal landsbúa.

Menn byggja það á þessari margumræddu atkvæðagreiðslu, að lög þessi eigi að ná samþykki; en það er alls ekki rétt, að byggja á þessari atkvæðagreiðslu, því þjóðinni var eigi skýrt frá, að í vændum væru svona ströng bannlög. Menn eru alt af að miða við einhver lög, sem eiga að vera til einhversstaðar í Ameríku um þetta efni. Og það má benda á fjölda flugrita, sem dreift er út um bæinn nú um þingtímann um þetta mál, og eru þau svo svæsin sum þeirra, að sjálfur stórtemplar neyddist til að taka það fram á fundi hér fyrir skömmu, að þessi flugrit væru ekki á ábyrgð stórstúkunnar, heldur þeirra manna, sem þau sendu út. Það eru með öðrum orðum einhverjir menn, sumir hverjir eflaust ekki birgðir alt of mikilli þekkingu, sem leika lausum hala til þess að »agitera« í fólki og jafnvel blekkja menn.

Það hefir aldrei verið sýnt fram á það enn, hvar landsjóður ætti að fá uppbót fyrir þann tekjumissi, sem hann verður fyrir ef þessi lög komast á. Bóndinn hefir ekki verið spurður að, hvort hann vildi að ábúðarskatturinn yrði hækkað-

ur um helming, eða sykurtollurinn um 2 aura á pundið; það hefir að eins verið barið fram að féð kæmi af því, að menn hættu að drekka. Bóndanum hefir heldur aldrei verið sagt, að útlendingar drykkju $^2/_5$ hluta af öllu því, sem hér er drukkið. Aðflutningsbann hefir þjóðin því aldrei réttilega samþykt, það hefir verið laumast að þjóðinni með það. Mér er ekki unt að segja hvað þjóðin myndi segja um þetta mál, ef það væri borið undir hana aftur og henni sagt frá öllum málavöxtum, og það má vera að þjóðarvilji sé meiri fyrir þessu en eg hygg hann sé. Það er að vísu rétt, að með málinu hafa um 5000 manns greitt atkvæði, en það er eigi nema hér um bil $^5/_{12}$ hlutar af kosningarbærum mönnum í landinu, svo það er ómögulegt að segja að meiri hluti þjóðarinnar hafi samþykt það.

Eg skal þá snúa mér að einstökum greinum frumvarpsins. Í fyrstu grein þess er talað um hvað bannað skuli að flytja til landsins, nfl. alt sem meir en $2^1/_4{}^0/_0$ af alkóhóli er í. En eg get ekki betur séð en að þetta mark $2^1/_4{}^0/_0$ sé sett alveg af handahófi, því annað hvort hygg eg að banna ætti að flytja til landsins alt, sem áfengi er í, hversu lítið sem það er, ef það að eins verður fundið með alkóhólmæli, eða þá að miða við þann styrkleik, þegar áfengið fer að verða skaðlegt til neyzlu. Og þar er einmitt það, sem menn ættu að beinast að í baráttunni á móti áfenginu, hið óblandaða eða lítið blandaða áfengi, »concentrerað alkóhól«, því það er eitur og þar af leiðandi skaðlegt til drykkjar. En aftur á móti eru mörg vín öldungis skaðlaus, t. d. mörg hvít vín, létt öl o. fl.; og sum vín eru beinlínis holl, t. d. sum rauðvín, og er hæpið að bindindismenn geti bent á betri drykki. Markið hefði því annað hvort átt að vera hærra eða lægra.

Þó eg sé algjörlega á móti anda þessara laga, þá er eg þó samdóma háttv. 6. kgk. um það, að það verði að gera þau svo sæmilega úr garði sem unt er, fyrst þeim er dembt á þjóðina hvort sem er. Eg skal sérstaklega taka það fram, að eg er með breytingartillögunni við 9. gr., af því eg sé að hún miðar til sparnaðar fyrir landsjóð. Ef vínsölubannið ætti að ganga í gildi 1912, þá yrði landsjóður eflaust að greiða stórmikið fé fyrir þær vínbirgðir, sem þá væru eftir í landinu. Það er því næg ástæða til að fá þessa breytingartillögu samþykta. Eg skal að lokum taka það fram, að eg er algerlega samþykkur breyt.till. á þskj. 620, um að málið verði að nýju borið undir atkvæði þjóðarinnar, og það af þeim ástæðum, sem eg þegar hefi skýrtfrá.

ATKV.GR.:

Br.till. á þskj. 590 voru teknar aftur.

Br.till. á þskj. 595 sjálf-fallin.

1. br.till. (619) við 1. gr. sþ. í e. hlj.

1. gr. þannig breytt sþ. með 8 atkv. samhlj.

2. br.till. (619) við 2. gr. a. sþ. m. 10 atkv. samhlj.
   Br.till. (619) við 2. gr. b. sþ. m. 11 atkv. samhlj.
   Br.till. (619) við 2. gr. c. sþ. í e. hlj.
   Br.till. (619) við 2. gr. d. sþ. m. 12 samhlj. atkv.
   Br.till. (619) við 2. gr. e. sþ. í e. hlj.
   Br.till. (619) við 2. gr. f. sþ. í e. hlj.
   Br.till. (619) við 2. gr. g. sþ. með 12 samhlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. m. 9:2 atkv.

3. gr. frv. sþ. með 8:1 atkv.

3. Br.till. (619) við 4. gr. a. sþ. m. 10 samhlj. atkv.
   Br.till. (619) við 4. gr. b. sþ. m. 12 samhlj. atkv.
   Br.till. (619) við 4. gr. c. sþ. m. 12 samhlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. m. 8:3 atkv.

4. Br.till. (619) við 5. gr. sþ. m. 9:4 atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 8 : 3 atkv.
5. Br.till. (619) við 6. gr. a. sþ. m. 12 atkv. samhlj.
Br.till. (619) við 6. gr. b. sþ. í e. hlj.
Br.till. (619) við 6. gr. c. sþ. með 12 atkv. samhlj.
Br.till. (619) við 6. gr. d. sþ. m. 11 atkv. samhlj.
Br.till. (619) við 6. gr. e. sþ. í e. hlj.
6. gr. þannig breytt sþ. m. 9 : 1 atkv.
6. Br.till. (619) við 7. gr. sþ. í e. hlj.
7. gr. þannig breytt sþ. með 9 : 1 atkv.
8. gr. frv. sþ. með 8 : 1 atkv.
7. Br.till. (619) við 9. gr. a. sþ. m. 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelss.,
Ari Jónsson,	Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring,	Jens Pálsson,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Júlíus Havsteen,	Sigurður Hjörleifss.,
Lárus H. Bjarnason,	Sigurður Stefánsson.
Stefán Stefánsson.	

7. Br.till. (619) við 9. gr. b. sþ. í. e. hlj.
9. gr. þannig breytt sþ. m. 8 atkv. samhlj.
8. Br.till. (619) sþ. m. 11. atkv. samhlj.
10. gr. frv. þá sjálf-fallin.
9. Br.till. (619) sþ. í e. hlj.
10. Br.till. (619) við 11. gr. a. sþ. í e. hlj.
Br.till. (619) við 11. gr. b. sþ. í e. hlj.
Br.till (619) við 11. gr. c. sþ. m. 12 atkv. samhlj.
11. gr. þannig breytt, sem verður 12. gr., sþ. m. 8 : 1 atkv.
11. Br.till. (619) við 12. gr. sþ. m. 12 atkv. samhlj.
12. Br.till. (619) við 13. gr. sþ. í e. hlj.
13. Br.till. (619) við 14. gr. a. sþ. m. 11 atkv. samhlj.
Br.till. (619) við 14. gr. b. sþ. m. 12 atkv.
Br.till. (619) við 14. gr. c. sþ. í e. hlj.
14. gr. breytt, sem verður 13. gr., sþ. m. 8 : 1 atkv.
14. Br.tlll. (619) við 15. gr. sþ. í e. hlj.
15. gr., sem verður 14. gr., sþ. m. 8 atkv. samhlj.
15. Br.till. (619) við 16. gr. a. sþ. m. 11 atkv. samhlj.
Br.till. (619) við 16. gr. b. sþ. m. 11 : 1 atkv.
Br.till. (619) við 16. gr. c. sþ. m. 12 atkv. samhlj.
16. gr. breytt, sem verður 15. gr., sþ. m. 8 : 1 atkv.
16. Br.till. (619) við 17. gr. sþ. í e. hlj.
17. gr. breytt, sem verður 16. gr., sþ. með 8 : 1 atkv.
17. Br.till. (að 18. gr. óbreytt verði 17. gr.) sþ. m. 8 : 1 atkv.
18. Br.till. (að 19. gr. óbreytt verði 18. gr.) sþ. m. 8 : 1 atkv.
19. Br.till. (619) við 20. gr. sþ. með 10 samhlj. atkv.
20. gr. breytt, sem verður 19 gr., sþ. m. 8 samhlj. atkv.
20. Br.till. (að 21. gr. óbreytt verði 20. gr.) sþ. m. 8. samhlj. atkv.
21. Br.till. (að 22. gr. óbreytt verði 21. gr.) sþ. m. 8 samhlj. atkv.
22. Br.till (619) við 23. gr. a. sþ. m. 9 samhlj. atkv.
Br.till. (619) við 23. gr. b. sþ. m. 8 samhlj. atkv.
23. gr. sjálf-fallin.

Viðaukatillaga (620) feld með 7 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

Frumvarpið samþykt m. 8 : 4 atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 8 : 5 atkv.

Þriðja umræða; 28. apríl. (A. 653, 654).

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Það hafa komið frá nefndinni 2 litlar breytingartillögur sem í raun-inni eru ekki annað en orðabreytingar. Eg skal líka geta þess, að í 7. gr. stendur 10 en á að vera 11; en þetta mætti víst leiðrétta sem prentvillu.

Hér í deildinni urðu nokkrar umræður um frv. við 2. umræðu, og varð satt að segja nokkuð snögt um hvernig þeim lauk; mér sýnist því nokkur ástæða til þess að minnast lítilfjörlega á þær mótbárur, sem fram komu þá gegn málinu. Eg skal vera stuttorður, því þessi andmæli voru ekki veigameiri en svo, að það var naumast hægt að muna þau stundinni lengur. Einn háttv. þm. komst svo að orði, að hann vildi þvo hendur sínar af samþykt frumv. Það tel eg honum ekki of gott. Ein mótbára festist í minni mínu. Það var sagt að frv. væri skerðing á persónulegu frelsi manna. Eg er á alt öðru máli um þetta atriði. Eg veit ekki betur en að þjóðfélagið hafi leyfi til þess að hefta persónulegt frelsi, ef því þykir þess þurfa. Og þá er spurningin sú, hvort hér standi svo á í þessu máli. Hér er um eitur og meðferð á eitri að ræða, og það má líta svo á, sem þetta sé útvíkkun á eiturlöggjöfinni hér á landi. En því hefir líka verið neitað hér í deildinni, að um eitur væri að ræða, og það eitt kallað eitur, sem hefði skaðleg áhrif á mannlegan líkama í smáum skömtum. Eg vil ekki segja að þessi »definition« sé beint röng, en hún er mjög ónákvæm. Hins vegar er það vísindalega sannað, einmitt að því er snertir áfengi, að það hafi skaðleg áhrif á mannlegan líkama — að það sé eitur — enda þótt það sé gefið í smáskömtum. Það er t. d. enginn vafi á því, að áfengi verkar lamandi á skynjunarfæri mannsins þegar það er gefið í smáskömtum.

En nú er rétt að gera mun á eitri og eitrun, gera mun á því að vera drukkinn og að vera drykkjumaður. Eiturverkanir áfengis eru svo ótvíræðar og kunnar, að það þarf ekki að færa nein rök að því, að þær eigi sér stað. Eitrunin er tvennskonar, »akut« og »kronisk«. Önnur eitrunin segir fljótt til sín; ef einhver sést drukkinn, þá vita allir, að hann hefir eitrið í sér. Hin eitrunin leynir sér meira fyrir almennings augum.

Áfengiseitrun yfir höfuð er svo almenn, að þjóðfélagið hefir ekki að eins rétt, heldur og skyldu, til að taka hana til greina, og reyna að koma í veg fyrir hana. Þessi eitrun er hér miklu almennari og gerir meira tjón en nokkur önnur eitrun. Nú er bannað að selja hér aðar tegundir eiturs, og þjóðfélaginu ætti að vera því meiri ávinningur að koma í veg fyrir áfengiseitrunina, sem bæði er almennust og hættulegust þjóðinni. Því að þess er einnig að gæta, sem eg hefi ekki minst á, að auk þess sem einstaklingarnir verða fyrir eitrun af áfenginu, þá hefir áfengisnautnin líka í för með sér eitrun kynslóðarinnar allrar smátt og smátt. Það er reynsla fyrir því, að þar sem áfengisnautn er mikil, deyja kynslóðirnar út, ef ekkert er að gert.

Eg skal aðeins drepa á það, að menn hafa fært það til sem ástæðu á móti þessum lögum, að það væri hart að leyfa ekki útlendingum að drekka hér í landinu. Já, það eru ljótu vandræðin! Eg held að þetta sé fremur léleg ástæða, frá siðferðislegu sjónarmiði séð. Eigum við að láta okkur standa á sama, hvernig útlendingar hegða sér hér í landinu, þó að þeir gangi hér um meira og minna vitlausir af ölæði, bara ef landsins börn eru laus við löstinn? Eg held síður en

svo. Það eru til staðir hér á landi, þar sem herða þarf á lögregluefti rliti einmitt vegna drykkjuskapar útlendinga. Og slíkt hefir í för með sér kostnað fyrir landsjóð, þó ekki væri annað.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði við 2. umr. þessa máls, að áfengiseitrið að vísu dræpi, en það dræpi mjög seint. Þetta er ekki alls kostar rétt. Áfengið verður þess oft valdandi, að menn deyja mjög fljótlega. Hefir ekki hver maður heyrt ótal dæmi þess, að slysfarir hljótast beint af því, að menn hafa verið ölvaðir? Menn detta af hestbaki í á, fara óvarlega á sjó, svo það veldur slysi o. s. frv. Í öllum slíkum tilfellum drepur áfengið sannarlega ekki seint, það drepur einmitt mjög fljótt. Og þess konar tilfelli eru alls ekki fágæt.

Það hefir verið sagt, að menn hafi ekki haldið uppi neinni vörn fyrir áfengið fyrir 10. sept. í haust, og því sé ekki að marka atkvæðagreiðsluna. En af hverju vantaði vörnina? Af engu öðru en því, að þeir menn, sem halda vilja áfenginu, eru orðnir í miklum minni hluta. Mótspyrnan á móti þeim, sem berjast fyrir útrýming áfengisins, er orðin algerlega lömuð. Það eru ekki mörg ár síðan að hver maður, sem »agiteraði« fyrir bindindishreyfingunni, var svívirtur á allar lundir. Nú er hugsunarhátturinn orðinn alt annar, hann er orðinn svo breyttur, að nú er ekki hægt að halda uppi »agitation« á móti útrýming áfengis úr landinu.

Það hefir enn verið haft á móti bannlögunum, að við værum fyrstir allra þjóða til að lögleiða þau. Eg veit ekki hvort þetta er rétt. En ef svo er, þá vil eg segja: Guði sé lof, að við erum fyrstir. Alstaðar er verið að berjast á móti áfenginu, og það væri mikill sómi fyrir okkur, ef við yrðum fyrstir til að leiða þá baráttu til sigurs. Eg er viss um, að við getum ekkert gert það, er veki meiri eftirtekt á okkur á meðal menningarþjóða heimsins.

Júlíus Havsteen: Eg skal ekki tala margt um þetta frumvarp nú. Eg ætla að eins að kveðja það, áður en það verður afgreitt héðan úr deildinni.

Það hefir verið talað um, að hjá öðrum þjóðum væri fordæmi fyrir slíkum lögum, og þá sérstaklega vitnað í ýms fylki í Ameríku, einkum Maine, þar sem templarar hafa sagt að væri algert aðflutningsbann og hefði gefist vel. Eg hefi fengið nokkrar upplýsingar um þetta og komist að því, að frásagnir templara eru ekki alveg réttar. Bannið í Maine er ekki algert, heldur »partielt«. Það eru bannaðar sumar tegundir áfengis til þess að innflutningur þeirra skaði ekki atvinnu landsmanna, sem stunda eplarækt, en úr eplunum er búinn til sá drykkur, er nefnist »Cider«, og sem er alláfengur og nær alt að því 7 gráða styrkleika. Það hefir verið reynt að koma algerðu aðflutningsbanni á í 17 fylkjum, en það hefir alstaðar mistekist, nema ef til vill í einu þeirra. Lögin hafa verið brotin og þótt gera meiri skaða en gagn.

Háttv. 6. kgk. þm. leiddi ljós rök að því, að slík lög væru illa viðeigandi og óhæf, þar sem þau skertu rétt manna til að ráða sér sjálfir, skertu persónulegt frelsi manna. En háttv. þm. V.-Ísf. kvað slíka skerðing frelsisins réttlætast af því, að hér væri að ræða um þjóðarböl, sem nauðsynlegt væri að stemma stigu við. Þetta er léttvæg ástæða þegar þess er gætt, að Íslendingar eru nú sú þjóð, sem minst neytir víns allra mentaðra þjóða.

Háttv. þm. Akureyrar komst töluvert út frá aðalefninu og fór að tala mikið um, að áfengið væri eitur. En hvað kemur það málinu við? Það getur

ekki réttlætt það, að skerða frelsi manna, enda reyndi háttv. þm. ekki að færa fram neinar röksemdir í þá átt.

Aðalástæðan á móti þessum lögum er sú, að þau verða ekki til neins gagns. Þá ástæðuna legg eg mesta áherzlu á, og hitt einnig, að þau verða okkur til minkunar í augum annara þjóða. Aðrar þjóðir halda að við séum drykkjuræflar, úr því nauðsyn er á slíkum lögum. Það er þvert á móti því, að bannlög verði okkur til lofs og frægðar; þau setja brennimark á þjóðina, sem ef til vill verður ómögulegt að afmá aftur. Því að ef við nemum lögin úr gildi aftur, þá segja útlendingar: Þarna sjáum við, þeir gátu þó ekki án áfengis verið.

Enn er þess að geta, að við megum vel búast við því, að útlendar þjóðir vilji ekki láta okkur haldast uppi slík lög. Það eru stór lönd til, sem lifa aðallega á vínframleiðslu, og þeim er eðlilega illa við bannlög á móti víni. Mikið af því víni, sem hingað kemur til lands, kemur frá Frakklandi, sumpart framleitt þar og sumpart flutt þangað frá Spáni og Ítalíu. Eg tel víst, að háttv. þingmönnum sé kunnugt um, að einn fjármálaráðgjafi Dana ætlaði að innleiða stimpilgjald á víni í Danmörku. En hann varð að hætta við það af því, að þá komu hótanir frá Frakklandi um, að Danir fengju þá ekki lán, sem þeir voru þá að sækja um þaðan, og að dönsk verðbréf yrðu ekki »nóteruð« í kaupmannahöllinni í París. — Þetta sýnir, að aðrar þjóðir láta ekki bjóða sér alt, þegar um það er að ræða að leggja bönd á viðskifti manna.

Eg held að þessi lög gætu orðið okkur til skaða á marga lund, og hlýt eg því að vera þeim algerlega mótfallinn.

Agúst Flygenring: Það er eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem eg vildi minnast á. Hafa bannmennirnir gert sér ljóst, hvort frumvarpið muni ná konungsstaðfestingu? Eg vil ekki greiða atkvæði með neinu máli, sem líklegt er að ekki nái samþykki konungs.

Í öðru lagi vildi eg gjarnan vita, hvort menn hafa gert sér ljóst, hver áhrif slík lög kunna að hafa á viðskifti landsins við útlönd. Eg álít undirbúning málsins óforsvaranlegan, svo lengi sem þetta atriði er ekki rannsakað. Eg veit ekki betur, en að þessi lög yrðu skýlaust brot á móti verzlunarsamningi á milli Dana og Spánverja, og gæti því vel svo farið, að þetta yrði til stórvægilegs hnekkis fyrir aðra helztu atvinnugrein okkar Íslendinga, ef út af því risi umkvörtun eða ýfingar frá Spánverjum eða öðrum erlendum þjóðum, er Danir hafa gert verzlunarsamning við. Eins og allir vita, eru það Spánverjar, sem kaupa mestallan okkar saltfisk. Eg get ekki verið með málinu fyr en þetta atriði er rannsakað. Og það því síður, sem ástandið í landinu, hvað áfengisnautn snertir, er ekki verra en svo, að vel má við una á meðan verið er að afla sér upplýsinga að þessu leyti. Vínsölubann er nú orðið víða á landinu, og er alt af að smá komast á á fleiri og fleiri stöðum.

Bindindishreyfingin fer alt af vaxandi í landinu. Templurum er þakkað það, og eflaust eiga þeir mikið af því þakklæti skilið. En eg vil þó benda á, að það er ekki eingöngu templurum að þakka, að minna er drukkið og öðru vísi drukkið en áður var. Það er líka að þakka því, að háttsemi manna yfirleitt hefir breyzt, eftir því sem þjóðin hefir komist á hærra þroskastig. Það er með þetta sem annað, að siðir manna breytast jafnframt því sem menningin vex. Og hvað vínnautn snertir, er breytingin svo mikil, að nú orðið sjást varla nein hneyksli af vínd rykkju. Eg get mörgum fremur dæmt um þetta,

því að eg hefi verið mikið með þeirri stétt manna, sem helzt misbrúkar áfengi; það er sjómannastéttin. Misbrúkun áfengis meðal þeirra fer alt af minkandi.

Það þýðir því ekki neitt að vera að tala um yfirvofandi eymd og hörmungar, ef aðflutningur víns verður ekki bannaður með lögum. Og það að tala um, að almenningur hafi eitrast af áfengisnautn, er æði mikið sagt. Slík eitrun á sér auðvitað stað um einstöku menn, en hitt er alt of djúpt tekið í árinni, að segja slíkt alment.

Það vantar á undirbúning málsins, að rannsaka þessi atriði, sem eg gat um áðan. Og í öðru lagi að upplýsa þjóðina um það, hvernig þeir skattar eigi að koma niður, sem eiga að koma í staðinn fyrir víntollinn. Það er ekki víst að mönnum sé alveg sama, hvar eða hvernig þeir peningar verða teknir. Því væri rétt að benda þjóðinni á þann gjaldstofn, sem koma á í staðinn, áður en bannlögin eru samþykt. Fyr er málið ekki nægilega undirbúið.

ATKV.GR:

1. br.till. (653) við 2 gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.
2. br.till. (653) við 7. gr. samþ með 11 samhlj. atkv.

Frv. í heild sinni samþ með 8:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jósef Björnsson,	Stefán Stefánsson.
Lárus H. Bjarnason,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Stefánsson.	

Frv. sendist aftur forseta Nd.

Alþingiskosningarlög.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903 (A. 231); 1. umr., 18. marz.

Sigurður Stefánsson: Frumvarp þetta er komið frá neðri deild, en hefir inni að halda ýms ákvæði, sem þurfa athugunar við, sérstaklega ákvæðið um færslu kjördagsins. Um það ákvæði eru mjög skiftar skoðanir. Mér finst því full ástæða til að athuga frumv. í nefnd, og legg til að skipuð verði 3 eða 5 manna nefnd í málið.

Kristinn Daníelsson: Eg álít heppilegra að setja 5 manna nefnd í málið. Starfið er ekki mikið og verður því ekki að ræða um neina verulega eyðslu á kröftum deildarinnar. En vegna kjördagsfærslunnar er æskilegt að sem flestir menn, kunnugir í sem flestum héruðum, beri ráð sín saman.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að skipa 5 manna nefnd í málið. Í nefndina voru kosnir:

Jens Pálsson,
Kristinn Daníelsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Stefán Stefánsson,
Steingrímur Jónsson.

Önnur umræða, 13. apríl (A. 231, 422).

Framsögumaður (Steingrímur Jónsson): Nefndin hefir álitið, að frumvarpið ætti skilið að verða að lögum, með því að breytingarnar, sem það gerir á lögunum frá 3. okt. 1903, væru til töluverðra bóta. Og sumar breytingarnar eru bráðnauðsynlegar, t. d. breytingin í 4. gr. frv., er snertir kosningarrétt blindra manna og annara, sem ekki eru færir um að kjósa á fyrirskipaðan hátt. En jafnframt álítur nefndin

að athuga þurfi og breyta enn ýmsum atriðum í kosningarlögunum frá 1903, um fram það, sem ræðir um í þessu frumvarpi. Enda er það mjög eðlilegt, að slík gerbreytingalög, sem kosningalögin, þurfi nokkurra lagfæringa við, eftir að menn hafa fengið tækifæri til að kynnast annmörkum, sem á þeim kynnu að vera í framkvæmdinni. Nefndin hefir sem sagt álitið, að fleira þurfi að athuga en gert er í frumvarpinu, og því hefir hún komið fram með nokkrar breytingartillögur.

Fyrst eru nokkrar breytingar á orðum og innihaldi 1. gr. frumvarpsins. Aðalbreytingin er innifalin í því, að aukakjörskrá skuli samin síðar á árinu en aðalkjörskrá, ekki fyr en í fyrri hluta maímánaðar, og liggja frammi 7 daga, frá 15. maí að telja. Nefndin álítur, að aukaskráin komi að betra gagni á þennan hátt, því að það er oft mjög erfitt fyrir þá, sem kjörskrár semja, að vita hverja ber að færa inn á aukaskrá, ef hún er samin um leið og aðalskráin, þegar í janúarmánuði. Það er ekki gott að vita það í janúar, hverjir kunni að vera búnir að uppfylla skilyrðin til að komast á aukaskrá í byrjun kjörtímabils. Auk þess er þá hægt að setja þá menn á aukaskrána, sem af vangá hafa fallið burt af aðalskránni og ekki geta komið fram með aðfinslur út af því í tæka tíð.

Um 2. breyt.till. er lítið að segja. Hún er að eins um það, að með kærur út af aukaskrá skuli fara sem kærur um aðalskrá, en þó þannig, að frestir allir séu $^1/_3$ styttri. Nefndinni þótti ekki ástæða til að hafa frestina eins langa á þeim tíma árs, eins og á vetrardegi, þegar samgöngur eru einatt erfiðar, og oft ilt að ná til sýslumanns eða bæjarfógeta í tæka tíð. En nauðsynlegt að aukakjörskráin komi til oddvita yfirkjörstjórnar fyrir 1. júlí.

3. breyt.till. er um það, er frambjóðandi deyr eftir að framboðsfrestur er liðinn, eða rétt áður en hann er útrunninn. Eins og nú er, getur oft svo farið, að sá flokkur, sem veitti kjörfylgi hinum dána frambjóðanda, geti engum greitt atkvæði. Úr þessu vill nefndin bæta með því, að þá megi annar maður bjóða sig fram innan 8 daga. Auðvitað getur hið sama líka komið fyrir þrátt fyrir þessa breytingu, nefnilega ef frambjóðandi deyr fyr en 3 sólarhringum áður en framboðsfrestur er liðinn, en þó svo seint, að ekki verði við komið að ná í nýjan frambjóðanda. En slík tilfelli hljóta að verða mjög sjaldgæf, og breytingin því til mikilla bóta. En rétt þennan vill nefndin ekki veita nema fylgjendur hins dána sýni verulegan áhuga og fylgi við hinn nýja frambjóðanda.

Loks er síðasta breyt.till. um það, hvernig fara skuli að þegar kosning ferst fyrir sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Í kosningalögunum er að eins gert ráð fyrir að kosning fyrirfarist af því að kjörseðlar glatist, en nefndin álítur réttara að taka það fram berum orðum, að sama gildi og, þó að það stafi af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

Þá er kjördagurinn. Nefndin gat ekki orðið á einu máli um það atriði, og hefir ekki komið fram með neina breyt.till. hvað það snertir, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera það við 3. umræðu. Það eru mjög skiftar skoðanir um það, hvaða dagur sé heppilegastur kjördagur, og líklega er enginn sá dagur til á árinu, er hentugur sé fyrir alla landshluta.

Eg sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að sinni, en vona að háttvirt deild taki breytingartillögum nefndarinnar vel og láti frumv. ganga áfram sína leið.

ATKV.GR.:
1. br till. (422) við 1. gr. frv. samþ. í einu hlj.
1. gr. frv. þá sjálf-fallin.
2. br.till. við 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. gr. frv. (sem verður 3. gr.) samþ. í e. hlj.
3. br.till. (ný gr., sem verður 4. gr.) samþ. í e. hlj.
3. gr. frv. (sem verður 5. gr.) samþ. í e. hlj.
4. gr. frv. (verður 6. gr.) samþ. í e. hlj.
5. gr. frv. (verður 7. gr.) samþ í e. hlj.
4. br.till. (viðbót sem verður 8. gr.) samþ. í e. hlj

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Samþykt í einu hljóði, að frumvarpið þannig breytt gangi til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 15. apríl (A. 451).

Frumv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og sendist aftur forseta neðri deildar.

Borgaralegt hjónaband.

FRUMVARP til laga um breyting á ákvæðum laga 19. febr. 1886 að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi (A. 96). 1. umr.; 6. marz.

Kristinn Daníelsson: Mér finst bæði rétt og sanngjarnt, að utanþjóðkirkjumenn fái sama rétt í þessu efni og þjóðkirkjumenn hafa, þann rétt, að geta keypt sig undan lýsingarskyldu á undan hjónabandi. Eg vil því stuðla að því, að frumvarpið nái fram að ganga. En eg vildi að eins gera athugasemd um síðari málsgrein frumv.; ákvæði það, hvar og hvenær hjónavígslan fari fram, finst mér óviðkunnanlegt og óþarft. Það er ekkert sams konar ákvæði um skyldur presta í þessu efni; slíkt fer eftir samkomulagi, og verða aldrei nein vandræði að. Og eg sé ekki, að nein ástæða sé til að hafa slíkt skylduákvæði um valdsmenn fremur en um presta. Þetta skiftir auðvitað ekki miklu máli, en mér finst það óviðkunnanlegt og kem ef til vill með breytingartillögu við 2. umræðu um það að fella þetta ákvæði burtu.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr.; 9. marz (A. 96; 129).

Kristinn Daníelsson: Eg mintist þegar við 1. umr. frumvarpsins á það, að eg gæti ekki felt mig við síðari málsgrein þess, og hefi eg nú komið með breytingartill. um að fella hana burtu. Hún inniheldur tvö atriði sem bæði eru óviðkunnanleg og óþörf.

Eg skal taka síðara atriðið fyrst, ákvæðið um að gjalda skuli valdsmanni ferðakostnað. Þetta er beinlínis ákveðið í 6. gr. laga þeirra, er vitnað er til í frumv. (l. 19. febr. 1886), þar sem stendur: »Nú þarf valdsmaður að takast ferð á hendur, til að gefa hjón saman, og skal þá greiða honum dagpeninga og farareyri« o. s. frv. Í frv. er því verið að segja að fara skuli eftir því, sem þegar er ótvíræð lög, og er auðsætt að það er óþarft.

Að því er snertir fyrra atriðið, er það augljóst af því sem eg las upp áðan, að í hinum upprunalegu lögum er gjört ráð fyrir því, að valdsmaður þurfi að takast ferð á hendur, og er því óþarft að taka það fram í frumv., að »ósk brúðhjónanna um, hvar og hvenær hjónavígslan skuli fara fram, skal valdsmaður taka til greina«. Auk þess er ákvæði þetta óviðkunnanlegt þegar litið er á það, að engin slík ákvæði eru um störf presta, heldur er þetta látið vera sjálfrátt mál og samningsatriði, eins og eðlilegast er.

Í fyrri málsgrein frumv. stendur »gjald fyrir *þau*« (í fleirtölu), en þetta ábendingarfornafn bendir til orðsins »leyfis*bréfi*« (í eintölu) á undan; þetta er rangt, og vil eg skjóta því til forseta, hvort ekki mætti laga það sem prentvillu.

Forseti gat þess, að *þau* væri auðsjáanlega prentvilla fyrir *það*, og sagði, að þetta skyldi verða leiðrétt.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (129) samþ. í einu hlj.

Frumv. með áorðnum breytingum samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Samþ. í einu hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umr., 11. marz (A. 148).

Frumv. samþ. umræðulaust í einu hlj. og sendist aftur forseta Nd.

Ein umr., 18. marz (A. 217; 221).

Kristinn Daníelsson: Eg hefi beðið um orðið af því að mitt nafn er á breytingartill., sem hér liggur fyrir, enda þótt eg þykist mega líta svo á, að breytingin sé borin fram fyrir hönd allrar háttv. deildar og í samræmi við skoðun flestra háttv. deildarmanna. Eg held að allir háttv. deildarmenn og líklega mikill meiri hluti alls þingsins, sé sammála um það, að ákvæðið, sem farið er fram á að felt verði burt, sé hjáróma rödd við öll ákvæði um sams konar efni, og ákvæðið mjög óviðkunnanlegt og óþarft, úr því að ekkert sams konar ákvæði gildir um skyldu presta í þessum efnum, sem hér er um að ræða. Því vil eg leggja það til, að háttv. deild samþykki breytingartillöguna.

Lárus H. Bjarnason: Eg játa það, að 2. liður greinarinnar (á þgskj. 217) er óþarfur. En hann er líka meinlaus. Og því finst mér ekki ástæða til að leggja svo mikið kapp á að fá hann feldan, að málið verði látið koma fyrir sameinað þing fyrir þá sök eina. Enda getum vér efrideildarmenn ekki komið breytingartill. fram, ef neðri deild heldur fast við sinn keip; vér höfum ekki bolmagn til þess. — Eg vil ennfremur benda á það, að það er fleira í þeim hluta greinarinnar, sem ætlast er til að verði feldur niður, heldur en ákvæðið um skyldu valdsmanns að taka til greina óskir hjónaefnanna. Þar er líka ákvæði um, hvernig ferðakostnaður valdsmanns skuli greiðast.

Mér finst atriðið svo lítilsvert, að það sé ekki gerandi að kappsmáli milli deildanna.

Kristinn Daníelsson: Eg álít ekki meinlaust að setja alveg óþörf ákvæði inn í lög. Deildirnar eiga að vanda sig á frágangi allra laga. — Eg er ekki samdóma háttv. 5. kgk. þm. um það, að við mundum tapa málinu, því að eg býst við að meiri hluti þings verði með breytingartillögunni.

Sigurður Stefánsson: Eg er samdóma háttv. 5. kgk. þm. um það, að þetta atriði er ekki þess vert, að láta málið koma í sameinað þing. Og eg vil bæta því við, að mér finst málið í heild sinni ekki þess vert, því að eg get ekki séð að það sé mikil réttarbót falin í þessu frumvarpi. Því væri eg helzt með því að fella það alt.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal að eins geta þess, að úr því menn geta keypt sig undan lýsing á kirkjulegri vígslu, þá sýnist sanngjarnt, að hinum sé gert jafn hátt undir höfði, sem óska borgaralegs hjónabands. Frumvarpið er því ekki óþarft.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (221) samþ. með 7 atkv. móti 3.

Frumv. þannig breytt samþ. með 11 atkv. móti 2.

Verður nú sent forseta sameinaðs þings.

Umræða í sameinuðu alþingi 26. apríl (A. 292).

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þetta frumv. kom hingað breytt aftur frá því sem það fór héðan, og var útbýtt hér 9 mínútum áður fundur byrjaði. Nd. er með öðrum orðum algjörlega afskorin frá að geta gert breytingu við frumv. Veit eg ekki hvað er gjörræði gagnvart Nd., ef ekki þetta.

Forseti: Eg verð að geta þess, að svo langt er síðan þetta frumv. var á prjónunum og síðan það var afgreitt frá Ed., að átt hefði að vera búið að útbýta því fyrir löngu hér í deildinni, enda gefur skrifstofustjóri þær upplýsingar, að þessu hafi verið útbýtt fyrir löngu.

Jón Ólafsson: Vona að herra Einar Þorkelsson, sem þarna stendur, geti borið um, að þingskjali þessu var eigi útbýtt fyrri en fyrir 9 mín.

Kristján Jónsson: Frumv. þetta er fyrir löngu prentað sérstakt á þgskj. 292 og þá útbýtt í Ed., og hefir þá eftir venju verið útbýtt samtímis í Nd.

Forseti: Þótt farist hafi fyrir að bera frumv. til einhvers einstaks þingmanns, þá er það samt í skjalapartinum.

Jón Ólafsson: Af því að eg var flutningsmaður þessa frumv. er það kom fram í Nd., vil eg lýsa yfir því fyrir mína hönd og annara fylgismanna frv., að þótt vér eigi getum komið frumv. í það horf, sem vér hefðum ákosið, þá viljum vér samt eigi eyðileggja málið fyrir þá sök.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 30 atkv., og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Lífsábyrgð sjómanna.

FRUMVARP til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum þilskipum (A. 487); 1. umr. 21. apríl.

Eiríkur Briem: Í frumvarpi þessu er gerð sú breyting á fyrirkomulagi því sem nú er, að allir sjómenn séu skyldir að líftryggja sig, ekki einungis fiskimenn á þilskipum, heldur allir þeir, er sjó stunda, á hvern hátt sem er. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði og stefnir til bóta; og tel eg hina mestu nauðsyn á, að frumvarpið nái fram að ganga. Við 3. umr. í Nd. voru gjörðar miklar breytingar á frumvarpinu, en þá var þó ekki gætt að sumu, sem nauðsynlega þarf að gjöra ákvæði um eða breyta, t. d. titlinum. Sá munur er á þilskipum og bátum, að ekki er skylda að lögskrá þá, sem á bátum eru. Þar vantar því ákvæði um, á hvern hátt innheimta skuli gjaldið. — Í 9. gr. er sagt, að lögin frá 10. nóv. 1903 falli úr gildi. En óhjákvæmilegt er, að gjöra þá ákvæði þar af leiðandi. Sá sjóður, sem myndast hefir eftir lögunum frá 1903, var um næstliðin áramót um 12000 kr., en á honum hvíldu skuldbindingar, er miklu meiru nam; hann byrjaði með engu fé. En svo vill svo til, að í apríl 1906 voru mannskaðar miklir; við það lögðust svo þungar kvaðir á sjóðinn, að þar sem um nýár það ár voru í sjóði 21 þús. kr., þá urðu skuldbindingarnar 37 þús. kr. En þar sem það var ákveðið, að útborganirnar skyldu fram fara á 4 árum, þá var eigi við því hætt, að sjóðurinn gæti eigi borið sig. Þess vegna eru og, þar í samræmi við, skuldbindingar þær, sem

sjóðurinn stóð í 1908, miklu minni en 1907; um næstu áramót verður það að vonum töluvert minna, o. s. frv. En hins vegar er óhjákvæmilegt að taka nú einhverjar ákvarðanir um sjóðinn og þær skuldbindingar, sem á honum hvíla. — Það er yfir höfuð nauðsynlegt, að taka rækilega til greina aðstöðu frumvarps þessa til eldri laga, og má búast við, að allmiklar breytingar muni þurfa að gera á frumvarpinu. Legg eg því til, að frumvarpið sé sett í nefnd. Álít eg málið mjög mikils vert, og er einlæg ósk mín, að það nái fram að ganga; tel eg mjög illa farið, ef það skyldi daga uppi, en til þess ætti eigi að þurfa að koma.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Samþ. í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd í málið, og hlutu kosningu:

Jens Pálsson,
Sigurður Stefánsson,
Eiríkur Briem.

Önnur umræða, 26. apríl (A. 487, 587).

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Nefndin, sem kosin var til þess að íhuga þetta mál, hefir gert ýmsar breytingar á frumv., þó ekki af því, að hún álíti frumv. ekki réttarbót. Nýmælið í frv. um það, að láta vátryggja sjómenn á opnum bátum, þótti nefndinni rétt að takmarka svo, að ekki verði látið ná til minni báta en sexæringa. Það kemur varla fyrir að minni bátum sé haldið úti nema á sumrum og milli vertíða; þessi sjósókn er svo lítil, að það er naumast hægt að tala um hættu samfara henni.

Þess var heldur ekki nægilega gætt í frumv., hve ólíkt hagar til um háseta á opnum skipum og þilskipum, því að á opnum bátum eru hásetar ekki lögskráðir. Bátar ganga úr ýmsum hlutum lögsagnarumdæmanna, og það yrði því bundið erfiðleikum fyrir formenn og útgerðarmenn, að þurfa að snúa sér til skrásetningarstjóra. Nefndin hefir því viljað breyta þessu samkvæmt því sem farið er fram á í br.till. hennar.

Nefndin vildi gera innheimtu vátryggingargjaldsins léttari báðum pörtum, og taldi réttara að láta hreppstjóra innheimta hjá formönnunum.

Það var ekki tekið fram í frumv., hvað gera skyldi við þann sjóð, sem þegar er til eftir lögunum frá 10. nóv. 1903, og er þar önnur aðalbreyting, sem nefndin hefir gert á frumv. Nefndin hefir í 8. br.till. sett ákvæði um þetta atriði.

Eg skal svo ekki fara frekar út í br.till. að sinni. Það má auðvitað deila um, hvort þær sé heppilegar eða ekki, en eg skal ekki lengja umræðurnar fyr en eg heyri andmæli frá háttv. deildarmönnum.

ATKV.GR.:

1. br.till. (587) við 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. br.till. (587) við 1. gr. frv. sömul.
   1. gr. breytt samþ. í e. hlj.
3. og 4. br.till. við 2. gr. sþ. í e. hlj.
   2. gr. breytt samþ. í e. hlj.
5. br till. við 3. gr. sþ. í e. hlj.
   3. gr. frv. þá sjálf-fallin.
6. og 7. br.till. við 4. gr. sþ. í e. hlj.
   4. gr. breytt sþ. í e. hlj.
   5., 6. og 7. gr. frv. sþ. í e. hlj.
8. br.till. sþ. í e. hlj.
   8. gr. (sem verður 9. gr.) sþ. í e. hlj.
9. br.till. við 9. gr. frv. sþ. í e. hlj.
10. br.till. sþ. í e. hlj.
11. og 12. br.till. sþ. í e. hlj.

Frumv. þannig breytt sþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr; 28. apríl (A. 647, 665).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eins og eg gat um við 2. umr. hefir nefndin leyft sér að koma fram með 2. dálitlar br.till. við 2. gr.

1. br.till. er gerð til þess að það sé glögt tekið fram, hver skuli taka móti gjaldinu, það þótti réttara, að enginn vafi *gæti* leikið á því *atriði*.

Hin breyt.till. er aðeins gerð til þess, að gera 2. gr. enn þá skýrari, nefnilega að þar standi tvímælalaust, að skráningarstjóri skuli senda skrána. Nefndin álítur frumv. gott, og býst eg ekki við að eg þurfi að segja fleira en sagt var við 2. umr. því til stuðnings. Eg vona fyrir hönd nefndarinnar að háttv. deild sýni frumv. sömu velvild og áður og samþykki það.

ATKV.GR.:

1. *br.till.* (665) við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

2. br.till. (665) við 2. gr. samþ. í einu hljóði.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og sendist aftur forseta Nd.

Ein umræða; 4. maí. (A. 704; 724).

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Háttv. Nd. hefir breytt þessu frv. að því, að hún hefir fært niður takmarkið fyrir stærð skipanna, þannig, að nú er eftir frv. skylt að vátryggja sjómenn á fjórrónum bátum. Nefndin telur þetta að vísu ekki breyting til bóta, en vill þó eftir atvikum leggja til að frumv. sé samþykt óbreytt, þar sem *tíminn* er mjög naumur, en málið hins vegar nauðsynjamál.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í einu hljóði, og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Fræðsla barna.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907. (A. 448). 1. umr.; 16. apríl.

Jens Pálsson: Það er hvorttveggja að eg er kvefaður, enda skal eg vera stuttorður. Eg álít frumvarp þetta gott og þarft, það sem það nær. Að fá slík ákvæði um skóla einstakra manna, er geri þá að liðum í hinni almennu fræðslu landsins, tel eg mjög heppilegt; með því er bæði létt undir með skólum þessum, og trygt að þeir leysi starfa sinn viðunanlega af hendi.

Þá tel eg og mjög heppilegt, að lengja frest þann, sem veittur er í 15. gr. fræðslulaganna um 2 ár. Það er sjálfsögð tilhliðrunarsemi, einkum þegar þess er gætt, hve alvarlegar kvartanir hafa komið víðsvegar að, að því er lög þessi snertir. En úr því farið er að breyta lögunum á annað borð, þykir mér hlýða, að taka nokkur fleiri *atriði* til athugunar. Sérstaklega vil eg benda á, að ákvæði vantar um starfsvið og vald hreppsnefnda og bæjarstjórna annars vegar, og fræðslunefnda og skólanefnda hins vegar, að því er kemur til ákvarðana um byggingu skólahúsa. Um þetta efni er þegar orðinn ágreiningur. Fræðslu- og skólanefndir líta svo á, að þær geti bygt alveg eftir sínu höfði, og svo komið til hreppsnefnda og bæjarstjórna og sagt þeim að borga brúsann. Þetta þykir hreppsnefndum og bæjarstjórnum, sem hafa fjárveitingarvald að því er hrepps- og bæjarsjóði snertir, eðlilega hart. Þær eiga að bera ábyrgð á fjárhag hreppa- og bæjarfélaganna, en geta þó ekki hindrað, að þeim sé hleypt í *stór útgjöld* með dýrum skólahúsbyggingum. Fyrir því tel eg nauðsynlegt, að um það séu skýr lagafyrirmæli, að þegar byggja þarf, þá annist hreppsnefndir eða bæjarstjórnir að öllu leyti um verkið, en verði að fara eftir

teikningu, sem samþykt sé af yfirstjórn fræðslumálanna. Út á þetta gengur tillaga, sem eg ásamt háttv. þm. V.-Ísf. á á þskj. 466. Eg býst við að nefnd verði sett í málið, og þá vildi eg benda henni á þetta; verði það ekki, þá má ræða tillögu þessa frekar við 2. umræðu málsins.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á að 3 manna nefnd verði kosin í málið, að umræðu lokinni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Samþykt í e. hlj. að kjósa 3 manna nefd.

Í nefndina voru kosnir:

Sigurður Hjörleifsson,
Sigurður Stefánsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða; 21. apríl. (A. 448; 466; 501; 529).

Framsögumaður (St. Stefánsson, 6. kgk.): Í 6. gr. laganna um fræðslu barna frá 1907 er gert ráð fyrir föstum skólum, og öllum börnum gert að skyldu að sækja þá skóla. Þó er samt gert ráð fyrir því jöfnum höndum, að undantekningar megi gera, þegar svo stendur á, að skólastjóri álítur að hlutaðeigandi barn muni njóta jafn góðrar fræðslu í heimahúsum sem í sjálfum skólanum. En hins vegar eru alls engin ákvæði um það, að börn megi sækja aðra skóla undanþágulaust. Aðal efni þessarar breytingar er það, að stjórninni veitist leyfi til að löggilda skóla, sem einstakir menn hafa stofnað, á þann hátt, að börn þau, sem þessa skóla sækja, væru undanþegin því, að sækja um undanþágu frá hinum lögboðnu skólum. Nefndin álítur það og á skorta núgildandi lög, að þetta atriði standi þar; leggur hún til að breytingin komist á óbreytt, og yrði hún þá í rauninni að eins viðauki við lögin.

4. gr. er breyting á 15. gr. fræðslulaganna. Hér er farið fram á, að frestur sé lengdur til 1. jan. 1912; þó eg fyrir mitt leyti álíti það óþarfa, hefir nefndin ekki séð ástæðu til að hafa á móti því, úr því Nd. hefir samþykt það. Við það verður fresturinn rýmri; en annars álít eg, að hann hefði verið nógu langur til 1. jan. 1910. Svo er önnur almenn breyting við 30. gr. laganna. Það er viðvíkjandi byggingu skólahúsa; og skal eftir því hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjá um byggingu skólahúsanna, en skólanefndir taka við þeim og sjá um þau, þegar þau eru komin upp. Breytingartillagan vill girða fyrir það, að ágreiningur komi í slíkum tilfellum, að skólanefnd vilji annað en hreppsnefnd; og er það sanngjarnt að hreppsnefnd ráði byggingunni, þar sem hún leggur féð fram; og er það fram tekið í breytingartillögunni. Nefndin hefir því aðhylst þessa breytingartillögu með nokkrum orðabreytingum. Við auka mætti nokkrum orðum, sem tækju skýrar fram um þetta atriði. Annars eru hér strangari kröfur settar um teikningar að skólahúsum, en áður var, eða réttara sagt, að framvegis skuli skólahús gerð eftir teikningu og lýsingu, sem yfirstjórn fræðslumála samþykkir. Yfirleitt finst mér breytingarnar vera til bóta, þar sem í þeim er ólíkt skýrar fram tekið um þessi atriði en áður var; og má segja að óþarfi sé að nákvæmar sé fram tekið en þar er gert. Þó býst nefndin við að koma með breytingartillögu við 3. umræðu. — Í heild sinni býst eg við að deildin fallist á frumvarpið og þær breytingar sem nefndin hefir gjört.

Kristinn Daníelsson: Eg hefi umboð samflutningsmanns míns á þskj. 466, til að taka breyt.till. þessa aftur, með tilliti til þess, sem framsögumaður hefir tekið fram. Hann hefir skýrt tekið það fram, að meiningin sé, að ekki geti komið til mála, að taka af hreppsnefnd-

unum valdið til umsjónar með skólunum. En eftir því sem fram hefir verið tekið má jafna þetta svo, að allir megi vel við una. — Þó er eitt atriði, sem eg er ekki alls kostar ánægður með. Það er það, sem nefndin tekur fram í síðari greininni: »ef skólanefnd þykir«. Okkur lízt heppilegast að skólanefnd fái að segja álit sitt í tíma um húsið meðan verið er að byggja það. Við álítum öðru vísi orðaða breytingu heppilega.

Fleira hefi eg ekki við þetta að athuga.

Úr því eg stóð upp, þá vil eg minnast á breyt till. 1. kgk. (529). Hún er alveg í samræmi við núgildandi lög. Eg álít þá skóla, sem hreppsnefndir hafa ekki stofnað, að sjálfsögðu eiga að liggja undir umsjón stjórnarráðsins, og álít eg þessa breytingu sjálfsagða og eðlilega.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 466 tekin aftur.

Breyt.till. á þskj. 529 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

1. gr. breytt sþ. í e. hlj.

2. gr. sþ. í e. hlj.

3. gr. — - —

4. gr. — - —

Viðbótartillaga á þskj. 501 samþ. með 10 samhlj. atkv.

5. gr., sem verður 6. gr., samþ. í e. hljóði.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Samþ. í einu hlj. að frumv. þannig breytt gangi til 3 umræðu.

Þriðja umræða; 23 apríl. (A. 554; 551).

Framsögumaður (St. Stefánsson 6. kgk.): Eg hefi leyft mér að koma fram með breytingartillögur við þetta frumv., ásamt 2 öðrum háttv. þm. Það er ekki efnisbreyting, en að eins til skýringarauka á því, sem meint er í síðustu málsgrein 5. gr. Það stendur svo í þessari málsgrein nú, að skólanefnd geti krafist að bætt sé úr, ef henni »þykir eitthvað áfátt við bygginguna«. Þetta orðalag er nokkuð ógreinilegt, en breytingartillagan miðar til þess að það komi skýrt fram, að það sé aðeins átt við það, er skólahús er ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsing yfirstjórnar fræðslumála. — Eg vona að háttv. deild fallist á þessa breytingu.

ATKV.GR.:

Breyt.till. við 5. gr. (þskj. 551) samþ. í e. hlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og verður sent aftur til forseta Nd.

Vígslubiskupar.

FRUMVARP til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi. (A. 199). 1. umræða; 15. marz.

Sigurður Stefánsson: Frumvarp þetta er komið frá Nd., og hefir þar gengið gegnum margskonar hreinsunareld. Tildrög þess eru þau, að stjórnin lagði, eftir tillögu biskups, fram frumvarp er fór í þá átt að skipa skyldi einn varabiskup, til þess að biskupsvígsla gæti ávalt farið fram hér á landi og biskup þyrfti ekki að sigla til að fá vígslu. Nd. hefir farið feti framar, þar sem hún hefir s mþykt að þeir skuli vera tveir. Eg get að ýmsu leyti verið þessu samþykkur, en samt álít eg frumvarpinu vera þannig varið, að rétt sé að athuga það frekar í nefnd. Mér hefir komið til hugar að því mætti vísa til prestalaunanefndarinnar, og geri eg að tillögu minni að svo verði gert að loknum umræðum.

ATKV.GR.:

Samþ. í e. hlj. að vísa frv. til 2. umræðu.

Málinu vísað til prestalaunanefndarinnar með 10 samhlj. atkv.

Önnur umræða; 27. marz. (A. 199; 326).

Framsögum. (Sig. Stefánsson): Þetta frumvarp er upphaflega frá stjórninni, og var því vísað til okkar, sem vorum í nefndinni um laun sóknarpresta, þegar það var til umræðu hér í deildinni í fyrra skiftið.

Málið er ógnarlega einfalt og þarf lítilla skýringa við. Tildrögin eru þau að biskup fór fram á að skipaður yrði varabiskup hér á landi. Það er óviðkunnanlegt að biskupar þurfi að fara utan til biskupsvígslu. Hitt er miklu viðkunnanlegra, að biskup landsins sé vígður hér heima, auk þess sem það er miklu ódýrara fyrir biskupsefni. Frv. stjórnarinnar hefir verið breytt all mikið í Nd. Varabiskupar eiga nú að vera tveir, annar í Hólabiskupsdæmi, en hinn í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna. Á þetta hefir nefndin fallist, telur hún með þessu fengna enn meiri tryggingu fyrir því, að aldrei þurfi til þess að koma, að biskupsefni þurfi utan að fara til biskupsvígslu, auk þess sem hún telur frumvarpið að þessu leyti fara lengra í þjóðræknis stefnuna, en hið upphaflega frumvarp. Nefndinni hefir þótt frumv. ekki sem bezt orðað, og þess vegna komið með nokkrar orðabreytingar, en engar efnisbreytingar. Eg hefi ekki annað að segja fyrir hönd nefndarinnar, en vona aðeins að tekið verði vel við frumvarpinu í þessu formi, og að það komist frá þinginu að þessu sinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg verð enn sem fyrri að líta svo á, að biskup sé óþarfur á landi hér, varabiskup enn óþarfari, en tveir varabiskupar þó óþarfastir. Biskup er nú sem stendur ekki annað en skrifstofustjóri utan ráðaneytisins, og fyrir það starf er alt of hátt að launa hann með 5000 kr. auk 1000 kr. skrifstofufjár. En enn minni nauður rekur til þess, að lögleiða nú 2 vígslu eða varabiskupa. Og þótt ekki sé ætlast til þess að mennirnir verði launaðir fyrst í stað, býst eg við að þeir fengju laun síðar. Eg sé ekki betur en að setja mætti prestvígðan mann «ad hoc«, til þess að vígja biskupa. Það hefði átt að gjörast í haust, ef fráfarandi biskup hefði ekki getað framkvæmt vígsluna.

Mér sýnist þetta því alveg óþarft; við höfum nú um langan tíma komist af án varabiskupa og svo munum vér enn geta. Komist þetta á, verður að hafa 2 dómkirkjur, en mér finst að heldur ætti að halda eina vel, en stofna til annarar, meðan Reykjavíkurkirkja er jafnilla haldin og raun ber vitni um.

Kristinn Daníelsson: Það kann líklega að þykja, að sá höggvi er hlífa skyldi, þegar eg stend upp til þess að gera athugasemdir við þetta frv., og hefi þó skrifað undir nefndarálitið, — reyndar með fyrirvara. Eg komst í þessa nefnd í stað háttv. þm. G.-K., sem gegnir forsetastörfum í fjarveru forseta. Störfum var þá að mestu lokið í nefndinni, og eg gat ekki haft þau áhrif, sem eg hefði óskað. Eg skal geta þess, að eg er sammála nefndinni í öllum aðalatriðum, sem mestu skifta, að það er gott og þjóðræknislegt að þurfa ekki að sækja biskupsvígslu utan. Eg er á móti því sem háttv. 5. kgk. sagði um biskupsembættið, að það væri beinlínis óþarft, og ekki annað en skrifstofustjórastörf fyrir utan ráðuneytið. En biskupsembættið er miklu meira, og það má heita að í því felist eini vísirinn til þess, að kirkjan ráðstafi sjálf málum sínum, og biskup á að sjálfsögðu að vera úr þeirri stétt. Eg er með nefndinni í því, að eg vil ekki

að þetta falli, og eins um hitt, að eg vil að greinar skiftist eins og gert er. En svo greinir okkur á um ýms atriði. Fyrst og fremst um það, að vígslubiskupar skuli vera tveir. Það er bæði gott og ekki gott. Það er gott að því leyti sem ætlast er til, að það verði vegsauki fyrir kirkjuna og viðrétting fyrir Norðlendinga og hið gamla Hólastifti, enda þótt eg efist um að svo muni verða. En á hinn bóginn felli eg mig ekki vel við, að þessum mönnum er báðum ætlað að taka biskupsvígslu; mér líkar þetta miður, og vil taka undir með háttv. 5. kgk. þm-, að slíkt er ekki nauðsynlegt til þess að vígja aðra. Eg hefi ekki með þessu á móti biskupsvígslu, því að hún er merkileg athöfn, og mér dettur ekki í hug að gera lítið úr henni. En kaþólskir menn og Prótestantar líta sínum augum hvor á biskupsvígsluna. Fyrir kaþólskum er »successionin« aðalmálið, en vér leggjum enga áherzlu á slíkt. Biskupsvígsla og sérhver vígsla er hátíðleg athöfn, sem er inngangur þess, að maður hefji mikilvægt starf æfilangt, og mér þykir það að gera lítið úr biskupsvígslunni, að setja hana á menn, sem sennilega aldrei gera nein biskupsverk. Eg vil halda hlífiskildi yfir hátíðleik athafnarinnar; þess vegna er eg mótfallinn þessu atriði. Og eg býst líka við, að margir mundu kynoka sér við að taka við biskupsvígslu til einskis. Eg hefði felt mig við, að vígslubiskupinn hefði verið einn, eins og upphaflega var ákveðið, því að einn varabiskup gæti þó gert ráð fyrir að verða að framkvæma einhver biskupsstörf.

Eg skal svo að eins víkja að einstöku smáatriðum. Eg hefði heldur viljað, að ákveðið hefði verið að vígslubiskuparnir skyldu vera kosnir af prestastéttinni, í stað þess að vera skipaðir eftir tillögum hennar. Í stað vígslukostnaðar vildi eg láta þessa upphæð vera ákveðna sem heiðurslaun eða viðurkenning, sem væri sýnd prestaskörungum, enda þótt engin vígsla færi fram. Ennfremur þykir mér óviðkunnanlegt, að borga framkvæmd biskupsvígslu eftir reikningi. Það mátti gjarnan vera — og það var betra — sæmileg upphæð, sem hefði verið föst þóknun.

Eg vildi helst að þessu yrði breytt, en mun þó verða með frv., þó breytingar verði ekki gerðar.

Steingrímur Jónsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og vil því gera nokkra grein fyrir afstöðu minni í þessu máli.

Eg lít svo á, að frumvarp þetta sé þarft og að breytingarnar, sem gerðar hafa verið á því, séu til töluverðra bóta. Tilgangurinn er betur trygður með frv. eins og það nú er orðið, heldur en eins og stjórnarfrumvarpið var. Auk þess sé eg þann kost við breytingarnar, að þar sem stjórnarfrumvarpið fór fram á stofnun fasts embættis, gerir frumv., eins og það er nú orðið, að eins ráð fyrir 2 nokkurs konar heiðursstöðum, en stofnar ekki til nýs embættis.

En eg skrifaði undir með fyrirvara af þeirri ástæðu einni, að eg var óánægður með að þessir tveir prestar skyldu taka biskupsvígslu. Eg álít ekki vera neina þörf á vígslu, og er sammála háttv. þm. V.-Ísf., að það er óviðkunnanlegt að vígja til þess að framkvæma þetta eina verk. Eg álít nægilegt að gefa þeim prestum, sem klerkastétt landsins kýs, umboð til þess að framkvæma biskupsvígslu. Og þegar útnefning konungs kemur í viðbót við kosninguna, þá þarf ekki meira; vígslan bætir engu við. Eg vildi styðja breyt.till. í þessa átt, ef hún kæmi fram við 3. umræðu. En ef slík breyting kæmist á, þyrfti líka að breyta niðurlagi 2. greinar. Eg geri þetta þó ekki

að kappsmáli, og mun greiða atkv. með frumvarpinu, þó því verði ekki breytt í þessa átt.

Ráðherra (H. H.): Eg er þakklátur nefndinni fyrir tillögur hennar í málinu, og eg álít breyt.till. hennar vera til bóta. Að eins líkar mér ekki orðið »aðalbiskup«. Það minnir einhvern veginn á »erkibiskup«. Eg held að t. d. »biskup landsins« væri heppilegra, því að ef orðið »aðalbiskup« heldur sér í þessum lögum, er hætt við að segja megi, að það sé nú hið löglega heiti biskupsins að heita »aðalbiskup« héðan af.

Eg skildi ekki vel afstöðu háttv. 5. kgk. þm., einkum að því er snertir það atriði, að ekki þurfi sérstaka menn til að framkvæma biskupsvígslu, heldur megi skipa menn »ad hoc«. Þetta held eg að sé ekki rétt, eða að minsta kosti mjög vafasamt. Í resol. 14. ág. 1789 eru einu lagaákvæðin, sem hér er til að dreifa, og þar er mælt svo fyrir, að biskupar á Íslandi megi vígja hvor annan. En þar er engin undanþága gerð í þá átt, að aðrir en biskup megi vígja til biskups. Það mun vera regla í lútersku kirkjunni, að biskupsvígsla sé því að eins talin fullnægjandi, að hún sé framkvæmd af biskupi. Það er ekki rétt hjá háttv. þm. V.-Ísf., að þetta sé katólskur siður. Ef þetta er katólskt, þá er líklega margt af siðum okkar kirkju katólskt, ef til vill alt. En hvað sem því líður, þá virðist ekki rétt af þinginu að brjóta bág við kirkjulegar skoðanir þjóðkirkjunnar, meðan henni er haldið í hefð og gildi.

Eg get ekki séð, að nein niðurlæging fyrir biskupsvígsluna felist í því, þó að mennirnir séu vígðir að eins til þess að framkvæma þetta eina starf á æfinni. Vígslan hefir sama gildi alt að einu; með henni hafa þeir fengið þann eiginlegleika, sem nauðsynlegur er eftir reglum kirkjunnar til þess, að þeir megi framkvæma biskupsvígslu. Því að eg held því föstu, að til þess hljóti þeir, sem vígsluna framkvæma, að hafa biskupssvígslu sjálfir.

Það hefir og verið sagt, að þessi 500 kr. þóknun, sem vígslubiskupar eiga að fá til vígslukostnaðar þegar þeir vígjast, væri of há; en mér finst hún ekki mega lægri vera. Kostnaðurinn getur verið töluverður, bæði ferðakostnaðurinn og ýms annar kostnaður, svo sem kostnaður til skrúða o. fl.

Það hefir líka verið talið óviðkunnanlegt, að vígslubiskupar fái borgun eftir reikningi fyrir biskupsverk sín. Eg get ekki fallist á þetta, enda veit eg ekki hvernig því yrði fyrir komið öðru vísi. Hér er ekki átt við borgun fyrir sjálfa athöfnina, fyrir hana verður ekkert borgað. En það sem hér er átt við, er ferðakostnaður og yfir höfuð útlagður kostnaður í sambandi við embættisverkið.

Eg vona að frumvarpið verði samþykt, en mundi að eins óska heldur, að »biskup landsins« kæmi í stað »aðalbiskup« í 1. og 3. gr. frumvarpsins frá nefndinni.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg er sammála hæstv. ráðherra um það, að frumv. er þarft, og eins hitt, að það væri heppilegra að breyta »aðalbiskup« í »biskup landsins«.

Eg hélt ekki að frumv. þetta mundi orsaka neinn hvell hér í deildinni, en þó hefir sú raunin orðið á. Háttv. 5. kgk. þm. er ekki láandi, þó að hann fyllist gremju út af slíku frumv. sem þessu, úr því að hann álítur sjálft biskupsembættið algerlega óþarft. Hans skoðun á þessu er nokkuð einstæð, og það eru aðrir, sem líta svo á, að þetta embætti sé mjög þarft, og að hitt væri

mjög illa farið, ef störf biskups væru falin stjórnarráðinu. Það er ekki æskilegt, að slík störf séu falin mönnum, sem ekki hafa neinn áhuga á þeim, og jafnvel geta verið alveg ókirkjulegir og jafnvel ókristilega sinnaðir menn, en svo gæti vel farið, ef stjórnarráðið hefði þau með höndum. Enda gæti og stjórnarráðið ekki bætt við sig þessum störfum, án þess að fá þá jafnframt aukið skrifstofufé.

Það er misskilningur, að hér sé verið að fara fram á stofnun nýrra embætta, sem er og auðséð, þar sem engin laun eru ákveðin nema þessi litla þóknun til vígslukostnaðar. Aðaltilgangurinn er að eins að tryggja það sem bezt, að biskupsvígsla geti jafnan farið fram hér á landi, framkvæmd af biskupsvígðum manni. Háttv. 5. kgk. þm. færði það einnig til á móti frumv., að vér hefðum komist af án vígslubiskupa hingað til, og þörfin mundi því ekki vera mikil. Þetta er léttvæg ástæða; þörfin getur verið mikil alt að einu. Vér höfum líka komist af án lagaskóla og háskóla, og munu þó margir ætla fulla þörf þeirra, meðal annara háttv. 5. kgk. þm.

Sami háttv. þm. hélt því fram, að hér á landi væri ekki nema ein dómkirkja. Þetta er ekki rétt; það er ein dómkirkja hér í Reykjavík og önnur á Hólum. Og þessi merkilega kirkja, Hólakirkja, er vel þess verð, að þingið geri sitt til að auka veg hennar með því, sem hér er farið fram á, að skipa vígslubiskup fyrir norðurland. Vígslubiskupar eiga ekki einungis að vígja biskup landsins. Biskup getur líka falið þeim að vígja presta, og þá mundu prestvígslur oft og tíðum fara fram í dómkirkjunni á Hólum, og þessari merkilegu kirkju þar með veitast sá vegur og virðing, sem hún á fullkomlega skilið, því að hún er ein af okkar helgustu þjóðmenjum, sem skylt er að vernda á allar lundir. Eg skal ekkert segja um það, hvort rétt er að fækka kirkjum yfirleitt, en þó svo væri, þá vildi eg sízt að það kæmi niður á þessari kirkju.

Um launaatriðið hefi eg engu við að bæta það, sem hæstv. ráðherra sagði.

En hvað snertir ágreiningsatriði þeirra háttv. nefndarmanna, sem skrifuðu undir nefndarálitið með fyrirvara, þá lít eg alt öðru vísi á það en þeir gera. Það er víst, að sú venja hefir við gengist um langan aldur, að biskup framkvæmi biskupsvígslu. Og eg held að það sé ekki rétt að bregða út af þeirri venju þannig, að prestar verði látnir vígja biskup. Enda mun það varla fært eða lögum samkvæmt, eins og hæstv. ráðherra benti á.

Orðalagið á 2. gr.: ». . . eftir tillögum prestastéttarinnar« má að vísu deila um, en líklega verður ákvæðið ekki skilið öðru vísi en svo, að prestar í biskupsdæminu hreint og beint kjósi biskupsefni.

Eg get ekki fallist á að það sé neitt óviðkunnanlegt, að vígslubiskupar fái borgun fyrir biskupsverk eftir reikningi. En í því liggur sparnaður fyrir landsjóð. Ef borgunin væri fastákveðin, og þá auðvitað nokkuð rífleg, gæti oft svo viljað til, að vígslubiskup tæki peningana á þurru landi, ef hann byggi í námunda við dómkirkjuna. Því er bezt að hafa borgunina ekki fastákveðna. Enda er slíkt ekki einsdæmi, þó um veglegt starf sé að ræða, t. d. fá alþingismenn borgun eftir reikningi og skammast sín ekkert fyrir, og þó er starf þeirra að vissu leyti engu óveglegra en starf vígslubiskupa.

Að endingu skal eg að eins taka það fram, að eg felst á tillögu hæstv. ráðherra um að breyta orðinu »aðalbiskup« í »biskup landsins«, og mun styðja að því, að nefndin komi með breyt.till. í þá átt við 3. umræðu.

Kristinn Daníelsson: Eg vildi að eins gera stutta athugasemd út af ræðu hæstv. ráðherra. Það var ekki ætlun mín, þegar eg nefndi kaþólskan sið, að gefa kaþólsku kirkjunni neitt olnbogaskot. Ætlun mín var að eins, að gera greinarmun á skoðunum kaþólsku kirkjunnar og prótestantisku kirkjunnar í þessu efni. Eftir skoðun kaþólskrar kirkju getur það alls ekki komið til mála, að annar en biskup framkvæmi biskupsvígslu. En eftir skoðun prótestantiskrar kirkju er ekkert því til fyrirstöðu. Hver sem hefir prestvígslu getur vígt prest, og gæti einnig vígt biskup. Enda eru og þess dæmi hér og annarstaðar, að óbiskupvígðir menn bera biskupsnafn. Árni Helgason var biskup að nafnbót og framkvæmdi biskupsverk. Grundtvig var einnig biskup að nafnbót, óvígður, en mér er ekki kunnugt um, hvað hann hefir framkvæmt af biskupsverkum.

Eg verð að halda því fram, að biskupsvígsla væri fullgild, þótt hún væri ekki framkvæmd af biskupsvígðum manni.

Mér þætti viðkunnanlegra, að föst borgun væri ákveðin fyrir biskupsverk, heldur en að þau séu borguð eftir reikningi. Enda er það tíðast um meiri háttar störf, að þau eru borguð með ákveðinni upphæð, en ekki eftir sundurliðuðum reikningi. Þess mætti nefna mörg dæmi, ef þörf gerðist, t. d. er byggingarmeistarar gera teikningar af húsum o. fl. slíkt.

Lárus H. Bjarnason: Það var nokkur ástæða til að samþykkja stjórnarfrumv. um 1 varabiskup, en engin ástæða til að samþykkja þetta frv. um 2 vígslubiskupa. Hitt var nokkur ástæða, þó að ekki væri það nauðsynlegt, því að það mun vera löglegt, að óbiskupsvígður maður vígi biskup. Það mun rétt vera, sem háttv. þm. V.-Ísf. sagði, að hver sá, sem getur vígt prest, getur einnig vígt biskup. Það hefir átt sér stað hér, að prestvígður maður hefir vígt prest í forföllum biskups. Og eins og eg drap á áðan, hefi eg heyrt, að það hafi verið gerður undirbúningur til þess, að prestur framkvæmdi síðustu biskupsvígslu hér í Reykjavík, ef fráfarandi biskup hefði ekki getað aðstaðið vegna heilsubilunar.

Það er of íburðarfrekt að hafa 2 vígslubiskupa, þar sem það bæði er alveg þarflaust og hefir auðvitað í för með sér töluvert aukin útgjöld. Það kostar fyrst og fremst 1000 kr. að fá þessa 2 biskupa vígða. Auk þess verður landsjóður að borga allar þær vígslur og önnur biskupsverk, sem vígslubiskupar framkvæma. Þetta getur orðið töluverður kostnaður, því að það má búast við að biskup landsins lettist fremur en hitt, er hann fengi staðgenglana, og kysi heldur að láta vígslubiskupana framkvæma fyrir sig prestvígslur, en að taka á sig það ómak sjálfur.

Hólakirkja var dómkirkja, en hún er það ekki nú. Hún mundi því þurfa töluverðra umbóta við til þess að verða sæmileg dómkirkja aftur. Það er sitt hvað að vera viðunanleg sveitakirkja eða dómkirkja. Útgjöldin verða mikil og öll að þarflausu, engin þörf á neinum vígslubiskup, sízt tveimur. Hitt er full löglegt, að prestvígðir menn vígi biskup.

Ráðherra (H. H.): Eg skal geta þess út af ræðu háttv. 5. kgk. þm., að það var aldrei tekin nein ákvörðun í þá átt, að stjórnarráðið skyldi skipa óbiskupsvígðan mann til að vígja hinn nýja biskup við síðustu biskupsvígslu hér á landi, ef fráfarandi biskup gæti ekki framkvæmt vígsluna. Það þótti mjög vafasamt, hvort það væri löglegt og samrýmanlegt okkar kirkjusiðum. Biskupsefni hefði því sennilega orðið

að fara utan til þess að taka vígslu, ef ekki hefði hizt svo á í þetta sinn, að fyrverandi biskup gat int vígsluna af hendi.

Hitt er annað mál, að einn af próföstum landsins setti sig inn í »ritualið« til þess að geta tekið við af biskupi í umboði hans, ef hann skyldi fatlast og verða að hætta í athöfninni sjálfri. Hér er því ekki um neitt fordæmi að ræða.

Hvað snertir endurgjald á kostnaði við biskupsverk, þá get eg ekki séð, að umsamin borgun sé á nokkurn hátt virðulegri en borgun eftir reikningi. Get því ekki verið samþykkur því, sem virtist vera skoðun háttv. þm. V.-Ísf. í því efni.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Háttv. 5. kgk. þm. byrjaði á því, að það hefði verið nokkur ástæða til stjórnarfrumvarpsins, og þó ekki góð, en til þess að hafa 2 vígslubiskupa, eins og þetta frumvarp fer fram á, væri engin ástæða. Sami háttv. þm. tók það fram, að mjög mikið þyrfti að gera við dómkirkjuna á Hólum, ef þar ætti að geta farið fram vígsla á klerkum. En þetta er tómur misskilningur. Hólakirkja er í fult eins góðu standi og dómkirkjan hér í Reykjavík. Hún er helgur menjagripur og veglegur minnisvarði, sem einn af forfeðrum háttv. 5. kgk. þm. reisti sér. Það var Gísli biskup Magnússon, er lét gera kirkju þessa um og eftir 1750. Það myndi oft geta létt töluvert tilfinnanlegum kostnaði á fátækum prestsefnum norðanlands, ef vígsla gæti farið fram að Hólum. Og varla þyrfti að efa, að biskup myndi oft fela hinum norðlenzka vígslubiskupi að framkvæma vígslur í þeim fjórðungi. Auk þess getur slíkt fyrirkomulag verið mjög heppilegt, ef biskup forfallast, sem oft getur fyrir komið — og einmitt kom fyrir ekki alls fyrir löngu. Það hefir borið til fyrir skömmu, að annar maður hefir orðið að framkvæma vígsluathöfnina, sakir sjúkleika biskups.

Háttv. 5. kgk. þm. vék því að prestastéttinni, að hún hefði ekki verið þeim breytingum fylgjandi, er til bóta hefðu horft fyrir land þetta. En því verð eg að neita. Prestastéttin á engan veginn það álas skilið. Að ólastaðri þjóðhollustu allra verzlegu embættismannanna, sem hér hafa völd haft frá útlendu valdi, oft og tíðum oss miður hollu, hafa afskifti klerkastéttarinnar af landsmálum verið fult eins holl og þessara valdsmanna, og fult svo margir nýtir menn meðal prestastéttarinnar, sem meðal þeirra, já margfalt nýtari oft og tíðum.

Eiríkur Briem: Út af orðum háttv. þm. V.-Ísf. skal eg láta þess getið, að það eru að vísu mismunandi skoðanir, sem kaþólskir og lúterskir menn hafa á biskupsvígslunni, en það hefir þó verið föst regla í kirkju vorri á Norðurlöndum, að allir þeir, sem biskupar hafa verið, hafa verið vígðir af manni, sem tekið hafði biskupsvígslu. Frá þessari reglu hefir aldrei verið vikið hér á landi, og í Danmörku að eins einu sinni á 16. öld.

ATKV.GR.:

Formbreyt. nefnd. (326) samþ. með 11 atkv.

1. gr. nefnd. (326) sþ. með 10 atkv.
2. — — — — — 11 —
3. — — — — — 11 —
Fyrirsögn frv. — — 11 —

Málinu vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Þriðja umræða, 29. marz (A 350, 351).

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Ástæðurnar fyrir frumv. þessu tók eg fram við 2. umræðu. Að eins skal eg geta þess, að nefndin hefir borið fram breytingartillögur eftir bendingu

hæstv. ráðherra, en það eru að eins orðabreytingar, og hefi eg ekkert frekar um þær að segja, en vona að deildin samþykki þær, og svo frumv. í heild sinni.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (351) samþ. í einu hlj.

Frumv. samþ. með 11:1 atkv., og sendist aftur forseta neðri deildar.

Fiskiveiðar á opnum skipum.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög (A. 218). 1. umræða; 17. marz.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umræða, 20. marz (A. 218).

ATKV.GR.:

Samþykt umræðulaust í einu hlj., að frumv. gangi til 3. umræðu.

Þriðja umræða, 23. marz. (A. 218).

Agúst Flygenring: Frumv. þetta gengur út á það, að lög 14. des. 1877 um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og viðaukalög við þessi lög frá 10. nóv. 1905, nái einnig til þiljaðra mótorbáta í Vestmannaeyjum, sem ekki eru stærri en nemi 15 smálestum.

Tilgangurinn er að eins sá, að koma á samræmi milli þeirra smábáta, er þilfar hefir verið sett í, og annara báta af sömu stærð.

Frumv. nær að eins til Vestmannaeyja; og eftir því sem háttv. þm. Vestmanneyinga hefir sagt mér, eru allir útvegsmenn í Eyjunum málinu fylgjandi. — Eg hefi ekki fleira að segja um frv., en mæli með því, að háttv. deild samþykki það.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Fuglveiðasamþykt í Vestmanneyjum.

FRUMVARP til laga um breyting á 2. gr. laga 13. apríl 1894 nr. 13 um fuglveiðasamþykt í Vestmanneyjum (A. 219). 1. umræða, 17. marz.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umræða, 20. marz. (A. 219).

ATKV.GR.:

Málinu vísað umræðulaust í e. hlj. til 3. umræðu.

Þriðja umræða, 23. marz. (A. 219).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Kornforðabúr.

FRUMVARP til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs. (A. 446). 1. umræða, 15. apríl.

Sigurður Stefánsson: Eg vildi leyfa mér að stinga upp á að 3 manna nefnd verði kosin í málið að lokinni umræðu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykt með 12 samhlj. atkv. að kjósa 3 manna nefnd.

Í nefndina kosnir:

Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring.

Önnur umræða, 21. apríl. (A. 446, 492).

Framsm. (Kristinn Daníelsson): Við sem höfum verið valdir í þessa nefnd, höfum orðið vel sammála, og höfum íhugað málið nákvæmlega. Höfum við fyrst og fremst athugað, hvort á slíkum kornforðabúrum mundi nokkur þörf, og hvort þau mundu ekki jafnvel verða til ógagns; það hefði helzt verið að því leyti, að menn kynnu að hafa sett traust sitt um of til slíks forðabúrs og ekki gætt sín í vitund þess sem skyldi í ásetningi peningsins. — Við höfum þó komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ástæða til að bera kvíðboga fyrir sliku, því landsmenn mundu það langt komnir í búnaðarhyggindum, að ekki muni koma til slíks. En það álítum við ætti að vera aðalreglan, að framfleyta öllum peningi á innlendu fóðri. Vér hyggjum og, að landsmenn séu það langt komnir í ásetningu, að sjaldan þyrfti að koma til slíks forðabúrs, og kynni mönnum þá að þykja þetta nýmæli að því leyti óþarft. Því það má fá útlent fóður bæði sunnanlands og norðan. Og þegar harðir eru vetrar fram að jólum, væri alveg nægur tími til að panta fóður, svo að enginn bagi þyrfti af að hljótast. En þrátt fyrir þetta ræður þó nefndin eindregið til að þessi forðabúr verði á stofn sett. Og stuðlaði sérstaklega að því það, að við vissum að slíkt forðabúr hafði verið stofnað í Þingeyjarsýslu og reynst þar vel. Það má vel vera, að nokkuð sérstaklega standi þar á; en okkur finst þó, að slíkt muni geta átt sér stað víðar. Einkanlega er það athugandi, að þegar svo bæri undir gæti komið til greina, að nokkuð af korni því, sem forðabúrin hefðu inni að halda, mætti hafa til manneldis. Gæti slíkt orðið töluvert hagræði í ýmsum tilfellum. — Læt eg því í ljósi það álit mitt í málinu, að nýmæli þetta sé í engu tilliti til ógagns, en gæti orðið í ýmsu til mjög mikils gagns. — Frágangurinn á frumvarpinu hygg eg ekki sé athugaverður. Í þriðju grein standa orðin: »óbreytt að efni«; þar hefði eg heldur óskað að staðið hefði: »óbreytt að öllu«. Það er í því efni mjótt mundangshófið; sé farið að breyta formi, er hætt við að efni breytist að einhverju um leið. Að vísu gæti fleira orðið ágreiningsatriði; en þó hygg eg, að eg hafi nú tekið flest fram, sem eg álít bráðasta þörf; og skal eg ekki þreyta menn með langri ræðu um sinn. Lýk eg þar máli mínu, að eg mæli með frumv. við háttv. deild, að hún samþykki það.

ATKV.GR.:

1., 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 samhlj. atkv.

Þriðja umræða, 23. apríl. (A. 446, 552).

Framsm. (Kristinn Daníelsson): Nefndin hefir komið fram með þessa örlitlu breytingu á þgskj. 552, við 3. gr. frv., sem háttv. deild svo gott sem kom sér saman um við síðustu umr. málsins. Breytingin er í því falin, að orðin »að efni« í 3. línu 3. gr. falli burt. Það þykir tryggara að leyfa ekki einu sinni orðabreytingar á frumvarpi til samþyktar, eftir að það hefir komið frá sýslunefnd. — Eg þarf víst ekki að

fara fleiri orðum um þessa breytingu, en vonast til að háttv. deildarmenn samþykki hana.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (552) samþ. í e. hlj.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og verður sent aftur til forseta Nd.

Skipun læknishéraða.

FRUMVARP til laga um breyting á lög um um skipun læknishéraða o. fl. (A. 559). 1. umræða, 24. apríl.

Sigurður Stefánsson: Eg þarf ekki að halda langa ræðu til þess að mæla með frumv. þessu, því að það er kunningi deildarinnar frá fyrri þingum. Eg tók það fram hér í fyrra, að brýn nauðsyn væri á að endurreisa hérað þetta, sem lagt var niður, þegar nýja læknaskipunin var í lög tekin. Það stafaði af megnri vanþekkingu, eða því sem verra var, að héraðið nokkru sinni var lagt niður. Aðalástæða þeirra er það gerðu var sú, að 2 læknar væru á Ísafirði, en vegalengdin inst innan úr Djúpi og út á Ísafjörð verður alveg jafnmikil fyrir því, og það er einmitt vegalengdin, sem í mörgum tilfellum gerir það alveg ómögulegt með öllu að vitja læknis til Ísafjarðar. Eg þekki dæmi þess, að til stór vandræða hefir horft, þennan stutta tíma síðan læknirinn fór þaðan, og jafnvel kostað fleiri mannslíf, hve erfitt er að ná í lækni á þessum stöðum, t. d. var það bara af tilviljun að næm sótt, sem kom upp á bæ einum í héraðinu, ekki barst út um það alt, og hjón mistu 2 börn sín uppkomin fyrir þá sök eina, að ekki náðist í lækna. Fleiri slík dæmi gæti eg tilgreint, en eg hygg þess ekki þörf, einkum þar sem það var sagt hér í deildinni hér á dögunum, að meiri sanngirni mælti með endurreisn Nauteyrarhéraðs en stofnun nokkurs annars nýs héraðs. Og það ætti að minsta kosti að vera öllum skiljanlegt, að kostnaður við að vitja læknis til Ísafjarðar er ofvaxinn flestum Nauteyrarhéraðsmönnum. Hvað þá mótbáru snertir, að enginn læknir muni fást þangað, skal eg geta þess, að það er eins fólksmargt og sum þau héruð, sem farið er fram á að skifta nú — það hefir 1200 íbúa, enda hafði það læknir lengst af meðan það var sérstakt læknishérað, svo að sú mótbára er á engum rökum bygð.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 11 samhlj. atkv.

Önnur umræða; 27. apríl (A. 559).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 9 atkv. gegn 2.

Samþ. með 9 atkv. gegn 2 að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 29. apríl (A. 559).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 9 samhlj. atkv., og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Kennaraskóli.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 63, frá 22. nóv. 1907, 3. gr. um kennaraskóla í Reykjavík (A. 241). 1. umræða; 19. marz.

Sigurður Stefánsson: Þetta frv. er komið frá Nd. og fer fram á, að breyta skólaárinu dálítið. Kennaraskólinn stendur frá 1. okt. til 1. apr. Til þess að koma til skólans í tæka tíð á haustin, verða nemendurnir, ef þeir eiga

langt að sækja, að fara heiman frá sér seinni part septembermán. En þetta getur orðið mörgum mikið atvinnutjón. Sláttur endar ekki fyr en síðast í sept. Þeir eru margir fátækir menn, sem ekki mega við því að slökkva niður neinu af sumarvinnu sinni, þar sem þeir verða að nota arðinn af henni til þess að kosta sig að vetrinum. Frumv. fer því fram á að flytja skólaárið þannig, að það byrji 1. vetrardag og endi síðasta vetrardag. Tíminn er alveg jafnlangur og áður, en nemendum verður breytingin til mikilla hagsmuna og hagræðis.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umræða, 22. marz (A. 241).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í einu hlj.

Málinu vísað til 3. umr. með öllum atkvæðum.

Þriðja umræða, 24. marz (A. 241).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í einu hlj., og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Kosningarréttur og kjörgengi.

FRUMVARP til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga (A. 220). 1. umræða; 17. marz.

Kristinn Daníelsson: Mér virðist nauðsynlegt við þetta frumv., sem hér liggur fyrir og er líklegt að mundi annars fá fylgi þingmanna, að á því yrðu gerðar breytingar í þá átt, að taka ákvæðin sjálf upp í meginmál þess í stað þess að vitna til viðkomandi lagastaða, því að þetta mundi gera lögin aðgengilegri fyrir þá, sem eiga að nota þau. Eg vil þess vegna leyfa mér að stinga upp á því, að kosin verði 3 manna nefnd, þegar umræðum er lokið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hlj.

Tillaga um nefnd samþ. með 12 : 1 atkv. og kosnir í nefndina:

Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Júlíus Havsteen.

Önnur umræða, 29. marz. (A. 220, 328).

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eg skal fyrst geta þess, að við prentunina er komið fram ósamræmi í háttum nokkurra sagnorða í 1. gr. Svo að samræmi fáist, þarf því að breyta orðunum: hafa, eru o. s. frv. í viðtengingarhátt. — Eins og hin háttv. deild sér á nefndarálitinu, er það einróma álit nefndarinnar, að frumv. þetta beri að samþykkja. Nefndin álítur, að með því sé stigið réttmætt spor í áttina til fullkomins jafnréttis karla og kvenna. Nefndin taldi líka rétt, að vinnuhjú fengju kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og sveitarfélaga. En þótt nefndin hafi fallist á frumv. í aðalatriðum, vill hún þó gera á því töluverðar breytingar. Hún álítur að frv. verði töluvert aðgengilegra, ef upp í það eru beinlínis tekin ákvæði laganna frá 22. nóv. 1907 í stað þess að vitna að eins til þeirra. Nefndin leggur því til, að í stað 1. og 2. gr. frumv. komi 2 nýjar greinar og að tvær aðrar nýjar greinar bætist við; í 3. gr. eru talin þau lagaboð, er úr gildi ganga, ef frumv. þetta verður að lögum, en 4. gr. ákveður hve nær lögin skuli ganga í gildi, og er það eina efnisbreytingin, sem nefndin hefir gert. Hún ætlast til að lögin gangi í gildi 1. júlí 1910. Skal eg svo ekki fjölyrða um málið frekar

að sinni, en vona að deildin samþykki þær sjálfsögðu og eðlilegu réttarbætur, sem í frumvarpinu felast.

Sigurður Stefánsson: Mér finst óþarfi að fara að breyta sögnunum *hafa, eru* o. s. frv. í viðtengingarhátt. Það er brota minst að breyta orðunum »*séu þeir*« í »*ef þeir eru*«, þá getur framsöguháttur haldið sér allsstaðar.

Steingrímur Jónsson: Eg er samþykkur frumvarpinu í aðal-atriðinu. Starf nefndarinnar álít eg gott, því nú er frumvarpið frambærilegra, en þegar það kom frá Nd.

En eg hefði þó kosið, að ekki hefði verið farið lengra í þessu frumv., en farið var í lögunum frá 1907, að því er snertir Reykjavík og Hafnarfjörð. Eg skil ekki að það sé ástæða til að taka upp það nýmæli, að hjúum sé gefinn kosningarréttur og kjörgengi í sveitamálum. En vilji menn gera þá breytingu, þá er heppilegra að gera það á annan hátt, nefnilega með því að leysa vistarbandið. Kosningarréttur og kjörgengi hjúa er ósamrýmanlegt við vistarskylduna, sem nú er. Eg tel réttara að bíða með þetta mál, rýmkun kosningarréttarins fram yfir það sem gert var í lögunum frá 1907, þangað til þing og þjóð eru búin að átta sig á því, hvort þannig löguð lagaskipun er holl eða ekki.

Beinlínis stór athugavert tel eg það, að gefa hjúum rétt og *skyldu* til að taka við kosningu. Þau verða að hafa rétt til að skorast undan kosningu, því að þau eru bundin, geta ekki tekið við henni nema með leyfi húsbónda síns.

Eg vildi ekki láta hjá líða að benda á þetta. Eg álít það óþarfa byltingu, að ganga þetta lengra en lögin 1907, meðan vistarbands-skyldan er ekki af numin að öllu leyti.

Lárus H. Bjarnason: Í þessu frumvarpi er stofnað til þeirra nýmæla, að hjú fái bæði kosningarrétt og kjörgengi til sveitastjórna. Engin ástæða er til að meina hjúum kosningarrétt. Þau eru skyld að greiða útsvar, og því er sjálfsagt, að þau hafi einhver áhrif á það, hvernig fénu er varið.

Hitt er annað mál, hvort rétt sé að veita þeim kjörgengi að svo stöddu; að minsta kosti yrði þá að áskilja samþykki þeirra til að þau yrðu kosin, eins og háttv, 4. kgk. tók fram. Og hvað sem öðru líður, þá er engin ástæða til að láta hjú í Reykjavík og Hafnarfirði búa við lakari kosti, eins og mér skildist sami háttv. þm. gjöra ráð fyrir; það er sjálfsagt að annað hvort hafi öll hjú á landinu þenna rétt eða engin.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eg get fallist á athugasemdir háttv. þm. Ísf. um leiðréttingu á ritvillunni í 1. gr. frumv. Nefndin mun taka þær til greina.

Um það er háttv. 4. kgk. þm. sagði þarf eg ekki að fara mörgum orðum. Hann játaði að kosningarréttur hjúa væri í sjálfu sér eðlilegur, en áleit betra að leysa vistarbandið. En þó það væri gert, mundu margir ráða sig sem hjú samt sem áður, og hefðu þeir þá ekki kosningarrétt, svo að það kæmi ekki að fullum notum. Um það gæti og verið skoðanamunur, hvort núverandi kringumstæður leyfa að leysa vistarbandið til fulls. Um það skal eg ekki deila, enda liggur það mál ekki fyrir hér. En eins og nú stendur á, er það fullkomlega réttmætt, að hjú hafi þennan kosningarrétt í sveitamálum og bæjarmálum. Þau bera víða töluvert af gjöldum til sveita, og úr því sú skylda hvílir á þeim, að leggja fram sinn skerf til sveitarþarfa, er það eðlilegt að þau hafi atkvæðisrétt í málefnum sveitanna.

Sami háttv. þm. sagði, að það væri nauðsynlegt, að tekið væri fram í lög-

unum, að hjú væru ekki skyldug að taka við kosningu. Vinnukonur gætu, sem aðrar konur, skorast undan, svo að það gæti aðeins komið til tals um vinnumenn, en af þeim myudu þeir einir verða kosnir, sem samið gætu við húsbændur sína um að mega taka við kosningu. Samt hefir þessi athugasemd háttv. þm. töluvert til síns máls, og nefndin finnur vafalaust ástæðu til að yfirvega, hvort ekki væri rétt að láta vinnumenn hafa undanþágurétt eins og vinnukonur.

Steingrímur Jónsson: það er misskilningur hjá háttv. 5. kgk. þm., að eg vilji gera hjúum í Reykjavík og Hafnarfirði hærra undir höfði en annarstaðar. Eg álít sjálfsagt, að gera aðra staði á landinu jafn réttháa sem Reykjavík og Hafnarfjörð. En eg álit ekki ástæðu til að fara lengra, en farið var í lögunum 1907 fyrir þessa tvo bæi. Í þeim lögum var hjúum ekki veittur kosningarréttur né kjörgengi, en hér er farið fram á, að þeim sé veitt hvorttveggja. Eg gerði grein fyrir því á síðasta þingi, að eg áliti ekki vel við eigandi, að vistarband og kosningarréttur hjúa í sveitamálum færi saman. Vistarbandið útilokar að minni hyggju rétt þeirra til kosninga. Húsbóndi getur eftir hjúalögunum neitað hjúum um að neyta kosningarréttarins. Þess vegna er betra að afnema fyrst vistarbandið. Annars neita eg því alls ekki, að hjú hafi rétt til að fá kosningarrétt, en eg álít ekki heppilegt, að veita þeim hann eins og nú stendur.

Svo benti eg á það, að nauðsynlegt væri, að hjúum væri ekki gjört að skyldu að taka við kosningu. Annars verða lögin bein mótsögn við hjúalögin; því samkvæmt þeim getur húsbóndi neitað hjúum að taka kosningu. Þó það kæmi sjaldan fyrir, væri það samt ekki heppilegt. En það getur líka komið oft fyrir. Auk þess má búast við, að þessi stétt, ef hún á annað borð á skilið að fá þennan rétt og veruleg þörf er fyrir hann, fari að halda fram mönnum úr sínum flokki til kosninga; og vinnufólk og lausafólk mundi vafalaust fylgjast að málum. Hvort þetta hefði heppileg áhrif á stjórn sveitamála, læt eg ósagt; það er tvent til í því efni.

Sigurður Stefánsson: Eg get að vissu leyti fallist á það, sem háttv. 4. kgk. þm. sagði, að það væri eðlilegra að leysa vistarbandið, og eg skal taka það fram, að á þingi 1907 var eg því meðmæltur. En þau lög hafa mælst miður vel fyrir hjá bændum; þeim þykir að mörgu leyti varhugavert, að af nema vistarbandið alveg, þar sem það myndi leiða til enn meiri vinnufólksskorts en nú er, og er þó ekki á það bætandi.

Hins vegar er ekkert á móti því, að sömu ákvæði séu sett inn í lögin um hjú, sem um konur, að þau geti skorast undan kosningu. Samt hygg eg, að það mundi sjaldan koma til óþæginda, þó það ákvæði væri ekki. Fyrst um sinn yrði það varla títt, að hjú yrðu kosin. Auk þess er vegurinn til lausamennskunnar orðinn svo auðveldur nú, að það ætti engum vel vinnandi manni að vera ókleift, að leysa sig undan vistarbandinu, ef hann þættist betur geta neytt réttinda sinna með því móti.

Kosningarréttinn hafa hjú skilyrðislausan. Sárfáir húsbændur mundu neita hjúi sínu um að neyta kosningarréttar síns. Að vísu má ef til vill segja, að þeir hafi réttinn til þess, en nú er sú breyting orðin á hag hjúanna, að þau eru ekki lengur skoðuð ófrjálsir menn, sem húsbændur hafi alt vald yfir. Breytingin hefir gengið í þá átt, að auka frelsi þeirra, og húsbændur gera nú að vilja hjúa sem auðið er.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi aðeins taka það fram, að það sem eg vildi benda á áðan var, að húsbóndi

hefir eftir hjúalögunum rétt til að neita hjúum að neyta kosningarréttarins. Hann mundi ef til vill neita þeim um það, ef þau væru í öðrum flokki en hann, en leyfa þeim, ef þau tilheyrðu sama flokki og hann.

Sigurður Hjörleifsson: Mér sýnist allir vera sammála um það, að húsbóndi geti samkvæmt hjúalögunum bannað hjúi að neyta kosningarréttar síns. Hv. 4. kgk. þm. áleit bezta ráðið vera að leysa vistarbandið. Mér finst það einfaldast, að setja inn í þessi lög ákvæði um, að húsbóndi geti ekki neitað hjúi að nota kosningarrétt sinn. Það liggur í hlutarins eðli, að það verður, um leið og réttarinn er gefinn, að tryggja að hjúin geti neytt hans. Víða er kosningardagur jafnvel skoðaður frídagur.

Eg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vill ekki taka þessa athugasemd til greina.

Lárus H. Bjarnason: Eg hélt eg hefði skilið háttv. 4. kgk. þm. rétt, en annars skal eg ekki karpa við hann um það.

Háttv. þm. Ak. sagði, að það mundi þurfa að taka fram í þessum lögum, að húsbóndi megi ekki meina hjúi að neita kosningarréttar síns. Eg held þess þurfi ekki. Verði hjúum veittur þessi réttur með lögum, felst í því að mínu áliti, að húsbóndi geti ekki neitað þeim að neyta hans. Eg álít því ekki að það sé nauðsynlegt að taka það fram.

Sigurður Hjörleifsson: Eg tók þetta fram af því, að hv. 4. kgk. þm. var búinn að segja, að þessi tvö ákvæði færi í bága hvað við annað. Geri þau það ekki, er uppástunga mín óþörf. Eg læt lögfræðingana um að deila um það. En eg talaði aðeins út frá skilningi háttv. 4. kgk. á þessu atriði.

ATKV.GR.:

1. br.till. (328) sþ. m. 10 samhlj. atkv.
1. gr. (328) sþ. m. 10 samhlj. atkv.
2. gr. (328) sþ. m. 8:2 atkv.
2. br.till. (328) sþ. m. 8 samhlj. atkv.
3. gr. (328) sþ. m. 9 samhlj. atkv.
4. gr. (328) sþ. m. 8 samhlj. atkv.
3. br.till. (328) sþ. m. 9 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umræða; 2. apríl. (A. 374; 371; 372; 418).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg skal víkja nokkrum orðum að breytingartillögum þeim, er fram eru komnar við frumvarp þetta. Sný eg mér fyrst að breytingartillögunni á þskj. 418. Hún fer fram á að fella burt, að vinnuhjú hafi kosningarrétt. Þeirri tillögu er nefndin algerlega mótfallin. Henni virðist sjálfsagt, að vinnuhjú fái þenna rétt, sem lausafólk hefir þegar öðlast. Munurinn á þessum stéttum er sá einn, að hjúin ráða sig til lítið eitt lengri tíma; lausafólk ræður sig oft til $^1/_2$ árs eða jafnvel lengri tíma í einu. Að láta lausafólk hafa kosningarrétt, en vinnuhjú ekki, er í raun og veru ekkert annað, en að leggja réttindamissi við því, að ráða sig í vist, sem þó er heppilegasti ráðningarmátinn bæði fyrir vinnuveitendur og verkamenn. Nefndin aðhyllist fyrri breytingartillögnna á þskj. 371, að vinnuhjú skuli ekki hafa kjörgengi. Það má að vísu deila um, hvort það sé ekki með öllu óþarft, þar sem mjög sjaldan myndi hafa til þess komið, að vinnuhjú hefðu tafist frá störfum í þarfir húsbænda sinna, sakir þess að þau hefðu átt sæti í hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, því að ekki er líklegt, að mörg hjú yrðu kosin til slíkra starfa. En nefndin hefir þó getað sætt sig við, að fara ekki lengra að þessu sinni, en að veita þeim kosningarrétt. Hún tekur því aftur breytingartillögu sína við 2. gr. á þskj. 372. Nefndin hefir ekki getað fallist á 2. breyt.till. á þskj. 371, að fella burt

að konur mættu skorast undan kosningu. Nefndin játar að vísu, að konur á þann hátt fái réttindi fram yfir karla, og að svo ætti í raun og veru ekki að vera, en þegar á hitt er litið, hve mjög því fer fjarri, að konur enn sem komið er hafi jafnrétti við karla í öllum efnum, þá virðist það ekki skifta miklu, þótt þær í þessu atriði séu betur settar. Nefndin vill þess vegna ekki fella undanþágu þessa burtu að svo stöddu, enda þótt hún játi, að hún sé í sjálfu sér óeðlileg.

Steingrímur Jónsson: Nefndin hefir ekki tekið vel breytingartillögu þeirri, sem eg á á þgskj. 418. Eg gat þess þegar við 2. umræðu, að eg teldi ákvæði frumv. þessa um, að veita konum kosningarrétt og kjörgengi í sveitar- og bæjarmálum, koma í bága við hin gildandi vinnuhjúalög, tilsk. frá 23. jan. 1866, og að ef menn vildu veita hjúunum þessi réttindi, þá væri bezta og einfaldasta aðferðin að af nema vistarbandið um leið.

Mér virðist breyting sú, er hér er farið fram á, töluvert byltingarkend.

Á síðasta þingi var eftir miklar umræður samþykt, að veita konum kosningarrétt og kjörgengi til jafns við karlmenn í 2 bæjum. Þetta átti að vera tilraun, er af mætti sjá, hvort hættulaust væri að rýmka kosningarréttinn. Eg álít, að rétt væri að láta þá réttarbót ná til allra hreppa- og bæjarfélaga í landinu, en heldur ekki að fara lengra að svo stöddu. En nú á að eyðileggja þessa tilraun með því, að bæta við nýum flokki af kjósendum. Þetta kalla eg byltingarkent. Hjúin hafa heldur alls eigi beðið um þessi réttindi, og það kemur ekki af því, að þau geti ekki látið til sín heyra, ef þeim væri þetta áhugamál. Þau gætu það að minsta kosti alt eins vel og konurnar, sem nú eru teknar að krefjast jafnréttis við karlmenn. Sannleikurinn er sá, að hjúunum er það ekkert áhugamál, að fá þessi réttindi; það er annað sem þeim er áhugamál, það er að fá vistarbandið af numið. Þetta er ekkert annað en þing-»radikalisme«. Eg veit ekki, hvað þeim gengur til, er fyrir þessu máli berjast; eg vil ekki gera ráð fyrir að ástæðurnar séu óheiðarlegar, en það eitt er víst, að hjúin hafa ekki krafizt þessara réttinda. Þá er það annað atriði í þessu máli, sem er athugavert, og sem eg vona að hin háttv. deild íhugi vel, og það er, hvað er verksvið sveitanefnda og bæjarstjórna, og hvaða vald þær hafa. Aðalverk þeirra er að stjórna fjármálum hreppanna og bæjanna. Og það starf er mjög þýðingarmikið, einkum eftir að hin nýja skipun er komin á fræðslumálin. Hver er sú meginregla, sem þingið hefir sett, að því er snertir álagning sveitargjaldanna? Hún er sú, að þeim gjöldum beri að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Þá reglu tel eg rétta, og einu færu leiðina, en þá má heldur ekki láta þá, sem fátækastir eru og minst gjalda, ráða mestu um ráðstafanir hreppa- og bæjarsjóðanna. Það er mjög hætt við, að með því móti verði efnamennirnir alt of hart úti. Eigi að leggja fjárveitingarvald það, sem hér um ræðir, í hendur fátækasta fólkinu, þá verður líka að takmarka rétt hreppsnefnda og bæjarstjórna til þess að auka álögurnar meira en nú er gert. Eg geri ekki ráð fyrir, að mér aukist vinsældir af tillögum mínum til þessa máls, en eg met meira, hvað satt er og rétt í hverju máli, en hvernig það mælist fyrir.

Þá liggja fyrir breyt.till. á þgskj. 371 og 372. Síðari breyt.till. á þskj. 372 er tekin aftur og hin fyrri er að eins orðabreyting, svo að hér koma að eins til greina breyt.till. á þgskj. 371. Þær eru tvær. Verði mín till. samþ., fellur hin fyrri

burtu; verði mín till. ekki samþykt, mun eg greiða henni atkvæði mitt, af því að það er, eins og eg hefi þegar tekið fram, í mínum augum sjálfsagt, að hjú geti ekki haft kjörgengi. Það er ekki hægt gagnvart húsbóndanum og kemur í bága við hjúalögin, að láta hjú hafa þennan rétt, þó það sé í sjálfu sér óeðlilegt, að kjörgengi fylgi ekki með kosningarrétti.

Síðari breyt.till. fer fram á það, að tekinn sé af konum rétturinn til að skorast undan kosningu. Eg er samdóma háttv. framsm. um það, að í raun-inni sé það óeðlilegt, að konur hafi þennan undanþágurétt, en álít samt ekki »praktiskt«, að taka hann af þeim. Að vísu mundi konum sjaldan verða þröngvað til að taka við kosningu, ef þær hefðu ekki kringumstæður til þess, en eg tel samt réttast, að láta þær halda þessum rétti framvegis, þó eg sé í sjálfu sér mest hneigður til að greiða atkvæði með breyt.till.

Eiríkur Briem: Það er einmitt þetta atriði, sem háttv. 4. kgk þm. talaði um síðast, seinni breyt.till. á þgskj. 371, sem eg vildi minnast á. Eg get ekki viðurkent, að í henni felist nein rétt »princip«-krafa né heppileg. Miklu fremur ætti löggjöfin að fara í þá átt, og það væri rétt »princip«, að allir gætu skorast undan slíku starfi. Réttmætast er, að kostnaður og erfiði við sveitarstörf leggist jafnt á alla, sem sveitarbyrðar eiga að bera, en ekki sérstaklega þungt á einstaka menn. Það eru hreint og beint leifar frá þeim tímum, er menn lögðu störfin á sem skyldur í stað þess að borga þau; væru þau borguð, sem vert er, væri engin vandræði að fá menn í þau. En þess ber ennfremur að gæta, að það er misjafnt, hve þungt skyldurnar geta komið niður á einstökum mönnum. Allir virðast sammála um það, að ekki megi skylda vinnumenn til að taka við kosningu, af því að þeir eru í þeim kringumstæðum, að þeir geta ekki fullnægt þeirri skyldu. En einmitt það sama á sér stað um konuna. Hún er svo tengd við hag heimilisins, að það hefir aðra þýðingu, að rífa hana frá því en karlmanninn, og getur gert mikið ógagn. Menn tala um að skyldur og réttindi eigi að fylgjast að. Það getur ekki verið stílað til þeirra kvenmanna, sem helzt vilja vera lausar við réttindin, eða kæra sig ekkert um þau. Það á að stílast til þeirra, sem mest sækjast eftir réttindum í opinberum málum, en ekki til hinna, sem ekki hafa áhuga á þeim. Eg vil að þær, sem vilja, megi gefa kost á sér til kosninga, og ekki sé fyrirmunað að kjósa þær þeim, sem bera traust til þeirra, en á hinn bóginn geti þær sloppið við kosningu, sem vilja. Það kæmi ekki að eins illa niður á þeirri einstöku konu, heldur heimilinu öllu, ef hún væri neydd til að taka við kosningu. Það opinbera vald grípur hér inn í rétt heimilisins, og því álít eg það sérstaklega varhugavert. Eg álít rétt, að hver sem er, hvort heldur er karl eða kona, sem hefir hæfileika til að taka þátt í almennum málum og treystir sér til þess, megi gera það, en hins vegar álít eg, að kvenfólkið sé á skakkri leið, ef það sækist eftir því. Eg álít það væri hin mesta afturför, ef sú stórkostlega verkaskifting breyttist, sem verið hefir um allan aldur milli karla og kvenna, og má heita að sé orðin kynföst. Fyrst gera allir alt. En með vaxandi menningu vex verkaskiftingin. Sú fyrsta verkaskifting var milli karla og kvenna. Konur hafa alt af verið, og eru enn, færari um sum störf en karlmenn, og þá sérstaklega uppeldi barna. Eg álít það væri stór afturför fyrir mannkynið, ef þessi mismunur minkaði. Enda er það stór misskilningur, að sú kona geri meira gagn, sem skiftir sér af almenn-

um málum, en hin, sem hugsar um heimilið og börnin, og undir býr hina komandi kynslóð undir lífið. Eg álít það afar-þýðingarmikið, að ekki sé farið inn á þá braut, að taka konuna nauðuga frá heimilinu, enda sé eg alls ekki, að það sé nein nauðsynleg afleiðing af kosningarrétti og kjörgengi þeirra.

Ef einhver kona hefir áhuga á almennum málum og traust annara, þá er rétt að það sé heimilt, að kjósa hana, en á hinn bóginn finst mér jafn sjálfsagt, að ekki megi neyða neina konu til að taka kosningu, ef hún vill það ekki sjálf.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg ætla ekki að vera langorður. Háttv. 4. kgk. þm. talaði um það, að hjúin hefðu ekki látið uppi óskir um að fá kosningarrétt, né látið neitt til sín heyra um það. Það er satt, að ekki hafa komið opinberlega fram raddir um það, en eigi að síður hafa fleiri en eg heyrt marga lausamenn segja, að þeir vildu ekki fara í vist, af því að þeir mistu við það ýms réttindi, aðallega kosningarréttinn. Eg get ekki séð að það mæli neitt á móti því, að lögleiða kosningarrétt hjúa, þó málið sé frá þingmönnum komið, en ekki beinlínis frá hjúunum. Nú er það búið að fá það fylgi, að það hefir gengið hiklaust gegn um Nd.

Sami háttv. þm. sagði, að með því að veita fjöldanum kosningarrétt, ofurseldu menn að miklu leyti þá efnaðri menn fjöldanum í meðferð fjármála. Það má segja, að það sé ávalt afleiðingin, ef fjöldanum eru veitt aukin réttindi í meðferð opinbers fjár. Hann getur með atkvæðamagni sínu þröngvað kosti hinna, sé atkvæðamagnið notað til að koma á auknum útgjöldum. Það má líta svo á, að þetta sé bæði kostur og ókostur. Kostur er það, sé fénu varið vel og hyggilega, en ókostur, sé því illa varið. Eg tel það kost, að veita almenningi áhrif á meðferð almenns fjár, því með því mun fénu verða betur varið að jafnaði.

Háttv. 2 kgk. þm. tók fram, að sér fyndist réttast, að neyða engan til að taka á móti kosningu. Það er auðvitað, að þá væri jafnréttis-»principið« ekki brotið, ef karlmenn gætu líka skorast undan kosningu, en mér finst þetta brot á »principinu«, að leyfa konum að skorast undan, réttlætast af því, að mikið vantar enn á, að þær hafi jafnan rétt við karlmenn í öðrum efnum.

Steingrímur Jónsson: Háttv. framsm. tók fram, að þess væri dæmi, að menn vildu ekki fara í vist vegna þess, að þeir mistu kosningarrétt sinn við það. Eg veit að þess eru dæmi, en það eru líka þær einustu raddir hér á landi í þessa átt. Og þessum mönnum er frjálst að gjöra eins og þeim sýnist; vilji þeir halda kosningarréttinum, geta þeir slept að fara í vist.

Háttv. þm. sagði í fyrri ræðu sinni, að lausamenn hefðu ekki meiri verðleika en vinnumenn, til að hafa kosningarrétt. Það má vera. En það verður að taka tillit til þess, sem eg hefi margsinnis bent á, að húsbóndi getur samkvæmt hjúalögunum bannað hjúum sínum að neyta kosningarréttarins. Að minsta kosti getur hann gert það óbeint. Hann getur sagt við hjúið: »Þetta verk skaltu vinna í dag«, og meinað því þannig að fara á kjörfund, því að eg býst ekki við því, að alþingi fari að lögbjóða það, að kosningadagur skuli vera frídagur. Og sé þetta rétt, þá geta húsbændur líka haft óleyfileg áhrif á kosningar. Hugsum okkur, að tveir húsbændur séu á sama máli um sveitamál. Annar hefir 4 hjú, sem áhugalítil eru um sveitamál og hafa enga ákveðna skoðun. Hann pínir þau til að fara og

greiða atkvæði með þeim málstað, sem hann fylgir. Hinn hefir önnur 4 hjú, sem eru á annari skoðun en hann, og hann bannar þeim að fara að greiða atkvæði. Þannig gæti útkoman orðið skökk. — En auk þess eru í lausamannaflokknum einmitt þeir menn, sem samkvæmt kringumstæðum sínum eiga að sjálfsögðu að hafa kosningarrétt. Útsvaraskrár sýna það, að víðast hvar borga lausamenn hærra útsvar en vinnumenn, en eru þó viðlíka efnum búnir og þeir. Auðvitað verður aldrei hjá því komist, að misjafnir menn séu í hverri stétt.

Þá talaði háttv. framsm. um það, að það væru engin mótmæli gegn þessum lögum, að þau væru bara uppfundning þingmanna. Jú, það er það einmitt! Ef menn skoða þær umbætur í pólitiskum og persónulegum efnum, sem gerðar hafa verið í hvaða landi sem er, þá sjá menn það, að þær eru allar til orðnar fyrir »press« að neðan. Enda á það svo að vera. Það er eðlilegast, að slíkar breytingar verði fyrir áleitni þeirra manna, sem við þær eiga að búa. Þá fyrst er trygging fyrir, að þær komi að gagni. En ef þær koma frá utanstéttarmönnum, þá er engin trygging fyrir, að þær verði að gagni; þeir geta ekki fundið eins vel og hlutaðeigendur sjálfir, hvort þörfin er og hve mikil hún er.

Ennfremur mintist háttv. framsögum. á þá ástæðu mína, að fjármálum sveita mundi hætta búin af kosningarrétti hjúa. Hann hélt það væri óhjákvæmilegt og ekki hætt við, að þeir fátækari bæri þá efnaðri ofurliði. Eg skal benda honum á dæmi frá Danmörku. Í dönskum blöðum er nú sem stendur rætt og ritað mikið um, hvernig hagur sé í bæjum utan Hafnar. Þeim er talinn háski búinn af samtökum vinnumanna. Í Esbjerg og fleiri bæjum hafa vinnumannafélögin, gegnum samtök vinnumanna, komist í meiri hluta í bæjarstjórninni, og þykir þar farið æði léttúðlega á stað, svo að ástandið er orðið alliskyggilegt. Verði hjúum veittur kosningarréttur hér, má búast við að það verði ekki lengur helztu bændur, sem hafi sveitamál til meðferðar, heldur komist meðferð þeirra í hendur annara manna. Hvort það verður til góðs eða ills, er ekki sagt. Má vera, að það verði til góðs, en það getur líka orðið til ills.

Sigurður Hjörleifsson: Eg held ekki, að eins mikil hætta stafi af að veita hjúum kosningarrétt, eins og háttv. 4. kgk. þm. álítur. Eg veit ekki betur, en að rétturinn til að hækka álögur í hreppunum sé takmarkaður af æðra umboðsvaldi, með líkri takmörkun sem í sveitalögunum dönsku.

Til viðbótar við það, sem háttv. 2. þm. Skagf. sagði, skal eg benda á það, að í frumvarpi því til stjórnarskrárbreytingar, sem nú liggur fyrir alþingi, er gert ráð fyrir, að hver karlmaður, sem er 25 ára að aldri, hafi kosningarrétt til alþingis. Ef þessi breyting verður að lögum, sem ekki er ólíklegt, liti það undarlega út, ef neitað væri um lægri réttinn, kosningarrétt til sveitastjórna, um leið og þessi hærri réttur er veittur.

Um þá alvarlegu spurningu, hvort konur skuli hafa undanþágurétt frá kosningu, var það aðallega háttv. 2. kgk. þm. sem talaði. Eg játa, að mér er ekki full-ljóst, hvað hann fór. Mér skildist hann í byrjun ræðu sinnar hallast að því, að það væri óeðlilegt, að kvenmenn hefðu þennan undanþágurétt, en í síðari hlutanum heyrðist mér hann vera ákveðinn með því, að þær hefðu hann. Eg hallast að þeirri skoðun, sem hann hélt fram í síðari hluta ræðu sinnar. Giftar konur geta óneitanlega stundum verið forfallaðar, — og

enda ógiftar líka, og þegar um verkaskifting er að ræða, er sjálfsagt að taka tillit til þess, þannig að konur séu und anþegnar opinberum störfum, meðan þær eru forfallaðar. En það er ekki rétt, að verkaskiftingin komi fram í því, að sumir hafi réttindin, en sumir ekki. Ef ætti að útiloka heila flokka manna frá kosningarrétti, mætti alveg eins fela einstökum mönnum að kjósa; það væri lítið meira órétti. Auðvitað ber að taka tillit til hinnar náttúrlegu verkaskiftingar. En hún gefur ekki ástæðu til annars, en að veita konum undanþágurétt. Hún gefur ekki ástæðu til að neita þeim algjörlega um kosningarrétt og kjörgengi.

Lárus H. Bjarnason: Fyrir mér er þessi spurning, er hér liggur fyrir, ógnarlega einföld. Í raun og veru ættu hjúin að hafa hvorutveggju réttinn, bæði kosningarrétt og kjörgengi, úr því að þau hafa skyldu til þess að borga útsvar. Það er að vísu sjaldan mikið, en kosningarréttur og kjörgengi fer víðast hvar ekki eftir því, hvort greitt er mikið eða lítið. — En eg álít nóg í svipinn, að hjú fái kosningarrétt, enda naumast sanngjarnt, að skylda húsbændur til þess, að leyfa hjúum sínum að sitja í bæjarstjórnum eða hreppsnefndnm.

Mér fanst ekki háttv. 2. kgk. þm. leggja það til mála, sem eg hafði búist við; mér heyrðist hann ekki vilja missa kvenfólkið frá arninum. Það er að vísu mjög fagurt og virðingarvert sæti. En eigi kvenfólkið að sitja þar áfram, ætti það helst hvorki að hafa kosningarrétt né kjörgengi. Það er ekki einhlýtt, að það geti skorast undan kosningu. Það heftir ekki þær, sem ólmar vilja vasast í sveitarstjórn og því um líku.

ATKV.GR.:

1. br.till. (418) feld með 7 : 3 atkv.
2. — — tekin aftur.
1. — (372) samþ. án atkv.gr.
2. br.till. (372) tekin aftur.
1. — (371) sþ. með 10 : 1 atkv.
2. — — feld — 6 : 3 —

Frv. breytt síðan samþ. með 8 samhlj. atkv. og sendist aftur forseta Nd.

Útlent kvikfé.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé (A. 382), 1. umræða, 1. apríl.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 9 samhlj. atkv.

Önnur umræða, 3. apríl (A. 382).

Júlíus Havsteen: Eg skil frv. svo, að meiningin með því sé, að útiloka innflutning útlendra hunda, og er á því hin mesta nauðsyn. Ef það er ekki gert, þá er hætt við, að hið ágæta hundakyn okkar verði alveg eyðilagt. Eg man eftir því, að fyrir mörgum árum kom upp pest á Norðurlandi, og urðu menn þá að senda til Suðurlands, til þess að fá hunda, Sumir voru svo skammsýnir að fá sér danska hunda sem reyndust illa og bitu féð. Hundakynið okkar er ágætt og ómissandi við fjárræktina. Eg held að hér á landi séu 2 hundategundir, önnur á Norðurlandi, venjulega svört á litinn, hin á Suðurlandi, og eru hundar af þeirri tegund oft gulir. Háttv. 6. kgk. þm., sem er náttúrufræðingur, getur borið um hvort þetta er rétt. Vér viljum ekki hafa útlenda hunda inn í landið, til þess að eyðileggja hundakynið hér, og tel eg því sjálfsagt að samþykkja frv.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþykt með 8 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 8 samhlj. atkv.

Þriðja umræða, 13. apríl (A. 382).

Júlíus Havsteen: Eg stend upp að eins til þess að mæla með frumv. í sambandi við það, sem eg sagði um það við 2. umræðu. Eg vona, að það hafi haft nokkur áhrif, enda er frumv. mjög nauðsynlegt. Það skemmir okkar ágæta hundakyn, ef útlendir hundar eru fluttir inn í landið, og væri það til stórra skaða fyrir þá, sem hundanna hafa mest not, fyrir fjárræktarmennina.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv., og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Námsskeið verzlunarmanna.

FRUMVARP til laga um námsskeið verzlunarmanna (A. 385), 1. umræða, 1. apríl.

Sigurður Hjörleifsson: Eg sting upp á að máli þessu sé að lokinni umræðu vísað til verzlunarbókanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. að vísa málinu til verzlunarbókanefndarinnar í e. hlj.

Önnur umræða, 14. apríl (A. 385; 435).

Frams.m. (Agúst Flygenring): Eg hefi lítið um frv. þetta að segja umfram það, sem tekið er fram í nefndarál. Frumv. er fram komið að tilstilli nokkurra verzlunarmanna og sniðið að mestu eftir lögunum um iðnaðarnám frá 16. sept. 1893. Það er lagað eftir því, sem hentugt þykir í kaupstöðum, og á að eins að ná til þeirra, sem mun stafa af því, að flutningsmenn frumv. hafa álitið erfitt, að útvega nemendum þá fræðslu í kauptúnum alment, sem nauðsynleg er eftir frumvarpinu.

Þá vil eg víkja nokkrum orðum að breytingartillögum nefndarinnar. Fyrst er sú breyting, að nefndin vill lengja reynzlutímann eða þann tíma, sem ætlaður er til þess, að nemandi og húsbóndi geti komist að fastri niðurstöðu um það, hvort þeir vilji standa við námssamninginn. Þetta tímabil er eftir frumv. 1 mánuður, en nefndin leggur til að það verði 3 mánuðir. Tíminn má ekki vera styttri, þegar litið er til þess, hve unglingum er oft erfitt að komast að niðurstöðu um það, hverja lífsstöðu þeir vilji velja sér. Á einum mánuði getur unglingurinn ekki fengið neina verulega hugmynd um starfið, og húsbóndinn ekki heldur kynst unglingnum svo að ábyggilegt sé.

Þá er ákvæði 6. gr. um, að húsbónda skuli skylt að reka nemanda burt úr vistinni, ef hann gerir sig sekan í óráðvendni. Þetta þykir nefndinni alt of hart ákvæði og leggur til, að í stað skyldunnar sé húsbónda að eins gefið til leyfis, að reka unglinginn frá námi af þessum ástæðum. Smávegis óráðvendni getur oft komið til af gáleysi eða slæmu uppeldi, og getur vel staðið til bóta, ef vel er að farið. En ef það væri bein skylda, að reka nemanda burt fyrir slíkar smásakir, gæti það oft orðið til þess, að beina honum inn á glæpamannsbraut. Nefndin álítur hitt fullnægjandi og í alla staði heppilegra, að leggja húsbónda það í sjálfsvald, hvort hann rekur unglinginn frá sér eða ekki. Taki hann það ráð, að

halda honum alt að einu, er óhætt að treysta því, að hann geri það sem í hans valdi stendur til þess, að hafa góð áhrif á hann og gera nýtan mann úr honum eftir föngum.

Enn vill nefndin gera litla breytingu við 7. gr. frumv. Þar er svo fyrir mælt, að vinnutími megi ekki fara fram úr 12 stundum á dag, og að verzlunarstjórnandi megi ekki að *jafnaði* láta nemanda vinna frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 að morgni. Þarna sýnist það vera tekið aftur með annari hendinni, sem gefið er með hinni, því að það virðist vera óbeinlínis leyft, að vinnutími sé stundum 15 tímar, þó að það megi ekki vera» að jafnaði«. En svo er bætt við, að stjórnarráðið geti veitt undanþágu frá þessu, ef því þykir brýn ástæða til. Þetta ákvæði vill nefndin fella burt. Henni finst að þessi óbeina heimild, sem eg gat um áðan, til þess að hafa vinnutímann stundum alt að 15 tímum, sé ærið nóg, og engin ástæða til að heimila lengri vinnutíma undir nokkrum kringumstæðum. Því álítur nefndin sjálfsagt, að fella burtu þetta viðbótarákvæði, og vonar að háttv. deildarmenn séu á sama máli.

Fleiri breytingartillögur hefir nefndin ekki komið með, nema að fella burtu orðið »viðkomandi« í 4. línu 13. gr. Það er hortittur, sem vel má missa sig.

Nefndin vill mæla með því, að þetta frv. verði látið ganga fram. Að vísu hygg eg, að venja sú, sem skapast hefir af sjálfu sér á þessum svæðum, sé ekki mjög ólík því, sem frumvarpið mælir fyrir. Má því segja, að frumv. sé fremur þýðingarlítið. En það er þó fremur réttarbót en hitt, og því engin ástæða að hefta framgang þess.

Lárus H. Bjarnason: Eg álít allar breytingartillögur nefndarinnar til bóta. Þær eru allar í mannúðaráttina. En eg vildi að eins skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri ástæða til að gera enn nokkrar breytingar á frumvarpinu. Væri ekki rétt, að miða aldurstakmarkið í 1. gr. við 16 ár í stað 18 ár? Hér er um persónulega ráðstöfun að ræða, er hver persónulega myndugur maður ætti að geta gert upp á eigin spítur. En persónulegur myndugleiki verður að teljast byrja með 16 ára aldri hér á landi, og því finst mér réttara að miða við þann aldur, enda þó að 18 ára aldur útheimtist nú eftir iðnaðarnámslögunum frá 16. sept. 1893 til að ráða sig til slíks náms.

Þá er ákvæðið í 7. gr.: »Að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgnana«. Mér líkar ekki þetta »að jafnaði«. Vildi heldur að vinna á þessum tíma væri bönnuð, »nema brýna nauðsyn bæri til«.

8. gr. fyrirskipar einnar viku sumarfrí. Úr því að gert er ráð fyrir sumarfríi á annað borð, finst mér það ekki mega vera minna en hálfur mánuður. Það mundi verða tíðast, að nemendurnir leituðu til sveitanna í sumarfríi sínu og þá er ein vika alt of lítið; hún mundi oft ganga mest í ferðina fram og aftur.

Enn vil eg benda á ákvæði 10. gr. um það, er nemandi veikist, í sambandi við sams konar ákvæði í 27. gr. fátækralaganna frá 1905 og í lögum 16. sept. 1893. Í þessum lögum er skyldan til að ala önn fyrir sjúklingnum bundin því skilyrði, að sjúklingurinn sé á heimili húsbónda og helzt þá í 6 mánuði. En í frv. því, sem hér er um að ræða, er þessi skylda engu dvalarskilyrði bundin, en nær aftur á móti ekki lengra en til 6 vikna. Það er víst vafasamt, hvort betra er, og þá finst mér réttast, að hafa þessi ákvæði í samræmi hvert við annað.

Í 12. gr. held eg, að »verzlunareig-

andi« ætti að koma í stað »verzlunarstjórnandi«. Það er engin ástæða til, að námssamningurinn *skuli* vera ógildur, þó að verzlunarstjórnandi deyi, ef verzlunin heldur áfram samt sem áður.

Loks hefi eg það út á frumvarpið að setja, að það vantar öll niðurlagsákvæði. Það er ekkert ákveðið um það, hvað gera skuli, ef lögin eru brotin. Mörg af lögum vorum eru pappírslög og sízt ástæða til að fjölga þeim. En það er því meiri hætta á, að þessi lög bætist við þeirra tölu, ef öll niðurlagsákvæði vantar.

Eg vil biðja hina háttv. nefnd að athuga þetta og þá getur hún komið með breytingartillögur til 3. umr., ef henni sýnist ástæða til.

Framsögum. (Agúst Flygenring): Eg er þakklátur háttv. 5. kgk. þm. fyrir hans góðu bendingar. Um athugasemdir hans að því er snertir 7. og 8. gr. er eg honum samdóma, og vona að nefndin geti orðið á einu máli um það. Sama er að segja um aldurstakmarkið, það er sjálfsagt réttara að miða við 16 ára aldur, úr því að menn öðlast persónulegan myndugleika á þeim aldri. — Athugasemdin um 12. gr. er alveg rétt; það þarf að breyta »verzlunarstjórnandi« í »verzlunareigandi«, enda býst eg við, að það sé samkvæmara tilgangi ákvæðisins.

Eg gleymdi að geta þess, hvað sumarfríið snertir, að það er að vísu ekkert á móti því, að hafa það 14 daga, enda mun það vera tíðkað sumstaðar; en það væri ef til vill hentugra að gefa til leyfis að tvískifta því.

Ef húsbónda væri gert að skyldu, að sjá um nemanda, sem sýkist, í 6 mánuði, væri sjálfsagt að hafa ákvæðið í samræmi við ákvæði fátækralaganna, þannig að skyldan væri bundin því skilyrði, að sjúklingur væri á heimili húsbónda. En eg vil ekki, að hjálp sé alveg útilokuð, þótt sjúklingur sé utan heimilis, og þá er sanngjarnt að hafa tímann styttri. Eg vil því mæla með því, að hafa það ákvæði svipað því, sem það er nú.

Hvað niðurlögin snertir, mun nefndin fara eftir því, sem lögfræðingar leggja til, og mun vonandi takast að leiðrétta það, sem kann að vera ábótavant að því leyti.

Júlíus Havsteen: Út af athugasemd háttv. 5. kgk. þm. um 12. gr. frv. skal eg geta þess, að »verzlunarstjórnandi« þar svarar til þess, sem talað er um í 1. gr., þar sem nefndir eru »kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlanir eða veita verzlunum forstöðu«. Meiningin var að nota eitt orð yfir þessar hugmyndir og getur verið vafasamt, hvaða orð er heppilegast. Eg sé ekkert á móti orðinu »verzlunarstjórnandi«, sem nú er í frumv. En nefndin mun taka þetta til yfirvegunar.

Eiríkur Briem: Eg vil að eins geta þess, að mér finst betra að halda orðinu »verzlunarstjórnandi«, en að setja »verzlunareigandi« í þess stað. Eg get ímyndað mér, að þegar námssamningar eru gerðir, sé oft tekið mikið tillit til persónulegra eiginlegleika og mannkosta verzlunarstjórans. Og því finst mér eðlilegt, að unglingurinn sé ekki bundinn við samninginn, þegar nýr maður tekur við stjórninni.

Eg vildi líka benda á, að ákvæði 11. gr. mætti falla burtu. Þar stendur: »Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns í kenslu«. Eg skil ekki hvað meint er með þessu. Ef meint er hvers konar kensla, sem vera skal, er ákvæðið mjög ósanngjarnt. Það er alveg ótækt, að banna unglingnum að leita sér tilsagnar í nokkurri fræðigrein, þó að hann hafi tíma eg tækifæri til, án þess að

brjóta bág við skyldur sínar gegn húsbónda. En ef að eins er átt við kenslu í verzlunarfræði, er ákvæðið alt of ónákvæmt og auk þess alveg óþarft, því að slíkt leiðir af hlutarins eðli og almennum réttarreglum.

Lárus H. Bjarnason: Ef ekki er hægt að finna eitt orð yfir þá menn, sem átt er við í 12. gr., þá má alt af hafa 2 orð, t. d. verzlunarstjórnandi eða verzlunareigandi. Og það má komast hjá þeim annmarka, sem háttv. 2. kgk. þm. gat um, með því að gefa verzlunarnemanda *heimild* til að segja samningnum upp, ef verzlunarstjórnandi deyr. En að samningurinn *skuli* vera ógildur í því tilfelli, finst mér ekki rétt.

Eg er á sama máli og háttv. 2. kgk. þm. um það, að 11. gr. má vel missa sig.

ATKV.GR.

1. gr. frv. (385) samþ. í e. hlj.
2. gr. sömuleiðis.
3. gr. sömuleiðis.
4. gr. sömuleiðis.

Br.till. (435) við 5. gr. frv. samþ. í e. hlj.

5. gr. breytt samþ. í e. hlj.

Br.till. (435) við 6. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

6. gr. breytt samþ. í e. hlj.

Br.till. (435) við 7. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

7. gr. breytt samþ. í e. hlj.
8. gr. frv. samþ. í e. hlj.
9. gr. sömuleiðis.
10. gr. sömuleiðis.
11. gr. frv. feld með 9 atkv. gegn 4.
12. gr. (sem verður 11. gr.) samþ. með 12 samhlj. atkv.

Br.till (435) við 13. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

13. gr. breytt (sem verður 12. gr.) samþ. í e. hlj.
14. gr. (sem verður 13. gr.) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað í e. hlj. til 3. umr.

Þriðja umræða; 17. apríl. (A. 464; 485).

Framsögumaður (Agúst Flygenring): Nefndin hefir komið með nokkrar breytingartillögur við þetta frv. Það eru mest smábreytingar samkvæmt bendingum háttv. 5. kgk. þm. við 2. umræðu málsins.

1. breytingin er við 7. gr., að í stað orðanna »að jafnaði«, komi »nema brýna nauðsyn beri til«. Nefndin álítur þessa breyting til bóta og vonar að hún verði samþykt.

2. breytingin lýtur að því, að lengja sumarfríið. Það eru 7 dagar eftir frumv., en hefir verið stungið upp á að hafa það 14 daga. Nefndin hefir nú farið bil beggja, og leggur til að fríið verði 10 dagar.

Síðast er viðbótarákvæði um viðurlög, sektir, og um það, hvernig fara skuli með mál út af brotum á lögunum. Þessum ákvæðum er bætt við eftir bendingum lögfróðra manna, og eg vona að hv. deild geti fallist á, að sektirnar séu nærri sanni.

ATKV.GR.:

1. br.till. (485) samþ. í e. hlj.
2. — — — - —
3. — — — - —

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og sendist aftur til forseta Nd.

Girðingar.

FRUMVARP til laga um girðingar. (A. 381). 1. umræða; 1. apríl.

Sigurður Stefánsson: Eg vil

leggja til að skipuð verði 3 manna nefnd í málið að lokinni umræðu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Samþykt að kjósa 3 manna nefnd.

Í nefndina voru kosnir:

Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða; 20. apríl; (A. 381; 484).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eins og sést á nefndarálitinu, ræður nefndin deildinni til að samþykkja frumvarpið, en þó leggur hún raunar til, að á því séu gjörðar nokkrar breytingar, sem þó eru mestpart orðabreytingar, sem ekki raska efni frumvarpsins; en aðeins á tveim stöðum má þó segja, að þær snerti efni málsins, nfl. breytingar þær, sem lagt er til að gjörðar séu við 8. gr., í fyrsta lagi, að á eftir orðunum »öllum girðingum« bætist inn í orðin »yfir vegi«, og í öðru lagi, að á undan orðinu »vísvitandi« bætist inn í »Brot móti þessu og«, og aftan við 8. gr. bætist: »og skaðabótum«. Ef orðalagið í 8. gr. er látið halda sér, mætti líta svo á, að lögð væri á sú almenna skylda, að á öllum girðingum, jafnvel þótt prívatmenn eigi, yrðu að vera hin lögboðnu nauðsynlegu hlið. En eg lít svo á, að Nd. hafi meint að svo skyldi aðeins vera, þar sem um vegi er að ræða, þar sem veruleg umferð er um, en alls ekki allar girðingar undantekningarlaust. Vitanlega þurfa hlið að vera á girðingum, sem liggja yfir alfaravegi, en þó er það þar við að athuga, að eftir núgildandi lögum er ekki leyfilegt að leggja girðingar yfir alfaravegi, nema til þess fáist sérstakt leyfi. Þessi tillaga nefndarinnar miðar því til þess, að koma þessum ákvæðum í fult samræmi við 44. gr. vegalaganna, og kveða á um, hvernig að skuli farið, þegar leyfi er veitt til að girða yfir alfaravegi.

Hin br.tillagan, sem kveður skýrar á um efni greinarinnar, lýtur að því, að bætt sé inn í orðum, sem gerir það ákveðnara, sem um er að ræða, nefnilega að síðasti partur greinarinnar orðist svo: »Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum«.

Þetta er í fullu samræmi við lögin um girðingar frá 1903, því í 12. gr. þeirra er gjört ráð fyrir skaðabótum fyrir vísvitandi skemdir á girðingum. En br.tillögurnar eru hér teknar upp bæði af því, að þær eru í samræmi við gildandi lög, og eins til þess að það komi skýrt fram, sem Nd. hefir meint með þessum ákvæðum.

Að öðru leyti er um orðabreytingar að ræða, svo óþarft er að fara fleiri orðum um þetta mál, og skal eg ljúka máli mínu með tilmælum um það, að hin háttv. deild aðhyllist br.tillögur nefndarinnar, og vona eg að frumv. nái fram að ganga með þeim breytingum.

Eiríkur Briem: Eg er samdóma nefndinni í því, að eg álít að frumvarp þetta sé réttarbót, og eg er einnig samþykkur br.tillögum nefndarinnar, sem eg álít að séu til bóta. En samt sem áður sýnist mér frumv. alls ekki gallalaust, og eg óska skýringar á nokkrum atriðum, sem mér finnast vera óljós. Frumvarpið er í 3 köflum og fyrsta kaflanum er skift í 6 greinar. Eg skil nú svo, sem í þeim greinum öllum sé átt við þær girðingar einar, sem njóta styrks af almanna fé. En eftir orðalagi 2. gr. gæti það ef til vill komið til greina, að hér væri átt við allar girðingar, án tillits til þess, hvort þær njóta styrks af almanna fé eða ekki. Það er engin fjarstæða að líta svo á, að ákvæði 2. gr. ættu við allar girðingar, og ekki þær einar, sem njóta styrks af almanna fé,

því það getur valdið skemdum á skepnum óviðkomandi manna, ef þess er eigi gætt, að hafa þræðina nógu marga og þétta, og það er eigi öðru að kenna en ólagi á girðingunum, þegar slíkt kemur fyrir. En mér sýnist það ekki koma glögt fram, eins og eg sagði, hvort allar 6 greinar 1. kaflans eiga við þær girðingar, sem njóta styrks af almanna fé, eða ekki. Aftur á móti er skýlaust og ótvírætt orðalag 7. og 8. greinar annars kaflans og auðséð, að þar er átt við allar girðingar. Eg leyfi mér að óska eftir að fá að heyra álit nefndarinnar um þetta atriði, því ef til vil getur það verið, að hún hafi lagt annan skilning í þetta en eg.

Um leið vildi eg skjóta því til nefndarinnar, að eg er ekki með öllu samdóma henni um ákvæðin í 11. gr., þar sem sagt er, að $^2/_3$ hlutar allra þeirra atkv., sem samþyktin nær til, verði að fallast á frumv. það til samþyktar, sem um er að ræða. Það er mitt álit, að þetta ákvæði sé of strangt, og að því er héraðssamþyktir snertir, gæti orðið ómögulegt að fá lögmætan fund; eg hefði fremur kosið, að ekki hefði þurft nema $^2/_3$ hluta fundarmanna til samþyktar á þessu.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg skal taka það fram út af orðum háttv. 2. kgk. þm., að nefndin er á sama máli og hann um, að frumv. megi skifta í 3 kafla eftir efni. 1.—6. gr. frv. eiga við þau tilfelli, þegar girðingar eru styrktar af almanna fé. En eg veit ekki, hvernig nefndin lítur á það, að ákvæðin í 1. gr. sé látin taka til allra girðinga. Sömuleiðis áleit nefndin, að 7. og 8. gr. frumv. væru almenns eðlis, eins og eg benti á áður með skýrskotun til eldri laga.

Að því er snertir samþyktarákvæðin, þá má vera, eins og háttv. 2. kgk. tók fram, að þau sé nokkuð hörð, og vill nefndin gjarnan taka þetta til athugunar til 3. umræðu, og vita hvort ástæða muni vera til að koma með breytingartillögu í þá átt, sem háttv. þm. benti til.

ATKV.GR.:

1., 2., 3. og 4. gr. frumv. sþ. m. 11 samhlj. atkv.

1. br.till. við 5. gr. (484) sþ. m. 11 samhlj. atkv.
2. br.till. við 5. gr. (484) sþ. m. 12 samhlj. atkv.

5. gr. breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

6. og 7. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

3. br.till við 8. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
4. br.till. við 8. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
5. br.till. við 8. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

8. gr. breytt samþ. með 12. samhlj. atkv.

9., 10., 11. og 12. gr samþ. með 12 samhlj. atkv.

6. br.till. við 13. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
7. br.till. við 13. gr. samþ. með 11 samhlj. atkv.
8. br.till. við 13. gr. samþ. með 12 samhlj atkv.

13. gr. breytt samþ. með 12 samhlj. atkv.

14. og 15. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Frumvarpið í heild sinni samþ. í einu hljóði.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða; 23. apríl. (A. 543; 553).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Nefndin hefir leyft sér að koma

með 2 breytingarttillögur á þskj. 553. Það eru aðeins orðabreytingar og stefna í þá átt, sem háttv. 2. kgk. þm. benti til við 2. umræðu málsins. Fyrri breytingin er innifalin í því, að skjóta setningunni: »sem lán er veitt til úr landsjóði«, inn í 2. gr. 3. línu, á eftir orðinu: »Girðing«. Þetta miðar til þess, að það taki sig skýrt út, að allur fyrri hluti greinarinnar eigi við þær girðingar einar, sem lán er veitt til úr landsjóði.

Síðari breytingin er sú, að bæta við orðunum: »á fundi mæta og«, á eftir orðinu: »er« í 3. línu 11. gr. Þessi breyting miðar til þess, að samþykt geti komist á, án þess að sú stranga krafa sé gerð, að $^2/_3$ allra þeirra, sem atkvæðisrétt hafa um málið, mæti á fundi og greiði atkvæði með samþyktinni. Ef svo ströng krafa væri gerð til atkv. fjöldans, gæti það vel orðið til þess, að illmögulegt væri að koma slíkum samþyktum á, og næðu lögin þannig ekki tilgangi sínum.

Eg vil því mæla með þessum breytingartillögum báðum, og vona að háttv. deild fallist á þær.

ATKV.GR.:

1. br.till. (553) við 2. gr. frv. samþ. í e. hlj.
2. br.till. (553) við 11. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Frumvarpið með áorðnum breytingum samþ. í einu hlj., og sendist aftur forseta Nd.

Hagfræðisskýrslur.

FRUMVARP til laga um breyting og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1905 og lög nr. 20, 30. okt. 1903. (A. 383); 1. umræða; 1. apríl.

Ágúst Flygenring: Af því eg hefi heyrt, að sumir vilji vísa máli þessu til verzlunarbókanefndarinnar, og af því eg á sæti í þeirri nefnd, vildi eg leyfa mér að lýsa því yfir, að eg vildi helzt vera laus við þetta mál. Stefnan er góð, en lögin eru óframkvæmanleg; frv. er líkast harmoníku, sem má draga út og inn. Helst vildi og því fella frumv. nú þegar, en ef það verður ekki gert, þá skipa sérstaka nefnd.

Steingrímur Jónsson: Eg álít að það hafi ekki mikla þýðingu, að kjósa sérstaka nefnd, því að 2 af þeim mönnum, er í verzlunarbókanefndinni sitja, myndu og fá sæti í hinni nýju nefnd. Auk þess snertir mál þetta sérstaklega kaupmenn og verzlunarmenn, og því eðlilegast, að það fari til sömu nefndar sem verzlunarbækurnar.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Felt var að kjósa sérstaka nefnd í málið með 6 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nefnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson.	Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,

Samþykt var þá að vísa málinu til nefndarinnar, sem hefir til meðferðar lagafrumvarpið um námsskeið verzlunarmanna.

Önnur umræða; 24. apríl; (A. 383; 550).

Framsögumaður (Ágúst Flygenring): Eg skal taka það fram samkvæmt nefndarálitinu, að sú nefnd, eða réttara sagt meiri hluti hennar, sem háttv. deild kaus til að íhuga þetta mál, ræður deildinni til að samþykkja frumv. En frekar get eg ekki mælt með frumvarpinu. Eg álít ekki að hér sé að ræða

um neina brýna þörf, og hins vegar mundi tilgangurinn ekki nást með þessum lögum. 1. gr. frumv. inniheldur það sama, sem nú er í gildandi lögum; þar er að eins sú litla breyting gerð, að nú á að gefa upp innkaupsverð vörunnar, en áður var það útsöluverðið. Og mér er mikil spurning um, hvort réttara sé. Það er engin skylda, að leggja fram innkaupsreikninga, enda væri það tæplega næg trygging. 2. gr. ákveður, að kaupmenn og kaupfélög skuli vera skyldir að hafa staðfestan útdrátt úr farmskrám og skýra frá, hvaðan vörurnar séu fluttar, á hvaða skipi og hver sé móttakandi, en auk þess á líka að gefa upp stykkjatal, vog og rúmtak. Ef meiningin með þessu er sú, að útvega sér þekking um það, hve mörg tons flytjist af vörum til landsins, þá sýndist mér nægilegt að heimta afrit af skránum. Það mundi líka fyrirbyggja rugling, sem stafar af því, að verið er að gefa upp sama hlutinn tvisvar eða þrisvar. Þetta upplýstist í nefndinni og nefndin játaði það, en meiri hlutinn vildi þó ekki stofna frv. í voða með því, að hrófla mikið við því, líklega vegna naumleika tímans, með því að það gæti hæglega orðið frumv til falls. En 2. gr. getur afvegaleitt menn. Það mundi þurfa sérstaka skrifstofu og fólk til þess að vinna úr og rannsaka öll þessi skjöl, og samt engin trygging fyrir því, að slík skrifstofa geti orðið að tilætluðu gagni, því að mér er til efs, að allir kaupmenn haldi þessum plöggum svo vel saman, sízt í ár, þar sem þessi ráðstöfun kemur kaupmönnum alveg á óvart.

Viðvíkjandi ákvæðum 4. gr. um að gefa upp skuldir og innstæðu manna, þá hefir það lítið að þýða. Það hefir verið tekið fram, að með því sæist ekki nema ein hlið á fjárhagsástandi þjóðarinnar, því að það er ekki nóg að vita hvað mikið almenningur skuldar kaupmönnunum; maður þyrfti helzt líka að vita, hvað mikið þeir skulda sjálfir í öðrum löndum.

Frumv. hefir ekkert ákvæði um það, hvar þessi stóra skýrsla, sem landstjórnin á að láta búa til, skuli vera gerð, en mér þykir líklegt, að það mundi verða í stjórnarráðinu, og þá þyrfti eina skrifstofu í viðbót þar.

Eg er sérstaklega á móti frumv. vegna þess, að mér þykir formið á þeim nýju ákvæðum slæmt. Það ætti að búa út nýtt frumv. í öðru formi, annari flokkun o. s. frv.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en býst við því, að eg muni koma með örlitla breyt.till. við 3. umr., ef frumv. verður samþykt nú.

Gunnar Ólafsson: Háttv. framsögum. lýsti því yfir í byrjun ræðu sinnar, að hann væri með þessu frumv., enda þótt hann fyndi ýmsa agnúa á því. En í lok ræðunnar heyrðist mér ekki betur, en að hann segðist vera frumv. mótfallinn, og býst eg við, að það hafi verið mismæli. Hann sagði, að tilgangurinn næðist ekki með þessum lögum, og hann taldi eins gott, að skýrt væri frá útsöluverði á vörunum sem innkaupsverðinu. En eg og fleiri telja mest um vert, að fá vitneskju um hið sanna verð vörunnar, þegar hún er komin hingað til landsins, innkaupsverð hennar að viðbættu flutningsgjaldi. Eins og stendur, veldur það miklu rugli og gefur alveg skakka hugmynd um hið sanna ástand, að innfluttar vörur eru reiknaðar í verzlunarskýrslunum með útsöluverði en ekki innkaupsverði. Enda sýna nú þessar skýrslur svo mikinn mismun á innfluttum og útfluttum vörum úr landinu, að með sama áframhaldi mundi svo sýnast eftir fá ár, að landið væri sokkið í alveg óbotnandi skuldir.

Háttv. þm. var líka á móti því, að kaupmenn gæfu staðfestan útdrátt, en vildi hafa afrit, og er það víst misskilningur. Þetta, að gefinn sé útdráttur, er einmitt gert kaupmönnum til hægðarauka, svo að ekki þurfi að gefa afrit af öðru en því, sem nauðsynlegt er fyrir skýrslurnar til að sjá hvað fer út og kemur inn; hitt yrði alt of mikið, að afrita alveg »connossementin«.

Hv. þm. geðjaðist heldur ekki að því, að ekkert ákvæði væri um það, hvar semja skyldi skýrslurnar, en eg býst við að háttv. þm. viti, hvert kaupmenn senda skýrslur sínar nú, og þykist eg vita að sama aðferð verði höfð áfram. Verði þetta nokkuð verulegt verk, þá er það sjálfsagt, að bæta við einum manni eða fleirum ef þarf, en að þurfi að setja á stofn sérstaka skrifstofu til þessa, nær vitanlega engri átt.

Hann hélt líka, sami háttv. þm., að kaupmenn mundu ekki halda saman þessum plöggum, þ. e. farmskrám og hleðsluskírteinum, en hv. þm. ætti þó að vera það kunnugt, að allir kaupmenn telja sér nauðsyn, að halda öllum þessum skjölum saman að minsta kosti árlangt.

Hann kunni heldur ekki við, að skylda kaupmenn til að gefa skýrslu um skuldir og inneignir manna, og veit eg ekki, hvaða ástæðu hann hefir fyrir því. Eg get ekki verið honum samdóma um það, því það hefir að mínu áliti mikla þýðing, að vita um skuldir manna í landinu, verzlunarskuldir. Það yrði auðvitað ekki bætt úr skuldasúpunni með þessu ákvæði, en það er bæði fróðleikur og getur komið að gagni að vita slíkt. Hitt væri ef til vill að ganga nokkuð nærri persónulegu frelsi manna, að skylda þá til þess, að segja til um sínar eigin skuldir, enda er ekki farið fram á það í frumvarpinu.

Sigurður Stefánsson: Frumvarp það, sem hér liggur fyrir háttv. deild, gerir ráð fyrir töluverðri breyting frá því sem nú er, og það breyting, sem eg verð að telja til verulegra bóta. Eins og skýrslunum er nú hagað, eru vörurnar tilfærðar með útsöluverði, og slíkar skýrslur gefa mjög villandi hugmynd um viðskiftahag landsins, eins og háttv. þm. V.-Sk. hefir tekið fram. Þær gefa öldungis ranga hugmynd um hlutfallið á milli aðfluttrar og útfluttrar vöru, sem skiljanlegt er, þegar þess er gætt, að skýrslurnar telja innfluttu vörurnar með því verði, sem komið er á þær, þegar búið er að leggja á þær fyrir innlendum kostnaði, ágóða kaupmannsins og tolli til landsjóðs. Enda held eg að hverjum manni, sem liti yfir skýrslurnar frá síðustu árum og gengi út frá því, að þær væru réttar, hlyti að blöskra það, hvað efnahagur þjóðarinnar færi árlega versnandi. Því að það verður ekki annað séð á skýrslunum, eins og þær koma fyrir, en að svo sé. Skýrslurnar 1902—1906 sýna spegilinn af þessu:

Árið 1902 hafa aðfluttar vörur hlaupið . . .	kr.	10,737,480
en útfluttar vörur . .	—	9,199,494
1903 aðflutt	—	11,938,294
— útflutt	—	8,985,507
1904 aðflutt	—	11,778,555
— útflutt	—	8,742,190
1905 aðflutt	—	14,466,931
— útflutt	—	12,103,866
1906 aðflutt	—	16,667,177
— útflutt	—	12,226,767

Af þessu yfirliti sér maður, að það nemur um 14 miljónum króna á þessum 5 árum, sem aðflutta varan hleypur meira en útflutta varan, og mismunurinn fer sívaxandi. Manni verður fyrst fyrir að halda, að landið sé að sökkva sér dýpra og dýpra í skuldir. En þegar

það er athugað, að tollur og framfærsla kaupmannsins er meðtalin í verði aðfluttu vörunnar, þá hlýtur auðvitað hver maður að sjá, að skýrslurnar eru algerlega rangar. Enda ætti landið sorglega framtíð fyrir höndum, ef svo væri ekki, því að þá mundi öll þjóðareign Íslendinga verða gersamlega horfin eftir nokkur ár.

En þess er að gæta, að útlendingar, sem ekki þekkja til, hvernig skýrslurnar eru í garðinn búnar, þeir hljóta að fá þá hugmynd, þegar þeir sjá þær, að landið sé alt af að safna skuldum ár frá ári. Þarna er mjög mikið í húfi fyrir lánstraust þjóðarinnar. Úr þessu á frumvarpið að bæta. Það er augljóst, að þingið verður að gera sitt til þess, að meiri trygging sé fyrir því, að skýrslurnar séu nokkurn veginn réttar. Lánstraust þjóðarinnar er nú þegar á nokk uð völtum fæti og það má ekki með lögum rýra enn meir eða grafa grundvöllinn undan því litla lánstrausti, sem vér höfum. Því eru ákvæðin í 1. gr. frumv. alveg nauðsynleg, og sjálfsagt að samþykkja þau. Það ríður á að hafa skýrslurnar réttar. Þá er von um, að þær fremur auki lánstraust landsins en rýri það.

Hvað 2. gr. snertir, þá játa eg, að eg get illa dæmt um ákvæði hennar. En eg skoða það svo, að þau ákvæði séu til frekari tryggingar fyrir því, að 1. gr. sé stranglega fylgt. Það er áríðandi, að það sjáist á skýrslunum, ekki að eins hvaðan varan er flutt til landsins, heldur líka og miklu fremur, hvar hún hefir verið keypt. Það atriði er mjög þýðingarmikið til þess að geta séð nákvæmlega, hverja stefnu verzlunarviðskiftin við útlönd taka.

Eins og háttv. þm. V.-Sk. tók fram, er það einnig mjög áríðandi, að hafa glögt yfirlit yfir verzlunarskuldir landsmanna. Út úr þeim tölum geta einstaklingarnir dregið mikilvæga lærdóma. Sá fróðleikur getur haft mikla þýðingu fyrir ýmsar ráðstafanir og útreikninga. Hér er ekki að ræða um að ganga nærri frelsi kaupmanna eða hnýsast inn á þeirra starfsvið, því að þeir eiga að eins að gefa »summariskt« yfirlit yfir skuldirnar.

Eg álít frumv. gott, og tel það mjög illa farið, ef það kemst ekki gegnum þingið.

Hvað það snertir, að frumv. muni vera undirbúningur undir það, að lögbjóða farmgjöld, þá get eg fullvissað háttv. þm. um að svo er ekki. En *færi* svo, að mönnum sýndist ráðlegt, að grípa til þess að lögleiða farmgjöld, þá væri áríðandi, að hafa áreiðanlegar skýrslur að byggja á. Hvort sem frumvarpið um farmgjöld, sem nú liggur fyrir þinginu, verður samþykt eða ekki, þá getur þó rekið að því, að löggjafarvaldið taki það ráð, til þess að auka tekjur landsjóðs. Að minsta kosti hefir milliþinganefndin í skattamálum getið þess, að til þess gæti komið.

Af þessum ástæðum vil eg mæla með frumv. eindregið og vona, að það nái samþykki háttvirtra deildarmanna.

Framsögum. (Agúst Flygenring): Eg get ekki verið að svara því atriði í ræðu háttv. þm. V.-Sk., þar sem hann var að spauga um það, að eg væri meðmæltur frumvarpinu. Meiri hluti nefndarinnar er því meðmæltur, og það sem eg sagði frumvarpinu til meðmæla, sagði eg að eins fyrir hans hönd.

Hitt, sem hann lagði áherzlu á, að þessar skýrslur, sem kaupmenn eiga að gefa, eigi að vera útdráttur en ekki afrit, þykir mér skrítið, þegar litið er til 2. gr. frumv. Eg skal líka geta þess, að það er ekki tekið fram í 1. gr. alt, sem ætti að vera í þessum skýrslum.

Háttv. þingm. hélt því fram, að allir kaupmenn héldu »connossementum« sam-

an, að minsta kosti fyrir eitt ár. Þetta er ekki rétt. Það eru margir eða flestir kaupmenn sem hafa sérstaka »Fragtkonto«, færa þar inn allar útborganir fyrir farmflutning og láta sér það nægja. Enda er alls engin þörf á að halda skjölunum saman. Maður heldur þeim auðvitað, þangað til maður hefir gengið úr skugga um, að varan er komin. En lengur þýðir ekki að geyma þau; þá eru þau eins og hver önnur ónýt skjöl.

Að því er verzlunarskuldirnar snertir, þá fór eg um það atriði mjög hógværum orðum. Eg gat þess, að það væri ekki nema ein hliðin á því, sem maður þyrfti að kynnast í fjárhagsástandi þjóðarinnar; hún gæti verið villandi út af fyrir sig og kæmi því að litlu gagni. Eg get fullvissað háttv. þingm. V.-Sk. um það, að verzlunarskuldir manna minka heldur ekkert við það, þó að frumvarpið verði samþykt með þessu ákvæði í.

Háttv. þingm. Ísf. lagði áherzlu á 1. gr. frumv. og það, að skýrslurnar, eins og þær nú eru, væru villandi, hvað snertir skuldir þjóðarinnar við útlönd, af því að útsöluverðið er tilfært. En við hvaða verð á að miða? Hvar á kostnaðurinn við vöruna að koma fram? Það er yfir höfuð ómögulegt að segja, hvað sannvirði vörunnar er. Og menn þurfa ekkert að kippa sér upp við það, þó að það komi fram mismunur á aðfluttri vöru og útfluttri vöru. Mismunurinn er ekki meiri en búast má við; líklega nálægt 10—15%, sem er alls ekki mikið, þegar með er talinn tollur, ágóði kaupmanns og það sem gengur til þess að reka verzlunina og ávaxta féð, sem liggur í henni. Eg held að þessi mismunur sé ekki svo mikill, að nokkur þurfi að hræðast það, að landið sé að sökkva sér niður í skuldir. Útlendingar munu ekki hneykslast á mismuninum, þegar þeir vita það, að tollur og allur kostnaður er innifalinn í honum.

Enn er lögð áherzla á, að eftir frumv. eigi að sjást á skýrslunum, hvaðan varan sé keypt. Eg man ekki betur, en að það sé tilfært í skýrslunum nú.

Hvað snertir ártalið og það samband, sem eg gat um að mundi vera milli þessa frumvarps og væntanlegs frumvarps um farmgjald, þá skal eg aðeins geta þess, að eg var ekkert að hafa á móti farmgjaldi. Eg tók það að eins fram, að það væri ónauðsynlegt, að ákvæði 2. gr. giltu frá ársbyrjun 1909, eða áður en frumvarpið að öðru leyti kemur í gildi.

Eg verð enn að taka það fram, að þar sem eg sé enga ástæðu til að leiða þetta í lög, þá get eg ekki annað en verið á móti frumvarpinu, og þykist hafa fært fullnægjandi ástæður fyrir þeirri afstöðu minni.

ATKV.GR.:

Allar greinar frumv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Samþ. með 10 atkv. gegn 1 að vísa frumv. til 3. umr.

Þriðja umræða; 27. apríl; (A. 383; 550).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. umræðulaust með 10 atkv. gegn 1, og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Friðun silungs.

FRUMVARP til laga um friðun silungs í vötnum (A. 445), 1. umræða; 15. apríl.

ATKV.GR.:

Málinu vísað umræðulaust til 2. umr. með 11 samhlj. atkv.

Önnur umræða; 17. apríl; (A. 445, 475).

Jósef Björnsson: Eg hefi leyft mér að koma með nokkrar breytingartillögur við þetta frumvarp. Það eru að eins orðabreytingar á stöku stöðum og svo breyting á fyrirsögn frumvarpsins. Orðabreytingarnar álít eg heldur til bóta, þær gera málið skýrara. Sérstaklega vil eg benda á fyrstu orðabreytinguna, að í stað »samþykt þá« komi »samþyktina«. En einkum tel eg að það heiti, sem eg hefi stungið upp á, eigi betur við frumvarpið, en það heiti, sem það nú hefir.

Steingrímur Jónsson: Viðvíkjandi breytingartillögum háttv. 2. þm. Skagfirðinga vil eg taka það fram, að 2. breyt.till., um fyrirsögn frv., er sjálfsagt til bóta. Hitt eru lítilfjörlegar orðabreytingar, sem mér finst sumar vera óþarfar, en þó líklega heldur til bóta en hitt, og því rétt að taka þær til greina.

Eg vona, að frv. verði samþykt, og sé ekki ástæðu til að orðlengja um það frekar.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. í e hlj.
2. — — — - —
1. br.till. (475) a. við 3. gr. samþ. í e. hlj.
1. br.till. (475) b. við 3. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
1. br.till. (475) c. við 3. gr. samþ. með 12 samhlj. atkv.
3. gr. breytt samþ. í e. hlj.
4. gr. frv. samþ. í e. hlj.
5. — — — - —
6. — — — - —
7. — — — - —
8. — — — - —
2. br.till. við fyrirsögn frumv. samþ. með 11 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða; 20. apríl; (A. 508).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og verður aftur sent forseta Nd.

Botnvörpuveiðar.

FRUMVARP til laga um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902, um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum (A. 598). 1. umr.; 28. apríl.

Agúst Flygenring: Eg skal leyfa mér að segja að eins örfá orð til þess að skýra, hvernig stendur á þessu frv. Nefndin í fiskiveiðamálum hefir borið það fram og háttv. Nd. hefir samþykt það. Undanþágan frá 2. gr. laga 8. júlí 1902 er fólgin í því, að eftir þeim lögum eiga allir botnvörpungar, hvort sem þeir eru íslenzkir eða ekki, að hafa öll veiðarfæri sín í búlka, þegar þeir koma inn á hafnir, en eftir þessu frv. þurfa íslenzk skip ekki að gera slíkt, ef þau hafa fengið sérstakt leyfi til þess. Það er mikil fyrirhöfn að taka vörpuhlerana innanborðs og loka þá niður undir þiljur; menn hafa kvartað mikið undan því.

Eg lít nú svo á, að þessa undanþágu ætti að veita öllum innlendum botnvörpungum. En hitt væri þó máske viðkunnanlegra, að það væri tekið skýrar

fram í frv., undir hvaða kringumstæðum má veita undanþáguna.

Mér sýnist ekki frekari ástæða til þess að skylda þessi skip til að ganga undir sérstöku merki.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta, en að eins lýsa því yfir, að mér findist það réttast, ef háttv. deild samþykti frv., án þess að nefnd yrði skipuð í það.

ATKV.GR.:

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 2. umr.

Önnur umræða; 30. apríl (A.598).

Agúst Flygenring: Eg skal leyfa mér að geta þess, í framhaldi af því, sem eg sagði við 1. umr. þessa máls, að eg er sömu skoðunar enn, og eg var þá, að misbrúka megi þá heimild, sem hér er um að ræða. Eg hefi af viðtali við þá, sem hafa flutt þetta mál inn á þingið, komist að raun um, að þeir meina aðallega, að hér sé um það að ræða, að veita ráðherranum heimild, þegar alíslenzk skip eiga í hlut, en ekki ef um útlend skip væri að ræða, sem væru skrásett hér. Þetta vildi eg biðja menn að athuga, en legg að öðru leyti til, að frumvarpið nái fram að ganga.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 12 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Þriðja umræða; 3. maí (A. 598).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem lög frá alþingi.

Dómþinghá Keflavíkur.

FRUMVARP til laga um sérstaka dómþinghá í Keflavíkurhreppi (A. 33); 1. umr.; 22. febrúar.

Jens Pálsson: Eg flyt þetta frv. eftir ósk sveitarstjórnarinnar í Keflavíkurhreppi. Eg skal geta þess, að þessi hreppur er nýr. Keflavík, sem sérstakt kauptún, notaði rétt sinn samkvæmt sveitarstjórnarlögunum til að verða sérstakur hreppur. Kauptúnið hefir stækkað mjög á síðustu 20 árum. Áður var öll bygð kauptúnsins á jörðinni Keflavík, er tilheyrði Rosmhvalaneshreppi. En síðan hefir kauptúnið bygst að nokkru leyti inn á land Njarðvíkurhrepps. Fyrir því hefir Njarðvíkurhreppur og Keflavík sameinast í eitt hreppsfélag, er nefnist Keflavíkurhreppur. Hreppsbúar eru um 600.

Það yrði til hægðarauka fyrir alla, er hlut eiga að máli, að hreppurinn væri sérstök dómþinghá. Þingstaðurinn, sem Keflavík nú á þingsókn að, er í nálægt tveggja mílna fjarlægð frá kauptúninu. Við breyting þá, er frv. fer fram á, sparast kauptúnsbúum því þingsókn um þennan spöl vegar. Sýslumanninum, sem situr í Hafnarfirði, væri breytingin einnig til hagræðis, því hinn nýi þingstaður er nálægt 2 mílum nær bústað hans. Það er því alt sem mælir með því, að hinn forni þingstaður verði afnuminn fyrir þennan hrepp, og þingstaður fyrir hann settur í kauptúninu Keflavík.

Eg orðlengi þetta ekki meira, en óska að málið fái að ganga áfram sína lögboðnu leið.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umræða; 24. febr. (A. 33).

ATKV.GR.: Meginmál og fyrirsögn frv. samþ. umræðulaust í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 26. febr. (A. 33).
ATKV.GR.:
Frv. samþ. í e. hlj., og sendist forseta neðri deildar.

Verzlunarlóð Ísafjarðarkaupstaðar.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað (A. 30); 1. umræða; 22. febrúar.

Sigurður Stefánsson: Eg flyt þetta frumv. eftir ósk kjósenda minna og áskorun bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Ástæðan er sú, að verzlunarlóðin á Ísafirði er lítil; hún er bara tanginn. Menn hafa farið fram á, að Heiði og Stekkjanes væri dregið undir verzlunarlóðina og að þar mætti reisa verzlunarhús.

Nú er svo hagað, að það er ekki hægt að reka verzlun hvorki fyrir utan eða innan tangann.

Trésmíðafélag nokkurt var fyrir einu ári síðan sett á stofn; það reisti hús fyrir innan Tangann, en mátti ekki verzla þar með timbur.

Málið er einfalt og þarf ekki frekari skýringar við, og eg vona að deildin lofi því að ganga hindrunarlaust fram.
ATKV.GR.:
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umræða; 24. febr. (A. 30).
ATKV.GR.:
Meginmál og fyrirsögn frv. samþ. umræðulaust í e. hlj.
Samþ. í e hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 26. febr. (A. 30).
ATKV.GR.:
Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og sendist forseta neðri deildar.

Kjarni.

FRUMVARP til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi (A. 74); 1. umræða; 3. marz.

Sigurður Hjörleifsson: Eg geri ráð fyrir, að það verði ekki langar umræður um þetta mál, og vil eg því stuttlega skýra frá, hvernig á frv. stendur. Það hefir oft áður verið ósk Akureyrar, að ná kaupum á jörðinni, til þess að bærinn gæti náð eðlilegum vexti og framförum. Það voru almennar umræður í bæjarstjórn Akureyrar síðastliðinn vetur um það, að land bæjarins væri svo lítið, að ekki væri hægt að nota það til ræktunar, svo lítið, að ekki mætti láta einstaka menn fá land til ræktunar fyrir sjálfa sig. Bærinn hefir enga haga. Bæjarstjórninni þótti þess vegna ekki hægt að komast hjá því, að ná kaupum á jörðinni, þegar það vitnaðist, að bærinn fengi ekki hagagöngu fyrir kýr sínar á næsta ári í Kjarnalandi. Þetta landleysi horfir til vandræða fyrir bæinn. Landbúnaður er ekki svo lítill á Akureyri, og þar eru margar kýr, og hefir það orðið íbúum bæjarins að miklu gagni. Þess vegna er það eindreginn vilji bæjarbúa, að landstjórnin léti meta jörðina Kjarna og yrðu gefin út sérstök heimildarlög til að selja jörðina. Því að það þarf að líkindum sérstök heimildarlög. Það er enginn vafi á því, hver gerir garðinn frægastan, Akureyri eða einstakir menn. Ef Akureyri fær jörðina, verður hún ræktuð upp kostgæfilega. Eg vona, að háttv. deild taki málinu

vel og lofi því að ganga greiða leið gegn um deildina.

Ráðherra (H. H.): Mér hefir borist erindi frá sýslunefndarmanninum og hreppsnefndaroddvitanum í Hrafnagilshreppi um mál það, sem hér ræðir um. Eg get ekki skýrt málið betur á annan hátt en með orðum bréfsins sjálfs, og með leyfi hv. forseta skal eg þá leyfa mér að lesa þetta erindi upp. Það hljóðar svo:

»Eins og sjá má af þingmálafundargerð Akureyringa, þá hafa þeir falið þingmanni sínum, að fá þingið til að semja sérstök lög um það, að Akureyrarbær geti fengið keypta þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi. Ábúandinn á Kjarna hefir gefið eftir, eða réttara sagt, eftir kunnugra sögn, selt bænum kaupréttinn fyrir 200 kr. árlegt lífstíðargjald.

Mál þetta er þannig vaxið, að bændur í Hrafnagilshreppi geta ekki setið lengur þegjandi yfir því, að bæði privatmanna-jarðir, hver eftir aðra, og nú síðast landsjóðsjörðin Kjarni, verði tekin til eignar og umráða fyrir Akureyrarbæ, en svift frá Hrafnagilshreppi.

Hreppurinn hefir sýnt sig mjög liðlegan og sanngjarnan gagnvart kaupstaðnum, þar sem hann hefir gefið eftir, að milli 80 og 90 hundruð eftir nýju jarðamati, sem tilheyrðu hreppnum, væri lagt undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

Í þetta sinn sýnist aðferð sú, sem bærinn ætlar að brúka, vera nokkuð viðsjárverð. Árið 1905 neitaði sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu ábúandanum á Kjarna um kaup jarðarinnar, og eru í sýslunefndarfundargerð frá því ári færðar ástæður fyrir þeirri synjun, og sú ástæða stendur enn hjá mörgum sýslubúum, sérstaklega hvað kvenna- eða húsmæðraskólahús snertir. En nú sýnist svo, sem það eigi að ganga fram hjá sýslunefnd, að segja um málið, og Hrafnagilshreppur er ekki nefndur á nafn, að hann hafi nokkurn forkaupsrétt að jörðinni. Eftir útliti er ætlast til, að gengið sé fram hjá tveimur málspörtum, sýslunefnd og Hrafnagilshreppi, með þessa sölu.

Eftir okkar áliti getur sala á jörðinni til Akureyrarbæjar verið mjög varhugaverð fyrir Hrafnagilshrepp. Samkvæmt breytingu þeirri á síðasta þingi á lögum um húsmenn og þurrabúðarmenn, þá getur Akureyrarbær látið byggja grasbýli á ýmsum stöðum í Kjarnalandi og leyft fólki þar bólfestu, sem getur á sínum tíma orðið hreppnum til mikilla þyngsla, án þess að sveitarstjórn hafi nokkuð til varnar, því að tilgangur bæjarins mun vera sá, að leggja ekki Kjarna, ef hann fæst, undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, því það mun bæjarstjórnin sjá að verður of mikill byrðarauki fyrir bæinn, enda ekki samrýmanlegt, nema bærinn keypti þá líka þjóðjörðina Hamra, sem liggur á milli Naustsins og Kjarna.

Það er eigi svo að skilja, að Hrafnagilshreppur sjái ofsjónum yfir uppgangi Akureyrarbæjar eða framtakssemi bæjarbúa, enda hafa þeir sýnt það með því, að gefa eftir hverja jörðina eftir aðra til Akureyrar, en öllum má ofbjóða, og þar sem auðsætt er, að Akureyrarbær er búinn að fá svo mikið land til umráða af Hrafnagilshreppi, að hann hefir nóg land til ræktunar um mörg ár, og jafnframt því mikla og góða gripahaga, þá vilja hreppsbúar undantekningarlaust ekki láta skerða hreppinn meira eða veita honum ágang, heldur setja takmörkin þar, sem þau eru komin.

Álit okkar er því, að Akureyrarbær eigi ekki að ná kaupum á Kjarna, og felum við hinum háttvirtu þingmönnum Eyfirðinga að stuðla að því eftir mætti, að mál þetta fái ekki framgang hjá þinginu í þeirri mynd, en færi svo, að

þingið væri ekki mótfallið því að selja jörðina, þá mælumst við til, að Hrafnagilshreppur fái að sitja fyrir kaupunum, því að það er eindreginn vilji hreppsbúa yfirleitt, og er von á áskorun frá almennum hreppsfundi í þá átt, og verður sú áskorun þá send með næsta pósti til þingsins eða þingmanna Eyjafjarðarsýslu.

Hranastöðum og Stokkahlöðum,
4. febr. 1909.
Pétur Ólafsson
(hreppsnefndaroddviti).
Einar Sigfússon
(sýslunefndarmaður).

Til
alþingismanna Eyjafjarðarsýslu«.

Eg finn ekki ástæðu til að skýra frekar þetta mál. Eg vil að eins taka það fram, að lög um forkauprétt leiguliða kveða svo á, að sveitarfélagið, þar sem jörðin liggur, öðlast forkaupsréttinn, ef ábúandinn afsalar sér honum. Þessi ákvæði innihalda loforð til hreppsfélaganna, sem löggjafarvaldið virðist ekki eiga að bregða að ástæðulausu eða án knýjandi nauðsynjar. Nú virðist engin nauðsyn fyrir Akureyri til að eignast þessa jörð; önnur jörð liggur á milli Kjarna og Akureyrar, sem bærinn ætti að snúa sér að fyrst. Það væri því réttast, að þetta mál færi ekki lengra.

Ari Jónsson: Það virðist að vísu eigi með öllu ósennileg skýring hjá hæstv. ráðherra, að samkvæmt lögunum um forkaupsrétt leiguliða virðist Hrafnagilshreppur hafa forkaupsrétt að jörðinni Kjarna, þar eð leiguliði er búinn að afsala sér forkaupsréttinum. En mér finst dálitið frekar athugavert við þetta mál, hvort taka beri eingöngu tillit til laganna um forkaupsrétt leiguliða eða þess forkaupsréttar, er þar ræðir um.

Lítum á lögin um sölu þjóðjarða. Þau koma beinlínis við þessu máli. Þau ræða eigi að eins um heimild ráðherra, heldur er og þar ætlast til samkvæmt 2. gr., að þingið ráði og ákveði um málið (söluna), þar sem um sérstakleg almenningsnot þjóðjarða er að ræða. Hér og víðar í lögum er gengið út frá því, að almenningsnot jarða hafi svo stórvægilega þýðingu, að þinginu einu beri að skera úr því, hvort meta skuli meir þessi almenningsnot eða rétt einstaklingsins eða annara aðila. Hér finst mér því um það aðalatriði að ræða fyrir þingið, hvort meiri almennings not séu fyrir Akureyrarkaupstað eða Hrafnagilshrepp, að eignast jörðina Kjarna. Eg er ókunnugur nyrðra og get því ekki eins vel dæmt um þetta atriði og þingmenn Eyfirðinga. En sé svo, að jörðin verði í margfalt meira gildi fyrir Akureyrarkaupstað en Hrafnagilshrepp, þá ber þinginu að taka til greina svo stórvægilegt atriði.

Ráðherra (H. H.): Eg vil að eins gera þá athugasemd, að eg sé ekki, að þjóðjarðasölulögin komi neitt við spurningunni um það, hvort rétt sé að ganga fram hjá hreppnum, er hann beiðist kaups að ábúanda frágengnum. Þjóðjarðasölulögin eru eingöngu um sölu til *ábúandans*. Þau heimila stjórnarráðinu að selja ábúanda ábýli sitt með tilteknum skilyrðum, án þess að fengin sé sérstök lagaheimild í hvert sinn; vilji einhver annar kaupa þjóðjörð, þá þarf sérstök lög, og ekki geta þjóðjarðasölulögin fyrirskrifað löggjafarvaldinu neitt um það, hvað gera beri í hverju einstöku tilfelli. En lögin um forkaupsrétt leiguliða slá fastri almennri reglu, sem hreppsfélögin virðast eiga rétt á að treysta að fylgt verði, þótt landið sé seljandi, meðan þeim lögum er ekki breytt, og engin knýjandi þörf til undantekningarlaga.

Þá eru einnig mjög skiftar skoðanir um það á Akureyri, hvort heppilegt sé fyrir bæinn að kaupa jörðina; það eru

sumir þar, sem álíta það óráð að kaupa hana, af því að bærinn hafi nóg landrými og nóg annað í að ráðast. En hitt mun rétt, að margir á Akureyri álíti, að þeir geti haft hag af því að »spekúlera« í að fá Kjarna. En slíkt er ekki næg ástæða fyrir löggjafarvaldið til þess að breyta út af sínum eigin fyrirskipunum, og er því að minni hyggju réttast að láta frv., sem komið er fram af þessum hvötum, falla.

Sigurður Hjörleifsson: Háttv. ráðherra hélt því fram, að ýmsir menn á Akureyri teldu þetta óþarft mál, að kaupa jörðina. En eg vil þó geta þess, að eg hefi hér fyrir framan mig þingmálafundargerð, þar sem þetta var samþykt með öllum þorra atkvæða. Á Akureyri eru að eins örfáir menn, sem ekki óska að kaupa jörðina. Þeir, sem ekki vilja kaupin, eru örfáir í samanburði við hina, og þetta mál er hér komið fram eftir vilja meiri hlutans í kjördæminu. En hvað áhrærir lögskýringar hæstv. ráðherra, þá er mér kunnugt um það, að merkir lögfræðingar líta öðru vísi á þetta mál en hann, og telja að selja megi jörðina án þess að taka tillit til forkaupsréttar Hrafnagilshrepps. Það er auðvitað rétt, að ábúandinn hefir forkaupsréttinn samkvæmt lögunum, en nú er málið þannig vaxið, að Akureyrarbær hefir samið við ábúandann og fengið hann til að afsala sér bæði forkaupsréttinum og ábúðarréttinum, og það er gert líka í því skyni, að veita ábúandanum engan yfirgang; hann er roskin ekkja. Hér er gerður allur sá undirbúningur, sem til þess þarf, að málið fari eins vel og hægt er. Hvað viðvíkur bréfi því, sem hæstv. ráðherra las upp, þá má ekki taka mikið tillit til þess, sem að eins er frá 2 mönnum, sem ekki einu sinni hafa neitt umboð og því síður nokkurt vald sjálfir í þessu máli.

Eina ástæðan í bréfinu, sem takandi er til greina, er sú, að Akureyri gæti þröngvað kosti Hrafnagilshrepps með því að koma þar upp grasbýlum, en þetta eru getsakir. Það finst ekkert slíkt fordæmi í viðskiftum Akureyrar og Hrafnagilshrepps. Hrafnagilshreppur skaðast ekki á þessum kaupum. Þvert á móti græðir hreppurinn, ef Akureyri kaupir jörðina. Eg hygg, að skjalið verði fremur til að skaða rétt mál en hitt.

Ráðherra (H. H.): Út af ummælum háttv. þm. Akureyrar, þar sem hann segir, að það séu að eins 2 menn í Hrafnagilshreppi, sem skorað hafi á stjórnina, að annast um að Kjarni væri ekki seldur Akureyrarbæ, vil eg leyfa mér að lesa upp símskeyti frá Akureyri, sem eg hefi fengið hér á fundinum, og er svo hljóðandi:

»Almennur hreppsfundur Hrafnagilshrepps skorar með samhljóða atkvæðum á alþingi, að selja ekki þjóðjörðina Kjarna Akureyrarbæ eða utanhreppsbúum, en geri þingið jörðina fala, krefst fundurinn að hreppurinn sitji fyrir kaupunum.

Pétur Ólafsson,
oddviti.

Til
alþingis«.

Eg vona því, að háttv. þm. Akureyrar vefengi ekki, að það sé rétt, sem eg hefi sagt um óskir hreppsbúa og sveitarstjórnarinnar.

Júlíus Havsteen: Að Akureyri vill kaupa Kjarna, mun helzt vera »spekulation«. Jörðin virðist mér að minsta kosti í svipinn heldur lágt metin, sem sé 8,200 kr. Kjarni er einhver fallegasta jörðin í Eyjafirði og 41 hndr. að dýrleika. Árið 1893 gaf Akureyri 13,600 kr. fyrir Eyrarland, sem er að vísu stærri jörð, en það var gefið meira

fyrir hana að tiltölu, en menn virða Kjarna. Afnot Akureyrar af Kjarna get eg ekki lagt mikið í. Að jörðin sé bútuð í sundur í smábýli, get eg eigi álitið að verði sveitinni til gagns eða uppbyggingar; þvert á móti. Prýði fyrir eina jörð er einn góður bóndi, en ekki margir kotungar. Það er ekki minsta þörf fyrir Akureyri að eignast Kjarna. Kaupstaðnum fylgir mikið landflæmi bæði fyrir utan, innan og að ofan, og bætast þar við hólmarnir í Eyjafjarðará.

Steingrímur Jónsson: Eg verð að líta svo á, að Hrafnagilshreppur hafi forkaupsréttinn, og úr því að hreppurinn á almennum sveitarfundi sækir um forkaupsréttinn, þá verð eg að líta svo á, að ekki megi selja Akureyri jörðina. Eg er því á móti því.

Lárus H. Bjarnason: Lögin um forkaupsrétt leiguliða munu eiga jafnt við um þjóðjarðir og jarðir einstakra manna. Þar er skýlaust ákveðið, að *leiguliði* hafi forkaupsrétt og þar næst *hreppurinn*, sem jörðin liggur í. Þess vegna er ómögulegt að samþykkja þetta frumv. óbreytt. Það mætti samþykkja það með þeirri breytingu, að heimildin til að selja Akureyri jörðina væri bundin því skilyrði, að bæði leiguliði og hreppurinn gengju frá kaupunum. En slík lög væru þýðingarlaus. — Eg er því á móti frumvarpinu, en ef það gengur til 2. umræðu, mun eg koma með breytingartillögu í þá átt, sem eg nú gat um, að söluheimildin til Akureyrar verði skilorðsbundin.

Arí Jónsson: Eg er ekki samþykkur skýringu þeirri, sem hæstv. ráðherra gaf á lögunum. Það er að vísu rétt, sem bæði hann og háttv. 5. kgk. þm. tóku fram, að eftir lögunum um forkaupsrétt leiguliða hefir hreppurinn forkaupsréttinn næstur á eftir leiguliða. En eg tel það mikið vafamál, hvort lögin um forkaupsrétt leiguliða geti átt hér við. Eg held að hér verði að taka tillit til annara laga, sem snerta þetta sama efni, nefnilega laganna um sölu þjóðjarða. Þar er heimildin til að selja ábúanda þjóðjörð bundin því skilyrði, að jörðin sé ekki, að áliti sýslunefndar, hentug til *almenningsnota*. Það verður því að taka tillit til þess, hvort jörðin kemur betur að almenningsnotum, ef hún er seld Akureyrarkaupstað. Það er ekki að marka, þó að meðmæli sýslunefndar í Eyjafjarðarsýslu séu ekki komin enn þá, því að eftir því, sem eg hefi heyrt, er sýslufundur þar ekki um garð genginn enn. — En ef sýslunefndin nú mælir með því, að jörðin verði seld Akureyrarkaupstað, þá ætti alls ekkert að vera í veginum fyrir því að leyfa söluna.

Eg álít annars, að hér beri að taka tillit til undantekningarinnar í 2. gr. laganna um sölu þjóðjarða, og fara eftir því, hvort salan er æskileg vegna almenningsnota eða ekki. Og það virðist mér vera aðalatriðið í þessu máli, hvort jörðin verður í raun og veru til meiri almennings afnota, ef Akureyri fær hana keypta.

Ráðherra (H. H.): Háttv. þm. Strandamanna talaði mikið um undantekningarákvæði í 2. gr. laga um sölu þjóðjarða. En þar virtist mér hann vera alveg úti á þekju, því að þau lög koma þessu máli alls ekkert við, eins og margbúið er að taka fram. Lög um sölu þjóðjarða eru að eins um heimild fyrir stjórnarráðið til að selja ábúendum þjóðjarðir án sérstaks lagaboðs. Til *þess* útheimtist þetta álit sýslunefndar, sem háttv. þm. talaði um. En *löggjafarvaldið* þarf alls ekki þessa yfirlýsing sýslunefndar til þess, að *því* sé heimilt að ákveða sölu á þjóðjörð eða leyfa hana. Þar hefir sýslunefndin ekkert *veto*, og þarf ekkert að *leyfa*. En þar

sem sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir mælt á móti sölu þessarar jarðar, og álitið að ekki einu sinni ábúandinn megi fá hana keypta, vegna þess að landið eða sveitin kunni að þurfa á henni að halda til skóla eða stofnana, þá sýnist það þó vera fremur ástæða á móti frum varpinu en með því.

Sigurður Hjörleifsson: Þegar sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu lagði á móti því, að þessi jörð væri seld, þá vakti fyrir henni, að jörðin væri hentugt skólastæði. Og þá var einmitt umtal um að stofna þar skóla. En nú er þetta orðið breytt; nú hefir enginn augastað á Kjarna fyrir skólastæði, nema ef til vill 2 menn í Hrafnagilshreppi. Að minsta kosti veit eg ekki til að svo sé.

Eg held fast við það, að með því að Akureyri fái jörðina keypta, verður hún bezt að almenningsnotum; hún verður bæði *flestum* að notum og að *mestum* notum á þann hátt. Þess vegna er ekki rétt að fella frumvarpið, því að eg ímynda mér, að deildin vilji ekki gjarnan gera neitt það, sem væri til óhagnaðar fyrir marga menn. Eg skal líka geta þess, að ýmsir lögfræðingar hafa látið í ljós það álit, að sala jarðarinnar komi enganvegin í bága við gildandi lög.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Hæstv. ráðherra tók það fram, að sýslunefndin hefði lagt á móti því, að jörðin yrði seld ábúanda. En einmitt þetta mælir með því, að selja hana til almenningsnota. Sýslunefnd hefir aldrei mælt á móti því, að jörðin yrði seld Akureyrarkaupstað, sem sjálfsagt yrði til þess, að hún yrði að mestum og beztum almenningsnotum. Nei, sýslunefnd hefir þvert á móti lagt á móti því, að einstakur maður fái jörðina keypta, *af því* að hún sé hentug til almenningsnota. Og ef sýslunefndin hefir rétt fyrir sér í þessu, er einmitt því meiri ástæða til, að Akureyri fái jörðina keypta *til slíkra nota*.

Hér er aðallega um það að ræða, hvort jörðin verði að betri notum í höndum Akureyrarbúa eða Hrafnagilshrepps, úr því að sýslunefnd álítur hana vera eina meðal þeirra jarða, sem ekki ber að selja einstökum mönnum. Og eg er í engum vafa um það, að þessi jörð verður betur að almenningsnotum hjá Akureyrarbúum en nokkrum öðrum. — Eg get nefnt dæmi þessu til sönnunar. Engin jörð gefur meira af sér tiltölulega, en jarðirnar Eyrarland og Naust hafa gert, síðan þær komust í hendur Akureyrarbúa. Eyrarland, fyrir utan kaupstaðarlóðina, gefur af sér 2000—2500 kr. árlega. Eg býst reyndar ekki við, að eins mikil not verði af Kjarna eins og af Eyrarlandi; en þau verða þó vafalaust meiri en nú. Háttv. 1. kgk. þm. sagði, að þetta mundi gert af »spekulation«; Akureyringar vita það, að hagur bæjarbúa eflist, ef bærinn fær Kjarna keyptan, og þessvegna vilja þeir fá hann til eignar og afnota. Þetta má hinn háttv. þm. kalla »spekulation«, ef honum þykir það orð viðeigandi. Sami háttv. þm. sagði líka, að hann skyldi ekki í því, að afnotin yrðu mikil. En hvað verður þá úr »spekúlationinni«, sem hann í hinu orðinu er að tala um. En eg er viss um, að Akureyrarbúar geta haft miklu meiri afnot af jörðinni, en Hrafnagilshreppur gæti haft. Og Hrafnagilshreppur hefði aldrei óhag af sölunni; hann mundi þvert á móti hafa hagnað af henni, því að hann fengi meiri tekjur af jörðinni en ella, t. d. hafa tekjur hreppsins af jörðinni Naustum aukist, síðan sú jörð komst í hendur Akureyrarbúa.

Júlíus Havsteen: Eg held því enn fram, að hér sé um »spekúlation« að ræða. — Það stóð alt öðru vísi á, þegar Akureyringar keyptu Eyrarland,

því að þá þurftu þeir jarðarinnar nauðsynlega með. En *þetta* er »spekúlation«, enda hefir háttv. 6. kgk. þm. játað það. Akureyrarbúar hafa ekkert að gera með jörðina, og svo er líka annað land að nokkru leyti á milli Akureyrarlands og Kjarnalands, sem sé Hamrar. Það er heldur ekki rétt, að Naust sé kotjörð; það er góð jörð, yfir 20 hndr. að dýrleika. Og það er heldur ekkert að marka það, þó að Naust hafi gefið meira af sér í höndum Akureyrarbúa en áður. Það var auðvitað ábúandanum að kenna, sem var á jörðinni áður.

Sigurður Hjörleifsson: Það hefir verið talað um að þetta væri »spekulation« af Akureyrarbúum. En mér sýnist orðið ekki eiga vel við. Verðið er matsverð, og það er eðlilegt, að farið sé fram á að fá jörðina fyrir það verð, sem dómkvaddir menn hafa virt hana. Ef þinginu þykir verðið of lítið, getur það auðvitað sett hærra verð á jörðina, og þá er það Akureyrarbúa að ganga að eða frá. Þá dettur niður öll ásökun um það, að bærinn sé að reyna að fá jörðina fyrir gjafverð. — Hér er ekki um neina »spekúlation« að ræða. Það er »spekúlation«, þegar einstakir menn kaupa jarðir, helst nálægt bæjum, til þess að láta þær stíga í verði og selja þær svo. Slíkt getur verið óheppilegt, eins og hefir sýnt sig á Akureyri um landið norðan við bæinn. Það land er fast, einmitt vegna þess konar «spekúfationa«. En inn á við er enn þá mögulegt að auka landið, og það getur bætt úr. — Um »spekúlations«-hættu getur verið að tala, þar sem einstakir menn eiga í hlut, en ekki heil bæjarfélög.

Ráðherra (H. H.): Eg held fast við það, að svo framarlega sem þingið leyfir sölu á jörðinni, þá verði söluheimildin að vera þannig, að Akureyri fái kaupréttinn því að eins, að hreppurinn vilji ekki kaupa að ábúanda frá gengnum.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Hér er verið að selja ábúanda, því að Akureyri er búin að fá ábúðarréttinn á jörðinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg legg að vísu mikið upp úr því, sem háttv. 6. kgk. þm. leggur til mála, en eg legg *þó* meira upp úr því sem lögin segja. (Las upp 1. gr. 1. málsl. og 4. gr. laga um forkaupsrétt leiguliða).

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Eg veit ekki til að ábúandi hafi afsalað sér forkaupsrétti, heldur að eins fengið hann öðrum. Enda eiga lögin sem háttv. þm. las upp hér ekki við.

Lárus H. Bjarnason: Akureyri getur því aðeins fengið jörðina, að bæði ábúandi og hreppurinn afsali sér forkaupsrétti. Hitt væri að brjóta lög á ábúanda og hlutaðeigandi hreppsnefnd og það situr ekki á alþingi.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 7 atkv. móti 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Hjörleifss.,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

Samþ. með 7 atkv. gegn 5 að skipa nefnd í málið, og voru kosnir í nefndina:

Ari Jónsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Júlíus Havsteen.

Önnur umræða; 31. marz. (A. 74; 311).

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Þegar þetta mál var til umræðu hér í deildinni fyrir nokkru

síðan, urðu talsverðar umræður um það, og verður því væntanlega ekki eins mikið talað um það nú.

Eg skal reyndar geta þess, að við þá umræðu komu fram nokkrar skýringar í þá átt, að löggjafarvaldið hefði ekki ótakmarkaðan umráðarétt á jörðinni. Eg vona að háttv. deild viðurkenni, að hér hafi átt sér stað nokkur misskilningur, þar sem öll nefndin hefir orðið sammála um, að umráð á jörðinni væri ekki takmörkuð samkvæmt lögunum frá 20. okt. 1905, um forkaupsrétt leiguliða. Þetta sést á nefndarálitinu á þingskjali 311.

Annars skal eg minnast dálítið frekar á jörðina og gefa nokkrar upplýsingar um hana. Jörðin er eftir nýju mati $41,_2$ hndr. að dýrleika, og afgjald eftir hana 600 álnir. Eg skal geta þess strax, að það er víða ekki mikið að byggja á mati, og í Eyjafirði er hátt mat á jörðum. Þessari jörð fylgir 12 dagslátta tún, sem gefur af sér 120 hesta í meðalári. Á engjum má heyja þar um 600 hesta. Landrými er lítið og vart um önnur hlunnindi að ræða. Eg skal leyfa mér að bera þessa jörð saman við aðra jörð, sem eg þekki. Það er Hvammur í Vatnsdal. Sú jörð gefur af sér í meðalári um 450 hesta af töðu og um 2000 hesta af útheyi, en er þó ekki metin nema á $42._8$ hndr., og fyrir nokkrum árum var þessi jörð seld á 7000 kr. Það er máske dálítið eftirtektarvert um Kjarna, sem er landsjóðsjörð, að hún skuli ekki gefa af sér meira en þetta, þegar litið er til dýrleikans, og gæti það verið íhugunarefni þeim, sem hugsa að sú sé ein leiðin til viðreisnar landbúnaðinum, að allar jarðir séu eign landsjóðs.

Viðvíkjandi verðinu skal þess getið, að jörðin var metin árið 1905 á 7500 kr., en þá mælti sýslunefnd Eyfirðinga á móti því, að jörðin væri seld vegna skóla, sem fyrir hugað var að hafa á henni. En jörðin er metin nokkru hærra nú. Að öðru leyti eru öll aðalatriði tekin fram í nefndarálitinu. Eins og það ber með sér, hefir nefndin ekki getað orðið sammála og þess vegna klofnað. Meiri hlutinn lítur svo á, að löggjafarvaldið hafi algerlega frían hendur til þess að selja jörðina. Og skal eg ekki fara frekar út í það, nema andmæli komi á móti. Auk þess skal eg benda á þá þörf, sem Akureyri er á að eignast jörðina og skal jafnframt láta í ljós, að mér þykja ástæður háttv. minni hluta í gagnstæða átt mjög veigalitlar. Í upphafi álits minni hlutans er þess getið, að beiðni Akureyrar um kaup á jörðinni sé bygð á afsali ábúandans. Þetta er ekki rétt. Beiðni Akureyrarbúa er sprottin af nauðsyn á að ná í jörðina, og núverandi ábúandi sættir sig við að bærinn eignist hana. Og Akureyri fer svo vel að þessu máli, að bærinn býðst til að borga ábúandanum 200 kr. á ári fyrir kauprétt og ábúðarrétt. Eg sé heldur ekki vel, hvers vegna þörf bæjarins að eignast jörðina sé ekki næg ástæða, því að eg veit ekki betur, en að landið sé einmitt til í þarfir íbúa landsins. Það má enn fremur ráða af áliti minni hlutans, að nokkrir slægjuhólmar hafi bæzt við landeign kaupstaðarins, síðan hann keypti Naust. Þetta liggur í orðinu »nú«, en það má vera, að þetta sé misritun, en sé það ekki, þá er þetta rangt. Að jörðin sé líkleg til seturs fyrir bændaskóla, get eg heldur ekki kannast við, þar sem löggjafarvaldið hefir skipað því máli á annan hátt, og nú er ekki fyrirsjáanlegt, að menn mundu nokkru sinni vilja taka hana undir bændaskóla.

Eg get heldur ekki skilið það, sem stendur í nefndarálitinu um tilkall Hrafnagilshrepps til Kjarna, — enda er því neitað öðru hvoru, að hreppurinn hafi nokkurt tilkall, og í því er eg háttv. minni hluta fullkomlega samdóma.

Eg skal svo ekki fjölyrða mikið um þetta frekar, en vil aðeins leggja til, að jörðin verði seld fyrir það verð, sem farið er fram á. Eg er viss um það, að nú sem stendur er jörðin full hátt seld, en annað mál er það, að hún getur orðið meira virði síðar, en þá þarf mannshöndin að koma til. Hinsvegar er ekki sagt, að Akureyrarbær mundi ganga frá tilboði sínu um að kaupa jörðina, þó að hún yrði sett nokkuð upp, því að kaupstaðurinn þarf á jörðinni að halda, eins og eg hefi oftsinnis tekið fram. En það má telja vafasamt, hvort það sé rétt að skrúfa verðið upp í þeirri von, og eins hitt, hvort það mundi verða nokkur ágóði fyrir landið í heild sinni, að selja jörðina dýrara en hún er verð.

Júlíus Havsteen: Meining mín er, að alls ekki beri að selja þessa jörð, hvorki Akureyrarkaupstað né Hrafnagilshreppi. En ef á að selja hana, þá stendur Hrafnagilshreppur nær. — Í þessu sambandi legg eg enga áherzlu á lögin um forkaupsrétt leiguliða, sem sé á það, að salan komi í bága við þau, því að eg hefi aldrei verið í efa um, að stjórnin *mætti* selja jörðina eftir sérstök um lögum.

En eg sleppi þessu og sný mér að hinu, á hve miklum rökum eru bygðar kröfur Akureyrarkaupstaðar um að fá jörðina keypta. Flutningsmaður hefir tilfært nokkrar ástæður, og fyrst þá ástæðuna, að Akureyri þurfi jarðarinnar við til kúabeitar. En eg mótmæli því fastlega, að Kjarni verði seldur Akureyri til slíkrar notkunar. Kaupstaðurinn hefir mikið land sem stendur, og getur fengið nóg land í viðbót til beitar fyrir skepnur sínar, án þess að taka eina beztu jörðina í nágrenninu til þeirra nota. Slíkt er óviðeigandi notkun svo ágætrar jarðar, sem Kjarni er.

Önnur ástæðan er sú, að þessi miður heppilegu lög, nr. 60, $^{27}/_{11}$ 1907, liða öllum að flytja í bæi og setjast þar að, án aðsetursleyfis. Og nú vilja Akureyringar losna við þessa menn, sem flutt hafa inn í bæinn, aptur á þann hátt, að koma þeim að Kjarna. Þar eiga þessir menn að sitja, og milli þeirra á sennilega að skifta jörðinni í mörg grasbýli; enda sagði flutningsmaður eitthvað í þessa átt við 1. umr. málsins. — Væri það nú gott fyrir Hrafnagilshrepp, að fá þangað hóp af slíkum mönnum? Eftir 10 ár væru mennirnir búnir að vinna sér þar sveitfesti, og hreppurinn sæti í eð alla kássuna. Þetta gæti vel orðið til algerðrar eyðileggingar fyrir hreppinn, og að þessu athuguðu get eg alls ekki verið með slíkri sölu.

Er það nú gagnlegt fyrir þjóðina, að fólkið streymir sem mest til kaupstaðanna? Eg held síður en svo; eg held að það væri farsælla landi og lýð, að stuðla fremur að því, að fólkið væri kyrt í sveitunum og stundaði landbúnaðinn sem fyrrum. En hér á að gera þveit á móti; því það á að gera það meira aðlaðandi fyrir fólkið en áður var, að flytja úr sveitunum til þessa bæjar, Akureyrar

Akureyringar hafa fengið ábúandann á Kjarna, sem er ekkja, til þess að afsala sér ábúðarréttinum og forkaupsrétti í hendur kaupstaðarbúum. Þetta hefir verið gert rétt fyrir nefinu á umboðsmannninum, og kemur í bága við almenn lög og venjur. En flutningsm. leggur ekki áherzlu á þetta atriði málinu til stuðnings, og því sleppi eg að tala um það frekar.

Háttv. flutningsm. sagði, að eg væri meiri hluta nefndarinnar samdóma um það, að matið á jörðinni væri sanngjarnt. Jú, eg álít einmitt að matið sé hæfilegt, eins og jörðin er nú, samanborið við alment jarðaverð. En það eru allar líkur til að jarðir, sem liggja nálægt kaupstöðum, hækki til muna í verði; og

þá ekki hvað sízt þessi jörð, sem auk þess áreiðanlega verður talin meðal þeirra, sem heyra undir 2. gr. laga 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða. Neðri deild hefir og nýlega neitað um sölu tveggja jarða nálægt Reykjavík, Hólms og Lambhaga, af því að hún vildi fara varlega í, að selja góðar jarðir nálægt stórum kaupstöðum. Og eg álít, að þessi háttv. deild ætti að fylgja sömu stefnu.

Lárus H. Bjarnason: Af því að það er nú langt síðan málið var til 1. umr., vil eg leyfa mér að leiða athygli að því, sem eg þá hélt fram. Lögin um forkaupsrétt leiguliða gefa ábúanda og þar næst hreppi tvímælalausan rétt til, að ganga fyrir öðrum um kaup hverrar jarðar, sem seld er. Eg skal leyfa mér að lesa upp þau ákvæði laganna, sem að þessu lúta. Í 1. gr. stendur: »Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða«. Og í 4. gr.: »Nú afsalar sá sér forkaupsrétti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 3. gr. og öðlast þá sveitarfélag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsréttinn«. Þarna eru engar jarðir undanteknar og því ná ákvæðin í rauninni til allra jarða, jafnt þjóðjarða og kirkjujarða, sem til einstakra manna jarða, enda þó að löggjafinn hafi að öllum líkindum aðallega hugsað til einstakra manna jarða. Háttv. flutningsm. leggur áherzlu á orðin: »gengur kaupum og sölum«, og vill skilja þau svo, að aðeins sé átt við þær jarðir, sem vanalega eru seldar, eða svokallaðar bændajarðir. En það er ekki rétt, að leggja annað í orðin en það, að þegar jörð *er seld*, skal hún fyrst boðin ábúanda og síðan hreppi. Jarðeign, sem gengur kaupum og sölum, þýðir ekki annað en jarðeign, sem er seld.

Þetta er líka eðlilegasti skilningurinn, þegar litið er á tilgang laganna, þann að styðja að því, að sem flestar leigujarðir komist í sjálfsábúð. Verði jörðin seld Akureyri, er brotinn skýlaus réttur hreppsins, úr því að ábúandinn er genginn frá og hreppurinn vill sitja fyrir kaupunum. Hins vegar ætti helzt ekki að selja þessa jörð, hvorki ábúanda, hreppi né öðrum, þar sem hlutaðeigandi sýslunefnd hefir lýst því yfir, að jörðin mundi vera líkleg til almenningsnota. En eg vil að eins halda fast við það, að *ef* hún verður seld, þá ber að fara eftir lögunum um sölu þjóðjarða, og láta ábúanda ganga fyrir og þar næst hreppinn.

Því síður ber að selja Akureyrarkaupstað jörðina, sem Hrafnagilshreppur yrði þá að súpa seyðið af því, hvernig Akureyringar ráðstöfuðu henni, eins og háttv. 1. kgk. þm. benti á. Það getur vel verið, að jörðinni verði ráðstafað þann veg, að sveitarþyngsli Hrafnagilshrepps færu mjög tilfinnanlega vaxandi. Því væri réttast, ef jörðin mót von verður seld Akureyri, að leggja hana þá líka undir lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Háttv. 1. kgk. þm. segir í nefndarliti minni hlutans, að það þurfi meira til en þörfina til þess að selja beri slíka jörð, sem Kjarna. Í framsögu sinni áðan gerði háttv. þm. enn meir úr þessari jörð, því að hann hélt því fram, að það mætti ekki nota hana til beitar. Þá þykir mér orðið hátt risið þjóðjarðanna, ef ekki má beita þær. Eg leyfi mér að halda því fram, að þessi jörð sé ekki of góð til þeirrar notkunar fremur en aðrar jarðir hér á landi.

Eins og hefir verið tekið fram, hefir Akureyri haft beitiland á Kjarna til afnota, en á ekki von á að hafa það framvegis og horfir þá til vandræða fyrir bæinn. Þetta er álit bæjarbúa sjálfra, og eg verð að álíta, að það sé

meira að marka skoðun þeirra að þessu leyti, heldur en skoðun háttv. 1. kgk. þingm., því að þeir hljóta að vera þörfinni kunnugri.

Akureyringum hefir verið borið það á brýn, að þeir ætluðu að koma af sér fátæklingum á Hrafnagilshrepp. Þessu verð eg að mótmæla. Það er ekkert fordæmi til í viðskiftum Akureyrar og Hrafnagilshrepps, sem gæti réttlætt slíka ályktun. — Hins vegar hefi eg bent á það, að það er full ástæða til að taka tillit til þess, á hvern hátt væri heppilegast að gera menn úr því fólki, sem streymir til kaupstaðanna og sezt þar að í fullri lagaheimild. Eitthvað þarf að gera fyrir þetta fátæka fólk, en hvað er heppilegast? Eg efast ekki um, að hollasta aðferðin er sú, að gefa þessu fólki mögulegleika til að afla sér uppeldis með grasrækt. Eg er sannfærður um, að hagur Akureyringa væri nú blómlegri en hann er, ef þeir hefðu fyrir löngu tekið þá stefnu, að leggja meira kapp á grasræktina en sjávarútveginn; hagur Akureyrar væri betri og þá um leið hagur landsins.

Mér þykir skrítið að heyra menn segja, að Hrafnagilshreppur sé eins líklegur til að rækta þessa jörð, eins og Akureyrarkaupstaður. Mér þykir þetta undarlegt, þegar litið er til þess, að Akureyri hefir bæði meira fé og fleiri hendur til að vinna, enda hefir það sýnt sig, að Akureyrarbúar hafa ræktað vel þær jarðir, sem þeir hafa fengið í sínar hendur.

Háttv. 5. kgk. þm. kvað réttast, að leggja jörðina undir lögsagnarumdæmi Akureyrar, ef bærinn fær hana keypta, því að þá geta Hrafnagilshreppi ekki aukist vandræði vegna sölunnar. Þetta hefðum við Akureyrarbúar helzt kosið, en við höfum ekki farið fram á það af eintómri sanngirni við Hrafnagilshrepp. Við vildum ekki fara fram á það, að hreppurinn yrði sviftur þeim auknu tekjum, sem hann annars mundi hafa af jörðinni, ef hún kemst í hendur Akureyringa. Það mundi fara eins um þessa jörð, eins og jörðina Naust, sem einnig liggur í Hrafnagilshreppi. Síðan Akureyri eignaðist þá jörð, hefir hreppurinn haft af henni margfaldar tekjur á við það, sem áður var, enda hefir Akureyri nú orðið að borga hreppnum stórfé fyrir að fá jörðina lagða undir lögsagnarumdæmi bæjarins. Hreppsbúar voru auðvitað skynsamari en svo, að þeir vildu sleppa henni fyrir ekkert. — Það er fjarri því, að Akureyri vilji á nokkurn hátt ganga á rétt Hrafnagilshrepps eða sýna honum ójöfnuð, og eingöngu þess vegna höfum við ekki farið fram á, að Kjarni væri lagður undir lögsagnarumdæmi Akureyrar.

Eg skal geta þess, að það er ekkert nýtt eða óheyrt, sem hér er um að ræða. Eg veit ekki betur, en að Reykjavík hafi lagt undir sig jarðir, og hafi orðið að gera það, til þess að ekki yrði heftur eðlilegur vöxtur bæjarins.

Hvað snertir útbyggingarsök á hendur ekkjunni, sem nú býr á Kjarna, skal eg ekkert fara út í það, því að það kemur ekki málinu við. Ef til þess kæmi, væri ef til vill fleira, sem komið gæti til athugunar um umboðsstjórn þeirrar jarðar. En það liggur ekki hér fyrir að rannsaka slíkt.

Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að löggjafarvaldið hefði ekki rétt til að selja Akureyri jörðina. Eftir staðhæfingar hans að þessu lútandi við 1. umræðu, þótti mér eftirtektavert, að hann hafði breytt þeim í ræðu sinni og sett í staðinn, að það *mundi* vera svo; hann virðist þá ekki vilja fullyrða það. Annars er það undarlegt, að hann skuli halda þessu fram, þar sem það þó er auðséð, að þeir menn, sem hafa undirbúið lögin um forkaupsrétt leiguliða, landbúnaðar-

nefndarmennirnir, hafa litið svo á, að lögin giltu að eins fyrir jarðeignir einstakra manna. Það er þegar auðséð á fyrirsögn frumv., eins og það kom frá landbúnaðarnefndinni, því að það var þá kallað »frumvarp til laga um forkaupsrétt á *jarðeignum einstakra manna*«.

Og það er ekki heldur neitt, sem bendir til þess, að annað hafi vakað fyrir þinginu 1905, en að lögin skyldu að eins gilda um einstakra manna jarðir. — Stjórnin breytti þessu frumv. áður en það var lagt fyrir þingið, því að hún vildi ekki ganga að því, að sveitarfélag hefði forkaupsrétt að ábúanda frágengnum, og þá var titlinum um leið breytt í: »Lög um forkaupsrétt leiguliða *og fleira*«. Sá titill hélzt svo, þrátt fyrir það að þingið setti aftur inn í frumv. ákvæðið um forkaupsrétt sveitarfélaga. Það hefir ekki verið hirt um að breyta titlinum aftur, þó að ákvæðið væri sett aftur inn í lögin, því að titillinn var þó ekki beint rangur, en hefði að vísu helzt átt að breytast í: »Lög um forkaupsrétt leiguliða og sveitarfélaga«, eða þá: »um forkaupsrétt á jarðeignum einstakra manna«, eins og hann var upphaflega. — Ennfremur vil eg benda á, að frumv. til laga um sölu þjóðjarða gerði ráð fyrir forkaupsrétti sýslufélaga, en það ákvæði var felt burt af stjórninni og kom aldrei aftur inn í frumv. Það væri undarlegt, ef samt ætti að vera að ræða um forkaupsrétt á þjóðjörðum að ábúanda frágengnum.

Alt þetta sýnir glögt, að lögin um forkaupsrétt leiguliða gilda ekki, og hafa aldrei átt að gilda, um þjóðjarðir.

Arí Jónsson: Eg ætlaði að fresta að tala, þar til háttv. 5. kgk. þm. hefði talað í annað sinn, ef ske kynni, að hann segði eitthvað, sem eg þyrfti að svara, því að framsögumaður hefir þegar hrakið það, sem enn hefir verið fundið frumv. til foráttu. En eg vildi taka betur fram, en áður hefir gert verið skoðun mína á forkaupsrétti þjóðjarða og jarðeigna einstakra manna. Það voru nokkur orð hjá háttv. 5. kgk. þm., sem eg sérstaklega vildi taka til athugunar. Hann færði sem ástæðu móti því, að selja Akureyri Kjarna, að það striddi á móti rétti ábúandans og hreppsins. Það skiftir nú engu í þessu máli, hvort menn vilja líta svo á, sem ábúandinn hafi forkaupsrétt eða ekki, því að hann hefir þegar afsalað sér þeim rétti og yfirfært hann á Akureyrarkaupstað. Og þá verður fyrir okkur spurningin, hvort Hrafnagilshreppur hafi forkaupsrétt að Kjarna? Og það er mjög þýðingarmikið atriði, — það er nefnilega spurningin um, hvort lögin um forkaupsrétt leiguliða gildi um þjóðjarðir eða ekki —, hvorki meira né minna. Eg skal játa það, að við fyrsta álit bendir texti laganna helzt til að þau eigi við allar jarðir, og er því ekki óeðlilegt, þótt hinum háttv. 5. kgk. þm. hefði virzt svo í byrjun, en hann hefði átt að hafa sömu aðferð til þess að leita að þýðingu laganna, sem aðrir lögfræðingar, þegar texti laganna er vafasamur. Fyrst og fremst athuga þeir, hvort ekki séu nein önnur lög, sem takmarki svæði það að einhverju leyti, sem hin einstöku lög gilda á. Síðan leita þeir að vilja laganna, með því að rannsaka athugasemdirnar, sem þeim fylgja, umræðurnar, sem um þau hafa orðið á þingunum, og álit nefnda þeirra, er um þau hafa fjallað. Mín skoðun er sú, að lögin um forkaupsrétt leiguliða gildi alls ekki um þjóðjarðir, og það byggi eg meðal annars á sögu laganna, sem eg vona að háttv. deildarmönnum sé kunn, og skal eg því að eins drepa á örfá atriði. Lögin um forkaupsrétt leiguliða eru fyrst komin frá milliþinganefnd, og þá hét frumv.:

»Frumvarp til laga um forkaupsrétt á jarðeignum einstakra manna«. Nefndin færir sem ástæðu fyrir frumv. þessu, að jafnframt komi lög um þjóðjarðasölu, og sé því sérstök ástæða til að tryggja leiguliðum á einstakra manna eignum forkaupsrétt, einkum þegar þess sé gætt, að kjör þeirra séu alla jafnan lakari en leiguliða þeirra, er á þjóðjörðum búa. Ennfremur áttu og lögin að miða að því að auka sjálfsábúð, og koma í veg fyrir, að einstakir menn eignist alt of miklar jarðeignir.

Alt þetta bendir ótvírætt í þá átt, að nefndin hafi að eins ætlað lögunum að ná til eigna einstakra manna.

Því næst fær stjórnarráðið málið til meðferðar, og eru athugasemdir þess í fullu samræmi við tillögur milliþinganefndarinnar.

Í athugasemdunum er meðal annars komist svo að orði: »Eins og í frumvarpi nefndarinnar, er forkaupsréttur leiguliða bundinn við það, að jarðeignir ganga kaupum og sölum (privat)«. . . . Eg get ekki hugsað mér, að nokkur stjórn komist þannig að orði, ef hún meinar þjóðjarðir. Ekkert sem um málið var sagt eða skrifað á þinginu — hvorki í efri eða neðri deild — raskar neitt gildi þess, er eg hefi tilfært til sönnunar mínu máli. Það var sama þingnefndin, sem fjallaði um lögin um forkaupsrétt leiguliða og þjóðjarðasölulögin, og er óliklegt, að þeir hafi ætlað lögunum um forkaupsrétt leiguliða að ná til þjóðjarða, því að þá kemur 2. gr. þjóðjarðasölulaganna ekki að fullu gagni.

Hvortveggja lögin verða auðvitað að skiljast á þann hátt, að þau komi bæði að fullum notum, og það gera þau, ef lögin um forkaupsrétt leiguliða að eins taka til eigna einstakra manna, en ekki þjóðjarða.

Enn skal eg benda á eitt, sem út af fyrir sig er næg sönnun þess, að hreppurinn hefir ekki forkaupsrétt að því er þjóðjarðir snertir. Slíkt ákvæði, að hreppurinn skyldi hafa forkaupsrétt, stóð nefnilega upprunalega í þjóðjarðasölulögunum, en var kipt burt af löggjafanum, auðvitað af því að hann ætlaðist ekki til, að hreppurinn hefði slíkan rétt.

Lárus H. Bjarnason: Eg þakka fyrir lexíuna um lögskýringar. Annars var ekkert nýtt í ræðu hins háttv. þm. Strandamanna; það var það sama sem hinn háttv. þm. Akureyrar þegar hafði sagt, en það sauð bara dálítið hærra í þessum katlinum. Það gleður mig, hve kunnugur hinn háttv. þingm. Akureyrar er ræðum mínum, bæði prentuðum og skrifuðum, leiðréttum og óleiðréttum. Eg verð aftur á móti að játa, að eg veit ekki jafngóð deili á hans skrifum, fæ nóg af að heyra hann flytja ræður sínar. Þingm. sagði, að eg hefði talað öðru vísi við 1. umræðu en nú, en það er ekki rétt. Eg hefi sagt, og segi enn, að landsjóður eigi ekki að selja Kjarna, en ef hann gerir það, þá hefir bæði ábúandinn, og hreppurinn að ábúandanum frágengnum, forkaupsrétt; eg skildi háttv. þm. Strandamanna svo, sem ábúandinn hefði afsalað sér forkaupsréttinum, en háttv. þm. Akureyrar svo, sem hann ekki hefði gert það. En hvað sem rétt er í því efni, þá er það víst, að hreppurinn hefir forkaupsrétt, og hefir ekki afsalað sér honum.

Eg er í engum vafa um, að verði Kjarni seldur Akureyri þrátt fyrir mótmæli Hrafnagilshrepps, þá er þar með brotin meginregla laganna um forkaupsrétt leiguliða. Með því eru sviknar vonir, sem gefnar voru með lögunum 20. okt. 1905, og ónýtt góð og merkileg lög.

Það gæti ef til vill komið til mála fyrir Hrafnagilshrepp, að þverskallast gegn þeirri ráðstöfun löggjafarvaldsins,

en reyndar býst eg við, að svo yrði litið á, sem þetta væri »lex specialis«, sem breytti 4. gr. laga 20. okt. 1905.

Um hitt skal eg ekki deila við hinn háttv. þm. Strandamanna, hvor okkar notar réttari aðferð við lögskýringar. Mér var kent, að nóg væri að hafa fyrir sér orð laganna, þegar þau væru ótvíræð; þá þyrfti ekki lengra að leita. Og eg skal játa það, að þetta kenni eg, og mun kenna, þrátt fyrir vísdóm hv. þm.

Þjóðjarðir eru nú sjaldan seldar með sérstöku lagaboði, en þegar það er gert, gildir 1. og 4. gr. laganna um forkaupsrétt leiguliða.

Mér er mál þetta ekkert kappsmál, en hitt vildi eg leitast við að sýna, að eg hefði ekki gert mig sekan í neinni goðgá með skilningi mínum.

Steingrímur Jónsson: Eg er samdóma meiri hlutanum um tvent, að fyrst um sinn hefðist meira upp úr Kjarna, ef Akureyri fengi hann, en upp úr honum hefst, meðan hann er eign landsjóðs, og að hægt sé að selja jörðina með sérstöku lagaboði.

En lengra get eg heldur ekki fylgt meiri hlutanum, því að eg álít, að frv. þetta komi í bága við lögin um forkaupsrétt leiguliða. Þau lög eru þannig orðuð, að þau virðast slá því föstu sem almennri meginreglu, að leiguliði hafi ávalt forkaupsrétt, og hreppurinn að honum frágengnum. Frá þessari almennu reglu gera lögin enga undantekningu, en yfir þeim lögum stendur að sjálfsögðu 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem mælir svo fyrir, að taka megi eignir einstakra manna lögnámi, ef almennings heill krefjist þess, og fult verð kemur fyrir.

Þegar lögin um forkaupsrétt leiguliða voru til meðferðar í þinginu, gátu þau að eins náð til jarðeigna einstakra manna, því að á þeim tíma mátti ekki selja þjóðjarðir, nema með lagaboði, og kirkjujarðir voru að eins stöku sinnum seldar með konungsúrskurði, — en það var skoðað sem undantekning. Það má deila um, hvort þetta frumv. fer fram á beina eða óbeina breytingu á lögunum um forkaupsrétt leiguliða, en hitt er víst, að meginregla laganna um forkaupsrétt ábúanda og hrepps er almenns eðlis, og það sést meðal annars af því, að sýslunefndum er gefið vald til þess að segja álit sitt um, hvort sýslu- eða sveitarfélög þurfi að nota jörðina, og ef svo er, þá má ekki selja jörðina. En frumvarp þetta kemur í bága við þessa löggjafar-meginreglu.

Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefir lagt á móti sölunni, vegna þess að það er ríkjandi skoðun, að minsta kosti í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu, að jörðin sé sérstaklega vel fallin til skólaseturs.

Verði sú stefna ofan á, að hafa bændaskólana að eins 2, þá er ekki ólíklegt eftir atkvæðagreiðslu þeirri, er þegar hefir fram farið í neðri deild í fjárlögunum, að Hólaskóli ekki geti fullnægt þörfum Norðlendinga, og gæti komið fyrir, að bændaskóli Norðlendinga yrði fluttur í Eyjafjörð, og þá hafa margir einmitt augastað á Kjarna. Verði bændaskólunum aftur á móti fjölgað, myndu Eyfirðingar og Þingeyingar vilja fá skóla í Eyjafirði.

Mér virðist því ekki fjarri lagi, að hafa jörðina til reiðu í þessu efni, og því er hún betur komin í höndum landsjóðs en Akureyrarbæjar.

Ennfremur er mikið talað um það, bæði norðanlands og hér á þingi, að koma á fót húsmæðraskóla á Norðurlandi, og er svo til ætlast, að sá skóli sé nærri Akureyri, en þó ekki í bænum, og væri þá einmitt Kjarni ágætlega fallinn til skólaseturs.

Alt þetta mælir mjög mikið á móti því, að selja jörðina að svo stöddu.

Þá kem eg að því, sem nánast heyrir

til að tala um við 2. umræðu, það er það verð, sem á að selja jörðina fyrir. Landsjóður hefir fylgt þeirri reglu, að selja við vægu og góðu verði, þá er um leiguliða er að ræða, en með því hefir hann gert einstökum mönnum töluvert tjón, því að vegna þess, að söluverðið á þjóðjörðum hefir verið svo lágt, þá hafa allar jarðir á landinu haldist niðri í óeðlilega lágu verði. Þetta gat verið afsakanlegt, þegar leiguliðar áttu hlut að máli, en nú þegar bæjarfélag á í hlut, á að sjálfsögðu að selja jörðina fyrir fult gangverð. Og mér þykir 8200 kr. ótrúlega lágt verð fyrir jörð eins og Kjarna. Mér er skýrt svo frá, að jörðin gefi af sér 800 hesta af nautgæfu heyi, að minsta kosti, og hafi auk þess allmikið landrými. Slíka jörð nær engri átt að selja fyrir 8200 kr.; það minsta, sem til mála gæti komið, væri 12000 kr., og væri þó gjafverð.

Háttv. þm. Akureyrar sagði, að landsjóður ætti ekki að setja menn á höfuðið með óhæfilega háu verði. Auðvitað ekki. En þótt verðið á Kjarna væri fært upp í 12000 kr., fengi Akureyri ágætt kaup, ef hún kynni vel með að fara. En fari bærinn óviturlega að ráði sínu, sem engin ástæða er til að ætla, þá verður hann sjálfur að bera skellinn, og á landsjóður enga sök á því. Akureyri hefir einmitt grætt á jarðakaupum sínum hingað til.

Eg skal að vísu játa, að bærinn getur haft mikið gagn af jörðinni, en hins vegar fæ eg ekki séð, að honum sé það bráðnauðsynlegt, að eignast hana. Eg býst líka við, að það sé ekki öllum bæjarbúum kappsmál, að fá jörðina, heldur að eins nokkrum hluta þeirra, og ef verðið væri fært upp, er vafasamt, hvort meiri hluti yrði fyrir því meðal bæjarbúa að kaupa jörðina.

Að endingu vil eg taka fram að nýju, að eg er sölunni algerlega mótfallinn.

Arí Jónsson: Viðvíkjandi nauðsyninni fyrir Akureyri að fá þessa jörð keypta, hefi eg ekki mikið að segja, þar eð eg er því máli ókunnugur og verð að styðjast við sögusögn annara í því. En ef eg á að dæma eftir því, sem eg hefi heyrt um það, þá álít eg að mikil ástæða sé fyrir þingið til að verða við ósk Akureyrar. Það er enginn vafi á því, að jörðin getur orðið miklu fyr og betur ræktuð upp í eign Akureyrar en Hrafnagilshrepps. En um það skal eg ekki þrátta; því eru aðrir betur kunnugir.

Hitt atriðið, hvort rétti nokkurs sé hallað með því, að selja kaupstaðnum jörðina, hafa þeir háttv. 4. og 5. kgk. þm. drepið á. Háttv. 4. kgk. þm. þarf eg ekki að svara, þar eð ræða hans var að eins brjóstmylking úr háttv. 5. kgk. þm. En ræðu háttv. síðarnefnda þm. vil eg athuga dálítið. Það er undarlegt, að lagaskólastjóri Íslands skuli vera jafn óathugull um þetta mál, eins og hann virðist vera, þar sem hann heldur því fast fram, að lögin um forkaupsrétt leiguliða gildi án tillits til annara laga. Fyrsta setningin í 1. gr. þessara laga hljóðar svo: »Þegar jarðeign, sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða«. Meira stendur ekki hér. Það gæti litið svo út, sem lögin næðu til allra jarða, sem eru í bygging, þó það standi alls ekki berum orðum, og því verða menn að leita fyrir sér, hvort ekki séu til nein önnur lög, sem takmarki gildi þessara laga, og þá verða fyrir manni lögin um sölu þjóðjarða, sem sýna það ótvírætt, að þjóðjarðir eru undanteknar. Eg get hugsað, að þar sem eg er ungur lögfræðingur, svo að segja nýkominn frá prófborðinu, geti ekki verið eins mikið tillit til mín tekið eins og lagaskólastjórans, og þess vegna skal eg geta þess, að eftir að við vor-

um búnir að búa til nefndarálitið, hefi eg lagt þessa skýringu mína undir dóm 5 embættismanna landsins, sem verða að taka tillit til þessara laga í embættisrekstri sínum, og þeir voru allir á þeirri skoðun, að lögin um forkaupsrétt leiguliða gildi ekki um þjóðjarðir. Flestir hafa þeir að minsta kosti eins gott próf eins og háttv. lagaskólastjórinn.

Eg vona því, að deildin taki tillit til þessarar skýringar. Það er enginn vafi á því, að hreppurinn hefir engan forkaupsrétt að jörðinni, og því ber eingöngu að taka tillit til þess, hvort meiri almenningsnot fyrir landið verði að jörðinni með því að hún tilheyri Akureyri eða Hrafnagilshreppi.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Þrátt fyrir þær ræður, sem fluttar hafa verið, hefi eg litlu við það að bæta, sem eg sagði í fyrri ræðu minni. Alment sagt, get eg sagt að eg sé ánægður með umræðurnar. Við 1. umræðu þessa máls var því haldið fram með drýgindum, að ekki kæmi til mála annað en að Hrafnagilshreppur hefði forkaupsrétt að Kjarna, og væri sá eini sem gæti skorið úr. En mér hefir fundist á umræðunum hér í dag, að menn hafi orðið að játa, að þessi réttur sé lítill eða enginn. Mér hefir fundist menn hafa gert það fremur af leik að verja það, en af því mönnum finnist það vera á röknm bygt. Það er vanalegt um góða hermenn, að þegar þeir eru reknir úr einu vígi, þá hlaupa þeir í annað. Eins hefir farið hér; þegar mótstöðumenn okkar sjá sér ekki fært að verja þessar staðhæfingar lengur, þá koma þeir með aðrar nýjar staðhæfingar, önnur ný vígi. Það er engin þörf á að ota þeim úr þessum nýju vígjum sínum; þau eru svo léleg, að þau eru engin vígi. Það er ekki mörgum orðum að þeim eyðandi. Þó skal eg minnast lítið eitt á það, sem háttv. 4. kgk. þm. sagði um bændaskóla, að það sé enn óútkljáð, hvort bændaskólinn verði ekki fluttur að Kjarna. Það er undarlegt, að hann skuli halda þessu fram nú, þar sem einmitt er búið að velja milli Hóla og Kjarna, búið að setja gildandi lög um þetta efni. Sú spurning lá hér fyrir, hvort ætti heldur að hafa skólann á Kjarna eða á Hólum, og það var samþykt með miklum meiri hluta, að hafa hann á Hólum. Þetta er því harla léttvæg mótbára, og það því fremur, sem eg vona, að fjárlögin fari svo út úr þinginu, að fé verði veitt til byggingar bændaskólans á Hólum.

Að því er snertir verð jarðarinnar, er það dálítið einkennilegt, að heyra menn koma með fullyrðingar um það, hvers virði hún sé og byggja á því, eða þykjast vita betur en dómkvaddir virðingarmenn, sem eru nákunnugir jörðinni og eru reiðubúnir að staðfesta virðingu sína með eiði. Þeir segja í matsgjörð sinni, að af jörðinni hafi ekki fengist meira en 120 hestar af töðu og 600 af slægjum á ári síðustu tíu árin. Eg held mér við það sem þeir segja, og sé ekki ástæðu til að rengja það, enda skil eg ekki, að aðrir viti betur. Það er líka einkennilegt, að til að fá út þetta háa verð, svo að nokkur sanngirni sé í því að selja jörðina fyrir 8200 kr., hafa þeir orðið að gera ráð fyrir, að 60 kúm verði beitt í högum landsins, og 4 kr. borgaðar fyrir kúna. Með því eina móti verður jörðin metin svo háu verði.

Það er undarlegt að heyra menn, sem ekkert þekkja til, slá því fram, að bænum sé það ekkert áhugamál að ná í Kjarna. Það hefir verið áhugamál bæjarins í mörg ár. Málið kom fyrir bæjarstjórnina í vetur eftir áskorun 50—60 helztu borgara bæjarins. Í bæjarstjórninni hefir aldrei verið minsti vafi á því, að þörfin væri mikil fyrir bæinn. Á

fjölmennum þingmálafundi, sem haldinn var á Akureyri, voru ein 4 atkvæði á móti kaupunum. Og þessi 4 atkvæði þau einu, sem hafa mótmælt sölunni. (*Lárus H. Bjarnason:* Hvað segir hinn málsaðilinn, Hrafnagilshreppur?). Það er mikið rétt, að hinn málsaðilinn, hreppurinn, krefst forkaupsréttar að jörðinni, en sannast að segja lítur út fyrir, að það sé fremur gert til að spilla fyrir sölunni til Akureyrar, en af því hreppnum sé það áhugamál að ná í jörðina. Háttv. þingmenn Eyfirðinga hafa t. d. aldrei reynt að fá jörðina keypta fyrir hreppinn, enda hefir hreppurinn alls ekki forkaupsrétt að jörðinni. Það er hart, og maður má hugsa til þess með kinnroða, að sá maður, sem er forstöðumaður lagaskólans, skuli halda fram svo ófugum skýringum á lögum, sem hann sjálfur hefir átt þátt í að semja. Hvað mun þá um eldri, óröugri lög? — En svo eg víki að hinu aftur, þá finst mér bærinn hafa sýnt það fullkomlega, að honum er það áhugamál að ná í jörðina, þar sem hann vill gefa fyrir hana 8200 kr.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend upp af því að hæstv. forseti fann ekki ástæðu til að taka fram í fyrir þingmanni þeim, er síðast talaði, en hann hefir líklega litið svo á, sem hér ætti við hið fornkveðna, — að ómerk séu ómagaorð. Háttv. þm. hefir lítið vit á lækningum, en ekkert vit á lögum, eins og allir vita. Og það situr síst á honum að tala um kinnroða. Það hafa víst allir heyrt getið um lækni fyrir norðan, sem neitaði að vitja konu í barnsnauð. Sá þokkapiltur ætti að bera rjóða kinn.

Júlíus Havsteen: Eg skal ekki vera langorður. Flutningsm. bar mér á brýn, að eg hefði borið upp á meiri hlutann, að tilgangur Akureyrar væri að koma af sér fátæklingum á Hrafnagilshrepp og útvega þeim hæli þar. Eg veit ekki betur en að þetta standi berum orðum í nefndarálitinu. Þar stendur, að lögin nr. 60 frá 1907 auki mjög »aðstreymið að bæjunum af blásfátæku fólki«. Og þessa blásfátæku menn vilja Akureyringar losna við aftur, með því að koma þeim að Kjarna. Það er ástæða til að taka fram, að þetta getur líka átt við útlendinga, svo sem Norðmenn; alt það fólk, sem Akureyringar geta ekki hýst sjálfir og vilja losna við, á að fara í Hrafnagilshrepp. Hreppurinn hefir rétt til að vera varinn gegn slíku, og eg vil leggja það fastlega til, að þingið neiti sölunni.

Steingrímur Jónsson: Háttv. þm. Akureyrar hefir misskilið orð mín, ef hann heldur að eg sé fallinn frá þeirri aðalástæðu móti sölunni, að Hrafnagilshreppur hafi forkaupsrétt að Kjarna og vilji halda honum. Eg ætlaðist til, að hver maður með nokkurn veginn skynsemd skildi það, að eg er enn á þeirri sömu skoðun, að verði gefin lög um sölu Kjarna til Akureyrar, þá fara þau í bága við lögin um forkaupsrétt leiguliða, hvort sem þau gera það beint eða óbeint. Ef selja á jörð öðrum en leiguliða, þá gildir 4. gr. þessara laga þar um, hvort sem það er beint eða »pr. analogi«. (*Lárus H. Bjarnason:* Hann skilur ekki orðið »analogi«). Þetta segi eg til þess ekki sé hægt að segja að við höfum verið með »Spilfægteri«. Hann bar okkur andmælendum sölunnar á brýn, að við hefðum hlaupið úr einu vígi í annað, kæmum með nýjar staðhæfingar, þegar þær gömlu væru hraktar, eins og hann komst að orði. En það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Eg tók það greinilega fram við 1. umr. málsins, að ástæður mínar til að vera á móti sölunni væru, í fyrsta lagi sú, að Hrafnagilshreppur hefði forkaupsrétt að jörðinni, í öðru lagi, að verðið væri

alt of lágt, og *enn fleiri*, sem eg fann ekki ástæðu til að geta um *þá*.

Að því er verðið snertir, hygg eg, að eg hafi eins góða möguleika til að meta jörðina rétt, sem háttv. þm. Akureyrar. Samkvæmt stöðu minni er eg betur inni í slíku, og þekki meira til virðinga á jörðum en hann.

Eg neita því ekki að mörgum mönnum í bænum sé það áhugamál, að fá jörðina keypta. En eg þóttist ekki fara með neitt bæjarslúður, þó eg hefði eftir kunnugum mönnum, að margir í bænum væru á móti kaupunum. Eg hefi heyrt að mikil mótstaða sé móti þeim í norðurhluta bæjarins, enda mundu bæjarbúar í þeim hluta bæjarins fult eins kjósa, að land bæjarins yrði stækkað norður á við.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Það má lengi halda áfram að segja »klipt var það, skorið var það«, en eg sé ekki ástæðu til að bæta neinu við það, sem eg hefi þegar sagt, þar sem engin ný rök hafa komið frá mótstöðumönnum okkar, enda virðist það ekki vera til neins að koma með skynsamlegar ástæður, þar sem nú er svo langt komið, að háttv. 5. kgk. í stað þess að færa fram rök, eyðir tímanum í að fara með róg og slettur. Málarekstur hans hefir varla verið honum til svo mikillar frægðar hingað til, að það sitji á honum að sletta fram óhróðri um aðra, og líkt mætti ef til vill segja um margt annað kans athæfi.

ATKV.GR.:

Meginmál frumv. samþ. með 6:5 atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. með 7 samhlj. atkv.

Frumv. í heild sinni samþ. með 6:5 atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 6 atkv. gegn 5.

Þriðja umræða; 2. apríl. (A. 74; 416).

Júlíus Havsteen: Eg hefi að vísu ekki neinu nýju að bæta við það, sem eg sagði við síðustu umræðu þessa máls. En eg vildi aðeins taka aðal efnið upp aptur. Það kom fram hjá háttv. framsögumanni, að löggjafarvaldið ætti að samþykkja þessa sölu á Kjarna, vegna þeirra hagsmuna, sem Akureyrarbær hefði af jörðinni. En eg skal benda háttv. deild á nokkuð annað; þar verður líka að taka tillit til þess ranglætis og skaða, sem Hrafnagilshreppur verður fyrir. Eg heimta það hinsvegar ekki vegna Hrafnagilshrepps, að jörðin verði ekki seld Akureyrarbæ, því að eg vil helzt að jörðin verði alls ekki seld. Eg vona að sá háttv. þm., sem hér er í deildinni og er sveitarbóndi, sem vel sér þann óhagnað, sem Hrafnagilshreppur mun hafa af því, að kaupin fara fram, greiði atkv. móti frumv.

Steingrímur Jónsson: Eg hefði ekki staðið upp við þessa umræðu, ef eg hefði ekki átt breyt.till. á þskj. 416, því að eg gerði grein fyrir mínu atkv. við 2. umræðu málsins. Viðvíkjandi þessari br.till., sem fer fram á að í stað 8200 kr. komi 12,000 kr., skal eg geta þess, að eg álít 8200 kr. altof lágt verð, enda þótt jörðin hefði verið seld ábúanda. En nú álít eg að verðið geti enn síður staðist, þar sem ekki á að selja ábúanda, og hins vegar á að selja jörðina þvert ofan í vilja sýslunefndar og hreppsbúa. Því að eg sé ekki betur, en að allar reglur um forkaupsrétt séu brotnar. Það hefir hins vegar nóg verið gert til þess, að pína niður verð á jörðum hér á landi, þó ekki sé nú verið að halda því áfram með þessum »special«-lögum.

Eg hefi leitað mér nokkurra upplýsinga um þessa jörð, og samkvæmt þeim er ekki of sagt, þó að eg segi að jörðin

sé viss með í hverju meðalári að gefa af sér alt að 1000 hestum af nautgæfu heyji. Af þessu er eitthvað 140 eða 150 hestar taða, og eykst hún heldur. Engi á jörðinni hafa stórbatnað árlega án þess að við þau hafi verið gert. Eftir þessu sýnist mér það liggja í augum uppi, að það sé allt of lágt að selja jörð með slíkum engjum, sem liggur rétt hjá Akureyri, fyrir 8200 kr. og skal eg aðeins benda á Naust og Eyrarland til samjafnaðar. Landið liggur svo vel, að ábúandi á Kjarna hefir miklar tekjur af gripabeit úr Akureyrarkaupstað. Það er óhætt að fullyrða, að 30 kúa beit sé landinu til einkis skaða.

Eg er sannfærður um það, að ef þessi jörð hefði verið í einstaks manns eign, þá hefði ekki verið tiltök að hún hefði selzt fyrir minna en 16000 kr. Eg vona að mín br.till. verði samþykt, ef háttv. deild á annað borð ætlar málinu að sleppa héðan.

Framsögum. (Sig. Hjörleifsson): Eftir umr. um þetta mál gæti litið svo út, sem hér væri um stórmál að ræða. En eg skal ekki vera langorður í þetta sinn.

Eg vildi aðeins stuttlega svara því, sem háttv, 1. kgk. þm. talaði um að þessi sala yrði Hrafnagilshreppi til tjóns. Eg þykist satt að segja hafa fært rök fyrir því gagnstæða, og skal bæta enn þá dálitlu við. Ef Akureyrarbær eignast Kjarna, þá er mjög líklegt að þar verði komið upp stóru kúabúi, t. d. með 30 kúm til að byrja með. Jörðin getur að vísu ekki fætt svo margar kýr sjálf, en það má gera slíkt með kraftfóðri. Og mér fyrir mitt leyti þykir það undarlegt, ef það á að vera til tjóns eða óheilla Hrafnagilshreppi að fá slíkt stórbúa, enda þó það yrði Akureyri líka til gagns.

Viðvíkjandi br.till. á þskj. 416, þá get eg ekki annað séð, en að hún sé fjarstæða; það er svo langt frá, að hún sé á rökum bygð, enda heyrði eg engin rök af munni háttv. 4. kgk. þm., þegar hann talaði um hana. Hann hélt því fram, að jörðin gæfi af sér 1000 hesta af nautgæfu heyji. Þetta get eg ekki skilið öðru vísi en að það hafi verið mismæli. Eg verð líka að kalla þetta undarleg ummæli, þegar menn hafa fyrir sér orð dómkvaddra manna, og eg veit ekki hverjir ættu betur að vita um jörðina, heldur en einmitt þeir, sem undir eiðstilboði rannsaka hana og gefa skýrslu um hana. Og þessir matsmenn segja eimitt, að jörðin gefi af sér 600 hesta af útheyi og 120 hesta af töðu.

Um Eyrarland og Naust er það að segja, að salan á þeim er ekki sambærileg við sölu á Kjarna, því að Kjarni ligur fyrir utan bæinn, en hinar jarðirnar í bænum.

Þessi tillaga hlýtur að vera fram komin í þeim tilgangi, að gera Akureyrarkaupstað ómögulegt að kaupa jörðina. Því að það er hvorttveggja, að það er ekki auðvelt að fá »kapital« til slíkra kaupa, og hinsvegar ekki vænlegt að kaupa, þegar það er auðséð þegar í byrjun, að of dýru verði er keypt.

Lárus H. Bjarnason: Það lítur út fyrir, að það sé ekki hægt að sannfæra háttv. deild um það, að réttur Hrafnagilshrepps sé brotinn með þessu frumv. Nú hefir mér dottið í hug ráð til þess, að verja Hrafnagilshrepp fyrir þeim óþægindum, sem af sölunni kunna að leiða fyrir hann; en eg get því aðeins komið því fram, að málið verði tekið útaf dagskrá núna. — Eg ætla að koma með breytingartillögu í þá átt, að jörðin verði lögð undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. — Það getur vel verið að Akureyri ali fleira á jörðinni en kýr, þegar frá líða stundir. Það getur verið að hún verði pörtuð í sundur handa mörgum fjölskyldum, og að þær fjölskyldur verði til þyngsla fyrir Hrafnagilshrepp. Eg sé ekkert ráð til að sett

verði undir þann leka annað en það, sem eg nefndi, að leggja jörðina undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Eg ætla að koma með breytingartillögu í þá átt, ef mér gefst kostur þess, og í því skyni bið eg hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Í tilefni af lekanum vil eg benda á, að það má vel setja undir hann þó að málið væri ekki tekið út af dagskrá. Eg skil ekki annað en háttv. 5. kgk. þm. eigi svo góða menn að í hinni deildinni, að hann geti fengið þessa breyt.till. borna fram þar. — Annars mundi eg telja breytinguna til bóta, að leggja jörðina undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. En eins og eg hefi tekið fram áður, hefi eg ekki farið fram á það, af því að eg tel það misgerð við Hrafnagilshrepp, að gera slíkt án hans leyfis.

Lárus H. Bjarnason: Eg þykist vita að háttv. þm. Ak., sem er læknir, muni vilja lækna lekann sem fyrst, svo að ekki grafi hann um sig.

Það má vel ná til Hrafnagilshrepps með símanum og spyrjast fyrir um það, hvort hann hafi nokkuð á móti þessari breytingu. Eg skal taka að mér að leita þeirra upplýsinga. — Hitt er ekkert að vita, hvað neðri deild kann að gera í málinu, ef það sleppur héðan.

Eg veit vel að þetta mál er orðið flokksmál hér í deildinni, og kappsmál, svo mikið kappsmál, að jafn stiltur maður og háttv. þm. Ak. talaði af sér við síðustu umræðu málsins. — En eg vona þó að háttv. deildarmenn vilji ekki hafna þeim útvegi, sem eg hefi bent á, til þess að komast hjá því, að rétti Hrafnagilshrepps verði hallað meir en þörf gerist.

Steingrímur Jónsson: Eg vil mæla með því að málið verði tekið út af dagskrá, og það því fremur, sem einn háttv. deildarmanna er fjarverandi, einmitt sá, sem kunnugur er kaupum Akureyrarkaupstaðar á jörðunum Eyrarlandi og Naustum.

Forseti: Með því að það stóð öllum opið að koma með breytingartillögur við frumv. við 2. og 3. umræðu, þá get eg ekki séð ástæðu til að taka málið út af dagskrá. — Skal þó bera það undir atkv. háttv. deildar, ef þess er óskað.

Var það þá borið undir atkv. deildarinnar, og felt með 6 atkv. móti 4, að taka málið út af dagskrá.

Steingrímur Jónsson: Háttv. þm. Ak. sagði að eg hefði engin rök fært fyrir verðhækkun þeirri, sem eg hefi stungið upp á. Annaðhvort hefir háttv. þm. ekki heyrt ræðu mína, eða hann skilur annað við rök en aðrir menn. Eg sagði að eg áliti ófært að selja góða jörð með 1000 hesta heyfalli, rétt hjá Akureyrarkaupstað, fyrir minna en 12000 kr. Eg benti á, að það þykir ekki mikið að borga 1 kr. í eftirgjald fyrir hverja 2 hesta á góðu slægjulandi. 1000 hesta heyfall gerir þá 500 kr. árstekjur af því einu, og þegar beitiland bætist við, og aðrar nytjar jarðarinnar, má óhætt gera ráð fyrir að hafa megi upp úr jörðinni 800 kr. á ári. Eg rengi ekki virðingu hinna dómkvöddu manna. En þess er að gæta, að þeir fara eftir 10 ára meðaltali, og eg hefi ástæðu til að ætla, að heymagn á jörðinni hafi aukist mjög á þeim tíma, og getur aukist ennþá til muna án mikils tilkostnaðar. Hvað sem því líður, þá hefir kunnugur maður sagt mér, að jörðin hafi 5 kúa tún, og þá hlýtur túnið, eftir norðlenzkum mælikvarða, að gefa af sér 150 hesta af töðu. — Mér þykir ekkert undarlegt, að virðingarmennirnir hafa ekki virt jörðina hærra. Því að þeir miða við kjör leiguliða á landsjóðsjörðum, sem vitanlega

hafa allir við mjög góð kjör að búa. Virðingarmenn hafa fylgt þeirri meginreglu, sem gert er ráð fyrir í lögum um sölu þjóðjarða, að miða við meðal landskuld á síðustu 10 árum. En þó að leiguliðum, sem kaupa ábýlisjarðir sínar, sé ívilnað á þennan hátt, er engin ástæða til að ívilna Akureprarkaupstað. Ef hann þarfnast svo mjög jarðarinnar, sem sagt er, þá hefir hann líka ráð á að borga hana fullu verði. En ef hann hefir ekki þörf fyrir hana, þá á hann heldur ekki að fá hana undir neinum kringumstæðum.

Háttv. þm. gat þess, að ef Akureyrarbær keypti jörðina fyrir 12000 kr., þá yrði hann að borga svo háa leigu, þegar meðreiknaðar væru 200 kr. til ekkjunnar, að í raun og veru samsvaraði 20 þús. kr. kaupverði. Þar til er því að svara fyrst og fremst, að okkur kemur ekkert við, hvað Akureyringar borga ekkjunni. Í öðru lagi þekki eg illa til, ef Akureyringar heimta ekki sömu kjör, sem aðrir hafa, þeir er landsjóðsjarðir kaupa, og þá bættist það ofan á hið ósæmilega lága verð, að þeir fengju $^{9}/_{10}$ parta jarðarverðsins lánaða, með þeim vildarkjörum, sem heimiluð eru eftir lögunum um sölu þjóðjarða. Enda eiga þeir fullan rétt á því, samkvæmt þeim lögum, og því kæmi ekki til neinna vandræða fyrir kaupstaðinn, að útvega »kapital« til kaupanna, sem háttv. þm. Ak. virtist bera hvíðboga fyrir. — Hvað snertir þessar 200 kr. til ekkjunnar, þá er það að vísu satt, að það getur orðið töluverð fúlga, ef hún lifir lengi. En landsjóður getur ekki tekið tillit til þess eða hans ráðamenn. Annaðhvort hefir þessi samningur við ekkjuna verið ráðleysa, og þá verða Akureyringar sjálfir að bera afleiðingarnar af því, eða þá að þeir hafa séð sér farborða, að fá hallann bættan á annan hátt en þann, að fá jörðina fyrir þeim mun lægra verð hjá landsjóði.

Það er ekki á neinum rökum bygt, að þessi breytingartillaga mín sé framkomin til þess að eyðileggja málið.

Háttv. þm. Ak. byrjaði ræðu sína á því, að það liti út fyrir að þetta væri stórmál. Jú, eg er á sama máli. Það lítur að minsta kosti út fyrir, að það sé stórmál frá hans hlið, og hans flokki kappsmál.

Eg ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma, en aðeins ítreka það ennþá, að ef jörðin verður seld, eru brotin »princip« laganna um forkaupsrétt leiguliða, og einnig laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Það er ástæðulaust að þvæla um þetta mál lengur. En eg vil aðeins mótmæla því, að þetta sé flokksmál eða um nokkurt flokksofriki að ræða í þessu máli. Enda sést það bezt á því, að einn af meiri hlutanum er fremur andvígur sölunni, en einn minni hluta manna með henni. Og að því er snertir málið að öðru leyti, hafa verið færð full rök fyrir því, að salan kemur á engan hátt í bága við nokkur lög.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (416) feld með 6 atkv. móti 4.

Frumv. (74) samþykt með 6 atkv. móti 5, og verður sent forseta Nd.

Ein umræða; 23. apríl; (A. 524, 535).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Það eina, sem liggur hér fyrir, er að ákveða verð jarðarinnar, því eins og kunnugt er, hefir Nd. fært verðið á jörðinni úr 8000 kr. upp í 12000 kr. Nefndin, sem áður hafði þetta mál meðferðis hér í deildinni, hefir

nú að nýju tekið málið til meðferðar með þessa verðhækkun fyrir augum og hefir eigi getað orðið sammála, og minni hluti hennar vill þá heldur, að Akureyri verði algjörlega af kaupunum, en að að sæta þessum afarkostum, og álítur, að jörðin sé fullseld á 10000 kr.; það er það hæsta, sem eg álít að sú jörð verði seld fyrir. Og þar eð þessi sama tillaga — um að selja jörðina fyrir 12000 kr. — hefir verið feld áður hér í deildinni, vona eg að eins verði í þetta skifti.

Júlíus Havsteen: Eg vil leyfa mér að leggja það til, að jörðin verði seld fyrir 12000 kr., því eg sé enga ástæðu til þess, að landsjóður gefi kaupstaðnum Akureyri þessar 2000 kr. Það eru auðvitað allmikil hlunnindi fyrir kaupstaðinn, að fá jörðina keypta. Þó það sé haft eftir mér, að jörðin væri rétt metin áður, þá var það meining mín, að matið væri rétt, bygt á því sem almennt er farið eftir um jarðamat, en samt ekki nægilega tekið tillit til þess, að jörðin er nálægt kaupstað. Og fáist þetta verð (12000 kr.) fyrir jörðina, þá er það ekki rétt, að láta hinar umræddu 2000 kr. ganga undan landsjóðnum. Eg legg því til, að frumv. verði samþykt með þessari breytingu.

Lárus H. Bjarnason: Eg lagði það til við fyrri meðferð þessa máls hér í deildinni, að frumv. yrði felt, en stakk upp á því til vara, að jörðin yrði lögð undir lögsagnarumdæmi Akureyrar, meðal annars til þess, að Hrafnagilshreppur ekki yrði fyrir skaða af því, að þeir er þar kynnu að fæðast og verða ósjálfbjarga, eignuðust þar fæðingarhrepp. Háttv. þm. Ak. amaðist við þessum viðauka, sagði að Nd. myndi setja þetta ákvæði inn í frumv., en hún hefir nú, eins og eg gat til, ekki gert það. Nú er auðséð, að jörðin verður seld, og þá er eg því meðmæltur, að hún verði seld fyrir 12000 kr., og vona, að svo verði um alla, sem Akureyri stendur ekki nær en landsjóður.

Júlíus Havsteen: Eg er því samþykkur, að bezt sé að leggja Kjarna undir lögsagnarumdæmi Akureyrar; en það er ekki gott að koma því við, af því að önnur jörð liggur á milli, nfl. jörðin Hamrar, nema ef Akureyri keypti Hamra líka.

Steingrímur Jónsson: Hvað snertir verð jarðarinnar, þá færði eg rök fyrir því við fyrri meðferð málsins hér í deildinni, að 12000 kr. væri það lægsta verð, sem hægt væri að selja jörðina fyrir. Og ef meiri hluti deildmanna er enn þeirrar skoðunar, að rétt sé að selja jörðina, þá vona eg að verðið verði ekki lægra en 12000 kr., einkanlega þar eð Nd. hefir þegar samþykt þetta verð.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Eg verð að játa, að mér er ekki fullljós afstaða háttv. 1. kgk. þm. í þessu máli. Við fyrri meðferð málsins hér í deildinni komst hann að þeirri niðurstöðu, að það verð, sem þá var um að ræða, væri sanngjarnt, en það hefir hann bygt á því, að hann hefir haft fyrir sér virðingu óvilhallra manna; en í þeirri virðingargjörð er einmitt gengið út frá því, að jörðin liggur nálægt Akureyri, að þar er hagaganga fyrir 60 gripi, sem ekki geta komið annarstaðar frá en frá Akureyri. Mér er þess vegna óskiljanlegt, hvers vegna hann vill nú alt í einu færa verð jarðarinnar úr 8000 upp í 12000 kr. Þar sem háttv. 5. kgk. talaði um að rétt væri að flytja jörðina inn í lögsagnarumdæmi Akureyrar, þá liggja góðar og gildar ástæður fyrir því, að sú breyting var ekki gerð á frumv. í Nd., nfl. þær ástæður, að Hrafnagilshreppur hefir alls ekki farið þess á leit, en það hefði hann eflaust gert, ef hann

hefði álitið það ávinning fyrir sig. Eg álít þvert á móti að ef það væri gert, þá væri gengið töluvert nærri Hrafnagilshreppi, og eg sé enga ástæðu til að fara fram á þetta einmitt vegna Hrafnagilshrepps. En að Nd. ekki hefir sett það ákvæði inn í frumv., sýnir ekkert annað en það, að henni hefir ekki þótt það heppilegt.

Júlíus Havsteen: Eg tók það einmitt fram, að eg hefði haft fyrir mér almennar reglur um virðingarverðið á jörðinni, en í þeim almennu reglum er þess ekki gætt, að jörðin liggur nálægt kaupstað. Og þar að auki verð eg að taka það fram, að það voru sér í lagi þær ástæður hér fyrir hendi af minni hálfu, að eigi mætti ganga á rétt sveitarfélagsins til hagsmuna fyrir kaupstaðinn, sem alls eigi hefir neina þörf á því, að fá þennan mikla landauka, sem spursmál er um.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. Akureyrar sagði, að þm. Eyfirðinga hefðu ekki farið fram á að leggja Kjarna undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Eg hefi spurt annan þingmanninn að því, hvernig í því lægi, og svaraði hann mér því, að þeir hefðu ekki lagt það til sökum þess, að þeir hefðu lagt aðaláherzluna á að fá frumv. drepið, en tækist það ekki, teldu þeir þá breytingu til mikilla bóta.

Stefán Stefánsson (6. kgk.): Eg verð að taka í samu strenginn og háttv. þingm. Akureyrar, enda er það almenn skoðun nyrðra, að betur myndi verða búið á Kjarna, kæmist hann í hendur Akureyrarbæjar, en meðan hann er eign landsjóðs. Ábúandinn þar mundi borga meiri skatt í landsjóð, og Hrafnagilshreppur gæti lagt meira á hann, og græddi því beinlínis á sölunni, og endirinn yrði að öllum líkindum sá, að vér Akureyrarbúar yrðum að borga Hrafnagilshreppi stórfé til þess að fá Kjarna inn undir lögsagnarumdæmið, eins og Naust, sem vér verðum að borga hreppnum 65 kr. í 25 ár fyrir það, að það verður lagt undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Íbúar Hrafnagilshrepps litu alt öðrum augum á það mál, en háttv. 5. kgk. þm. Hrafnagilshreppur væri beinlínis beittur rangsleitni, ef farið væri að honum fornspurðum að leggja Kjarna undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Eg verð einmitt fyrir hreppsins hönd að mótmæla slíkri ráðstöfun. Það er sagt, að 12000 kr. sé hæfilegt verð fyrir jörðina, en engin ástæða er færð fyrir því, hvers vegna það sé hæfilegt. Þetta 12000 kr. verð hefir verið sett algerlega af handahófi? Eða því á hundraðið í þessari jörð að kosta 300 kr., þegar það í öðrum jörðum í Eyjafirði ekki er nema 100 kr. virði. Og hvers vegna á einmitt að selja hundraðið á 300 kr., því ekki á 400 kr., eða 500 kr.? Í matsgjörðinni eru færð rök að því, að verð það — 8200 kr. — sem þar er sett á jörðina, sé sannvirði hennar; þar er einmitt tekið tillit til legu jarðarinnar og annara hlunninda, er henni fylgja, og einmitt fyrir það verð á að selja jörðina. Eg held að það sé misskilningur hjá háttv. 1. kgk. þm., þótt kunnugur sé þar fyrir norðan, að það liggi jörð á milli Kjarnalands og Akureyrarlands, nefnilega Hamrar. Hamraland liggur eins og tunga á parti milli Kjarnalands og Akureyrarlands, en annars er Akureyrarland, Naustaland og Kjarnaland samanhangandi spilda.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi að eins mótmæla þeim orðum háttv. 6. kgk. þm., að ekki hefðu verið færð rök að því, að 12000 kr. væri ekki of hátt verð á Kjarna. Eg færði einmitt rök að því, er málið var til umræðu hér í deildinni á dögunum, og það var líka gert í háttv. neðri deild, og bar þann árangur, að verðið einmitt var fært upp í 12000 kr.

Ágúst Flygenring: Eg vildi að eins lýsa því yfir, að eg er sölu jarðar þessarar mótfallin, eins nú og áður og af sömu ástæðum. Eg álít að með henni sé gengið á rétt Hrafnagilshrepps. En sé jörðin seld á annað borð, þá eigi að selja hana fyrir sanngjarnt verð. Landsjóður á ekki að okra á þeim eignum, er hann selur, sízt þegar bæjarfélög eiga í hlut; þau borga nóg samt í landsjóðinn. Eg álít það næga tryggingu fyrir réttu mati á jörðinni, að það er framkvæmt af mönnum undir eiðs tilboð, og slíka matsgjörð vil eg hreint ekki lítilsvirða með því, að færa verðið upp um þriðjung. Það getur ekki verið í öðru skyni gert, en til þess að reyna að hefta söluna, en að hefta hana á þennan hátt tel eg alls eigi rétt. Eg mun því greiða atkvæði með breytingartillögunni um að færa verðið niður, en á móti frumv. í heild sinni.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þgskj. 535 samþ. með 9 : 4 atkv., og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Arí Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,	Júlíus Havsteen,
Gunnar Ólafsson,	Lárus H. Bjarnason,
Jens Pálsson,	
Jósef Björnsson,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Stefánsson.	
Stefán Stefánsson.	

Frumvarpið var síðan samþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Arí Jónsson,	Kristinn Daníelss.,
Gunnar Ólafsson,	Steingr. Jónsson,
Jens Pálsson,	Ágúst Flygenring,
Jósef Björnsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifss.,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Stefánsson,	Lárus H. Bjarnason.
Stefán Stefánsson.	

Frumvarpið sendist aftur til forseta neðri deildar.

Naust.

FRUMVARP til laga um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar; (A. 73); 1. umræða; 3. marz.

Sigurður Hjörleifsson: Mál þetta er mjög einfalt. Það er að ræða um samning milli Akureyrarkaupstaðar og hreppsins, sem Naust liggur í, um það, að jörðin gangi undir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Eg vil gera þá tillögu, að málinu verði vísað til nefndarinnar, sem kosinn var til að íhuga frumv. um sölu Kjarna.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að vísa frumv. til nefndarinnar í Kjarna-málinu.

Önnur umræða; 22. marz (A. 73, 268).

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Eg skal ekki tala langt um þetta mál: Eins og kunnugt er, var skipuð nefnd hér í deildinni til þess að íhuga málið. Aðalhlutverk þeirrar nefndar var að athuga hvort frumv. væri í samræmi við samning, er Akureyrarbær og Hrafnagilshreppur hafa með sér gert. Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að frumv. og samningurinn væri algjörlega samhljóða, og ræður deildinni því til að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — — — - - —
3. — — — - - —
4. — — — - - —

Fyrirsögn frumv. sömuleiðis.
Málinu vísað til 3. umræðu í e. hlj.

Þriðja umræða; 24. marz (A. 73).
ATKV.GR.:
Frv. samþ. umræðulaust í e. hlj. og verður sent forseta neðri deildar.

Skipun læknishéraða.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishéraða o. fl. (A. 44); 1. umræða; 25. febrúar.

Kristinn Daníelsson: Efni þessa frumv., sem hér liggur fyrir, er að skifta Þingeyrar læknishéraði í 2, eða með öðrum orðum að stofna nýtt læknisdæmi með bústað á Flateyri. Eg býst við að háttv. þingdeildarm. komi þetta ekki á óvart, því að það hefir áður legið fyrir þinginu, og mátti búast við því, að það kæmi fram nú. Því auðnaðist ekki að verða samferða læknisdæmaskipuninni á þinginu 1907, en það vil eg þó ekki lasta, því að það var eðlilegt, að varlega væri farið, þegar læknishéruðum var fjölgað svo mjög, og það kostar mikið fé. En þótt því hlotnaðist ekki að komast lífs af gegn um þingið 1907, þegar læknaskipunarlögin voru endurskoðuð og samþykt, þá vil eg samt sem áður ekki láta það undir höfuð leggjast, að koma fram með það nú. Frá mínu og flestra þeirra sjónarmiði er til þekkja, er það að eins tímaspursmál, hvenær læknir verður settur þarna.

Það er fyrir löngu vaknaður áhugi hjá héraðsbúum um að fá þetta læknishérað stofnað, og skilja Þingeyrarhérað í sundur. Þetta hefir vakað svo ríkt fyrir héraðsbúum, að þeir voru í fyrstu að hugsa um, að leggja sjálfir fram fé úr eigin vasa til þess að launa lækninum. En seinna, þegar læknaskipun landsins var tekin til meðferðar og fjölgað var læknishéruðum, þá sendu þeir beiðni til þingsins um þetta, þar sem þeim þótti þá minni ástæða til, að leggja sjálfir fé fram. Þeir sem til þekkja og eru kunnugir á þessum stöðvum, vita vel, að hvergi hér á landi er erfiðari og dýrari ferðalög en á Vestfjörðum. Það kemur því mjög þungt niður á þeim, sem þurfa að sækja lækni. Eg vil að eins nefna eitt dæmi, hvernig það getur riðið á lífi manna, að svo langt er til læknis.

Einn helzti bóndinn í Súgandafirði lá fyrir dauðanum, og það skifti að eins því, að hægt væri að nógu fljótt að ná í lækni. Það var sent til Ísafjarðar, af því að þangað var styttra, þótt yfir mjög erfiðan fjallveg sé að sækja, en læknirinn fékst ekki. Þá var farið til Þingeyrar, en þegar læknirinn kom þaðan, var maðurinn dáinn. Svona mætti telja mörg dæmi, þar sem líf og hel berjast að eins vegna læknisleysis.

Læknisferðir eru afardýrar þarna, og þar kemur greinilega í ljós það misrétti, sem á sér stað á milli þeirra manna, sem þurfa að nota lækni. Kaupstaðirnar þurfa ekkert að borga fyrir ferðalög lækna, þar sem þeir eru, en aftur á móti á þessu svæði kostar hver læknisferð jafnvel tugi króna. Að vísu er ekki hægt að jafna þetta misrétti nema að leggja ferðakostnað lækna til fulls á landsjóð, en til þess verður nú ekki hugsað í bráð.

En það er ekki að eins þetta atriði, heldur ennfremur annað atriði, sem gerir það alveg nauðsynlegt að læknir sé á Flateyri, nfl. sóttvarnirnar. Það er á flestum þessum fjörðum, og Önundarfirði ekki sízt, mjög mörg skip útlend á sumrum. Það eitt atriði væri nóg til þess, að læknir væri þarna, því

að sóttvörnum verður aldrei vel haldið uppi á slíkum stöðum, nema læknir sé á staðnum. Það hefir skollið hurð nærri hælum með það, að stemma stigu fyrir útbreiðslu farsótta; t. d. komu mislinga fyrir nokkrum árum, sem ekki er víst að tekist hefði að stemma stigu fyrir útbreiðslu þeirra, ef ekki hefði það verið á árstíma, sem fijótt varð náð í lækni.

Eg vil þá ekki fjölyrða meir um þetta mál, en vona að háttv. þingdeild taki málinu vel og láti það ganga hindrunarlaust gegnum þessa deild til að mæta þeim hættum, sem fyrir því kynnu að liggja í háttv. Nd., sem eg þó vona að verði því ekki að fjörtjóni.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefði fallið frá orðinu, ef háttv. þm. V.-Ísf. hefði endað ræðu sína öðru vísi en hann gerði. Eftir því, sem ráða mátti af niðurlagsorðum hans, ætlast hann ekki til að nefnd verði skipuð í málið. En það nær engri átt; hitt lagi nær að fella það strax. Það er að eins af kurteisi við háttv. þm., að eg greiði ekki strax atkv. móti málinu.

Það var víst landlæknirinn, sem mest og bezt gekst fyrir læknamálinu 1907, og þótti flestum hann ganga fulllangt, meðal annars í fjölgun læknishéraða, en nú kemur það þó í ljós, að hann hefir ekki farið nógu langt. Í Ísafjarðarsýslu eru nú 4 læknishéruð eða að minsta kosti 4 læknar, að aðstoðarlæknunum á Ísafirði meðtöldum. Nú eiga þeir að verða 5. Hvar á þetta staðar að nema, máske þá fyrst þegar læknir er kominn í hvern hrepp. Dæmi það, sem flutnm. tók, er lítil sönnun; slíkt getur komið fyrir þó að ekki sé nema yfir bæjarlæk að sækja, og erfiðleikarnir á þessu svæði eru miklu minni en víðast hvar annarstaðar á landinu, miklu minni en sumstaðar annarstaðar í Ísafjarðarsýslu. Annars fer þetta frumv. fram á að fjölga embættismönnum að óþörfu, og það eftirlaunamönnum, og ætti því ekki að fá mikinn byr, sízt hjá háttv. meiri hluta. Eg sting upp á að nefnd sé sett í málið.

Gunnar Ólafsson: Að vísu vantar mig kunnugleika til að dæma um hversu mikil nauðsyn er á að stofna þetta læknishérað. En þar sem læknaskipunarlögin eru að eins ársgömul, þá virðist það nokkuð mikið, að fara nú strax fram á að stofna nýtt læknishérað. Auðvitað getur verið þörf fyrir það, en mér finst að héraðsbúar verði að sætta sig við það sem er, nú fyrst í stað. Það er rétt hjá 5. kgk. þm, að gjöld landsjóðs eru mikil, og ætti því að fara varlega í það að stofna ný embætti, en eg vildi beina þeirri spurningu til háttv. deildar, hvort ekki væri réttara að stofna aukalæknishérað; það er bæði eftirlaunalaust og minni laun.

Kristinn Daníelsson: Eg skal ekki tala langt mál. 5. kgk. þm. gerði nokkrar athugas. við frumv. Það fyrst, að eg hefði átt að stinga upp á nefnd. Eg óskaði ekki eftir nefnd, af því að fyrir mér var málið fullljóst og svo óbrotið, að mér virtist ekki þörf á nefnd í það; hugði að það gæti gengið lífsgötu sína gegnum deildina nefndarlaust. Læknaskipunarlögin eru heldur ekki nein ástæða á móti þessu máli. Það hefði sjálfsagt átt að fylgja með lögunum frá síðasta þingi; það var að eins af slysni, að það fylgdi ekki með. 5. kgk. þm. mintist á það, að það væru margir læknar í Ísafj.sýslu, en það ætti ekki að hafa áhrif á það, hvort það væri nauðsyn eða ekki nauðsyn, að þetta mál fengi framgang, því að hann veit það, að Ísafj.sýsla er þannig yfirferðar, að þörf er þar á fleiri læknum en víðast annarstaðar. Þar sem háttv. 5. kgk. þm. talaði um að það væri ósamkvæmni í því, að þetta frumv. kæmi frá meiri hlutanum, þá er það til þess

að segja, að það er ekkert flokksmál, og eg hefi ekki borið það undir aðra þingmenn. Eg tek það sem leyfar frá síðasta þingi, þar sem það hefði átt að fylgjast með öðrum læknisdæmum landsins. Það sem háttv. þm. V.-Skaft. sagði um að stofna aukalæknisumdæmi, þá held eg að stefnan sé sú, að stofna ekki þess konar embætti.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. þm. V.-Ísf. sagði, að þörf væri á 2 læknum í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Eg er þar líka kunnugur og álít þar enga þörf á fleiri en einum. Gemlufallsheiði, sem ætti að skifta héruðunum, er ekki svo erfið yfirferðar. Það er að eins lítilfjörlegur háls, $1^1/_2$—2 tíma reið milli Þingeyrar og Flateyrar. Og mannfjöldinn í allri sýslunni er ekki nema eitthvað í kring um 2400, svo að ekki er mannfjöldinn of mikill. Eg þori ekki að segja, að þetta sé hreppapólitík, en það mætti kalla það 5 hreppa pólitík. Þó að ástæða væri til að fjölga læknum einhverstaðar, þá er það ekki þarna. Annars er ekki ástæða til að þrefa lengur um þetta, en eg vildi að eins hafa tekið þetta fram, ef óstaðkunnugir menn skyldu lenda í nefndinni.

Kristinn Daníelsson: Háttv. 5. kgk. þm. nefndi þá heiðina einmitt, sem greiðust er yfirferðar í sýslunni. En hann nefndi ekki Klofningsheiði, sem yfir verður að fara til Súgandafjarðar. Læknisdæmið nær frá Langanesi í Arnarfirði norður í Súgandafjörð. Það er ekki minna en 2 daga ferð, þegar vel gengur, á vetrardag og ógreitt og tafsamt á sumrum. — Þetta má auðvitað *kalla* hreppapólitík; það má alt af gera. En þetta *er* engin hreppapólitík. Hér er að tala um einn lið í heilli keðju, og þessum mönnum er ekki gert rétt, nema þessi liður sé skeyttur í keðjuna.

ATKV.GR.: Samþ. m. 10 samhlj. atkv. að vísa málinu til 2. umræðu.

Enn fremur samþ. að skipa 3 manna nefnd í málið, og voru kosnir:

Ari Jónsson,
Kristinn Daníelsson,
Steingrímur Jónsson.

Önnur umræða; 17. apríl (A. 44, 461).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eins og háttv. deild sér af nefndarálitinu á þgskj. 461, þá hefir nefndinni ekki tekist að verða samferða um þetta mál. Eg hefi tekið að mér að gera grein fyrir atkvæði okkar tveggja, sem erum í meiri hlutanum. Þriðji nefndarmaðurinn, háttv. 4. kgk. þm., gerir svo sjálfur grein fyrir sínu atkvæði.

Eg hygg, að málið sé bæði svo gott og svo ljóst, að eg þurfi ekki að fara ýkja mörgum orðum um það.

Það er öllum ljóst, hve læknislistinni hefir fleygt áfram nú á síðari árum, og þetta hefir ekki farið fyrir ofan garð og neðan hjá almenningi hér á landi, heldur hefir það vakið heita þrá hjá fólki að geta orðið aðnjótandi hjálpar lækna, og menn vita fyrir víst, að lækna megi marga kvilla, ef þeir á annað borð næðu til læknis. Af þessu er það eðlilegt, að kröfur þjóðarinnar fari sívaxandi í þá átt, að læknum verði fjölgað í landinu. Og eg er viss um það, að það sem þjóðin krefst einna frekast af löggjafarvaldinu, er einmitt það, að henni verði séð sem bezt fyrir læknum.

Þetta hérað, sem nú fer fram á, að því sé fenginn sérstakur læknir, er eitt af þeim héruðum, sem einna fyrst fór fram á slíkt. Árið 1895 byrjaði það fyrst að reyna að útvega sér sérstakan lækni, og var þá í fyrstu hugsað til að koma þessu til vegar að eins með samskotum og sveitarsjóðsstyrk. En nú hefir læknum verið fjölgað svo

mjög, að mönnum í héraðinu þykir þeir eiga kröfu á að fá einhvern til sín.

Eg þarf varla að lýsa mikið erfiðleikum þeim, sem íbúar þessa héraðs eiga að búa við, að vitja læknis. Snjóþyngsli eru þar svo mikil, að það má oft heita illkleift að ná í lækni frá Önundarfirði til Þingeyrar. En einkum úr Súgandafirði má það kalla ókleift. Eg lýsti því við fyrstu umræðu, að það hefir enda kostað mannslíf á þessum stað, að ekki náðist í lækni í tæka tíð. Eg skal enn fremur geta þess, að á Flateyri í Önundarfirði er svo mikil umferð af útlendingum, að til frambúðar verður ekki komist af þarna án læknis. Og eg geng ekki að því gruflandi, að svo muni verða áður en langt um líður

Eg skal svo ekki fjölyrða mikið um þetta frekar, en minnast að eins stuttlega á hitt héraðið, sem talað er um í nefndarálitinu, sem hér er til meðferðar. Þó að það komi raunar síðar til umræðu, sem sérstakt mál á dagskránni.

Eg er að vísu ekki svo kunnugur í þessu héraði, sem á hinum staðnum. En vér vorum allir sammála um það í nefndinni, að í Strandasýslu mundu örðugleikar vera enn þá meiri en í Þingeyrarhéraði að ná til læknis, og okkur var það ljóst, að í norðurhluta sýslunnar væru menn svo gott sem læknislausir mest alt árið, sérstaklega að vetrinum. Það má fullyrða, að hvergi á landinu muni jafnerfitt að vitja læknis, nema ef kynni að vera í Öræfum, en þar er þó veitt nokkur hjálp með sérstöku fjárframlagi. Eg fæ ekki séð, að löggjafarvaldið geti látið slíkt viðgangast.

Eg vona, að háttv. deild taki báðum þessum frv. vel, og uppfylli langþreyðar óskir íbúanna í öllum þessum bygðarlögum.

Steingrímur Jónsson: Eins og nefndarálitið ber með sér, gat eg ekki orðið samferða meðnefndarmönnum mínum. Eg er móthverfur báðum þessum frumvörpum, sem hér er um að ræða, og vil leggja til, að þau verði bæði feld.

Ástæður mínar eru þær fyrst og fremst, að ef þessi frumv. eru bæði samþykt, þá sé eg ekki betur, en að þar með sé óhjákvæmilega opnuð leið að mjög mikilli fjölgun læknishéraða víðs vegar á landinu, því að þörfin er víða eins mikil og meiri. Það eru nú þegar 3 slík mál í neðri deild, og ef öll þessi 5 frumvörp um fjölgun lækna verða samþykt, þá má reiða sig á, að þess konar kröfur drífa að úr öllum áttum. Hvar á þá að enda? Á að setja lækni nálega í hvern hrepp á landinu? Slík fjölgun lækna væri fyrst og fremst óbærileg kostnaðar vegna, og enn fremur mjög óheppileg fyrir þá sök, að þá er hætt við að læknarnir yfirleitt verði lélegri. Því minni sem héruðin eru, því minni æfingu hafa læknarnir og því lélegri verða þeir. Það er víða eins mikil þörf á læknafjölgun eins og á þessum stöðum. Eg skal nefna t. d. Öræfahrepp og Grímsey. Að vísu fær Öræfahreppur nokkra hjálp, en mjög lítilfjörlega í samanburði við það, ef þeir fengju sérstakan lækni.

Enn er þess að gæta, að ef læknahéruð verða lítil, þá er alveg víst, að læknar fara að sækja um launaviðbætur.

Alþingi þarf ekki að kippa sér upp við það, að beiðnir líkar þessum komi fram. Sama átti sér stað eftir að læknaskipunarlögin frá 1899 komu í gildi. Þá komu strax beiðnir úr ýmsum áttum um að fjölga læknum. En alþingi sinti því ekki, af því að það leit svo á, að heppilegra væri að endurskoða lögin í heild sinni, en að breyta hér og hvar

með sérstökum lögum. Þessari stefnu ætti einnig að fylgja nú, því að öðru vísi er ekki auðið að hafa neina tryggingu fyrir því, að nokkurt samræmi sé í skipun læknishéraða á landinu yfirleitt. — Af þessum ástæðum get eg ekki annað en verið móti báðum þessum frumvörpum.

Eg vil enn fremur benda á það, að það er alls ekki víst, að hve miklu liði það kæmi héruðunum, þó að þessi frv. yrðu að lögum. Það hefir reynst svo, að það hefir verið mjög erfitt og jafnvel alveg ómögulegt sumstaðar, að fá nokkra lækna í fámennustu læknishéruðin. Væri ekki ólíklegt, að svo færi einnig um þessi héruð, sem hér er ætlast til að verði stofnuð, því að þau verða einmitt með allra fámennustu héruðum landsins, sérstaklega Reykjarfjarðarhérað. Í héraðinu, sem stofna á í nyrðri hluta Strandasýslu, eru ekki nema eitthvað á 4. hundrað íbúar. Um hin héruðin veit eg ekki eins vel, en það er víst, að hið fyrirhugaða Flateyrarhérað verður líka eitt af fámennustu héruðunum.

Lárus H. Bjarnason: Í viðbót við það, sem háttv. 4. kgk. þm. tók fram, vildi eg minnast nokkuð á annað þessara læknishéraða, sem ætlast er til að verði skift, það héraðið, sem eg er persónulega kunnugur, Þingeyrarhérað. Það er eitt af minstu héruðum landsins, bæði að því er snertir víðáttu og fólksfjölda. Því er og svo háttað, að skiftingin kemur ekki að miklu gagni fyrir þá, sem nú eiga örðugast með að ná til læknis, fyrir Suðureyringa. Þeir verða alt að einu að fara yfir Klofningsheiði, sem er eini verulegi þröskuldurinn á vegi þeirra alla leið suður til Þingeyrar, því að Gemlufallsheiði tel eg ekki; svo að þeir verða litlu bættari, þó að læknir verði á Flateyri. — Læknirinn situr og prýðisvel á Þingeyri, því að af þeim um 2300 manns, sem búa í héraðinu, er fullur helmingur, um 1200 manns, rétt í kring um hann. Hann situr einmitt á þeim stað, þar sem mestur er fólksfjöldinn.

Eg skal líka geta þess, að í héraðinu situr ungur og ötull læknir, og er honum því varla vorkunn að fara ekki lengri leið en norður í Súgandafjörð.

Eg tek í sama streng og háttv. 4. kgk. þm., að það er ekki æskilegt að hafa læknishéruðin mjög lítil. Þá verða læknarnir latir og ónýtir með tímanum, og dugandi læknar forðast að sækja um slík héruð.

Eg veit ekki til, að neinar umkvartanir hafi heyrst frá héraðsbúum sjálfum. Að minsta kosti hafa ekki komið fram neinar háværar kröfur um skifting þessa læknishéraðs. Því sýnist lítil ástæða að fara nú að breyta til, þegar nýbúið er að endurskoða öll læknaskipunarlögin.

Það hefir verið gert svo mikið fyrir læknastétt og læknaskipun, að það er naumast við það bætandi fyrst um sinn. Fyrir 30 árum voru um 20 læknar á landinu; nú eru þeir orðnir yfir 40 og kosta árlega um 73 þús. kr. Og á frv. til fjárlaga, sem nú liggur fyrir þinginu, eru alls ætlaðar til útgjalda við læknaskipunina kr. 298,050,00 að meðtöldum kostnaði við læknaskóla, sjúkrahús o. fl.

Ef Þingeyrarlæknishéraði verður skift, koma mýmörg héruð með sams konar beiðni, og eg er viss um það, að það er víða miklu meiri ástæða til að heimta nýtt læknishérað en þarna. Eg get strax nefnt Nauteyrarbúa í Norður-Ísafjarðarsýslu; þeir standa miklu nær því að fá lækni.

Um Strandalæknishérað skal eg ekkert segja. Það getur vel verið, að þar séu svo örðugir staðhættir, að þörf sé á nýjum lækni. Því að miklu leyti verður að fara eftir staðháttum í þeim

efnum. En eg held því fram, að í Þingeyrarhéraði sé um enga slíka þörf að ræða.

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eg vildi leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við ræður þeirra tveggja háttv. þingmanna, sem síðast töluðu.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að ef læknum yrði fjölgað á þessum stöðum, mundu fleiri héruð fara að þeirra dæmi og heimta nýjan lækni, og slík fjölgun lækna væri ógerningur. Eg get ekki verið honum samdóma um þetta. Eg álít einmitt sjálfsagt að fjölga læknunum, og eg veit með vissu, að það *verður* að fjölga þeim töluvert enn þá, til þess að þjóðin verði ánægð með læknaskipunina. Mér dettur ekki í hug að bera á móti því, að fleiri slíkar beiðnir muni koma á eftir. Eg veit að svo muni verða, og að læknunum verður fjölgað enn, ef ekki nú, þá síðar. — Hvað það snertir, að læknar muni ekki fást til að setjast að í þessum nýju héruðum, þá ætti það ekki að geta heft framgang málsins hér, því að auðvitað er gert ráð fyrir, að lögin komi þá fyrst til framkvæmdar, þegar héruðin verða veitt umsækjendum.

Þegar eg lít yfir liðinn tíma, þá finst mér það raunalegt, hverja stefnu löggjafarvaldið hefir einatt tekið í slíkum málum sem þessu. Mér rann í skap, þegar eg leit yfir það í alþingistíðindunum, hve margar beiðnir um nýja lækna hafa komið fyrir alþingi á síðustu árum og hver svör þingið hefir jafnan gefið. Reglan hefir alt af verið að fella, fella. Og þó er það víst, að einmitt þessi mál eru þjóðinni mestu hjartans mál. Við getum trútt um talað, sem alt af eigum auðsótt til læknis, en við ættum þó að skilja það, að það er sárt fyrir fólkið, að verða að láta börn sín og ástvini deyja drotni sínum, án þess að geta leitað neinnar læknishjálpar.

Háttv. 4. kgk. þm. talaði um, að fólksfjöldinn í Strandahéraði væri sáralítill, en eg held að hann sé þó nægilegur til þess, að forsvarandi sé að setja þar nýjan lækni, þegar litið er einnig til staðháttanna. — Háttv. 5. kgk. þm. sagði og nokkuð líkt um Þingeyrarhérað, að það væri eitt hið minsta hérað landsins hvað íbúatölu snertir. Þetta er ekki rétt. Eg skal taka til dæmis strax næsta læknishérað; þar er töluvert færra fólk, líklega ekki mikið yfir eitt þúsund manns, þar sem fólksfjöldi í Þingeyrarhéraði er nálægt hálfu þriðja þúsundi. Auk þess er þar fjöldi útlendinga alt frá fyrstu vordögum til síðustu haustdaga.

Þá vil eg minnast á nokkur fleiri einstök atriði í ræðu háttv. 5. kgk. þm. Hann gerði lítið úr örðugleikunum á að ná til læknis á Þingeyri. Sagði, að Gemlufallsheiði væri ekki nema lítill háls. Því fer fjarri að þetta sé rétt. Heiðin er oft ill yfirferðar, og liggja daladrög sitt hvoru megin. Þetta ætti háttv. 5. kgk. þm. að vera kunnugt um, sem sjálfur hefir verið á þessum stöðvum. Eg get sagt fyrir mig, að eg hefi marga erfiða ferð farið yfir þá heiði.

Þá sagði hann, að 1200 manns væru rétt í kring um læknirinn. Þetta er alveg rangt; slíkt verður ekki sagt um aðra en þá, sem búa í miðhluta Dýrafjarðar, líklega nálægt 500 manna.

Enn mintist hann á, að ungur og duganði læknir væri í héraðinu. Þetta er satt og var vel, að hann mintist á það. Því að þessi maður, sem er einhver duglegasti læknir, sem eg hefi þekt, er nú orðinn vafalaust þreyttur á örðugleikunum. Og líklega fyrir þá sök meðfram er það, að nú á þessu þingi er farið fram á fjárstyrk handa honum til annars starfa.

Háttv. þm. sagði, að mikið væri búið að gera fyrir læknaskipunina frá því fyrsta. Þetta er rétt; en það er þó ekki

nærri nóg að gert enn. Það verður ekki komist hjá að gera meira. Hann tók það líka réttilega fram, að Nauteyrarhérað þarf að fá nýjan lækni. En eg get ekki játað það, að þar sé meiri þörf en í Súgandafirði.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi gjarnan geta forsvarað að greiða atkv. með þessari beiðni, en eg get það ekki. Sams konar beiðni um skifting Þingeyrarhéraðs lá fyrir þinginu 1907. Eg vildi gjarnan styrkja hana þá, en eg gat það ekki. Landlæknir mælti á móti og kvað enga þörf vera á skifting þess héraðs. Hann kvað héraðafjöldann nægan fyrst um sinn, en bar að eins kvíðboga fyrir hinu, að læknar fengjust ekki í héruðin öll. Þetta má sjá í þingtíðindunum 1907, bls. 1363 og 1367.

Eg skal líka geta þess, að örðugleikarnir hafa nokkuð minkað nú síðan sími kom um héraðið. Það má gera lækni aðvart með símanum og spara þannig aðra ferðina, svo að læknir getur komist af stað og á áfangastaðinn miklu fyr en ella.

Eg stend við það, að Gemlufallsheiði er ekki annað en háls og er greið yfirferðar. Hana leggur fljótt á vetrum, en skeiðvegur yfir hana á sumrum.

Það er og satt sem eg sagði, að um 1200 manns búa rétt í kring um læknirinn þar sem hann nú er. Hann situr svo heppilega sem verið getur, rétt í miðju héraði, þegar litið er til fólksfjölda.

Eg hefi ekki heyrt það, að læknir sá, sem er nú í Þingeyrarhéraði, sé orðinn uppgefinn. Hitt veit eg, að hann er sérfræðingur og vill eðlilega færa sér það í nyt. Hann hefir sótt um styrk til að fullkomna sig í þeirri fræðigrein, og vill þá setjast að í Reykjavík.

Háttv. þm. V.-Ísf. mótmælti því, að Nauteyrarmönnum væri meiri þörf á lækni en norðurparti Þingeyrarhéraðs. Eg vil benda á, að frá Nauteyri til Ísafjarðar eru um 6 vikur sjávar, og til þeirrar ferðar þarf að jafnaði fjölmennan bát, venjulega mótorbát, sem kostar um 60 kr. Það væri alt eins hægt og enda hægara fyrir Suðurfjarðahreppsmenn, að sækja sjóveg til Ísafjarðar, eins og fyrir Nauteyrarmenn.

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eg vildi að eins svara háttv. 5. kgk. þm. örfáum orðum. Hann vitnaði til þess, að landlæknir væri máli þessu mótfallinn. Mér datt þá í hug þýzka máltækið: »Da liegt der Hund begraben«. Mest af þessari mótspyrnu gegn fjölgun læknishéraða er runnin frá landlækni, eða hann einatt borinn fyrir. En sú mótspyrna verður honum, svo mætur maður sem hann annars er, sízt til gildis talin. Einmitt hann ætti að láta sér allra manna mest umhugað um, að allir landsmenn ættu hægt með að ná í lækni, er á liggur.

Eg skil hvers vegna háttv. 5. kgk. þm. kallar Gemlufallsheiði lítilfjörlegan háls; hann hefir fengið ríðandi hjarn, þegar hann fór yfir hana, og þá er hún auðvitað ekki mikill farartálmi; en eg hefi farið yfir hana mörgum sinnum í ófærð, og veit því hvernig hún er. Hún getur sannarlega verið illur þrándur í götu. Háttv. 5. kgk. þm. taldi Þingeyri heppilegt læknissetur, en það er eftir því sem á það er litið; hún liggur miklu nær suðurenda héraðsins. Háttv. 5. kgk. þm. hélt mér hefði orðið mismæli, þar sem eg sagði, að hægra væri að ná í lækni á Ísafirði úr Nauteyrarhéraði, en lækni á Þingeyri úr Súgandafirði. Nei, mér varð ekki mismæli, og eg stend við það, er eg sagði þá. Það getur iðuglega tekið 2 daga á vetrum, að ná í lækni úr Súgandafirði, en mun sjaldnast þurfa meira en 12 tíma til þess að ná í lækni á Ísafirði úr Nauteyrarhéraði. En min meining var alls eigi að reyna

að gera lítið úr erfiðleikum þeim, er íbúar Nauteyrarhéraðs ættu við að búa í þessu efni, heldur aðeins að sýna, að Súgfirðingar væru þó enn ver settir. Hv. 5. kgk. þm. sagði að Súgfirðingar gætu sótt lækni til Ísafjarðar; það er satt, og hefir líka verið reynt, en eins og eg skýrði frá áðan, þá neitaði Ísafjarðarlæknirinn að fara, og afleiðingin af læknisleysinu varð því sú, að maður dó, sem áreiðanlega hefði verið hægt að bjarga, ef í lækni hefði náðst — maðurinn dó nefnilega af kviðsliti. Háttv. 5. kgk. þm. sagði að nota mætti símann til þess að ná í lækni, en það taka nú ekki allir læknar því með þökkum, að það sé aðeins símað til þeirra, og þeir beðnir að koma; þeir eiga heimtingu á að þeim sé sendir hestar og fylgdarmaður, eða bátur. Og enda þótt eg viti, að síminn kemur hér að nokkrum notum, og að margir læknar taka mannúðlega í slíkar beiðnir, og sjá sér sjálfir fyrir fylgd og hestum, þá er þó varlega mikið treystandi á símann í þessu efni.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um mál þetta, en vona að deildin líti á það með sanngirni, og fallist á að hér sé um nauðsynjamál að ræða.

ATKV.GR.:

1. br.till. (461) við 1. gr. sþ. m. 8 atkv. samhljóða.
2. br.till. (461) við 1. gr. sþ. m. 8 atkv. samhlj.
3. br.till. (461) við 1. gr. sþ. m. 8 atkv. shlj.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumv. þannig breytt sþ. með 8:4 atkvæðum.

Málinu vísað til 3. umræðu með 8:4 atkvæðum.

Þriðja umræða; 20. apríl (A. 503).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Eg ætla ekki að tala frekar um þetta mál, en eg hefi gert áður, en stend aðeins upp til þess að mæla með því, að hin háttv. deild samþykki þessa breytingu, svo málið nái fram að ganga.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 8:4 atkvæðum, og sendist forseta neðri deildar.

Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði. (A. 66); 1. umr.; 4. marz.

Jens Pálsson: Eins og fyrirsögn frumvarpsins ber með sér, er hér farið fram á að fá lögleiddan nauðsynlegan viðauka við lög frá síðasta þingi, staðfest af konungi, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Þau atriði, sem þetta frumv. felur í sér, eru ekki að finna í lögunum um bæjarstjórn í Hafnarfirði, að öðru leyti en því, að 15. gr. laganna gerir ráð fyrir byggingarnefnd, og 16. gr. fyrir hafnarnefnd. En í lögunum er ekkert nánara ákveðið um, hver séu réttindi og skyldur þessara nefnda. Þetta frumv. inniheldur skýr og nauðsynleg ákvæði um þetta.

1. eru nokkur ákvæði um þessar nefndir og þá nokkur ákvæði til hjálpar bæjarstjórninni, ef til framkvæmda kemur vatnsveita við hennar tilstuðlan. Nú er því þannig varið, að þar hefir verið komið á vatnsveitu í pípum neðanjarðar, en fyrirtækið er ekki svo stórvaxið, að það sé fullnægjandi öllum húsum og heimilum, því að fólkið og bygðin eykst. Nú getur hugsast, að bærinn taki þessi fyrirtæki að sér sjálfur. Þá vantar nauðsynlegar reglur, sem bæjarstjórnin gæti stuðst við, viðvíkjandi vatnsskatti og skyldum kaupstaðarbúa til að leggja land

til undir vatnsveituna. Þetta frumv. hefir alt þetta að geyma, og ákvæðin eru nauðsynleg fyrir þetta unga og upprennandi bæjarfélag.

Þar sem þetta frumv. er stórt og efnismikið, hefi eg ekki á móti nefnd í sjálfu sér. En af því að frumv. fyrir mér er ljóst og vel samið, finn eg ekki ástæðu til að stinga sjálfur upp á nefnd. En af því einn háttv. þingdm. hefir bent mér á einn stað í frumvarpinu, þar sem honum þótti ekki sem skýrast orðalag, er eg ekki móti nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd. Bæði er frumv. stórt, eitthvað 10 gr., og svo fer það fram á viðauka við eldri lög, er gæta verður, að falli vel við þau ákvæði, sem fyrir eru.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Samþ. í e. hlj. að skipa 3. manna nefnd í málið, og vóru kosnir:

Ari Jónsson,
Jens Pálsson,
Aug. Flygenring.

Önnur umræða; 11. marz. (A. 66; 133).

Framsögum. (Jens Pálsson): Eins og eg gat um við 1. umræðu, er tilgangurinn með þessum lögum sá, að útvega Hafnarfirði nauðsynleg laga-ákvæði um nokkur atriði, sem hafa mikið gildi fyrir framþróun kaupstaðarins og alt félagslíf þar. Atriði þessi eru byggingarnefnd kaupstaðarins og verksvið hennar, hafnarnefnd og starfsvið hennar, og svo framkvæmd vatnsveitu, er bærinn býst við að þurfa að taka að sér og hafa með höndum bráðlega.

Í undirbúningi málsins var kostað kapps um, að koma ákvæðum þessum fyrir í lagaformi á sem hagkvæmastan hátt, og í annan stað að laga þau sérstaklega eftir staðháttum og nauðsynjum kaupstaðarins.

Eg skal rekja greinar frumvarpsins og gera grein fyrir, eftir hvaða fyrirmyndum var sérstaklega farið.

Við samning 1. gr. var sérstaklega tekið tillit til og farið eftir lögum 16. nóv. 1907 fyrir Ísafjarðarkaupstað, lögum 13. sept. 1901 fyrir Reykjavík og lögum 6. nóv. 1897 fyrir Seyðisfjörð. Við hana er ekkert að athuga.

2. gr. er aðallega sniðin eftir nefndum lögum fyrir Ísafjörð og Reykjavík, og hefir nefndin heldur ekki gert neinar breytingar á henni.

3. gr. er sniðin eftir nefndum lögum fyrir Seyðisfjörð, og eftir tilsvarandi ákvæðum í byggingarnefndarlögum hinna kaupstaðanna.

4. gr. er sniðin eftir nefndum lögum fyrir Seyðisfjörð, og ákvæðum í byggingarsamþykt Reykjavíkur 7. sept. 1903. (5. og 32. gr.). Í henni eru hegningarákvæði, 4—200 kr. sektir, og eru þau sett þar eftir ákvæðum í brunamálalögunum 22. nóvbr. 1907, 12. gr. um tilsvarandi brot.

Við 4. gr. er það að athuga, að nefndinni þótti vanta í hana eitt ákvæði. Þar er bannað hverjum einum að byrja á að byggja hús eða breyta, eða gera önnur mannvirki á lóð sinni, án þess að fá áður skrifleg ákvæði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar um það, hvort hann megi byggja og á hvern hátt. En ekkert ákvæði er í greininni um það, hve lengi megi standa á leyfi eða samþykt bæjarstjórnar eða byggingarnefndar. Nefndin var sammála um það, að varhugavert væri að engin takmörk væru sett fyrir því, hve lengi megi draga að veita leyfið. Það kom til orða í nefndinni að tiltaka nokkurra, t. d. 5—8 daga frest, en þótti þó varhugavert, af því að komið getur fyrir að bæjarstjórnin eða byggingarnefndin þurfi lengri tíma

til að gera út um málið, t. d. ef um stærri fyrirtæki, bryggjusmíði eða þessleiðis er að ræða, og ráðgast þarf við sérfróðan mann áður en byggingarleyfið verði gefið. Því þætti hentugra að áskilja í lögunum, að tekið verði upp í byggingarsamþykt kaupstaðarins ákvæði hér að lútandi, þá er það á valdi bæjarstjórnar og landstjórnar, er samþykkja á byggingarsamþyktina, að kveða hentuglega á um þetta.

Í 5. gr. eru nauðsynleg ákvæði, sem tekin eru upp eftir nefndum lögum fyrir Seyðisfjörð og byggingarnefndarlögum kaupstaðanna yfir höfuð; þó er sú breyting gjörð frá þeim, að gert er ráð fyrir að byggingarnefndin í Hafnarfirði sé ekki sjálfstætt stjórnarvald, heldur starfi undir umsjón bæjarstjórnar, svo að hún sé það eiginlega byggingarvald. Nokkrar orðabreytingar leggur nefndin til að sé gjörðar á þessari grein; henni þótti orðalagið sumstaðar ekki sem hentugast.

Þá vil eg taka þetta fram viðvíkjandi br.till. við 5. gr. Í frv. stendur að eins að »breikka« stræti, en okkur þykir það ófullnægjandi, og þess vegna rétt að taka það einnig fram, þegar þarf að *leggja* stræti, og eins hitt þegar þyrfti að *breyta stefnu* strætis. Hinar br.till. við 5. gr. eru teknar upp úr eldri lögum samsvarandi, af því að það þótti sléttara og fallegra mál.

Í 6. gr. kemur frumv. til hafnarinnar, hafnarnefndar og hafnarmálefna kaupstaðarins, og hún er samhljóða gr. í lögum um bæjarstjórn á Akureyri frá 10. nóv. 1895, og Ísafirði frá 16. nóv. 1907. Þar höfum við nefndarmenn orðið ásattir um að eðlilegra sé að breyta röð og setningaskipun síðari hluta greinarinnar, þannig að greinin endi á sektarákvæðunum, en ákvæðið um að gjaldið renni í hafnarsjóð, verði á undan. Svo skal eg geta þess, að hegningarákvæðin, sektir alt að 400 kr. fyrir brot á hafnarreglugerðinni og misbrúkun á höfninni, eru í samræmi við lög 10. nóv. 1905 og er þessvegna ekkert nýtt.

7. gr. er samin í samræmi við fyrnefnd lög fyrir Akureyri og Ísafjörð; þar þótti okkur viðfeldnara að sleppa úr» tveim« í næst síðustu línu greinarinnar, og álitum nægilegt að hafa að eins »dómkvöddum«, en láta hitt atriðið um hversu margir þeir væru, fara eftir því, sem réttarvenja er í það og það skiftið.

Síðasta br.till. er til að laga prentvillu, sem hafði skotist inn og þarf eg því ekki að gera frekari grein fyrir henni.

Eg ætla þá ekki að tala fleira að svo stöddu, en vona að frumv. sé svo úr garð gert, að ekki þurfi að bæta marga smíðisgalla á því, og fel því málið háttv. deild til beztu fyrirgreiðslu.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — — — - —
3. — — — - —
1. br.till. (133) við 4. gr. samþ. í einu hljóði.
4. gr. breytt samþ. í einu hljóði.
2. og 3. br.till. við 5. gr. samþ. í einu hljóði.
4. br.till. við 5. gr. sömuleiðis.
5. — — — sömuleiðis.
6. — — — sömuleiðis.
5. gr. breytt samþ. í einu hlj.
7. br.till. við 6. gr. samþ. í einu hlj.
6. gr. breytt samþ. í einu hlj.
8. br.till. við 7. gr. samþ. í einu hlj.
7. gr. breytt samþ. í einu hlj.
8. gr. frumv. samþ. í einu hlj.
9. br.till. við 9. gr. samþ. í einu hlj.
9. gr. breytt samþ. í einu hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í einu hlj.

Samþykt í einu hljóði að vísa málinu til 3. umr.

Þriðja umræða; 13. marz. (A. 175).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í einu hlj. umræðulaust, og sendist nú forseta Nd.

Slökkvilið í Hafnarfirði.

FRUMVARP til laga um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði. (A. 65). 1. umræða; 4. marz.

Jens Pálsson: Nauðsyn þessa máls, sem kemur hér fyrir háttv. deild í frumvarpsformi, fyrir Hafnarfjörð er svo augljós, að eg tel það með öllu óþarft að leiða rök að því, það er að segja að efni til. Að því er til formsins kemur, er þetta frumv. sniðið eftir samskonar lögum um slökkvilið á Seyðisfirði, svo frá því eru engin veruleg afbrigði gerð. Aðeins er á einstöku stöðum viðhaft eðlilegra og liðlegra orðalag. Eg hygg að ekkert verulegt sé að athuga við þetta frumv., og að óhætt sé að láta það ganga greiðustu leið án þess að setja nefnd í það. Með þessum litla formála leyfi eg mér að fela það velvilja háttv. deildar og óska að það megi ganga gegnum deildina.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í einu hlj.

Önnur umræða; 6. marz. (A. 65).

Jens Pálsson: Þar sem engin breytingartillaga hefir komið fram síðan málið var til 1. umræðu, finn eg enga ástæðu til að fjölyrða um það nú, en vænti þess, að deildin samþykki frumvarpið til 3. umræðu.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í einu hlj.

2. gr. sömuleiðis.

3. gr. sömuleiðis.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkv.gr.

Samþ. í einu hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 9. marz. (A. 128).

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt í einu hljóði, og sendist forseta Nd.

Bankavaxtabréf.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir veðdeild landsbankans til að gefa út 3. flokk (seríu) bankavaxtabréfa. (A. 111). 1. umræða; 8. marz.

Eiríkur Briem: Tilefnið til þessa frumv. er það, að það er farið að síga á seinni hluta bankavaxtabréfa þeirra, er heimilað var að gefa út með lögum 20. oktbr. 1905. Má gera ráð fyrir að þau verði búin löngu fyrir næsta þing. Því er það að eg, eftir samráði við bankastjórnina, kem fram með þetta frumv. Eg skal geta þess, að það er að öllu samhlj. lögum 20. oktbr. 1905 um 2. flokk bréfanna með þeim einum breytingum, að heita má, að vitnað er í þau lög á stöku stað. Samt finst mér þetta svo mikilsvert mál, að eg álít sjálfsagt að setja nefnd í það, og vil eg stinga upp á 3. manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að vísa málinu til 2. umræðu og kjósa 3 manna nefnd. Þessir hlutu kosningu:

Ari Jónsson,
Gunnar Ólafsson,
Eiríkur Briem.

Önnur umræða; 18. marz. (A. 111; 222).

Framsögum. (Eiríkur Briem): Nefndin hefir skoðað frumv., og eins og

tekið er fram í nefndarálitinu á þgskj. 222, er það alveg eins og lögin um 2. flokk bankavaxtabréfanna, þó með þeim breytingum, sem af því leiða, að hér er um 3. flokk að ræða í stað 2. flokks. Í 11. gr. er og ákveðið, að greiða megi alt að 2000 kr. fyrir reikningshald, bókfærslu o. fl. Sú upphæð var 2500 kr. eftir eldri lögunum. Ennfremur er seinustu tveim greinum í nefndum lögum slept; önnur um hækkun á launum gæzlustjóranna, hin um hvenær lögin komi í gildi. Að öðru leyti er frumv. alveg samhljóða þeim lögum, og eg hefi ekki annað um það að segja, en að biðja háttv. deild að fara sem bezt með það.

ATKV.GR.:

Allar greinar frumv., 1.—12., samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 3. umræðu.

Þriðja umræða; 20. marz (A. 111; 222).

Framsögum. (Eiríkur Briem): Eg hefi ekkert að taka fram við þessa umr. málsins, annað en að óska frumv. sömu velvildar sem það hefir mætt hjá háttv. deildarm. við 1. og 2. umr.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt í einu hljóði, og sendist nú forseta neðri deildar.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

FRUMVARP til laga um gagnfræðaskólann á Akureyri (A. 226); 1. umræða; 19. marz.

Sigurður Stefánsson: Eins og háttv. deild er kunnugt, var frumv. því, sem háttv. 6. kgk. þm. bar fram um breyt. á lögum um gagnfræðaskóla á Akureyri, vísað til nefndarinnar, sem hafði að fjalla um gagnfræðaskóla á Ísaf., en háttv. 6. kgk. þm. tók aftur. Í stað þess að breyta frumv., kom nefndin sér saman um að koma með nýtt frumv., af því að breyt. á frumv. hefðu orðið svo vaxnar, að þá hefði orðið lítið eftir af lögunum. Frumv. fer fram á, eins og kunnugt er, að bæta við einum kennara, en láta laun hinna kennaranna sitja við það sem nú er. Við lítum svo á, að það sé skylda landsjóðs að skera ekki fjárframlög til mentastofnana þeirra, er hann á að kosta samkvæmt lögum, svo við neglur sér, að þær geti ekki komið að tilætluðum notum. Háttv. þm. hafa frumv. fyrir sér; þarf eg því ekki að fara langt út í það, enda hefir háttv. 6. kgk. þm. talað um það við 1. umræðu, en hann er málinu kunnugastur.

Nefndin leggur til að bæta við einum kennara; aftur á móti fann hún ekki ástæðu til að hækka laun þessara kennara einna, af því að innan skamms má búast við beiðni um launahækkun frá flestum skólakennurum landsins. En á þessu þingi verður fráleitt neitt átt við það mál. Nefndin fann því ekki ástæðu til að fara að taka þessa kennara eina út úr hópnum. En það er álit nefndarinnar, að laun kennara, sem annara embættismanna, séu nú orðin tiltölulega miklu lægri en þau voru fyrir nokkrum árum, sökum þess hve miklu dýrari allar lífsnauðsynjar nú eru orðnar en þegar launalögin voru gefin 1889, og hvað kennara þá sem hér ræðir um snertir, þá er auðvitað dýrara fyrir þá að lifa á Akureyri, en á Möðruvöllum, þar sem skólinn var áður. En þrátt fyrir þetta vill nefndin fresta hækkun launa núverandi kennara til þess að láta eitt yfir alla ganga. Annars skal eg ekki fjölyrða frekar um málið og leyfi

mér að vísa til nefndarálitsins. Og í nafni nefndarinnar vil eg fela háttv. deild málið til beztu meðferðar. Þrátt fyrir það þótt þessi fasti kennari fengist, yrði skólinn þó að lifa við mjög mikla aukakenslu. Og það er ekki til góðs fyrir neina stofnun að lifa sama sem á bónbjörgum.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 12 samhlj. atkv.

Önnur umræða; 22. marz (A. 226).

Sigurður Stefánsson: Eg tók fram við 1. umræðu ástæðurnar fyrir því, að bæta við kennara, og skal því ekki fara út í þær hér. Að eins vildi eg minnast á það nýmæli í 3. gr., að nemendur, er heimavist hafa, skuli árlega greiða 6 kr. í skólasjóð. Heimasveinar greiða þá 5 kr. fyrir heimavistina, en auk þess 1 kr. í skólasjóð, eins og aðrir nemendur. — Nefndin áleit, að sjóður þessi gæti orðið skólanum til góðs stuðnings. Það væri að vísu ekkert ákveðið um það, á hvern hátt honum skyldi verja, en það yrði gert í skipulagsskránni, sem stjórnarráðið semdi, eftir tillögum skólastjóra. En annars vona eg, að sjóður þessi geti orðið fátækum piltum til góðs stuðnings, er stundir líða. Skal eg svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vænti þess, að deildin sýni frumvarpinu sömu velvild nú sem við fyrstu umræðu.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — — sömuleiðis.
3. — — —
4. — — —

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða; 25. marz (A. 226).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt umræðulaust í einu hljóði, og verður afgreitt til forseta neðri deildar.

Aðgreining holdsveikra.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 3, 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan spítala (A. 183); 1. umræða, 15. marz.

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal taka það strax fram, að frumv. þetta, sem eg flyt, er ekki samið af mér, heldur af landlækni G. Björnssyni og holdsveikralækni Sæm. Bjarnhéðinssyni. Þeir hafa mælst til þess við mig, að eg tæki frumv. til flutnings. Mér er ljúft að verða við tilmælum þeirra, því að aðalatriði frumv. þessa er í byrjuninni frá mér sjálfum. Fyrir 4 árum ritaði eg um það í blaðinu »Norðurland«, að æskilegt væri að breyta þessum lögum.

Holdsveikin hér á landi hefir verið allmikið vandræðamál um langan tíma, alt þangað til holdsveikraspítalinn komst upp. En síðan hefir orðið talsverð breyting á þessu, bæði vegna stofnunar holdsveikraspítalans og laga um aðgreining holdsveikra frá öðrum.

Um það leyti, sem spítalinn var stofnaður, voru um 220 holdsveikra manna í landinu. Þessar tölur eru ekki með öllu áreiðanlegar, en sjúklingar munu þó hafa verið nálægt 200. Síðan er mikil breyting á orðin, nú munu þeir vera um 100. 1905 voru þeir 113 og 1906 107. Opinberar skýrslur eru að vísu ekki til yngri, en eftir því sem holdsveikralæknirinn hyggur, munu sjúklingar vera nálægt 100. Sá galli fylgir spítalanum, að hann er dýr, hann kost-

ar um 30,000 kr. á ári. Því er það æskilegast, að þessari veiki yrði útrýmt sem fyrst. Við það sparaðist fé, og þá mætti nota húsið til annara landsnauðsynja, og þess vegna er það þýðingarmikið mál, að holdsveikinni verði rutt úr landi sem allra fyrst.

Svo er ástatt, að spítalinn hefir á síðustu árum ekki verið notaður að fullu. Þar eru 60 rúm, en sjúklingar ekki nema 50. En þessi fækkun á sjúklingum gerir ekki spítalann ódýrri. Ástæðan til þessarar fækkunar er sú, — hin sama og eg mintist á fyrir 4 árum —, að samkvæmt lögum 4. febr. 1898, 7. gr., skulu að eins holdsveikir menn, er njóta sveitarstyrks, fluttir skylduflutningi á spítalann, en aðrir, sem geta séð fyrir sér sjálfir, þótt holdsveikir séu, skirrast við að fara á spítalann. Að vísu er svo fyrir mælt í 8. gr. sömu laga, að amtmaður getur í einstökum tilfellum, eftir tillögum hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og læknis, lagt fyrir, að einnig aðrir menn skuli fluttir skyldu flutningi á holdsveikisspítala. Þessi ákvæði eru bæði óheppileg, og vandræða erfiðleikar á að fylgja þeim. Ákvæðin eru líka óeðlileg og ekki í samræmi við það sem gildir um aðra sjúkdóma, því að það er það vanalega, að læknir hefir úrskurðarvald um það, hvort einangra skuli sjúkling, sem sýktur er sóttnæmri veiki, eða ekki. Það er látið við hans úrskurð standa, en sveitar- eða bæjarstjórnir ekki kvaddar til ráða.

Það sem hér er farið fram á, er að nema þetta ákvæði úr lögum, en taka það í lög, að þeir sem eru hættulega holdsveikir, skuli leggjast inn á spítala. Auðvitað er hér um nokkra skerðing á persónulegu frelsi að ræða, og það á fólki sem líður mikið, en bæði er um að ræða mjög þýðingarmikið fjármál fyrir landið, og svo er og hitt nokkuð ómannúðlegt, að skipa fátæklingunum einum að fara á spítala, en sleppa þeim stöndugri, þrátt fyrir skýlausa yfirlýsing héraðslæknis um að þeir séu hættulegir fyrir þá, sem umgangast þá. Því að gæta verður að því, að skyldur eru ekki að eins gagnvart þeim veiku, heldur einnig gagnvart fólki, sem býr kringum þá. Menn eru að smittast enn í dag. Hér verður að taka í taumana, og því tekur þetta frumv. skýrt fram þessi atriði.

Það leiðir af sjálfu sér, að með skylduflutningi á spítalann fylgir það, að landsjóður verður að bera þann kostnað, sem af flutningnum leiðir, og þar með fylgja nokkrar smábreytingar, sem gera verður á gildandi lögum, og teknar eru upp í þetta frumv.

Eg leyfi mér þá að fela háttv. deild málið, og vona að hún taki því vel og skipi 3 manna nefnd í það að umræðum loknum.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Samþykt í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd í málið. Kosnir voru:

Sigurður Hjörleifsson,
Kristinn Daníelsson,
Júlíus Havsteen.

Önnur umræða; 23. marz (A. 183; 269).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Þegar mál þetta fyrir skömmu var til 1. umræðu hér í deildinni, mætti það engri mótspyrnu. Eg vona að svo verði og í þetta skifti; að vísu tók enginn til máls við 1. umræðu nema flutningsmaður, svo að það er ef til vill ekki vel að marka, þótt ekki kæmu fram andmæli þá. Eins og eg tók fram við 1. umræðu, fer frumv. aðallega fram á 2 breytingar frá ástandi því, sem nú er. Önnur breytingin er, að fólk, sem ekki er á sveit, geti orðið flutt nauðungarflutningi á spítalann, því

að frumv. gerir ráð fyrir, að flutningurinn sé engum skilyrðum bundinn; en hingað til hafa verið töluverð vandkvæði á að koma holdsveikum sjúklingum, öðrum en sveitarómögum, á spítala, hafi þeir sjálfir verið því mótfallnir. Hin breytingin, sem er bein afleiðing hinnar fyrri, er, að allan kostnað við slíkan flutning sjúklinga á spítala, skuli greiða úr landsjóði. Helzt hefði átt að gera þessa breytingu fyr, því að enn eru víða út um landið holdsveikir menn, sem sýkingarhætta stafar af, en hins vegar er $^1/_6$ hluti holdsveikraspítalans þegar tómur. Eg skal leyfa mér að benda á, að annars eru engin nýmæli í 1. gr. frumv., að eins tekin upp í hana ákvæði úr 7. gr. hinna gildandi laga um þetta efni, sem af öðrum ástæðum varð að falla burtu. Að síðustu leyfi eg mér að óska þess, að málinu verði vísað til 3. umræðu.

Agûst Flygenring: Eg vildi að eins geta þess, að mér þykir það nokkuð hart, að skipa svo fyrir með lögum, að á spítala skuli flytja alla þá menn, er hafa næma holdsveiki. Eg skal auðvitað játa, að ýmislegt mælir með því, það er praktiskara bæði af því, að þá hefir spítalinn meira að gera, og útrýmingin gengur fljótara. En hins vegar er það hart aðgöngu fyrir fólk, er séð getur fyrir sér á annan hátt, og gætt allrar þeirrar varúðar, sem nauðsynleg er til þess að hindra útbreiðslu sýkinnar, að þurfa að fara á spítalann, þar sem menn geta látið sér líða miklu betur annarstaðar. Á spítalann fara menn til þess að deyja, og mér hefir dottið í hug, hvort það muni ekki geta flýtt fyrir dauða manna, að komast þangað. Það er kunnugt, að þar liggur í landi skæður sjúkdómur, nefnilega berklaveiki. Geti menn látið sér líða betur utan spítalans, er hart að svifta þá þeirri vellíðan, og ef til vill flýta fyrir dauða þeirra. Eg játa, að miklir örðugleikar eru á, að gera undanþágur frá lögum þessum, og hefi því ekki viljað koma fram með breytingartillögur að þessu sinni, en áskil mér rétt til þess að minnast frekar á þetta við 3. umr., og koma þá ef til vill með breytingartillögu.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Það er rétt af háttv. 3. kgk. þm. að athuga þetta atriði, og rétt af deildinni að gefa því nákvæman gaum. Væri svo, að það flýtti fyrir dauða sjúklinganna, að flytja þá á spítalann, því myndi eg aldrei ljá nafn mitt til fylgis slíku máli. Það væri þá hreint banatilræði við menn, að flytja þá þang að. En háttv. 3. kgk. þm. getur verið alveg óhræddur um að svo er ekki. Lítum á hið núverandi ástand. Holdsveika fólkið er fátækasta fólkið í landinu, og verður að fara á mis við alla »Hygiejne«, öll þægindi og allar lífsnauðsynjar. Það skortir læknishjálp, en getur oft þurft á bráðri læknishjálp að halda, t. d. til þess að gera barkaskurði og verja þá köfnun. Á spítalanum kafna sjúklingarnir ekki, þar er þeim hjálpað og lífið lengt. Það fer miku betur um sjúklingana þar, en út um land. Þessir menn eru að vísu sviftir frjálsræðinu, en það er gert fyrir þjóðfélagið í heild sinni, til þess að firra það því böli, er af holdsveikinni leiðir, og það eitt ætti að gera það að verkum, að menn greiddu atkv. með frumv.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. í e. hlj.
2. — — sömuleiðis.
3. — — —

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða; 27. marz; (A. 183).

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 11 samhlj. atkv., og sendist forseta Nd.

Skipun læknishéraða.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.; (A. 177). 1. umræða.

Ari Jónsson: Þetta frv. um breyting á skipun læknishéraða í Strandasýslu er komið fram eftir eindreginni ósk Strandamanna, einkum úr norðursýslunni, grundvallað á svo gildum ástæðum, að annarstaðar er svo traustra ástæðna varla kostur. Læknaskipun er sú í Strandasýslu, að hún er öll eitt hérað, nema Bæjarhreppur, er lagður er undir Miðfjarðarhérað. Sú breyting, sem farið er fram á hér, er að Miðfjarðarhérað er minkað um helming af þessum hrepp, en Strandasýslu svo skift í 2 héruð. Strandasýsla öll er 7 hreppar; þeir liggja allir með sjó fram, eru langir og ógreiðir yfirferðar. Getur verið, að alþingi þyki nóg um breytingar á skipun læknishéraða og margar óskir um nýja lækna. En það er mín skoðun, að krafa um að fá nýja lækna sé sú réttlátasta krafa, þegar talað er um fjölgun embættismanna.

Eg þekki nokkuð til á Austurlandi, er víða kunnugur á Suðurlandi, en bezt kunnugur á Vesturlandi, og eg veit það, að hvergi getur komið jafnréttlát krafa um lækni sem þessi úr Strandasýslu. Því að þótt víða sé pottur brotinn með samgöngur á voru landi, vegir illir, langar heiðar og torsóttar, fjallgarðar örðugir og næstum óklifandi, þá tekur þó út yfir í Strandasýslu. En því eru margir kunnugir, hve læknisleysið er átakanlega þungur kross á Strandamönnum. Og við það hafa þeir átt að búa.

Það eru einkum þessi tvö atriði, mannfjöldi og vegalengd, er sérstaklega ber að taka til greina, þegar fjölga á læknishéruðum.

Mannfjöldinn er nægur til þess, að tvö læknishéruð séu mynduð, þegar borið er saman við sum mannfærri læknishéruðin annarstaðar á landinu. Og útlit er fyrir, að íbúum sýslunnar muni heldur fjölga en fækka, því bæði er það, að landbúnaður er í mikilli framför í þessari sýslu, og svo er að sumra dómi mikið útlit fyrir, að fiskiútvegur aukist, einkum síldarútvegur, norðan til í sýslunni; er hugsanleg aðsókn þangað af útlendingum, ef Reykjarfjörður skyldi reynast fiskisæll fjörður að því er síldarveiði snertir, sem margir þar nyrðra hafa trú á.

Þá er að líta á hitt, vegalengdina. Hver maður, sem lítur á Íslandskort, sér skjótt hve vegalengdir eru hér afarmiklar, og það svo, að hvergi eru slíkar í einu læknishéraði. Eins og nú er, eru 2—3 dagleiðir frá einum enda læknishéraðsins á annan. Ef sækja ætti lækni frá nyrztu bæjunum í læknishéraðinu og læknirinn væri staddur syðst í héraðinu, væri það álíka langt, samkvæmt allítarlegri mælingu, eins og héðan og norður í Húnavatnssýslu. Ætli Reykjavíkurbúum þætti það ekki ærið langur vegur að sækja lækni sinn alla þá leið. Enn fremur er þess að geta, að víða um sýsluna er illfært á veturna og norðan til í sýslunni heiði, sem oft og tíðum er ófær yfirferðar.

Eg treysti því, að þingið taki vel þessari sanngjörnu beiðni Strandamanna.

Mælist eg til þess, að háttv. deild annað hvort kjósi nýja nefnd í mál

þetta eða vísi því til þeirrar nefndar, er áður hefir verið kosin til að íhuga skipun læknishéraða.

ATKV.GR.:

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 2. umræðu.

Sömul. samþ. í e. hlj. að vísa málinu til læknishéraðanefndarinnar.

Önnur umræða; 17. apríl; (A. 177, 461).

Ari Jónsson: Nefndin leggur til, að í stað frv. á þgskj. 177, komi nýtt frv. á þgskj. 461. En í raun og veru er það sama málið, — héraðinu að eins skift á annan hátt. Sú skifting er heppilegri vegna heiðar einnar í Strandasýslu, Trékyllisheiðar, sem oft er ill yfirferðar, og því bezt að sem sjaldnast þyrfti til þess að koma, að vitja læknis yfir hana. Ástæður þær, er hinn háttv. 4. kgk. þm. færði gegn máli þessu, voru mjög lélegar, og stafar mótspyrna hans gegn frv. þessu sjálfsagt mest af ókunnugleika. Háttv. 4. kgk. þm. taldi fjölgun lækna hættulega, því að vel gæti svo farið, ef þingið væri fúst á að sinna slíkum beiðnum, að á endanum vildi hver hreppur hafa lækni, en landsjóður hefði ekki ráð á að launa allan þann sæg. Mín skoðun er sú, að engar kröfur, er kjósendur gera til þingsins, séu sanngjarnari en þær, er fara fram á fjölgun lækna Strandalæknishérað er 2 til 3 dagleiðir á lengd, og því engin hætta á, að hver hreppur fengi ástæðu til þess að heimta lækni, þótt því yrði skift í tvent. Þá mótbáru verð eg því að telja gersamlega þýðingarlausa. Enn fremur sagði háttv. 4. kgk. þm., að læknaskipunin hefði nýlega verið endurskoðuð, og því ástæðulaust að fara nú þegar að gera breytingar á henni. Það er nú um þá endurskoðun að segja, að það lítur út fyrir að þeir menn, er að henni unnu, hafi verið gersamlega ókunnugir því, hvernig læknaskipuninni bæri að haga í sumum landshlutum; eg skal til dæmis nefna svæðið á milli Eskifjarðar og Seyðisfjarðar, svo og Vestfirði, þar sem lagt var niður Nauteyrarlæknishérað. Það er tvent, sem koma á til greina, er um stofnun nýrra læknishéraða er að ræða, vegalengd og mannfjöldi. Eg skal ekki orðlengja frekar um vegalengdina; það er á allra manna vitorði, að hvergi er á landinu jafnlangt til læknis, sem frá sumum hlutum Strandalæknishéraðs. En um fólksfjöldann í Strandasýslu skal eg geta þess, að hann hefir aukist síðari árin. Hefir þar norður frá myndast heilt þorp, Gjögur, er hefir á vertíðinni nálægt hundrað íbúa, og allar líkur eru til, að innflutningur verði talsverður, sakir síldarútvegs, sem er góð von um á Reykjarfirði. Halda margir, að Reykjarfjörður muni með tímanum ekkert gefa Siglufirði eftir í því efni, og muni útlendingar streyma þangað. — Eg held að það sé engin ástæða til þess, að synja þessari sanngjörnu beiðni Strandamanna, og vona því að hin háttv. deild samþykki frv. þetta.

Forseti: Eg leit svo á í fyrstu, sem flutningsm. ætlaði að taka aftur frv. á þgskj. 177, og í þess stað ætti hið nýja frv. á þgskj. 461 að koma, er þá á venjulegan hátt yrði að ganga gegn um 3 umræður, en nú sé eg, að meining hans er að frv. á þgskj. 461 geti skoðast sem sama frv. og það, er stendur á þgskj. 177, en það getur það ekki, því að það er alveg nýtt frv., en eg vildi benda á, að enn má bjarga málinu með því að samþykkja frv. á þgskj. 177, og gera svo við það breytingar við 3. umræðu, svo að það verði samhljóða frumvarpi því, er stendur á þgskj. 461.

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Nefndin ætlaðist til, að frv.

á þgskj. 461 gæti skoðast sem sama frv. og það, er skráð er á þgskj. 177. En nú hefir úrskurður forseta fallið í gagnstæða átt, og vil eg því leyfa mér að leggja til, að ráðum hæstv. forseta um, að samþykkja frv. á þgskj. 177, sé fylgt, og mun þá nefndin reyna að kippa málinu í rétt horf við 3. umræðu.

ATKV.GR.:

Breyt.till. um nýtt frumvarp (á þgskj. 461) tekin aftur.

Meginmál frv. (177) samþ. með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 8:3 atkv.

Þriðja umræða; 20. apríl; (A. 177, 502).

Ari Jónsson: Eg ætla að eins að geta þess, að breyt.till. á þgskj. 502 eru að innihaldi hinar sömu sem breyt.-till. þær, er fram komu við 2. umræðu. Þær komust ekki að þá vegna þess, að þær voru ekki í því formi, sem þær áttu að vera. Annars vona eg, að hin háttv. deild samþykki tillögurnar.

ATKV.GR.:

1. br.till. (502) samþ. með 8 samhlj. atkv.
2. — (502) — — 8 — —
3. — (502) — — 8 — —
4. — (502) — — 8 — —
5. — (502) — — 8 — —

Frv. þannig breytt samþ. með 8:3 atkv., og sendist forseta Nd.

Námsskeið verzlunarmanna.

FRUMVARP til laga um námsskeið verzlunarmanna; (A. 582, 607). Ein umræða; 26. apríl.

Framsögumaður (Agúst Flygenring): Nefndin hefir lagt til, að frv. sé samþykt óbreytt eins og það kemur frá Nd., sem hefir gert á því smávegis breytingar. Fyrri breytingin er á 5. gr. Þar var í upprunalega frv. reynslutími nemanda ákveðinn 1 mánuður; hér í deildinni var hann settur 3 mánuðir; en nú hefir Nd. farið milliveg og fært hann niður í 2 mánuði. Nefndin heyrði ástæður fyrir breytingunni, sem voru þannig vaxnar, að eg vil síður nefna þær hér, en get þó lagt til að hún verði samþykt. Síðari breytingin er við 11. gr. Í frv., eins og það var samþykt hér við 3. umr., var það ákveðið, að námssamningur skyldi ógildur, ef verzlunarstjóri dæi. Það var vakið máls á því hér, hvort ekki væri réttara að gera þá takmörkun á ákvæðinu, að samningur skyldi að eins ógildur, ef verzlunar-*eigandi* dæi. Nú hefir Nd. líka farið hér milliveg og breytt ákvæðinu þannig, að námssamningur skuli ógildur, þegar verzlunarstjóri deyr, *ef nemandi óskar þess*, svo að nemandi getur þá gert hvort sem hann vill, að segja upp eða halda áfram í plássinu. Aðrar breytingar hefir Nd. ekki gert á frv., en þessar báðar teljum við fremur til bóta, einkum þá síðari, og mælum því með því, að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. í e. hlj., og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Aths. útg.:

Umræða þessi hefir fallið úr hér á undan; átti að koma eftir sinni röð á bls. 648.

Kr. J.

Verzlunarbækur.

FRUMVARP til laga um verzlunarbækur; (A. 340). 1. umræða; 29. marz.

Sigurður Stefánsson: Frumvarp þetta, sem hingað er komið frá háttv. Nd., verður víst upphaf stærri tíðinda. Þar eru á ferðinni fleiri frv. um verzlun og viðskifti, og þar sem þetta eru alt mjög þýðingarmikil mál, tel eg sjálfsagt, að nefnd sé sett hér í deildinni til þess að íhuga þau. Eg sting því upp á, að kosin sé í mál þetta 5 manna nefnd, þá er umræðunni er lokið. Og má þá vísa til þeirrar nefndar öðrum frumvörpum líks efnis, er þau koma frá neðri deild.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að kjósa 5 manna nefnd. — Í nefndina voru kosnir:

Ari Jónsson,
Gunnar Ólafsson,
Sigurður Stefánsson,
Ágúst Flygenring,
Júlíus Havsteen.

Önnur umræða; 14. apríl; (A. 340, 434).

Framsögum. (Ágúst Flygenring): Eins og kunnugt er, er frv. þetta fram komið af því að slík ákvæði eru ekki til í lögum vorum áður. Það fer fram á það, að kaupmönnum sé gert að skyldu að halda verzlunarbækur, og gert ráð fyrir, hverjar bækur þeir eigi að halda. Frá almennu sjónarmiði er full þörf á slíkum lögum, þar sem mestöll viðskifti hér á landi fara gegn um greipar verzlananna, og meginhluti viðskiftanna eru enn þá bókfærð, og á það vafalaust langt í land, að svo langt komist, að hönd selji hendi. Atvinnuvegir vorir eru flestir reknir á vissum tímum árs, og af því leiðir, að þeir, sem atvinnu reka, verða að leita lána hjá verzlunum. Verzlunarbækur eru trygging bæði fyrir kaupanda og seljanda. Nefndin hefir því fallist á, að frv. sé þarflegt. Þó nýlega hafi verið samþykt hér í deildinni í þingsályktunartillögu áskorun til stjórnarinnar um að taka verzlunarlöggjöf landsins til athugunar, þá áleit nefndin þó ekki rétt að fresta þessu frumvarpi, þar sem þörfin fyrir það er mikil, og það getur ekki að neinu leyti komið í bága við uppástungur um aðrar umbætur, er fram kunna að koma frá stjórninni. Frá nefndinni, er kosin var í Nd. til að íhuga verzlunarmál, hefir ekkert orð komið um þetta frumvarp; hún hefir víst ekki álitið þess þörf, og hefir ekkert haft við það að athuga.

Eg skal lýsa stuttlega breyt.tillögum nefndarinnar. Aðalbreyt.till. er við 2. gr. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að frumbókin, sem alment er kölluð »kladdi«, sé gegnumdregin og löggilt. Þessu ákvæði vill nefndin sleppa. Við sjáum ekki að nein trygging sé í því falin fyrir því, að viðskifti manna séu rétt skráð, þó frumbókin sé gegnumdregin og löggilt, ef ekki er neitt annað til skilið til að tryggja að rétt sé bókað. Við álítum þvert á móti að löggilding gæti orðið til skaða, því að sá kaupmaður, sem vildi nota sér það, gæti misbrúkað þetta sönnunargagn til að færa ranga reikninga. Löggildingin út af fyrir sig er gagnslaus, ef ekki er neitt annað til skilið, sem getur gefið upplýsingar, t. d. að bókfæra skuli nafn þess, sem leggur vöruna inn og tekur hana út, og fyrir hvers reikning það er gert. Þetta leggur nefndin mikla áherzlu á, og leggur til, að það sé tekið upp sem ákvæði í lögin. Það er óhætt að fullyrða, að meir en helmingur þeirra, sem taka út og leggja inn vörur, gera það fyrir reikning annara, en ekki sinn

eigin reikning. — Auk þess sem við viljum, að bóka skuli, hver tekur út og leggur inn o. s. frv., viljum við að það ákvæði sé sett í lögin, að skiftavinum skuli látið í té samrit af viðskiftunum í hvert sinn sem þau fara fram bóklega. Hagkvæmast væri, að hafa frumbókina þannig útbúna, að öll blöðin séu tvöföld og »perfóreruð«; þegar skrifað er á fremra blaðið, kemur það sama fram á aftara helmingnum og verður hann eftir, þegar fremri helmingurinn er rifinn frá. Sömuleiðis má nota þá aðferð, að leggja laust blað ofan á blaðsíðuna í bókinni; er það mjög algengt við verzlun í »pakkhúsum«. Með tímanum finna kaupmenn vafalaust sjálfir hagkvæmasta ráðið til að haga þessu sem bezt.

Við 2. gr. hefir nefndin og gert þá breytingartillögu, að útlendu orðin innan sviganna falli burt. Henni virtist það með öllu óþarft að halda útlendu orðunum, þar sem íslenzku orðin eru nægilega skýr og öllum skiljanleg.

Breytingartillagan við 5. gr., að í stað »löggiltar« komi »lögskipaðar«, er bein afleiðing af því að nefndin leggur til, að frumbækurnar séu ekki löggiltar.

Breytingartillagan við 7. gr., að á eftir »fangelsi« komi »við vatn og brauð«, er gerð eftir bendingu lögfræðings þess, er sæti átti í nefndinni, og hygg eg að hún sé fyllilega á rökum bygð.

Breytingartillagan við 8. gr. miðar að því, að gera tíma þann, er frumbókin hefir sönnunargildi, jafnlangan, hve nær á árinu sem skuldin er stofnuð. Hitt, að láta tímann vera mismunandi langan, eftir því hvort skuldin er stofnuð fyrir eða eftir 1. júlí, telur nefndin ekki rétt, enda mun það bygt á þeirri þeirri röngu hugmynd, að viðskiftamenn fái reikning að eins einu sinni á ári, 31. desember. En bæði er það, að sú venja er nú óðum að leggjast niður, að gera að eins upp um áramót, og auk þess vildi nefndin styðja að því með breytingartillögu sinni, að sá siður — eða réttara sagt ósiður — legðist af með öllu. Það er í alla staði mjög heppilegt, að viðskiftamenn á öllum tímum ársins viti sem bezt, hvernig reikningur þeirra stendur. Eg legg því talsverða áherzlu á, að tillaga þessi verði samþykt. Síðustu málsgrein 8. gr. um ósamkvæmar innfærslur, telur nefndin óþarfa, því að hún álíur, að löggildingin út af fyrir sig hafi ekki sönnunargildi. — Hinni nýju 13. gr. um brottfall ákvæða í tilskipun 13. júní 1787, er bætt við að ráði lögfræðingsins í nefndinni, er taldi það réttara, enda þótt þess væri naumast þörf, því að tíminn hefir í raun og veru afnumið þessi ákvæði.

Skal eg svo ekki fara frekari orðum um málið, en vona að bæði frumvarpinu og breytingartillögum nefndarinnar verði vel tekið af hinni háttv. deild.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi því miður ekki getað athugað þetta mál nógu rækilega, jafnmerkilegt og það er. Það er merkilegt vegna þess, að það miðar að því að tryggja viðskifti manna, og er sízt vanþörf slíkra laga nú á tímum. Það er þó ýmislegt í frv. og tillögum nefndarinnar, sem eg tel athugavert. Eg tel að það geti verið til mikilla nota, að löggilda frumbókina. Inn í hana er fært alt það, sem látið er út úr verzluninni, jafnótt og það er afhent, sé það ekki borgað við móttöku. Víða er og alt, sem lagt er inn í verzlunina, fært inn í frumbók, ef ekki er tekið út á það um leið. En víða er ekki fært inn í höfuðbókina úr frumbókinni, nema á vikufresti. (*Gunnar Ólafsson:* Daglega). Það má vera, að nú sé orðinn siður að færa inn í höfuðbókina daglega, en það

er eigi að síður mjög nauðsynlegt að frumbókin sé löggilt og gegnumdregin, svo að eigi sé unt að rífa blöð upp úr henni, án þess að á beri, og helzt vildi eg hafa allar verzlunarbækur löggiltar, enda þótt eg játi að það sé töluvert kostnaðarsamt fyrir kaupmennina.

Hins vegar játa eg að löggilding er hvergi nærri einhlít, og er alveg samdóma nefndinni um, að ágætt sé að hafa frumbókina þannig út búna, að hvert blað í frumbókinni hafi viðfest samritsblað þannig, að það, sem skrifað er á fremra blaðið, komi fram á aftari helmingi blaðsins í samriti, og að viðskiftamaður fái frumritið, en verzlunin haldi hinu eftir. Í 3. gr. er þess krafist, að haldin sé bréfabók, er hafi að geyma samrit af öllum þeim bréfum frá verzluninni, er lúta að verzlunarviðskiftum, en eigi slík bók að koma að fullu gagni, ætti að halda saman öllum viðskiftabréfum, er verzlunin fær.

Þá er og ofþung refsing lögð við því, að breyta því sem eitt sinn hefir verið ritað í verzlunarbók. Sektir eru nægilega hörð hegning, ef ekki er um fjárdrátt að ræða. En eins og greinin er orðuð nú, væri hægt að refsa manni með fangelsi eða betrunarhúsvinnu jafnvel fyrir það eitt, að hann leiðrétti það er misritast hefði hjá honum, þótt hann hefði engan sviksamlegan tilgang haft. Það ætti því að fella burt fangelsi og betrunarhúsvinnu, því að sektir eru næg refsing, ef ekki er um svik að ræða, en annars fellur brotið undir ákvæði hinna almennu hegningarlaga, og þau eru nægilega hörð. Af ástæðum þeim, er eg áður hefi tekið fram, er eg mótfallinn breytingartillögu nefndarinnar við 5. gr., að í stað »löggiltar« komi »lögskipaðar«. Eg vil með engu móti missa löggildinguna.

Í 7. gr. er lagt fangelsi við vatn og brauð, eða betrunanhúsvist, við því að falsa verzlunarbækur. Það er nú vafasamt, hvort rétt er að kalla það fölsun, þótt bókari breyti því, er hann áður hefir ritað. Með fölsun meina menn venjulega að breyta því, er aðrir hafa ritað, eða gefa heimildarlaust út skjal í annara nafni. En það skiftir nú ekki miklu máli, þótt orðalagið sé ekki alveg nákvæmt, hitt er lakara, að grein þessi er ekki í samræmi við 264. gr. almennra hegningarlaga, að því er hámark refsingarinnar snertir. Í 264. gr. hegnhegningarlaganna er hámarkið 2 ár, en hér getur refsingin orðið 6 ára betrunarhúsvinna. En enda þótt 264. gr. hegningarlaganna ræði um sama eða svipað brot, álít eg þó ekki heppilegt, að í lögum þessum verði aðeins vísað til hennar, því að henni mun því aðeins verða beitt, að kaupmaðurinn verði gjaldþrota. En hitt álít eg sjálfsagt, að setja hámark refsingarinnar í samræmi við 264. gr. hegningarlaganna. Þá vildi eg skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki væri rétt að taka það beinlínis fram í 8. gr., að bókin yrði að vera færð samkvæmt fyrirmælum 2. gr., ætti hún að hafa sönnunargildi.

8. breytingartillöguna tel eg meinlausa en óþarfa; 17. og 18. gr. tilskipunarinnar frá 13. júní 1787 er aldrei beitt nú á dögum, þótt þær hafi ekki verið formlega úr gildi feldar. Skal eg svo ekki orðlengja þetta frekar, en vona að háttv. deildarmenn hugsi sig vel um, áður en þeir fella burtu löggilding frumbókarinnar, því að það er mjög athugavert.

Framsögumaður (Ágúst Flygenring): Það er talsverður kostnaður við að löggilda frumbækurnar, sérstaklega þegar þess er gætt, að nú er farið víða að nota litlar bækur, og rita aðeins eina úttekt á hverja síðu, sem er miklu greinilegra. Auk þess hefir reynslan ekki sýnt, að nein hætta stafaði af því, að hafa frumbækurnar ólöggiltar.

Mér vitanlega hefir aldrei fallið grunur á nokkurn kaupmann um að hafa rifið upp úr frumbókinni. Hins vegar hafa oft orðið þrætur um viðskifti, vegna þess að ekki varð séð af frumbókinni, hver tók á móti vörunni, né við hvaða verði hún var seld, og jafnvel stundum ekki, hvað mikið hafði verið tekið út af henni. En eg skal reyna að hugsa um, hvort ekki er hægt að finna neitt praktiskara form til þess að ná þeim tilgangi, er hér er um að ræða, heldur en að löggilda frumbókina. *(Lárus H. Bjarnason*: Færa gjaldið niður). Ef hinn háttv. 5. kgk. þm. getur fundið leið til þess, án þess að koma í bága við aukatekjulögin, þá skal eg ekki verða því mótfallinn, að skylt sé að löggilda frumbækurnar. Hvað snertir bréf, er verzlanir fá, sem háttv. 5. kgk. þm. vildi að færð væru inn í bréfabók, þá er það síður að raða þeim í möppur, þar sem mjög auðvelt er að finna hvert einstakt bréf, svo að óþarfi virðist að færa þau inn í sérstaka bók, sem væri mikill starfsauki fyrir allar stærri verzlanir.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 5. kgk. þm. sagði um hegningarákvæði 7. gr., skal eg geta þess, að það var talið nauðsynlegt, sakir þess að fölsun væri ekki nefnd í hinum almennu hegningarlögum, en ef svo er, þá er sjálfsagt að hafa greinina í samræmi við ákvæði hegningarlaganna. Eg felli mig vel við að vísað verði til 2. gr. í 8. gr., eins og háttv. 5. kgk. þm. stakk upp á. Annars mun nefndin taka þær athugasemdir og bendingar, sem fram eru komnar, til rækilegrar íhugunar, og gera sér alt far um, að öll ákvæði laganna verði sem skýrust, og geri viðskiftin tryggari.

Lárus H. Bjarnason: Eg þakka hinum háttv. framsögumanni fyrir hvernig hann tók uppástungum mínum. Það er hægðarleikur að breyta gjaldi því, sem samkvæmt lögunum frá 2. febr. 1894 á að borga fyrir löggilding verzlunarbóka. Einstökum ákvæðum þeirra laga má breyta sem öðrum lagaákvæðum. Viðvíkjandi bréfunum til verzlunarinnar skal eg geta þess, að mér er auðvitað ekkert kappsmál, að þau séu færð inn í sérstaka bók, heldur aðeins að þeim sé haldið saman, svo að aðgangur sé að þeim, ef nauðsyn rekur til, því að þau eru fult svo þýðingarmikil, sem bréf þau, er frá verzluninni eru send. Það er talað um fölsun verzlunarbóka í 264. gr. hinna almennu hegningarlaga, en þar sem hún aðeins á við gjaldþrotaskifti, eins og eg gat um áðan, er ekki nóg að vísað sé til hennar, en hegningarákvæði þessara laga eiga eigi að síður að vera í samræmi við hana.

Júlíus Havsteen: Það var aðeins af gáleysi, að 2 ár sem refsingarhámark féll burt úr 7. gr., og kom af því að við höfðum ekki hegningarlögin við hendina. Eg sé ekki að það væri neinn galli, að vísað væri til 264. gr. Gjaldþrot eru þar aðeins nefnd sem dæmi, en eru ekki skilyrði fyrir því, að greininni verði beitt. Eg hafði hugsað mér 7. gr. alt öðru vísi, og að í henni væri aðeins vísað til hinna almennu hegningarlaga. Hvað löggildingarnar snertir, þá get eg ekki álitið það hátt gjald, að borga 2 kr. af hverri bók. Það er ekki mikil verzlun, sem ekki þolir þau útgjöld. Það er ekki hægt að breyta aukatekjulögunum með þessum lögum, enda óheppilegt að fara að breyta í lagaboði um alt annað einum lið úr »systematiskri« lagaheild. Eg veit heldur ekki til að aukatekjulögunum hafi nokkru sinni verið breytt.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. (340) sþ. í e. hlj.

1. br.till. (434) við 2. gr. sþ. með 12 samhlj. atkv.

2. br.till. (434) við 2. gr. sþ. með 9:4 atkv.

2. gr. breytt samþykt með 10 samhlj. atkvæðum.

3. gr. frumv. sþ. í e. hlj.
3. br.till. við 4. gr. sþ. í e. hlj.
4. gr. breytt sþ. í e. hlj.
4. br.till. við 5. gr. sþ. með 9 : 2 atkv. atkvæðum.
5. gr. breytt samþ. í e. hlj.
6. gr. frumv. sþ. í e. hlj.
5. br.till. (434) við 7. gr. sþ. í e. hlj.
7. gr. breytt sþ. í e. hlj.
6. br.till. við 8. gr. sþ. með 11 samhlj. atkvæðum.
7. br.till. við 8. gr. sþ. með 11 samhlj. atkvæðum.
8. gr. breytt sþ. í e. hlj.
8. br.till. (að aftan við frumv. bætist ný grein) sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað í e. hlj. til 3. umr.

Þriðja umræða; 17. apríl. (A. 463; 486).

Framsögumaður (Agùst Flygenring): Nefndin hefir tekið til athugunar uppástungur þær, er fram komu við 2. umræðu hér í deildinni, og sömuleiðis borið sig saman við nefnd þá, er hafði málið til athugunar í háttv. neðri deild.

1. br.till. á þsk. 486 um að ekki þurfi að rita í höfuðbók nema samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, sem útá er tekið eða lagt inn fyrir í hvert skifti, er gerð í samráði við nefndina í neðri deild, enda tiðkast slík bókfærsla í útlöndum. Það virðist vera með öllu óþarft, að heimta að annað sé fært í höfuðbók, en upphæðirnar, því að allar nauðsynlegar upplýsingar um hina einstöku liði má fá af frumbókinni, sé hún rituð eftir fyrirmælum 2. gr. Meiningin er líka sú, að í höfuðbókinni sé vísað til blaðsíðu í frumbókinni, svo að auðvelt sé að finna hverja einstaka úttekt.

Breytingarnar að því er hegningarákvæðin í 4. og 7. gr. snertir — að fella betrunarhús burt úr 4. gr og setja »2 ár« inn í 7. gr., sem hámark refsingarinnar — eru gerðar eftir bendingum þeim, er komu frá háttv. 5. kgk. þm. við 2. umræðu þessa máls. Það er líka eftir bendingu frá sama háttv. þm., að nefndin stingur upp á, að það sé tekið fram berum orðum í 8. gr., að bókin hafi því aðeins sönnunargildi, að hún sé færð eftir fyrirmælum 2. gr.

Það komu fleiri bendingar fram við 2. umræðu; sérstaklega lagði einn háttv. þm. mikla áherzlu á, að nauðsynlegt væri að frumbækurnar væru löggiltar. Nefndin er því mótfallin nú eins og við 2. umr. og af sömu ástæðum. Eg hefi heldur aldrei heyrt þess getið, að deilur hafi risið út af því, að rifið hafi verið upp úr frumbók blað, eða grunur hafi fallið á nokkurn kaupmann um að falsa frumbókina, og þó eru enn minni líkur til að slíkt geti komið fyrir hér eftir, þar sem lög þessi ætlast til að viðskiftamaðurinn fá reikning í hvert skifti sem hann tekur eitthvað út. Eg hefi átt tal við verzlunarfróða menn í Nd., og eru þeir mér alveg samdóma um þetta atriði.

Eg tek þetta fram fyrirfram, því að eg býst ef til vill við, að á það verði minst í umræðunum, og vildi eg þá helzt komast hjá að þurfa að standa upp aftur.

Làrus H. Bjarnason: Eg álít breytingartillögur nefndarinnar flestar til bóta. En þær hefðu helzt átt að vera fleiri. Allar verzlunarbækur ættu að vera löggiltar.

Þó finst mér ein breytingartill., sú við 3. gr. frumv., vera heldur til skemda. Það er ekki heppilegt, að í höfuðbókina séu aðeins ritaðar upphæðirnar í krónum og aurum. Að vísu er ætlast til að hver skiftavinur fái samrit af viðskiftunum í hvert sinn, eins og þau eru bókuð í frumbókina. En þessi samrit geta glatast, og þá er hlutaðeigandi engu nær,

Það dugar ekki að vitna í tilhögun á slíku í öðrum löndum. Þar er nálega öll verzlun svo, að hönd selur hendi, en hér er lánsverzlunin almenn. Þessa breytingu álít eg því heldur til hins verra.

Eins og eg gat um, sakna eg ákvæðis um það, að verzlunarbækurnar skuli vera löggiltar. Og eg sakna líka ákvæðis um að halda skuli saman bréfum, sem koma til verzlunarinnar, til samanburðar og skilningsauka á bréfum frá verzluninni. Eg hefði komið með breytingartillögur ef eg hefði fengið frumv. fyr. En nú er frumv. til 3. umræðu, svo að það verður ekki lagað héðan af. Eg skal ekkert segja, hvort réttara er, að samþykkja frumv. nú og hætta á að neðri deild geri umbætur á því, eða fella það, úr því að umbótum verður ekki komið fram hér í deildinni. Þó mun eg líklega heldur taka þann kostinn, að greiða því atkv.

ATKV.GR.:

1. brt. (486) samþ. með 10 samhlj. atkv.
2. — — — — — — —
3. — — — — — — —
4. — — — í einu hljóði.

Frumv. með áorðnum breytingum samþykt í einu hljóði og sendist aftur til forseta neðri deildar.

Ein umræða; 26. apríl (A. 581, 608).

Frsm. (Agúst Flygenring): Sú breyting hefir verið gerð á frumvarpinu í Nd., að aftan af 2. gr. hefir verið klipt ákvæðið, að láta skuli í té samrit af viðskiftunum í hvert sinn sem þau fara fram bóklega, og sett inn í stað þess ákvæði það, sem upprunalega stóð í frumvarpinu, nefnilega að frumbókin skuli vera gegnumdregin og löggilt. Nefndin vill halda fast við stefnu sína í þessu máli, sem sé þá, að bæði fyrir kaupanda og seljanda sé það miklu meiri trygging fyrir því, að rétt sé bókað, ef samrit er afhent af viðskiftunum, heldur en þó frumbókin sé löggilt. Nefndin sér því ekki ástæðu til að taka breytinguna til greina, og það því fremur, sem henni er kunnugt um, að í nefndinni í Nd. voru skiftar skoðanir um þetta mál; eg hefi átt tal við tvo af nefndarmönnunum, sem báðir álitu frumvarpið betra í því formi sem það var samþykt hér. Nefndin víkur því ekki frá sinni fyrri stefnu í þessu máli og vonar að deildin hafi heldur ekki skift um skoðun, og breyti frumv. aftur samkvæmt till. á þgskj. 608.

ATKV.GR.:

Breyt.till. nefndarinnar á þgskj. 608 samþ. með 9 samhlj. atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til forseta sameinaðs þings.

Umræða í sameinuðu alþingi 6. maí (A. 651; 688).

Björn Kristjánsson: Meiri hluti nefndarinnar í Nd. hefir leyft sér að koma fram með breyt.till. við 2. gr. þannig, að í stað síðasta málsliðs komi: »Frumbók skal vera gegnumdregin og innsigluð af notarius plublicus«. Það kann nú að virðast í fljótu bragði, að breyting þessi hafi litla þýðingu, en við nánari athugun verður nefndin þó að halda fast við þessar brt. sínar. Það sem greinir á er það, að þar sem við nefndin höfum viljað hafa frumbókina löggilta, hefir Ed. fallizt á »copíu«bókartilhögunina, að frumbókin sé þannig, að gefa megi stafrétt afrit af henni, og til þess sé brúkaður pappír, sem liti frá sér, »kalkerpappír«. Frumbók þessi, sem veitir mest sönnunargildi, þarf að vera vel og glögt færð, en það mun þó verða eftir frumvarpinu, eins og það nú er, að færa hana með blýant eða stýl, en ekki með bleki, því að afritin verða

með því ekki skýr, en hins vegar verður frumbókin við það óskýrari til aflestrar. Það er gert ráð fyrir að hætt sé að færa sundurliðaðan reikning í höfuðbókum, eins og hingað til hefir verið gert, heldur verður þessi sundurliðaði reikningur færður í frumbókinni. Frumbókin kemur því að þessu atriði í stað höfuðbókar, og það verður hún sem fær mest sönnunargildi, í stað þess að hingað til hefir þungamiðja allra sannana hvílt á höfuðbókinni. En til þess að frumbókin þannig geti komið í stað höfuðbókar, verður hún að vera vel og glögt færð og bókfærslunni sem bezt háttað að lögum, en ákvæði frumvarpsins, eins og það kom frá háttv. Ed., eru ekki heppileg í þá átt. Já, eg vil leggja áherzlu á, að ef frumbókinni yrði þannig fyrir komið, sem háttv. Ed. hefir lagt til, þá mundi útlit hennar og frágangur vera svo óskýr og ógreinilegur, að útlendingar, sem verzla við okkur, og sem komast kynnu að þessari bókfærslu, mundu reka augun í það, og það gæti orðið til þess að hnekkja lánstrausti okkar erlendis. Þess má líka geta, að fyrir marga kaupmenn, sem verzla út á útkjálkum þessa lands yrði oft allörðugt að ná í hentugan pappír, »kalkerpappír«, sem nota verður við afritin. Það væri þeim allerfitt að birgja sig upp með hann fyrir alt árið; jafnvel hér í Rvík er það miklum erfiðleikum bundið að fá almenn bréfhylki. Nefndin í Nd. gerir þetta ekki að neinu kappsmáli, en vill þó benda fastlega á þessa galla, og álítur, að verði breytingar hennar ekki samþyktar, þá eigi frumvarpið að falla, og það því fremur, sem nefndin hefir ekki farið þess dulin, að ýmsir aðrir gallar væru á frumv., sérstaklega t. d. 8. gr., þar sem svo er fyrirskipað, að löggilt verzlunarbók missi sönnunargildi sitt eftir eitt ár. Slíkt ákvæði er mjög óheppilegt og ósanngjarnt, en við, meiri hluti nefndarinnar, unnum það til samkomulags, að gera það ekki að ágreiningsatriði, enda þótt að sönnunargildi vel færðra verzlunarbóka hefði að sjálfsögðu átt að endast eins lengi og bókin, eins og venja hefir verið. Og að minsta kosti hefði sönnunargildið þó átt að gilda fram að því, að skuldir firnast samkvæmt skuldafyrningarlögunum.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er upphafl. höfundur þessa frumv. og var framsögumaður málsins í Nd. En er málið kom til nefndarinnar aftur í Nd., varð eg svo óheppinn að lenda í minni hluta; því eg vildi að frumv. yrði samþykt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Eg er viss um, að þótt frumv. sé samþ. eins og Ed. hefir látið það frá sér fara, þá er það bezta lagabót, en alveg ótækt að fella það, eins og hinn háttv. 1. þm. G.-K. vildi. Sami þm. hafði það á móti, að ekki væri hægt að skrifa í þessar bækur með bleki. En það er misskilningur hjá háttv. þm. Það er jafnhægt að skrifa með bleki eins og stýl, og kemur mjög greinilega út á hinu blaðinu, sem í bókinni verður eftir.

Þar sem því er haldið fram, að þetta fyrirkomulag sé með öllu óþekt út um land, og að kaupmönnum muni veita erfitt að ná sér í slíkar bækur, þá hygg eg, að það geti ekki náð nokkuri átt. Það mun naumast sá kaupmaður, að hann geti ekki á 1—2 mán. útvegað sér ársforða af slíkum bókum; bækurnar eru ódýrar og skipaferðir svo tíðar, að það mun varla vera sú verzlunarhola, sem ekki eigi tök á að fá þessar bækur — að minsta kosti fyrir næsta nýár.

Eitt var það enn, er háttv. 1. þm. G.-K. sagði. Hann bjóst við því, að ef útlendingar kæmu hér og sæu frumbækurnar, þá mundi þeim ekki finnast til

um frágangínn á þeim; en þetta gæti rýrt lánstraust vort meðal þeirra.

Eg vil nú leyfa mér að spyrja: Hve mörg eru þau lönd, þar sem frumbækur eru löggiltar? Mér er ekki kunnugt um að þau séu mörg; að vísu veit eg til þess, að svo er í Danmörku, en þá mun líka að mestu upptalið. Það er að minsta kosti svo, að það tíðkast ekki í enskumælandi löndum, svo sem Englandi, Kanada, Bandaríkjunum, Ástralíu o. fl., og munu þær þjóðir þó ekki njóta minna lánstrausts fyrir þá sök. Þær þjóðir nota nær einvörðungu þess leiðis bækur, sem hér er fram á farið.

Þá þótti hinum háttv. þm. það ekki gott, að bækurnar gætu ekki verið sönnunargagn nema *eitt* ár, í stað fjögurra. En þetta er samkvæmt því, sem tíðkast í löggjöf annara Norðurlanda, og þarf ekki annað en fletta upp í verzlunarbók Hages til að sjá þetta.

Þá gat sami háttv. þm. þess, að þessi tilhögun (um afritin) væri óþekt úti um land, og að menn myndi ófúsir á að breyta til. En hún er þegar tíðkuð á ýmsum stöðum út um land, og reynslan hefir sýnt, að aðferðin hefir hepnast mjög vel; ef viðskiftamaðurinn fær afrit í hvert sinn, er hann hefir einhver viðskifti við verzlunarmanninn, þá getur hann rólegur synjað með eiði fyrir alt annað en það, er á því afriti stendur, þótt krafinn yrði frekar.

Eg vil því ráða háttv. samein. þingi til að samþykkja frumv. óbreytt, — og fella það að minsta kosti *ekki*, þótt breyt.till. yrði samþykt, því að eg tel í því felast mikla réttarbót, ekki einungis í eiginlegum verzlunarefnum, heldur einnig í öllu viðskiftalífi manna yfir höfuð.

Björn Kristjánsson: Eg skal geta þess, að eg hefi reynt að skrifa með bleki og penna, en það verður ólæsilegra en ef skrifað er með blýant eða stýl. Eins og sjá má hér (á þessu blaði), þá verður skriftin ekki greinileg með bleki og penna, þótt skrifað sé með töluvert feitu letri.

Eg hygg því, að óheppilegra sé að hafa til þessa penna og blek, með því að þá verður skriftin óljósari.

Það mun að vísu vera rétt, er háttv. 2. þm. S.-M. gat um, að ekki væri það venja í öðrum löndum að löggilda verzlunarbækur, en hér á landi hefir það þó tíðkast, og kostnaðurinn er ekki mikill við það — að eins 2 kr. fyrir hverja bók. Enda er það í rauninni ekki of mikil trygging, úr því að bækurnar eiga að vera sönnunargögn á annað borð.

Um venjuna í öðrum löndum skal eg að vísu ekki fullyrða, en þó mun það tíðkast í nágrannalöndunum, t. d. Þýzkalandi, Danmörku og jafnvel í Englandi (eg hefi sjálfur séð það þar), og úr því að svo er, þá virðist ekki óviðeigandi að sníða vort fyrirkomulag í þessu efni eftir þeim nágrannalöndunum, þar sem varla mun vera um neitt ófullkomið að ræða í þeirri grein, og þar sem við rekum aðalviðskifti vor.

Og það mundi ekki vekja traust útlendinga, ef þeir sæju einhvern ómyndarbrag, t. d. á bókum þrotabús. Það myndi fremur spilla lánstrausti voru.

Skal eg ekki þrátta neitt um þessa tilhögun; og þykist eg vita, að háttv. sameinað þing geri það sem því sýnist í þessu efni. En eg vildi að eins benda á þessa tilraun, er meiri hluti nefndarinnar hefir gert til þess að ekkert þyrfti að óttast.

Pétur Jónsson: Eg ræð heldur til að samþykkja frumv. eins og það kom frá Ed. Eg hefi minst á það áður (við nefndarmenn), að mér þætti heppilegra að hafa í búð kopíubók en löggilta höfuðbók. Mín reynsla er sú, að oft hafa orðið villur í höfuðbókunum, og getur þá hallast á þann, er kvartar, þegar kaupm. t. d. hefir hag af villunni

og full sönnun er þá ófáanleg oft og tíðum. En full sönnun fæst aftur með því að »kopiera«.

Nú eru líka komnar svo hentugar kopíubækur, að það má nota blek og penna við þær.

Agúst Flygenring: Eg vildi með nokkrum orðum andmæla brtill. (688), enda þótt háttv. 2. þm. S.-M. hafi þar að mestu tekið af mér ómakið; hann hefir sýnt með rökum, á hverju mótbárurnar eru bygðar.

En þar sem háttv. 1. þm. G.-K gat þess, að þetta fyrirkomulag, er háttv. Ed. hefir haldið fram, muni verða til þess að vekja vantraust útlendinga á oss, ef t. d. erlend verzlunarhús færu að leita sér upplýsinga um þrotabú o. s. frv. og sæu þá bókfærzluna, þá myndi þeim ekki lítast á blikuna. Út af þessu vil eg geta þess, að þá er að eins um þessa einu bók að ræða, en ekki statusbók. Eftir reynslu manna munu blöð áritуð gegnum kalkerpappír geta enzt 10—12 ár, og það vár rétt hjá hinum háttv. 2. þm. S.-M., að skriftin er alveg eins glögg og vanaleg skrift. Það var meining hinnar háttv. Ed. að tryggja viðskifti kaupanda og seljanda með því að gefa afrit af viðskiftunum í hvert sinn til þess þar með að girða fyrir miskliðir, þrætur og málaferli milli kaupmanna og viðskiftamanna. En eg man ekki til þess að nokkurn tíma hafi heyrzt, að frumbækur hafi verið falsaðar eða yfir þeim kært, en brt. miðar að því, að koma í veg fyrir fölsun. En með því að engin reynsla er fyrir því, að þörf sé á brt., álít eg ekki rétt, að samþykkja hana, heldur frumv. óbreytt. Ákvæði 2. gr. um samritin venja menn á reglusemi. Þótt löggilding eigi sér stað í Danmörku, erum vér ekki bundnir. Í Bretlandi tíðkast hún ekki, svo sem hinn háttv. 2. þm. S.-M. tók fram. Eg skal líka geta þess, að nefndin í Ed. hefir gert sínar breytingar eftir hinum beztu upplýsingum og yfirleitt reynt að koma frumv. í það horf, sem tíðkast í umheiminum.

Björn Kristjánsson: Eg skal að eins benda hinum háttv. 3. kgk. þm. á það, að samritin þurfa alls ekki að fyrirbyggja deilur eða málaferli. Það er undir mönnum sjálfum komið, hvort þeir viðurkenna að hafa fengið þessi samrit, og veita þau því alls ekki neitt sönnunargagn.

Jón Ólafsson: Eg get þess út af ræðu hins háttv. 1. þm. G.-K., að hann mun ekki hafa reynt þær bækur, sem hér er ætlast til að nota. Eg gekk til hans yfir að sæti hans rétt áðan og skoðaði hjá honum bók þá, er hann hafði reynt að rita með bleki í, en það var ekki von að það hefði tekist, því að bókin var ekki til þess gerð, heldur var það blýants-kopíubók.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (688) við 2. gr. feld með 22:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Jónsson,	Eggert Pálsson,
Ari Jónsson,	Sigurður Stefánsson,
Benedikt Sveinsson,	Ágúst Flygenring,
Bjarni Jónsson,	Einar Jónsson,
Björn Kristjánsson,	Eiríkur Briem,
Björn Sigfússon,	Gunnar Ólafsson,
Björn Þorláksson,	Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinss.,	Jóh. Jóhannesson,
Hálfdán Guðjónss.,	Jón Jónsson, N.-M.,
Jens Pálsson,	Jón Jónsson, S.-M.,
Jón Þorkelsson,	Jón Magnússon,
Kristján Jónsson,	Jón Ólafsson,
Magnús Blöndahl,	Jón Sigurðsson,
Sigurður Gunnarss.,	Jósef Björnsson,
Sigurður Hjörleifss.,	Júlíus Havsteen,
Steingrímur Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Þorleifur Jónsson.	Lárus H. Bjarnason,
	Ólafur Briem,
	Pétur Jónsson,

Já:	*Nei:*
	Sigurður Sigurðss.,
	Stef.Stefánss., 6. kgk.
	Stef. Stefánss., Eyf.

Frv. óbreytt samþ. með 27 samhlj. atkv., og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Löggilding verzlunarstaða.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaða; (A. 345, 346). 1. umræða; 31. marz.

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Svo sem nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin orðið sammála um, að ráða háttv. deild til að samþykkja þær löggildingar, sem hér er farið fram á. Nefndin lítur svo á, að það sé ekki rétt að neita að löggilda þá staði, sem beðið er um, því að hún álítur að tíminn og reynslan skeri bezt úr því, hvort staðurinn sé heppilegur til verzlunar eða ekki. Þetta er til þess, að greiða fyrir samgöngum í landinu, sem lengi hafa verið svo erfiðar, að þær hafa orðið öllum framförum til fyrirstöðu.

Nefndin hefir gert þá breytingu, að slá þeim 5 frumvörpum, sem lágu fyrir deildinni, saman, og gera úr þeim eitt frumvarp.

Eg sé ekki ástæðu til að tala frekar um þetta, nema því að eins að það mætti andmælum.

Agúst Flygenring: Eg vildi að eins vekja athygli háttv. deildar á prentvillu, sem stendur í frumvarpinu. Það vantar eitt *t* í orðið Klettsvík, en þessu mætti víst breyta án sérstakrar breyt.-tillögu. Hins vegar findist mér líka viðkunnanlegra, að segja við »Klettsvík«, því að kauptúnið á víst að liggja við víkina. Eg kann miður við að segja »að Klettsvík«. Eg hefi ekki tekið eftir þessu fyr, en það mætti auðvitað koma með breyt.till. þessu viðvíkjandi.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í e. hlj.

Önnur umræða; 2. apríl; (A. 345, 346, 415).

Agúst Flygenring: Háttv. þm. V.-Sk., framsögum. nefndarinnar, hefir gert grein fyrir frv. við síðustu umræðu. Enda ætla eg ekki að fara neitt út í einstök atriði umfram það, að eg vildi hafa skýrt frá því, að nefndinni sást yfir að koma með breytingartillögu við frv. að því er snertir Viðey.

Eg þarf varla að taka það fram, að það hefir mælst mjög illa fyrir, bæði innan og utan þings, að Nd. skyldi fella frv., sem þar var borið upp um daginn, um löggilding verzlunarstaðar í Viðey. Því hefi eg fundið ástæðu til að koma með breyt.till. þess efnis, að Viðey verði bætt við á frv. því, sem hér liggur fyrir um löggilding verzlunarstaða. Eg þarf varla að tala mörg orð til að mæla með þessari breyt.till., því að flestir háttv. deildarmenn munu þekkja nokkuð til staðarins, sem hér er um að ræða, og hann mælir bezt með sér sjálfur. Eg álít það algerlega óviðurkvæmilegt, að vera að samþykkja löggilding verzlunarstaða hingað og þangað, staða sem enginn þekkir og engar líkur eru til, að nokkurn tíma verði notaðir sem verzlunarstaðir, en fella aftur á móti löggilding verzlunarstaðar í Viðey af eintómri hreppapólitík, þó að það sé öllum mönnum kunnugt, að þar er eina höfnin sem telja má trygga hér við Faxaflóa. Árangurinn af slíkri pólitík verður enginn annar en sá, að orsaka óþarfar tafir og baka þeim kostnað, er reka verzlun í Viðey. Því að þeir verzla þar auðvitað alt að einu; þurfa ekki

annað en snúa sér til viðkomandi sýslunefndar — eins og þeir hafa gert — og fá leyfi til verzlunar, og munurinn verður þá að eins sá, að ef staðurinn verður ekki löggiltur, verða þeir annaðhvort að láta skip sín koma við í Reykjavík eða Hafnarfirði fyrst, eða senda skipstjórana suður í Hafnarfjörð með skipaskjölin til þess að fá afgreiðslu á þeim, eins og þeir hafa orðið að gera í vor.

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Einn nefndarmanna hefir komið fram með breytingartillögur, án þess að bera sig saman við samnefndarmenn sína. Það er háttv. 3. kgk. þm., sem það hefir gert. — Um fyrstu breytingartillöguna þarf eg ekki að fjölyrða; þar var auðsjáanlega að eins um ritvillu í frv. að ræða. — 2. breytingartillagan, um að setja »á« í stað »í«, þykir mér litlu skifta, en álíta verð eg það vafasamt, hvort það er fegurra mál eða málfræðislega réttara, að orða það á þann hátt, er hinn háttv. 3. kgk. þm. óskar.

4. breytingartillaga háttv. 3. kgk. þm. fer fram á, að löggilda Viðey í Kjósarsýslu, og skal eg ekki vera henni mótfallinn; en þar sem Nd. þegar hefir felt frv. þar að lútandi, þá get eg ekki fylgt henni, ef öllu frv. er með því hættu stofnað. Eg bjóst heldur ekki við, að háttv. 3. kgk þm. myndi verða þess svo mjög fýsandi, að fjölga verzlunarstöðum, því að þegar tilrætt var um löggildingu Ósanna hér á dögunum, þá talaði hann hreinasta óráð. Eg get ekki kallað það annað en óráðshjal, að vera að tala um að löggilda hafnir fyrir loftför, eins og háttv. 3. kgk. þm. gerði þá. Eg skal engar getur að því leiða, hvað honum gengur til, með því að leggja svo mikið kapp á löggilding Viðeyjar; það kemur líka síðar í ljós. En eins og eg sagði áður, mun eg greiða atkv. með þeirri löggildingu, á meðan hún ekki stofnar öllu frv. í hættu.

Sigurður Hjörleifsson: Eg álít vafasamt, hvort heimilt sé að bera upp hér í deildinni breytingartillögu um að löggilda Viðey, þar sem frv. þar að lútandi hefir þegar verið felt í Nd., og óska eg úrskurðar forseta um það atriði.

Forseti (J. P.): Eg lít svo á, sem ekkert sé því til fyrirstöðu samkvæmt 30. gr. þingskapanna, að bera upp sem breytingartillögu hér í deildinni það sem fallið hefir í frumvarpsformi í hinni deildinni. Eg úrskurða því, að tillagan megi koma til atkvæða hér í deildinni.

Ari Jónsson: Úr því úrskurðurinn féll svona, finn eg ástæðu til þess að segja nokkur orð. Mér þykir það dálítið undarlegt, að um leið og nefndin öll kemur fram með frv., þá skuli einn nefndarmanna koma fram með þessa breytingartillögu, — breytingartillögu, sem einmitt fer fram á löggilding, sem feld hefir verið í hinni deildinni. Eg lít svo á, sem sú breytingartillaga sé banatilræði við frumv. í heild sinni. (*Ágúst Flygenring:* Ljóti skaðinn). Hvort sem það er nú skaði eða skaði ekki, þá er öllu frv. með því í hættu stofnað, því að tími mun varla vinnast fyrir þingið til þess að afgreiða frv., ef því verður breytt í Nd. Annars hélt eg að háttv. 3. kgk. þm. færi eigi að mæla með þessu frv. sem nefndarmaður, ef hann áliti það einskis virði. En furðu grunsöm og skrítin er breytingartillaga hans, því að engar líkur eru til, að háttv. Nd. verði fúsari til þess að samþykkja löggilding Viðeyjar, þótt ákvæði um það sé skotið inn í frv., er fleiri ákvæði hefir að geyma heldur en frv., er að eins fer fram á þá löggildingu eina, því eins og þingheimur veit, var það frv. fyrir Nd. fyrir nokkrum vikum.

Steingrímur Jónsson: Eg skil

ekki rökfærslu hins háttv. þm. Strandamannð. Ef Nd. vill fella Viðey, þá er hægt að gera það með breytingartillögu, og frv. getur því alls engin hætta stafað af því, þótt hún verði samþykt. Sjálfur hika eg ekki við að greiða atkv. með löggildingu Viðeyjar, og er þakklátur háttv. 3. kgk. þm. fyrir að hafa gefið mér tækifæri til þess.

Agúst Flygenring: Það er góðra gjalda vert af hinum háttv. framsögum., að hann ekki er því mótfallinn að löggilda Viðey. Þar sem honum virtist eg tala óráð, þar sem eg mintist á loftför í sambandi við löggilding Ósanna, þá get eg sagt þeim herra það, að það verður jafnsnemma farið á loftförum yfir hafið og nokkur fleyta þorir að fara inn á þær hafnleysur, því að þangað er engu skipi fært. Háttv. framsögum. gat ekki skilið, hvers vegna eg vildi skifta um orð. Skilning get eg ekki gefið honum — það mun ekki vera pláss fyrir hann —, en eg get sagt honum það, að eins og menn nú ganga öðru vísi klæddir en fyrir 1000 árum, eins klæða menn nú hugsanir sínar í annan búning en á söguöldinni. Málið breytist eins og alt annað. — Það er eins og það stingi menn, þegar minst er á að löggilda Viðey. Eg sé ekki hvað ætti að vera því til fyrirstöðu, að taka löggilding Viðeyjar upp sem breytingartillögu hér, þótt frv. um það efni hafi fallið í Nd. Neðri deild hefir vit á að fella hana burt með breytingartillögu, ef henni svo sýnist, og þarf því þessum blessuðum Ósum, sem hinn háttv. þm. V.-Skaft. hefir tekið svo miklu ástfóstri við, engin hætta að stafa af því, þótt breytingartillaga mín verði samþykt. Eg þarf ekki að fara um þetta frekari orðum, enda stendur mér á sama um orðabreytingarnar.

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Það er að eins kurteisi vegna að eg stend upp. Háttv. 3. kgk. þm. afsakaði, að hann ekki gæti gefið mér skilning. Eg er honum þakklátur fyrir umhyggjuna; en annars vildi eg leyfa mér að benda hinum háttv. 3. kgk. þm. á, að það væri nú bezt fyrir okkur að að þræta sem minst um málfræðisleg efni; við erum hvorugur sérfræðingar í þeirri grein. En það hefir einkennilega ýfandi áhrif á skapsmuni háttv. 3. kgk. þm., ef Ósar þessir eru nefndir. Eg dreg þá ályktun af orðum hans, að hann alls ekki þekki Íslandskort, en úr því svo er, ætti hann sem minst að tala um það, sem hann ekki hefir þekkingu á. Hann hefir komið í Viðey, en ekki í Skaftárós, þótt hann ef til vill hafi siglt þar fram með ströndinni, og þá líklega ekki farið mjög grunt, jafnhræddur og hann er við þá; en eg þekki Ósana og hefi líka séð Viðey, og verð því að álíta að eg sé kunnugri, — og að minsta kosti þekki eg ströndina í Vestur Skaftafellssýslu betur en háttv. 3. kgk. þm. En honum er auðsjáanlega annast um Viðey og Hafnarfjörð, og kysi sjálfsagt helzt, að á engar aðrar hafnir væri siglt.

ATKV.GR.:

1. br.till. (415) við 1. gr. samþ. án atkv.gr.
2. br.till. (415) við 1. gr. samþ. með 7 : 2 atkv.
3. br.till. (415) við 1. gr. samþ. án atkv.gr.
4. br.till. (415) við 1. gr. samþ. með 6 : 2 atkv.

1. gr. frv. breytt samþ. með 8 : 1 atkv.

2. gr. frv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 9 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 9 samhlj. atkv.

Þriðja umræða; 13. apríl. (A, 425).

Júlíus Havsteen: Eg var kominn á fremsta hlunn með að koma með breytingartillögu við þetta frumv., en vildi ekki gera það vegna háttv. sessunautar míns, 3. kgk. þm. — Br.till. átti að snerta það ákvæði, sem sett hefir verið í frumv. um Viðey. Það stendur svo á, að frumv. um löggilding Viðeyjar var felt í neðri deild, en svo tekið upp aftur og gert að breytingartillögu í þessari deild. Þetta var gert með úrskurði forseta og farið eftir 30. gr. þingskapanna, en ekki eftir 27. gr. sem átt hefði að gera. Eg skal ekki fjölyrða neitt um þetta atriði, en mér hefir fundist síðan að lítil von mundi til þess, að Nd. samþykti frumv. þannig lagað, og væri þá ekki réttara að stytta því aldur strax hér. Eg get að minsta kosti ekki greitt atkvæði með því.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 12:1 atkv., og sendist forseta Nd.

Ein umræða; 26. apríl. (A. 583; 600; 624).

Agúst Flygenring: Eg stend aðeins upp til að mæla með viðaukatill. minni við frumvarpið. Hún fer fram á það, að Viðey sé bætt við þá staði, sem á að löggilda. Það var samþykt hér í deildinni en felt í Nd. Eg ætla ekki að fara að rifja upp ástæðurnar fyrir því, hve réttlátt það er í sjálfu sér, og hve meinlaust það er Reykvíkingum og öðrum, er nærri búa, að Viðey fái löggildingu. Það hlýtur hver maður að sjá, að það er beinlínis sjálfsögð skylda að löggilda Viðey, þegar litið er á aðrar löggildingar, sem hér er farið fram á. Það, að það mundi skaða aðra verzlunarstaði, er engin *ástæða* út af fyrir sig, því allar slíkar löggildingar skaða auðvitað einhvern annan verzlunarstað, ef um nýja verzlun er að ræða, en hér er ein verzlun. Eg skal taka það fram, að nefndin vildi ekki bera þessa tillögu fram, af því hún hélt að hún gæti orðið málinu, það er: hinum stöðunum, sem gert er ráð fyrir að löggilda, til falls.

Framsögum. (Gunnar Ólafsson): Eg tók það fram við 2. umræðu frumvarpsins, að eg væri ekki mótfallinn þessari tillögu, og mundi vera með henni, meðan frumvarpinu í heild sinni væri ekki hætta búin af henni. Nú hefir Nd. felt löggildingu Viðeyjar, og það er ekki ólíklegt, ef Viðey væri bætt við hér aftur, og málið kæmist í sameinað þing, að þá félli frumvarpið alt, og þess vegna mun eg greiða atkvæði á móti þessari tillögu núna. Mér finst ekki rétt að halda löggilding Viðeyjar svona til streitu, þar sem Nd. er margoft búin að sýna að hún er henni mótfallin. Málið var fyrst felt á þingi 1907, og nú er búið að fella það tvisvar á þessu þingi. Eg vona því að frumv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Steingrímur Jónsson: Eg vil aðeins lýsa því yfir, að eg mun greiða atkvæði með viðaukatillögunni, af því eg álít það réttmætt að löggilda Viðey. Og á hinn bóginn álít eg að frumv. sé enginn háski búinn þó það fari í sameinað þing, því eg hygg að meiri hluti þingmanna sé með löggildingu Viðeyjar; að minsta kosti er engin hætta á því að það yrði frumvarpinu að öðru leyti til falls.

ATKV.GR.:

Viðaukatill. (624) feld með 8:5 atkv.

Frumv. óbreytt samþ. með 11 samhlj. atkv. og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Eignarnámsheimild.

FRUMVARP til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólabygging (A. 436). 1. umræða; 14. apríl.

Sigurður Stefánsson: Eg skal leyfa mér að skýra hinni háttv. deild frá, hvernig á því stendur að eg hefi ekki flutt þetta frumv. fyr á þinginu. Bæjarstjórnin á Ísafirði vill bæta við skólahúsbyggingu sína, en hún stendur við eina aðalgötu bæjarins á jaðri lóðar sem er privateign, og kaupstaðurinn hefir því ekki ráð yfir. Á bæjarstjórnarfundi hefir verið samþykt áskorun um það, að fá löggjafarvaldið til að veita bæjarstjórninni heimild til að láta eignarnám fara fram á lóðinni, en bæjarfógeti gleymdi að afhenda mér skjölin. Fyrir nokkrum dögum talaði bæjarfógeti við mig í síma og spurði mig hvernig stæði á því að frumvarpið væri ekki komið fram, og svaraði eg að það kæmi til af því, að eg hefði ekki enn fengið neina vitneskju um mál þetta. Það varð að samkomulagi með okkur, að eg skyldi samt flytja þetta frumvarp, þó áliðið væri þingtímans.

Bæjarstjórnin vill byrja á byggingunni á næsta ári, en vilji eigandi ekki selja lóðina, þá getur hún það ekki nema þessi heimild til eignarnáms fáist. Eg skal taka það fram, að lóðin er sérstakt tún, sem er eign einnar stærstu verzlunarinnar á Ísafirði, Tangsverzlunar. Jafnframt skal eg geta þess, að auðvitað mun bæjarstjórnin ekki neyta þessarar heimildar, ef hún kemst að góðum kjörum við eigandann. Eg vona að háttv. deild veiti undanþágu frá 18. gr. þsk. og leyfi að málið sé tekið til meðferðar í deildinni þó seint komi. Við 2. umr. mun eg gera grein fyrir hinum einstöku greinum frumv. Annars mun eg taka með þakklæti bendingum frá lögfræðingum um það.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hlj. að vísa málinu til 2. umræðu.

Önnur umræða; 16. apríl. (A. 436).

Sigurður Stefánsson: Eg gerði grein fyrir frumvarpinu við 1. umræðu og mintist jafnframt á, að eg mundi taka með þökkum leiðbeiningum frá lögfræðingum í deildinni, en þar eð engin breyt.till. hefir komið fram, get eg verið fáorður. Eg skal geta þess, að ákvæðin í 2. gr. eru tekin upp eftir samhljóða ákvæðum í 1. gr. í lögum 22. okt. 1907 um vatnsveitu í Reykjavík, og er því ætlast til að sama aðferð sé viðhöfð við eignarnámið, sem notuð er hér. Eg vona að deildin lofi frumvarpinu að ganga fram tafarlaust.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 3. umræðu í einu hljóði.

Þriðja umræða; 20. apríl. (A. 436).

ATKV.GR.:

Frumv. sþ. umræðulaust í e. hlj., og sendist til forseta neðri deildar.

Bókasafn Ísafjarðar.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög no. 80, 22. nóvbr. 1907. (A. 348). 1. umræða; 31. marz.

Sigurður Stefánsson: Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, var hér á dögunum mál til meðferðar í deildinni um bókasöfnin á Ísafirði og í Stykkishólmi. Sú nefnd, sem fjallaði um málið, hefir átt fundi með sér og komið sér

saman um að leggja það til, að bókasafnið á Ísafirði fái sama rétt sem hin bókasöfnin.

Eg þóttist við fyrri umræðu þessa máls færa full rök að því að bókasafn á Ísafirði ætti fylsta rétt á að fá styrk af almannafé, þar sem bókasafnið á sér miklu meiri lífsskilyrði heldur en bókasafn Vesturamtsins. Eg tók það þá fram, að um 3000 manns eiga kost á að nota safnið daglega, og umhverfis væru þéttbýl bygðarlög, sem geta notað safnið að minsta kosti vikulega. Eg tók það líka fram, hve safnið hefði vaxið fljótt, og þar með hver áhugi því væri sýndur, þar sem nú þegar eru í því um 2000 bindi, og 3000 bindi hafa verið lánuð úr því á árinu, sem leið. Eg vona að deildinni þyki þetta ekki ósanngjörn umleitan, og það því síður, sem þessi fjórðungur hefir verið afskiftur um öll mentamál.

Eg býst ekki við að þurfi frekari málalenginga, en vil aðeins leggja málið undir góðvild háttv. deildar.

Steingrímur Jónsson: Eg skal ekki tefja umræðurnar. En eg vildi aðeins spyrja um, hvort deildin gæti ekki átt kost á að kynna sér bókaskrá og fyrirkomulag safnsins. Mér þætti æskilegt að það væri unt áður en málið er samþykt til fullnustu.

Sigurður Stefánsson: Eg skal verða við ósk hv. 4. kgk. þm. Það vill svo vel til að eg hefi í höndum bókaskrá safnsins frá 1908, og skal hún verða lögð fram á lestrarsalinn. Þessi bókaskrá var samin síðastliðið vor, og vona eg að hún sé að öllu leyti frambærileg.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Önnur umræða; 2. apríl. (A. 348).

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt í einu hljóði, og vísað til 3. umr. með 9 samhljóða atkvæðum.

Þriðja umræða; 13. apríl. (A. 348).

ATKV.GR.:

Frumv. umræðulaust samþ. í einu hljóði, og sendist nú forseta neðri deildar.

Ein umræða; 28. apríl. (A. 610).

Sigurður Stefánsson: Eins og háttv. forseti tók fram, hafa verið gerðar töluverðar breytingar á þessu frumv. í Nd., en eg býst þó við að megi kalla það sama frumv., sem hér var samþykt, aðeins með viðaukum. — Viðaukinn er fólginn í því, að prentsmiðjur séu aðeins skyldar að senda bókasöfnum rit, sem þær hafa haft til prentunar, séu ritin stærri en eða nái 2 örkum. Eg álít þetta ákvæði einkar hentugt, því það ber að líta á það annars vegar, að prentsmiðjunum sparast við þetta nokkur kostnaður, og hins vegar getur bókasöfnunum naumast verið neinn akkur í að fá alla lappa sem prentaðir eru, t. d. auglýsingar úr »Bíó« o. s. frv. Slíkt er aðeins til að fylla pláss og enginn fróðleikur fylgir því.

Eg álít ekki að háttv. deild þurfi að skoða huga sinn um að samþykkja frumv. eins og það kemur frá Nd., því þótt breytingar hafi verið gerðar töluverðar á því, þá eru þær þó til bóta.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í einu hljóði og afgreiðist til ráðherra sem lög frá alþingi.

Kirknafé.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890. (A. 676); 1. umræða; 30. apríl.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm).: Það getur verið, að ýmsum þyki kynlegt, að hér kemur fram frumv. um að gefa einni kirkju undanþágu frá gildandi lögum, en af því, að eg er þessu máli að líkindum kunnugri en flestir aðrir háttv. þingdeildarmenn, skal eg leyfa mér að skýra málið með nokkrum orðum.

Eins og þeir muna, sem voru á þingi árin á milli 1890 og 1900, var oft talað um að losa landsjóð við kirkjur þær, sem hann átti, og var því lagt að söfnuðunum að taka kirkjurnar að sér; svo var og um Möðruvallakirkju. Þar var söfnuðurinn tregur til að taka við kirkjunni, því hún er stór og viðhald hennar dýrt Eg átti sjálfur þátt í því máli, og vissi hvernig það fór fram.

Eg áleit það rétt, að söfnuðurinn tæki við kirkjunni og átti í þjarki um það í nokkur ár. Loks tók söfnuðurinn kirkjuna að sér með því skilyrði, að fúlga sú, sem landsjóður lagði kirkjunni, væri ávöxtuð í sparisjóði hreppsins, það þótti hagnaður að fá þetta fé inn í hreppinn. Eg hefi í höndum bréf sem þáverandi prestur þar skrifaði prófasti, og kemst hann svo að orði:

(**Aths.**: Bréfið hefir ekki verið innfært í ræðuna.

Útgef.)

Það var bæði að söfnuðurinn vildi fá þetta fé inn í sveitina, og líka það, að vextir voru hærri í þeim sparisjóði, en annarstaðar. Nú hefir þetta staðið svo þangað til núverandi biskup fór að eiga við málið af nýju; þótti honum þessi ráðstöfun fara í bága við lögin um hinn almenna kirkjusjóð. En söfnuðurinn álítur nú að hann sé laus við kirkjuna ef féð er tekið; enda skil eg ekki að það skifti miklu, hvort féð er þarna í sparisjóðnum eða ekki, því þó það sé þar, þá getur kirkjustjórnin litið eftir hvernig með það er farið, og að full tryggilega sé um alt búið.

Eg hefi í dag talað við biskup um mál þetta, eg hefir hann ekkert á móti að söfnuðinum sé veitt þessi undanþága, ef frumv. aðeins verður breytt á þann hátt, að hún aðeins gildi meðan þessi kirkja stendur, eða með öðrum orðum, hann vill aðeins veita undanþáguna að því er þann sjóð snertir, sem nú er til, en síðar meir skuli þessi kirkja sömu lögum háð, sem aðrar, og mun eg við 2. umræðu koma með breytingartillögur, er færa frumv. það horf.

Kristinn Daníelsson: Mér þykir frumv. þetta athugavert. Það fer fram á breytingu á lögunum frá 22. maí 1890. Þau lög eru sett í því skyni að tryggja sjóði kirknanna, en þó jafnframt til þess að styðja kirkjubyggingar. Og það hefir aldrei verið jafnmikill áhugi sem nú, á að reisa og bæta kirkjur, og því aldrei meiri þörf en nú á því að styðja að samvinnu meðal kirknanna í því efni. Það er það sem lögin frá 1890 gera; þau mæla svo fyrir, að kirkjur skuli hafa forgangsrétt til lána úr kirkjusjóðnum; frá þessu ákvæði eru bændakirkjur einar undanskildar. Fyrir því þykir mér varhugavert að fara að víkja frá almennri reglu, þar sem ekki ber brýnari nauðsyn til en hér virðist vera. Háttv. 6. kgk. þm. sagði, að söfnuðurinn hefði tekið kirkjuna að sér með þessu skilyrði, en sé svo, hlýtur það að vera sprottið af vanþekkingu þeirra, er hlut áttu að máli, þar sem það er gagnstætt gildandi lögum. Væri þessi undanþága veitt, þætti mér réttara að það væri gert undir hendinni, en með lagaboði, enda mætti sjálfsagt koma því við,

einkum þar sem biskup er málinu hlynntur, að því er háttv. 6. kgk. þm. skýrir frá. Vil eg því helzt, að frumv. verði felt, enda finst mér satt að segja helzti umsvifamikið að vera að veifa löggjafarvaldinu út af ekki meira tilefni en þessum 2000—3000 kr. sjóði Möðruvallakirkju.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Hinn háttv. þm. V.-Ísf. þarf ekki að vera hræddur um að fleiri kirkjur muni fara fram á slíka undanþágu, sem hér um ræðir, þótt þessi verði veitt, því að það stendur hvergi eins á og hér, það hefir engin kirkja verið afhent með þessu skilyrði nema Möðruvallakirkja. Og ef söfnuðurinn skilaði kirkjunni aftur, sakir þess að skilyrðinu væri ekki fullnægt, þá rynni sjóður Möðruvallakirkju í landsjóð, svo að kirkjusjóðurinn græðir ekkert á því, þótt neitað verði um undanþáguna. Ennfremur skal eg geta þess, að kirkja sú, er hér um ræðir, er meira en 40 ára gömul, og því ekki líklegt, að langt verði þar til byggja þarf hana af nýju, og þá fellur undanþágan burt. Auk þess finst mér það miður viðeigandi, að landstjórnin fari að rifta þeim samningi, er hún þegar hefir gert við söfnuðinn. Hinn háttv. þm. V. Ísf. kvað það mundu sprottið af vanþekkingu þeirra, er hlut áttu að máli, að samningurinn væri þannig úr garði gerður, að hann færi í bága við gildandi lög, en eg held ástæðan hafi öllu fremur verið sú, að landstjórnin vildi um fram alt losna við kirkjuna, og vér Möðruvallasóknarmenn treystum því, að óhætt væri að reiða sig á loforð stjórnarinnar. Eg vona að deildin að minsta kosti lofi málinu að ganga til 2. umræðu, svo mér gefist kostur á að koma fram með þær breytingartillögur við frumv., er biskup telur æskilegar.

Sigurður Stefánsson: Eg skal játa það, að upplýsingar þær, sem háttv. 6. kgk. þm. kom með, breyta dálitið afstöðu minni að því er þetta frv. snertir, því að annars er eg á sama máli og háttv. þm. V.-Ísf. um að sjálfsagt sé, að alt kirknafé sé lagt inn í hinn almenna kirknasjóð. Álít eg því mjög óheppilegt að veita slíkar undanþágur, sem þá er hér var farið fram á. Mig undrar ekki þótt söfnuðurinn setti þetta skilyrði; á hinu furðar mig meira, að kirkjustjórnin skyldi ganga að því, en þó má virða henni það til vorkunnar, að henni mun hafa verið mikið kappsmál, að fá söfnuðinn til þess að taka við kirkjunni. Og eitt vildi eg enn taka fram í þessu sambandi, að Möðruvallakirkja getur naumast búist við að fá lán úr hinum almenna kirkjusjóði til endurbyggingar, og gæti það ef til vill komið sóknarmönnum óþægilega. Eg mun þó, vegna upplýsinga þeirra, er háttv. 6. kgk. þm. hefir gefið, greiða atkvæði með því að frumv. gangi til 2. umræðu, enda þótt eg í raun og veru sé málinu mótfallinn.

Jens Pálsson: Eg vildi að eins bæta því við, að mér virðist að hér sé verið að skapa ískyggilegt fordæmi. Má vel vera, að enn hafi enginn söfnuður hegðað sér eins og Möðruvallasóknarmenn, en það eru enn eftir 2 landsjóðskirkjur í Vestur-Skaftafellssýslu, sem landsjóður ekki hefir afhent söfnuðunum, og má búast við, að þær á sínum tíma setji einhver svipuð skilyrði, sem þessi söfnuður hefir gert, að fúlga sú, er kirkjunum kann að fylgja frá landsjóðs hendi, sé undanþegin ákvæðum laganna um hinn almenna kirkjusjóð. Sama má segja um aðrar kirkjur, er sjóði eiga, og söfnuðum gefst kostur á að taka við. Söfnuðirnir gætu sett sviplík skilyrði. Yrði slíkum beiðnum sint, gætu þær orsakað óreglu og glundroða,

er hnekti tilgangi og þrifum hins almenna kirkjusjóðs, og væri þá öllum hrörlegum kirkjum, sem endurbyggingar eða endurbóta þurfa við, gert rangt til; þær færu á mis við hlunnindi, sem lögin um hinn almenna kirkjusjóð ætla þeim. Eg trúi því ekki fyr en eg sé skjöl og skilríki fyrir því, að stjórnin hafi gengið að þessu lögum gagnstæða skilyrði. Eg get vel trúað því, að söfnuðurinn hafi sett þetta skilyrði í fyrstu, en hafi hann ekki fengið formlegt samþykki stjórnarinnar, að því er það snertir, og þó tekið við kirkjunni, ber að líta svo á, sem hann hafi fallið frá skilyrðinu. Eg get gert flutningsmanni það til þægðar, að greiða atkvæði með frumv. til 2. umr., en út úr deildinni vil eg með engu móti hleypa því, nema á því séu gerðar þær breytingar, er girða fyrir það, að slíkt geti átt sér stað framvegis. Má og leita álits biskups um málið áður en frumv. verður til 2. umr. Skal eg svo ekki fara um málið frekari orðum að sinni.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg skal benda hinum háttv. þm. G.-K. á, að fordæmið er þegar gefið. Söfnuðurinn setti þetta skilyrði, og kirkjustjórnin hefir gengið að því. Annars þykir mér það hart, að hinn háttv. þm. skuli ekki vilja taka skýrslu mína trúanlega, þar sem það einmitt var eg, er fyrir safnaðarins hönd samdi við stjórnina um afhendingu kirkjunnar.

Jens Pálsson: Eg lít svo á, að söfnuðurinn haldi þessum sjóði í heimildarleysi, og óhlýðnist þar með kirkjustjórninni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 10 : 1 atkv.

Önnur umræða; 3. maí (A. 676; 700).

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Við 1. umræðu málsins gat eg þess, að við 2. umræðu mundi eg koma með breytingartillögu; hún er á þgskj. 700, og vænti eg þess, að deildin samþykki hana. Með breytingartillögunni er loku fyrir það skotið, að undanþágan haldist lengur en til er tekið. Breytingin er gerð í samráði við biskup; og er hann málinu meðmæltur. — Mótmælum þeim, sem komu fram við 1. umr., mótmælti eg þá og sýndi fram á, að þau væru á engum rökum bygð. Það var talað um hættulegt fordæmi; en um slíkt getur ekki verið að ræða hér, þar sem þær ástæður, sem hér eru fyrir hendi, eru einstakar og hrein undantekning.

Jens Pálsson: Eg tók ljóst fram, að fordæmið væri hættulegt; og verður því ekki mótmælt, og að því leyti er þetta mjög svo viðsjárverð breyting. — En hvað það atriði snertir, að biskup sé þessu máli meðmæltur, þá skal eg ekki segja um það, hvor okkar hefir talað við hann síðar. En þegar eg talaði við hann nú milli umræðna, þá lét hann í ljósi við mig, að hér væri um »princip«-brot að ræða; kvaðst þó vilja vera svo frjálslyndur og efni gefanlegur í þessu efni við þann söfnuð, sem hér er um að ræða, sem fram á yrði farið með sanngirni, kalla eftir sjóðnum smátt og smátt og taka í heild sinni ástæður af fremsta megni til greina. Þetta sagði hann við mig. — En hvað sem því líður, þá álít eg, að alls ekki sé rétt að samþykkja slíka undanþágu frá gildandi lögum, sem og enda ríður beint í bága við anda laganna, og hlýt eg að vera slíku algjört mótfallinn.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Háttv. síðasti ræðumaður talaði mikið um, hver hætta gæti af þessu stafað, að því er fordæmin snertir.

En það er vitanlegt, að þar er þó að eins að ræða um 2 landsjóðskirkjur, sem líkt stendur á með. — Hins vegar hefir söfnuðurinn tekið við kirkjunni beint með þessu skilyrði; og væri það því beint brot á samningi, ef stjórnin fer nú að taka sjóðinn aftur af þessari kirkju. Nú hefir einmitt reynst svo, að söfnuðurinn hefir ekki viljað taka að sér þessa kirkju með öðru móti en því, sem í samningi þessum er til tekið. Eg skal ekki deila um það, hverja heimild stjórnin hafi haft til að gangast undir þau skilyrði, sem hér er um að ræða. En hins vegar hlýtur hver maður að sjá, að sé samningurinn ekki haldinn, úr því hann er fram kominn á annað borð, þá er það hin mesta rangsleitni gagnvart söfnuðinum. — Hvað biskup segir því viðvíkjandi, að hann vilji sýna söfnuðinum mildi eða vægð, þá getur slíkt ekki komið hér til greina. Hér er að eins um það að ræða, hvort halda beri gjörðan samning, og annað ekki.

Jens Pálsson: Eg hlýt að halda fast við þá skoðun mína, að hér sé um hættulegt fordæmi að ræða, sem komið geti til greina í miklu fleiri tilfellum en þeim tveimur, sem háttv. 6. kgk. þm. talaði um. Það liggur ljóst fyrir, að hvar sem söfnuður tekur við kirkju, getur hann eftir þessu gert það að skilyrði, að hann megi gera hvað sem honum þóknast við kirkju-portsjónina. — En hver hefir annars samþykt þetta skilyrði, sem söfnuðurinn setti? (*Stefán Stefánsson:* Landstjórnin). Málið átti að ganga til héraðsfundar og biskups, og hafi héraðsfundur og biskup eigi samþykt hið umræddda skilyrði, en söfnuðurinn samt tekið við kirkjunni, hefir hann frá skilyrðinu fallið, og er það þá að minu áliti ekki bindandi. Hvað landshöfðingi hefir veitt ádrátt um fyrir fram er mér ókunnugt um; en til biskups hefir skilyrðið og málið aldrei komið í þessu formi, að minsta kosti hvað sparisjóðnum viðvíkur. — Annars hefi eg ekki séð það neinstaðar, að stjórnin hafi samþykt þetta; enda er það óhugsandi, því slíkt samþykki hefði verið henni heimildarlaust að lögum, og því þýðingarlaust.

Kristinn Daníelsson: Eg hlýt að vera því algjört mótfallinn, að kirknafé sé dregið undan tilgangi laganna um stofnun almenns kirkjusjóðs, ekki sízt á þessum tímum. — Hvað fordæminu viðvíkur, þá gæti það náð til allra kirkna; hver einasta kirkja landsins, sem nokkuð á í sjóði, gæti farið að nurla með hann í sparisjóð, o. s. frv. Það kann að standa sérstaklega á hér, að því er það snertir, að hér liggi gjörður samningur fyrir hendi. Sé svo, þá er slíkt algjörlega á landstjórnarinnar ábyrgð; og verður hún þá að taka sjálf afleiðingunum. En í heild sinni verð eg að vera því meðmæltur, að frumv. þetta sé felt. Því sé þetta látið ganga í gegn, þá stendur leiðin opin fleirum svipuðum tilfellum.

Jósef Björnsson: Hér finst mér að eins tvent mögulegt: *annaðhvort* hafi söfnuðurinn tekið við kirkjunni með þessum skilyrðum, sem til hafa verið nefnd og stjórnin lagt samþykki sitt þar á, að söfnuðurinn fengi hönd yfir kirkjusjóðnum, *eða* stjórnin hefir ekki samþykt skilyrðin, og þá hefir söfnuðurinn ekki tekið ennþá við kirkjunni. Þess vegna mun eg greiða atkvæði með frumvarpi þessu; og get eg einnig búist við, að ýmsir fleiri muni ekki kæra sig um að kippa samningnum upp eða rifta honum, og greiði því atkvæði með honum.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (700) samþ. með 9 : 1 atkv.

Frumv. samþ. með 10 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umræða; 5. maí (A. 719).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 8:1 atkv., og afgreiðist nú til forseta neðri deildar.

Landsbankinn.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. (A. 652); 1. umræða; 30. apríl.

Agúst Flygenring: Fyrst að næsta máli á undan (um kaup á hlutabréfum Íslandsbanka) var vísað í nefnd, er ekki síður ástæða til að vísa þessu máli í nefnd, og leyfi eg mér því að stinga upp á að málinu verði vísað til nefndarinnar, sem sett var í næsta mál á undan.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til nefndarinnar í Íslandsbankamálinu.

Önnur umræða; 4. maí (A. 652; 705).

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Nefndin sem kosin var til að athuga þetta frumv. hefir haft mjög nauman tíma til þess, svo að álit hennar er ekki svo ítarlegt, sem hún hefði óskað. Vona eg að háttv. deild fyrirgefi það.

Nefndin hefir leyft sér að koma með nokkrar uppástungur til breytinga á frumv. Í fyrsta lagi skal þess getið, að nefndinni fanst eftir atvikum ekki ástæða til að gera allar þær breytingar á stjórn bankans, sem frumv. fer fram á. Á hinn bóginn játar nefndin, að sumar breytingarnar séu ekki nema eðlilegar. Störf bankans hafa aukist mjög ár frá ári, og er því meiri nauðsyn nú en áður, að góðir starfskraftar séu við hann. Af þeirri ástæðu getur nefndin aðhylst að bæta við einum bankastjóra, svo að þeir verði framvegis tveir; þó voru nokkrir í nefndinni, sem ekki álitu brýna nauðsyn bera til að gera þessa breytingu. Að því er snertir þá breytingu frá núverandi fyrirkomulagi, að skipa ráðunaut í stað gæzlustjóra, er þess að geta, að hvorugur þeirra gæzlustjóra, er nú eru við bankann, hefir útendað starfstíma sinn, og nefndin leit svo á, að þeir ættu rétt á að starfa tímann út og fá kaup allan þann tíma, sem þeir eru kjörnir til. Ennfremur áleit nefndin, að sérstakur ráðunautur mundi í heild sinni ekki vera neitt hentugri fyrir bankann en þeir gæzlustjórar, sem hafa verið við hann undanfarið og verða vafalaust áfram, ef ekki verður sú breyting gjörð á stjórn bankans að afnema þá. Og nefndin verður að telja þá svo góða menn, að ekki sé ætlandi að þeir láti af starfa sínum. Eg skal þá ekki fara fleiri orðum um breyt.till. við 1. gr., en skal þó geta þess, að nefndin leit svo á, að orðin: »með sex mánaða uppsagnarfresti« hefði fallið burt úr greininni af óaðgæzlu, þar sem þau standa í núgildandi lögum um ráðunaut bankastjóra. Hvort hentugt sé að hafa þetta ákvæði í lögunum, má ef til vill deila um; eg bendi að eins á þetta atriði til frekari athugunar, og er þeirrar skoðunar, að það vel mætti missa sig. Um breyt.till. við 3. og 4. gr. þarf eg ekki að tala; þær eru að eins eðlileg afleiðing af þeirri breyt.till. við 1. gr., að hafa gæzlustjóra í stað ráðunautsins.

Önnur efnisbreyting, er nefndin leggur til að gerð verði á frumv. er sú, að fella burtu það ákvæði 5. greinar, að bankastjórar skuli fá hlutdeild í gróða bankans. Nefndin leit svo á, að landsbankinn ætti að vera stofnun, er aðallega hefði hag og þarfir landsmanna

fyrir augum, en ekki gróðastofnun. En verði stjórnendum bankans gefin hlutdeild í gróðanum, gæti það orðið til þess, að þeir færu að leggja meiri áherzlu á það, að gera bankann að gróðastofnun, og lítu minna á hag viðskiftavina hans. Nefndin leggur því til, að þessari gróðahlutdeild sé slept, en laun bankastjóranna aftur hækkuð úr 4000 kr. upp í 6000 kr., til að bæta þeim upp skaðann. Að minsta kosti álítur nefndin, að gróðahlutdeildin ætti að vera miklu minni, ef ætti að halda henni, því þá yrði minni freisting fyrir bankastjórana til að hafa aðallega gróða bankans fyrir augum. Þá hefir nefndin lagt til, að ekki sé gerð nein breyting á launum bókara bankans, frá því sem nú er. Aðrar efnisbreytingar hefir nefndin ekki lagt til að gjörðar sé við frumvarpið, nema þá, er leiðir af breyt.till. við 1. gr., að laun ráðunauts falli burtu, og laun gæzlustjóra komi í staðinn.

Hinar breytingarnar eru að mestu leyti orðabreytingar, og ekki þannig vaxnar, að deildin geti ekki áttað sig fljótlega á þeim, og vil eg því ekki, sökum naumleika tímans, orðlengja meir um mál þetta.

Sigurður Hjörleifsson: Eg geri ráð fyrir að menn muni álíta að nefndin hafi breytt frumvarpinu til bóta; um það má mikið deila. Eg vil þó aðeins benda á eitt atriði, sem sé það ákvæði, að segja má bankastjórum upp með hálfs árs fyrirvara. Eg lít svo á, að þetta ákvæði sé mjög hættulegt. Það gæti haft þá afleiðingu, að erfitt yrði fyrir stjórnina að fá hæfa menn í þessa stöðu, þar sem þeir gætu búist við, að þeim yrði sagt upp þá og þegar með sex mánaða fyrirvara. Það er því minni ástæða til að hafa þetta ákvæði í lögunum, sem þau heimila ráðherra að víkja bankastjórunum frá. Eg vil því æskja þess, að breytingartill. við 1. gr. verði skift í tvent, þannig að sérstaklega sé borin undir atkvæði orðin »með sex mánaða uppsagnarfresti.« Eg skal benda á, að þó þetta falli burtu, raskar það ekki hugsun frumvarpsins að öðru leyti.

Lárus H. Bjarnason: Að vísu játa eg það, að nefndin hefir breytt frv. til batnaðar, en þó get eg ekki verið því fyllilega fylgjandi. Eg vil ekki breyta því fyrirkomulagi, sem nú er á stjórn landsbankans, nema eg sjái að hið nýja fyrirkomulag sé í verulegum atriðum breyting til hins betra. Eg lít svo á, að núverandi bankastjórn hafi ávalt staðið svo vel í sinni stöðu, að ekki sé þörf á að breyta af þeirri ástæðu. Eins og eg fékk tækifæri til að sýna hér í deildinni í gær, hefir bankanum ávalt farið fram, jafnvel einnig eftir að Íslandsbanki kom til sögunnar. Eg sé því ekki að frá almennu sjónarmiði sé nein þörf á því, að bæta einum bankastjóra við. Það getur verið að þörf sé á því frá sérstöku sjónarmiði meiri hlutans, til að geta komið einhverjum af sínum mönnum að bankanum. Það fyrirkomulag, sem frumvarpið fer fram á, yrði líka dýrara en núverandi fyrirkomulag. Nú kostar bankastjórnin landsjóð að eins 7000 kr. árlega, en eftir frumv. á hún að kosta 14000 kr. árlega. Eg efast mjög um að bankanum verði svo miklu betur stjórnað með þessu nýja fyrirkomulagi, að það svari þessum helmingskostnaðarauka. Eg gæti betur felt mig við að halda því gamla fyrirkomulagi, en færa upp laun bankastjórans og gæzlustjóranna. En þó eg álíti ekki að þessi breyting sé til neinna verulegra bóta, þá hefi eg þó ásett mér að gera enga rekistefnu út úr þessu, en stóð aðeins upp til að gera grein fyrir hvers vegna eg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara.

Gunnar Ólafsson: Eg get ekki tekið undir með háttv. 5. kgk. þm. þar

sem hann sagði að nefndin hefði breytt þessu frumv. til bóta. Mér finst hún í flestum atriðum hafa breytt því til hins verra. Eins og háttv. þm. Ak. tók fram, má eftir breyt.till. við 1. gr. segja bankastjórninni upp með 6 mánaða fyrirvara. Þetta finst mér ekki rétt. Það ætti þá að vera undir dutlungum stjórnarinnar komið, hvort bankastjórnin sæti til langframa eða ekki; en það gerði í mínum augum þá stöðu nokkuð ótrygga, og þegar staðan væri svo óviss, gæti það leitt til þess, að þessir menn yrðu ekki eins alúðarfullir og staðfastir við störf sín sem ella. Og því er eg móti þessu. Þá leggur nefndin til að gæzlustjórar verði eins og þeir hafa verið. Það getur nú verið gott, en þó held eg, að eftir því sem störf bankans aukast, að afgreiðslan hljóti að verða nokkuð þunglamaleg með því fyrirkomulagi sem verið hefir; því að mínu áliti eru gæzlustjórarnir of stuttan tíma í bankanum, og það mega ekki vera menn svo önnum kafnir, að þeir hafi ekki ráð á að gefa sig betur við þeim störfum. — Þá eru breyt.till. um launin. Eg játa að mér finst sem þessar tillögur fari í þá átt, að launin verði of há. Eg held að 5000 kr. ætti að vera nóg handa hvorum bankastjóranna. Eins er að nokkru leyti sú tillaga, að féhirðir bankans haldi sömu launakjörum og hann hefir nú. Það getur verið að það sé rétt, en þess er þó að gæta, að laun hans vaxa eftir því sem umsetning bankans eykst. Svo hefir verið talað um, að ef núverandi bankastjóri lætur af starfi sínu áður en hann deyr, þá fái hann 4000 kr. í lífeyri eða eftirlaun; þetta tel eg of hátt. Þingið hefir tekið þá stefnu, að afnema eftirlaun, en þarna kemur annað fram, enda álít eg ekki ástæðu til að veita þessum manni svo mikil eftirlaun, þótt hann hafi stýrt bankanum í tæp 20 ár, því að þau eru hærri en eftirlaun fráfarandi ráðherra.

Þá er breyt.till. við 6. gr., að í stað orðsins »rannsaka» komi »skoða«, en þetta gerir að vísu ekki mikið til; en eg tel þó að orðið »rannsaka« sé það réttasta orð, sem hér verður notað. Eg geri ráð fyrir að koma með br.till. við 3. umræðu, ef allar þessar br.till. verða samþyktar nú, því að þótt þær sé mismunandi, þá eru þær þó yfirleitt til hins verra.

Hinn háttv. 5.kgk.þm. taldi ekki ástæðu til að setja 2 bankastjóra, þar eð stjórn bankans hefði ætíð verið óaðfinnanleg hingað til. Það má ef til vill segja, en ekki hefir hann þó alténd verið þeirrar skoðunar.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg get ekki látið vera að svara örfáum orðum þeim ákúrum, sem nefndin hefir orðið fyrir.

Hinn háttv. 5. kgk. þm. tók það fram, og eg verð að vera á sömu skoðun, að frumv. *hafi ekki*, eins og hinn háttv. þm. V.-Sk. sagði, *stórversnað*, enda voru ýms af þeim atriðum, sem hann fann að, ekki br.till. nefndarinnar. Það fyrsta af br.till. nefndarinnar, sem hann fann að, var, að betra væri að hafa ráðunaut en gæzlustjóra. Eg skal ekki deila um það. En með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, má búast við að þetta verði aukastarf hjá ráðunautnum, eins og hjá gæzlustjórunum, og ætti eftir því hag bankans að vera gætt jafnvel af tveim mönnum sem einum, þegar starfið er aukastarf, hvort eð er. Vitanlega kosta 2 gæzlustjórar meira en 1 ráðunautur, og hinn háttv. þm. V.-Sk. hefði þá getað fundið að því, að nefndin gat aðhylst 2 bankastjóra.

Um eftirlaun eða lífeyri núverandi bankastjóra skal eg taka það fram, að nefndin hefir ekki gert neina breytingu á því; það stendur óbreytt eins og háttv.

Nd. skildist við það atriði, og er ekki að saka nefndina um það. En úr því að því atriði hefir verið hreyft, get eg getið þess, að nefndin í heild sinni er á þeirri skoðun, að þessi upphæð væri of há *sem eftirlaun*, og væri því ekki réttmæt hvað nafnið snertir. En jafnframt játar nefndin, að sá maður, sem nú er bankastjóri, ætti þetta fyllilega skilið, af því að hann væri nytsemdarmaður. Annars var því hreyft, er nefndin var að láta málið frá sér fara, að rétt væri að þessari upphæð væri skift milli bankans og landsjóðs, og að hann fengi nokkurn hlutann frá bankanum, en hitt, t. d. 1000 kr., sem sérstök heiðurslaun úr landsjóði fyrir nytsamlegt æfistarf, ef hann yfirgæfi bankann í lifanda lífi, en hvort það er kallað eftirlaun eða lífeyrir, gerir að vísu ekkert til, þótt eg fyrir mitt leyti fremur aðhyllist, að kallað væri það lífeyrir, því að annars mætti líta svo á, sem bankastjórar ættu hér eftir að fá eftirlaun, en því er eg mótfallinn, nema þá ef öll alþýða manna í landinu hefði eftirlaunarétt. Þessum manni getur þingið haft ástæðu til að veita styrk eða þóknun árlega, hvaða nafni sem kallast má.

Eg vildi gera þessa athugasemd, til þess að taka það fram, að hér er í raun og veru ekki verið að skapa neitt fordæmi fyrir eftirlaun.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. (705) við 1. gr. *a.* (»með 6 mánaða uppsagnarfresti«) feld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingr. Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem,	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss,
	Sigurður Stefánsson.

1. breyt.till. (705) við 1. gr. *b.* samþ. í e. hlj.

1. gr. þannig breytt samþ. í e. hlj.

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

2. br.till (705) við 3. gr. samþ. með 11 samhljóða atkv.

3. gr. þannig breytt samþ. með 9 samhlj. atkv.

3. breyt.till. (705) við 4. gr. *a.* samþ. með 11 samhlj. atkv.

3. breyt till. (705) við 4. gr. *b.* samþ. með 11 samhlj. atkv.

4. gr. frumv. þannig breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (705) við 5. gr. *a.* sþ. m. 8 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (705) við 5. gr. *b.* samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (705) við 5. gr. *c.* samþ. með 9 samhlj. atkv.

4 breyt.till. (705) við 5. gr. *d.* samþ. með 8 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (705) við 5. gr. *e.* samþ. með 10 samhlj. atkv.

4. breyt.till. (705) við 5. gr. *f.* samþ. m. 7:3 atkv.

5. gr. breytt samþ. með 7 atkv. samhljóða.

5. breyt.till. (705) við 6. gr. samþ. með 9:3 atkv.

6. gr. breytt samþ. með 10 atkv. samhljóða.

7. gr. frumv. samþ. með 10 atkv. samhlj.

8. gr. frumv. samþ. með 11 atkv. samhlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvæðagreiðslu.

Frumv. samþ. með 10:2 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umræða; 6. maí. (A 734; 742).

Gunnar Ólafsson: Eg gat þess við 2. umr. að eg væri óánægður með ýmsar greinar frumvarpsins. Höfuðgallinn, sem mér þótti vera á, er nú að vísu lagaður. En annar galli er við frumv. enn þá, sá, að eftirlaun, sem ætluð eru núverandi bankastjóra, eru alt of há. Þess vegna hefi eg leyft mér að koma með breytingartillögu því viðvíkjandi á þingskjali 742. Það er ekki í samræmi við stefnu þings og þjóðar, að stofna til 4000 kr. eftirlauna, og það handa manni sem hefir ekki gengt embætti sínu lengur en 16 eða 17 ár. Það er auðsætt að þetta eru alt of há eftirlaun; þau eru hærri en svo að nokkur embættismaður landsins gæti fengið þau lögum samkvæmt eftir jafn stuttan tíma, jafnvel eftir gömlu eftirlaunalögunum. Eg viðurkenni dugnað þessa manns, en eg get þó ekki álitið það æskilegt eða rétt að ákvarða honum svo há eftirlaun, að þjóðin jafnvel teldi þau eftir. Vilji þjóðin veita þessum manni einhverja sérstaka sæmd, þá ætti það ekki að koma fram sem gífurlega há eftirlaun, því að þeirra þarf hann varla með, heldur á einhvern annan hátt.

Eg hefi lagt það til, að eftirlaun þessi væru færð niður í 3000 kr., og vona að háttv. deild samþykki þá breytingartillögu.

Lárus H. Bjarnason: Eftir samráði við framsögumann nefndarinnar, sem lagði það til við síðustu umr., að upphæðin standi óbreytt, vil eg geta þess, að það er ekki rétt að kalla þetta eftirlaun. Konunglega útnefndir embættismenn fá eftirlaun úr landsjóði, eftir að þeir hafa látið af embætti. En hér stendur alt öðru vísi á. Þessi maður hefir gengt ótal mörgum launalausum en nytsömum störfum í þarfir landsmanna, og því er ætlast til, að þessi upphæð, 4000 kr. árlega, sem honum er veitt á efri árum, verði skoðuð að nokkru leyti sem heiðurslaun. Enda er það ekki kallað eftirlaun, heldur lífeyrir í frumvarpinu. Neðri deild hefir samþykt þessa upphæð, og það er því síður ástæða til að gera þetta að kappsmáli milli deildanna, sem frumvarpinu verður þá ekki lokið á þessu þingi, nema með afbrigðum frá þingsköpum, og það er vafasamt, að þau afbrigði verði leyfð.

Það er heldur ekki rétt að þetta sé hærri lífeyrir en ráðherra er ætlaður. Ráðherra fær 3000 kr. eftirlaun minst, þó að hann gegni ekki embættinu nema eitt ár eða einn mánuð. En þau geta stigið miklu hærra, geta farið upp í 6000 kr. á ári.

Eg geri þetta ekki að kappsmáli. En mér þykir leiðinlegt, að þessi brt. hefir komið fram, bæði mannsins vegna og þeirra, sem atkvæði eiga að greiða um hana. Því vil eg mælast til þess af háttv. flutningsmanni tillögunnar, að hann taki hana aftur.

Gunnar Ólafsson: Það er satt, að það er leitt að hafa langar umræður um þetta, vegna mannsins, sem í hlut á. En hitt er ekki rétt, að það þurfi að verða lögunum til tafar, þó að breytt. verði samþykt. Frumvarpinu hefir verið breytt hér í deildinni, svo að það verður að fara aftur til neðri deildar hvort sem er. Hvað það snertir að þessi maður hafi gegnt mörgum störfum kauplaust fyrir landsmenn, þá sýnist mér það ekki koma þessu máli við.

Eg sé ekki ástæðu til að taka breytingartill. aftur og óska að hún verði borin undir atkvæði.

ATKV.GR.:

Breytt. (742) feld með 8 atkv. gegn 5.

Frumv. samþ. með 11 samhljóða at-

kvæðum, og sendist aftur til forseta neðri deildar.

Bankavaxtabréf landsbankans.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf eða þriðja flokks bankavaxtabréf landsbankans (A 714). 1. umræða; 4. maí.

Steingrímur Jónsson: Á þinginu 1907 var Landsbankanum veitt heimild til þess að gefa út nýjan flokk af bankavaxtabréfum. Til þess var góð ástæða, en engin til þessa, sem nú er farið fram á. Eg fæ ekki betur séð en bankinnn sé vel trygður nú, og það er ekki búið að sanna mér, að hann þurfi meira veltufé en hann hefir. Mér þykir það auk þess undarleg og athugaverð aðferð, sem hér á að nota til þess að útvega bankanum peninga, að láta landsjóð fara að kaupa á heimsmarkaðinum bankavaxtabrjef Landsbankans — eða með öðrum orðum sín eigin skuldabréf; auk þess ber og þess að gæta að landsjóður þarf að taka dýrt lán til þess að koma þessu í kring. Öll þessi aðferð er svo óvanaleg, að eg álít að málið megi með engu móti ganga nefndarlaust gegn um deildina. Hér liggur fyrir deildinni frumv. um að landsjóður gerist hluthafi í Íslands banka fyrir 2 milj. króna. Það er mjög þýðingarmikið mál, og hefði eg helzt óskað, að háttv. 5. kgk. þm. hefði lagt til að þessi tvö mál yrðu samferða.

Júlíus Havsteen: Mér þykir undarlegt, að vilja láta vísa þessu máli til nefndar, þegar mörg önnur mál eru í nefndum, og koma ekki frá þeim. Þegar nefndirnar hafa svo mikið að gjöra að þær geta ekki komið því af sem þeim er ætlað, þá virðist ekki rétt að vera að auka störf þeirra, eða skipa nýjar nefndir. Fyrir því tel eg réttast að mál þetta verði hvorki sett í sérstaka nefnd, né vísað til bankanefndarinnar.

Lárus H. Bjarnason: Út að orðum þeim sem féllu frá hinum háttv. þm. Ísafjarðar skal eg geta þess, að eg skal ekki tefja fyrir máli þessu, þótt í það verði sett nefnd; mér er annara um landsbankann en svo, og eg vona að aðrir minni hluta menn geri það ekki heldur. Það var ekki rétt hjá háttv. 1. kgk. þm., að nefndin hefði setið á frv. um að landsjóður gerist hluthafi í Íslands banka, því að hún hefir þegar lokið við nefndarálitið, sem að eins er óprentað og vonandi getur orðið útbýtt á morgun. En eg stóð nú aðeins upp, til þess að lýsa því yfir, að hinn háttv. þm. Ísafjarðar þarf ekki að óttast, að eg verði þessu frv. neinn þrándur í götu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr í e. hlj. og jafnframt vísað til bankamálanefndarinnar.

Önnur umræða; 6. maí; (A 714; 749).

Framsögum. (Jósef Björnss.): Frumvarp það, sem hér liggur fyrir og nefndarálit, er hvorttveggja stutt. Frv. fer fram á, að landstjórninni veitist heimild til að kaupa bankaskuldabréf eða 3. flokks bankavaxtabréf fyrir alt að 2 milj. kr., og ennfremur að stjórnin taki lán fyrir landsjóð, 2 milj. kr., og það lán afborgist á 30 árum.

Eins og frumvarpið kom frá Nd. og eins og sölu bankavaxtabréfa er nú komið, lítur nefndin svo á, að ástæða sé til að breyta því nokkuð, en telur það þó rétt og gott í sjálfu sér og vill að það nái fram að ganga. Breytingu þá, sem nefndin hefir gert við 1. gr.

hefir hún gert af því að henni fanst ekki koma nógu skýrt fram í frumv. hvaða bankaskuldabréf væri um að ræða, en það eru þau ein bréf, sem bankinn á óseld og einkum þriðja flokks bréf. Af öðrum en bankanum sjálfum hefir og víst enginn ætlast til að bréfin væri keypt. Þess vegna hefir nefndin bætt inn í orðunum: »af landsbankanum« til að taka af öll tvímæli. Eftir upplýsingum sem nefndin hefir fengið hjá öðrum gæzlustjóra bankans, sem sæti á í nefndinni, er lítið óselt af fyrri flokkum bankavaxtabréfanna um fram það, sem bankinn þarf að hafa fyrirliggjandi sem tryggingu, og að gefa landstjórninni leyfi til að kaupa þessi bréf er því engin brýn þörf, en eigi að síður á heimildin þó að ná til þeirra bréfa líka. Þá vill nefndin taka fram að sú er meiningin, að landsjóður þurfi ekki að kaupa af bankanum skuldabréf fyrir 2 milj. í einu, heldur kaupi smátt og smátt, eða hlaupi undir bagga með bankanum, og kaupi af honum eftir peningaþörfum hans. Af því það er meiningin að landsjóður hvorki tapi né vinni á þessum skiftum, þá finst nefndinni ástæða til að bæta inn eftir 2. gr. að kaupverðið fari eftir lánskjörunum. Því kjörin gætu verið þannig löguð að landsjóður t. d. yrði að taka lánið með nokkrum afslætti, og kæmi þá fram milligjöf, en það álítur nefndin ekki hent. 3. br.tillagan er afleiðing af hinum tillögunum, nfl. að orðin »bankaskuldabréf eða þriðja flokks« falli burt úr fyrirsögninni. Nefndin vill, eins og eg hefi áður bent á, að ákvæðin nái líka til fyrri flokka bankavaxtabréfanna ef bankinn ætti eitthvað eftir af þeim umfram það sem hann sjálfur þarf á að halda. Með því að þetta frv. er svo stutt og brt. við það svo ljósar og stuttar, skal eg ekki orðlengja meir um það og vona að háttv. þingd.menn átti sig á því.

Steingrímur Jónsson: Eg er að mestu leyti samþykkur nefndinni um br.tillögur hennar, en þó get eg ekki verið samdóma henni um að fella burt ákvæðið um að að eins megi kaupa 3. flokks bankavaxtabréf. — En eg er á móti frv. í heild sinni. Nú er nýlega búið að selja bankaskuldabréf fyrir 2 milj. kr.; landsjóður hefir þannig aukið ábyrgð sína fyrir landsbankann um 2 milj. kr. Eg var með þessu frv. áður, en þegar landsbankinn nú hefir fengið þessar 2 milj., er öðru máli að gegna og síður ástæða til að útvega nýtt fé. Eg efast að vísu ekki um að bankinn myndi nota þetta fé vel. En eg álít að þessi aðferð sé ekki hættulaus, því eg álít að þessi bankavaxtabréf geti ekki orðið til á annan hátt en þann, að ný hús verði bygð til þess að veðsetja bankanum. Og eg lít svo á, að fyrir hverjar þúsund kr., sem bankinn lánaði til þeirra hluta, yrði að borga meir en því nemur út úr landinu. Nú hlýtur að verða mjög lítið um lán út á aðrar fasteignir t. d. jarðir, því flestar jarðir eru veðsettar; það er því eini vegurinn að bæta við húsin, og eg fyrir mitt leyti vil ekki örfa til þess, því eg álít að það hafi í för með sér mikla hættu á því að menn hleypi sér í of miklar bankaskuldir og þar að auki skuldir við útlenda viðskiftamenn.

Eiríkur Briem: Af því sem háttv. framsögum. tók fram, skal eg geta þess að bankinn á meir eftir af 2. flokks bankavaxtabréfum, en ætla mátti af orðum hans; það er jafnvel enn eftir að gefa út nokkuð af þeim. Þess gat eg líka þegar eg lagði frumvarpið um þriðja flokk bankavaxtabréfa fyrir deild-

ina, en gat þess jafnframt, að það væri ekki svo mikið að það myndi duga til næsta þings.

Viðvíkjandi því sem háttv. 4. kgk. sagði, þá er það rétt, að ekki er útlit fyrir að önnur eins aðsókn verði að bankanum um lán út á fasteignir og verið hefir. En ekki eru jarðir þó svo mjög veðsettar enn að ekki séu nokkrar eftir. Og þar við er líka þess að geta, að út á margar jarðir sem lán hefir verið veitt út á áður, má fá viðbótarlán. Það kemur til af því að töluvert er búið að borga af eldri lánum, og svo hafa jarðirnar víða verið bættar og þá hækkað í verði síðan lánið var tekið. Þess utan eru heimildir til þess að veita sýslum og sveitarfélögum lán, t. d. í sambandi við fræðslulögin, þar sem skylda er lögð á um að byggja skólahús. En að bankinn þurfi á svo miklu fé að halda sem nefnt er í frv., er auðvitað ekki hægt að segja um, en eins og eg sagði, er þó nokkuð af bankavaxtabréfum enn óselt.

Steingrímur Jónsson: Það er að vísu rétt, að það getur verið um dálítil viðbótarlán út á jarðir að ræða. Að minni hyggju er þó mest af jörðunum full veðsett, og verða því viðbótarlánin ekki mikil.

En eg vil leiða athygli að því að þessi lán verða að miklu leyti yfirfærsla. Bankinn var áður strangari og lánaði minna; á síðustu árum hafa eignir ef til vill hækkað í verði, svo að meir fæst út á þær nú. Þá borga menn gömlu lánin og fá svo önnur stærri.

Svo vildi eg minnast á þau eldri bréf sem bankinn hefir. Getur ekki verið athugavert að landsjóður kaupi þessi bréf, sem eru þau einu af okkar verðbréfum, sem ganga kaupum og sölum á útlendum markaði og gefa því bendingu um hag vorn í útlöndum?

Framsögum. (Jósef Björnss.): Eg vildi að eins svara háttv. 4. kgk. þm. nokkrum orðum, því að mér virtist hann fara fram hjá því í athugasemdum sínum, sem er aðalatriði í þessu, og það er að hjálpa landsmönnum til þess að fá peninga.

Háttv. þm. dró í efa að svo mikið væri sótt eftir lánum, en það er þó á allra manna vitorði, að í seinni tíð hefir verið svo mikil ekla á peningum í bönkum hér, að lán hafa alls ekki fengist þó að jarðir hafi verið boðnar í veð. Vegna ýmsra fyrirtækja, sem verið er að koma á fót, t. d. skólabygginga o. s. frv, þarfnast einstakir menn og mörg hreppsfélög fjár, og þeim eru veitt hlunnindi með þessari sölu, því að bankinn getur miklu betur hjálpað ef hann fengi fé milli handa með þessari sölu, sem hann svo gæti lánað eftir vild á eftir. Þannig lítur nefndin á þetta mál, og eg skal láta í ljós fyrir hennar hönd að hún sér ekkert athugavert við frv., og ræður háttv. deild eindregið til þess að samþykkja það.

Jens Pálsson: Þegar verið er að fjalla um þetta mál, þá finst mér beri að taka tillit til peningavandræðanna í landinu — líta á hvað mikið er til af peningum. Og það er sárlítið. Íslands banki hefir aðallega skift sér nær eingöngu af verzlun landsins — birgt hana með peninga, og haldist það, verður landsbankinn að taka alla aðra peningaþörf á sínar herðar. Og þó að hann nú fengi 2 milj., þá yrði víst nóg að gera við þær.

Það er hart, að menn skuli ekki geta fengið lán út á veðbærar eignir. Hér er heldur ekki verið að tala um að kaupa fyrir alla þessa upphæð í einu, heldur að eins um heimild til að kaupa svo og svo mikið, t. d. að byrja með að kaupa

fyrir eins og $^1/_4$ milj. í einu; í því verður þörf manna að vera mælikvarði.

Það heftir mjög framkvæmdarhug manna, þegar menn vita það, að þeim er ómögulegt að nota lánbærar eignir sínar til þess að framkvæma þau fyrirtæki, sem þeir hafa sett í vinnu sína og fé. Það má líka búast við að sú peningakreppa, sem við höfum lifað undir að undanförnu, hafi kent bæði bönkunum og eins almenningi að fara varlega. Það ætti því ekki að vera nein hætta að gera þetta frumv. að lögum. Því að peningalausir getum vér ekki þrifist, frekar en vér getum þrifist matarlausir.

ATKV.GR.:

1. br.till. (749) við 1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.
   1. gr. frumv. þá sjálf-fallin.
2. br.till. (749) við 2. gr. a. samþ. með 10 samhlj. atkv.
   — — við 2. gr. b. samþ. með 9 samhl. atkv.
   — — við 2. gr. c. samþ. með 11. samhlj. atkv.
   2. gr. breytt sþ. með 8 samhlj. atkv.
   3. gr. frumv. sþ. með 8 samhlj. atkv.
3. br.till. (749) sþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. breytt samþ. með 8 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3 umr. m. 9:3 atkv.

Þriðja umræða; 7. maí; (A. 755).

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Mér finst, úr því hitt frumv., sem var rætt hér næst á undan, var afgreitt með rökstuddri dagskrá, sökum þess hve athugavert það væri, þá sé þetta frv. ekki síður athugavert. Eg sé heldur ekki, að starfsfé bankans aukist frekar á þennan hátt. Eg skal því leyfa mér að afhenda tillögu um rökstudda dagskrá í þessu máli, sem eg vildi láta bera upp til atkvæða.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Eg skal ekki fjölyrða mikið um þetta mál. Það liggur í augum uppi, að athugasemdir háttv. 6. kgk. þm. eru ekki á rökum bygðar. Frumv. fer að eins fram á að bréfin séu keypt ef aðrir kaupa þau ekki. Ef peningamarkaðurinn er betri nú en að undanförnu, þá mundi sennilega ekki koma til neinna kaupa af landsjóðs hálfu. Eg álít frv. alveg hættulaust, og leyfi mér að mæla á móti því, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Steingrímur Jónsson: Eg skal leyfa mér að biðja háttv. forseta um að lesa upp þá rökstuddu dagskrá, sem fram hefir komið.

Forseti: Eg skal lesa upp dagskrána; hún hljóðar svo:

»Í því trausti, að landstjórnin athugi bankamál landsins til næsta þings, þar á meðal hvort tiltækilegt sé, að landsjóður kaupi bankavaxtabréf landsbankans, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Jens Pálsson: Eg skal ekki vera langorður. En það er auðsætt, að verði sú heimild gefin, sem þetta frumv. fer fram á, þá þurfi það ekki að koma fyrir aftur, sem nýlega bar við, að landsbankinn gat ekki keypt veðbréf sín af einstökum mönnum, svo að það varð að fara með þau í Íslandsbanka og selja þau þar með afföllum.

Það er heldur ekki farið fram á það í frumv. að landsjóður eigi að kaupa fyrir alla upphæðina, heldur að eins fyrir svo mikið sem þarf. Það er skylda þingsins að sjá fyrir því, að landsbankinn hafi svo mikið fé, að hann geti starfað, og stutt nýtileg fyrirtæki.

ATKV.GR.:

Hin rökstudda dagskrá (sjá að framan) feld með 9:3 atkv.

Frumv. samþ. með 9:3 atkv., og sendist aftur forseta neðri deildar.

Söknargjöld.

FRUMVARP til laga um söknargjöld (A. 121); 1. umræða; 9. marz.

Jósef Björnsson: Frumvarp þetta er í raun og veru samið af milliþinganefnd þeirri, er skipuð var til að íhuga skattamál landsins; flutningsmenn hafa að eins vikið til örfáum orðum.

Málið er í raun og veru gamalt mál á þinginu, að minsta kosti að því er kirkjugjöld snertir. Það var fyrir þingi 1889, 1893 og 1894. Í umræðunum um frumv. það er lá fyrir 1893, var það tekið fram af aðalflutningsmanni þess, síra Þórarni Böðvarssyni, að tilgangurinn væri að gjöra gjöldin til kirkjunnar, er væru orðin mjög margbrotin, einfaldari og óbrotnari, gjöra þau að persónulegum gjöldum. Það sama hefir vakað fyrir skattamálanefndinni og flutningsmönnum þessa frumvarps. Oss virðist nauðsynlegt að gjöra gjaldmátann óbrotnari og réttlátt að gjöldin séu persónugjöld.

Það skal tekið fram, að óánægja með gjöldin til prests og kirkju hefir talsvert hreyft sér hjá þjóðinni, og er sú hreyfing að verða æ sterkari, að telja gjöld þessi hvorki réttlát né eðlileg. Og því verður ekki neitað, að sum gjöldin eru miður réttlát. Til dæmis má taka, að dagsverk, ljóstollur og ýms fleiri gjöld koma miður réttlátlega niður á gjaldendum. Annars mun eg ekki fara út í einstök atriði málsins að svo stöddu. Aðaláherzluna leggjum við flutningsmenn á það, að gjöldin eru orðin svo fjöldamörg (nál. 20), að það er bæði vafningasamt og óvinsælt að heimta þau inn, og á það, að megn óánægja er orðin með þau, einkum eftir að söknarnefndir tóku við innheimtu söknargjalda samkvæmt lögunum frá 1907.

Eg vona að háttv. deild taki frumv. með velvild. En með því að málið er í heild sinni mikilsvarðandi og athugavert mál, er það ósk mín, að það verði sett í nefnd að lokinni þessari umræðu, og mætti þá annaðhvort vísa því til nefndar þeirrar, er kosin var til að íhuga frv. til laga um breyt. á lögum um laun söknarpresta, eða kjósa nýja nefnd.

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal ekki vera langorður. Eg vil að eins skjóta því til flutningsmanna frumv., hvort frumv. þetta kemur ekki of fljótt, hvort ekki er ástæða til að geyma það þangað til væntanleg stjórnarskrárbreyting er um garð gengin.

I 2. gr. frumv. er ákveðið, að til þjóðkirkjunnar skuli teljast allir þeir, sem ekki eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar o. s. frv. Hér er um þýðingarmikið atriði að ræða, og væri að minni hyggju réttast að beðið væri með málið þangað til séð verður hvaða vernd þjóðkirkjan fær samkvæmt hinni nýju stjórnarskrá.

Lárus H. Bjarnason: Eg sting upp á að frumv. verði vísað til nefndarinnar í prestalaunamálinu. Finst mér það vel til fallið, þar sem flutningsmaður frumv., auk margra annara góðra manna, á sæti í þeirri nefnd.

ATKV.GR.:

Samþ. að vísa málinu til 2. umræðu með 11 : 2 atkv.

Samþ. með 10 samhlj. atkv. að vísa frumv. til nefndar þeirrar, er kosin var til að íhuga frumv. til laga um breyt. á lögum um laun söknarpresta.

Önnur umræða; 25. marz; (A. 121; 255).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Eg skal taka það fram, að í fyrirsögn nefndarálitsins stendur: »söknartekjur«, en á að vera: »söknargjöld«. Það hefir slæðst inn af misgáningi.

Flutningsmaður tók það fram við 1. umr., að frumv. þetta væri undirbúið

af milliþinganefndinni í skattamálum, og væri að mestu leyti samhljóða frv. því, er nefndin bjó til. Ennfremur færði hann ástæður fyrir því, að rétt væri að taka þetta mál til meðferðar, þó álit skattamálanefndarinnar sé ekki til meðferðar í heild sinni. Nefndin, eða meiri hluti hennar, hefir fallist á þessa skoðun flutningsm., og álítur ekki ástæðu til að bíða með málið.

Eg finn ekki ástæðu til að tala alment um mál þetta. Get vísað til nefndarálitsins, og hefi engu við það að bæta. Eg skal snúa mér að breyt.till. nefndarinnar. Sumar þeirra fara fram á efnisbreytingar, en aðrar að eins orðabreytingar til skýringar.

1. breyt.till. er við 2. gr. Nefndin leggur til að orðin »er telst til þjóðkirkjunnar« falli burtu. Í samræmi við hana er 2. breyt.till., líka við 2. gr., að í stað orðanna: »Til þjóðkirkjunnar teljast allir þeir, sem ekki«, komi: »Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem«. Nefndin áleit að það ætti ekki við að skilgreina hér hverjir væru í þjóðkirkjunni, heldur ætti að ákveða hverjir væru gjaldskyldir; en það er vitanlegt, að gjaldskyldan hvílir jafnt á öllum, sem ekki eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar. Seinna kemur sama breyting, þar sem ræðir um gjaldskyldu sóknarmanna til kirkju.

Þá hefir nefndin komið með breyt.till. við 3. gr. Í síðustu málsgrein þessarar greinar er vísað til prestalaunalaganna um reikningsskil sóknarnefnda fyrir prestsgjaldinu. Nefndinni þótti gleggra að hafa í þessum lögum reglur um það, hvernig haga skuli við innheimtuna, og ræður því til að síðasta málsgrein 3. gr. sé feld burtu, en aftur verði tekin upp í frumvarpið, með litlum orðabreytingum, 17. gr. prestalaunalaganna, er verði 4. gr. Það ríður á því, að í lögum, sem almenningur á eftir að fara, séu öll ákvæðin skýr og á einum stað.

Nefndinni þykir réttara, að aldurstakmarkið sé ekki tekið fram oftar en einu sinni, og ræður því til, að í 5. gr. komi: »sem gjaldskyldir eru«, í stað orðanna: »sem eru fullra 15 ára að aldri«, og síðar: »gjaldskyldur er til kirkju«, fyrir orðin: »15 ára að aldri«.

6. gr. virtist nefndinni ástæða til að breyta. Í henni er gert ráð fyrir að söfnuðir geti hækkað og lækkað kirkjugjöld, þar sem þeir hafi á hendi umsjón og fjárhald kirknanna. Auðvitað kemur þá helzt til að hækka kirkjugjöldin er kirkja er bygð. Sú hækkun gæti komið allþungt niður á efnaminni sóknarmönnum. En á hinn bóginn mun kostnaðurinn oftast vera runninn undan rifjum efnameiri manna. Þess vegna fanst nefndinni ástæða til að gera hér þá breytingu, að sóknarnefndir mættu jafna gjaldaukanum að helmingi niður eftir efnum og ástæðum. Þá kæmi hærra niður á efnameiri menn, en ef persónulegu gjaldi væri fylgt út í æsar. Að vísu er þetta brot á meginreglu frumvarpsins, en nefndinni virtist það réttlætast af því, að með þessu móti gefst sóknarnefndum færi á að létta á fátækari mönnum, en efnamenn bera aftur meira.

7. gr. finst nefndinni ekki svo ljós sem skyldi. Verði hún að lögum eins og hún er orðuð í frumv., gæti hún haft þau áhrif, að kirkjur í fjölbygðum sjávarsveitum fengju meiri tekjur eftir en áður, vegna fjölmennisins. Nefndin álítur ekki rétt, að slíkar kirkjur græði á þessari tilhögun, en hins vegar vill hún auðvitað heldur ekki, að þær skaðist á henni. Sú aðferð, sem gert er ráð fyrir í 7. gr., kemur auðvitað einungis til greina þar sem hin nýja tilhögun minkar eða eykur tekjur kirkjunnar.

Og nefndin vill að það komi ljóslega fram með skýrum ákvæðum, að forráðamönnum kirkna, sem ekki eru undir umsjón safnaðanna, geti ekki móti vilja safnaðanna aukist tekjur við breytingu kirkjugjaldsins samkvæmt 6. gr., og hins vegar, að tekjur kirkjunnar megi ekki rýrast við hana. Þess vegna hefir nefndin komið með þessa breyt.till. Minki tekjur kirkjunnar við breytinguna á kirkjugjöldum, getur forráðamaður kirkjunnar beiðst þess, að viðhöfð sé sú aðferð, sem ákveðin er í 7. gr., og vaxi tekjurnar, getur söfnuðurinn gert það. Með þessu er annars vegar borgið rétti kirkjunnar, að ekki minki tekjur hennar, og hins vegar rétti safnaðarins, að gjöldin þyngist ekki að óþörfu.

Við 8. gr. hefir nefndin komið með breyt.till. í sambandi við ákvæðin í 6. gr. Henni þótti réttara að sóknarnefndir væru ekki bundnar við vissan tíma, að því er aukaniðurjöfnunina snertir. Það gæti valdið óþægindum, að hafa hana á sama tíma sem hina reglulegu niðurjöfnun hins lögskipaða kirkjugjalds.

Þá er breyt.till. við 9. gr. Þar er það ákvæði, að heimilisráðandi skuli greiða gjöldin fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum. En það má búast við því, að húsráðandi geti verið öreigi, einkum í kaupstöðum, og fanst því nefndinni ástæða til að setja í lögin ákvæði um það, að sóknarnefnd geti gengið að gjaldanda sjálfum, ef svo stendur á. Það gæti verið að hann væri ekki öreigi þó húsráðandi væri það.

Í 10. gr. er það ákvæði, að aldurstakmark gjaldskyldra manna skuli miðað við eindaga gjaldanna. Því vill nefndin breyta svo, að aldurstakmarkið sé miðað við næsta nýár á undan gjalddaga. Henni dylst ekki, að með því móti verður auðveldara að ná í skýrslur um aldur manna, og fá meiri vissu um hann. Fyrir gjaldskylduna hefir þetta sárlitla þýðingu.

Þá er breyt.till. við 11. gr. Nefndin vill að launauppbót presta, er hafa laun eftir eldri ákvæðum en lögum frá 16. nóv. 1907, ákveðist eftir 5 ára meðaltali sóknarteknanna í stað 10, með því að svo langt tímabil gæti leitt til þess, að prestar yrðu fyrir tekjumissi.

Nefndinni er málið ekkert kappsmál, en álítur æskilegt, að það verði rætt sem bezt, því þó að það gangi ekki fram nú, er mikið unnið með því að undirbúa það fyrir næsta þing, sem vafalaust tekur það upp, ef þetta þing lýkur ekki við það. Það er full þörf á því, að gera sóknarnefndum auðveldari og umsvifaminni innheimtu sóknargjaldanna en nú er. Og skal eg svo ekki fara frekari orðum um málið.

Jens Pálsson: Eins og kunnugt er hefi eg ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum samferða. Eg hefi að vísu unnið að breytingunum við frumv. með þeim, og álít að þær séu til bóta, slíkt sem frumv. kom til deildarinnar. Hitt greindi okkur á um, að mér þótti ekki rétt að taka málið fyrir á þessu þingi og ráða því til lykta. Ástæður mínar hefi eg að mestu leyti tekið fram í nefndarálitinu.

Þetta mál var falið skattamálanefndinni til meðferðar. Hún hefir nú lokið starfi sínu, en tíminn hefir verið svo naumur, að þjóðin hefir alls ekki átt kost á að átta sig á þessu máli. Hugsandi menn þjóðarinnar hafa alls ekki haft tíma til að setja sig inn í skattamálin, svo að það hefði ekki verið rétt af stjórninni að leggja frumv. fyrir alþingi að þessu sinni. Úr því að þetta er eitt af þeim málum, sem skattamálanefndinni voru falin, þá var ekki rétt að slíta þetta mál út úr samhenginu og koma fram með það nú. Það voru allar sanngirniskröfur fyrir því, að þjóðin

fengi nægan tíma til að íhuga öll atriðin í þessum skattamálum jafnlengi og rækilega. Það er því í fyrsta lagi þetta atriði, að málið er slitið út úr heild, sem mælir móti því, að ráða því nú þegar til lykta. Aftur á móti er sjálfsagt að sóknarnefndirnar fái að athuga málið og að það verði borið undir héraðsfundi fyrir næsta þing.

Öll gjöld til presta eru orðin svo úrelt, að þau ættu að nemast úr gildi. En í stað þeirra er í frumv. þessu farið fram á allþungt ójafnaðargjald til presta, því að nefskattur er ávalt erfiður og ranglátur skattur, þar sem ekki er tekið tillit til neins nema fólksfjöldans. Hann er ójafnaðarskattur, sem ekkert fer eftir efnum og ástæðum gjaldandans. Hann stendur ekki í sambandi við aðrar álögur, og eg fullyrði að nefskattur er að minsta kosti illa fallinn til að skapa úr honum þann fjárstofn, sem á að launa embættismönnum af. Og nú verður að álíta að prestar þjóðkirkjunnar séu embættismenn þjóðarinnar, að minsta kosti síðan lögin frá síðasta þingi hafa verið samþykt af Hans Hátign konunginum. Og íslenzka þjóðin í heild sinni viðurkennir, að prestastéttin sé stór-uppbyggileg stétt, sem hún ekki vill missa. Eg vil ekki spilla vinsældum hennar, en tel að því unnið með því, að taka í lög að launa hana með slíkum ójafnaðarskatti, sem þungur nefskattur er. Eg er af þessum ásæðum mótfallinn því, að málinu verði nú ráðið til lykta.

Ennfremur vil eg benda á, hversu það yrði eftir frumvarpi þessu örðugt í vöfum og dýrt, að heimta þessar 70—80 þús. kr. inn, sem á að launa prestunum með. Við eigum ekki að haga löggjöfinni svo, að of örðugt og vafstursamt verði að beita ákvæðum laganna; við eigum að varast að stofna til þess, að umsvifamikil opinber skyldustörf og ónærgætnislega harðar kvaðir leggist á einstaka menn, sem verða að fara í þessar lögskipuðu starfsnefndir og starfa í þeim án fulls endurgjalds; ella geta hlaðist svo nefndarstörf á suma menn, að þeim verði það þung plága. Eg tel það ónærgætni og álít það hreint og beint plágu fyrir fátæka bændur, sem oft og tíðum eru einyrkjar, eða því sem næst, er þeir, sem oft kann að henda, lenda í senn í þremur nefndum, sem mikilvæg störf eru falin, svo sem eru hreppsnefnd, fræðslunefnd og sóknarnefnd. Frumv. þetta leggur all örðugt og umsvifamikið og þar eftir vanþakklátt ábyrgðarstarf á hverja einustu sóknarnefnd í þessu landi, og tel eg það fyrirkomulag ísjárvert.

Hér á landi eru hér um bil 280 sóknarnefndir og í þeim hérumbil 850 menn. Það mundi láta nærri, að sérhver sóknarnefndarmaður yrði að leggja til 3 dagsverk til innheimtunnar, eða með öðrum orðum 2500 dagsverk á öllu landinu. Sé dagsverkið greitt með 3 kr., þá kostaði innheimtan 7500 kr., og gengju þá um 10% í súginn af upphæðinni í innheimtu.

Annað atriði, sem líka kemur til greina um nefskattinn, er það, að prestaköll eru orðin víðáttumikil og sum ærið mannmörg; örðugleikar við innheimtu yrðu því víða all miklir.

Ef eg ætti að greiða atkvæði um málið, þá yrði eg með öllum br.till. nefndarinnar, því þær eru til verulegra bóta; en lengra mundi eg ekki fylgja nefndinni, heldur greiða atkvæði gegn því, að frv. færi út úr deildinni.

Eg vildi taka þetta fram, því að háttv. framsm. meiri hlutans mintist ekki álits minni hlutans.

Steingrímur Jónsson: Eg er einn af flutningsmönnum þessa frumv., og er því þessvegna meðmæltur, að það gangi gegnum þingið, og verði að lögum. Síðan lögin frá 1897 voru samþykt og gengu

í gildi, hefir það sýnt sig, hve gjöld til presta og kirkna voru óréttlát. Raddirnar hafa verið sérlega háværar í þessu máli. Gjöldum til kirkna er svo varið, að þau eru óhæfilega margbrotin, og sú niðurjöfnun, sem nú á sér stað, óhafandi.

Háttv. þm. G.-K. tók það fram, að hann vildi ekki að málið væri slitið út úr sambandi sínu við önnur skattamál landsins. En þetta álít eg að sé ekki rétt. Þegar milliþinganefndin í skattamálum var kosin á síðasta þingi, þá var hún alls ekki kosin með þetta mál fyrir augum, en þessari tillögu var aðeins hnýtt við. Og hitt, að málið komi mönnum á óvart, hygg eg ekki að geti verið, bæði af því, að málið hefir legið fyrir þinginu áður, og eins af því, að það hefir verið mikið rætt. Og eg býst við að þetta sé ekki aðalatriðið fyrir háttv. síðasta ræðumanni, heldur hitt, að hægt verði að koma prestum beint á landsjóð. Eg álít að vísu að það eigi að breyta gjöldum til presta, en eg álít ekki að það eigi að afnema þau. Nú er orðinn mjög stór flokkur manna með aðskilnaði ríkis og kirkju, og meiri hluti presta virðist vera með þessum skilnaði. Þjóðin hefir tekið í sama strenginn, en þá verða þó kirkjugjöldin að vera bein gjöld. Sami háttv. þm. gat þess, að nefskattur væri æfinlega ranglátur. Þetta er að sumu leyti rangt, og að sumu leyti rétt. Frá sjónarmiði hugsjónamannsins er nefskatturinn sá réttlátasti skattur, eins og hann líka er sá elzti skattur, og svo lengi, sem allir borgarar standa jafnt að vígi, verður nefskatturinn réttlátastur allra skatta. En kúgun, mismunandi efni, mentun og hæfileikar o. s. frv. hafa breytt svo afstöðu manna á meðal, og þá líka fjárhagsástæðum, að allir geta ekki goldið jafnt; þessvegna verður hár nefskattur ranglátur og ekki hægt að nota hann. Hér er um trúarmálefni að ræða og þá eru allir jafnir, svo þar virðist réttlátt að hafa nefskatt, ef hann aðeins ekki er óþyrmilega hár.

Eg get ekki séð, að það sé ófært fullorðnum manni að borga kr. 1.50 til prest og 75 au. til kirkju, eða með öðrum orðum, hér um bil eitt dagsverk. En ef meira þarf að leggja fram, t. d. ef dýr kirkja er reist, þá verður gjaldið sumpart nefskattur, en sumpart skift eftir efnum og ástæðum. Hvað snertir að ófullveðja menn borgi, þá verður það oftast svo í praxis, að foreldrar eða aðrir aðstandendur borga fyrir þá, og þá verða gjöldin ekki hærri en nú er. Það var kvartað yfir að þessir menn hefðu ekki kosningarrétt, þrátt fyrir það að þeir gildu til kirkju og prests, en það eru líka til margir, sem greiða beina skatta til landsjóðs, og hafa þó ekki kosningarrétt til alþingis.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Háttv. 4. kgk. þm. hefir mikið til tekið af mér ómakið að svara háttv. þm. K.-G. svo að eg get verið stuttorður.

Hann talaði um, að þjóðin hefði ekki haft nægan tíma til að átta sig á þessu máli. — Þetta sýnist mér varla frambærileg ástæða. Þó að fundarályktanir hafi ekki komið fram í þessu máli, þá hafa heyrst raddir víðs vegar að úr landinu, sem sýna það, að menn eru almennt mjög óánægðir með þessi margbrotnu gjöld, sem nú eru.

Eg skal játa það, að eg hefi stutt þá tillögu, að söknargjöldin féllu niður og að öll þau gjöld væru borguð úr landsjóði. En mér hefir aldrei dottið í hug annað en að landsjóður fengi þá þennan halla bættan.

Háttv. þm. talaði og um, að þetta væri nefskattur, og kæmi því óréttlátlega niður. — Þetta væri góð og gild ástæða á móti frumvarpinu, ef verið væri að afnema réttlátan, beinan skatt, og setja

nefskatt í staðinn. En því er ekki til að dreifa, því að hin núverandi kirkju- og prestagjöld eru mörg ranglátur nefskattur; þau eru hvorki fugl né fiskur, og koma mjög óréttlátt niður á gjaldendur. Hér er því ekki verið að ræða um að afnema vinsælan og réttlátan skatt, heldur úreltan og ranglátan. Og þó að sá skattur, sem ætlast er til að komi í staðinn, sé nefskattur, þá má þó með sanni segja, að hann verður réttlátari en gamli skatturinn. Eftir frumv. eru og gjöldin meðfram niðurjöfnunargjöld.

Það hefir verið talað um að hreyfing væri að vakna fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju. En eg hygg að þessi breyting á söknargjöldum leggi engan stein í götu fyrir þá hreyfing. Því meir sem eg hugsa um það mál, því meir hallast eg að því, að sú breyting væri ef til vill heppileg, og því vil eg á engan hátt gera þeirri hreyfing erfiðara fyrir.

Þessi skilnaðarhreyfing er komin sumpart frá sértrúarmönnum, og er auðvitað mjög eðlileg frá þeirra sjónarmiði. Þeir geta verið eins góðir og guðhræddir menn fyrir því, og það er engin von, að þeir vilji borga gjöld til kirkju, sem ekki er í samræmi við þeirra trúarskoðanir, enda ekki rétt að íþyngja þeim með slíkum gjöldum. — Að því leyti, sem þessi hreyfing er komin frá óvinum kirkjunnar, þá vona eg að það verði þó ekki aðallega þeir menn, sem bera skilnaðarhreyfinguna fram til sigurs. Enda þekki eg marga einlæga menn kirkjunnar, sem eru skilnaði hlyntir.

Það er hverju orði sannara, sem háttv. þm. G.-K. sagði, að nefndarstörf almennings eru orðin mjög erfið og margbrotin. En þetta frumvarp miðar einmitt til þess, að létta störf söknarnefnda. Það er miklum mun léttara að heimta inn þetta ákveðna gjald eftir frumv., heldur en þau margbrotnu gjöld, sem nú eiga sér stað. Og að því leyti sem gömlu gjöldin eru niðurjöfnunargjöld, eru þau erfið innheimtu og óvinsæl eins og gerist um öll niðurjöfnunargjöld. Eg held því að það sé ómögulegt að taka gömlu lögin fram yfir frumvarpið, hvað snertir störf nefndarmannanna.

Það er satt, að 15 ára unglingar hafa ekki atkvæðisrétt eftir frumv. En það misrétti stendur til bóta; þeir fá réttinn þegar þeir vaxa upp. — Hitt misréttið, sem er innifalið í því, að sumar söknir gjaldi meira en þær bera úr býtum, er ekkert sérstakt fyrir þetta frumv. Það er svo eftir prestalaunalögunum. Setjum svo að nú kæmi nýr prestur í Garðaprestakall, þá gengi mikið af gjöldum söknarmanna í prestalaunasjóðinn og þaðan til annara prestakalla. Þetta atriði getur því ekki verið ástæða á móti frumvarpinu.

Annars tel eg það ekki svo nauðsynlegt, að frumvarpið verði samþykt á þessu þingi, að eg vilji gera það að kappsmáli. En það er gott, að málið fái sem beztan undirbúning. — Hitt get eg ekki fallist á, að þetta mál þurfi að vera í óslitanlegu sambandi við önnur skattamál landsins.

Jósef Björnsson: Eg vildi aðeins minnast nokkuð á örfá atriði í þessu máli.

Háttv. þm. G.-K. sagði að það vantaði undirbúning frá þjóðinni, málið væri óhugsað og órætt. Þetta kann að vera satt að vissu leyti, en að því er snertir kirkjugjöldin, er þetta léttvæg ástæða, því að það mál er nú orðið 20 ára gamalt. Það var rætt á þingi 1889 og eftirfarandi þingum, og þá var það tekið fram, að kirkjugjöldin þyrfti að gera óbrotnari. Menn voru því þegar fyrir 20 árum, farnir að finna til þess, að það væri þörf umbóta í þessa átt, og þó eru gjöldin orðin ennþá margbrotnari nú.

Háttv. þm. hafði og það á móti frumv. að það fyrirskipaði persónuleg gjöld, en þau væru ávalt ójafnaðargjöld. Mér þykir undarlegt að háttv. þm. G.-K. skuli kasta þessu fram. Eg efast um að þetta sé skoðun hans, því að á þingi 1893 taldi hann það aðalkost frumvarpsins, sem þá lá fyrir, að það gerði ráð fyrir persónulegum gjöldum. Orð hans voru þá þessi: »Það sem gjörir frumv. bezt í mínum augum er það, að það er sannfæring mín, að það sé rétt »princip«, sem hér er fylgt, það að gjaldið sé persónulegt«. (Alþ.t. 1893 B., dálkur 1756).

Þeirri ástæðu á móti frumv., að þetta persónugjald, 1,50 kr. á mann, komi hart niður á fátæklingum, hefir háttv. framsögumaður svarað að nokkru leyti. Eins og hann benti á, er söknargjöldunum nú svo fyrirkomið, að þau eru persónugjöld að miklu leyti og koma mjög hart niður á sumum. Vér skulum taka til dæmis fátækan kotbónda; hann hefir konu og börn fyrir að sjá, en hefir ekki fleiri skepnur en svo, að hann er í öreiga tíund. Þessi maður verður nú að borga hin ýmsu kirkjugjöld, en auk þess lambsfóður og dagsverk til prests. Gjöld hans mundu nema 8—10 kr., en eftir frumvarpinu þyrfti hann aðeins borga persónugjöld fyrir sig og konu sína, samtals $4^1/_2$ krónu til prests og kirkju. Það sýnir sig því að gjöldin koma miklu harðara niður á honum eins og nú er, heldur en eftir frumvarpinu.

Það þykir hart, að frumv. gjörir ráð fyrir að 15—25 ára gamlir menn skuli eiga að greiða söknargjöld, en hafa þó ekki atkvæðisrétt í safnaðarmálum. En eg vil benda á, að þessir menn eru alls ekki allir undanþegnir söknargjöldum eins og nú stendur. Þeir verða að borga til prests og kirkju, ef þeir tíunda $^1/_2$ hundr., og hafa þó ekki atkvæðisrétt. Eg skal ekki segja neitt um það, hversu alment það er, að menn á þessum aldri tíundi $^1/_2$ hundr., en í mínu kjördæmi er það alls ekki óalgengt.

Að því er snertir fyrirhöfn söknarnefnda, þá dylst mér ekki að frumv. væri til mikilla bóta. Störf söknarnefnda eru nú mjög erfið og óvinsæl, af því að oft og tíðum er vafasamt um gjaldskyldu manna, að því er sérstök gjöld snertir. Lambsfóðursgjaldið hefir sérstaklega þann annmarka, að þegar vel heyjast, vilja margir fremur fóðra lamb, en borga peningagjald, en heyist illa, vill enginn taka lamb; það er jafnvel farið að brydda á því, síðan lögin frá 1907 komu í gildi, að söknarnefndir verða að láta lömb frá sjálfum sér í fóðrin og borga aftur í peningum. — Svona má halda áfram að nefna galla eftir galla á gamla fyrirkomulaginu, en frumvarpið bætir mjög úr þeim, og er í stuttu máli sagt miklu betra og réttlátara.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend upp aðallega til þess að svara aðfinslum við kirkjumálanefndina. Háttv. 4. kgk. þm. fann að því, að hún hefði ekki tekið söknargjöldin til athugunar. Það kom blátt áfram til af því, að nefndinni var aldrei falið það starf, enda ekki svo með þá nefnd farið af þinginu 1905, að hún gæti unnið aukaverk. Annars tek eg undir það með háttv. þm. G.-K., að frv. er helzt til snemmbært. Eg sé ekki betur en að það megi bíða eftir öðrum umbótum á skattalöggjöf landsins. Þingið 1907 bætti svo hagi presta, að þeir mega vel við una fyrst um sinn.

Þegar um skatta er að ræða, er það aukaatriði, á hvern hátt sé hægast að innheimta skattinn. Hitt er aðal atriðið, að skatturinn sé réttátur í sjálfu sér. Verði frumv. þetta að lögum, koma söknargjöldin hart niður á fátækara fólkinu t. d. lausafólki og vinnufólki, sem lítið gjald borga nú. Þetta er því athugaverðara, sem þessir menn hafa enga fulltrúa á þingi þjóðarinnar. Frumv.

kemur og hart niður á fátækum fjölskyldumönnum, því að þeir verða að borga gjaldið fyrir alla fjölskylduna, sumir ef til vill fyrir foreldra og börn; þetta getur orðið töluvert gjald, gjald sem borga verður þar að auki í peningum, í stað þess að nú geta menn greitt gjöldin á þann hátt, sem þeir finna minna til.

Eg geri lítið úr þessari almennu óánægju yfir gjöldunum, sem háttv. þm. Ísf. talaði um. Það kann vel að vera, að mönnum sé illa við sum gjöldin t. d. lambsfóðrin. En beinni óánægju, sízt almennri, hefir þó ekki borið á.

Mér þykir varhugavert að samþykkja frumvarpið á þessu þingi, og legg áherzlu á, að það kæmi hart niður á mönnum, sem enga fulltrúa eiga hér á meðal vor. Og benda mætti loks háttv. þjóðræðismönnum á, að það er ekki æði þjóðræðislegt, að demba nýjum skattlögum á þjóðina, að henni fornspurðri.

Kristinn Daníelsson: Ræður hv. deildarmanna um þetta mál í dag hafa allar lotið að málinu í heild sinni, og hefðu því átt að koma fram við 1. umræðu. Eg skal játa það, að eg felst að ýmsu leyti á athugasemdir háttv. þm. G.-K. En eg er ekki fullráðinn í því enn, hvernig atkvæði mitt muni falla í þessu máli. Eg mun nú greiða atkvæði með frumv. til 3. umræðu, en áskil mér rétt til að gera grein fyrir því, þegar þar að kemur, hvort eg verð með frumv. eða móti.

Í niðurlagi 3. gr. frumv. samkvæmt 4. breyt.till. nefndarinnar er ákvæði um að prófastur geti haldið sóknarnefnd til að gera skil, með alt að 1 kr. dagsektum. Þetta ákvæði vildi eg leggja til að falli burt, því að eg veit ekki betur en að samskonar ákvæði í öðrum efnum hafi reynst alveg þýðingarlaus, t. d. um skil hreppsnefnda.

Í viðaukagrein, sem nefndin vill bæta við 8. gr. frumv. (sem verður 9. gr.), þætti mér fara betur að breyta: » — og er gjalddagi — « í: » — og er þá gjalddagi —«, af því að áður er ákveðið undantekningarlaust, hvenær gjalddagi sé. En þetta er auðvitað lítilfjörlegt atriði.

Fleira hefi eg ekki að segja um málið á þessu stigi.

Framsögumaður (Sig. Stefánsson): Eg vildi gjarnan láta þess getið, sakir orða þeirra, er féllu frá háttv. 5. kgk. þm., að það er ekki tilgangur nefndarinnar með tillögum þessum, að bæta hag prestastéttarinnar. Prestar eru nú komnir á föst laun, og fá þau, hvort sem söknarnefndum gengur innheimta vel eða illa. En eg vildi gera söknarnefndunum innheimtuna sem léttasta, og það vilja auðvitað allir prestar. Nú eru innheimtustörf þessi, sem á söknarnefndunum hvíla, ærið margbrotin og erfið. Háttv. 5. kgk. þm. sagði að prests og kirkjugjöld kæmu á þennan hátt harðast niður á fátækasta hluta þjóðarinnar.

En hvað er fátækasti hluti þjóðarinnar? Um það verða víst skoðanir manna ærið skiftar. Það er í meira lagi vafasamt, hvort vinnumenn og lausamenn eru ekki eins vel — eða jafnvel betur — staddir í efnalegu tilliti en vinnuþiggendur. Menn verða að gæta þess, að nú er kaupgjald orðið mjög hátt, og hækkar altaf sakir hinnar vaxandi eftirspurnar eftir vinnukrafti. Enn hefir það verið sagt, að ósanngjarnt væri að leggja á þessa menn — vinnumenn og lausamenn —, þar sem þeir ættu enga fulltrúa á þingi, og hefðu ekki atkvæðisrétt um almenn mál, en það kemur auðvitað oft og einatt fyrir, að opinberar byrðar eru lagðar slíkum mönnum á herðar, og er því sú mótbára einkis virði í þessu máli. — Auk þess má geta þess, að þetta verða því nær hinar einu skattálögur, sem á

þessum mönnum hvíla. Eg skal að vísu játa, að gjöld þessi geta komið harðara niður á stöku mönnum en skyldi, t. d. þeim er eiga fyrir örvasa foreldrum eða öðrum gamalmœnnum að sjá, en hitt get eg ekki talið neitt hart aðgöngu, þótt foreldrar verði að borga fyrir börn sín, þau er 15 ára eru eða eldri. Þegar börnin eru komin á þann aldur, þá eru þau farin að vinna heimilinu svo mikið gagn, og eftirsóknin eftir að fá þau frá foreldrunum í vistir orðin svo mikil, að þeir foreldrar mega teljast hepnir, sem geta haldið þeim, þótt þeir fyrir bragðið verði að borga þennan lítilfjörlega skatt.

Í mínum augum skiftir það ekki miklu, hvort frumvarpið nær fram að ganga á þessu þingi eða ekki, þó kysi eg heldur, að svo yrði. Auðvitað væri ekkert á móti því, að þjóðin fengi málið til athugunar; en hinu verð eg að neita, að það standi í svo nánu sambandi við skattamál landsins í heild sinni, að ekki megi ráða því til lykta á undan hinum nýju skattalögum.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 8 samhlj. atkv.
1. brt. (255) við 2. gr. samþ. með 9 samhlj atkv.
2. br. (255) við 2. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.
2. gr. breytt samþ. með 8 : 1.
3. brt. (255) við 3. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
4. brt. (255) við 3. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.
3. gr. breytt sþ. með 8 samhlj. atkv.
4. gr. (ný gr.) sþ. með 8 samhlj. atkv.
4. gr. frv. (verður 5. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
5. brt. (255) við 5. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.
6. brt. (255) við 5. gr. samþ. með 9 samhlj. atkv.
5. gr. breytt (verður 6. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
7. brt. (255) við 6. gr. samþ. án atkvæðagr.
8. brt. (255) við 6. gr. samþ. án atkvæðagr.
9. brt. (255) við 6. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
6. gr. breytt (verður 7. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
10. brt. (255) við 7. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
11. brt. (255) við 7. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
7. gr. breytt (verður 8. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
12. brt. (255) við 8. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
8. gr. breytt (verður 9. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
13. brt. (255) við 9. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
9. gr. breytt (verður 10. gr.) samþ. men 8 samhlj. atkv.
14. brt. (255) við 10. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
10. gr. breytt (verður 11. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
15. brt. (255) við 11. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
11. gr. breytt (verður 12. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.
16. brt. (255) við 12. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.
12. gr. breytt (verður 13. gr.) samþ. með 8 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 10 : 1 atkv.

Þriðja umræða; 27. marz (A. 332).

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt með 8 : 4 atkv., og verður sent forseta neðri deildar.

Ein umræða; 7. maí; (A. 715; 737; 748).

Framsögum.(Sigurður Stefánsson): Nd. hefir breytt þessu frumv. heldur til skaða. Breyt.till. eru nú við það á tveim þgskj., en önnur breyt.till. hefir verið tekin aftur. Aðalbreytingin, sem neðri deild hefir gert á frumv., er að víkka undanþáguna til allra þeirra, sem utan þjóðkirkju eru, svo framarlega sem þeir borga 2 kr. til sjóðs til eflingar trú sinni, og skal sá sjóður hafa skipulagsskrá staðfesta af ráðherra. En með því er grundvellinum alveg kipt undan kirkjugjöldunum, því að það er ofurhægt fyrir nokkra menn í hverri sveit að stofna fræðslusjóð og fá skipulagsskrána staðfesta af ráðherra, og þá getur engin kirkja bygt neitt á tekjum sínum, því að alt er í óvissu, en að því er prestsgjöldin snertir, lendir hallinn á landsjóði. Þessi breyting gæti að vísu verið eðlileg að því er einstaklingana snertir, en hún passar ekki inn í það gjaldafyrirkomulag, sem vér höfum, svo að nefndin verður að ráða til að hún falli burt.

ATKV.GR.:

1. og 2. breyt.till. (737) við 2. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

3. og 4. breyt.till. (737) við 7. gr. samþ. með 8 samhlj. atkv.

Frumv. samþ. með 8 samhlj. atkv., og sendist aftur forseta neðri deildar.

Löggilding Dalvíkur.

FRUMVARP til laga um löggilding Dalvíkur (A. 716); 1. umræða; 6. maí.

ATKV.GR.:

Samþ. í e. hlj. að vísa málinu til 2. umræðu.

Önnur umræða; 7. maí; (A. 716).

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Frumv. alt samþ. með 10 samhlj. atkv.

Samþ. að málið gangi til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umræða; 8. maí; (A. 716).

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í e. hlj., og verður afgreitt til ráðherra sem lög frá alþingi.

Dánarskýrslur.

FRUMVARP til laga um dánarskýrslur. (Stj.frv. A. bls. 121). 1. umræða; 17. febr.

Ráðherra (H. H.): Sams konar frumv. lá fyrir Nd. á síðasta þingi og var þar samþykt með miklum atkvæðamun. En þegar frumv. kom hingað til Ed. var það felt.

Stjórnarráðið hefir verið þeirrar skoðunar, að frumv. væri gagnlegt, og að með ákvæðum þess mundi nást allgóður árangur í tilætlaða átt, með tiltölulega mjög litlum kostnaði og erfiðleikum. Læknar, og sérstaklega landlæknir, hafa lagt mikla áherzlu á að fengist gætu skýrslur um dauðaorsakir manna hér á landi, og hefir oft verið reynt að fá því framgengt. Stjórnin hefir þrisvar, á alþingi 1891, 1893 og 1903, lagt fram frumvörp um líkskoðun, en málið hefir verið felt eða ótrætt, og þótti það hafa of mikil umsvif í för með sér. Í þess stað kom þá fram fyrst 1903, síðar 1907, frumv. um dánarskýrslur, og var í bæði skiftin samþykt í Nd.

Stjórnarráðinu hefir ekki þótt þurfa neina efnisbreytingu á frumv., er Nd.

samþykti í fyrra, og leggur það nú óbreytt að efni til fyrir þetta þing.

Með því að það mun vera rétt, að það hafi verið nokkuð sérstakar ástæður, sem voru þess valdandi, að frumv. féll í Ed. í fyrra, og nú eru hér nýir kraftar, þá vona eg að það eigi í þetta skifti betri byr fyrir höndum hjá hinni háttv. deild.

Jens Pálsson: Þar sem þetta frv. hefir þótt athugavert á síðasta þingi, þá bendir það í þá átt, að eitthvað muni vera í því, sem þyrfti nánari umhugsunar eða umbóta, og skal eg því leyfa mér að stinga upp á því, að málið verði látið ganga til 2. umr., og nefnd skipuð í málið.

ATKV.GR.:

Samþ. í e. hlj. að láta frumv. ganga til 2. umr., og að vísa því til 3 manna nefndar. — Var nefndin kosin og hlutu kosningu:

Gunnar Ólafsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Ágúst Flygenring.

Önnur umræða; 3. marz; (Stj.frv. A. bls. 121; 76).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Það er víst í 5. eða 6. skifti, sem þetta mál kemur fyrir þingið. Málið hefir áður tvívegis komið fram sem stjórnarfrumvarp, og var þá í bæði skiftin gert ráð fyrir almennri líkskoðun. En líkskoðunin hefði haft mikinn kostnað í för með sér, og á því strandaði málið þá. En nú hefir verið reynt að finna ráð til þess að fá nokkurn veginn ábyggilegar dánarskýrslur án mikils kostnaðar. Almenn líkskoðun er tryggilegust og tíðkast í öðrum löndum. En hér á landi mundi hún verða mjög kostnaðarsöm vegna strjálbygðar landsins, og fer því frumvarp það, sem hér liggur fyrir, aðra leið. — Nefndin, sem sett var í málið, hefir ekki getað orðið sammála. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið breytingalaust, en minni hlutinn er á móti frumvarpinu yfir höfuð. — Það er aðallega tvent sem hér þarf á að líta, kostnaðinn og gagnið.

Hvað kostnaðinn snertir, þá er það augljóst, að hann verður hverfandi lítill eftir því sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, því að í 1. gr. er gert ráð fyrir að læknir gefi dánarvottorðin ókeypis í sinni sókn, ef hann hefir stundað sjúklinginn. Borgun er því að eins um að tala, eftir 1. gr., að læknis hafi ekki verið vitjað, en búi þó í sömu sókn. En það mun örsjaldan koma fyrir, að læknir hafi ekki séð sjúkling í sinni eigin sókn, og sjúkdómurinn sé þó svo mikill, að hann leiði til bana. — Það verður því varla að tala um neinn teljandi kostnaðarauka af þessu ákvæði; og önnur ákvæði frumvarpsins hafa engan kostnað í för með sér.

Um gagn það, sem orðið getur að dánarskýrslum, er eg ekki í neinum vafa, og held eg að ekki þurfi að eyða orðum að því. Slíkar skýrslur hefðum við nú, ef þessi lög hefðu verið til fyrir löngu síðan. En betra er seint en aldrei, og vil eg því eindregið mæla með því, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt.

Gunnar Ólafsson: Eg gat ekki verið samdóma meiri hluta nefndarinnar um nauðsyn frumvarpsins og gagn það, er gæti orðið af lögunum, og hefi eg tekið fram ástæður fyrir því í nefndaráliti minni hlutans. Aðalástæðan á móti frumvarpinu er sú, að skýrslurnar mundu ekki verða ábyggilegar.

Það er ekki nóg að gefa út lög um að þessar og þessar skýrslur skulu gerðar; og það er meira að segja ekki nóg að lögunum sé fylgt; skýrslurnar geta verið óábyggilegar alt að einu, og þá koma þær ekki að neinu gagni. — Eg get nefnt dæmi þessu til sönnunar. Lögunum um skýrslur yfir alidýrasjúkdóma

hefir verið fylgt að því leyti, að hreppstjórar heimta skýrslu hvers búanda um það á hreppaskilaþingi ár hvert, hvaða sjúkdóma hann hafi orðið var við í alidýrum og hve margar skepnur hann hafi mist úr þessari eða annari veiki. En þar sem það er víst, að bændur segja til þessa alment eitthvað út í loftið, vegna þess að þeir hafa litla eftirtekt veitt slíku, þá er það alveg víst, að á slíkum skýrslum er ekkert að byggja, hversu vel sem þær annars líta út á pappírnum. Gallinn á þeim er það, að það er ekkert á þeim að byggja, auðvitað af því að áhugann vantar og þekkinguna hjá fólkinu, þá þekkingu, sem útheimtist til þess að *geta* gefið réttar skýrslur. Líkt mundi verða um þessar dánarskýrslur. Að vísu kæmu áreiðanlegar skýrslur úr þeim sóknum, sem læknir býr í. En hvaða gagn gæti verið af því, að fá ábyggilegar skýrslur úr að eins 16 af hverjum 100 sóknum landsins? Prestar eiga að votta um dauðamein manna í 84 af hverjum 100 sóknum, og allar þær skýrslur yrðu auðvitað alveg óábyggilegar, því að prestar eru ekki öðrum færari til að gefa slík vottorð.

Eins og nú stendur gefa læknar skýrslu um veikindi þau, sem koma fyrir í héruðum þeirra, og þeir verða varir við; leiði veikin til dauða geta þeir þess í skýrslum sínum. Þær skýrslur koma að töluverðu gagni, því að yfirleitt mun hverjum lækni vera nokkurn veginn kunnugt um þá sjúkdóma, sem koma fyrir í héraðinu. En ef frv. þetta verður að lögum, getur vel verið, að þeir leiði þetta hjá sér og kasti áhyggjum sínum að þessu leyti á prestana í öllum sóknum nema þeim, sem þeir búa í sjálfir. Gæti þá fremur orðið afturför að lögunum en framför. — Auk þess mundu lögin auka störf læknanna og baka aðstandendum hinna látnu kostnað, hvorttveggja að gagnslausu. Og sér hver maður, hver fjarstæða það er, að búa til lög, sem hafa kostnað og umstang í för með sér, og eru *þó* alveg gagnslaus eða jafnvel til hins verra.

Það þarf ekki ný lög til þess að fá miklu meiri vissu um dauðamein manna heldur en getur fengist eftir þessum lögum. Það þarf ekki lög til þess að fá presta til að geta um dauðamein manna í sóknum sínum; þeir mundu gjöra það eftir tilmælum landlæknis eða landstjórnarinnar. Væru svo þær skýrslur *bornar saman* við skýrslur læknanna um sjúkdómana í umdæminu, þá tel eg víst, að nokkru nær mætti komast um það, hverjir sjúkdómar eru algengust banamein.

Háttv. framsögumaður talaði um nytsemi laganna. En eins og eg hefi gert grein fyrir, get eg ekki séð að hún sé fyrir hendi, því að lögin geta aldrei náð tilgangi sínum, eins og þegar er bent á. Þess vegna vil eg hiklaust leggja til, að deildin felli frumvarpið.

Sigurður Stefánsson: Frumvarpið er ekki ennþá orðið neitt girnilegra í mínum augum en áður. — Eg vil benda á það, að eftir 1. gr. frumv. getur oft komið fyrir, að prestar *megi* ekki jarðsetja lík. Hann má það ekki, nema hann fái dánarvottorð frá lækni þeim, er *stundaði* hinn látna, ef læknir býr í sókninni. En eins og allir vita, kemur það nálega aldrei fyrir, að læknir *stundi* sjúklinga í banalegunni. Venjulega er læknirinn sóttur; hann skoðar sjúklinginn og stendur ef til vill við að eins nokkrar mínútur og fer svo, en hann stundar hann ekki. — Það hefir verið talað um nytsemi af dánarskýrslum. Mér dettur ekki í hug að neita því, að dánarskýrslur eru nytsamar, en til þess verða þær að vera ábyggilegar, og það verða þær ekki eftir þessu frumvarpi, því að prestar eru ekki færari til að

gefa slíkar skýrslur en hverjir aðrir, og verða auk þess að fara eftir sögusögn annara, verða að byggja skýrslurnar á frásögn heimilismanna. Skýrslurnar verða alt af óábyggilegar, og því geta lögin alls ekki náð tilgangi sínum.

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Það hefir litlu öðru verið hreyft um þetta mál hér í deildinni heldur en andmælum. En það hafa þó ekki komið næg rök gegn því, til þess að eg geti breytt skoðun minni. Það var minst á það áðan, að til væru lög, er skipuðu fyrir um að skýrt skuli frá úr hverju alidýr deyi, og það var sagt, að þessi lög hafi reynst þýðingarlaus og komið að engu gagni.

Hér er um annað að ræða, því það er þó algengast að alidýr drepist af því, að skorið er af þeim höfuðið, en þetta á sér þó ekki að jafnaði stað um menn; og sýndist ekki hafa minni þýðingu að vita úr hverju þeir dæju.

Eg legg ekki svo mikla áherzlu á það, að prestar skrifi um dauðamein manna, en eg legg mikla áherzlu á skýrslur prestanna. Því að prestar geta auðvitað ekki sagt neitt nákvæmlega eða lagt áreiðanlegan úrskurð á um banamein fólks, en þeir geta skrifað nöfn þeirra sem deyja í skýrslurnar. Og þetta mundi strax verða læknunum til mikillar hjálpar, því að þeir þekkja flesta sjúklinga bæði í þeirri sókn, sem þeir eru sjálfir í, og eins í hinum sóknunum í héraðinu, að minsta kosti þá, sem hafa verið veikir af einhverjum »chroniskum« sjúkdómum. Læknarnir hafa stundað sjúklingana svo mikið áður, að þeir vita nægilega úr hverju þeir deyja.

Læknar eru alls ekki að ásælast meiri tekjur með þessu frumv., heldur að eins að koma betra skipulagi á heilbrigðismál landsins.

Kristinn Daníelsson: Háttv. framsögum. tók það fram, að þetta mál lægi nú fyrir alþingi í 5. sinn; eg hygg jafnvel, að það sé í 6. sinn, því að sams konar frumv. hefir legið fyrir þinginu áður, en það var í fyrstu nefnt frumv. um líkskoðun. Þetta bendir á hverjir agnúar hafa þótt á frumv. vera, og mér hafa enn virzt svo miklir agnúar á málinu, að eg hélt í fyrstu, að eg gæti alls ekki verið með því. Eg skal benda á það, sem mér þykir vera aðalgallar á frumv. Það eru í fyrsta lagi allir þeir snúningar fyrir prestinn og aðra, sem fylgdu mörgum dauðsföllum, og svo mætti búast við að jarðarför gæti ekki farið fram fyr en seint og síðar meir, vegna þeirra snúninga, sem af líkskoðunarskyldunni hlytust. Annar agnúi verður það, sem háttv. þm V.-Sk. tók fram, að svo margar sóknir á landinu eru læknislausar, og þá mundi líkskoðunin ekki koma að neinu verulegu gagni. Ennfremur fylgir þessu töluverður kostnaður, og er tæplega hægt að gera ráð fyrir að hann verði undir 3000 kr. Þetta er of mikill kostnaður, þegar þess er gætt, að lögin muni ekki koma að meira gagni en svo, að líkskoðun gæti farið fram á hér um bil 20% af landsmönnum.

Eg veit t. d. um Reykjanes, þar sem eg er einna kunnugastur, þar ætti líkskoðun ekki að fara fram annarstaðar en í Keflavík, sem er ein sókn fyrir sig.

Mér dylst þó ekki að það er mikið gott í þessu frumv., og eg skyldi ekki sjá eftir þessum 3000 kr. sem færu í kostnað, né heldur teljast undan þeirri aukavinnu, sem lendir á embættisbræðrum mínum, ef þá væri hægt að gera lögin svo úr garði, að þau kæmu að verulegum notum. Það mætti gera prestum að skyldu að færa dálk í bók-

um sínum um dauðamein manna eftir beztu vitneskju, sem þeir gætu fengið, en það ætti ekki einungis að vera í þeim sóknum, sem eru læknislausar, heldur líka þar sem læknarnir búa. Síðan sendu prestarnir læknunum skýrslur sínar, en þeir leiðréttu eftir því sem þeir vissu betur, og sendu síðan aðalskýrslu.

Eg vona að málið komist til 3. umr., og þá hafði eg hugsað mér að bera fram br.till., sem mér þykja nauðsynlegar. Annars hlýt eg að verða á móti frumvarpinu.

Agúst Flygenring: Eg vildi með nokkrum orðum minnast á það, sem háttv. þm. V.-Skaftf. sagði. Það sýnist svo sem honum sé örðugt að finna ástæður fyrir því að þetta frv. sé eins ónauðsynlegt og hann vill telja það. Eg tel þetta nú samt ekki nema eðlilegt, því að maður rekur sig ávalt á, að það verður að þekkja fortíðina ef maður á að geta haft nokkra hugmynd um framtíðina. Svo er í öllum öðrum löndum; þar er öll hagfræði bygð á fortíðinni. En hér á ekki að sinna slíku, þegar er að ræða um sjúkdóma og líf manna, og þó er lífið álitið dýrmætast. Eg veit ekki á hverju á að byggja, þegar verið er að veita fé til læknastéttarinnar eða til þess að útrýma ýmsum sjúkdómum. Það er ómögulegt að sjá, hve mikil þörfin er eða hvar hún er mest, einmitt af því að allar skýrslur vantar. Það er t. d. nú ómögulegt að vita það með neinni vissu, hvað mikið hefir verið af berklaveikum sjúklingum í landinu fyrir 10 árum. Og af því leiðir að enginn veit hvort veikin er í rénun eða ekki.

Frá hagfræðislegu sjónarmiði verður að sinna þessu. Það hafa allir játað, sem talað hafa, hve afar mikilsvert það væri að ganga á móti ýmsum sjúkdómum hér á landi, en til þess verður að leita á undan allra þeirra upplýsinga, sem hægt er að fá, til þess að geta ráðið bót á þeim síðar.

Eg get verið þm. samdóma um að almenn skyldulíkskoðun ætti að vera lögleidd, og eg skyldi vera því máli fylgjandi. Hér er að eins stigið lítið spor í áttina, því að skyldulíkskoðun verður einungis í þeim sóknum þar sem læknar búa.

Menn eru hér að tala um kostnað, og telja á sig snúninga, sem leiða af þessum lögum. Jú, það er 1 kr. fyrir hverja líkskoðun. Þá fara mannslífin að verða ódýr, þegar ekki þykir leggjandi í sölurnar 1 kr. virði fyrir að vita með vissu hvort maður er dauður eða lifandi! Það þótti nauðsyn á lögunum um alidýrasjúkdóma, en um þetta hirða menn ekki. Ef hundur drepst á bæ, þá á sjálfsagt að gefa skýrslu um það, en ef bóndinn deyr, þá varðar engan um það. Eg get ekki betur séð, en að það sé hreint og beint hræðilegt að vita ekkert um það, úr hverju menn deyja. Menn gætu verið drepnir svo enginn vissi. Í öðrum löndum eru fjöldamörg dæmi þess að glæpir hafa komist upp einungis vegna líkskoðunarinnar.

Frumv. hefir verið talin árás á privatlíf mannna. Það ætti t. d. að draga fram ýmsar meinsemdir, sem menn vildu leyna. En um þesskonar sjúkdóma, t. d. »Syfilis« og aðra viðbjóðslega sjúkdóma, ættu læknar einmitt að fá vitneskju og koma þeim í skýrslur.

Þess sama gætir ef litið er á málið frá mannkærleikans sjónarmiði. Það getur t. d. átt sér stað að maður lægi veikur á heimili hjá öðrum, og það væri álitið á heimilinu að um næman sjúkdóm væri að ræða, þá gæti vel farið svo að sjúklingurinn yrði að deyja hjálparlaus, bara af því að húsráðend-

ur vildu forðast að láta vita af því, að næmur sjúkdómur væri á heimilinu. Þetta getur vel viðgengist einmitt af því að ekki þarf að óttast dánarskýrslur. Líkið fer óskoðað í gröfina.

Jeg er hissa á því að menn skuli segja rétt út í bláinn að það sé sjálfsagt að fella þetta frumv., en eru þó í öðru orðinu að tala um að fjölga læknum og bæta heilbrigðismálefni landsins. En þeir gæta þess ekki að í þessu frv. liggur einmitt undirstaða allra þeirra mála.

Ráðherra (H. H.): Háttv. þm. V.-Ísf. fann frumv. það til foráttu að það hefði verið felt svo oft áður. En þau frumv. sem voru feld á þingunum 1891, 1893 og 1903 voru viðtækari, og fyrirkomulag það, sem þau fóru fram á, kostaði miklu meira. Á Alþingi 1907 var svo nýtt frv. til meðferðar með alveg nýju sniði, þar sem reynt var að synda fyrir þá agnúa, sem áður höfðu þótt á frumv. En þetta frv. var þá felt hér í Ed., eftir að því hafði verið tekið með virtkum af háttv. Nd.

Það er ekkert að byggja á því, sem háttv. þm. V.-Skaftf. sagði um fólksfjölda í þeim sóknum, sem engir læknar væru í; því að þær sóknirnar, sem læknar eru í, eru svo stórum miklu fjölmennari en hinar, sem læknislausar eru. Það má taka til dæmis Reykjavík eina. Hér eru 12% af öllu fólki á landinu. En í þeim sóknunum þar sem prestar hefðu skýrslurnar á hendi, yrðu þær líka til mikilla bóta, því prestarnir mundu að sjálfsögðu reyna að útvega sér eins góðar upplýsingar, eins og hægt væri að fá, áður en þeir skrifuðu skýrslur sínar.

Eg held að það sé óþarfa hræðsla hjá háttv. þm. Ísf., að það gæti leitt til þess að alls ekki mætti jarða lík, ef þetta frumv. yrði að lögum. Það verður ekki lögð svo greypileg merking í orðið »standa«, heldur mun tekið gilt vottorð læknis, sem á einhvern hátt hefir skift sér af sjúklingnum.

Eg sé ekki að hægt sé að fella burt 1. gr. frumv., því það yrði þá algerlega ónýtt.

Steingrímur Jónsson: Þetta frumv. lá fyrir Alþingi 1907, en var þá felt. Eg álít að þetta hafi verið misráðið. Tilgangur frumv. er svo góður, að það á skilið að verða að lögum. Allir hugsandi menn hljóta að vita, að það hefir mikla þýðing að vita um dauða manna og orsakir hans. Það ætti að heimta allar skýrslur þessu viðvíkjandi svo margar og nákvæmar, sem hægt væri. Og þetta ætti að gera ekki síst nú, þar sem athygli manna er að snúast svo mjög að útrýming ýmsra sjúkdóma t. d. berklaveiki. Það er alment álit lækna, að ómögulegt sé að stemma stigu fyrir þessháttar sjúkdómum, fyr en hægt er að fá nákvæmar skýrslur um þá. Og eg álít að hægt sé að fá mjög nákvæmar skýrslur að minsta kosti fyrir allmikinn hluta þjóðarinnar, ef þetta frumv. verður að lögum. Það má gera ráð fyrir að framt að 50% landsmanna búi í þeim sóknum, sem læknar eru í, og þar fengjust nákvæmar og áreiðanlegar skýrslur. Og um þær skýrslur, er prestar semdu, er ekki vafi á að þær gætu gefið góðar upplýsingar, ef þær væru notaðar með nokkurri varúð. Þær mundu að minsta kosti verða mjög góður stuðningur, einkum þegar prestar vendust við starfið.

Svo er kostnaðurinn. Háttv. þm. V.-Ísf. hélt því fram að hann mundi nema 3000 kr. Þetta getur ekki náð nokkurri átt. Það er ómögulegt að hann fari fram úr 5—600 kr. Eg gæti hugsað mér að komið gætu um 200 tilfelli, þar sem yrði að sækja lækni, og má búast

við að kostnaður við það yrði að jafnaði 3 kr., en hreint ekki meiri. Það yrði samtals 600 kr.

Eg get ekki skilið hvernig lögin gætu verið óþægileg fyrir aðstandendur þeirra, sem deyja. Eg sé ekki hvað það ætti að gera þeim, þó læknir yrði sóttur; en get hinsvegar hugsað mér að það gæti verið stundum óþægilegt eða óviðkunnanlegt, ef læknir væri ekki sóttur.

Það eru allar ástæður, sem mæla með því að frumv. verði samþ., en engar á móti.

Háttv. þm. V.-Skaftf. lét það álit í ljósi, að þessar skýrslur yrðu lítt nýtar og líkti þeim við skýrslurnar um alidýrasjúkdóma. En háttv. þm. hefir ekki tekið eftir því, að hér stendur alt öðruvísi á. Í hinu tilfellinu áttu ólærðir menn í hlut, en hér eiga lærðir læknar að gefa skýrslurnar. Það er ástæðulaust vantraust og að niðra læknastéttinni, að segja slíkt.

Eg vil ennfremur neita öðru sem verið er að segja, sem sé að þær hagfræðisskýrslur, sem samdar eru hér úti um land, séu rangar. Þetta er algerlega rangt. Auðvitað má búast við ýmsum göllum í fyrstu, meðan menn eru óvanir, en þær batna mjög fljótt. Eg veit t. d. hvernig þessu hefir verið varið í Þingeyjarsýslu. Þar vissu menn ekki almennilega í fyrstu hvernig ætti að útfylla hinar og þessar skýrslur, en þeir sýndu góða viðleitni og lærðist fljótt að gefa réttar og góðar skýrslur.

Eg játa að lögin mundu bæta dálitlu við störf presta. Þeir yrðu að bæta við einum dálk í dánarskýrslum sínum og hafa sig við með að komast að því úr hverju menn hafa dáið, en þetta getur varla orðið mikið, því að nú deyja hér á landi fáir svo, að menn þekki eigi dauðameinið.

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Eg ætla að eins að gefa ofurlitla bendingu. Þrír deildarmenn virðast hafa skilið 1. gr. svo, sem þar sé talað um almenna líkskoðun; en það er ekki svo. Í 1. gr. er ekki gert ráð fyrir líkskoðun, nema því að eins að læknir sé í sömu sókn og hafi ekki séð sjúklinginn í banalegunni.

Auk þess er hér ekki gert ráð fyrir eiginlegri líkskoðun, sem hefir það markmið að tryggja menn gegn kviksetning, rannsaka hvort eitrun eigi sér stað, hvort hinum látna hafi verið ráðinn bani o. þessh.

Hér er að eins átt við dánarskýrslur, skýrslur um dauðamein.

Júlíus Havsteen: Frumv. það sem hér liggur fyrir, getur aldrei komið að tilætluðum notum. Reglurnar um skýrslurnar eru mismunandi í 1. og 2. gr., eftir því hvort læknirinn situr í kirkjusókninni eða ekki, en reglurnar í 1. gr. koma að eins að notum. Samkv. 2. gr. eiga í þeim sóknum þar sem enginn læknir býr, prestarnir að gefa vottorð um dauðamein manna; það geta auðvitað aldrei orðið verulega ábyggilegar skýrslur, sem þeir gefa.

Það er ómögulegt, eins og nú til hagar, að búa til lög, sem gefa úttæmandi reglur um dánarskýrslur sem ná til allra. Þess vegna álít eg að bezt væri að bíða með slík lög, þangað til það væri hægt að hafa þau nýtileg, en það verður að eins með fjölgun lækna, nema menn vilji setja lög um líkskoðunarmenn.

Verði þetta frumv. að lögum, verða því samfara mörg og margvísleg óþægindi bæði fyrir presta og aðstandendur hins látna. Í þeim sóknum, er læknir býr í, mega prestar ekki jarðsetja lík neins manns, fyr en þeir hafa fengið dánarvottorð hans frá lækninum, er

stundaði hann; náist ekki í þann lækni, eða hafi enginn læknir séð þann látna í banalegunni, á að sækja héraðslækni eða annan lækni til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Það gefur að skilja að með þessu móti gæti oft komið fyrir að lík yrðu að standa uppi langan tíma, meðan verið er að leita uppi lækni.

Talsverður kostnaður mundi fylgja framkvæmd á þessum lögum, þar sem læknar eiga að fá dagpeninga og ferðakostnað. Þessir dagpeningar og ferðakostnaður eiga að borgast eftir reikningi er sendist stjórnarráðinu. Við þetta er mikið umstang og skriftir og þar af leiðandi tímatöf. Út af þessum reikningum getur orðið mesta rekistefna; það vita þeir sem þekkja til.

Það væri miklu betra að láta sér nægja fyrst um sinn dánarskýrslur, er prestarnir gæfu, eins og hv. þm. V.-Sk. benti á. Þær yrðu að vísu alt af ófullkomnar, en þær yrðu lausar við kostnað og verulegt umstang, og gætu ef til vill orðið að nokkru liði.

Jens Pálsson: Mér er mjög illa við öll óþörf skrif og sérstaklega allar óþarfar skýrslur. En það er langt frá því að skýrslur þær, er ræðir um í þessu frumv., séu óþarfar. Nauðsyn krefst þeirra beinlínis. Að grafast eftir sönnum sjúkdómsmeinum, eftir því hvað mönnunum verður að bana, er að mínu áliti einhver veglegasta eftirgrenslan sem til er. Gegnum hana öðlast menn vísbending um, af hverjum sjúkdómum lífi manna stafi mest hættan, og við hverjum sjúkdómum varnir þurfi mestar og beztar. Markmiðið, sem að er keppt með slíkri eftirgrenslan er að vernda og lengja mannslífin, og veglegt er það markmið.

Jeg var á móti gömlu frv., ekki málsins vegna, heldur fyrirkomulags þess, er farið var fram á í þeim; það var bæði örðugt og dýrt. En það fyrirkomulag, sem ræðir um í frumv. því, er hér liggur fyrir, er að mínu áliti praktískt og gott. Mun lítið vanta á að tilgangurinn um áreiðanlegar skýrslur náist með því, þar sem því nær helmingur af sjúkdómstilfellum fellur í sóknum, sem læknar eru í. Prestar munu gjöra sitt ítrasta til að komast að góðri niðurstöðu. Þeir standa, að læknum undanskildum, bezt að vígi með að gefa slíkar skýrslur, þar sem þeir standa í nánustu sambandi við sóknarfólkið, og eru mentaðir og viljagóðir menn. Þeir hafa og samkv. embætti sínu skyldu til að leysa þetta vel af hendi.

Eitt þykir mér að frumv. Eg hefi ekkert á móti því að þessu sé bætt við störf prestanna; en mér þykir vanta í 1. gr. ákvæði um það, að prestar geti ávalt snúið sér til hins opinbera embættislæknis. Eins og allir vita, kalla fleiri sig lækna en það nafn eiga skilið, t. d. stúdentar er hafa lesið eitt eða tvö ár, hómópatar o. fl. Vildi eg að þeir gæfi héraðslækni skýrslur, og hann svo presti, svo að prestur ætti alt af aðgang að héraðslækni. Mér væri kært ef nefndin vildi taka þessa athugasemd til greina.

Annars skal eg ekki fjölyrða meira um frv., en vona að það verði samþykt.

Gunnar Ólafsson: Háttv. framsögumaður meiri hluta nefndarinnar er mér samdóma um það, að læknum muni yfirleitt vera kunn dauðamein manna í héruðum þeirra, og styrkir það mitt mál, að frumv. þetta sé óþarft.

Eg felli mig vel við breyttill. háttv. þm. V.-Ísf., um að fella burtu 1. gr. frumv.; hún má missa sig, enda tel eg frumv. þá fallið, þegar af er höfuð þess.

Háttv. 3. kgk. þm. hélt fremur áminningarræðu en röksemdaræðu. Ástæður bar hann engar fram. Hann sagði meðal annars að nú væri ekkert á að

byggja í þessu efni, nefnil. um dauðameín manna og kallaði það skrælingjahátt að vilja fella þetta frumv., ásamt fleiru af því tagi. En að mínu áliti verður ekki meir á að byggja þó frumv. yrði að lögum. Prestar hafa ekkert vit á því sem þeir eiga að gefa vottorð um. Skýrslurnar geta litið nógu vel út, en grundvöllurinn undir þeim er skakkur, því þeir menn eiga að votta, sem ekki geta það; en skýrslur eru því að eins gagnlegar, að þær séu réttar.

Annars ímynda eg mér að of mikið sé gjört úr nauðsyninni á dánarskýrslum. Læknar geta oft ekki séð úr hverju hinn látni hefir andast. Hitt er miklu þýðingarmeira að vita hvaða sjúkdómar eru algengir í landinu. Og það geta læknar einir gefið skýrslur um. Þeir eiga að rannsaka sjúkdóma og heilbrigðisfar í landinu, og það gjörist ekki eingöngu með því að lík séu skoðuð, litið á þau snöggvast, heldur og aðallega með því, að læknar gefi nákvæmar gætur að sjúkdómum í landinu og dauðameinum manna.

Það hefir verið talað um að í þeim 43 sóknum, sem læknar sitja í, búi alt að 50 % af íbúatölu landsins. Eg hygg að það sé ekki rétt; það er varla meir en 25—30 %.

Eg fjölyrði ekki meira um frumv. en vona að það verði ekki samþykt.

Kristinn Daníelsson: Hæstv. ráðherra sagði að agnúarnir á frumv. væru afskornir. En aðalagnúinn er ekki afskorinn; þeim örðugleikum sem eru á líkskoðun er ekki enn rutt í burtu.

Háttv. 4. kgk. þm. gengur út frá öðru meðaltali á dýrleika líkskoðunar en eg. Af því stafar mismunurinn.

En því færri líkskoðanir sem verða, og þar af leiðandi því minni kostnaður, því minna gagn verður einnig að þeim. Gagnið verður eftir því meira, sem kostnaður verður meiri.

Eg held því enn fram, að sama gagn væri að því að prestar gæfu héraðslækni skýrslur, sem hann svo leiðrétti. Læknar munu vita um nálega allar dauðaorsakir í þeim sóknum, sem þeir eru búsettir í, og leiðrétting þeirra við þann hluta prestaskýrslnanna því veita nálega eins mikla vissu eins og líkskoðun mundi gjöra, og því gjöra sama gagn; og sá mismunur alveg hverfandi, þar sem ekki er hvort sem er að ræða um nema litla tölu sókna af öllum fjöldanum.

Arí Jónsson: Eg lít svo á, sem frumv. þetta nái eigi að fullu tilgangi þeim, sem æskilegur væri og þeir menn hafa haft í huga, er fengist hafa við slík frumv. á fyrri þingum. Á þingum þeim, er fjallað hafa um málið, hafa menn aðallega haft tvent fyrir augum, nfl. að koma á líkskoðun og að koma því til vegar að dánarskýrslur yrðu gjörðar.

Þetta frv. nær að mestu leyti síðara markmiðinu. Eg tel víst að talsvert áreiðanlegar dánarskýrslur mundu geta fengist með því fyrirkomulagi sem farið er fram á í frumv. En þörfin á lögum um líkskoðun er jafn mikil eftir sem áður, þó frumv. verði að lögum. Það takmark næst ekki með því.

Æskilegast væri að hvorttveggja kæmist á sem fyrst. En þótt frumv. fullnægi að eins annari kröfunni, tel eg það vera þó svo gagnlegt spor að eg ræð til að það verði samþykt.

ATKV.GR.:

1. gr. frumv. samþ. með 9 : 2
2. — — — — 9 : 1
3. — — — — 9 : 1

Fyrirsögn frumv. samþ. með 9 : 1

Samþykt að láta frumv. ganga til 3. umræðu. með 9 : 1.

Þriðja umræða; 5. marz (A 102; 99).

Kristinn Daníelsson: Af því að enginn tekur til máls og eg á hér br.till., þá leyfi eg mér að segja nokkur orð. Eg þarf ekki að tala langt mál, því að eg hef gert grein fyrir br.till. mínum við síðustu umræðu málsins hér í deildinni. Þess var getið í umræðunum, að málið hefði oft legið fyrir þinginu og tekið margskonar breytingum, og það er rétt. Fyr hefir það verið kallað frumv. til laga um líkskoðun, en nú frumv. til laga um dánarskýrslur. Líkskoðun átti að vera til þess að menn yrðu ekki kviksettir, en þá var ekki haft fyrir augum að fá hagskýrslur. Nú er meiningin að bæta úr skortinum á hagskýrslum. Eg vil með br.till. mínum gera þetta meira en nafnið tómt, taka burtu líkskoðunina en halda dánarskýrslunum. Mín br.till. fullnægir aðaltilganginum, sem nú liggur fyrir, að fá eins góðar hagskýrslur og frekast er hægt. Þó að líkskoðun sú, sem frumv. gerir ráð fyrir, fari fram, leiðir þar af ekki, að læknar komi nálægt öllum dauðsföllum.

Til þess að komast hjá vafningum við jarðsetningu og óþarfa kostnaði, sem gæti, þó að ekki sé hann mikill, vaxið mörgum í augum, kem eg fram með mínar br.till. Eg leyfi mér því að leggja þessar br.till. fyrir deildina, og vona að hún samþ. þær, þar sem þær munu vera til bóta, og frumv. með þeim fullnægja tilgangi sínum.

Agúst Flygenring: Eg tók svo eftir, að háttv. þm. V.-Ísf. segði síðast, að frumv. færi of skamt til þess að það yrði að fullum notum. En hann væri ekki á móti frumv. í »realitetinu«. Hann hélt að prestarnir kæmu eins nærri því sanna og læknarnir. Þetta er alveg ný kenning. Því að það er alment álitið, að það sem læknar segja um dauðamein, sé það, sem byggja má á, en naumlega á skoðun prestanna. Ef þetta er rétt, þá geta hagskýrslurnar ekki verið góðar, ef prestar gefa þær einir. Eg er þess vegna algerlega á móti br.till. Okkur vantar skýrslur um úr hverju menn deyja, en ekki um hversu margir menn deyja — það vitum við. Það er ekki helmingur þeirra sem deyja skoðaðir af lækni. Og þetta frv. með þessum br.till. yrði algerlega til þess að bægja læknum frá að skoða lík. Eg ræð því eindregið til að br.till. verði feldar.

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Br.till. háttv. þm. V.-Ísf. væru til bóta, svo framarlega sem fyrirkomulag það, sem gert er ráð fyrir í frv., væri örðugt og kostnaðarsamt. En framkvæmd frv., eins og það liggur fyrir, hefir engan teljandi kostnað né óþægindi í för með sér, og því álít eg að beri að samþykkja það óbreytt.

Háttv. þm. G.-K. hefir tjáð nefndinni að hann félli frá því að koma með br.till. við frumv.

Eg hefi ekki meira við að bæta, en ræð til að frumv. verði samþ. óbreytt.

Kristinn Daníelsson: Mér þykir vænt að heyra hversu veik andmæli hafa komið fram á móti br.till. mínum.

Eg skal stuttlega drepa á það, að háttv. 3. kgk. þm. virðist ekki hafa skilið mig rétt. Eg sagði ekki að skýrslur presta mundu verða jafn fullnægjandi og skýrslur lækna. Eg sagði að fyrir þær sóknir, þar sem samkvæmt frumv. er ætlast til að læknar gefi vottorðin, gæti komið jafngóð vissa með því móti, að prestar semdu skýrslurnar og læknar leiðréttu síðan. Því eins og eg hefi áður tekið fram, munu læknar yfirleitt vita um alla mikilsvarðandi sjúkdóma í héruðum sínum, og þá ekki síst í þeim sóknum, er þeir sitja í.

Auðvitað væri almenn líkskoðun það

æskilegasta, og væri langt frá mér að hafa á móti henni, ef henni yrði við komið. En þetta frv. fer alls ekki fram á almenna líkskoðun.

Framsögumaður meiri hl. nefndarinnar fann það að breyt.till. minum, að eg gerði of mikið úr óþægindum þeim, er líkskoðun sú, er frumv. fer fram á, mundi hafa í för með sér. Eg er þessu kunnugri en háttv. framsögumaður, og veit að víða mundi leiða af henni allmikil óþægindi fyrir presta og aðstandendur hins látna. En auðvitað mundi eg ekki láta mér þessi óþægindi í augum vaxa, ef nokkuð verulegt ynnist annars með frumv.

Gunnar Ólafsson: Eg hefi ekki sannfærst af umræðunum um það, að æskilegt sé að frumv. verði samþykt. Við 2. umræðu þess var háttv. 3. kgk. þm. einna háværastur; hann kallaði það skrælingjahátt, að samþykkja ekki frv. þetta. Mér þótti það lítil sönnunargögn, og er enn á þeirri skoðun, að helzt ætti það að falla.

En eg mun greiða atkvæði með breyt.till. háttv. þm. V.-Ísf.; því verði þær samþyktar er frumv. í raun og veru fallið. Aðal ókostirnir eru þá teknir burtu. Það sem eftir er, nfl. að prestar gefi dánarvottorðin, er meinlaust. Læknum munu víðast kunn dauðamein manna í héruðum þeirra, og mundu þeir þá geta leiðrétt það, sem rangt væri í skýrslum presta. Að vísu mundu, eins og eg hafi tekið fram áður, svona lagaðar skýrslur prestanna aldrei verða áreiðanlegar, en gætu þó ef til vill orðið nokkurs virði, er héraðslæknar hafa farið yfir þær. Gæti verið að landlæknir og þeir sem á annað borð trúa nokkuð á skýrslur, gætu fundið einhvern sannleika út úr þeim.

Eg skal að endingu að eins taka það fram enn einu sinni, að eg ræð deildinni frá að samþykkja frumv. óbreytt.

Framsögumaður (Sig. Hjörleifsson): Eg ætla aðeins að gefa ofurlitla frekari skýringu.

Eins og eg oft hefi tekið fram, er hér alls ekki um almenna líkskoðun að ræða. Læknar munu aðeins örsjaldan þurfa að skoða lík, varla meir en 1 eða 2 af 100 í hverri kirkjusókn. Það eru því grýlur einar, að tala hér um örðugleika á líkskoðun.

Málið mun nú vera nokkurn veginn rætt, og hefi eg engu öðru við að bæta en því, að eg vona að frumv. verði samþykt óbreytt.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. við 1. gr. (þskj. 99) felld með 8:5 atkv.
2. breyt.till. við 2. gr. (þskj. 99) felld með 7:4 atkv.
3. br.till. við 3. gr. (þskj. 99) tekin aftur.

Frumvarpið var síðan samþykt með 8:5 atkvæðum, og sendist forseta neðri deildar.

Byggingarsjóður.

FRUMVARP til laga um breyting á 2. gr. í lögum nr. 29. 20. október 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga. (Stj.frv. A. bls. 122). 1. umræða; 18. febr.

Ráðherra (H.H.): Þegar alþingi 1905 samþykti frv. stjórnarinnar um að stofna byggingarsjóðinn með því að gefa Arnarhólstúnið og Örfirisey til þess að koma upp húsi yfir söfn landsins o. fl., áleit stjórnin að hægt mundi verða að selja Arnarhólslóðina á 3 kr. □ al. En Nd. þingsins færði lágmarkið upp í 4 kr. □ al., og Ed. upp í 5 kr. □ al. Þá voru lóðir yfirleitt í háu verði hér í bæ, og stafaði það mikið af því, að þá hafði fundist gullvottur í nánd við bæinn. Þá voru allmiklar »spekulationir« í lóðum, og er

sennilegt, að stór svæði úr Arnarhólstúninu hefðu skjótt verið keypt upp, hefði verðið verið nokkurn veginn skaplegt. En af því að byggingarpláss er mjög misjafnt á hinu stóra Arnarhólstúni, sumt jafnvel mjög óálitlegt og ólíklegt til bygginga í bráð, og enga ferhyrningsalin mátti eftir lögunum selja undir 5 kr., fór svo, er stjórnarráðið lét fram fara mat það, er lögin einnig binda söluna við, að það af túninu, sem betur liggur fyrir verzlun og bygging, var metið miklu hærra, stórir flákar jafnvel á 15 kr.. alinin. En þetta var ofvaxið kaupendum, og nú eru liðin svo 3 ár full, að engin □ al. er enn þá seld og ekki útlit fyrir að neinn geti keypt, nema lágmarkinu verði breytt, og nýtt mat fari fram á þeim grundvelli. Ella er ekki annað að að sjá en að túnið verði arðlaus eign byggingarsjóðsins, en þetta má ekki lengur standa. Ef fært væri niður lágmarkið, þá væri það sennilegt að svo mikið seldist, að hægt væri að borga safnhúsið, og lögin um stofnun byggingarsjóðsins mundu ná tilgangi sínum. Eg hefi heyrt sagt, að því hafi verið haldið fram á þingmálafundi hér í Reykjavík, að ef lækkað væri lóðarverðið á Arnarhólstúni, mundi það hafa í för með sér verðfall á lóðum yfirleitt og tjón fyrir lóðareigendur í Reykjavík. En þetta er aðeins grýla. Menn verða að muna eftir því, að hér er aðeins um *lágmark* að ræða, alls ekki um heimild til þess að selja lóðir í túninu skilyrðislaust fyrir þessa upphæð, sem tiltekin er í frv. Stjórnin er *auk þess* bundin við það ákvæði, að hún má ekki selja neitt undir því verði, er *dómkvaddir menn meta*. Það er aðalákvæðið. Upphæðin, sem tiltekin er, er lágmark *matsverðs*. Nú er það auðsætt, að matið mundi miðað við söluverð lóða í bænum yfirleitt, og er því miklu réttara að segja, að horfurnar hér um lóðir alment hafi áhrif á væntanlegt söluverð Arnarhólslóðanna, heldur en þvert á móti. En að halda Arnarhólstúni í vitlausu geypiverði, aðeins til þess að reyna að halda uppi tilbúnu, óeðlilegu verði á lóðum alment, væri ekki rétt. Það er miklu hollara almenningi, að fylgt sé heilbrigðum verðreglum í því sem öðru. Eg vonast því til, að sú æsingafluga, sem reynt hefir verið að kveikja hér í Reykjavík út af þessu máli, eigi ekki mikinn viðgang fyrir hendi, og að frumvarp þetta verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Jens Pálsson: Eg vil aðeins í fám orðum láta þá skoðun mína í ljós, að þetta er alvarlegt mál. Þessi blettur er dýrmætur blettur, líklega dýrasti blettur að landi til, sem landið á, og það hefir sýnt sig, að þingið hefir litið svo á, þar sem báðar deildir þingsins færðu verðið upp, Nd. í 4 kr. □ al., og Ed. í 5 kr. Þetta er dýrmætur blettur, sem ekki á að fara úr eign landsins, nema fyrir mikið verð. Eg vona að landsjóður sé ekki svo nauðuglega staddur, að hann þurfi að skilja þenna blett við sig, með því að lækka verðið um helming. Annars leyfi eg mér að stinga upp á að nefnd sé sett í málið.

Ráðherra (H. H.): Það er sannarlega ekki ódýrt, ef engin alin í túninu er seld lægra en á 2 kr. og 50 aura. Þó að túnið væri alt selt þessu verði, mundi þessi litli blettur kosta um eða yfir 300 þús. kr. Og þætti það allgott verð í heild, fyrir ekki stærra svæði. En nú má búast við að matsverðið mundi verða hærra, eins og eg hefi tekið fram, og þá líklega miklum mun hærra á sumum svæðum við sjóinn.

Eg er ekki sérstaklega á móti því, að skipuð sé nefnd í málið, en eg sé enga ástæðu til að halda svo fast í þessa lóð, að hún verði landsjóði arðlaus eign áfram, eins og hún má heita hingað til. Það

er dýrt að fresta sölunni mjög lengi. Menn verða að muna, að það er ekki all-lítið árlegt rentutap, sem hér er um að ræða, og þyrfti mikla verðhækkun til þess að bæta það upp.

Hugsunin í lögunum um byggingarsjóðinn er góð og rétt, nefl. að breyta þessum gamla embættisbústað í opinberar stórbyggingar, og það má ekki gera þá hugsun að hégóma, með því að rígbinda sig við ímyndun um »dýrmæti«, sem menn ekki virðast hafa fengið fyr en eftir að byggingarsjóðsfrumvarpið kom fram.

Jens Pálsson: Eg vil svara ræðu hins hæstv. ráðh. að eins með því að minna á, að þeir, sem líta þessa lóð girndarauga, mundu velja þann tíma, þegar lóðir væru í lágu verði. Og eg verð að halda fast við það, að þessi blettur sé afar dýrmætur, því að hann er hjartastaður Reykjavíkur, og þar með hjartastaður alls landsins.

Gunnar Ólafsson: Eg tel það viðsjárvert, að láta þetta frumvarp verða að lögum. Ef lækkað er verð á þeirri lóð, sem flestir vilja, þá hlyti það að hafa þau áhrif, að verð á lóðum annarstaðar í bænum, lækkar að sama skapi. En þar af leiðir það, að lánstraust lóðareigenda minkar.

Eg tel það enga nauðsyn að lækka verðið á þessari lóð fyrst um sinn, heldur nota heimild þá er gefin er í 5. gr. laga um stofnun byggingarsjóðs, til þess að taka lán í viðlagasjóði til þess að borga skuld þá er byggingarsjóður stendur nú í við landsjóð.

Mér er það sama, þótt frumv. sé sett í nefnd, en falla á það hér í deildinni, að því er mér virðist.

Ráðherra (H. H.): Eg veit ekki við hvað hv. þm G.-K. miðar »hjartastað« bæjarins og landsins. Ef hann ekki á við eitthvað, sem er of háfleygt fyrir almennan skilning, þá hygg eg að hann tali hér ekki af nægum kunnugleika, því að vissulega eru til þeir skikar austnorðantil á Arnarhólseigninni og víðar á því svæði, sem engum mundi detta í hug að nefna slíku nafni, frá verzlunar og viðskiftasjónarmiði eða fyrir sakir annara kosta; talsvert af því hefir fátt um fram aðra staði í Skuggahverfinu.

Mér dylst það ekki, að háttv. þm. halda að lóðir séu hér í hærra verði en raun er á. Stórar lóðir hér í bæ, er fyrir tveim árum var haldið í 3 kr. □ al., eru nú í orði kveðnu seldar á 2 kr., en í rauninni aðeins á 1 kr. □ al. Lóðarverðið fyrir 2 árum síðan var óeðlilegt. Það var spent upp gengdarlaust, og oft aðeins á pappírnum. Hefir það alls ekki verið neinum til góðs, en orðið til þess að »villa heimildir« á viðskiftum og verðmæti. Það er óholt og getur aðeins aflað einstöku mönnum augnabliks ávinnings, en er almenningi til skaða og getur ekki orðið til frambúðar.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til annarar umr. í einu hljóði.

Samþ. í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd. Í nefndina voru kosnir:

Jens Pálsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Júlíus Havsteen.

Önnur umræða; 5. marz. (Stj.frv. A. bls. 122; 82).

Framsögumaður (Jens Pálsson): Sem framsögumaður vil eg til viðbótar við athugasemdirnar við frumv. stjórnarinnar og nefndarálitið taka fram nokkur atriði til skýringar.

Í lögum frá 20. október 1905, var ákveðið að stofna skyldi af andvirði embættisjarðanna Arnarhóls — að meðtöldu verði hinnar svonefndu Klapparlóðar — og

Örfiriseyjar sjóð er skyldi varið til opinberra bygginga. — Þeim, sem annars álíta þessa ráðstöfun hyggilega og hagfelda landsjóði, hlýtur að vera það hugstætt mál, að lögin nái tilgangi sínum. Í lögum þessum var stjórninni gefin heimild til að selja hverja fer-alin á 5 kr. lægst. Eg skal geta þess, að í frumv. því, er stjórnin árið 1905 lagði fyrir þingið, var lágmark söluverðsins sett 3 kr., en þingið færði það upp í 5 kr. Klapparlóðin var þegar seld er lögin gengu í gildi. Örfirisey var seld rétt á eftir, en af Arnarhólslóðinni hefir ekki selst ein fer-alin

Auðvitað er ekki unt að segja með vissu, hvort lágmarkið hafi þótt of hátt, og hafi þannig verið sölu til fyrirstöðu. En það er mögulegt, að m. k. hugsanlegt, að það hafi fælt kaupendur frá, og hafi þannig valdið því, að tilgangi laganna um byggingarsjóð hefir ekki verið náð. Stjórnin vill bæta úr þessu með frumv. því er fyrir liggur. Hún leggur til að lágmark söluverðsins sé fært niður í kr. 2,50.

Nefndin hefir aðhylst tillögu stjórnarinnar um að færa niður lágmarkið, en vill þó ekki fara eins langt og stjórnin leggur til. Við álítum að 3 kr. mundi vera hæfilegt lágmark — það sama sem stjórnin lagði til í frumv. sínu 1905.

Það er augljóst að niðurfærsla þessi er öldungis óskaðvænleg. Í fyrsta lagi eru þetta aðeins heimildarlög; stjórninni er gefin heimild til að selja fyrir þetta verð. Hún getur látið vera að selja, ef henni þykir verðið, sem boðið er, eftir atvikum of lágt. Í öðru lagi er í lögunum, auk lágmarksins, ákveðið, að tveir dómkvaddir menn skuli meta, er kaupa er beiðst, og má stjórnin eigi selja undir virðingarverði því, er þeir ákveða.

Til glöggvunar fyrir þá þingmenn hinnar háttv. deildar, er ekki voru hér árið 1905, og ekki hafa séð lóðina, skal eg taka það fram að undanskildir söluheimild eru tveir afmarkaðir hlutar af lóðinni. Er annar stjórnarráðsbyggingarlóðin, og er hún 9930 ferhyrningsálnir. Hin spildan, sem undanskilin er, liggur fram með Hverfisgötu norðanmegin að þeirri túnræmu (væntanlegu vegarstæði), sem er beint framhald af Lindargötu. Spildan nær alla leið niður að læk, og er hún 46,200 □ álnir að flatarmáli.

Það sem breyting laganna nær til, eru tvær spildur. Er önnur spildan sunnan megin Hverfisgötu, fyrir ofan stjórnarráðslóðina; er það stór spilda, mjög hentug til stórbygginga, og liggur við vönduðustu götu bæjarins. Hún hlýtur að seljast, og verður vafalaust góð tekjugrein fyrir byggingarsjóð með tímanum. Að ekkert hefir selst af henni hingað til, á vafalaust rót sína í hinni almennu peningaeklu og háu vöxtum. — Hin spildan, sem söluheimildin nær til, liggur með sjónum, norður af þeirri skák, sem ætluð er til opinberra bygginga. Er það allstórt túnstykki, en misjafnt, Sumt fagurt og gott tún, en sumt láglent, votlent og nokkuð grýtt. Af því sveði ætla eg að dýrmætastar verði fáeinar lóðir við fjöruna sjálfa, og lang dýrmætastar vegna þess, að fjaran framundan fylgir túninu og mundi verða látin fylgja þeim til afnota, t. d. undir bryggjur. Þar eru einna álitlegastar framtíðarlóðir fyrir verzlun, sem um er að gjöra hér í Reykjavík, sérstaklega fyrir stórkaupa verzlanir, og verða þær vafalaust með tímanum einna verðmætastar lóðir í höfuðstaðnum. Fyrir ofan þessa ræmu er vestan til ágætur húsabyggingarblettur; eystri hlutinn er aftur nokkuð raklendur og liggur lægra.

Af þessum tveim spildum er spildan fram með sjónum miklu stærri. Báðar eru þær samtals 110,000 ferhyrningsálnir að flatarmáli.

Eg hefi skoðað alla lóðina með sjón-

um tvisvar. Persónulega ætla eg, að hyggilegt væri og rétt af hverri stjórn að athuga rækilega hvort ekki væri ástæða til, ef eftirsókn yrði mikil, að halda eftir hæfilegum bletti fyrir járnbrautarstöð, ef til kæmi að hér yrði lögð járnbraut austur í sýslur. Mér finst að brautarstöð mundi vera mjög vel sett þar, skamt frá lóðum, sem mjög mikil líkindi eru til að verði aðalverzlunarlóðir bæjarins í framtíðinni.

Eins og eg hefi þegar tekið fram, var nefndin sammála um að færa beri niður lágmark söluverðsins, en þó eigi lengra en niður í 3 kr. Það fanst nefndinni að ekki mundi það lágmark geta staðið fyrir sölu á svo álitlegri og dýrmætri lóð.

Fjölyrði eg svo eigi meira um frumv., en álít sjálfsagt að það nái fram að ganga.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (82) samþ. með 10:1 atkv.

Frumv. samþ. með 12 samhlj. atkv.

Fyrirsögn frumv. samþ. án atkvgr.

Samþ. að vísa málinu til 3. umr. með 12 samhlj. atkv.

Þriðja umræða; 8. marz (A. 117).

Framsögum. (Jens Pálsson): Þar eð engar breytingartillögur hafa komið fram við frumvarpið, finn eg ekki ástæðu til að bæta neinu við það sem eg sagði við 2. umr. málsins.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. í einu hljóði, og verður sent forseta neðri deildar.

Lögaldur.

FRUMVARP til laga um lögaldur (A. 29); 1. umræða; 22. febr.

Sigurður Stefánsson: Þetta frv. er gamall gestur hér á þinginu; það hefir oft verið borið upp og stundum samþykt af þinginu, en hefir aftur á móti aldrei fundið náð fyrir augum stjórnarinnar. Frumv. er þess vegna þm. kunnugt. Enda þótt frv. sé ekki langt, er það þó mjög þýðingarmikið.

Þau ákvæði um lögaldur, er nú gilda, eru eiginlega ekki gömul. Í Jónsbók er myndugleiki bundinn við 20 ára aldur. Og þetta mun hafa verið lög hér á landi fram á 19. öld, þar til Dönsku lög voru lögboðin hér um þetta efni, og þá var og hálfmyndugleiki lögleiddur — hafði hann áður ekki í lögum verið — og aldurstakmörkin sett 25 ár og 18 ár.

Þetta frumv. hefir í sér fólgin 2 aðalatriði: að lækka aldurstakmarkið fyrir myndugleika og fella hálfmyndugleika úr lögum. Þessi hálfmyndugleiki er á margan hátt óhentugur, og oft erfitt fyrir hálfmynduga menn að reka réttar síns. Meðráðamenn hálfmyndugra standa ekki undir umsjón hins opinbera. Hinn hálfmyndugi verður sjálfur að reka réttar síns gegn meðráðamanninum án hlutdeildar þess opinbera, er hann hefir aldur til, og getur það oft verið mörgum og miklum vandkvæðum bundið.

Það þarf ekki að sinni að fara langt út í þetta mál, því að það er ljóst í alla staði. Það er kunnugt, að þessi myndugleikaaldur, sem hér er farið fram á, er tekinn í lög í mörgum löndum á siðastliðinni öld, t. d. Norvegi, Englandi, Þýzkalandi, Sviss og Svíþjóð, og á Frakklandi um 1792, en í Danmörku gilda sömu ákvæði enn og hér á landi í þessu efni.

Eg vonast til að frumv. mæti góðum undirtektum í deildinni og hefi ekkert á móti því að skipuð verði nefnd í málið. Nefndin gæti þá tekið til athugunar fleiri atriði, sem standa í sambandi við þessar breytingar.

Að öðru leyti finn eg ekki ástæðu til að tala nú frekar um málið.

Lárus H. Bjarnason: Enda þótt þetta frumv. sé stutt, ekki nema 3. gr., meira að segja ekki nema 3 línur, er það þó ærið aðgæzluvert. Ef það yrði að lögum, mundi það leiða til hvorki meira né minna en fullkominnar byltingar í mörgum efnum. Svona frumv. ætti því í rauninni að vera undirbúið í milliþinganefnd, eða að minsta kosti að koma frá stjórninni. Hér þarf að svo mörgu að gæta, að það er tæplega þingmanna meðfæri að semja slíkt frv. undirbúningslaust. Það þarf langan umhugsunartíma um svona mál og meiri sérþekkingu en þingmenn alment hafa til brunns að bera. Og að afgreiða þetta frumv. frá þinginu nefndarlaust nær að minsta kosti engri átt. Ákvæði löggjafar vorrar um myndugleika koma mjög víða við og eru mjög svo dreifð. Því gæti komið til mála að taka upp í frv. þetta hin gildandi ákvæði Kr. V. laga 3—17, 1—23—9, 1—23—12, breytt eða óbreytt, tilskipun 18. febr. 1847, opið bréf 4. jan. 1861 og ýms yngri laga-ákvæði, t. d. þar til heyrandi ákvæði úr lögum 12. jan. 1900 um fjármál hjóna. Auk fjárhagslegs myndugleika er og til persónulegur myndugleiki, og gæti því einnig komið til mála að taka þau ákvæði, er gilda um þann myndugleika, upp í frv.

Og væri farið svo langt, lægi ef til vill næst að safna saman í frumv. öllu því, er gilda ætti um allan myndugleika. En það gæti aftur leitt til ýmsra nýmæla, t. d. til þess að breyta ákvæðunum um svifting fjárforræðis, að taka það frá umboðsvaldinu og fela það annaðhvort dómstólunum eða sérstökum dómstólum, eins og t. d. í Norvegi, Svíaríki og Þýzkalandi. Breytingar þær, sem frumv. fer fram á, eru að vísu víða kunnar. Lögaldur er víða 21 ár, t. d. í Svíþjóð, Norvegi og Þýzkalandi, og eins er sumstaðar ekki gjörður greinarmunur á alræði og hálfræði í fjármálum, t. d. ekki á Englandi og í Svíþjóð.

En þó gæti það ef til vill verið varhugavert að afnema millibilsástandið, að sleppa hálfmyndugleikaskeiðinu. En einkum er það varhugavert að leyfa 21 árs gömlum mönnum að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð, eins og frumv. ætlast til. Nú er það bundið við 25 ára aldur. Þó að lögaldursleyfi sé veitt, tekur það ekki til sjálfskuldarábyrgðar. Mönnum er hættara við að brenna sig á ábyrgð en eigin lánum. Menn geta látið leiðast út í ábyrgð, af því að þeir búast ekki við að verða fyrir skaða, en lána miklu sjaldnar fé til þess að lána það öðrum. Þá væri það og viðurhlutamikið, að leyfa 21 árs gömlum mönnum að vera fjárráðamenn ómyndugra, en til þess ætlast frumv. nú líklega ekki. Mér finst þannig sjálfsagt að skipa nefnd í málið, og leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Sigurður Stefánsson: Eg hefi ekkert á móti nefnd. Eg er þakklátur háttv. 5. kgk. þm. fyrir upplýsingar hans, sem eg veit að eru réttar. Það er mér ljóst, að þetta frumv., ef það verður að lögum, snertir mjög viðskiftalífið. Eg verð að álíta, að það sé ekki svo mjög varhugavert að leyfa mönnum 21 árs að taka á sig peningaábyrgðir. Eftir núgildandi lögum leyfist þeim að takast á hendur ábyrgðir, sem í raun og veru eru miklu meira verðar en allháar peningaábyrgðir, og það áður en þeir eru 21 árs. Karlmenn hafa leyfi til að kvongast og þar með leggja grundvöllinn undir þjóðfélagið með heimilislífinu. Hálfmyndugleikinn var leiddur hér í lög með tilskipun 21. des. 1831. Til þess tíma voru menn fullmyndugir 20 ára, en hálfmyndugleiki ekki til í íslenzkum lögum. Að vísu var viðskiftalífið ekki eins margbrotið þá og nú. En hins vegar ber þess að gæta, að þjóðin hefir þrosk-

ast á þessu tímabili. Það var ekki minni hætta þá að binda myndugleikatakmarkið við 25 ára aldurinn en nú við 21 ár. Tilsjónarmenskan er ærið hvimleið, bæði fyrir tilsjónarmanninn og hinn hálfmynduga. Tilsjónarmaður er alveg einvaldur gagnvart hinum hálfmyndaða, er ekki getur rekið réttar síns gagnvart honum fyr en hann er orðinn myndugur.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

3 manna nefnd samþ. í e. hlj.

Kosnir voru:

Arí Jónsson,
Sigurður Stefánsson,
Lárus H. Bjarnason.

Önnur umræða; 24. marz (A. 29; 271).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Það stendur svo á um frumv. þetta, að flutningsm. þess hefir fallist á að ekki sé ástæða til að halda því fram, að svo stöddu. Nefndin álítur heppilegra, að skora á stjórnina að undirbúa málið til næsta þings en að halda því fram í frumvarpsformi nú, og býst eg því við að háttv. þm. Ísf. taki frumv. sitt aftur.

Sigurður Stefánsson: Eg tek frumv. aftur af þeim ástæðum, sem háttv. framsögum. hefir tekið fram, og tilgreindar eru í nefndarálitinu.

Skoðun á síld.

FRUMVARP til laga um skoðun á síld. (A. 43); 1. umræða; 25. febr.

Sigurður Hjörleifsson: Frumv. þetta, sem eg leyfi mér að leggja fyrir hina háttv. deild, er mjög skylt því frumv., er hæstv. ráðherra lagði fyrir deildina, nfl. frumv. til laga um fiskimat. Að vísu teldi eg það eðlilegast, að stjórnin hefði lagt þvílíkt frumv. fyrir þingið. Og eg er viss um það, að ef hreyfing hefði komið á málið fyr, mundi stjórnin hafa verið fús á að leggja fyrir þingið frumv. í þessa átt.

Þessi atvinnuvegur, síldveiðin, er tiltölulega nýr. Hann er mest stundaður fyrir Norðurlandi, við Eyjafjörð. Mál þetta hefir því mikla þýðingu fyrir útgerðarmenn og einnig fyrir verkamenn og nú fyrir landsjóð. Það þarf ekki að færa rök að því, að það hefir mikla þýðingu fyrir útgerðarmenn; það liggur í augum uppi, að fjárhagur þeirra er bundinn við þennan atvinnuveg. En eg vil benda á hversu mikla þýðingu hann hefir fyrir verkafólk. Hver tunna af síld, sem út er flutt, skilur eftir 1 kr. —1,50 kr., sem borgað er í verkalaun, söltun, geymslu og útskipun. Árið 1907 voru rúml. 200,000 tn. af síld fluttar út og 1908 180,000 tn. Það er því auðsætt, að það er afarmikið fé, sem veltur á, þar sem síldveiði er stunduð. En ekki getur landsjóði heldur staðið á sama, hvernig þessum atvinnurekstri gengur. Árið 1907 var tollur af útfluttri síldartunnu hækkaður upp í kr. 0,50, og þannig fekk landsjóður 1907 rúml. 100,000 kr. í toll, og 1908 um 90,000 kr.

Tvö síðustu árin hefir tap orðið á þessum atvinnuvegi, og liggur í augum uppi, að sá atvinnuvegur getur ekki þrifist eða haldist við, sem tap er á svo árum skiftir. Landsjóður á því á hættu að hann missi þessar ríflegu tekjur að meira eða minna leyti. Bending er það líka, að þó uppgrip væru af síld síðastliðið sumar, þá minkaði þó veiðin af því að ekki þótti borga sig að veiða meira, af því verðið var svo lágt. Orsakir þess, að verðið verður lágt, geta verið margar, t. d. alment verðfall, offylli á markaðinum, og það, að varan er ekki eins góð og hún á að vera og þarf að vera. Nú skýra sjálfir útgerð-

armennirnir frá því, að varan sé ekki góð, og þeir hafa gildar sannanir fyrir því. Og þetta er eðlilegt, þegar litið er á staðhætti og veiðiaðferðir. Veiðiaðferðirnar eru breyttar frá því sem áður var. Áður var síld veidd í nætur og net, en nú mest í herpinætur og reknet. Síldin kemur oft skemd að landi, og þegar síldin liggur í landi, vill brenna við að hún morkni áður en hægt er að salta hana. Þegar uppgripin eru mikil og landburður daglega, er hætt við að hún skemmist, þegar ekki fæst fólk til að verka hana nógu snemma. En þeir, sem hafa veitt, kinoka sér við að kasta henni í sjóinn aftur. Síldin getur litið sæmilega út, en þó verið skemd En skemdin kemur fram þegar á markaðinn kemur, og veldur þá verðfalli, og það á allri síld.

Frumv. er samið eftir tillögum útgerðarmanna nyrðra, og samþykt á þingmálafundi og í bæjarstjórn Akureyrar að skora á alþingi að sinna frumv. Þetta frumv. er ekki svo mikið nýmæli, eins og menn skyldu ætla, því að helztu síldveiðaþjóðir hafa sett lög og reglur fyrir síldarveiði, til þess að stuðla að því að síldin yrði góð vara, t. d. Noregur, Skotland og Holland.

Aðferðirnar til þess að tryggja það að síldin verði góð eru: verðlaun, skylduskoðun og kjörskoðun. Reglurnar hafa haft mikla þýðingu; varan hefir batnað og kaupmenn geta komist hjá því að selja vöruna í umboðssölu; hér geta þeir nú notað símann; menn þurfa ekki að senda vöruna fyr en þeir geta selt, og komast hjá að senda hana þangað, sem enginn markaður er fyrir vöruna. Frumv. fer fram á skylduskoðun á allri síld, sem sem veidd er í herpinót og reknet, en undantekur síld, er veidd er í lagnet og önnur net. Kjörfrjáls skoðun mun nú tíðkast í Norvegi og Skotlandi. Það er ætlast til þess, að landsjóður beri kostnaðinn við skoðun síldarinnar. Hann er áætlaður 10 til 12 þús. kr. Það er allmikið fé, en gæta verður þess, að landsjóður græðir mikið á þessari atvinnugrein, en atvinnuvegurinn getur ekki borið sig. Eg tel því sjálfsagt fyrst í stað, að láta þennan kostnað hvíla á landsjóði. En síðar verða að líkindum gerðar breytingar á lögunum, og ef útvegurinn þolir það, mætti þá breyta þessu, og láta gjöldin einnig lenda á framleiðendunum. En annþá eru þeir ekki færir um það. En aðalatriðið er það, að hin háttv. deild taki frumv. vel og líti sanngjörnum augum á málið, og greiði fyrir því sem bezt.

Ari Jónsson: Þótt einstakar greinar frumv. megi ekki ræða fyr en við aðra umræðu, vildi eg þó leyfa mér að skjóta þeirri spurningu til háttv. flutningsmanns, hve langt hann vill láta 3. gr. frumv. ná, og æskja skýringar hans á því. 3. gr. segir:

»Skipstj. . . . skyldir að fá matsmenn út á skip sín. Skal hann segja fyrir um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu síldarinnar og . . . skulu þeir skyldir að hlíta fyrirmælum hans«.

Eg þykist vita, að ákvæði þessi séu aðallega sett til þess, að matsmaður geti með fyrirmælum sínum undirbúið flokkun á síldinni. En hversu langt má matsmaður fara í fyrirskipunum sínum? Ákvarðanir hans í þessu efni geta orðið erfiðar til framkvæmdar fyrir skipstjórana, jafnvel óheppilegar ef matsmaður beitir sér þann veg. Mér finst löggjafarvaldið ganga hér of nærri frelsis- og ákvörðunarrétti einstaklingsins (skipstj.), ef starfssvið matsmanns er ekki frekar takmarkað í þessum ákvæðum.

Sigurður Hjörleifsson: Mér er ljúft að gefa skýringar á þessu atriði. Það er eingöngu átt við flokkaskiftingu á síld á þilfari skipsins. Orðin eru ef

til vill ekki heppilega valin, en þau lúta að eins að flutningi síldarinnar að landi. Þetta er sett af því reynsla er fyrir, að þegar síld er tekin úti á hafi, þá gengur oft langur tími, svo að sumt af síldinni er gott en sumt ilt þegar á land er komið. Þetta er sett til hagamuna fyrir útgerðarmennina sjálfa og tilgangur greinarinnar er ekki annar en þessi.

Agúst Flygenring: Eg vil að eins lauslega lýsa skoðun minni á þessu máli, því að mér finst frumv. verið athugavert. Það er bezt að fara gætilega í það, að hefta atvinnufrelsi manna, þó ekki sé svo langt farið, sem í þessu frumv. Það verður að gera sér það ljóst, hvert hægt er að framkvæma slíkar fyrirskipanir. Ef hægt er að svara því neitandi, að ákvæðum þessa frumv. verði framfylgt án þess að draga úr framleiðslunni, verð eg að greiða atkvæði á móti því. En einkum verður þó að líta til þess, hvort kostnaður við framkvæmd laganna standi í réttu hlutfalli við gildi þeirra eða not að öðru leyti. Ef skoðunin á síld yrði kjörfrjáls, mundi lítill hluti manna nota hana. Það mundu margir hliðra sér hjá því að láta skoða sína síld, og verða svo ef til vill að kasta henni, eða sama sem, en flestir mundu heldur hætta á hitt, að senda hana út. Það má með engu móti banna útflutning á síld, enda þótt hún sé skemd og verði ekki höfð til manneldis. Það er ómögulegt að vita fyrir fram af útliti síldarinnar, hvers virði hún er. Stundum er síldin mögur, stundum feit, og stundum með átu. Það sem mest á ríður er það, að hún komist nógu fljótt á markaðinn. Skyldumat mundi tefja fyrir því. En annars er það eftirspurnin, sem mest áhrif hefir á markaðinn í hvert skifti, en ekki að öllu leyti gæði vörunnar. Fiskist of mikið, verður verðið lágt, hversu góð sem varan er. Síldarverð er afaróstöðugt. En það er rétt, sem flutningsm. tók fram, að þetta mál er athugavert og þýðingarmikið bæði fyrir tekjur landsjóðs og útgerðarmenn. Það má muna eftir því, að minni hlutinn af útfluttri síld frá Íslandi tilheyrir Íslendingum, en meiri hlutinn Norðmönnum, sem mestan aflann bera frá borði af þessari tegund fiskjar. Sú síld, er þeir flytja út héðan, mun því vera með sama marki brend, og verður þá einnig að vera sömu lögum undirorpin og okkar.

Eg get því að eins samþykt að þetta frumv. verði að lögum, ef það hefir ekki óhæfilegan kostnað í för með sér, og eins hitt, að mönnum leyfist að flytja út alla síld, án þess hún sé metin, og það jafnvel þó hún ekki verði notuð til manneldis; því að skemd síld getur einnig verið nokkurs virði og því útflutningsvara, bæði til olíu og áburðar; mér er það kunnugt, því að það hefi eg sjálfur reynt.

Enn er það mjög viðsjárvert, eins og háttv. þm. Strand. benti á, og frumv. gerir ráð fyrir, að leggja það á vald álitsmanna hvaða skip mætti brúka til síldarveiða, og fyrirskipa eftir geðþótta um útbúnað þeirra sem nota má til slíkra veiða; það gæti hreint og beint orðið til vandræða. Það þarf ekki annað en að sigla um Norðursjóinn og sjá þar alls konar skip, sem stunda síldarveiðar. Skip sem Hollendingar brúka eru mjög upp og niður, alls konar dallar, gamlir og bættir; það er nóg ef þeir fljóta og geta bjargað sér um sjóinn, dregið netin o. s. frv., en Hollendingar eru ein elzta og helzta fiskiveiðaþjóð Norðurálfu.

Allir vilja auðvitað framleiða sem mest og fá sem bezt verð fyrir vöru sína; hvorugt má tefja eða hamla með lögum. Eg tel það stórum annmörkum

bundið og varhugavert, að skipa fyrir með lögum um verkun og fyrirkomulag um borð, að því er snertir þessa vöru. Að vísu er eg ekki beint á móti frumv. ef því væri breytt í kjörmat, en það þarf þess utan mikilla umbóta við, sem ekki er hægt að gera nema í nefnd.

Steingrímur Jónsson: Eg get ekki sagt um hvort eg er ánægður með einstakar greinar frumv., en vil að eins taka fram, að eg tel það sem þm. Strand. tók fram viðvíkjandi 3. gr. og ummæli háttv. 3. kgk. þm. á góðum rökum bygt. En eg stóð upp af því að þetta mál að minni hyggju er mjög þýðingarmikið, og vona eg að deildin taki það til meðferðar og bæti úr þeim agnúum, sem á því kunna að vera.

Þetta mál er ekki að eins þýðingarmikið fyrir landsjóð og verkafólk það, er atvinnu hefir af síldarverkun, en það sem mestu varðar er, að stór hluti landsins, og þá einkum Akureyri og Eyjafjarðarsýsla, hefir lagt svo mikið fé í þennan atvinnuveg á síðari árum, að þar eru mikil efni í veði. En þrátt fyrir hinn afarmikla síldarafla hefir útvegurinn á síðari árum, síðan farið var að brúka reknet og herpinætur, ekki borið sig. Síldarverðið hefir verið svo lágt, að hinn mikli afli hefir orðið fremur til tjóns en arðs. Sé það rétt, er allmargir útgerðarmenn á Norðurlandi segja, að verðfallið sé því að kenna, að síldin sé nú illa verkuð og vond vara, þá er ekki annað líklegra, en að þessi atvinnuvegur eyðileggist gersamlega. En þetta má ekki svo til ganga; það verður að taka í taumana, og þó nota verði meðöl, er að nokkru leyti hefta framleiðsluna, þá má ekki setja það fyrir sig, því um fram alt verður að afstýra voðanum þeim, að síldveiðar leggist niður.

Það er öllum ljóst, sem til þekkja, að sú síld, sem veidd er í herpinót, er ekki öll góð verzlunarvara. En það má ekki reka þessa veiði eins og hingað til. Hin mesta síldveiðaþjóð álfunnar, Hollendingar, ef bera mætti þá saman við oss, fara öðru vísi að, þeir salta sína síld alla á hafi úti, og kæra sig ekki um að afla meira en þeir geta komist yfir að verka vel. Þetta er gagnstætt því, sem hér tíðkast, þar sem nálega öll síldin er verkuð í höfn.

Þá vil eg víkja aftur að frumv. Nefnd á að geta bætt úr þeim göllum, sem á því kunna að vera. Viðvíkjandi 3. gr. vil eg taka fram, að eg tel sjálfsagt, að gefin verði út reglugjörð, sem matsmenn og skipstjórar eiga að fara eftir. Eg tel það líka óþarft að banna útflutning á skemdri síld, sem nota mætti til áburðar eða olíu. Slíkt ákvæði mundi ef til vill skemma, því að matsmenn mundu líka sér við að vera mjög strangir, þar sem það væri alt undir þeim komið, hvort eigendum yrði nokkuð úr sinni vöru eða ekki. Það að flokka síldina og merkja hana eftir flokkum ætti að vera nóg til að bæta hana. Aðalatriðið, að síldarverkunin sé bætt, er lífsnauðsyn.

Sigurður Hjörleifsson: Eg er þakklátur þeim háttv. ræðumönnum, sem hafa talað. Eg vil að eins benda á það, að það er meining mín, að það væri heppilegast að nýveidd síld, sem ófær væri til manneldis, væri ekki flutt út; og eins hitt tel eg vafasamt, hvort flytja bæri út síld, sem að eins hefir legið í salti nokkra daga. En eg ætla að fara meðalveg milliveg. Það mætti stimpla þá síld, sem ekki er til manneldis, en mætti þó flytja út. Aðalatriðið er að henni sé ekki blandað saman við síld, sem hafa má til manneldis. En þá er að vísu ekkert á móti því að flytja mætti hana út. Eg er ekki samdóma 3. kgk. þm. um nytsemi kjörfrjálsrar skoðunar. Eg er viss um að margir mundu nota hana. Afleiðingin af því að varan fengi merki yrði sú, að menn

þyrftu ekki að neyðast til að nota umboðssalana, en aftur á móti haft von um að selja vöruna á staðnum. Hér mundi sama gilda og um fiskimat, að menn mundu sækjast eftir því að fá merki á vöruna, og það mundi borga sig. Að öðru leyti tel eg réttast að vísa málinu til nefndar.

Lárus H. Bjarnason: Væri ekki réttast að vísa málinu til fiskimatsnefndarinnar?

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að vísa málinu til 2. umræðu.

Málinu síðan vísað til fiskimatsnefndarinnar í einu hljóði.

Önnur umræða; 15. marz (A 43; 168).

Framsögum. (Agúst Flygenring): Eins og þetta mál liggur fyrir frá nefndinni, þá er það tekið aftur af flutningsmanni. Í þessu efni nægir að skírskota til nefndarálitsins. Eg vil ekki fara að færa ástæður fyrir þessu eða þreyta hina háttv. deild með löngu máli, úr því að nefndin komst að þessari niðurstöðu, því málið er ekki lengur til sem frv.

En eg vil að háttv. deild taki til greina þingsályktunartill., eins og hún kemur fram í nefndarálitinu, og óska að eins að hún verði tekin til meðferðar þannig að ákveðið verði á þessum fundi hvernig ræða skuli. Eg leyfi mér að stinga upp á einni umræðu.

Sigurður Hjörleifsson: Eg hefi skrifað undir þetta n.ál. með fyrirvara. Þegar málið kom fyrst fyrir hér í deildinni, gat eg þess að æskilegast hefði verið, að þetta frumv. hefði verið stjórnarfrumv., því að málið er svo þýðingarmikið og þarf vandlegan undirbúning, og eg gat þess að málið hefði ekki fengið svo vandaðan undirbúning, eins og eg teldi nauðsynlegan.

Eg er ekki samdóma meðnefndarmönnum mínum að því er snertir skyldumat á síld. Eg lít svo á að skyldumat á síld ætti að hafa allar sömu afleiðingar og skyldumat á saltfiski. Þó að skyldumat á síld sé erfitt, þá lít eg svo á, að það sé framkvæmanlegt, því að það átti að viðhafa að eins á þeirri síld, sem aflaðist á gufuskip; annað var ekki farið fram á. Á allri annari síld var matið frjálst. Hinsvegar játa eg að rétt sé að fara varlega í þetta mál, og get þess vegna eftir atvikum sætt mig við að það gangi fram, sem stendur í þingsályktunartill. nefndarálitsins. Eg skal því ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en tek frumv. aftur í fullu trausti þess að háttv. deild láti tillöguna ganga fram.

Löggilding Skaftáróss.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Skaftárós (A 104); 1. umræða; 8. marz.

Gunnar Ólafsson: Því er svo varið um þetta mál, eins og mörg önnur, að það er flutt eftir áskorun kjósenda.

Eins og kunnugt er, er engin höfn á svæði því er hér er um að ræða, en ýmsir staðir þar þó betri lendingarstaðir en aðrir, og eru þeir aðallega við ósa og víkur, er skerast inn í ströndina.

Framrensli ánna mynda oft rif í sjóinn, og er þar skjól eður hlið sem kallað er bakvið rifin. Þannig er því varið með Skaftárós.

Það er ekki meining héraðsbúa að þar myndist föst verzlun, þó löggilding fáist.

En verði staðurinn löggiltur, getur það orðið hægra að fá skip til að koma þar við með varning, og mundi það þannig létta að stórum mun aðflutninga sýslubúa, sem nú eru afar erfiðir svo sem kunnugt er bæði á sjó og landi.

Ef skip fengjust til að koma þarna, þá er sérstaklega Síðumönnum borgið í því efni, að þeir fá þungavörur þangað og það er þeim til ósegjanlegs hagræðis.

Eg vona að hin háttv. deild lofi þessu litla máli að ganga fram.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal játa það að þetta mál er hvorki merkilegt né hættulegt. En eg sé að háttv. þm. V.-Sk. hefir fleiri slík frumv. meðferðis, og þó nokkur munu vera á ferðinni í Nd., og vil eg því stinga upp á að frumv. þetta verði sett í nefnd. Til þeirrar nefndar mætti svo vísa hinum löggildingarfrumvörpunum eftir því sem þau kæmu fram.

Það er nokkur ástæða til að athuga slík frumv. í nefnd. Löggildingar geta haft nokkra hættu í för með sér; það getur valdið óþægindum t. d. í toll-eftirliti, sóttvörnum o. s. frv., ef óþarflega víða eru löggildar hafnir.

Gunnar Ólafsson: Eg sé enga ástæðu til að kjósa nefnd í þetta mál. Löggildingar eru ekki það stórkostlega athugaverðar, enda hefir þingið til þessa yfirleitt samþykt þær, þegar um hefir verið beðið. — Það er að vísu ekki víst, svo sem þegar er bent á, að verzlun komi upp þarna fyrst um sinn, en það er ekki rétt að neita löggildingum þar sem þær gætu bætt samgöngur.

Agúst Flygenring: Að vísu er eg ekki kunnugur þessum stað sem beðið er um löggilding fyrir, en eg veit að öll strandlengjan þar fyrir sunnan hefir ávalt verið talin hættuleg. Hv. þm. V.-Sk. talaði um að þarna væri rif er mætti hafa skjól af. En það er næsta fjarstæða; það er ómögulegt að hafa skjól af sandrifum, þau eru svo breytileg; þau flytja sig oft á hverju ári.

Það sem hefir komið þessu máli á stað er líklega ekki annað en þessi vanalega ímyndaða hagnaðar von, að góð verzlun muni undir eins koma upp, og skip muni fremur fást til að koma við, ef staðurinn bara er löggiltur. Hvílíkur barnaskapur. — Eg er viss um það, að ekkert skip fæst til að koma á þennan stað.

Sveitaverzlun mætti stofna þar gegnum sýslunefndina, þó ekki væri löggilt, og hefði hún þá sama rétt, sem verzlanir á löggiltum svæðum.

Það er ekki að öllu leyti satt að löggildingar hafi ekki verið feldar hér í þinginu. Það er ekki langt síðan felt var að löggilda stað, þar sem er góð höfn og mikil mannvirki, nefnil. Viðey. Hvernig getur þingið þá verið þekt fyrir að löggilda Kúðaós og Skaftárós. Það skil eg ekki. Enda úir og grúir alstaðar af þessum löggiltu stöðum, sem ekkert gagn er að. — Hvað þessa staði snertir sérstaklega, þá eru þeir með öllu ómögulegir fyrir almennar siglingar; en máski líka það vaki fyrir flutningsmanninum loftsiglingar!

Steingrímur Jónsson: Eg mun greiða atkvæði með frumv., hvort sem það verður sett í nefnd eða ekki. En eg mæli með því að það verði sett í nefnd, með því að mér finst frumv. nokkuð óákveðið. Í frumv. stendur »við Skaftárós«, en engin nánari takmörk; af því verður ekki séð, hvort staðurinn er fyrir austan eða vestan ósinn. Ef til vill er ósinn færanlegur; rennur máske eitt árið hér og annað árið þar. Þetta þarf að athuga og tilgreina nánar í frumv., og ræð eg því til að nefnd verði kosin.

Jens Pálsson: Af því að hér er um Skaftafellssýslu að ræða, sem er í

vandræðum út úr hafnaleysi, þá finst mér ástæða til að verða við beiðni sýslubúa sjálfra um löggilding, ef einhverir staðir eru mögulegir, og mun eg því greiða atkvæði með frumv.

Kristinn Daníelsson: Mér finst heppilegt að kjósa nefnd í þetta frumv., og vísa svo til þeirrar nefndar öllum slíkum frumv., eftir því sem þau koma frá Nd., sameina síðan öll slík frumv. og afgreiða þau öll sem ein lög frá alþingi.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að vísa málinu til 2. umr.

Samþ. að kjósa 3. manna nefnd með 7:4 og voru þessir kosnir:

Gunnar Ólafsson,
Sigurður Stefánsson,
Ágúst Flygenring.

Sbr. lagafrumv. um löggilding verzlunarstaða, bls. 769 að framan.

Löggilding Kúðaóss.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kúðaós (A 105) 1. umræða; 8. marz.

Jens Pálsson: Eg sting upp á að málinu verði vísað til hinnar nýskipuðu nefndar.

ATKV.GR.:

Samþ. í einu hljóði að vísa málinu til nefndar þeirrar er kosin var til að íhuga næsta frumv. á undan, og þar með álitið samþ. að vísa því til 2. umr.

Sbr. lagafrumv. um löggilding verzlunarstaða, bls. 769 að framan.

Löggilding Hjallaness.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hjallanesi í Staðarfellslandi við Hvammsfjörð (A 229); 1. umræða; 18. marz.

Steingrímur Jónsson: Eg leyfi mér að stinga upp á að þessum 3 málum um löggilding verzlunarstaða, sem eru á dagskránni, verði vísað til nefndarinnar, sem deildin hefir áður kosið í samskonar mál. Mér finst heppilegast að öll slík mál, sem koma fyrir í deildinni, verði tekin fyrir í sameiningu. — Eg skal um leið geta þess, að það vantar í sum af þessum frumvörpum ákvæði sem á að vera í þeim öllum, nefnil. að lögin öðlist þá fyrst gildi er stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. til 2. umræðu með 12 atkv. móti 2 og samþykt með samhlj. atkvæðum að vísa málinu til nefndarinnar, sem skipuð var til þess að íhuga frumv. um löggilding verzlunarstaða við Skaftárós og Kúðaós.

Sbr. lagafrumvarp um löggilding verzlunarstaða, bls. 769 að framan.

Löggilding Klettsvíkur.

FRUMVARP til laga um að löggilda verzlunarstað að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis (A 230); 1. umræða; 18. marz.

Lárus H. Bjarnason: Eg legg til að málinu verði vísað til sömu nefndar sem næsta mál á undan, meðal annars til þess, að finna þessa Klettsvík.

ATKV.GR.:

Frumv. samþykt til 2. umræðu með samhljóða atkvæðum, og vísað til nefndarinnar, sem skipuð var í lagafrumv. um löggilding verzlunarstaða við Skaftárós og Kúðaós.

Sbr. lagafrumvarp um löggilding verzlunarstaða, bls. 769 að framan.

Löggilding Skarfstaðaness.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfstaðanesi við Hvammsfjörð (A 232); 1. umræða; 18. marz.

Sigurður Hjörleifsson: Eg legg til að málinu verði vísað til sömu nefnd ar, sem síðustu málunum tveimur.

ATKV.GR.:

Samþ. að vísa málinu til 2. umræðu með samhlj. atkvæðum.

Málinu vísað til nefndarinnar, sem skipuð hefir verið til að athuga frumv. til laga um löggilding verzlunarstaða við Skaftárós og Kúðaós.

Sbr. lagafrumv. um löggilding verzlunarstaða, bls. 769 að framan.

Gagnfræðaskóli á Akureyri.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um gagnfræðaskóla á Akureyri 10. nóvbr. 1903 (A 137); 1. umræða; 16. marz.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.); Þegar frumv. til laga um gagnfræðaskólann á Akureyri var til umr. á þingi 1903, var allflestum það ljóst þá þegar, að þeir kenslukraftar, sem skólanum voru ætlaðir, yrðu ekki nægilegir þegar fram í sækti. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir 4 kennurum við skólann, en nefndin í Nd. fækkaði þeim svo, að ekki urðu fleiri en verið hafði á Möðruvöllum, nefnil. 3.

Þetta var gert af ýmsum ástæðum. Fyrst og fremst vegna fjárhags landsjóðs, því þá þurfti að kosta til skólabyggingar. Þá í svipinn var heldur ekki völ á mönnum, sem mundu sækja um embætti við skólann. En hinsvegar var völ á tímakennurum.

Þegar skólinn byrjaði á Akureyri var ekki búist við, eftir þeirri aðsókn, sem verið hafði að honum á Möðruvöllum, að til þess kæmi að skifta yrði bekk í tvent. Deildirnar voru 3 og kent 36 stundir á viku í hverri deild, eða samtals 108 stundir á viku. Þetta var nóg verk handa $4^1/_2$ kennara. Það er álitið hámark af skólafróðum mönnum, að láta sama manninn kenna 4 stundir á dag, og eftir því hefðu átt að lenda 72 stundir á viku á þá 3 föstu kennara, sem við skólann voru. Ennfremur má ekki búast við að skólastjórinn kenni eins margar stundir og hinir, því hann hefir ýmsu öðru að sinna, t. d. umsjón og öðru sem skólann snertir í heild sinni. Það þótti rétt að hann kendi 18 stundir. Eftir þessu verður að fela 42 stundir á viku tímakennurum. Ef föstu kennararnir hefðu verið 4, þá hefðu dregist 24 stundir frá og þá hefðu samt orðið eftir 18 stundir til tímakenslu. — Af þessu sýnist ljóst, að brýn þörf væri til þess að auka kenslukrafta við skólann, jafnvel þótt kensludeildirnar væru ekki nema 3. En síðast liðið haust varð svo mikil aðsókn að skólanum, að það varð nauðsynlegt að skifta einum bekknum í tvent, svo að nú eru deildirnar 4, og kenslustundirnar 144 á viku. Þetta er nægilegt starf 6 mönnum.

Þó að sá kennari, sem talað er um í frumvarpinu, fengist, þá þarf samt tímakennara. Og ef aðsókn vex áfram að sama skapi, eru allar líkur til að enn þá verði að skifta einum bekknum, og þá þyrfti að sjálfsögðu að auka kenslukraftana enn meir. Eg býst við að háttv. þingdeildarm. sjái að hér er um brýna nauðsyn að ræða.

Menn kunna að spyrja hversvegna ekki megi fá tímakennara til þessarar kenslu. Við því liggja greið svör.

Í fyrsta lagi er tímakensla ávalt skólanum óhollari, heldur en fastakensla. Þetta er ósköp skiljanlegt, því að til

tímakenslu fengjust ekki aðrir menn en þeir, sem einhverju öðru starfi eiga að sinna, og þá yrði kenslan höfð í hjáverkum. Í öðru lagi er oft mjög örðugt að fá færa menn til kenslu á Akureyri. Menn verða að muna eftir því, að þetta er fámennur bær; og á hverju ættu þeir menn, sem annars væru færir að kenna, að lifa að öðru leyti. Það er alt öðru máli að gegna hér í Reykjavík, þar sem fult er af ungum mentamönnum. Og það leiðir af sjálfu sér, að því fleiri menn sem þarf til tímakenslunnar, því erfiðara er að fá þá.

Það kemur ekki til nokkurra mála að láta skólann halda áfram með 2 kennurum auk skólastjóra, eins og nú er, því að eg þykist hafa sýnt fram á, að það sé fjarri því að skólanum sé það nægilegt.

Svo kem eg að öðru aðalatriði í frumv., sem er um laun kennaranna. Þau eru færð upp. Það má ekki búast við því að þeir menn, sem vinna við þennan skóla, vinni fyrir miklu minna heldur en á sér stað við alm. mentaskólann, þó ekki sé einu sinni miðað við hæstu laun. Því að í frumv. er farið fram á laun, sem eru lægri en lægst er við skólann hér í Reykjavík. Kennurunum er ætlað að launum 2200 kr., 2000 kr. og 1800 kr. Þetta er lægra en hér gerist, en sýndist þó sanngjarnt af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að við Akureyrarskólann er kenslutíminn einum mánuði styttri en við alm. mentaskólann, og í öðru lagi býst eg við, að ódýrara muni vera að lifa á Akureyri en í Reykjavík, þó allar lífsnauðsynjar verði dýrari ár frá ári fyrir norðan líka. Launin í lögunum frá 1903 eru líka alt of misjöfn. Eg mundi helzt vilja að enginn fengi minna en 2000 kr., eða að minsta kosti ekki minna en 1800 kr. Eg veit það af eigin reynslu, að þau laun, sem ætluð eru öðrum kennara á Akureyri, eru of lág. Þau eru 1600 kr. Eg hefi haft þessi laun í 17 ár, og var þá lang lægst launaður af öllum embættismönnum á landinu, sem hafa konunglega veitingu fyrir embætti sínu. Eg var þá úti á Möðruvöllum og varð að hafa mig allan við að komast nokkurn veginn af, en á Akureyri tókst mér ekki að lifa fyrir þessa upphæð og varð að safna skuldum.

Eg hefi stungið upp á 1800 kr. handa 3. kennaranum, og hefi eg gert það með það fyrir augum, að það mundi að minsta kosti fyrst í stað að jafnaði verða einhleypur maður, og gæti þá máske líka borgað eitthvað af skuldum, ef svo stæði á.

Af því að þetta er 1. umræða, vil eg ekki fara neitt út í einstök atriði frumv., en vil aðeins fela háttv. deild málið til beztu meðferðar.

Eg vona að enginn lái mér þótt mér sé það áhugamál, að þessi skóli eflist og komi að sem beztum notum, og eg býst ekki við að mér verði borið það á brýn, að eg geri þetta sjálfs mín vegna, heldur af hinu, að mér hefir fundist þetta nauðsynlegt til þess að skólinn yrði í sæmilegu standi, því að það er langt frá að svo sé, nú sem stendur.

Gunnar Ólafsson: Eg skal taka það strax fram, að eg er á móti þessu frumvarpi, og það af þeirri ástæðu, að eg álít það óþarft, að fjölga föstu kennurunum við Akureyrarskólann og hækka laun kennaranna, en hvorttveggja þetta er tilgangur frumvarpsins.

Háttv. 6. kgk. þm. kom með heillang an reikning um þetta mál, en sá reikningur sannfærði mig ekki um að nauðsyn væri að bæta föstum kennara við. Hann tók það fram, að 1903 hefði ekki verið fé til þess að hafa kennarana fleiri, og sé eg ekki að ástæður séu betri fyrir hendi nú, eða frekari ástæður til þess að ausa út fé. Það er ísjárvert, að búa

til ný og ný embætti við svona skóla, því að það gæti allt af komið að því, að aðsókn minkaði að honum, og þá yrði vont að hafa of marga fasta kennara. Eg vildi þessvegna miklu heldur að tímakennurum væri bætt við. Að halda því fram, eins og háttv. þm. gjörði, að tímakennarar fengjust ekki á Akureyri, er óefað hin mesta fjarstæða, að minsta kosti ber það ekki vott um mikla eklu á kennurum þar nyrðra, að sjálfur skólastjórinn skuli geta setið næstum helminginn af skólaárinu á þingi hér suður í Reykjavík.

Hins vegar þykir mér það undarlegt og þess vert að á það sé minst, að einmitt þessi háttv. 6. kgk. þm., sem nýlega hefir ásamt félögum sinum hér lagt mikið kapp á að losa landsjóð við réttmætar tekjur, að hann skuli nú rétta höndina niður í kassann eftir fé handa þeirri stofnun, er alls ekki þarf þess nú sem stendur; það bætir að minsta kosti ekki úr því, sem eg nefndi áðan. Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál en að eins geta þess, eins og eg tók fram áðan í byrjun ræðu minnar, að eg er á móti því.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg bjóst ekki við, að frumv. fengi slíkar viðtökur frá neinum hinna háttv. deildarmanna. En eg vona, að þessi rödd sé nokkuð einstæð og hjáróma; eg vona að það séu ekki margir, sem bera slíkan hug til frumvarpsins eins og háttv. þm. V.-Sk. Í ræðu hans voru ýmsar hnútur til mín persónulega, en þær læt eg mig engu skifta, því að það er gagnslaust að vera að munnhöggvast um slíkt á þingi. — Háttv. þm. fylgdist ekki með í stundatölureikningi mínum. Eg benti á, að það er nú svo ástatt í skólanum, að það vantar alveg einn fullkominn kennara, þó að aðsóknin sé ekki meiri en svo, að 3 bekkir óskiftir nægi, eins og nú er. Kenslustundirnar eru 108 á viku.

Háttv. þm. reyndi ekki að hrekja það, sem er aðal atriðið í þessu máli, að það er hollara að hafa fastan kennara, heldur en að verða að nota tímakennara. En hitt reyndi hann að hrekja, að það væri skortur á kennurum við skólann, úr því einn kennarinn getur verið burtu hálft árið. Það er nú nokkuð liðugt krítað, að eg sé hálft skólaárið burtu. En hvað sem því líður, er ekkert á því að byggja, þó að eg hafi í þetta sinn verið svo heppinn, að geta fengið hæfan mann til þess að gegna kenslustörfum í minn stað, auðvitað upp á minn eigin kostnað. Það vildi svo til núna, að eg gat fengið mann, sem kom frá Kaupmannahafnarháskóla, en það stendur ekki altaf svo á. Þessi ástæða er því einkis virði. — Eg gat þess, að aðsókn að skólanum er svo mikil, að nú eru nemendurnir 94, eða 10 fram yfir nemendafjölda í almennna mentaskólanum. Eiga þessir menn að vera svo afskiftir, að fá miklu lakari kenslu en þeir, sem hér ganga í skóla? Því að með svo litlum kenslukröftum sem nú eru þar, er með engu móti unt að kenslan geti verið samsvarandi og við hinn almenna mentaskóla, sem bæði hefir fleiri kennara og stendur miklu betur að vígi til þess að fá góða tímakennara.

Akureyrarskólann sækja piltar af Norður- og Austurlandi og víðar að, — nú hafa sótt þangað 2 piltar úr Skaftafellssýslu. Og eg get ekki hugsað, að háttv þm. V. Sk. vilji leggja það til, að þessir menn beri ekki sama frá borði, eins og þeir sem ganga á skóla hér. Hann veit þó, að Akureyrarskólinn á að samsvara neðri deild hins almenna mentaskóla, og nemendurnir eiga því heimting á að fá nokkurn veginn eins góða kenslu. En það geta þeir ekki

eins og nú er, vegna of lítilla kenslukrafta.

Háttv. þm. gerði líka of mikið úr útgjaldaaukanum, sem frumv. hefði í för með sér. Því að nokkuð af þeim kostnaðarauka sparast aftur við það, að kostnaður til tímakenslu hlýtur að minka að sama skapi, sem föstum kennurum er fjölgað. Nú eru borgaðar 800 kr. hverjum fullkomnum tímakennara, og á fjárlögunum eru ætlaðar 2500 kr. samtals til tímakenslu. Ef aðsókn að skólanum eykst, hlýtur sá kostnaður að verða yfir 3000 kr., en minkar aftur á móti ef föstum kennara verður bætt við.

Jens Pálsson: Þetta mál, eins og alt annað, sem snertir æðri mentastofnanir landsins, er að mínu áliti allrar athugunar vert. Einkum eru það tvö atriði, sem mér finnast þurfa athugunar við.

Í fyrsta lagi er það, að frumvarpið fer fram á, að stofna nýtt embætti með eftirlaunum. En það er alt af varhugavert, að stofna slík embætti, nema brýna nauðsyn beri til. Eg játa það, að því færri sem fastir kennarar eru, því meiri tímakenslu þarf að kaupa. Að vísu kostar tímakensla nokkuð, en hún er þó tiltölulega billegri en kensla fastra kennara. Mér telst svo til, að útgjaldaaukinn til fastra kennara eftir frumvarpinu nemi 2400 kr. árlega.

Annað atriðið, sem mér finst mest athugavert, er það að frumvarpið nemur úr gildi 4. gr. laganna nr. 38 10. nóv. 1903. En í þeirri grein er svo fyrir mælt, að í skólanum skuli vera alt að 45 til 50 heimavistir. Það er varhugavert að gera svona mikilvæga breytingu. Þá væri það komið undir ákvörðunum, sem gætu verið breytilegar, hvort heimavistir skuli hafðar eða ekki. Eg er þeirrar skoðunar, að heimvistir séu hollar og góðar í hverjum slíkum skóla, ef annars andinn í skólanum er góður.

Þetta tvent finst mér sérstaklega athugavert, og eg ætla ekki að orðlengja mikið um málið að öðru leyti.

Mér heyrðist háttv. 6. kgk. þm. segja, að skólatíminn við Akureyrarskóla væri 8 mánuðir. Mig minti að hann væri aðeins $7^1/_2$ mánuður, en það getur vel verið misminni. (*Stefán Stefánsson:* Það eru 8 mánuðir). Þökk fyrir þær upplýsingar. Það munar þá ekki nema einum mánuði á skólatíma Akureyrarskóla. En vitanlega er sá munur í raun og veru mikill. Því að þegar júnímánuður bætist við sumarfríið, má heita að nemendur og kennarar hafi sumarið óskert, til fjárafla og skemtana. Við hinn almenna mentaskóla er sumarfríið aftur á móti mjög skert; það eru aðallega tveir mánuðir, júlí og ágúst, því að úr því kemur fram í september, má heita að sumarið sé um garð gengið.

Þessi munur gerir það, að það er eðlilegt að nokkur munur sé á launum kennaranna. — Og þeim, sem hafa langt sumarfrí, er ætlandi að leggja nokkuð meira á sig meðan skólinn stendur. Sá, sem hefir lengri tíma árs til þess að hvíla sig og safna nýjum kröftum, ætti að þola meiri vinnu hinn tímann heldur en sá, sem hefir styttri frítíma og lengri vinnutíma.

Þetta eru aðeins almennar athugasemdir, en eg vil taka það fram, að eg vil taka málinu vel. Og mér finst sjálfsagt að kjósa nefnd í það, eða þá að vísa því til nefndarinnar sem skipuð var til að athuga tillöguna til þingsályktunar um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg er þakklátur háttv. 2. þm. G.-K. fyrir það, hve vel hann tekur málinu, og sömuleiðis fyrir athugasemdir hans, sem flestar voru á rökum bygðar. Eg ætla aðeins að minnast á þá athugasemd hans, sem laut að 4. gr. laganna, um gagnfræðaskóla á Akureyri, 10. nóv. 1903. Það er misskilningur, að heimavistarskyldan í skólanum sé fallin niður,

þó að þessi grein sé úr gildi feld með frumvarpinu. Það er fjarri mér að vilja leggja niður heimavistirnar, því að eg barðist einmitt fyrir því á þinginu 1903, að heimavistir yrðu hafðar, og sem flestar. Eg leit svo á, að ákvæðið þyrfti að vera í lögunum sem skólastofnunarlögum. En nú er alt öðru máli að gegna; nú er ákvæðið í reglugjörð skólans og stendur þar áfram óhaggað. Eg hélt því að ákvæðið í *lögunum* væri óþarft héðan af. En verði það álitið heppilegra, að láta það standa, þá hefi eg náttúrlega ekkert á móti því.

Hvað snertir það að sumarfríið er lengra við Akureyrarskóla en hér, þá hefi eg einmitt haft það í huga, og þessvegna ekki farið fram á eins há laun, eins og kennarar hafa við hinn alm. mentaskóla. En hitt get eg ekki fallist á, að sá kennari, sem hefir lengra sumarfrí, sé þar fyrir færari um að hafa fleiri kenslustundir, á meðan skólinn stendur, og víst er um það, að við marga skóla erlendis er beint bannað að nokkur kennari kenni meir en 4 tíma á dag. Það vinst heldur ekkert við að hafa tímana fleiri, því að kenslan hlýtur um leið að verða verri, þreyttur maður getur ekki kent eins vel og óþreyttur. Eg segi fyrir mig, að eg get ekki kent með fullu fjöri lengur en 4 tíma á dag, og er eg þó orðinn all æfður.

Eg gleymdi áðan að gera athugasemd við eitt atriði í ræðu háttv. þm. V.-Sk. Hann talaði um að eg hefði viljað hafa af landsjóði tekjuauka, sem hann átti heimting á. Eg get ekki haft vægari orð um þetta, en að lýsa það hrein ósannindi. Ef átt er við tollaukafrumvarpið eða breytingartillöguna um það, að leggja tollaukann á vörubirgðir, þá er ómögulegt að segja að landsjóður eigi heimting á slíkum tekjuauka, sem striðir á móti fullum rétti einstakra manna. — Eg ætla ekki að orðlengja um þetta frekar, en eg verð aðeins að neita því, að eg hafi nokkurntíma viljað hafa fé af landsjóði. — Þetta frumv. kem eg með í þeim tilgangi, að landið græði mikið, en tapi engu.

ATKV.GR.:

Samþykt að vísa málinu til 2. umræðu með öllum atkv. móti 1.

Samþykt með 11 samhlj. atkv. að vísa málinu til nefndar þeirrar, sem skipuð er til að íhuga málið um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Önnur umræða; 19. marz. (A. 137).

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Þar sem nefndin leggur fram nýtt frumvarp og nokkuð fyllra en það, sem hér liggur fyrir, þá leyfi eg mér að taka mitt frumvarp aftur.

Sbr. bls. 737 að framan.

Bókasafn Vesturlands.

FRUMVARP til laga um bókasafn Vesturlands (A. 159); 1. umræða; 13. marz.

Sigurður Stefánsson: Þetta frv. sem hér liggur fyrir, er í og með komið fram fyrir einróma endurtekna ósk kjósenda minna, en eg skal lýsa því yfir, að eg hefi líka gerst flutningsmaður að því fyrir þá sök, að eg er persónulega sannfærður um, að réttlátara málefni get eg ekki borið fram fyrir háttv. alþingi.

Bókasöfn eru ávalt sterkur þáttur í útbreiðslu allrar menningar hjá hverri þjóð. Og þessa gætir ekki sízt hér á landi, þar sem almenningi er ómögulegt að afla sér fræðslu með öðru móti en einmitt með lestri nytsamlegra bóka. En þegar um bókasöfn er að ræða, verður að halda fastri þeirri meginreglu, að þau séu á þeim stöðum, þar sem flestir geti átt kost á að nota þau. Ekkert getur

því verið sjálfsagðara en að hafa þau á fjölmennustu kauptúnum landsins, sem mestar eru samgöngur við úr þeim hlutum landsins, er að þeim liggja. Það er því allsendis óviðurkvæmilegt, að grafa þau niður þar, sem enginn eða sárfáir geta notið þeirra. Bókasöfnin, sem önnur menningartæki, verka mest næst sér, og þess vegna er það áríðandi að þau séu þar sem flest fólk er samankomið, eða á hægast með að ná til þeirra.

Eg þarf ekki lengri inngang að ræðu minni. Þegar litið er á amtsbókasafn Vesturamtsins frá þessu sjónarmiði eða þann stað, sem það er og hefir verið verið á, þá dylst víst engum, að það getur engan veginn fullnægt þeim meginskilyrðum, sem eg gat um. Meginþorri þeirra manna, sem að réttu lagi ættu að hafa greiðan og góðan aðgang að þeim hlunnindum, sem safnið veitir, fara algjörlega á mis við þau vegna staðarins, sem safnið er á.

Þetta safn hefir um langan aldur verið styrkt af opinberu fé, og eg held mér sé óhætt að kalla það opinbera eign. En þá finst mér að það ætti að vera skylda þingsins að gæta safnsins og sjá um að það komi þeim, sem það er sérstaklega ætlað, að notum. Ef bókasafn, sem nýtur opinbers fjárstyrks, er á óheppilegum stað og fæst ekki þaðan flutt af einhverjum ástæðum, þá er ekki rétt af þinginu að veita slíku safni nokkurn fjárstyrk, nema það væri flutt á hentugan stað. Eg ímynda mér að ef nú væri talað um að setja á stofn bókasafn á Vesturlandi, þá mundi engum lifandi manni með fullu viti detta í hug annar staður en Ísafjörður. Það er jafneðlilegt að hafa bókasafn fyrir Vesturland á Ísafirði, eins og það er ankannalegt, óeðlilegt og óhagkvæmt, að kúlda því niður í einhverju jafnfólksfáu kauptúni eins og Stykkishólmur er nú orðinn í samanburði við Ísafjörð. Það væri auðvitað fyrirtaks staður, ef ætlast væri til þess að safnið yrði lítið eða alls ekki notað, en eg býst ekki við að alþingi líti svo á málið. Og hvað snertir Stykkishólm sem aðsetur bókasafns fyrir Vesturland, þá má kalla að öll kauptún á Vesturlandi sé betur fallin til að geyma safnið, heldur en einmitt þessi staður þar sem það nú er.

Eg skal leyfa mér að benda lítið eitt á sögu bókasafnsins, þó að hún sé sennilega kunn flestum háttv. þingdm. Það voru þeir Pétur heitinn Pétursson biskup og Bjarni Thorsteinsson amtmaður, sem stofnuðu safnið og sömdu reglugjörð um það 1847. Í þessari reglugjörð var ákveðið, að bókasafnið skyldi vera í Stykkishólmi. Eg vil með leyfi hæstv. forseta biðja háttv. deildarmenn að hlusta á hvað þessir tveir heiðurs- og virðingamenn töldu staðnum til gildis, þegar þeir kusu hann fyrir safnið:

»Fyrir þetta, að okkur áformaða amtsbókasafn, álítum við aungvan stað eins hentugan og verzlunarstaðinn Stykkishólm í Snæfellsnes-sýslu, bæði vegna þess, að þar er vön að vera all-fjölmenn kaupstefna árlega, ekki einungis úr þeirri sýslu, heldur einnig úr allri Dalasýslu, og úr suðurparti Barðastrandar- og Stranda-sýslu og útnorður parti Mýra- og Hnappadalssýslna, sem og hins, að þangað og þaðan eru jafnan ferðir vegna apótheksins víðsvegar frá í amtinu. Þar sýndist því hægast fyrir almenning að ná til bókanna og skila þeim þangað aftur. Í Stykkishólmi, og eigi mjög langt þaðan, búa líka fleiri mentaðir menn en á nokkrum öðrum stað hér vestra, svo ekki þarf að kvíða fyrir neinni sérlegri torveldni á því, að bókasafni yrði þar nokkurnveginn vel stjórnað

og tilsjón höfð með viðhaldi þess, helzt ef svo skyldi fara, sem alls ekki er óliklegt, að amtmaður Vestfirðinga, fyrir hægðar sakir í mörgu tilliti, seinna meir settist að í Stykkishólmi eða þar nálægt«.

Þá var nefnilega Stykkishólmur álitlegasta kauptúnið á öllu Vesturlandi, og ferðir úr flestum sýslum Vesturlands þangað tíðastar. Á þetta litu stofnendur safnsins; þeir voru nógu víðsýnir til þess, og létu sér svo ant um að sem almennust not gætu orðið af safninu. En eins og þessar ástæður, sem eg las upp, mæltu þá með Stykkishólmi, þá er það á allra manna vitorði, að þær eru nú gersamlega horfnar að því er þetta kauptún snertir, og það er ómótmælanlegt, að þær eiga nú allar við Ísafjörð. Eg þykist viss um það, að ef slíkir mentamenn sem Pétur biskup og Bjarni Thorsteinsson hefðu átt sæti á þingi núna, þá hefðu þeir verið svo sanngjarnir að gerast forgöngumenn þess, að bókasafnið yrði flutt frá Stykkishólmi vestur til Isafjarðar.

Eg skal taka það fram, að um síðasta manntal voru 1700 manns á Ísafirði, og þessu fólki fjölgar stöðugt; eg þykist ekki fara með rangt mál, þó eg segi að 100 manns bætist við árlega. En svo verður þar að auki að gæta þess, að það er ekki nema steinsnar til Bolungarvíkurverzlunarstaðar og annara sjóþorpa við Ísafjarðardjúp, er samtals munu hafa um 2000 íbúa. Hæstv. ráðherra (H. H.) veit það víst t. d. vel, að daglegar samgöngur eru milli þessara sjóþorpa og Ísafjarðar, og eru þó alt af að verða tíðari og tíðari síðan mótorbátar fjölguðu svo mjög. Úr öðrum nærsveit um Ísafjarðar, bæði sunnan og norðan Breiðdalsheiðar, eru samgöngur við Ísafjörð í hverri einustu viku árið um kring, og í þessum sveitum búa 2—3000 manns. Það lætur nærri, að $^1/_6$ allra íbúa í amtinu sé á Ísafirði eða nágrannaþorpunum. Fari maður lengra frá Ísafirði, þá er það víst, að t. d. mikill hluti Barðastrandarsýslu er í miklu tíðara sambandi við Ísafjörð heldur en við Stykkishólm, auk Strandasýslu, sem stendur í fjörugu viðskiftasambandi við Ísafjörð, en hefir alls ekkert saman við Stykkishólm að sælda.

Ef litið er til Stykkishólms, þá sést á síðasta manntali að fólksfjöldinn er þar rúmlega 400, — það er með öðrum orðum $^1/_{50}$ af öllum íbúum amtsins. En svo má segja að næsti hreppur sé í daglegu sambandi við kauptúnið, en þar eru um 350 manns. Eftir því yrði tala þeirra, sem daglega geta notið safnsins, tæp 800 á móti hér um bil 3500 manns, sem notað gætu það því nær daglega, ef það væri á Ísafirði.

Sumar sýslur í amtinu mundu standa líkt að vígi eftir sem áður, t. d. Mýrasýsla, sem alls ekki notar safnið, og Dalasýsla, sem liggur svo að segja mitt á milli Stykkishólms og Ísafjarðar. Þeim mætti því sleppa, þegar um þetta mál er að ræða. Eftir lausri áætlun má álíta að $^1/_8$ amtsins geti haft mikil not af safninu á Ísafirði, en hér um bil $^1/_{20}$ ef það er látið vera í Stykkishólmi. Eg skil því ekki að nokkrum óvilhöllum manni geti blandast hugur um, að það sé sjálfsagt að flytja bókasafnið til Ísafjarðar. En þó fer nú frumvarp það, sem eg flyt nú hér, ekki fram á algerðan flutning, heldur að eins um skifti milli amtsbúa á þessu safni; svo sanngjarnlega er í sakirnar farið. Á Ísafirði er bókasafn með 2000 bindum. Þetta bókasafn hefir myndast smátt og smátt af litlum efnum, en er orðið það sem það er vegna mikils áhuga manna vestra að koma sér upp safni. Samkvæmt frumv. er ætlast til, að þetta safn yrði lagt til aðalsafnsins.

Eg þykist líta með sanngirni á þetta

mál, og eg vil heldur ekki fara fram á að alt safnið verði flutt Ísafjarðar. Í frumv. er því ætlast til, að Stykkishólmssafnið haldi útlendum bókum, sem eru gefnar út fyrir árið 1885, og fái að auki annað eintakið af þeim bókum, sem til yrðu í tveim eintökum í nýja safninu.

Eg hefi ekki í höndum bókaskrá Stykkishólmssafnsins lengur en til ársins 1904, en samkvæmt henni mundi bókasafnið í Stykkishólmi halda eftir hér um bil 1400 bindum.

Eftir þeim gögnum, sem ná fram til 1904, eru í eigu safnsins hér um bil 4000 bindi. Þetta er ótrúlega lítil bókatala í svo gömlu safni, sem alt af hefir haft töluverðan opinberan styrk, þegar borið er saman við safnið á Ísafirði. Mér kann að verða svarað því, að lestrarfýsn sé ekki mikil á Ísafirði. Eg skal benda á skýrslu safnsins á Ísafirði, er liggur á lestrarsalnum, og sést af henni, að 3000 útlán hafa verið árið sem leið. Og það í þessu litla safni! Frá Stykkishólmssafninu hafa engar slíkar skýrslur birzt. En eg efast um að útlánin þar nemi helming auk heldur meiru við þetta. Þetta sýnir hver þörf er á bókasafni á Ísafirði, og hve afnotin eru miklu meiri en í Stykkishólmi

Eg vil í þessu máli að eins reyna að sýna háttv. deild hvað mælir með því að þetta bókasafn sé fremur haft á Ísafirði en í Stykkishólmi. En eg heimta hins vegar ekki að tekið sé frekar tillit til þess, sem eg segi með heldur en aðrir móti málinu, því að tölurnar eiga einar þegjandi að tala. Og þær sýna ljóslega hvað er sanngjarnt og rétt í málinu. Hins vegar veit eg að frá sumra manna sjónarmiði eru agnúar á frumv. En eg geymi að fara frekar út í þau atriði þangað til fram eru komnar mótbárur gegn því.

Lárus H. Bjarnason: Það gekk alveg yfir mig, þegar eg heyrði háttv. þingm. Ísfirðinga segja það beint á móti dagsbirtunni, að eigi gæti réttlátara mál en þetta. Mig furðaði að hann, presturinn, skyldi bera slíkt fram.

Það stendur nú að vísu öðrum nær en mér að verja bókasafnið í Stykkishólmi, en eftir atvikum, sem liggja að málinu, er frumvarp þetta svo ranglátt, að eg get ekki þegjandi látið það ganga fram hjá mér.

Nálega alt, sem háttv. þm. sagði í ræðu sinni, var málinu óviðkomandi. Að eins eitt atriði í ræðu hans snerti málið, en það atriði var ekki satt. Eg á við það er hann sagði, að bókasafnið í Stykkishólmi væri opinber eign eða landsjóðseign. Þetta hefði verið mikilvæg ástæða, ef það hefði verið satt. En það er þvert á móti. Því það nær engri átt að kalla safnið landsjóðseign eða opinbera eign. Það er eign nokkurra sérstakra tiltekinna héraða. Stofnanir einstakra manna, hreppa eða héraða verða ekki heldur opinber eign eða landsjóðseign, þó að þær njóti styrks af landsjóðsfé. Bókmentafélagið, t. d. að taka, er styrkt af landsjóðsfé. En hver vill halda því fram, að eignir þess séu landsjóðseignir, og alþingi bært um að ráðstafa þeim? Eða hússtjórnarskólinn og fleiri slík fyrirtæki, sem njóta eða notið hafa styrks af landsfé.

Sú ástæða, að Ísafjörður sé mannmargur, á ekki við á þessu stigi málsins, þar sem búið er að ráðstafa safninu. Það er ástæða, sem hefði mátt hreyfa, ef hún hefði komið fram á réttum stað og tíma, á amtsráðsfundunum, sem ráðstöfuðu amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Á þeim fundum, fundunum 1906 og 1907, var málið löglega útkljáð. Á fundinum 1906 mættu fulltrúar úr öllum sýslufélögum amtsins, og þar

var gerð svo hljóðandi samþykt um safnið:

»Út af framkominni málaleitun um ráðstöfun amtsbókasafnsins í Stykkishólmi, lýsir amtsráðið því yfir í einu hljóði, að það telji rétt, að safnið standi framvegis óskift í Stykkishólmi, þó að því tilskildu, að amtsbúar hafi eftir sem áður aðgang að safninu með sömu kjörum eins og nú, og að hreppsnefndin í Stykkishólmi og sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, önnurhvor eða báðar, standist allan kostnað af safninu framvegis og auki það árlega eftir föngum«.

Þetta var samþykt með öllum atkvæðum. Að vísu mætti háttv. þm., sem átti sæti í amtsráðinu, ekki á fundinum, en varamaður hans mætti, og þannig voru báðir fulltrúarnir úr Ísafjarðarsýslu sammála öðrum amtsráðsmönnum um þessa ráðstöfun, sem þm. nú ræðst á. Þingm. hefði verið nær að mæta með þessi mótmæli sín á réttum stað og stundu, en hreyfa þeim nú eftir dúk og disk.

Enginn getur efast um að amtsráðið *átti* safnið og var því *eitt* bært um að ráðstafa því.

Árið 1907 var málið borið aftur upp á fundi amtsráðsins; þar mættu einnig fulltrúar úr öllum sýslufélögum amtsins nema tveimur, og þar var aftur ákveðið með öllum atkvæðum að afhenda sýslunefndinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu safnið samkvæmt tilboði hennar um að taka ein við því.

Hér er því enginn vafi á því að löglegri *amts*eign er *ráðstafað á löglegan* hátt. Og ef þingið ætlar að fara að gera nýja ráðstöfun þvert ofan í löglega ráðstöfun eigandans, þá er það hreinn og beinn ránskapur og brot á 50. gr. stjórnarskrárinnar, sem segir eignarréttinn friðhelgan.

Það er því nokkuð undarlegt að heyra þann mann, sem gengst fyrir slíku, hæla sér af því göfuglyndi að hann taki ekki allar fjaðrirnar af fuglinum, hæla sér af því, að safnið eigi að fá að halda nokkrum ómerkilegum fjöðrum af þeim, sem það á eitt allar. Honum fer líkt og stigamanni, sem rænir vegfaranda inn að skyrtunni, og hælir sér svo af því að hann hafi þó lofað honum að halda nærfötunum.

Það er ekki svo að skilja, að eg sé neitt hræddur við það, þó þingið samþykki frumv. þm.; því að stjórnarnefnd safnsins í Stykkishólmi getur virt slík lög að vettugi. Það eru dómstólarnir sem skera úr því, hvort löggjafarvaldið hafi haldið sér innan réttra takmarka, og enginn dómstóll mundi álíta, að alþingi væri bært um að ráðstafa eignum einstakra manna eða stofnana þvert ofan í ráðstafanir eigenda.

Það er enginn vegur til að flytja safnið úr Stykkishólmi, meðan þau skilyrði eru uppfylt, sem réttur hlutaðeigandi, amtsráðið, hefir sett fyrir því, að safnið verði þar kyrt og óskift. Hins vegar getur meiri hlutinn náttúrlega neitað safninu um styrk af landsfé og þannig ef til vill svelt það í hel.

Háttv. þingm. Ísf. virtist sannfærast um þetta á þinginu 1907, þegar hæstv. ráðherra hafði lýst því yfir, að ráðstöfun amtsráðsins yrði ekki breytt, því þá sneri hann við blaðinu og beitti sér fyrir því, að þingið minkaði styrkinn til Stykkishólmssafnsins og veitti nokkuð af honum til safnsins á Ísafirði. Það lánaðist ekki að lækka styrkinn til Stykkishólmssafnsins, en hann fekk þó nokkur hundruð krónur til síns safns, og sé eg alls ekki eftir því.

Það er þannig svo langt frá því að þetta mál sé sanngjarnt, að það er þvert á móti óframbærilegt og enda ósæmilegt. Ef einu sinni er farið út á þá braut, að búa til lög til þess að ná lög-

mætri eign einstakra héraða eða stofnana frá þeim eða svifta þau á annan hátt umráðarétti yfir eignum þeirra, þá er löggjafarvaldið komið út á þá hálku, sem ilt væri að fóta sig á. Þá mætti fara eins með einstaka menn; þá væri í rauninni öll trygging fyrir eignarrétti og öðrum rétti úr sögunni.

Eg tek það upp aftur, að háttv. þm. hefði átt að koma fram með ástæður sínar á amtsráðsfundinum 1906. Annars er það ekki rétt að fara hér eingöngu eftir því, hvar flestir eru mennirnir. Safnið er ekki til fyrir einn kaupstað að eins, heldur fyrir alla íbúa amtsins, og þess vegna á að fara eftir því, hvar safninu er bezt í sveit komið, hvar það er bezt sett til þess að allir geti haft not af því, og að því leyti er Stykkishólmur hentugri staður en þessi Þorskafjörður, eg bið forláts, Ísafjörður. Auðvitað er Ísafjörður hentugri fyrir Ísfirðinga. En Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadals-sýsla, Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla eiga allar hægra með að nota safnið í Stykkishólmi

Það er líka rangt, að engir hafi notað safnið í Stykkishólmi nema kaupstaðarbúar þar og nágrennið. Mér er kunnugt um það, af því eg hefi verið í stjórn safnsins frá 1895—1906, að það var notað mikið af mönnum í ýmsum hér uðum, einnig af samsýslungum hins háttv. þingm. Ísafjarðarkaupst. Þetta hefir hann því sagt af vanþekkingu. *(Sig Stef.:* Nei). Þá vísvitandi ósatt. Það voru víða myndaðir »hringir« til þess að hagnýta sér safnið sem bezt. Menn fengu margar bækur í einu og létu þær ganga milli sín. Safnið var notað frá Dýrafirði, Önundarfirði, Ísafirði, Flatey, Búðardal, Ólafsvík og víðar að, í stuttu máli alstaðar að, nema eg man ekki eftir að það væri notað úr Mýrasýslu.

Alt, sem háttv. þingm. flutti fram í ræðu sinni með mikilli málsnild og ákefð, hefir þannig annaðhvort komið of seint fram, ekki átt við eða verið beint ranghermt.

Eg veit ekki hvað hann átti við með því að skjóta því fram, að safnið væri undarlega lítið, svo mjög sem það hefði verið styrkt af almannafé. Eg veit ekki hvort hann vill væna mig eða aðra stjórnendur safnsins þess, að eg eða þeir hafi hnuplað bókum frá safninu. En eg get frætt háttv. þingm. um það, að bindin eru fleiri en hann gerir ráð fyrir, og að eg lagði alt af meiri áherzlu á að kaupa *góðar* bækur en margar bækur. Það er ekki heldur rétt, að bókasafnið á Ísafirði hafi á stuttum tíma eignast öll þau bindi, sem þar eru nú, því að þar var komið upp töluvert safn þegar eg var á Ísafirði fyrir 15 árum. Annars sýndi það sig 1907 og sýnir sig aftur nú, að þingm. er mál þetta ofmikið kappsmál. Hann játaði því 1907, að sér hefði þá ekki verið kunnugt um ráðstöfun amtsráðsfundar á safninu 1906/07; játaði einnig, að ekki gæti orðið af flutningi úr því sem komið væri, eftir að ráðherra hafði frætt hann um ráðstöfun amtsráðsins á safninu, og þessu hefir hann annaðhvort verið búinn að gleyma eða hann hefir nú álitið sér alt fært, en »Littera manet«. Það gerir ekkert til þó að háttv. þingm. hafi ekki munað það sjálfur, það eru aðrir sem mundu það, og nú gefst háttv. deildarmönnum kostur á að dæma milli mín og hans.

Sigurður Stefánsson: Eg ætlaði að stilla svo orðum mínum, að þau gæfu ekki ástæða til slíkra stóryrða sem þeirra, er háttv. 5. kgk. þm. hefir látið sér um munn fara. En eg ætla að strika yfir öll hans stóru orð. Þó hann líki mér við stigamann og annað því líkt, þá standa allar ástæður mínar fyrir frumvarpinu jafn óhaggaðar fyrir því.

Háttv. þingm. sagði að safnið væri ekki opinber eign. Er það þá eign einstakra? *(Lárus H. Bjarnason:* Eign sýslnanna). Eg hygg að það sé rétt, að kalla það opinbera eign. Safnið er eign alls Vesturlands eða 8 sýslufélaga, og undir opinberu eftirliti. Að kalla slíkt einstakra eign er, ef ekki rangt, þá að minsta kosti mjög villandi.

Háttv. þingm. var og að brýna mig á því, að eg mætti ekki á amtsráðsfundunum 1906 og 1907. Það var rétt að eg mætti ekki, en það kom af því að mér var það ómögulegt. Það atvikaðist nú svo allan þann tíma sem háttv. 5. kgk. þm. var forseti amtsráðsins, að fundum amtsráðsins var svo hagað, að mér var ómögulegt að mæta, nema það kæmi í stórkostlegan bága við embætti mitt.

Hann sagði enn fremur að það væri ránskapur og brot á stjórnarskrá að flytja safnið til Ísafjarðar. Eg hefði ekki haldið að forstöðumaður lagaskólans léti sér slíkt um munn fara Hann hlýtur að hafa lesið frumvarpið eins og einn ónefndur herra les bibliuna. Það er hvergi farið fram á að raska neitt eignarréttinum á þessu safni. Það er þvert á móti sagt berum orðum að hið sameinaða safn sé eign Vestfirðingafjórðungs og heiti Bókasafn Vesturlands. En að kalla slíkt brot á eignarrétti og stjórnarskrá, þó að safnið sé flutt á hentugri stað, er ein hin argasta lögvilla.

Hvað það snertir að eg hafi á þingi 1907 sannfærst um að ályktun amtsráðsfundar um safnið væri réttmæt og gild, þá er þar um að segja, að það eru hin mestu fjarmæli; með allri virðingu fyrir réttlæti hins háttv. 5 kgk. þm., þá er eg viss um að fyrverandi forseti amtsráðsins hefði ekki látið svo varhugaverða ályktun ná fram að ganga. Háttv. þm. hefir ekki hrakið með einu orði það sem eg sagði, að amtsbúum væri gert hægara fyrir að nota safnið á Ísafirði en í Stykkishólmi. Og því verð eg að álíta að þessi ákvæði amtsráðsins, að safnið skuli jafnan vera geymt í Stykkishólmi, séu, ef ekki ólögmæt, þá mjög ranglát. Allar þær ástæður, sem áður fyr mæltu með því að hafa safnið í Stykkishólmi, eru gjörsamlega horfnar.

A þinginu 1907 hafði eg ekkert frumvarp að flytja um flutning safnsins. Það var að eins breytingartillaga við fjárlögin sem þá var um að ræða, og því sá eg mér ekki fært að fara lengra í það skifti. En eg sannfærðist enganveginn um réttmæti eða sanngirni amtsráðssamþyktarinnar. — Að alþingi verði sótt fyrir dómstólunum um sínar gerðir, er sú endileysa að eg hefi aldrei heyrt slíka.

Háttv. þm. kallaði Ísafjörð Þorskafjörð. Slík uppnefni læt eg mér í léttu rúmi liggja. Eg hygg að enginn sá þorskur sé til í Ísafirði, að honum hefði dottið í hug að flytja aðra eins ræðu og þá sem háttv. 5. kgk. þm. lét sér sæma að bera fram. Annars sýnist það nóg, að við köstum hnútum hvor til annars, og óþarft að vera með slettur til fjar verandi manna og árásir á mannorð eða mannvit kjósenda okkar.

Hann sagði enn fremur að eg hefði verið að gera honum getsakir um það, að hann mundi hafa hnuplað frá safninu. Það hefir mér alls ekki komið til hugar; því eg veit til þess að hann lagði einmitt kapp á að auðga safnið að dýrum og fágætum bókum, og það jafnvel svo mjög, að stundum var ástæða að draga nokkuð úr ákafanum. T. d. var honum ant um að útvega safninu ýms merkileg, hávísindaleg »juridisk« rit, verk á þýzku og dönsku máli, svo að amtsráðið varð að taka í taumana með því að það áleit slík rit ekki við alþýðu hæfi. Mér gat því

ekki komið til hugar að gera honum neinar slíkar getsakir.

Forseti: Eg verð að biðja háttv. þingdeildarmenn að haga orðum sínum svo að eigi þurfi áminninga við.

Lárus H. Bjarnason: Eg tek þetta sem leiðbeiningu til hins háttv. þm. sem síðast talaði. *(Forseti*: Átti ekki síður við ræðu háttv. 5. kgk. þm.).

Háttv. þm. hélt því fram að safnið væri opinber eign. Þetta má rétt vera, *ef* hann meinar aðeins það með orðinu, að fleiri eigi safnið en nokkrir einstaklingar. En það er ekki rétt, ef hann notar orðið »opinber eign« í sömu merkingu og landseign, og það gerir hann.

Það er sitthvað, að nokkur héruð eigi bókasafnið í Stykkishólmi, eða að landið eigi það. Ætti landið það, væri löggjafarvaldið bært að ráðstafa því. En af því að Vesturamtið forna átti það, var amtsráðið *eitt* bært um það, en landið og löggjafarvald þess á þar ekkert atkvæði um. Enda hefir þingið litið svo á, að það ætti ekki rétt á að ráðstafa eignum amtanna. Þess vegna var t. d. leitað *samninga* um afhending Hólaskóla og Hvanneyrarskóla, sem áður voru eignir amtanna; þeir voru ekki teknir með lögum.

Hitt tek eg mér ekki nærri, þó að háttv. þm. ætli sér að skilja stjórnarskrána betur en eg. Eftir 50. gr. stjórnarskrárinnar *er* eignarrétturinn friðhelgur. Það þýðir, að hvorki megi taka eign af réttum eiganda né heldur rifta löglegum ráðstöfunum eiganda. Hér væri eignarrétturinn að vísu ekki tekinn af sýslum Vesturamtsins, en lögmætri ráðstöfun amtsráðsins um hvar safnið skuli vera, væri riftað með frumv. og því bryti það 50. gr. stjórnarskrárinnar.

Það væri ekki að eins brot á stjórnarskránni, ef löggjafarvaldið tæki vigur af háttv. þm., heldur væri það líka brot á eignarrétti þm., ef riftað væri t. d. með lögum byggingu hans á jörðinni, hún tekin frá A og bygð B.

Eg sagði ekki að amtsráðið hefði gert amtsbókasafnið í Stykkishólmi að eign Snæfellsnessýslu. Um það atriði leyfi eg mér að vísa til Amtsráðsfundarsamþyktarinnar 1906 sem eg las upp áðan. Safnið er Amtsbókasafn eftir sem áður. Hitt er auðvitað, að Snæfellingar eiga öðrum fremur hægt með að nota safnið, af »faktiskum« ástæðum, en þeir bera líka allan kostnaðinn af safninu.

Eg sagði ekki að háttv. þm. hefði komið fram með frumv. á síðasta þingi um flutning safnsins. Orð háttv. þm. hér um eru orðaleikur. Eg sagði að hann hefði farið þess á leit að það yrði flutt. Það gerði hann, og það hefir hann nú játað, enda var hægt að sanna það með þingtíðindunum 1907.

Eg sagði ekki að alþingi yrði sótt til sekta, en hitt sagði eg og stend við það og háttv. þm. ætti að vita það, að dómstólarnir eru bærir að dæma um það, hvort löggjafarvaldið hefir haldið sér innan þeirra takmarka sem stjórnarskráin hefir markað því. Lagafrumv. um flutning safnsins úr Stykkishólmi til Ísafjarðar færi í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Stjórnarnefnd safnsins í Stykkishólmi þyrfti ekki að hlýða slíkum lögum, og hún mundi ekki verða dæmd til þess. Hæstiréttur mundi að minsta kosti ekki gjöra það.

Mér varð á það mismæli að nefna Þorskafjörð í stað Ísafjarðar, og telur háttv. þm. að eg hafi gert það viljandi og í óvirðingarskyni við Ísfirðinga. Út af því skal eg að eins minna háttv. þm. á að hann úthúðaði Stykkishólmi á alþingi 1907, kallaði hann kauptúnsholu og fór öðrum smánarorðum um héraðið. Annars finst mér það ekkert »crimen læsæ« þó að eg hefði kallað

Ísafjörð svo því að sú skepna sem eg nefndi, mun þó enn vera til »í Djúpinu«.

Þegar eg fór úr Stykkishólmi, var ekkert hávísindalegt þýzkt lögfræðisrit til á safninu, því miður; en aftur á móti átti safnið »Tidskrift for Retsvidenskab« og keypti eg það að dæmi Páls heit. Briem, er hafði keypt það handa Amtsbókasafninu á Akureyri.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, er háttv. þm. Ísf. hefir flutt með honum laginni skerpu og kappi. Þær ástæður, er hann hefir borið fram hér í deildinni, hefðu verið áheyrilegar á Amtsráðsfundunum 1906 og 1907, en nú ná þær ekki nokkru tali.

Sigurður Stefánsson: Mig furðar stórlega á því kappi, sem háttv. 5. kgk. þm. leggur á að sannfæra deildina um að frumv. fari fram á skerðing á eignarréttinum. Hér er ekkert slíkt gert og eg hélt að eg hefði sýnt fram á það. Hér er að eins farið fram á að flytja safnið frá einum stað á annan, og það er alls ekkert stjórnarskrárbrot. Það á að vera ódæði, ef þingið breytir samþykt um að safnið verði ekki á ómögulegum stað framvegis, heldur á bezta stað í amtinu. Að eg ámælti Stykkishólmi eða íbúum hans, er ósannindi. Eg sagði að það væri kauptúns hola, og það er satt en ekki skammir, það getur ekki verið meiðandi, því að það er sagt um staðinn en ekki um mennina, þar geta verið góðir menn fyrir því. Mér datt aldrei í hug að ámæla mönnunum. En einmitt svona stóryrði og fullyrðingar, sem hjá háttv. 5. kgk. þm., benda á röksemdaþrot hjá honum. Hann sagði að eg hefði byrjað á rangmæli, en eg hygg að hann hafi bæði byrjað og endað á röngum stað.

Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Samþykt með 7 samhljóða atkvæðum að skipa 3 manna nefnd í málið.

Í nefndina voru kosnir:

Sigurður Hjörleifsson
Sigurður Stefánsson,
Lárus H. Bjarnason.

Sbr. lagafrumv. um viðauka við lög nr. 80, 22. nóv. 1907, bls. 778 að framan.

Erfðaábúð á kirkjujörðum.

FRUMVARP til laga um erfðaábúð á kirkjujörðum (A 207); 1. umræða; 16. marz.

Jens Pálsson: Um leið og eg hefst máls um frumvarp þetta, vil eg geta þess, að mér er fullkomlega ljóst að hér er um vandamál að ræða. Og eg skal ennfremur geta þess, að frumv. er ekki svo vel úr garði gert sem eg hefði viljað. Eg hefði viljað geta hugsað málið lengur og betur, áður en eg bæri það fram; en mér gafst ekki kostur á því, því að það var hvort tveggja, að eg hafði miklar annir áður en á þing kom, og hitt, að síðan hefir verið ærið að starfa að öðrum málum, og lítið um hvíld frá þeim.

Það er augljóst að hér er að gera um mikið vandamál, þegar tekið er tillit til sambands þess við þá miklu spurning, sem er uppi um allan heim, sem sé þá, hver réttur manna sé til afnota sjálfrar jarðarinnar. Þessi mikilsverða spurning er efst á dagskrá síðaðra þjóða, og reynt að komast að þeirri niðurstöðu sem heppilegust geti orðið fyrir lönd og lýði. En eg ætla mér ekki að fara að halda neinn langan fyrirlestur um þetta efni; til þess er eg eigi búinn, enda tel hér eigi stað né tíma til slíks.

Það tek eg að eins fram, að sú er skoðun mín, föst skoðun, sem orðin er

að sannfæring, að *bezta og langbezta* skipulag þessa mikla máls væri það, að láta ríkið, þ. e. að segja mannfélagið, hið opinbera sjálft, eiga og hafa umráð yfir öllu landi, og skipa að öllu fyrir um öll afnot manna af landinu eða jörðunni. Með því móti væri langmest trygging fengin fyrir skynsamlegri meðhöndlun jarðarinnar og jafnaðarfylstum og hagsælustum afnotum af henni fyrir einstaklinga mannfélagsins og mannfélagið alt.

Af því eg er þessarar skoðunar, tel eg lang-æskilegast og affarasælast, að landsjóður (landið) ætti hvert einasta jarðarhundrað á þessu landi, og gæti landsjóður keypt alt landið upp, greiddi eg hiklaust atkvæði með því.

En á þessu bezta, — og frá minu sjónarmiði langbezta, — er sem stendur, og mun lengi verða, enginn kostur, því landsjóð vantar til þess bolmagnið — getur það ekki — og mun ekki geta það um ófyrirsjáanlega langan tíma.

Næst bezta fyrirkomulagið í þessu efni tel eg það, að hver jörð væri í sjálfs ábúð, og hver ræktaður blettur í sjálfseign. Og vel þætti mér þá skip ast, ef hver sá, er jörð tæki til ábúðar á landi þessu, eða land til ræktunar, öðlaðist löglegan rétt á að fá jörð þá, er hann yrkir, keypta, fá eignarráðin.

Að eiga ábúðarjörð sína, eða ræktunarland, gefur hverjum einum mesta og sterkasta hvötina til dugnaðar og atorku í búnaði og jarðrækt. Meðvitundin um að vinna ekki fyrir aðra, heldur fyrir sig og sína, er, eins og kunnugt er, hin öflugusta upphvatning.

Mig hefir einatt tekið sárt andvörp leiguliðanna, sem með ýtrustu árvekni og dugnaði, stundum einyrkjar hlaðnir ómegð, hafa hamast í jarðabótum á annara manna eignum, langt um efni fram, — mér hefir oft, segi eg runnið til rifja andvörp þeirra, er þeir hafa sagt: það er þungt að úthella svitanum og leggja svo hart á sig, og hafa enga von um að manns eigin njóti þess á nokkurn hátt.'

Það að öll jörð sé í sjálfseign og sjálfsábúð er vissulega það *næst-bezta* skipulag.

Eg játa að vísu, að þetta skipulag er gagnstæði hins skipulagsins, er eg taldi *bezt*, en eg verð eigi að síður að halda því fram, að hið fyrtalda, þjóðfélagseignin á landinu, sé *bezta* skipulagið, en þetta síðartalda, sjálfseignin, sé hið næstbezta. Það er er hér sem víðar, að »extrema se tangunt«.

Frumvarp þetta er til þess, að ná í eitthvað eða nokkuð af kostum hvors um sig, þessa áminzta »bezta« og »næstbezta», — þó aðeins að því er hinar óseldu kirkjujarðir snertir.

Frumvarpið gengur út á að tryggja landinu umráða- og eignarétt yfir jörðunum í hvert sinn er þær losna úr erfðaábúð ættar, og landsjóður nýtur þá einnig þess, ef jörðin hefir verið bætt eða hækkað í verði, því að lögleigan hækkar þá að sama skapi. En jafnframt er ábúanda hverjum trygt það, að niðjar hans, maður frá manni, fái að njóta verka hans á jörðunni, svo lengi sem þeir vilja nota rétt sinn.

Meðan eg var á þingi 10 ára tímabilið næsta á undan því 10 ára tímabili, sem nú síðast er liðið, var oft farið fram á það, að þingið gæfi heimild til að selja eina og eina jörð. Eg dróst með í fyrstu; var þá ekki búinn að átta mig á því, hverja stefnu bæri að taka í þeim efnum. En seinna varð eg á móti öllum slíkum jarðasölum. Svo að það er ekki nýlunda, þó að eg sá á móti hópasölu jarða án nokkurrar tryggingar fyrir varanlegri sjálfsábúð. — Það hlýtur að vera til hagkvæmara fyrirkomulag, en að fleygja

frá sér fjölda jarða, án þess að hafa nokkra trygging fyrir því, að þær haldi áfram að vera í sjálfsábúð til lengdar.

Það er engin nýung í sögu landsins, að jarðir séu seldar einstökum mönnum unnvörpum. Ef slík sala er hentug nú, þá hefði hún líka átt að vera það á liðna tímanum. Það hefði átt að sýna sig í stórfeldum framförum og heppilegum afleiðingum yfir höfuð. Það þarf ekki annað en nefna sölu stólsjarða og klausturs jarða. Þær jarðeignir voru seldar í stórhópum. Eg hefi nú ekki gott yfirlit yfir það, hve margar þeirra voru upphaflega seldar ábúendum, en margar þeirra þekki eg nú, sem lengi hafa verið í blátt áfram afarlélegri leiguliðaábúð. Eg hefi ekki kynt mér málið ýtarlega, en eg hygg að þessi sala hafi ekki haft þær afleiðingar, að auka sjálfsábúð til langframa í landinu. Þar á móti hefir hún haft áhrif í þá átt, að halda jarðaverði niðri lengi á eftir. Eins hlýtur að fara nú; almenn sala þjóð- og kirkjujarða hlýtur að verða til þess, að jarðir yfirleitt lækka í verði. Það er altaf svo, að þegar mikið er á boðstólum af einhverri vörutegund, þá lækkar hún í verði. Hitt er annað mál, hvort það er óheppilegt eða ekki, að jarðir lækki í verði. Um það má þrátta, en eg hygg þó að verð jarða hér á landi sé ekki of hátt, og megi ekki við því, að lækka úr því sem er. — Enn er þess að geta, að mér finst lánstraust landsins og fjárhagslegt álit standa á fastari fótum, ef landið sjálft á jarðeignirnar og hefir þar með möguleika til þess, að auðgast við það að jarðir batna og hækka í verði, heldur en ef það fleygir frá sér þessum eignum. Aðrir munu halda því fram, að með vaxandi sjálfsábúð fylgi vaxandi velmegun landsmanna. En fyrst er það, að framhald sjálfsábúðar er ekki trygt í lögunum um sölu kirkjujarða, og svo er hitt, að þó að þær eftir söluna yrðu lengur eða skemur í sjálfsábúð, þá efast eg um að þar með fáist eins sterkar stoðir undir lánstraust landsins eins og með hinu, að landið eigi sig sjálft.

Eg hefi ekki athugað hve mikill hluti allra jarða í landinu er opinber eign, en eg hygg að það sé nálægt því að vera $^1/_5$—$^1/_4$ hluti. Nú er alt landið 86189 hundruð að dýrleika. Þá ættu opinberu eignirnar að vera nálægt 20000 jarðarhundruð. Það er ekkert smáræði. Ef verð þessarar eignar hækkaði um 100% eða nálægt því, þá væri það ekki lítilfjörlegur gróði fyrir landsjóðinn, að hafa haldið í þær.

Eg hefi ekkert í móti því, að selja þessar jarðir lágu verði og með þægilegum borgunarkjörum, svo framarlega sem trygging væri fyrir því, að þær héldust í sjálfsábúð endalaust. Bezt væri að sú kvöð fylgdi hverri slíkri jörð, að hún mætti aldrei úr sjálfsábúð komast, þá gætu þær orðið afltaugar í líkama þjóðfélagsins.

En ef landið fleygir frá sér þessum jörðum án tryggingar fyrir sjálfsábúð, þá er ekkert unnið, en landið hefir útilokað sig frá þeim möguleika, að sýna fyrirmyndartilhögun á meðferð jarða í landinu.

Alt þetta kom til greina í huga mér, þegar mér datt í hug að koma með þetta frumvarp. Það væri mér ánægjuefni ef álitist gæti að frumv. færi í rétta átt, þannig að það sameinaði þetta tvent, annars vegar að landið misti ekki of mikils, og hinsvegar, að ábúðarrétti einstaklingsins væri hæfilega borgið; með öðrum orðum að það færi í þá eðlilegu átt, sem það á að fara.

Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um mál þetta við þessa umræðu; vil eigi ofþreyta á því eða þolinmæði háttv. deildarmanna en legg þessa tilraun virðingarfyllst fram til réttlátrar og rækilegrar íhugunar í hinni háttv. deild. Málið þarf

vandlegrar athugunar við, og því leyfi eg mér að leggja það til, að nefnd verði skipuð í það, þegar þessari 1. umr. er lokið, helzt 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþykt í e. hlj. að vísa frumv. til 2. umræðu og að kjósa 5 manna nefnd til að íhuga það.

Í nefndina voru kosnir:

Jens Pálsson,
Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem,
Steingrímur Jónsson.

Húsavík með Þorvaldsstöðum.

FRUMVARP til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum. (A. 457). 1. umræða; 16. apríl.

Steingrímur Jónsson: Eg vil með örfáum orðum gera grein fyrir frv. þessu, og ástæðunum til þess, að það kemur svo seint fram Eins og kunnugt er, er Húsavík orðin allstórt þorp, með ca. 600 íbúum, og stendur það á kirkjujörð. Það er búist við að því verði bráðlega skift út úr hrepnum, og verði sérstakt sveitarfélag, og er það af ýmsum ástæðum, einkum vegna fræðslumálanna, hafnarmála o. fl. En þorpsbúar álíta það sjálfsagt skilyrði fyrir því, að þetta geti orðið, að þeir fái meira ráð yfir lóð þeirri sem þorpið stendur á. Nú hagar svo til, að lóðir þær sem ætlaðar eru til ræktunar, eru leigðar til 50 ára, en húslóðir til óákveðins tíma. Það hefir því í nokkur ár verið almenn ósk, að fá jörðina, sem þorpið stendur á, keypta, og hefir málið verið undirbúið af hálfu þorpsbúa. Árið 1907 fór eg með öll skjöl málinu viðvíkjandi til biskups, til að bera málið undir hann; þá var það meiningin að fá konungsúrskurð um kaupin. Biskup gaf engin ákveðin svör um verðið. En skjölin hafa glatast í fórum biskups, og hafa ekki fundist síðan í skjölum biskupsdæmisins, og það er ástæðan til þess, að frumvarpið kemur svo seint fram, að eg hefi verið að bíða eftir að þau fyndust; en eg vildi ekki sleppa því að bera það fram, þó skjölin fyndust ekki. — Um verðið skal eg geta þess, að það er það verð, sem þorpsbúar vildu gefa fyrir jörðina 1907, að undanskyldu túni og húsum, sem eru 7—10000 kr. virði. Eg skýri frumv. ekki nánar fyr en við 2. umræðu, því eg vona að því verði leyft að halda áfram. Úr því orðið er svo áliðið þingtímans, vil eg mælast til að það fái að ganga fram sem fljótast, og helzt kysi eg að það yrði ekki sett í nefnd; það gæti tafið fyrir því, þó eg annars sé óhræddur um að illa færi fyrir því í nefnd.

Sigurður Hjörleifsson: Eg geri ráð fyrir að deildinni veiti örðugt að fara með mál þetta eins og það liggur fyrir. Háttv. flutningsmaður áleit, að ekki væri þörf á því að setja nefnd í málið, og satt að segja virðist það þýðingarlítið, þegar útlit er fyrir að ekkert sé að athuga, engin skjöl sem geti gefið upplýsingar um málið. Eg fyrir mitt leyti er sjálfu málinu hlyntur, álít það gott og réttmætt, að kauptún fái ráð yfir landi, en deildin getur að mínu áliti, ómögulega tekið ákvörðun um málið eins og það liggur nú fyrir. Undirbúningur málsins er svo lítill, að eg sé ekki, að það sé fært að afgreiða það að svo stöddu þó eg hinsvegar kannist við að þessi ósk þorpsbúa sé réttmæt. T. d. er ómögulegt að ákveða verðið, þegar ekkert er við að styðjast, engin ummæli frá stjórnarráði eða biskupi. Eg get heldur ekki séð að það sé nein nauðsyn að afgreiða málið frá þessu þingi; það er ekki enn búið að skipta hrepnum. Það virðist

vera nógur tími fyrir Húsavík að fá jörðina keypta þegar skifting milli þorpsins og hreppsins fer fram. Eg álít ekki hægt að afgreiða málið nú. Hvort nefnd er skipuð til að íhuga það eða ekki, skiftir litlu, en vel má sýna því þann sóma að láta það ganga til 2. umræðu.

Steingrímur Jónsson: Eg get verið háttv. þm. Ak. þakklátur fyrir undirtektirnar, því mér skildist hann vera sölunni hlyntur og það er aðalatriðið. Eg játa að undirbúningur málsins er ekki sem beztur. En eg er skýrði frá því áðan, hvernig á því stendur að skjölin vantar. Eg vildi ekki hætta við að bera frumvarpið fram, þótt skjölin fyndust ekki; hugsaði mér að skýra sjálfur frá ástæðunum og öllu málinu viðvíkjandi. Auk þess ber að gæta þess að hér er aðeins um heimild til sölu að ræða. Stjórnin hefir vald og skyldu til að láta virða jörðina, til að gæta þess, að prestalaunasjóðurinn fái sitt. En annars hefi eg sett verðið svo hátt, sem eg með nokkru móti þorði.

Jörðin er harðbalajörð, metin 46 hndr. að dýrleika með Þorvaldsstöðum.

Eg álít enga ástæðu til að kjósa nefnd við þessa umræðu, en þó vil eg það auðvitað heldur, en að frumv. verði ekki leyft að halda áfram.

Háttv. þm. Akureyrar sagði að ekki væri búið að skifta hrepnum og því lægi málinu ekki á. Þetta er ekki rétt. Meiningin er að skiftingin fari fram undir eins og við fáum að vita hvort jörðin fæst; eftir því einu er beðið. Fáist jörðin ekki, þá er alls ekki víst að við viljum skifta, en gangi þessi lög fram, þá verður skift strax. Þessvegna er mér umhugað um að málið nái fram að ganga á þessu þingi, að þorpsbúar vilja ekki ráðast í þetta fyrirtæki, nema þeir hafi eitthvað betra að byggja á en þann leiguliðarétt sem þeir hafa nú. Eg beið þangað til nú, af þeirri einu ástæðu, að skjölin fundust ekki. Ef til vill mætti útvega skjölin að nýju en það tekur langan tíma.

Jens Pálsson: Eg get tekið undir með háttv. þm. Akureyrar að þessi ósk sé eðlileg og réttmæt og eigi að uppfyllast undir eins og Húsavík verður hreppsfélag út af fyrir sig. En eins er eg á því, að hvorki sé mögulegt né ráðlegt að afgreiða málið svona skilríkjalaust frá þessu þingi. Hér kemur margt til athugunar. Fyrst og fremst það, að skjöl þau sem háttv. flutningsm. vitnaði í verðinu viðvíkjandi og sem verðið er bygt á, eru 2—3 ára gömul, svo að verið getur að þau séu úrelt. Mikið land getur hafa bygst síðan þá, og jörðin því hækkað í verði. Þegar landsjóður á land sem nauðsynlegt er fyrir kaupstað að fá keypt, álít eg að landsjóður eigi að sjálfsögðu að selja það, en auðvitað ber að gæta hagsmuna landsjóðs eigi síður en kaupandans. Lönd sem liggja að kaupstað eru í hærra verði en önnur lönd vegna byggingarinnar í kaupstaðnum, og miklu meiri möguleikar eru til að þau hækki frekar í verði, en lönd sem ekki liggja að kaupstað. Þess vegna er sanngjarnt að selja þau með nokkuð hærra verði, svo að réttur landsjóðs verði ekki skerður, en þó eigi hærra verði en svo, að bæjarfélögunum sé sýnilegur hagnaður að kaupunum. Háttv. flutningsm. gat þess að landsjóður eða prestalaunasjóður ætti að fá sitt, en það er altaf álitamál, hve hátt verðið þarf að vera til þess. Eg hefi fyrir satt að lóðir á Húsavík séu mjög lágt leigðar nú, en eg get hugsað mér að leigan hækki ef salan gengur fram, svo að hún verður ef til vill ekki hagnaður fyrir einstaklingana. Háttv. flutningsm. mintist á, að jörðin væri metin 46 hndr. að dýrleika. En þetta 40—50 ára gamalt jarðamat, og er því ekki hægt að miða við það. Jarðir sem kaup-

staðir standa á, hljóta að verða metnar miklu hærra en aðrar jarðir.

Slík mál koma sjálfsagt fyrir næsta þing. Að minsta kosti veit eg að til stendur að Hafnarfjörður falist eftir landi, og ef til vill fleiri kaupstaðir, og findist mér réttast, að þetta mál væri látið bíða eftir hinum, svo að þau gætu öll orðið samferða, því þá væri auðveldara að fá samræmi í mat slíkra landeigna og söluskilmálana í slíkum tilfellum yfirleitt. Eg álít sjálfsagt að bæjarfélög fái keypt lönd, þegar þau þurfa á þeim að halda og landsjóður má missa þau, en eins sjálfsagt er það, að réttar landsjóðs sé gætt vel. Glöggar skýrslur verða að vera fyrir hendi í hverju tilfelli, svo hægt sé að sjá, hve mikið verðmæti jarðarinnar er orðið á þeim tíma sem selt er. En einkum ber að viðhafa alla varkárni í slíkum tilfellum sem því, er hér liggur fyrir, því að jarðir sem standa í kaupstað, eða kaupstaður stendur á, eru vafalaust dýrmætustu blettirnir sem landsjóður á.

Af þessum ástæðum tel eg rétt, að málinu sé tekið vinsamlega, og að það sé yfirvegað og rætt vel og vandlega. Því þó ekki sé hægt að afgreiða það frá þessu þingi, þá væri meðferð þess hér í deildinni góður undirbúning undir næsta þing, og það hefði þá vissari framgang þá. Eg tel því rétt að skipa nefnd í málið og geri það að tillögu minni, að 3 manna nefnd sé kosin í það, að umræðunni lokinni.

Lárus H. Bjarnason: Það er ofboð einföld spurning sem hér liggur fyrir; það er að eins það, hvort eigi að vísa frumvarpinu til 2. umr. eða ekki, og mér finst það sjálfsagt. Það er sómi sem öllum málum, sem nokkurs eru verð, er sýndur. Það er satt, sem háttv. þm. Akureyrar sagði, að það er þýðingarlítið að kjósa nefnd í málið, þar eð ekkert er til að athuga, en háttv. flutningsm. hefir lofað að gefa frekari upplýsingar við 2. umræðu, og vil eg því leggja til, að málinu sé leyft að halda áfram, og mætti þá kjósa nefnd eftir 2. umræðu, ef mönnum sýndist ástæða til þess.

Steingrímur Jónsson: Háttv. 2. þm. G.-K. taldi það til foráttu að afgreiða frumv. frá þessu þingi, að hér væri ekki verið að selja þorpinu heldur hreppnum jörðina. Eg skal í því sambandi geta þess, að eg tók það fram áður, að hreppnum yrði ekki skift fyr en söluheimildin er fengin; en annars má koma því inn í frumv. með einfaldri breyt.till., að salan færi ekki fram fyr heldur en þorpið er orðið sérstakt sveitarfélag. Viðvíkjandi því að prestalaunasjóðurinn fái sitt, þá á auðvitað að virða jörðina, og fyrst að því búnu veitir frv. stjórninni heimild til að selja fyrir ekki lægra verð en þar yrði ákveðið.

Sigurður Hjörleifsson: Eg skal að eins gera stutta athugasemd.

Eg gat þess, að Hafnarfjörður mundi að líkum koma með sömu beiðni og hér er um að ræða, og þá finst mér ástæða til að taka það fram, að þó eg viðurkenni að kauptún hafi sanngirniskröfu á að ráða því landi, sem kauptúnin standa á, þá viðurkenni eg alls ekki ótakmarkaðan rétt þeirra til þess að láta eignina af hendi til annara. Þetta getur verið talsvert hættulegt, því að með því móti gætu stórar landeignir lent í höndum einstakra manna — oft og tíðum útlendinga — og orðið þannig til skaða fyrir héraðið í heild sinni. Það er full ástæða að taka þetta til íhugunar þegar um svona sölu er að ræða.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþykt að kjósa 3 manna nefnd

með 8 : 4 atkv.; og voru kosnir í nefndina:

Jens Pálsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Steingrímur Jónsson.

Önnur umræða; 24. apríl (A 457, 562, 574).

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Það er mest fyrir siðasakir, að eg bið um orðið, því að eg hefi í rauninni engu við það að bæta, sem tekið er fram í nefndaráliti meiri hlutans. Aðalástæðan fyrir því, að við viljum ekki sinna málinu á þessu þingi, er sú, að hér liggja ekki fyrir nein skjöl um mat á jörðinni eða annan undirbúning málsins, né heldur umsögn æðri stjórnarvalda. Málið er svo mikilvægt, að nefndin álítur það ganga óhæfu næst, ef þingið færi að samþykkja frv. svona algjörlega undirbúningslaust. Reyndar höfum við heyrt það, að mat hafi farið fram á jörðunni fyrir 2 árum. En við höfum ekkert af því mati að segja. Að vísu eiga þetta að vera heimildarlög og að eins tiltekið lágmark verðsins En við höfum enga hugmynd um það, hvort þetta lægsta verð er nærri sanni eða ekki. Það sýndi sig hér í deildinni í gær, þegar rætt var um sölu Kjarna, hvað menn gátu verið ósamdóma um það, hvað væri hæfilegt verð, þrátt fyrir það að þar lá fyrir greinileg matsgerð kunnugra manna, sem reiðubúnir eru að eiðfesta gerðina Þegar menn gátu verið svo ósamdóma um verðið á Kjarna þrátt fyrir þetta, þá má geta nærri, hvort þingið getur ákveðið lægsta verð annarar jarðar án þess að hafa nokkurn skapaðan hlut við að styðjast.

Það er því auðsætt, að undirbúningurinn er alt of lítill til þess, að málið geti haft framgang á þessu þingi, og nefndin ræður háttv. deild eindregið til að fella frumvarpið.

Eg skal geta þess, að þegar nefndarálitið var samið, varð ekki annað séð, en að selja ætti jörðina Húsavíkurhreppi þeim, sem nú er. En nú hefir háttv. flutningsmaður komið með breyt.-till. sem væri nægileg lagfæring, hvað þetta atriði snertir, ef málið væri sæmilega undirbúið að öðru leyti. En þar sem það er ekki, verður nefndin að halda fast við þá tillögu sína, að frumv. verði felt.

Steingrímur Jónsson: Eins og nefndarálitið sýnir, var eg ekki samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum. Eg var reyndar samdóma þeim um það atriði, að það bæri ekki að selja jörðina, fyr en Húsavíkurþorp er orðið sérstakt hreppsfélag. Og því hefi eg komið með breytingartill. í þá átt á þgskj. 574. En að öðru leyti get eg ekki séð neitt á móti því, að salan sé leyfð. Það er hvorki nein hætta á tapi fyrir landsjóð, né heldur um neina aðra hættu að ræða, sem af sölunni gæti leitt.

Háttv. framsögum. meiri hlutans kvartaði mikið yfir því, að engin skjöl lægju fyrir þinginu þessu máli viðvíkjandi. Eg held að það hafi oft verið samþykt stærri mál en þetta á þinginu, án þess að nokkur skjöl lægju fyrir eða nokkrar upplýsingar, aðrar en umsögn flutningsmanns sjálfs. En eg vona sérstaklega að háttv deild taki tillit til þess, að það er ekki umsækjendum að kenna, að skjölin liggja ekki fyrir. Eg gaf upplýsingar um það við síðustu umr. hvernig á því stæði, og eg vona að háttv. deildarmenn hafi tekið mig trúanlegan. Það kemur því hart niður á umsækjendum og óverðskuldað, ef þeim verður synjað um kaupin fyrir þá sök.

Eg hefi skýrt frá því áður, að matið, eða áætlun um sennilegt verð jarðarinnar, sem fór fram 1907, var bygt á

því sem sanngjarnt þótti eftir þeim tekjum, sem af henni höfðu fengist næstu 5 ár á undan, og verðið var nokkuð fyrir neðan 24 þús. kr. Áætlun þessi var gerð með mikilli nákvæmni, og verður varla hægt að fá betri grundvöll til að byggja á. Stjórnin mundi auðvitað heimta allar skýrslur þessu viðvíkjandi, og ekki selja jörðina ella, svo að það ætti að vera útilokuð öll hætta á tapi fyrir landsjóð.

Þá hefir meiri hluti nefndarinnar haft það á móti frumv., að ekki hafi verið fengin umsögn æðri stjórnarvalda. Eg skýrði frá því við 1. umr., að fyrverandi biskup hefði tekið vel í málið, en að eins ekki getað ákveðið verðið. Eg skýrði ennfremur frá því, að núverandi biskup væri málinu hlyntur, að eins að prestur hafi nokkra grasnyt. Til þess að færa sönnur á mál mitt, skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp yfirlýsingu biskupsins um þetta mál, og er hún svo hljóðandi:

»Alþingismaður Steingrímur Jónsson hefir beiðst álits míns um frumvarp það, er hann flytur á þingi um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Þegar Húsavíkurþorp er orðið sérstakt sveitarfélag tel eg þorpsbúa sjálfa maklegasta þess, að eiga það land, sem þeir hafa komið í verð, og með þeim hætti verði landið einnig bezt nytjað.

Nauðsynlegt tel eg vegna komandi presta, sem eiga að sitja í kaupstað með 1300 kr. launum, að hin eftirskilda grasnyt sé sem ríflegust.

Um verðið get eg ekki sagt, þar sem eg hefi engin gögn fyrir mér til að meta það; en hér ræðir auðvitað að eins um heimild til sölunnar.

Verði hæfilegt verð boðið fyrir landið, og hinn þjónandi prestur í Húsavík, sem enn er undir hinum eldri launalögum, samþykkir söluna, og eftir er skilið stórt tún eða túnstæði handa presti þar, mun eg mæla með sölunni, ef til kemur.

Þórh. Bjarnarson«.

Eins og af þessu bréfi til biskupsins má ráða, er hann meðmæltur sölunni, og að hún eigi sér stað nú þegar.

Hvað verð jarðanna snertir, þá hefir Húsavíkurjörð verið metin að hundraðatali 41,3 hdr. og hjáleigan Þorvaldsstaðir 5,6 hdr. (til samans 46,9 hdr.). Þetta er matið 1861, og býst eg við að það sé tiltölulega talsvert hátt; þá voru sem sé hlunnindi tekin til greina, sem nú eru horfin að kalla má: útselsveiði allmikil í nót, sem síðan er horfin. En hvað sem því líður, hygg eg engum blandast hugur um, að verðið, sem eg nefndi, sé hið mesta, sem um sé að ræða. — Hvað undirbúning málsins snertir, þá má óhætt segja, að hann sé mjög góður, ekki sízt hvað verðið áhrærir. Og sé eg ekki annað, en að landsjóður megi vel við söluna una með þessu verði, og hann beri sinn hlut óhallan frá borði. Annars ætti það sízt að vera meining landsjóðs, að fara að pína þorpsbúa hið ýtrasta í þessu máli.

Nefndin benti á, að henni þætti það athugavert við söluna, að sú stefna mundi vafalaust heppilegust í framtíðinni, að kaupstaðir fengju ekki ótakmarkaðan rétt yfir landeignum þeirra. Þessi ástæða ber í sér hið hroðalegasta misrétti í samanburði við það mál, sem fyrir var í gær (salan á Kjarna); sé það meiningin, að fara að takmarka umráðarétt kaupstaðanna á landeignum, þá yrði það að minsta kosti að vera *almenn regla*, en ekki nú alt í einu að fara að byrja slíkt á Húsavík, alveg gagnstætt því sem fram kom síðast í gær, þar sem nákvæmlega eins stóð á. Að gera sérstakar undantekningar í þessu efni nú væri alveg ófært, og misrétti gagnvart þeim stöðum, sem eins stend-

ur á fyrir, en sættu þó gjörólikri meðferð. Að fella söluna af þessum ástæðum er ekki að eins rangt gagnvart hlutaðeigandi þorpi, heldur einnig mjög óhyggileg ósamkvæmni, svo að mér finst að slíkt geti ekki náð nokkurri átt. Vona eg því að hver maður sjái, að það sem farið er fram á í þessu máli, er ekki nema hið allra sanngjarnasta. Hitt, að ekki sé nægileg gögn fyrir hendi, hefir heldur ekki við rök að styðjast, þó beint mat á jörðinni hafi að vísu ekki farið fram. En slíkt álít eg hreint ekki sanna hóti meir viðvíkjandi jörðinni, en góða og greinilega lýsingu, sem fram er komin. Vona eg því, að deildin samþykki sölu þessa, eða láti að minsta kosti málið ganga til 3. umr.

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Eg hefi ekki miklu við að bæta í þetta skifti, en skal leyfa mér að taka það strax fram, að eg hefi alls ekki heyrt neitt það fram komið í ræðu síðasta háttv. ræðumanns, er breytt geti skoðun minni á málinu. — Og viðvíkjandi því, sem nefndin setti fram um rétt kaupstaða á landeignum, þá er það að segja, að það var að eins fram sett til athugunar síðar meir, en alls ekki sem regla, er ætti að gilda í svipinn. Og því ekki þörf að ræða það sérstaklega meira nú.

Ekki finst mér sú athugun háttv. síðasta ræðumanns á neinu viti bygð, þar sem hann er að bera saman jarðasöluna þá í gær við þessa. Þar var að ræða um hlunnindalausa jörð fjarri sjó; hér er hlunnindajörð, sem að sjó liggur. Það getur ekki verið ólíkara saman jafnað. Eg sé ekki að það sé annað en einskonar lokahríð þeirra miklu harmkvæla, sem menn komust í út af Kjarna-sölunni. — Annars sé eg ekki hvað Húsavík liggur á þessu máli. Það er sjóþorp að eins og ekki einu sinni sérstakur hreppur. Mér finst ekki að á þessu ætti að liggja fyr en þorpið er að minsta kosti skilið frá hreppnum. — Annars er hin skjallega hlið málsins feykilega ónákvæm; og finst mér öldungis óviðeigandi, að fara að hraða sölunni nú fyr en að minsta kosti eitthvað frekara liggur fyrir úr þeirri átt. Virðing t. d. liggur engin fyrir á jörðum þeim, sem um er að ræða; og væri það óhæfa, ef þingið færi að skera úr um verð jarðar, sem það ekki þekkir og engin virðing liggur fyrir á. Það sem um var að ræða, sem fremsta skilyrði fyrir samþykking slíkrar sölu af alþingis hálfu, finst mér hefði hlotið að vera virðing umræddra jarða af dómkvöddum mönnum. Slíkt er eitthvað annað en lýsing ein og það af vilhöllum mönnum. — Í heild sinni finst mér málið liggja þannig fyrir, að eg hlýt að leggja alvarlega á móti því, að mál þetta gangi fram að svo komnu.

Steingrímur Jónsson: Það er rétt, sem háttv. síðasti ræðumaður tók fram í ræðu sinni, að hann fór ekki fram á að leggja haft á þær kaupstaðarlóðir og landeignir, sem menn þegar eiga. En ekki get eg skilið, hvers vegna hann taldi óþarft að flýta málinu. Mér finst þvert á móti hin mesta ástæða til að flýta því. Hann sagði, að málið lægi fyrir illa undirbúið. Það er þvert á móti. Eins og eg hefi áður tekið fram, liggur málið mjög skýrt fyrir skjallega, þótt bein virðing á jörðunum hafi ekki átt sér stað. En þess utan skal eg taka fram, að málinu liggur af þeirri ástæðu einkum á, að Húsavíkurþorp, sem nú liggur fyrir að skilji sig frá þeim hrepp, sem það liggur í, og myndi sérstakan hrepp, getur ekki fengið því til vegar komið fyr en það hefir fengið jarðir þessar keyptar; og snýst þar sú ástæða síðasta háttv. ræðumanns gegn sölunni einmitt móti honum

sjálfum. Því er það einkar áríðandi fyrir þorpið að fá þessar jarðir keyptar og það sem fyrst. — Eins og eg sagði, þá vona eg, að lýsing sú sem fyrir liggur á jörðunum gefi nokkra hugmynd um réttlátt söluverð þeirra; enda getur virðingin farið fram síðar, þó salan leyfist nú, og má þá taka hana til greina, engu síður en þótt nú lægi virðingin strax fyrir. En viðvíkjandi verði því sem til hefir verið nefnt, þá kemur það þannig fram, að tekið er meðaltal af 5 ára tékjum og gert ráð fyrir 6 % frádrætti fyrir innheimtu kostnaði. Ekki þarf síðasti háttv. ræðum. að bregða mér um ergjur út af sölunni á Kjarna; þótt eg sé hins vís, að verðið þar var alt um of lágt. Það er langt frá því, að eg vilji á neinn hátt skóinn ofan af Akureyri, og hef aldrei viljað. — En hvað máli þessu við víkur, sem um er rætt, þá sé eg ekki annað en að fullkomlega nægilegar upplýsingar liggi hér fyrir hendi, og fulltryggilega frá öllu gengið til að salan gæti átt sér stað.

Agúst Flygenring: Eg get ekki látið hjá líða að láta það ljósi, að það stórhneikslar mig sá mótþrói, sem hafinn er gegn þessari sölu af einstökum mönnum hér innan deildar. Og kemur sá mótþrói þess kynlegar við, sem hann er einmitt fram kominn frá þeirri átt, sem Kjarnasalan stefndi frá; og sé eg þó ekki að mjög sé óliku saman að jafna, og sízt þó þeim til málsbótar, sem fyrir standa. Þm. Akureyrar taldi skjöl og skilríki vanta í málinu; það sé eg ekki að hafi við neitt að styðjast, eftir því sem fram er komið, sízt svo, að það ætti neitt í vegi að standa, svo framarlega sem salan væri ekki athugaverð á annað borð. Og verður alls ekki séð eða sagt að svo sé af óvilhöllum mönnum; og að minsta kosti ekki athugaverðari en Kjarnasalan. Annars finst mér öll tvímæli af tekin með áhættu fyrir landsjóð, þar sem jörðin selst eftir mati; enda sýnist það og beinasti og enda einasti vegurinn í slíkum tilfellum, sem hér er um að ræða. Og man eg ekki betur en að einmitt sjálfur þm. Ak., sem nú er þessu manna mest mótfallinn, væri því síðast í gær alveg fylgjandi, að þetta væri einmitt heppilegasta og sjálfsagðasta leiðin, sem farin yrði; og var eg honum þá alveg samdóma. Nú er komið annað hljóð í strokkinn þeim megin, síðan Kjarnasalan er úr sögunni; og furðar mig annars á að maðurinn skuli ekki fyrirverða sig fyrir slíka ósamkvæmni. — Annars finst mér eiga að gera matsverðið að meginreglu eða ekki. En ekki að hringla úr einu í annað, grunnreglulaust. — Hins vegar getur mér ekki dulist það (og skal eg taka það fram úr því farið var að bera þessar sölur saman á annað borð) að óliku betur stendur á með þessa sölu, hvað meðmæli snertir, heldur en með Kjarna. Í þessu máli eru öll skjöl sammála *með* sölunni, — þar alls ekki. Bæði hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi og sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu leggja eindregið á móti sölunni; en fámennur fundur á Akureyri stendur þar einn uppi til móts. Í því máli lágu heldur ekki fyrir neinar sannanir um brýna þörf. Hér er alt öðru vísi ástatt. Hér er þjóðjörð, sem liggur undir eitthvert stærsta kauptún á Norðurlandi, — kauptúnið er alt bygt á þessari jörð — og vill kauptúnið kaupa hana með matsverði. Hér er einmitt mjög sanngjarnt að selja eftir matsverði. En þörfin er auðsæ, þar sem kauptúnið er í þann veg að skilja sig frá hreppnum sem það liggur í til að mynda sérstakan hrepp. Hitt er líka auðsætt, að áríðandi er að þetta nái fram að ganga sem fyrst, þar sem

kaup jarðar þessarar kaupstaðnum til handa er aðalskilyrðið til þess að skifting hreppanna geti átt sér stað. Mér er hins vegar óskiljanlegt, hver þörf liggur til þess einnmitt nú að fara að setja einhver skilyrði, sem hugsanlegt er að megi nota einhvern tíma í framtíðinni að eins til að tefja fyrir sölunni. Þegar svo búið er að slá þeirri reglu eða skilyrðum föstum, þá á að fara að búa til nýja *samkvæmni* — fyr ekki!

Framsögum. (Sigurður Hjörleifsson): Mér þykir það leiðinlegt að öll ræða háttv. 3. kgk. þm. er fram komin af misskilningi einum, og ekki að eins óþörf, heldur einnig óþörfust í þess máls garð, sem hann mælti fyrir. Mat hefir alls ekki farið fram á jörðinni eins og tekið var fram af málsflytjanda sjálfum. Það liggur ekki fyrir annað til að halda sér að en lýsing ein. Það stóð alt öðru vísi á með Kjarna; þar lá fyrir matsúrskurður dómkvaddra manna. Það hefði þó vel verið innan handar; og að síðustu hefði mátt telegrafera til Húsavíkur að fengnu leyfi stjórnarinnar til að láta meta jörðina og hefði óefað getað komið í tíma. En því hefir það ekki verið gert? Það var eina ráðið til að koma málinu í framkvæmd; en það hefir verið vanrækt. Þess vegna mega málsleitendur sjálfir sér einum um kenna og öðrum ekki. — Viðvíkjandi þeirri þörf, að á liggi fyrir kaupstaðinn að fá jörðina keypta til þess að geta orðið sérstakur hreppur, þá liggur hún ekki uppi í mínum augum. Eg get bent á annað dæmi því til samanburðar, sem sannar það mál mitt. Það er Sauðárkrókur. Keflavík er meira að segja »privat«-manns eign. Svo hefði vel getað verið með Húsavík. Svo að frá þessu sjónarmiði hafa málsflytjendur ekkert til síns máls.

Steingrímur Jónsson: Eg játa það rétt að vera sem þm. Ak. tók fram að mat liggur að vísu ekki fyrir á jörðinni. En hitt skiftir meira máli, eins og eg hef sagt, að mjög nákvæm lýsing liggur fyrir um kosti jarðarinnar og hvað hún gefi af sér; slíkt áleit eg miklu þýðingarmeira. Og liggja öll þau skjöl fyrir. Eg er þeirrar skoðunar, að mat eigi ekki að fara fram fyr en eftir á, að leyfi fyrir sölu jarðarinnar er fengið. Það sýna og skjöl þau, sem fyrir liggja, að engin ástæða er fyrir landið að hafna sölunni vegna kosta jarðarinnar. — Vona eg að deildarmenn sjái það og greiði atkvæði með sölunni.

ATKV.GR.:

Frumvarpið felt með 7:6 atkv., og br.till. (574) þá sjálf-fallin.

Úrskurðarvald sáttanefnda.

FRUMVARP til laga um úrskurðarvald sáttanefnda (A 198) 1. umræða; 15. marz.

Lárus H. Bjarnason: Það er margt athugavert við frumvarp þetta, þó að það sé ekki stórt. Fyrst er nú gersamlega ólögfróðum mönnum fengið dómsvald í hendur og það *úrslita*dómsvald í málum, sem þó ekki eru neitt smáræði. Og það er dálítið undarlegt, að ólögfróðum mönnum skuli fengið úrslitadómsvald í málum er nema 50 kr., þegar það er borið saman við þau ákvæði er gilda um málsskot frá undirrétti til yfirdóms. Héraðsdómi má skjóta til yfirdóms ef um 4 kr. virði er að ræða. Þá á sáttanefnd að ákveða málskostnað án nokkurrar takmörkunar, en hann getur orðið allálitleg upphæð. Sem dæmi þess má nefna, að málskostnaður við eitt lítilsháttar mál, meiðyrðamál, hér í Reykjavík eigi alls

fyrir löngu nam rúmum 600 kr. En ekki veit eg hvort málfærslumaðurinn fekk alla upphæðina greidda.

Sáttanefnd á, nema sérstaklega standi á, að uppkveða dóm sinn þegar í stað, og það jafnvel þó að kærði hafi ekki mætt. Eftir núvildandi lögum má ekki uppkveða dóm fyr en eftir 14 daga, ef stefndi mætir ekki. Eftir frumv. má dómsuppsögn ekki dragast lengur en 1 viku.

Eins og áður er tekið fram, verður úrskurði sáttanefndar ekki haldið til dóms, nema alveg sérstaklega standi á, og þá samt ekki nema kaypt sé leyfisbréf til þess, er kostar 10 kr. Mér þótti frumv. athugavert undir eins og eg sá það og fór því að grenslast eftir, hvernig það væri orðið til og kom þá í ljós, að það er orðið til í nefnd í nd., en í henni sitja 4 skuldheimtumenn hér í bænum, 3 kaupmenn og einn af stærstu atvinnurekendum bæjarins, enda varð svo að vera, því að frumv. er eingöngu fyrir slíka menn, líkt og lögin um varnarþing í skuldamálum frá síðasta þingi. Að svo mæltu vil eg ráða deildinni til að skipa 3 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 11 : 1 atkv.

Samþykt með 11 : 1 atkv. að kjósa 3 manna nefnd, og voru kosnir í nefndina:

Jens Pálsson,
Jósef Björnsson,
Lárus H. Bjarnason.

Önnur umræða; 1. apríl (A 198; 373).

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eins og háttv. deild sér á nefndarálitinu á þgskj. 373, hefir sú nefnd, sem kosin var til að íhuga þetta mál, orðið á einu bandi um það, að ráða til þess að frumv. verði felt. Ástæður nefndarinnar eru teknar fram í nefndarálitinu. Eg finn ekki ástæðu til að bæta neinu verulegu við að svo stöddu; eg skal að eins geta þess, að nefndin leggur mikla áherzlu á það atriði, að áhrif *sáttanefnda til sátta* sé ekki rírð með því að láta þær hafa það vald, sem hér er farið fram á. Það vill oft verða svo í málaferlum að báðum málspörtum finst þeir hafa rétt. Annar mundi þá alt af þykjast að einhverju leyti beittur órétti með úrskurði sáttanefndarinnar, og oft báðir, og á þennan hátt yrðu sáttanefndirnar óvinsælli og þar með dregið úr áhrifum þeirra. Þetta kynni að verða til þess, að mjög erfitt yrði að fá góða og nýta menn til þess að sitja í sáttanefndum. Nefndinni dylst og ekki, að í ákvæðum frumv. felst engin trygging gegn misrétti í úrskurðum sáttanefndanna, og einkum mætti búast við að misrétti kynni að eiga sér stað, að því er snertir gagnkröfur og málskostnað. Eg skal svo ekki tefja háttv. deild meira að sinni, en vona að hún verði samdóma nefndinni um að fella frumvarpið.

Gunnar Ólafsson: Eg vil ekki láta þess ógetið að mér finst nefndinni hafa misheppnast í því, að ráða til þess, að þetta frumv. verði felt. Og það því fremur sem 2 lögfræðingar hafa átt sæti í henni; þeir hefðu átt að sjá hve hér var um gott og nauðsynlegt mál að ræða. Eg þykist vita að sýslumenn hafi heldur ekkert á móti því að losast við að gefa sig við þessum smámálum, einkum þar sem það miðar aðallega að því að gera réttarfarið einfaldara. Ef þetta frumv. gengi í gegn, yrði miklu hægra að innheimta lágar skuldir. Og eg skil ekki þær fjarstæður nefndarinnar, að það geti verið hættulegt að fela sáttanefndum þessi verk, því að því er svo varið, að í sáttanefndum sitja oftast vandaðir og góðir menn, vanalegast presturinn og svo einhver valinkunnur

maður í sáttaumdæminu. Það er óhugsandi, að þessir menn mundu dæma miklu ver um þess konar smámál heldur en reglulegir dómarar. Í nefndarálitinu er talað um, að nefndin vilji ekki ríra gildi sáttanefndanna með þessu og er það vitanlega skakt, því að mér sýnist hitt vera að ríra gildi þeirra, að fela þeim ekki að leggja fullnaðarúrskurð á þessi mál trúa þeim ekki til þess. Og það gerir einmitt sáttanefndirnar þýðingarminni, að þær hafa ekkert vald samkvæmt lögum.

Eg skal ekki fjölyrða frekar um þetta en að eins vona að háttv. deild samþykki frv. Því reiddi vel af í Nd., og þar eru þó líka lögfræðingar, engu síðri en hér, sem ekki þótti varhugavert að samþykkja það.

Ari Jónsson: Það er alment viðurkent, að þar sem viðskiftalíf er fjörugt, er þörf á greiðum málflutningi í smá skuldamálum. Það er þörf á, að slíkum málum verði komið fram á auðveldari og greiðari hátt, en annars gerist um einkamál. Enda er þess kostur víðast annarstaðar en hér á landi. Nú eru viðskifti manna hér á landi, einkum í kaupstöðum, orðin svo mikil og margbrotin, að mönnum finst einnig vera orðin þörf þess hér, að fá lögleidda greiðari málflutning í lítilfjörlegum skuldamálum, en verið hefir hingað til. Þetta er ástæðan til þess, að frumvarp þetta er fram komið, og hefir eflaust við góð rök að styðjast. En hitt getur verið vafasamt, hverjum á að fá þessi mál til meðferðar.

Neðri deild hefir nú álitið heppilegt, að fela þessi mál sáttanefndunum. En það er nálega einsdæmi, að sú leið sé tekin. Í öðrum löndum víðast eru slík mál ýmist falin sérstökum dómstóli t. d. Den lille Gældskommission í Kaupmannahöfn eða sami dómari dæmi um þessi mál sem önnur, en um þau eru settar sérstakar reglur, sem gera málaflutninginn fljótari og greiðari. Fyrri aðferðin yrði sjálfsagt of dýr hér, en mér sýnist ekkert vera á móti síðari aðferðinni, þeirri að fela málið sýslumönnum og bæjarfógetum, en þannig að slík smávægileg skuldamál væru leidd til lykta fljótt og meira »summarisk« en önnur mál. — Eg hefði getað verið með frumvarpinu, ef það hefði farið þessa leið. En til þess þyrfti gerbreytingu við, eða réttara sagt, það þyrfti að semja nýtt frumvarp.

Eg get ekki verið með þessu frumv. eins og það liggur nú fyrir. Mér finst ófært, að gefa sáttanefnd dómsvald í þessum málum, ekki síst þegar úrskurður hennar á að vera fullnaðarúrskurður. Hlutverk sáttanefnda er alt annað en að fella dóm í málum manna — Það er og ýmislegt annað í frumv. sem mér þykir athugavert, en eg sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það að svo vöxnu máli.

Umboðsmaður ráðherra (Kl. Jónsson): Þetta mál er ekki nýr gestur á alþingi. Það kom fyrir þing rétt eftir 1890; gekk þá greiðlega gegnum efri deild, en féll í neðri deild. Nú kemur málið aðra leið hingað til háttv. deildar. Frumv. hefir gengið gegnum neðri deild og var þar borið fram af nefnd þeirri, sem skipuð var í verzlunar- og atvinnumál landsins. Eg efast ekki um, að sú nefnd hefir athugað málið vel og verið sér þess fullkomlega meðvitandi, hvað hún lagði til. Þess vegna þótti mér undarlegt þegar eg sá að nefndin, sem hefir málið til meðferðar hér, leggur til, að fella frumv. umsvifalaust, án þess að benda á, hvað eigi að koma í staðinn. Það hefði þó legið háttv. nefnd næst, að benda á annnað ráð, úr því hún vill fella þetta frumvarp, en álítur þó hins vegar fulla nauðsyn á að fá greiðari málsmeðferð

í smávægilegum skuldamálum, en hingað til hefir verið kostur á.

Eg er á sama máli og nefndin um það, að það sé nauðsynlegt að gefa mönnum kost þess, að útkljá slík smámál, án þess að leggja út í langsóttan og dýran mála rekstur. Og eg er ekkert hræddur við, að fela sáttanefndunum þessi mál. Að vísu kann það að vera rétt athugað, að það sé varhugavert, að gefa sáttanefndum úrskurðarvald um gagnkröfur. Slíkar kröfur eru oft flóknar og vandasamt að skera úr um þær, og hins vegar eru sáttanefndirnar ekki altaf sem bezt skipaðar. Því þó að annar sáttanefdarmaður vanalega sé prestur, og hann ætti að vera nokkurn veginn fær um að útkljá smávægilegar kröfur manna rétt, jafnvel þó um gagnkröfu sé að ræða, þá kemur það þó fyrir, að minsta kosti þekki eg það, að prestar eru eigi í sáttanefnd, og þekki enda sáttanefndir, sem ekki eru sem bezt skipaðar. En þá þætti mér réttast að ákvæði 10. gr. um úrskurðarvald um gagnkröfur falli burt, en frumv. haldi sér að öðru leyti, og mér þætti jafnvel réttast, að takmarka svið laganna til að byrja með, þannig, að þau giltu aðeins fyrir kaupstaðina en næðu ekki til sveita. Í kaupstöðunum er þörfin mest og þar eru líka sáttanefndir að jafnaði bezt skipaðar.

Eg er nokkuð kunnugur því, hver mál koma tíðast fyrir sáttanefndir, því að eg hefi verið í sáttanefnd hér í Reykjavík í 3 ár. Og eg þori að fullyrða, að $^4/_5$ allra mála, sem fyrir sáttanefnd koma, eru blátt áfram einföld skuldamál, vanalega um viðurkendar skuldir og smáar upphæðir. Það sem á milli ber, er oftast ýmisleg aukaatriði viðvíkjandi því hvernig og hvenær borga skuli, en snerta ekki sjálfa kröfuna, og á þeim strandar það oft, að sættir eigi komast á, en það er þó hart í svona tilfellum, að neyða menn út í mál, þegar enginn ágreiningur er um kröfuna sjálfa, heldur ef til vill einungis um borgunardaginn.

Það ætti því ekki að vera neitt varhugavert, að fá sáttanefndum vald til að útkljá slík mál, þar sem aðeins er um það að ræða, hvernig borga eigi skuldina. Það ætti því síður að vera varhugavert, ef lögin næðu aðeins til kaupstaðanna, þar sem oftast er kostur á góðum mönnum, og jafnvel lögfræðingum í sáttanefnd.

Háttv. þm. Strand. sagði að það væri eins dæmi, að sáttanefndir fengju heimild til þess að útkljá endilega slík mál. Þetta er ekki rétt; eg veit ekki betur en að sama fyrirkomulag sé í Noregi, og hafi gefist vel þar. Og þetta frumv. mun einmitt vera sniðið eftir norsku lögunum um sama efni. — Sama háttv. þm. þótti og mjög ægilegt að fá sáttanefnd í hendur fullnaðar úrskurðarvald. En eg vil benda honum á, að sátt, sem kemst á fyrir sáttanefnd, verður ekki áfrýjað; hún er jafn gild og hæztiréttardómur og getur hún þó vel verið ósanngjörn og illa fengin. Og þegar svo er um sættir í hverju stórmáli sem er, finst mér engu ægilegra þó að úrskurði sáttanefndar í smáskuldamálum verði ekki áfrýjað.

Þetta er mikilvægt mál og full þörf umbóta í þessa átt. Því finst mér varhugavert að fella frumvarpið og koma þó ekki með neinar tillögur um aðra heppilegri leið til umbóta í þessum efnum, t. d. að fela reglulegum dómurum þessi mál til greiðrar málsmeðferðar. — En að láta málið detta niður svona umsvifalaust, sýnist mér naumast rétt gagnvart hinni deildinni.

Kristinn Daníelsson: Eg get vel metið góðan tilgang háttv. nefndar, en þó get eg ekki annað en verið samdóma háttv. þm. V.-Sk. um það, að hún hefir tekið sér verk sitt æði létt. Mér finnst það nokkuð fljótfærnislegt að leggja til, að frumvarpið verði felt hiklaust. Mér

finst nefndin hefði átt að búast við að deildin kynni að vilja aðhyllast frum varpið, og hefði átt að koma með breytingar, sem horfðu til lagfæringar og gerðu frumvarpið aðgengilegt.

Eg er samdóma nefndinni, að ekki megi gera neitt það, er dragi úr framkvæmdum sáttanefnda, að því er snertir aðalhlutverk þeirra, að sætta menn. En sáttanefndir hafa einnig annað hlutverk, því að þeir eiga að stuðla að því, að menn nái rétti sínum. Og þessi lög eiga að gera sáttanefndum mögulegt að hjálpa mönnum til réttar síns í þeim málum, sem það er erfiðast, í smáskuldamálum. Það er sannast að segja, að í slíkum málum er nú ekki nema um einn greiðan veg að ræða, nfl. að láta kröfuna falla niður, enda kjósa menn það vanalega, heldur en að fara í margbrotinn og dýran málarekstur.

Eg bjóst ekki við að nefndin vildi fella frumvarpið alveg, en hinu gat eg vel búist við, að hún vildi færa niður 50 kr. hámarkið, sem frumv. gerir ráð fyrir, enda hefðu lögin getað orðið til mikilla bóta fyrir því. Það er fjöldi skulda langt fyrir neðan 50 kr., sem nauðsynlegt er að greiða fyrir, bóka- og blaðaskuldir o. fl.

Háttv. þm. Strand. benti á að gera mætti flutning slíkra mála greiðari en nú, og hefðu vanalegir dómarar þau með höndum alt að einu. Sú aðferð yrði naumast til mikilla bóta, því að þar sem langt er að leita dómara, eins og víða á sér stað hér á landi, getur eigi að síður orðið svo dýrt og vafningasamt að leita réttar síns, að það borgi sig ekki, þegar um smávægileg peningamál er að ræða.

Það er ekki svo að skilja, að eg hafi ekkert út á frumvarpið að setja. T. d. finst mér athugavert að fela sáttanefndum svo umfangsmikið starf, án nokkurs endurgjalds. Hér er um mjög mikinn verkauka að ræða, og væri því full ástæða að sjá sáttanefndum fyrir einhverri þóknun fyrir það, hver leið sem til þess kynni að verða valin. — Þetta og fleira þarf athugunar við, en eg get ekki verið með því, að fella frumvarpið. Að minsta kosti mun eg greiða atkvæði með því til 3. umræðu, svo að háttvirtir deildarmenn fái tíma til að íhuga málið betur.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Það hafa heyrst allþungar ákúrur til nefndarinnar í þessu máli, en ekki get eg sagt að mér finnist þær allar á rökum bygðar; vil eg því minnast nokkuð á sum atriði í aðfinslunum.

Háttv. þm. V.-Sk. tók það fram, að dómarar mundu fegnir vilja losna við slík mál. Þetta kann vel að vera rétt, en þá þykir mér ekki ósennilegt, að sáttanefndir vildu það líka, og ekki síður en dómarar.

Háttv. þm. sagði og, að nefndinni mundi hafa þótt slík máls meðferð, sem frumv. gerði ráð fyrir, of auðveld og óbrotin, og ekki viljað samþykkja það þess vegna. Þessum áburði verð eg algerlega að neita. Enda væri það mjög óheiðarlegar hvatir, ef nefndin væri á móti málinu fyrir þá sök, að það væri of einfalt, eða með öðrum orðum, of gott mál.

Sami háttv. þm. sagði ennfremur, að nefndin væri sjálfri sér ósamkvæm, því að hún vildi ekki ríra álit sáttanefnda, en vildi þó fella frumvarpið og ríra þar með áhrif sáttanefnda. Þetta er ekki rétt. Nefndin leggur áherzlu á, að ekkert sé gert, sem riri áhrif sáttanefnda *til sátta*. Eg eg tók það fram í framsögu minni, að nefndin væri á móti frumv., af því að það mundi fremur ríra en auka áhrif sáttanefnda í þá átt, að sætta menn. Það er sitthvað, að fá sáttanefndum dómsvald í hendur, eins og frumv. gerir, eða að auka vald þeirra til sátta.

Þá vil eg víkja nokkuð að öðrum háttv. ræðumönnum. Hæstv. umboðsmaður ráðherra kvað mikla þörf á að gera meðferð slíkra mála greiðari en nú er, og háttv. þm. Strand. tók að nokkru leyti í sama streng. En nefndin í heild sinni viðurkennir ekki þessa þörf. Má vera að hún sé nokkur í kaupstöðum, en hún er alls ekki í sveitum. Eg get get sagt eins og hæstv. umboðsmaður ráðherra, að eg hefi verið í sáttanefnd í mörg ár, og þekki því nokkuð til þess, hverskonar ágreiningur kemur tíðast fyrir sáttanefndir til sveita. Þær hafa vanalega ekki mikið að gera, því að málaferli eru fátíð til sveita; en mín reynzla er hin sama og hæstv. umboðsmanns ráðherra, að þegar um skuldamál er að ræða, er ágreiningurinn vanalega í því falinn, að skuldunautur þykist ekki geta borgað svo fljótt, sem krafist er. Og það er þetta, sem erfiðast er að ná sáttum og samkomulagi um, þótt það takist oftast að miðla svo málum, að báðir aðilar geti vel við unað. Það er oft, að getuleysi er einu um að kenna, og þegar svo stendur á, gæti það oft og tíðum komið óþarflega hart niður á skuldunaut, ef hægt væri að ganga að honum svo að segja þegar í stað, eins og ætla má að gert yrði, ef frumvarpið yrði að lögum.

Þá tók hæstv. umboðsmaður ráðherra fram, að sætt, sem gerð er fyrir sáttanefnd, verði ekki áfrýjað, og sé því engin munur á henni og fullnaðarúrskurði sáttanefnda eftir frumv. Þetta er ekki rétt. Sáttin er altaf komin á fyrir samþykki beggja hlutaðeigenda, og því er hún alt annars eðlis en úrskurður.

Háttv. þm. V.Ísf. sagði að nefndin hefði átt að benda á einhverjar aðferðir til að gera málið aðgengilegra, hefði átt að koma með einhverjar lagfæringar við frumvarpið. Þessa verður ekki réttilega krafist af nefndinni, af því að hún er á móti frumvarpinu í heild sinni og grundvellinum undir því. Þessvegna sá hún ekki ástæðu til að koma með neinar lagfæringar, en ræður hreint og beint til að fella frumvarpið.

Ari Jónsson: Eg skal taka það fram, að þar sem eg viðurkendi, að þörf væri á fljótari úrskurðum í smáum skuldamálum, en nú er hægt að fá, þá talaði eg fyrir mína eigin hönd, en ekki nefndarinnar. Eg álít að þörfin sé mest í Reykjavík, og ef til vill töluverð í öðrum kaupstöðum, en mjög lítil til sveita. Þar er viðskiftalífið ekki svo fjörugt eða margbrotið, en þörfin er auðvitað mest þar, sem mest er um viðskifti.

Þar sem þörf er á, að flýta fyrir rekstri slíkra mála, álít eg tiltækilegast, að fela bæjarfógetum og sýslumönnum að hafa á þeim greiðari og fljótari meðferð en þá, er nú tíðkast. Að stofna sérstaka dómstóla til þess eins, að dæma í slíkum málum, yrði altof dýrt.

Nefndin hefir ekki komið með breytingar, því ef breyta hefði átt frumvarpinu í þá átt, sem eg tel æskilegasta, þá hefði í raun og veru alls ekki verið um breytingar, heldur um samning nýs frv. að ræða. Og til þess að búa til ný lög um þetta efni skorti nefndina tíma. Reyndar hefði eg ekkert á móti því, að þingnefnd yrði sett, til þess að semja frumvarp, er færi í þá átt, sem eg benti á áðan, en ef til vill væri heppilegast, að nýja stjórnin tæki mál þetta til athugunar og byggi það undir næsta þing. Út af ummælum háttv. umboðsmanns ráðherra, skal eg geta þess, að það er tvent ólíkt, að kveða upp dóm og koma á sátt. Samþykki hlutaðeigenda er nauðsynlegt við sættir, en dómurinn er bindandi, án tillits til þess, hvort hlutaðeigendum geðjast vel eða illa að honum. Svo að ef sáttanefndirnar geta misbeitt valdi sínu nú, þar sem samþykki hlutaðeigenda er nauðsynlegt, til þess að

gild sátt komist á, þá getur það verið en hættulegra að fá þeim dómsvald í hendur. — Því valdi geta þær misbeitt miklu meira en þessu valdi, sem þær hafa nú.

Sigurður Stefánsson: Eg skal játa það, að eg er einn af þeim, sem ekki tel frumvarp þetta mikla réttarbót. Eg hefi verið sáttanefndarmaður í hartnær 30 ár, og mín reynzla er sú, að venjulega er sæzt á þessar smáskuldir. Eg held því að frumv. þetta komi að litlu gagni, að minsta kosti til sveita, sérstaklega þegar þess er gætt, að sáttanefndirnar aðeins hafa fullnaðar úrskurðarvald, þá er um viðurkendar skuldir er að ræða. Eg minnist ekki að hafa haft neitt mál fyrir, þar sem hlutaðeigandi viðurkendi skuldina og ekki hefir verið sæzt á. Það er einmitt um réttmæti skuldanna,sem deilan vanalega snýst. En vera má, að það gæti komið að meira haldi í kaupstöðum, að fá sáttanefndunum slíkt vald í hendur, og þessvegna vil eg lofa málinu til 3. umræðu. En verði störf sáttanefndanna aukin, er brýn nauðsyn á að hækka borgun þá, er sáttanefndarmenn fá fyrir starfa sinn. Nú er það hreinasta smánarborgun, sem sáttanefndarmenn fá fyrir verk sín, og engan ferðakostnað, nema þeir fari út úr umdæmi sínu. Eg álít það alveg ósamboðið löggjafarvaldinu, að hrúga störfum borgunarlaust á einstaka menn.

Eg vildi óska að nefndin tæki þetta atriði til íhugunar, og kæmi með tillögu þar að lútandi við 3. umræðu, ef málið kemst svo langt. Annars lái eg nefndinni ekkert, þótt hún vilji fella frumv., og eg er viss um að prestar og sjálfsagt fleiri vilja vera lausir við að sitja í sáttanefndum, ef frumvarpið nær fram að ganga. Starf sáttanefndanna verður þá mjög vandasamt, sérstaklega að því er til þess kemur, að skera úr því, hve nær taka skuli gagnkröfur til greina.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eg vildi aðeins gjöra örlitla athugasemd út af ummælum hins háttv. þm. Ísf. Hann sagði að sín reynsla væri sú, að það væri um réttmæti skuldanna, sem menn greindi á. Í sambandi við þetta vildi eg benda á, að sáttanefndir hafa ekki aðeins fullnaðarúrskurðarvald, þá er um viðurkendar skuldir er að ræða, heldur og þegar stefndi ekki mætir, og sáttanefndin ekki hefir ástæðu til að ætla, að hann hafi lögmæt forföll. Sáttanefndunum er því falið, að úrskurða af handahófi um skuldir, sem ekki eru viðurkendar. Eg vildi aðeins benda á, að þetta er eitt af mörgu, sem nefndin hefir að athuga við frumv. þetta.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. (198) samþ. með 7:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Ari Jónsson,
Steingr. Jónsson,	Eiríkur Briem,
Ágúst Flygenring,	Jósef Björnsson,
Gunnar Ólafsson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Hjörleifss.,	Lárus H. Bjarnason.
Sigurður Stefánsson,	
Stefán Stefánsson.	

2. gr. frumv. samþ. með 7:4 atkv.

3.—4. gr. frumv. samþ. með 7:4 atkv.

5.—11. gr. frv. samþ. með 7:4 atkv.

Fyrirsögn frv. samþ. með 7:4 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 7:4 atkv.

Þriðja umræða; 13. apríl. (A. 198).

Framsögum. (Jósef Björnsson): Að því er þetta mál snertir, þá hefir nefndin ekki séð ástæðu til að breyta afstöðu sinni frá því, sem fram kom við 2. umræðu. Hún hefir ekki við frekari íhugun getað séð, að hér væri um neina brýna nauðsyn að ræða, eða kannast við ágæti frumvarpsins. Ef frumv. í

þessa átt ætti að geta komið að notum, þá lítur nefndin svo á, að slíkt frumv. yrði að byggja á alt öðrum grundvelli en hér hefir verið gert. En nefndin hefir ekki álitið þörfina svo mikla, að hún vildi takast á hendur að semja nýtt frumv., og aðrir hafa heldur engar breytingar gert við frumvarpið. Eg skal taka það fram fyrir hönd nefndarinnar á ný, að hún álítur frumv. óþarft, og enda ranglátt, og leggur til að það verði felt.

Lárus H. Bjarnason: Þegar frv. var til 2. umr. hér á dögunum, var vitnað til norskra laga, og tilvitnunin höfð frumv. til meðmæla. Þessi tilvitnun var röng; annaðhvort hafði háttv. þm. ekki lesið lögin eða þá farið rangt með þau. Þar er sáttanefndum að vísu fengið úrskurðarvald í vissum málum, samkvæmt lögum 3. maí 1869, en þó má alt af skilyrðislaust skjóta úrskurði sáttanefnda til undirréttar, og það fyrir ekki neitt. Héraðsdómurunum er enda upp á lagt, að greiða sem mest fyrir þessum málum, og málsaðilar mega koma með öll mótmæli og sannanir, sem ekki hafa komið til greina fyrir sáttanefnd.

Úr frumv. því, er hér liggur fyrir, eru aftur á móti öll ákvæði pilluð, sem í norsku lögunum eru sett til að rétta hlut ákærða.

Hér á landi er heldur engin þörf á þessum lögum. Þau kunna að vera þörf í fólksríkari löndum, eins og Noregi, enda koma þau þar að nokkru leyti í stað sérstakra skuldadómstóla, sem enn eru til sumstaðar, og sérstaklega í stórbæjunum, eins og t. d. í Khöfn. Hér á landi er svo lítið um málaferli, einkum til sveita, eins og sjá má í skýrslu um gjörðir sáttanefnda. Reyndar vill svo óheppilega til, að hætt hefir verið að prenta þessar skýrslur; sú síðasta skýrslan var gefin út 1904 og var fyrir árið 1903. Í þeirri skýrslu sést, að 108 málum hefir verið vísað frá sáttanefndum í 21 héraði. Af þeim voru 27 í Reykjavík. Og meiri hlutinn af þessum 108 málum hefir líklega snúist um annað en skuldir, og sum mál, sem risu af skuldum, hafa vafalaust verið um stærri skuldir en hér er um ræða.

Mér vitanlega hafa heldur engar raddir komið frá þjóðinni um að semja svona lög, en þetta frumv. er samið, eins og eg tók fram við 1. umr., af nefnd, sem í sátu fjórir skuldheimtumenn.

Eg vil ennfremur benda háttv. þingdeildarmönnum á annað atriði í sambandi við þetta frumv., og það er það, að verði þetta gert að lögum, mundi það miklu fremur stuðla til þess að auka skuldasúpuna en þess að minka hana, því að kaupmenn mundu síður gæta hófs í útlánum, er vöndurinn lægi svo nærri, og þeir ættu svo hægt með að ná inn skuldum sínum.

Frumv. er heldur ekki í samræmi við gildandi lög. Nú má áfrýja málum til yfirréttar, sem nema 4 krónum, en eftir þessum lögum kæmust 50 kr. mál að jafnaði ekki einu sinni til undirréttar. Auk þess er dómurum nú heimilaður sex vikna frestur til að kveða upp dóma, en hér eiga ólögfróðir menn að úrskurða málin þegar í stað eða í síðasta lagi innan viku. Loks á steíndi, er ekki mætir í rétti, kost á að fá málið tekið upp aftur, ef hann fer þess á leit innan 14 daga, en hér á hann þess engan kost.

Að svo mæltu ræð eg til að fella frumvarpið.

Gunnar Ólafsson: Eg get ekki látið það vera að taka fram, að mér finst háttv. framsögum., og sérstaklega háttv. 5. kgk. þm., misskilja þetta frv. Hann gerði mikið úr að dómsvald yrði lagt í hendur ólögfróðra manna, en gætir ekki að því, að slíkt er ekki gert nema

málsaðilar samþykki, eða með öðrum orðum, að kærði játi skuldina á sig. Eg get því ekki séð, að sáttanefndum sé fengið í hendur vald, sem þær eigi geti vel farið með.

Háttv. þm. tók það líka fram, að þessi lög mundu auka skuldir manna. Þetta er misskilningur. En til þess gæti það orðið, að ýmsum gengi betur að fá lán í svipinn, þar sem innheimtan yrði greiðari og kostnaðarminni, og tel eg það mikilsvert. Lánstraust er hverjum manni nauðsynlegt, og þó einkum þeim, er eigi hafa nægt fé. Gætu nú þessi lög hjálpað að þessu leyti, þá eru þau til mikils gagns, þar sem það er kunnugt, að lánstraust manna þverr vegna óskilsemi, sem því miður á sér alt of víða stað. Nú er ekki hægt að lögsækja menn um litlar upphæðir, því málskostnaður er svo mikill. Þetta gerir öll viðskifti ótryggari, og því þarf að finna auðvelda leið til að menn geti náð rétti sínum í slíkum málum, náð inn réttmætum skuldum án mikillar fyrirhafnar og kostnaðar.

Eg skal svo ekki fjölyrða um þetta, en eg álít frumv. til mikilla bóta og mæli með að háttv. deild samþykki það.

Lárus H. Bjarnason: Mér er þetta mál ekkert kappsmál, því eg býst ekki við að það muni nokkurn tíma snerta mig persónulega. En eg skal geta þess í sambandi við það sem háttv. þm. V.-Sk. tók fram, að eftir frumv. geta sáttanefndir ekki að eins kveðið upp úrskurði, er báðir málsaðilar mæta, heldur einnig þó ekki mæti nema annar, og þeim er fenginn réttur til að gjöra skuldajöfnuð milli manna, eða réttur, sem lögfróðum mönnum þykir stundum full erfitt að fást við. Þm. sagði, að hann efaðist ekki um að eg skýrði rétt frá um þessi 108 mál, sem vísað hefði verið frá sáttanefndum 1903, en eg skal bæta því við, að minnugur maður hefir sagt mér, að 30 af þessum málum muni hafa verið meiðyrðamál milli tveggja ritstjóra.

Annars læt eg mig þetta mál litlu skifta; eg vil að eins ekki fá kaupmannastéttinni svo biturt vopn í hendur, sem henni er fengið með þessu frv. í sambandi við varnarþingslögin frá 1907. Það eru auðvitað margir heiðarlegir menn í þeirri stétt, t. d. háttv. þm. V.-Sk. sjálfur, sem líklega ekki mundu misbrúka þetta vopn, en það verður á hinn bóginn að gæta þess, að það er misjafn sauður í mörgu fé.

ATKV.GR.:

Frumvarpið felt með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ágúst Flygenring,	Steingr. Jónsson.
Gunnar Ólafsson,	Ari Jónsson,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifss.,	Jósef Björnsson,
Stefán Stefánsson.	Júlíus Havsteen,
	Lárus H. Bjarnason,
	Sigurður Stefánsson.

Æðsta umboðsstjórn Íslands.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903, og á 1. gr. í lögum um eftirlaun frá 4. marz 1904 og öðrum almennum ákvæðum þeirra laga, að því er tekur til embættis ráðherrans. (A. 242, 306); 1. umræða; 19. marz.

Lárus H. Bjarnason: Eins og kannske suma rekur minni til, hélt eg því fram á þingi 1902, og í Andvara árið eftir, að ráðherrann ætti ekki að hafa eftirlaun. En stjórnin tók það nú samt upp í stj.skr., svo að ekki er hægt að taka þau af nema með stjórnarskrárbreytingu. Hér er ekki farið fram á

að svifta ráðherrann eftirlaunum, að eins dregið úr þeim. Eg vildi helzt að hann hefði engin eftirlaun, og þá náttúrlega næst helzt, að þau væri sem lægst. Því er eg frumv. fylgjandi, en þó með breytingu. Frumv. ætlast ekki til að breyting verði á eftirlaunum ráðherrans, fyr en eftir að ráðherraskifti þau, er nú standa til, hafa farið fram. Það er ófær galli, enda líklega fremur til orðinn af vangá eða misskilningi heldur en hinu, að breytingin eigi ekki að koma niður á næsta ráðherra. Þessum galla legg eg til að bætt verði úr á þgskj. 242. En til þess að breyting þessi geti komist á nú við ráðherraskiftin, þyrfti að hraða frumv. svo gegn um þingið, að það gæti orðið staðfest um leið og ráðherraútnefningin færi fram. Það mætti takast með afbrigðum frá þingsköpunum. Málið gekk nefndarlaust gegn um Nd., og fyrst svo var, þá skilst mér, að það ætti einnig að fara nefndarlaust í gegn um þessa deild.

Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta meira, en vona að meiri hlutinn hér í deildinni greiði götu þessa meirihlutafrumvarps úr neðri deild. Eg geng út frá því, að flokkurinn flytji málið í alvöru, en ekki bara til að sýnast.

Sigurður Hjörleifsson: Mig furðar dálítið á því kappi, sem háttv. 5. kgk. þm. leggur á að þessi lög »bitni« á þeim ráðherra, sem væntanlega verður skipaður innan skamms. Eg skal ekki fjölyrða um málið, en það er þýðingarmikið mál, hvernig sem á það er litið. Mér þætti æskilegast að komast hjá því, að greiða meiri laun og meiri eftirlaun en þörf er á. En það verður að gæta að því, hvort hægt er að komast hjá því að greiða rífleg laun þessum embættismanni.

Eg vil benda háttv. 5. kgk. þm. á, að mikið ríður á að fá þá menn í ráðherrastöðu, sem geta fjárhagslega staðið sig við að taka við því embætti. Ef það er nokkur maður, sem á að fá eftirlaun, þá er það ráðherrann, maður sem verður að kasta stöðu sinni og verður svo steypt úr völdum eftir skamman tíma ef til vill.

Eg vil leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Ekki get eg sagt að mér sé mál þetta kappsmál. En úr því að meiri hlutinn fór að breyta til, óska eg þess eðlilega, að breytingin komist sem fyrst á. Og það ætti meiri hlutinn líka að gjöra, og enda fremur, því að án breytingar minnar er frumv. óréttlát ómynd. Gangi tillaga mín aftur á móti fram, kemur breytingin jafnt niður á ráðherrana sem hér eftir verða og mundi geta sparað landsjóði fé svo tugum þús. skiftir. Ráðherrann getur orðið að fara frá innan árs, en fær þó 3000 kr. eftirlaun á ári meðan hann lifir. Það gæti orðið dálagleg fúlga.

Það þarf enginn að óttast það, að við verðum ráðherralausir þó að eftirlaunin lækki. Það fá líklega heldur færri en vilja.

Auk þess getur fjárveitingarvaldið hækkað hin lögmæltu eftirlaun ef verðleikamaður ætti í hlut.

Steingrímur Jónsson: Eg er á sama máli og háttv. þm. Ak. um það, að aðalatriðið sé að fá sem bezta menn í ráðherrastöðuna, og því verði að búa að öllu leyti svo um hana, að efnahagur manna geti ekki verið því til fyrirstöðu, að þeir geti tekið á móti henni. Við vitum að efnahag okkar Íslendinga er þannig varið, að fæstir okkar mundu sjá sér fært að taka að sér eftirlaunalausa ráðherrastöðu. Þess vegna finst mér ráðherrastaðan vera það embætti, sem helzt ættu að fylgja eftirlaun. Þó öll önnur eftirlaun væru afnumin, væri rétt að ráðherraeftirlaunum væri haldið.

En hér skiljast vegir okkar. Eg álít

að þetta frumv. eigi ekki skilið að komast í nefnd, heldur eigi það að falla strax. Örfá embætti eru, í samanburði við vandann, ver launuð en ráðherraembættið. Ósanngjarnast og harðast er frumv. þó í garð þeirra, sem ekki hafa verið í embætti áður, þar sem þeim eru að eins ætluð 2000 kr. eftirlaun í jafn mörg ár og þeir hafa verið ráðherrar. Eg legg því til, að það verði felt strax. Á móti nefnd er eg líka af þeirri ástæðu, að eg álít, að eigi það fram að ganga, þá eigi líka að samþykkja það sem allra fyrst, svo að viðtakandi ráðherra geti borið það fram strax. Það væri ekki sæmandi fyrir háttv. meiri hluta, að fara að eins að búa til keyri á næsta ráðherra, en láta sinn ráðherra búa við núverandi launakjör.

Kristinn Daníelsson: Eg styð tillögu háttv. 5. kgk. um það, að málinu verði flýtt, en á annan hátt en hann vill. Eg vil sem sé, að það verði felt frá 2. umr. Eg lít nokkuð svipuðum augum á þetta mál, sem háttv. 4. kgk. þingm.

Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að ráðherraembættið ætti ekki að vera eftirsóknarvert vegna launanna og eftirlaunanna. En því síður á það að vera ginningarepli ríkismanna. Þjóðin á að geta vonað að fá í það sína allra færustu menn. En það er þegar farið að brydda á því, að það þyki alt annað en keppikefli. Það kann að vera að lyndiseinkunn okkar Íslendinga eigi nokkurn þátt í því, að menn fýsir ekki að taka að sér embættið. En hvernig sem því líður, er þegar sýnilegt, að það getur orðið erfitt að skipa stöðuna vel með þeim núverandi launakjörum. Og hvað mun þá, ef þau verða gerð harðari? Frumv. horfir því ekki til bóta, heldur til skaðræðis, og eg mun greiða atkvæði á móti því við 2. umr.

Eg skal benda á það, að gangi frumv. fram með breyt.till. háttv. 5. kgk. þm., þá liggur ekkert á að flýta því, því að þá næst tilgangur hans hvort sem er.

Sigurður Hjörleifsson: Eg er tveim síðustu ræðumönnum ekki sammála um það, að ekki sé ástæða til að skipa nefnd í málið. Báðir játuðu þeir, að það væri íhugunarvert, hvort kjör ráðherra væru svo góð sem þyrfti að vera, og því finst mér þeir ættu einmitt að vera því meðmæltir, að nefnd væri sett til að íhuga þetta frumv., einkum þar sem það nær ekki að eins til eftirlaunanna heldur og til launanna. Yfirleitt finst mér umræðurnar benda í þá átt, að ástæða sé til að kjósa nefnd, og vil eg því halda fast við þá tillögu.

ATKV.GR.:

Samþ. var að vísa frumv. til 2. umr. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem,	Steingr. Jónsson,
Gunnar Ólafsson,	Ágúst Flygenring,
Jens Pálsson,	Stefán Stefánsson.
Jósef Björnsson,	
Júlíus Havsteen,	
Lárus H. Bjarnsson,	
Sigurður Hjörleifss.,	
Sigurður Stefánsson.	

Málið var felt frá nefnd með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingr. Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Jósef Björnsson,
Sigurður Hjörleifss.,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Stefánsson.	Lárus H. Bjarnason,
	Stefán Stefánsson.

Önnur umræða; 23. marz (A. 242, 306).

Júlíus Havsteen: Eg kem ef til vill heldur seint með athugasemd mína

við þetta frumv., en hún getur þó komið að gagni enn. — Í frumv. stendur, að ráðherra skuli hafa eftirlaun, en að eins jafn mörg ár eins og hann hefir setið að völdum. Eg álít að eftirlaun eigi að vara meðan sá lifir, er eftirlaunaréttinn hefir, nema hann brjóti af sér réttinn. Og því væru þetta ekki eiginleg eftirlaun, er ráðherra hefði, heldur miklu fremur biðlaun.

Hér er naumast fylgt stjórnarskránni, og vil eg því skora á hæstv. forseta að vísa málinu frá. Eftir 26. gr. þingskapalaganna hefir hann fult vald til þess, þó að málið sé komið þetta á leið í deildinni.

Agúst Flygenring: Eg tek alveg í sama streng og háttv. 1. kgk þingm. enda hefir mér frá upphafi verið illa við þetta frumv. Það var ótækt í fyrstu og hefir ekkert batnað við breytingar neðri deildar. Og nú á enn að fara að krukka í það hér í deildinni. Því eins og það liggur fyrir gefur vonandi enginn atkvæði sitt með því.

Tilgangur frumv. er svo skammarlega ljótur, og blasir svo við hverjum manni, að eg þykist ekki þurfa að færa fram neinar frekari ástæður, en lýsi því yfir, að eg er alveg á móti slíkum óskapnaði sem þetta frumv er.

Lárus H. Bjarnason: Eg gat þess við 1. umr., að eg get ekki verið með frumv. eins og það er nú, og því hefi eg komið með breyt.till. á þgskj. 306.

Eg ætla ekki að fara að karpa um það við háttv. 1. kgk. þm., hvort skilningur hans á málinu er réttur. Það getur kannske verið nokkurt álitamál. En þó mun því naumast verða neitað, að hér sé um eftirlaun að ræða, enda þótt eftirlaunarétturinn sé tímabundinn. Og væri þá ekki um neitt stjórnarskrárbrot að ræða, og engin ástæða til að vísa málinu frá fyrir þær sakir.

Eg er samdóma háttv. 3. kgk. þm. um það, að frumv. er ekki vel fallið til þess að verða að lögum, eins og það er nú. En breyt.till. gerir það aðgengilegt fyrir alla, sem á annað borð eru fylgjandi þeirri hugsjón, að þetta embætti ætti að vera eftirlaunalaust eða sem eftirlaunalægst. Eg var á því máli þegar á þingi 1902; en þá var ekki hægt að koma því fram. — Þó að eftirlaunin verði ekki afmáð að sinni, þá er nú samt tækifæri til þess að lækka þau mjög, og það út af fyrir sig er góðra gjalda vert.

Jafnvel þeir menn, sem annars vilja halda eftirlaunum, geta vel verið á móti ráðherraeftirlaunum. Það er sérstaklega vafasamt um þetta embætti, hvort það sé holt að eftirlaunaréttur fylgi því. Embættið verður nóg keppikefli fyrir suma, þó að eigingjarnar hvatir séu ekki í og með, sem alls ekki er útilokað, á meðan ráðherra má búast við 3000 kr. eftirlaunum til æfiloka, jafnvel fyrir stutta embættisþjónustu. Eg tel víst að menn legðu þá minna kapp á að komast í stöðuna, ef eftirlaunin væru engin eða sama sem engin. Og væri skaðinn bættur.

Frumvarpið skerðir ekki rétt nokkurs manns, því að það skerðir ekki eftirlaunarétt þeirra, sem áður höfðu hann, en kemur að eins niður á þeim, sem engan eftirlaunarétt hafa.

Það er ómögulegt að samþykkja frv. eins og það liggur nú fyrir, sízt fyrir minnihlutamenn, meðal annars vegna þess, að það gæti þá ekki náð til þess manns, sem nú verður ráðherra, en kæmi fyrst niður á þeim, sem næstur honum kemur. Það gæti orðið til þess, að tryggja þessum nýja ráðherra lengri starfstíma en hann ef til vill ella myndi eiga, af því að sá sem næstur ætti að að koma veigraði sér við að taka við embættinu þegar hann vissi, að jafnmikil

eftirlauna lækkun biði hans. Eg vona að slíkt hafi ekki vakað fyrir meiri hlutanum. Og til þess að ráða bót á þessu misrétti, hefi eg komið fram með breyt.till. Annaðhvort er að láta lögin ná einnig til þessa nýja ráðherra eða lát alt setja við það sem nú er.

Lýk eg svo máli mínu, en atkvæðagreiðslan mun sýna, hverjum er það alvara að spara fé landsins á þennan hátt, og hverjum er það ekki alvara.

Sigurður Stefánsson: Eg hefi alt af litið svo á, að þetta frumv. væri töluvert athugavert og vildi því setja það í nefnd þegar við 1. umræðu. Og nú sé eg enn betur, að það er full þörf á nefnd í málinu, þegar háttv. 1. kgk. þm. álítur frumvarpið alls ekki frambærilegt. Hann tók það réttilega fram, að eftir því yrði ráðherra sá eini eftirlauna lausi embættismaður landsins, og það væri varla samrýmanlegt stjórnarskránni. — Eg er ekki ánægður með frumvarpið eins og það er, og ekki heldur eins og það verður með breytingartillögu háttv. 5. kgk. þm. — Fyrir því sýnist mér ástæða til þess, og legg það til, að setja nefnd í málið.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. deild áleit ekki ástæðu til að setja nefnd í málið, þegar það var hér síðast til umræðu. Og eg býst við að henni hafi ekki snúist hugur síðan, því að ekkert mælir með nefnd fremur nú en þá. — Forseti hefir þegar úrskurðað að frumv komi ekki í bága við stjórnarskrána. Hann úrskurðaði það við 1. umr. málsins með því að taka málið á dagskrá, og það er engin þörf á nýjum úrskurði um það atriði.

Háttv. deildarmenn hafa hugsað um málið síðan er það var til 1. umr., og því minni ástæða er til að setja það í nefnd nú. Það er nóg af stórmálum á þinginu og nóg af nefndarstörfum, þó að ekki sé verið að setja mál í nefndir að óþörfu. Nú er mjög orðið liðið á þingtímann og mörg mál koma úr nefndum bráðlega, svo að það verður nóg að gera, og því bezt að afgera þetta mál sem fyrst.

Eg vil ekki gera háttv. þm. Ísaf. neinar getsakir um tilgang hans með því, að fara nú að stinga upp á nefnd í þessu máli. En það hefir komið fyrir, að mál hafa sofnað í nefndum; og einhverjum kynni að detta í hug að tilgangurinn væri sá, að losna við að greiða atkvæði um málið. Þetta á ekki að vera nein aðdróttun frá minni hálfu, en svona mætti leggja það út.

Júlíus Havsteen: Eg skora á hæstv. forseta að meðhöndla þetta mál eftir 34. eða 26. gr. þingskapalaganna, og bið um úrskurð hans í þessu efni eða deildarinnar. Forseta gat yfirsést er hann tók málið á dagskrá í fyrstu, og það er enginn vafi á því, að það er löglegt að vísa máli frá deildinni, þó á þessu stigi sé; það er löglegt eftir 26. gr. þingskapal, ef ekki eftir 34. gr.

Kristinn Daníelsson: Eg vildi gera litla athugasemd um breytt. á þgskj. 306. Sú breytingartill. er, að mínu áliti, ekki löguð til að vera samþykt, hvað sem um frumvarpið sjálft verður. Mig furðar mjög að háttv. 5. kgk. þm. skuli koma fram með slíka tillögu, því að mér virðist hún koma í bága við þá stefnu, sem hann hefir áður haldið fram hér í deildinni og lagt mikla áherzlu á, að lög megi ekki verka aftur fyrir sig. En hér er einmitt gert ráð fyrir að þessi lög gildi fyrir sig fram, því að lögin eiga að ná til þess ráðherra, er nú verður skipaður, þrátt fyrir það að þau verða ekki að lögum fyr en eftir að hann er orðinn ráðherra. — Eg sé því ekki betur en að breyttill. brjóti í bág við þá stefnu, sem háttv. 5. kgk. þm. hefir haldið fast fram hingað til.

Það virðast ætla að verða mjög skift-

ar skoðanir um þetta frumvarp og því full ástæða að setja það í nefnd. En ef það verður ekki gert, vil eg stinga uppá, að málið verði tekið út af dagskrá svo að háttv. deildarm. fái betri tíma til að átta sig á málinu.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi biðja háttv. þm. V.-Ísf. að leggja ekki í vana sinn að finna þá fyrst að ræðum mínum, þegar eg er dauður.

Eg réði til þess við 1. umræðu, að hraða málinu svo, að frumv. gæti orðið samferða þeim manni út, er nú verður skipaður ráðherra. En það varð ekki, og því verður að taka þessa aðferðina. Lögin verka ekki aftur fyrir sig fyrir því.

Eg er ekki samdóma háttv. 1. kgk. þm. um það, að hér sé um nokkurt stjórnarskrárbrot að ræða, né heldur það, að rétt sé að taka málið út af dagskrá. — Forseti hefði vísað frumv. frá undir eins og það kom fram, ef hann hefði álitið það koma í bága við stjórnarskrána; og með því að hann gerði það ekki, þá er þar með úrskurður fallinn um það atriði. Og sá úrskurður er vafalaust réttur, því 1. gr. frumv. segir að ráðherra skuli hafa »eftirlaun«; og þó að þau séu tímabundin, kemur það ekkert í bág við stjórnarskrána, því að hún segir hvergi að eftirlaunin skuli haldast alla ævi. — Sá skilningur frumv. sjálfs, að þetta séu eftirlaun, verður því væntanlega að ráða.

Steingrímur Jónsson: Við 1. umræðu lýsti eg því yfir, að eg væri frumvarpi þessu algjörlega mótfallinn. Eg var á móti því að nefnd væri skipuð í málið, og afstaða mín til málsins er öldungis óbreytt. Eg mun greiða atkvæði mitt á móti því að frumvarpið gangi til 3. umræðu, en aftur mun eg greiða atkvæði með breytingartillögunni á þingskjali 306, til vonar og vara, ef frumvarpið skyldi verða samþykt gegn mínu atkvæði.

Þetta er ósanngjarnt mál, en yrði þó enn ósanngjarnara, ef meiri hlutinn notaði það sem hegningu á mótflokkinn. Eg fæ ekki séð, að nokkur meiri hluta maður geti greitt atkvæði á móti þessari breytingartillögu, og það væri bein vanvirða fyrir þingið, ef hún félli, en málið að öðru leyti næði fram að ganga. Háttv. þm. V.-Ísf. hélt því fram, að afleiðingin af samþykt breytingartillögu þessarar yrði, að lögin verkuðu fram fyrir sig. En svo er í raun og veru ekki. Lögin taka ekki til þeirra manna, er eftirlaunarétt hafa eftir öðrum lögum. Lögin snerta að eins þá menn, sem ekki hafa verið embættismenn með eftirlaunarétti áður en þeir urðu ráðherrar. Eftirlaunaréttur þeirra manna verður í raun og veru ekki til fyr en með konungsúrskurði, sem gefinn er eftir að þeir hafa verið leystir frá embætti. Lögin fyrirmuna að eins að gefa slíka konungsúrskurði, og verka því alls ekki fyrir sig fram, þótt þau öðlist gildi frá ráðherraskiftum þeim, er í hönd fara. Að eins vildi eg bæta því við, að þótt eg greiði atkvæði með breytingartillögunni, þá geri eg það ekki af því að eg sé frumvarpinu fylgjandi.

Ari Jónsson: Mín skoðun er sú, að frumvarp þetta sé eigi svo stórkostlega athugavert. Eg álít að það geti alls eigi komið til mála, að það komi í bága við stjórnarskrána. Eg kynni þess vegna bezt við að málið gengi vanaleið, en þar sem undirtektirnar hér í deildinni hafa verið dálítið undarlegar, — allir hafa fundið frumvarpið athugavert; en menn greinir mjög á um það, hvað það sé, sem athugavert er, — þá álít eg sjálfsagt að skipa nefnd í málið. Það er ekki óliklegt, að ýms-

ir þeirra mannna, er mótfallnir hafa verið nefnd, séu nú komnir að annari niðurstöðu, eftir að hafa heyrt, hve skiftar skoðanir manna hafa verið við umræðurnar hér í dag. Það verða menn líka að játa, að mál þetta er þýðingarmeira, en ýms önnur mál, er sett hafa verið í nefnd hér í deildinni. Eg legg því til, að skipuð sé nefnd í málið nú, og ef það verður ekki gjört, þá mundi vera hyggilegast að málið yrði tekið út af dagskrá.

Jósef Björnsson: Eg var einn af þeim, sem við 1. umræðu greiddi atkvæði á móti því, að nefnd væri sett í málið. Þá greiddi eg atkvæði á móti nefndarskipun af þeirri ástæðu, að ef málið ætti að koma til framkvæmda, þá ætti það helzt að gera það strax. Min skoðun er sú, að öll eftirlaun beri að afnema. Eg lít og svo á, að ef málinu hefði þá verið hraðað, svo sem hægt var, þá hefði ekki þurft að brjóta það »princip«, að lög skuli ekki verka aftur fyrir sig, þótt lögin hefðu verið látin öðlast gildi við þessi ráðherraskifti. En nú er málið komið í það horf, að eg álít að lögin geti ekki náð takmarki þessu, nema með því að verka aftur fyrir sig, því takmarki að öðlast gildi þegar við þessi ráðherraskifti, eins og br.till. á þingskj. 306 fer fram á, en það býst eg við að háttv. deild muni ekki vilja að þessi lög gjöri öðrum lögum fremur, því þá væri hún ekki sjálfri sér samkvæm.

Enn fremur er málið ef til vill ekki nægilega athugað, einkum þegar þess er gætt, að það er slitið út úr eftirlaunalöggjöfinni í heild sinni. Nú er eg því ekki á móti því að setja nefnd í málið, það er vel þess vert að vera athugað, en getur hins vegar ekki tapað neinu úr þessu við töfina.

Héðan af getur það ekki orðið afgreitt frá þinginu, fyr en eftir að hinn nýi ráðherra er skipaður, og hvort hann ber það fram nokkru fyr eða síðar, skiftir engu úr því sem komið er.

Júlíus Havsteen: Mér virtist háttv. 5. kgk. þm. leggja áherzlu á það, að eg kæmi of seint með athugasemd mína, en því verð eg að neita. Í 34. gr. þingskapanna segir svo, að krafan um frávísun skuli koma fram, áður en nokkur annar en flutningsmaður hefir talað, en að þessu frumv. er enginn flutningsmaður hér í deildinni; það er hingað komið frá háttv. neðri deild. Og samkvæt 26. gr. má vísa máli frá á hvaða stigi sem er. Eg skýt því undir úrskurð forseta, hvort hann ekki vilji þegar taka málið út af dagskrá, þar sem það fari í bága við stjórnarskipunarlögin.

Forseti (J. P.): Eg álít að mál þetta komi ekki í bága við 2. gr. stjórnarskrárinnar, og álít að forseti hafi þegar kveðið upp úrskurð í málinu með því að taka það á dagskrá, og þeim úrskurði vil eg ekki breyta.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi gjarnan spyrja, hvort forseti hafi ekki þegar kveðið upp úrskurð. Og ef svo er, þá er eg þess fullviss, að háttv. 1. kgk. þm. sættir sig við þann úrskurð.

Forseti (J. P.): Eg hefi þegar úrskurðað, að frumvarp þetta fari ekki í bága við stjórnarskipunarlögin.

Lárus H. Bjarnason: Þegar forseti ekki tekur málið út af dagskrá, er ekki hægt að gera það nema með »voteringu« í deildinni, en það hefir engin tillaga komið fram um það efni.

Forseti (J. P.): Eg tel rétt að nefnd sé skipuð í málið og umræðunni frestað.

ATKV.GR.:

Tillaga um nefndarkosning feld með 6:6 atkvæðum að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingrímur Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem.
Jósef Björnsson,	Júlíus Havsteen,
Sigurður Hjörleifss.,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Stefánsson.	Stef.Stefánss., 6.kgk.,

Forseti (J. P.) tók þá málið út af dagskrá eftir ósk tveggja þingmanna, og lýsti yfir, að 2. umræðu væri frestað.

Framhald annarar umræðu; 27. apríl. (A. 242; 306).

Júlíus Havsteen: Eg hafði gert mér von um, að þetta mál mundi ekki koma til umræðu aftur í deildinni eftir að það var tekið út af dagskrá fyrir alllöngum tíma, á meðan hæstv. forseti var fjarverandi. Við fyrstu umræðu hafði það eigi verið aðgætt, að frumv. kom í bága við stjórnarskrána. Eg leiddi við 2. umræðu athygli hinnar háttv. deildar að þessu, en úrskurður hins hæstv. millibilsforseta féll á þá leið, að mótmæli mín væru of seint fram komin. Nú á þó að gjöra út um frumvarpið að því leyti er efnið snertir, og þar sem það er svo, sem eg hefi vikið að, er ekki annað fyrir en fella frumvarpið. Slíkt frumvarp sem þetta, má ekki fara frá deildinni.

Kristinn Daníelsson: Hvað sem líður ástæðum háttv. 1. kgk. þm., þá virðist mér frumvarp þetta ótímabært, og fyndist mér réttast að láta bíða þess tíma, að eftirlaunalögin yrðu endurskoðuð. Eins og nú stendur á, hugsa eg helzt að háttv. 5. kgk. þm. taki breyt.till. sína aftur. — Það liggur í augum uppi, að máli þessu liggur ekki á; eg vil því leyfa mér að styðja tillögu háttv. 1. kgk., þm. um málið.

Lárus H. Bjarnason: Eg kann háttv. þm. V.-Ísf. engar þakkir fyrir það, sem hann er að gera mér upp, að eg muni taka breytingartillöguna aftur. Það nær engri átt, að hér sé að ræða um brot á stjórnarskránni, eins og háttv. 1. kgk. þm. heldur fram, enda er fram kominn beinn úrskurður forseta fyrir því, að svo er ekki.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (360) feld með 8:2 atkv.

1. gr. frumv. feld með 8:2 atkv.

Frumvarpið þá sjálf-fallið.

Almenn viðskiftalög.

FRUMVARP til almennra viðskiftalaga (A. 449). 1. umræða; 16. apríl.

Agúst Flygenring: Eins og háttv. deildarmenn sjá, er frumv. þetta stór lagabálkur og þýðingarmikill. Þýðingarmikill af því, að hann lögfestir ýmsar venjur, er tíðkast í viðskiftalífi okkar, og fer enda lengra, og jafnvel lengra en þörf er á, því hann lögfestir ýmsar venjur, sem ekki tíðkast í viðskiftalífi okkar, en sem hafa verið notaðar annarsstaðar á Norðurlöndum. Kemur það af því, að frumv. þetta er þýðing á viðskiftalögum, er samin voru af nefnd, er í sátu fulltrúar fyrir Svía, Norðmenn og Dani, en vér áttum þar engan fulltrúa.

Eg hefi kynt mér »diskussion«, er fram fór um lög þessi í Kaupmannahöfn í vetur og tóku þátt í henni ekki aðeins verzlunarfróðir menn, heldur líka lögfræðingar, og luku allir upp um það einum munni, að lögin væru vel og skipulega samin.

En neðri deild hefir litla rækt lagt við frumv. þetta; það gekk í gegnum þá deild nefndarlaust, breytingalaust og því nær umræðulaust. Mundi eg telja það mjög illa farið, ef jafn merkilegt frumv. sem þetta lagfrumv. yrði látið mæta sömu meðferð hér, enda vona eg

að svo verði ekki, og vildi eg því leyfa mér að stinga upp á, að 5 manna nefnd verði kosin í málið, þegar þessari umræðu er lokið.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umræðu með 12 samhljóða atkvæðum.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd, og voru kosnir í nefndina:
Ari Jónsson,
Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring,
Lárus H. Bjarnason,
Stefán Stefánsson.

Skálholt.

FRUMVARP til laga um að landsjóður kaupi hið forna biskupssetur, jörðina Skálholt í Biskupstungum. (A. 498). 1. umræða; 20. apríl.

Lárus H. Bjarnason: Eg bjóst við að einhver af háttv. meirihlutamönnum mundi stinga upp á nefnd í þetta mál. En fyrst svo er ekki, leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd að umræðunni lokinni.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2. umræðu með 11 samhlj. atkv.

Samþ. með 7:6 atkv. að kjósa 3 manna nefnd í málið; var viðhaft nafnakall, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingrímur Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ari Jónsson,	Gunnar Ólafsson,
Ágúst Flygenring,	Jens Pálsson,
Eiríkur Briem,	Jósef Björnsson,
Júlíus Havsteen,	Sigurður Hjörleifss.,
Lárus H. Bjarnason,	Sigurður Stefánsson.
Stefán Stefánsson.	

Í nefndina voru kosnir:
Ari Jónsson,
Jens Pálsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umræða; 1. maí. (A. 498; 682).

Framsögumaður (Ari Jónsson): Það er viðvíkjandi mjög stuttorðu nefndaráliti, sem eg vildi segja nokkur orð. Tilgangurinn með þessu frumvarpi um að veita landstjórninni heimild til að kaupa Skálholt, er sá, að koma í veg fyrir það, að þessi fornmenjaríki staður komist í hendur útlendinga eða einstakra manna, og fornmenjarnar eyðileggist. Ástæðan til þess að nefnd var kosin í málið, var ekki sú, að menn væru ósammála um aðalatriðið, heldur sú, að réttara þótti að rannsaka, hvort eigendur jarðarinnar fengjust eigi til að tilnefna neitt ákveðið verð, svo hægt væri að setja inn í frumvarpið eitthvert ákveðið verð, sem stjórninni væri heimilt að kaupa jörðina fyrir. En það var ekki hægt, og þykir nefndinni það miður farið. Þó álítum vér rétt að samþykkja frumv. samt sem áður, því að við álítum stjórninni treystandi til að kaupa jörðina ekki fyrir neitt geypiverð.

ATKV.GR.:
1. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.
2. gr. sþ. með 8 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvæðagr.
Málinu vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkvæðum.

Þriðja umræða; 3. maí. (A. 498; 712).

Framsögumaður (Ari Jónsson): Eg ætla aðeins að segja nokkur orð viðvíkjandi breyt.till. á þingskjali 712.

Nefndinni þótti hyggilegra, þótt eigi hafi verið hægt að fá neitt ákveðið til-

boð frá eigendum jarðarinnar, að ákveða einhverja upphæð, sem gefa mætti fyrir jörðina í hæzta lagi. Eftir lauslegri áætlun þótti okkur 12 þús. kr. vera hæfilegt hámark, og vildum heldur ákveða það svo, en að hafa verðið alveg óbundið.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (712). samþ. með 7:2 atkv.

Frumv. þannig breytt samþ. með 9 atkv. gegn 3 og sendist aftur forseta neðri deildar.

Ein umræða; 7. maí. (A. 744).

Framsögumaður (Ari Jónsson): Jafnframt því, sem eg biðst afsökunar á því fyrir nefndarinnar hönd, að ekkert nefndarálit hefir komið fram við þessa umræðu, skal eg lýsa því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir orðið ásátt um að ráða hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumv. óbreytt, enda þótt kipt hafi verið burt úr því skilyrðinu um hámark kaupverðsins. En væri farið að breyta frumv. nú á ný, þá yrði girt fyrir að frumvarpið yrði afgreitt frá þessu þingi.

Lárus H. Bjarnason: Það má segja um frumv. þetta, að ill hafi verið þess fyrsta ganga, en hálfu verri verður þó önnur ganga þess, þar sem landstjórnin nú á að geta keypt jörðina fyrir hvaða verð, sem seljandi setur á hana, og vona eg að þessi athugasemd nægi til þess, að frumv. fari ekki lengra.

Sigurður Stefánsson: Eg vil taka undir með háttv. 5. kgk. þm. og bæta því einu við, að ábúandinn gæti keypt jörðina strax aftur af landinu fyrir sömu upphæð samkvæmt þjóðjarðasölulögunum.

Kristinn Daníelsson: Mér finst ekki breyting Nd. nægileg til þess að fella frumv., en það má auðvitað deila um það, hvort rétt hafi verið að setja slíkt hámark inn í frumvarpið. Eg vil heldur láta samþykkja frumv., því mér sýnist það gott og þjóðlegt. Eg mun því greiða atkvæði með því.

ATKV.GR.:

Frumv. felt með 8:4 atkv.

Eiðar og drengskaparorð.

FRUMVARP til laga um eiða og drengskaparorð (A. 488); 1. umræða; 20. apríl.

Lárus H. Bjarnason: Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd í málið að umræðunni lokinni.

ATKV.GR.:

Samþ. með 11 samhlj. atkv. að frumv. gangi til 2. umræðu, og að kjósa nefnd í málið, og voru þessir kosnir:

Gunnar Ólafsson,
Kristinn Daníelsson,
Lárus H. Bjarnason.

Önnur umræða; 3. maí. (A. 488; 696).

Framsögum. (Kristinn Daníelsson): Það hefir gleymst nefndinni að kjósa sér framsögumann, en það dæmist venjulega á skrifara og því tek eg til máls. Eg get látið mér nægja að mestu að vísa til nefndarálitsins, sem eg vona að sé stuttort og gagnort, og lýsir skoðun nefndarinnar á málinu í fám orðum.

Að vísu er ef til vill æskilegt að breyta eiðstaf þeim, sem nú er notaður. En það ber þó enga brýna nauðsyn til þess að svo stöddu, og sízt er ástæða til að breyta honum í það horf, sem frv. fer fram á. Sérstaklega er það orðalagið, sem við álítum óheppilegt. Þó að málið á eiðstafnum eftir frumv. sé gott og hljómfagurt, þá er orðalagið eftir nútíðar málvenju ekki lagað til að varðveita þá alvöru, sem eiðsathöfninni verður

að fylgja. Orðalagið má með engu móti vera þannig, að það geti gefið tilefni til kýmni; það verður að vera látlaust og blátt áfram.

Nefndin áleit hins vegar ekki, að neina nauðsyn bæri til breytinga á eiðnum. Um það bygðum við meðal annars á áliti háttv. 5. kgk. þm., sem er einn nefndarmanna, og hefir farið með eiðstafinn sem yfirvald, og álitur vel við hann unandi.

Það getur vel verið, að ástæða væri til að gera ýmsar breytingar á réttarfarinu, og væri þá líklega ástæða til að taka þetta atriði til yfirvegunar um leið. En að svo stöddu sjáum við enga þörf fyrir breytingar að þessu leyti og leggjum til að frumv. verði felt.

ATKV.GR.:

1. gr. feld með 8:4 atkv.
2. — — — 8:4 —
3. — — — 8:4 —

Frumv. sjálft þar með fallið.

Sala kirkjujarða.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóvbr. 1907. (A. 505). 1. umræða; 21. apríl.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 10:1 atkv.

Önnur umræða; 23. apríl (A. 505).

Kristinn Daníelsson: Eg vildi að eins leggja það til, að þetta frumv. verði felt. Mér finst það koma illa við, að fara að selja hjáleigur frá prestssetrum með ekki nákvæmari skorðum, en settar eru í þessu frumv. Það var nógu langt gengið með lögunum um sölu kirkjujarða frá síðasta þingi, þó að ekki sé bætt við heimild til að selja hjáleigur prestsetra. Það þyrfti þá að minsta kosti að undantaka þær hjáleigur, sem liggja alveg inni á prestsetursjörðinni, eins og víða á sér stað.

Hvað meint er með orðunum »sérstakt býli« er óljóst. Það má kalla allar hjáleigur sérstakt býli. Það þyrfti að minsta kosti að taka það skýrt fram, að átt væri við þau býli ein, sem eru metin til dýrleika sérstaklega. Hitt á sér víða stað, að hjáleigur eru metnar með allri staðareigninni, og væri ófært að selja slíkar hjáleigur. — Mér finst frumv. ekki vera hæft til þess að verða að lögum eins og það nú er, og vil leggja til, að það verði felt.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi verið spurður um það, hvort kirkjumálanefndin hefði ætlast til þess, að hjáleigur yrði seldar út af fyrir sig. Eg þykist geta svarað því, að nefndin mun hafa ætlast til að stjórnin hefði heimild til að selja þær hjáleigur, sem væru sérstök býli, en stjórnin hefir neitað um sölu í slíkum tilfellum, fyrir þá sök að hún hefði ekki heimild til þess. Þess vegna er þetta frumv. fram komið. Hættan er engin, hvernig sem á málið er litið, því að hér er að eins um *heimild* til sölu að ræða, og stjórnin getur alt af neitað um söluna, ef ástæða er til. Það er því alveg óhætt að samþykkja frumvarpið, og full ástæða til þess, úr því stjóruin hefir ekki álitið sig hafa nægilega heimild til slíkrar sölu eftir lögunum um sölu kirkjujarða.

Kristinn Daníelsson: Háttv. 5. kgk. þm. tók fram, að þetta væru að eins heimildarlög, en eg hygg þó, að svo beri að líta á, sem svo sé til ætlast, að lögunum sé fram fylgt í öllum venjulegum tilfellum; og eg býst við að það verði undir hælinn lagt, hvernig stjórnin lítur á í hverju einstöku tilfelli. En eg hefði búist við að háttv. 5. kgk. þm. hefði að einhverju leyti hrakið mitt mál, en það hefir hann í engu atriði gert; eg segi því enn það sama sem eg

sagði áðan, að eftir þessum lögum er hægt að skerða heildarlegar og samfeldar jarðeignir. Eg held því fastlega við það, að bezt sé að samþykkja frumv. ekki.

ATKV.GR.:

Frumv. var felt með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ari Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem,	Steingr. Jónsson,
Gunnar Ólafsson,	Ágúst Flygenring,
Jósef Björnsson,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Júlíus Havsteen,
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

Hæstiréttur.

FRUMVARP til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi (A. 560); 1. umræða; 26. apríl.

Lárus H. Bjarnason: Það er mjög ánægjulegt að sjá, að þetta frumv. er komið fram hér á þingi, því að eg þykist vita, að það sé flutt í alvöru og með von um framgang. Það er borið fram af háttv. meiri hluta, og eg veit ekki til að hæstv. ráðherra hafi amast við því; maður verður því að álíta, að hann hafi fengið von um framgang þess. Eg hefi ávalt skoðað þetta mál eitt af lífsskilyrðum hinnar íslenzku þjóðar, og þó eg hefði reyndar fremur óskað að geta samþykt það í öðru frumvarpi, þá vil eg, úr því þess er ekki kostur, leggja eindregið með því að það sé samþykt í þessu frumvarpi. Að setja nefnd í málið væri að stytta því stundir, þar eð tíminn er svo naumur, og því vil eg leggja til, að það verði látið ganga nefndarlaust gegn um deildina. Reyndar eru atriði í frumvarpinu, sem eg hefði viljað breyta; t. d. er mér engin launung á því, að eg álít laun dómstjóra of lág samkvæmt frumvarpinu, þau mega ekki minni vera en 6000 kr. En ef við á annað borð fáum dóminn hingað, þá getum við breytt fyrirkomulagi hans eftir vild, og því má vel samþykkja þetta frumvarp eins og það er. Eg vil því mæla eindregið með því, að það verði látið ganga nefndarlaust til 2. umr.

Sigurður Stefánsson: Eg skal taka það fram fyrir hönd meiri hlutans, að þetta mál er ekki í minsta máta flokksmál; það er að eins borið fram af einum manni í flokknum. En mín afstaða í þessu máli er sú sama sem í háskólamálinu, að eg er hugmyndinni hlyntur, en álít tímann ekki heppilegan til að framkvæma hana, meðal annars af því, að slík breyting á dómaskipun landsins mundi hafa töluverð aukin útgjöld í för með sér. Auk þess veit eg ekki, hvort þetta er svo nauðsynlegt; það er æði sjaldan, að mál fara til hæstaréttar. En þó þykist eg vita, að Ed. muni vilja sýna þessu máli þá virðingu, sem öllum stórmálum er sýnd, að setja það í nefnd, og vil eg gera það að tillögu minni, að svo verði gert að loknum umræðum.

Lárus H. Bjarnason: Nú höggur sá, er hlífa skyldi, sjálfur »sjálfstæðismaðurinn«, háttv. þm. Ísfirðinga Ætti nokkurt mál að vera áhugamál þeim mönnum, sem vilja kalla sig »sjálfstæðismenn«, þá ætti þetta að vera það, þetta mál, sem er eitt af aðalmáttarstoðunum í því máli, sem menn hafa skýrt sjálfstæðismálið.

Meðan æðsta dómsvald í málum okkar er utanlands, höfum við í rauninni lítið vald heima fyrir, því alstaðar þar, sem ágreiningur rís, sker dómsvaldið úr. Eg vona að aðrir meiri hluta menn hér í deildinni sýni sig tryggari við sjálfstæðishugmyndina en þm. Ísfirðinga.

Það getur ekki komið til mála, að varhugavert sé að samþykkja stofnun

hæstaréttar vegna þeirra auknu útgjalda, sem það mundi hafa í för með sér. Hvernig getur nokkurt land, sem vill vera sérstakt ríki, verið þekt fyrir að segjast ekki hafa efni á að kosta dómstóla sína. Auk þess er hér um mjög óverulega útgjaldahækkun að ræða, þar sem að eins er gert ráð fyrir að tveim dómendum sé bætt við í yfirréttinn.

Að málum, sem fara til hæstaréttar, hafi fækkað, hefi eg ekki tekið eftir; eg skil ekki, hvaðan háttv. þm. hefir það.

Eg hefi alt af álitið þetta mál eitt af lífsspursmálum þjóðarinnar, og lít svo á enn. Eg hreyfði því á fundi alþingismanna og ríkisþingsmanna 1906 og hafði þó þá enga sérstaka ástæðu til að halda í með yfirréttinum. Og eins og eg sagði áðan, þykist eg vita, að hæstv. ráðherra hafi von um að koma því fram, úr því hann hefir ekki mælt á móti því. Eg vona því, að ekki heyrist fleiri raddir um að setja það í nefnd, því að það væri sannarlega sama sem að drepa það, svo mjög sem nú er áliðið þingtimans.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Felt var að kjósa nefnd í málið með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingrímur Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Jens Pálsson,	Eiríkur Briem,
Sigurður Hjörleifss.,	Gunnar Ólafsson,
Sigurður Stefánsson.	Jósef Björnsson,
	Júlíus Havsteen,
	Lárus H. Bjarnason,
	Stefán Stefánsson.

Önnur umræða; 28. apríl (A 560).

Gunnar Ólafsson: Eg greiddi atkvæði á móti því, að nefnd yrði skipuð í þetta mál við 1. umr. En nú skal eg leyfa mér að stinga upp á því, að þessari umræðu verði frestað og kosin 5 manna nefnd til að íhuga málið.

Eg hafði ekki átt kost á að kynna mér þetta frumv. nógu vel á undan 1. umr., en eg hefi síðar séð, að staðhæfingar háttv. 5. kgk. þm. um það, að óþarfi væri að íhuga þetta mál í nefnd, hafi ekki verið réttar, og var það að vonum, að hann yrði viðsjáll í þessu máli.

Það er ýmislegt athugavert við frumv., t. d. að áfrýjun er bundin við 100 kr., stefnufrestur er settur of stuttur o. s. frv. Þess vegna leyfi eg mér, eins og eg tók fram áðan, að stinga upp á að umræðu verði frestað og kosin 5 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Eg bjóst sízt við, að háttv. meiri hluti mundi fara svona með háttv. þm. V.-Sk. — Eg bjóst auðvitað við ýmsu af háttv. þm. sjálfum, — en að láta hann, sem greiddi atkv. með nafnakalli á móti nefndarkosningu við síðustu umr., nú flytja slíka till., það sýnist mér helzt varða við vissa gr. í hegningarlögunum, þar sem lögð er refsing við illri meðferð á (já — greindur nærri getur).

Nú er það komið í ljós, að meiri hl. ætlar sér að drepa þetta frumv. Það er honum samboðið, að hann ætlar líklega á einum og sama degi að drepa 4 stærstu mál þjóðarinnar: hæstaréttarmálið, sambandsmálið, háskólamálið og landsbankann.

ATKV.GR.:

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd í málið, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingrímur Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jósef Björnsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Hjörleifss.,	Stefán Stefánsson.
Sigurður Stefánsson.	

Í nefndina voru kosnir:
Ari Jónsson,
Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Júlíus Havsteen.
Lárus H. Bjarnason.
Annari umr. þar með frestað.

Hlutabréf Íslandsbanka.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landsjóð til að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka og til að gefa út landsjóðsskuldabréf (A 642); 1. umr.; 30. apríl.

Agúst Flygenring: Þegar þetta frumvarp var fyrst lagt fyrir þingið var eg í efa um hvernig eg ætti að taka því. Eg leit svo á að með því að gefa út ný vaxtabréf fyrir 2 milj. kr. væri helst til mikið sett á markaðinn, sem landsjóður hefði ábyrgð á. Og meðan þau voru óseld var líka óvíst um það verð, sem þau yrðu seld fyrir; en nú hefir að vísu fréttst að þau séu þegar seld og það með góðu verði.

Hér er farið fram á, að landsjóður kaupi fyrir 2 miljónir kr. hlutabréf í Íslands banka og endurborgi lánið með jöfnum afborgunum á 50 árum. Með því móti tekur landsjóður mikinn þátt í stjórn bankans og hefir þá ætíð yfirhöndina þar; þessu hefir einmitt verið sóttst eftir og að því fundið, að yfirráðin yfir þessum banka væru í höndum útlendra manna og landið gæti ekki notið eins góðs af honum og vera ætti, sakir þess, að það ætti ekki hlut í bankanum. Þessi agnúi hyrfi því og landið gæti hagnýtt sér bankann á bezta hátt.

Eg sé heldur ekki betur en, að svo framarlega sem atvinnuvegir landsins eiga skilið að fá lán, og flestir munu játa að þá beri að styrkja, þá sé eðlileg afleiðing af því, að nauðsynlegt sé að efla bankana, því eins og kunnugt er, er um þessar mundir mikil eftirsókn eftir peningum og mörg þarfleg fyrirtæki, sem fyllilega ættu rétt á sér, verða að sitja á hakanum, vegna þess að fé er ekki til.

Næsta spurningin sem hér verður að gera er sú, hvort þetta verði beinn gróði fyrir landsjóð eða ekki; skuldabréfin eiga að vera arðberandi með $4^1/_2$ og þess utan á að gefa á milli 60,000 kr. En engin getur sagt hvað þessi bréf gefa af sér á næstu 50 árum, því það er undir hag landsmanna komið. Ef bréfin ættu fyrir sér það sem menn vona, þá hlýtur bankinn að geta gefið af sér svo mikla vexti að þessi kaup borgi sig. Síðustu ár hefir Íslands banki gefið af sér $6\ ^1/_2\ ^0/_0$ sem má teljast að séu háir vextir, og þó hann ekki gæfi af sér nema $6\ ^0/_0$ á næstu 50 árum, þá væri það fullgóður arður, þó munurinn nemi þá um helmingi af þeim afborgunum, sem eiga að borgast á þessum 50 árum. Og þó landsjóður hefði ekki beinan hagnað af þessu, þá fengi þó landið yfirtökin í stjórn bankans og með því er bankinn orðin innlend stofnun og þess hefir alt af verið óskað, eins og áður er tekið fram. En mest er þó um vert að hægt sé að útvega peninga til þess að lána út, þegar þarfleg fyrirtæki eiga hlut að máli, og það er auðséð að með því að setja landsjóðsskuldabréf fyrir 2. milj. kr. er bætt úr sárustu þörfinni í bráð að minsta kosti. Eg veit auðvitað ekki um sölu þessara bréfa, en þó hefir mér verið sagt að þau séu seljanleg með góðu verði, $98\ ^0/_0$; og Íslandsbanki er fús á að taka þau upp í hlutabréfin. Þessi kaup ættu því að vera hagur fyrir landsmenn, og á það er mest að líta, því nú ríður á að geta haldið fjárhagslegum málefnum landsins og landsmanna á réttum kili, þangað til komið er yfir þá fjárþröng, sem nú stendur yfir. Og ef nefnd verð-

ur skipuð í málið, þá eru það tilmæli mín til þeirrar nefndar að hún athugi málið sem allra best.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu í einu hljóði.

Samþykt með 11 samhljóða atkv. að kjósa 5 manna nefnd.

Kosnir voru í nefndina:

Jens Pálsson,
Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Eiríkur Briem.
Lárus H. Bjarnason.

Önnur umræða (A 642; 733); 7. maí.

Framsögum. (Jósef Björnsson): Eg vil fyrst og fremst leyfa mér að geta þess, að nefnd sú, sem í þettað mál var skipuð, hefir haft mjög svo takmarkaðan tíma til íhugunar og ályktunar um málið. Og skal eg því játa, að nefndarálitið er hvergi nærri svo, sem við hefðum á kosið. Þó höfum við ekki gengið fram hjá neinum af aðalatriðunum.

Það sem fyrst og næst liggur er að mínum dómi: Hver er aðaltilgangur frumvarpsins? — Nefndinni virðist hann vera tvennur: 1) sá, *að* með þessu frv. sé ætlast til að greitt sé úr peningavandræðum þeim, sem átt hafa sér stað nú um hríð í landinu, — 2) sá, *að* landsmenn fái umráð yfir Íslandsbanka. Þessi tvö atriði finst nefndinni vera tilgangur frumvarpsins.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá höfum við, eins og nefndarálitið ber með sér, ekki fengið fulla ástæðu til að ætla, að ef þessi kaup færi fram, þá mundi það, svo að til neinnar hlítar væri, bæta úr peningaþörfinni. Ástæðan er sú, að nefndin lítur svo á, að eins og 1907, þegar leyft var að auka hlutafé úr 3 milj. upp í 5 miljónir, var sagt að sú fjárauknig mundi koma landsmönnum til góðs í útlánum, en muni hafa mestmegnis gengið til að borga útlendar skuldir bankans, — þá sé ekki heldur vissa fyrir því, að þessi kaup rýmkuðu svo um hag bankans, að að verulegu haldi kæmi fyrir landsmenn. Og er einmitt fylsta ástæða til að ætla, að svo muni og geta farið nú sem þá, að allmikill hluti þessa fjárauka gengi til að borga erlendar skuldir bankans. — Að vísu býst eg við, að því yrði þá þar til svarað, að þó að svo fari, þá muni einmitt það, að bankinn losnar úr útlendum skuldum, verða til þess að rýmka um hag hans innanlands, svo að hann standi betur að vígi til útlána. Ekki ber því að neita, að nokkuð virðist þessi ástæða hafa til síns máls; og ekki eru brigður á það berandi, að *eitthvað* mundi betur rætast úr viðskiftum bankans við landsmenn, ef þetta næði fram að ganga. En þó gat nefndinni ekki orðið þessi ástæða svo þung á metunum, að henni fyndist gerlegt þess vegna að ráðast í kaupin; og satt að segja efaðist hún um verulega uppskeru í þessu atriði af kaupunum. — Bankinn hefir, samkvæmt þeim réttindum, sem hann hefir nú, rétt til að hafa í veltu meira fé en hann hefir haft til þessa; 1908 voru í gangi seðlar úr Íslands banka, sem námu upphæðinni 857,550 kr. Þetta hefði bankinn að sjálfsögðu getað haft miklu meira, ef hann hefði viljað. En honum hefir vafalaust ekki fundist nauðsyn til þess bera. — Eg skal og leyfa mér að taka það fram, að nefndinni hefir ekki virzt það í heild sinni, að þó frumvarp þetta næði fram að ganga, þá mundi það fullnægja til að bæta úr peningavandræðum þeim, sem átt hafa sér stað og eiga sér stað í landinu.

Hvað hitt atriðið snertir, þau yfirráð, sem landsmenn fengi yfir bankanum

með því að eignast 2 miljónir af hlutafé hans, þá er það að segja, að það mundi hvergi nærri vera nein trygging fyrir því, að við fengjum full yfirráð yfir honum. Því aðgætandi er, að þar sem alt hlutafé bankans eru fullar 5 miljónir, og þó landsmenn eignuðust þar af 2 miljónir, þá eru þó eftir 3 miljónir, sem við hefðum engin umráð yfir. Og yrðu því yfirráð vor yfir bankanum að eins að $^3/_5$ hlutum. Og mundum vér því í þessu atriði tæpast ná tilgangi vorum, þó til væri stofnað.

En auk þess, sem ærið vafasamt er um, hvort tilganginum verður náð í þessum tveimur aðalatriðum, þá er og fleira, sem hér getur komið til greina. Í 1. gr. frumvarpsins er verðið til tekið. Er gert ráð fyrir, að landsjóður kaupi hlutabréfin fyrir 101, og fylgi í kaupunum arður frá 1. júlí 1909. Gegn þessu á svo Íslands banki að taka landsjóðsskuldabréf fyrir 98. Landsjóður á þá að gefa í milli 3 %, sem er sama og 60,000 kr., sem útborgist í peningum. Fyrst og fremst er nú 60 þús. kr. alls ekki svo lítil upphæð. Þó gæti það komið til greina, ef mikill hagur væri sýnilegur í aðra hönd. En nefndin getur nú, eins og eg sagði, ekki séð það; og finst oss því, að um *óeðlilega milligjöf* sé að ræða. Því vér álítum, að skuldabréf landsjóðs séu að minsta kosti eins vel trygð og hlutabréf Íslands banka, þar sem þau eru trygð með ábyrgð allrar þjóðarinnar. Og tel eg alls engan vafa á, að hlutabréf landsjóðs mundu seljast fyrir hærra verð en gangverð Íslands banka hlutabréfa. En það var í apríl '99; og fylgdi þar með arður frá síðasta ári 6 $^1/_2$ %/ og arður fram í apríl. Sé nú sá arður frá dreginn, og hann dregst að sjálfsögðu frá á hlutabréfum landsjóðs, eftir því sem til er tekið í frumvarpinu, — þá er sannverðið í apríl 91—92. Og er það því í rauninni fast að 10 %, sem landsjóður gefur í milli, þegar þetta er tekið til greina. — Nefndinni þykir og óviðfeldið ákvæðið í 5. gr., sem sé það, að landsjóður sé skyldur að geyma þessi bréf sem hann fær, og setja ábyrgð fyrir að þau séu trygð; en aftur er ekki gert ráð fyrir neinni tryggingu af hendi Íslands banka.

Í heild sinni virðist oss þannig frá frumvarpi þessu gengið frá því fyrsta til þess síðasta, að ekki sé eftir neinu að slægjast. Hvorki hugsum vér að með þessu verði bót ráðin á peningavandræðum þeim, sem í landinu hafa ríkt undanfarið, — né heldur hitt, að yfirráð þau, sem gert er ráð fyrir að landsmenn fái yfir peningastofnun þessari verði fullkomin eða til nokkurrar hlítar eftir því sem á stendur að öðru leyti. — Þess utan mundi það baka landsjóði mjög mikla ábyrgð auk þeirrar, sem hann stendur í áður, t. d. seðlum landsbankans, $^1/_2$ miljón, $^1/_2$ miljónar lán til vatnsveitu Reykjavíkur, o. m. fl., alt í alt 6—7 milj. Að fara svo að bæta við nýrri ábyrgð, sem næmi 2 miljónum, og það til ekki nauðsynlegra fyrirtækis, hljótum vér að álíta mjög misráðið og óheppilegt. Og er það því síðasta orð mitt hér í nefndarinnar nafni, að bæði af þeim ástæðum, sem eg hefi hér tekið fram og teknar eru fram í nefndarálitinu, ráðum við algjört frá að frumvarpið nái samþykki háttv. deildar.

Júlíus Havsteen: Mig furðar mjög á því, að andróður hefir komið fram gegn frumvarpi þessu, þar sem um jafn auðsætt hagræði er að ræða eins og hér liggur í augum uppi bæði fyrir landsjóð og bankann.

Í nefndarálitinu eru fyrst taldar upp allar þær ívilnanir og hlunnindi þau

sem Íslandsbanka hafi verið veitt, og finst mér satt að segja þetta eigi koma málinu neitt við. Mótmæli þau, sem svo þar á eftir koma fram í nefndarálitinu, eru eins og efa bundin; hér er ekki um hrein og bein og rökstudd mótmæli að ræða. Hinn háttv. framsögumaður er að vísu meir ákveðinn í útlistun sinni á þessum mótmælum, og tilfærir ástæður sínar, en eg hefi samt ekki getað sannfærst af þeim.

Tilgangur frumv. er sagður tvennur: hlutabréfin eiga að greiða úr peningaþörf landsmanna, og í öðru lagi eiga yfirráð bankans að komast í vorar hendur, jafnframt því að landið eignist allmikinn hluta bankans. Hinn háttvirti framsögumaður álítur um fyrra atriðið, að peningarnir fyrir hlutabréfin kæmi landsmönnum ekki að notum, því fé verði notað til þess að borga með skuldir bankans í útlöndum. Þessu verð eg að mótmæla, því það liggur í augum uppi, að ef bankinn borgar skuldir sínar, þá fær hann fé aftur til þess að lána út hér og eykur lánstraust sitt. Eg efast ekki um, að fleiri hafi reynt þetta í daglegu lífi.

Að því leyti er snertir hitt atriðið, þá legg eg lítið upp úr öllu talinu um yfirráðin yfir bankanum. Eftir hinum núgildandi reglum um bankann hefir landið þá hlutdeild í yfirráðunum yfir honum, sem mér finst vera nægileg, en sem sagt, eg legg enga áherzlu á þetta. Svo mikið er þó víst, að yfirráðin aukast nokkuð við það, að landið verður eigandi að 2 miljónum í bankanum.

Að því leyti, er snertir kjörin, sem frumvarpið býður, sagði hinn háttvirti framsögumaður, að hlutabréf bankans stæðu nú í 99 með þeim auka-arði, sem hann til tók. En sannleikurinn er sá, að þau standa þvert á móti nú í 103—104, og má telja víst, að þau komist hærra þegar lengra líður. Því að það er öllum kunnugt, að banka þessum er mjög vel stjórnað, og allir seðlabankar, sem bygðir eru á góðum grundvelli og vel er stjórnað, eru sannarlega arðsöm eign. Það er því hin fylsta von þess, að þessi kaup geti orðið til hins mesta hagnaðar fyrir landsjóð, og þó að landið verði nú að borga nokkra milligjöf, mun hún með tímanum vinnast aftur upp á rentum þeim sem landsjóður fær af hlutabréfunum.

Þætti mér því, þegar á alt þetta er litið, mjög illa farið, ef frumvarpið næði ekki fram að ganga og ekkert yrði úr kaupunum. Og lít eg svo á, sem þau úrslit málsins mundu valda því að landsjóður færi þar á mis við mjög mikinn hagnað.

Steingrímur Jónsson: Eg leyfi mér að lýsa því yfir, að eg undrast stórum undirtektir nefndarinnar í þessu máli. — Það hefir verið talað um, að það væri ilt, að bankinn væri ekki innlend eign, og að við hefðum þar ekki meira fé og yfirráð en við höfum. Og játa eg, að þau ummæli séu að nokkru á rökum bygð. — En það hefir frá því fyrsta verið hugsjón mín að við gætum fengið hluti í þeim banka, sem veittu okkur yfirráð yfir honum.

Auðvitað skal eg játa, að íslenzkir menn eiga í bankanum hluti sem nema svo að hundruðum þúsunda skiftir. — Frummælandi játaði, að tilgangurinn með frumvarpinu væri góður. En tilgangurinn er þessi tvennur: *annars vegar* að greiða fyrir þeirri eklu á peningum, sem ríkt hefir og ríkir enn innanlands, — og *hins vegar* að koma því til leiðar, að íslenzkir menn nái meiri yfirráðum en þeir hafa haft yfir bankastofnun þessari. Þetta segja nefndarmennirnir að ekki náist með frumvarpi þessu, þótt að lögum yrði. — Það var einmitt bent á það af háttv. 1. kgk.

þm., að þvert í mót mundi hvor tveggja þessi tilgangur nást með lögunum (ef að lögum yrðu). Og skal eg þar nokkru við bæta hans ástæður. Þótt það að vísu liggi í augum uppi, sem hann tók fram, að mjög miklar líkur, og enda vissa, sé fyrir því, að þó að bankinn notaði nokkuð af lífjárauka þeim, sem honum hlotnaðist á þennan hátt, til að greiða úr skuldum sínum erlendis, og efldi þar með lánstraust sitt, svo að hann ætti hægra með að bæta úr eftirspurninni eftir peningum hér innanlands, — þá er og heldur als engin vissa fyrir því, að að honum yrði gengið með skuldirnar. Og gæti hann þá þess fremur bætt úr innlendu peningaþörfinni. Svo að á hvern veg, sem á málið er litið, og hvernig sem fyrir slæst í þessu atriði, þá hlýtur þó niðurstaðan undir öllum kringumstæðum óhjákvæmilega að verða til ómetanlegs hagnaðar fyrir landsjóð og landsmenn.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg fæ ekki betur séð en að með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir sé fundið gott ráð til að bæta, að nokkru leyti, úr peningaþröng þeirri, sem nú er hér í landi. Því hefir að vísu verið skotið fram, að bankinn mundi geta selt þessi hlutabréf, þó landsjóður keypti þau ekki. — En þó svo fari, að einhverjir aðrir — sjálfsagt útlendingar — kaupi bréfin, verður það ekki til þess, að vér fáum yfirráð yfir bankanum, og í annan stað má geta þess, að hingað til hefir bankinn ekki getað selt bréfin fyrir nafnverð. En sjálfsagt stafar það með fram af peningavandræðum þeim, sem verið hafa um gjörvallan heim, að heita má, síðan bankanum var veitt heimild til að auka hlutafé sitt. — Hins vegar ganga núverandi hluthafar aldrei að því, að selja hlutbréfin undir nafnverði sem heldur ekki er von, því að hinir nýju hluthafar verða aðnjótandi svo margra góða hlunninda, sem bankinn hefir þegar fengið.

Það hefir verið mikið úr því gert hér í deildinni í dag að hlunnindi banka þessa hafi verið aukin á hverju þingi. En öll þessi hlunnindi getur landsjóður nú fengið aftur að $^2/_5$ hlutum, ef frumv. þetta nær fram að ganga og samningar um hlutabréfakaupin takast milli stjórnarinnar og bankans. Mestu hlunnindin fyrir bankann eru seðla útgáfuréttur inn. Halldór Jónsson bankagjaldkeri hélt því fram í blaðagrein einni fyrir nokkrum árum, að með seðlaútgáfuréttinum hefði landsjóður veitt bankanum stórhöfðinglega gjöf, því að hlunnindi þessi mætti telja 30,000 kr. virði á ári, og að á seðlaútgáfuréttinum græddi bankinn ef vextir væru reiknaðir með c. 680,000 kr. Af þessari upphæð fær landsjóður aftur $^2/_5$, ef hann gerist hluthafi á þann hátt, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir. Og þegar þess er gætt, að landsmenn munu nú eiga framundir hálfa miljón í hlutafé bankans, má telja víst, að öll yfirráð bankans, kæmust í hendur Íslendinga, ef landsjóður keypti hlutabréf fyrir 2 milj. króna.

Því er haldið fram í nefndarálitinu, að sannvirði bréfanna hafi í apríl verið 91 %, en í aprílok var kauphallarverð þeirra, að arðinum meðtöldum, 103% og eftir því hefir sannvirði þeirra, reiknað á þann hátt, sem nefndin gerir, verið 95—96 %. Það má kanske segja, að það sé nokkuð dýrt, þegar miðað er við þetta verð, að kaupa bréf þessi á 101 %, en vér getum ekki fengið þau fyrir minna, og verður því að gefa það fyrir þau, þyki okkur kaupin á annað borð svo arðvænleg, að vér viljum í þau ráðast Og kaupi landsjóður þessi bréf, þá eykst eftirspurnin eftir þeim og þau hækka enn meira í verði.

Þegar þess er gætt, að hluthafar bankans hafa síðustu árin fengið 6 %—7 %

í arð á ári, og þau ár hafa verið hin erfiðustu að því er alt viðskiftalíf snertir, og að landsjóður hins vegar ekki á að borga nema $4^1/_2{}^0/_0$ í vexti af skuldabréfum sínum, þá er mér ómögulegt að skilja, hvernig hinn háttv. framsögum. getur fullyrt, að hlutabréf bankans séu ekki betri en landsjóðsskuldabréfin. Eða hvaða líkur getur hann fært fyrir því, að hlutabréf bankans gefi framvegis ekki nema $4^1/_2{}^0/_0$ í vöxtu, þegar honum hefir gengið svona vel búskapurinn síðustu árin, sem þó hafa verið öllum landsmönnum í erfiðasta lagi?

Munurinn á arðinum af bankahlutabréfunum, ef þau gefa $6^1/_2{}^0/_0$, og þessum $4^1/_2{}^0/_0$, sem landsjóður þarf að greiða af skuldabréfum sínum, er $2^0/_0$, og það verða af tveimur miljónum 40 000 kr. Þá upphæð græðir landsjóður á hverju ári, og er hún nákvæmlega jafnhá eins og sú upphæð, sem vér þurfum að innleysa skuldabréf með á ári. Á 50 ár um græddum vér þá 2 milj. kr., eða hefðum með öðrum orðum eignast öll bankahlutabréfin, án þess að gefa einn eyri fyrir þau. Og þó svo færi, að arðurinn af hlutabréfunum yrði minni en hér er gert ráð fyrir, þá yrði gróðinn eigi að síður stórkostlegur, en það er ekkert líklegra að arðurinn lækki en að hann hækki, og allra sennilegast, að meðaltalið verði ekki undir, öllu fremur yfir $6^1/_2{}^0/_0$. Það er því ómögulegt að mótmæla því með rökum, að fyrirtækið sé arðvænlegt.

Nefndin ber á móti því, að vér fáum yfirráð yfir bankanum, þótt vér kaupum bréf þessi, því að $^2/_5$ hluthafanna geti engu ráðið, ef hinir allir standi í móti, en menn verða að gæta þess, að hinir hluthafarnir, að íslenzku hluthöfunum undanteknum, sem nú eiga að minsta kosti 3 til 4 hundruð þúsund krónur í hlutafé bankans, eru búsettir á víð og dreif í útlöndum, og munu sjaldnast sækja hluthafafundinu, sem haldnir eru í Reykjavík, og verða það því þvínær eingöngu íslenzku hluthafarnir og umboðsmenn landsjóðs, sem fundina sækja, og hljóta því að ráða öllu, sem þeir vilja ráða.

Helzt vildi eg halda hlutabréfakaupunum áfram þar til öll hlutabréfin eru komin á íslenzkar hendur og bankinn þannig orðinn með öllu innlend eign. — En haldi bankinn áfram að vera útlend eign, mega þeir þakka sér það, sem fella þetta frumv., því að tilboðið stendur ekki nema til loka þessa þings, svo að það er ómögulegt að segja, að maður að eins sé mótfallinn kaupunum að þessu sinni, því að jafngott tækifæri kemur líklega aldrei aftur; að minsta kosti fáum vér hlutabréfin sennilega aldrei með jafngóðum kjörum. Eg vil því eindregið ráða til að samþykkja frumv. þetta, vegna þess að við það aukast peningarnir í landinu, því að það er þegar því nær fengin fullkomin vissa fyrir því, að landsjóðsskuldabréfin geta selzt ef til kemur með viðunanlegum kjörum, og að þetta er líklegasti vegurinn til þess, eins og nú stendur, að bæta úr peningavandræðunum. Þá er eigi síður á það að líta, að hér er að ræða um sjálfsagt eina framkvæmanlega ráðið til þess að Íslendingar fái full yfirumráð yfir bankanum og rekstri hans. Loks fær landsjóður aftur að $^2/_5$ hlutum arðinn af hlunnindum þeim, sem hann hefir veitt Íslandsbanka.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. 1. og 6. kgk. þm. hafa fært þær ástæður fyrir því að samþykkja beri frumvarp þetta, *að* þá aukist veltufé bankans, *og* þá komist yfirráðin yfir honum í hendur Íslendinga. Eg skal fyrst víkja að síðari ástæðunni, þó að háttv. 1. kgk. þm. sannaði það raunar bezt sjálfur, að það er engin ástæða, því að hann tók það fram, sem líka er laukrétt, að í

bankaráðinu hafa Íslendingar 4 af 7 atkvæðum, og eg býst við að Íslendingar verði í meiri hluta í stjórn bankans áður langt um líður. Auk þess hefir ráðherrann mikið vald yfir bankanum, getur jafnvel ónýtt samþyktir hluthafafundar. Og loks eru litlar líkur til þess, að hluthafarnir samþykki nokkuð, er geri Íslandi skaða, því að hagsmunir landsins og bankans ættu víðast hvar að fara saman, en rekist íslenzkir og erlendir hagsmunir á annað borð á, má bera Íslendinga ofurliði, þó að frumv. kæmist á, með því að kaupa upp öll þau hlutabréf, sem ekki væru landsjóðseign. Til þess að tryggja oss yfirráðin yfir bankanum að fullu, þyrftum vér því að kaupa meira en helming hlutabréfanna, en frumv. þetta fer að eins fram á að kaupa $^2/_5$ hluta þeirra. Annars er gert alt of mikið úr valdi hluthafafundanna. Á þeim hluthafafundum Íslandsbanka, sem hingað til hafa verið haldnir, hefir ekkert annað verið gert en að samþykkja reikninga bankans og kjósa fulltrúa í bankaráðið.

Það er heldur ekki rétt, að veltufé bankans aukist við hlutabréfasölu þessa, því að meginið af því fé, er bankinn fengi fyrir hlutabréfin, myndu ganga til þess að borga erlendar skuldir, enda hefir annar bankastjórinn, er nefndin hefir átt tal við, játað að svo mundi fara. Sami peningurinn verði ekki bæði brúkaður hér til útlána og til skuldaborgunar í útlöndum. Ef það er rétt, að bréfin standi í 103% erlendis, eins og háttv. 1. og 6. kgk. þm. halda fram, þá þarf bankinn sannarlega heldur ekki að vera að leita til landsjóðs til þess að fá þau seld; honum er þá miklu nær að selja þau í útlöndum. En þó þau standi í 103%, þá er sannvirði þeirra ekki nema 95—96%, því að frá þessum 103% verður að draga vexti fyrir 1908 og það sem af er 1909. En hvað sem um það er, þá er eitt víst, að annaðhvort standa bréfin vel, og þá er bankanum lafhægt að selja þau í útlöndum, eða þau standa ekki vel, og þá eru þau of dýrt keypt á 101%. En samkvæmt yfirlýsingu bankastjóra má ekki setja lægra verð á þau í frumv. en 101%, og þá verðum vér fyrst og fremst og fremst að gefa 60.000 kr. á milli þeirra og skuldabréfanna, sem vér látum bankann hafa í staðinn fyrir 98%. Í öðru lagi eigum vér að borga $4^1/_2$% vexti af 2 milj. kr. eða 90.000 kr. fyrsta árið, og loks eigum vér að afborga skuldabréfin árlega með 40.000 kr. Og yrði það alls fyrsta árið 190.000 kr. Frá þessari upphæð má draga hinn væntanlega arð, sem ómögulegt er að segja hve mikill verður. En það liggur í hlutarins eðli, að hann verður hlutfallslega minni af 5 milj. en 3 milj., því að því minna kemur í hvers hlut, sem honum er skift í fleiri staði. Ekki er ósennilegt að hann lækki að minsta kosti um $1^1/_2$%, og yrði hann þá 5%, sem af 2 milj. kr. er 100.000 kr., og yrði þá tap Íslands fyrsta árið 90.000 kr.

Seðlaútgáfurétturinn þarf sannarlega heldur ekki að verða landinu ónýtur, þótt þessum kaupum sé slept, ef Ísland að eins kann að gera sér mat úr honum, þegar leyfi bankans að 24 árum liðnum rennur út. Þegar leyfi danska þjóðbankans var á enda, lögðu Danir með lögunum frá 12. júlí 1907 750.000 kr. árgjald á bankann, sem endurgjald fyrir seðlaútgáfuréttinn, og þó er hlutaféð alls ekki nema 27 milj. kr. Það gæti orðið dálagleg upphæð, ef vér heimtuðum hlutfallslega jafnmikið af Íslandsbanka á sínum tíma. Auk þess á Þjóðbankinn að greiða ríkissjóði $^1/_4$% af arði sínum, eftir að 5% hafa verið lagðir í varasjóð og hluthafar fengið 6% og ennfremur $^1/_2$% af því, sem hann græðir við að seðlar týnast, og loks á bankinn að launa 2 bankastjóra, sem skipaðir

eru af konungi. Það er því minni nauðsyn til að taka tilboði þessu nú, sem borin er fram þingsályktunartillaga í neðri deild um að skipa milliþinganefnd í bankamálin. Þá má og geta þess, að Landsbankinn á óbrúkaðar 2 milj. kr., sem hann hefir fengið fyrir seld skuldabréf, og ef hann fær nú heimild til þess að gefa út 3. flokk af bankavaxtabréfum og getur selt þau, þá eykst veltufé hans stórkostlega, og þá um leið peningamagnið í landinu, og býst eg við að flestir leggi meira upp úr því, að peningarnir fáist, en hinu, hvaðan þeir koma.

Steingrímur Jónsson: Þegar mest var rætt um stofnun hlutabanka fyrir nokkrum árum, voru margir menn nyrðra og þar á meðal eg hikandi í því máli, álitu það varhugavert, en þó óhjákvæmilegt, væri ekki hægt að gera Landsbankann þannig úr garði, að hann fullnægði pengaþörfum landsmanna. Það var innileg ósk nyrðra, er bankinn var stofnaður, að landsjóður gerðist hlut hafi fyrir mikilli upphæð í honum, og vantaði meira að segja lítið á, að meiri hluti væri fyrir því á þingi. Fyrir því álít eg rétt, að kaupa hlutabréfin nú, þar sem þau fást með aðgengilegum kjörum, því að á þann hátt fáum vér umráð yfir bankanum. Það er ekki til neins fyrir háttv. 5. kgk. þm. að vera að halda því fram, að hluthafafundirnir ráði litlu, hluthafafundirnir sem einmitt kjósa hina starfandi stjórn bankans. Gerist landsjóður hluthafi fyrir 2 milj. kr., eru Íslendingum trygð full umráð yfir bankanum, því að þegar við þessar 2 milj. landsjóðs bætist sú $^1/_2$ milj., sem einstakir íslenzkir menn eiga, er óhugsandi annað en að Íslendingar verði ávalt í meirihluta á hluthafafundunum. Eg varð alveg forviða er eg sá hve gálauslega nefndin fullyrðir, að 2 milj. tryggi ekki meiri hluta, því að það er að minsta kosti »Tankeexperiment« og annað ekki, að 2 milj. + því, sem einstakir menn íslenzkir eiga, sé ekki næg trygging fyrir meiri hluta á hluthafafundunum.

Heimild sú, er bankanum var gefin 1907, var aðallega gerð í því skyni að auka veltufé bankans og styrkja lánstraust hans. Hinn háttv. framsögum. hafði það á móti kaupunum, að fé, sem bankinn fengi fyrir bréfin, myndi aðallega ganga til þess að borga erlendar skuldir. Ef bankinn væri í svo miklum útlendum skuldum, sem hann þyrfti að borga, en gæti ekki án þess einhver hlypi undir bagga með honum, þá yrðum vér að gjöra það, en það vill nú svo vel til, að hann getur borgað hinar erlendu skuldir sínar, án slíkrar hjálpar, en þó því að eins, að hann dragi seglin svo mikið saman, að viðskiftalíf landsmanna hlýtur að bíða stórhnekki við.

Þriðja mótbáran sem nefndin leggur áherzlu á er sú, að verð hlutabréfanna sé of hátt. Hún segir að landsjóður eigi að borga 60 þús. kr. í milligjöf, og fari auk þess varhluta af ágóðahlutum. Þetta er ekki haft rétt eftir lögunum.

Í þeim stendur að eins, að ekki megi kaupa hlutabréfin hærra verði en 101, og ekki selja bréf landsjóðs lægra en 98. Þar með er ekki sagt, að bréfin skuli kosta þetta, ef þau verða ekki þess virði, þegar salan fer fram. En á hinn bóginn hafa bréfin allajafna staðið fyrir ofan 101, nú í 103; það er að eins peninga-»krisinn« sem hefir gert það að verkum, að þau hafa farið niður úr því.

Þá sagði háttv. framsögum., að ekki væri útlit fyrir að bankinn þyrfti á þessu fé að halda, þar sem hann hefði annan rétt, sem hann léti ónotaðan að miklu leyti, nefnilega seðlaútgáfuréttinn. En seðlaútgáfan fer ekki eftir því sem þarf af lánum eða því hvað gefa má út af seðlum, heldur eftir því, hve miki

bankinn getur haft úti í umferð. Hugs um okkur að kaupmaður fái lán í banka hér til að borga með skuld í Höfn. Hann fær lánið í seðlum og sendir þá til Hafnar. Þar eru þeir seldir banka og okkar banki verður að innleysa þá aftur með peningum. Af þessu dæmi er augljóst, að seðlaútgáfurétturinn getur ekki aukið veltufé bankans, nema landsmenn séu svo efnaðir, að þeir geti haft þá í vösum sínum hér heima til muna. Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að bankinn þyrfti ekki að sækja þetta fé til landsjóðs. Það er rétt, enda er hugmyndin ekki komin frá bankanum heldur frá peningamálanefndinni í Nd. Íslandsbanki hefði getað verið búinn að selja bréfin, að vísu máske ekki nema með skaða, en nú getur hann selt þau, og verður líklega neyddur til að selja þau fyrir hvaða verð sem er, því honum er nauðsyn að auka fé sitt. En svo virðist mér rétt að líta á það, hverjar afleiðingarnar mundu verða, ef ekkert yrði af kaupunum. Sú fyrsta yrði, að bankinn neyddist til að selja öðrum, til að útvega sér veltufé. En svo er annað, sem hætt er við að mundi leiða af því, og það er, að hjá Íslandsbanka risi upp talsverð samkepnistilhneiging gagnvart Landsbankanum. Mér virðist blærinn á nefndarálitinu benda til þess, að verðir Landsbankans beri ekki góðan hug til Íslandsbanka, og að stjórn Íslandsbanka hafi ástæðu til að álíta, að það sé vilji þingsins að Landsbankinn setji Íslandsbanka út í horn eða herði að honum. Þetta gæti orðið háskalegt, ekki af því að hætt sé við, að Íslandsbanki bæri hærra hlut, heldur af því að skæð samkepni milli bankanna gæti haft óútreiknanleg áhrif á hag landsmanna, þar sem bankaviðskiftin grípa nú svo mjög inn í allan efnahag þeirra. Að endingu vil eg benda á eitt atriði í þessu máli, sem ekki er lítils virði. Ef það hefði tekist, með því að samþykkja þetta frumvarp, að fá umráð yfir Íslandsbanka, þá hefði okkur verið það í lófa lagið, að samræma bankana þannig, með breytingu á fyrirkomulagi þeirra, að öll samkepni milli þeirra yrði úr sögunni, og þeir yrðu eins og tvær deildir af sama banka, nokkurs konar þjóðbanka Íslands. Þetta er hugmynd, sem er þess verð að hún sé athuguð. Verkum mætti skifta svo með bönkunum, að t. d. Landsbankinn væri sparisjóður og hypotekbanki, en Íslandsbanki seðlabanki og víxilbanki. Ef þessu væri kipt þannig í lag, þá væri vel farið. Og með því að samþykkja þetta frumv. hefðum vér stigið fyrsta sporið í þessa átt.

Júlíus Havsteen: Háttv. 5. kgk. þm. sneri út úr orðum mínum, eins og eg hefði komist í mótsögn við sjálfan mig. En það er bygt á rangfærslu eða misskilningi. Eg sagði að eg legði enga áherzlu á yfirráðin, af því að þyngdarpunkturinn hvað þau snertir væri hér, eða fremur hér en erlendis. Eg hefi aldrei litið svo á, að það væri aðalaugnamið frumvarpsins, að ná yfirráðum yfir bankanum; aðalaugnamiðið er að auka starfsfé bankans og bæta úr peningaþörf landsins; og eg vil spyrja hinn háttvirta 5. kgk. þm., hvort hann ekki sem bankafulltrúi sé mér samdóma um það. Eins og það á sér oft stað í daglega lífinu að tveir partar græði á viðskiftum, þá á það sér einmitt líka stað hér. Bæði landsjóður og Íslandsbanki mundu hafa hag af þessum kaupum. Eg skal svo eigi orðlengja frekar um þetta mál. Eg vonast til svo góðs, að það gangi úr deildinni hér sem lög.

Eiríkur Briem: Vegna naumleika tímans var auðvitað ekki hægt að taka fram í nefndarálitinu öll þau atriði, sem einstakir nefndarmenn höfðu á móti frumv. Eitt af þessum atriðum var

einmitt það, sem háttv. 4. kgk. þm. mintist á síðast í ræðu sinni, sambandið milli hlutabankans og Landsbankans. Nú er landsjóður eigandi Landsbankans; ef hann yrði líka að miklu leyti eigandi hlutabankans, yrði það óumflýjanlegt að skoða samvinnu bankanna frá öðru sjónarmiði. Eg býst því við, að þessu frumv. verði breytt strax á næsta þingi, ef það verður að lögum nú. Eg skal í sambandi við þetta geta þess, að þegar Íslandsbanki var stofnaður, var það fyrst meiningin að Landsbankinn væri lagður niður; en honum var bjargað á síðustu stundu með breyt.-till. í Ed. Þegar landsjóður væri orðinn eigandi að báðum bönkunum, þá væri óþarft að skifta sömu verkunum milli þeirra eins og nú er, þar sem báðir hafa veðdeild, sparisjóð o. fl. Annaðhvort yrði þá Landsbankinn lagður niður, eða verkunum skift einhvern veginn milli bankanna, þannig að hlutabankinn væri t. d. seðlabanki. En hvernig sem þessu verður nú fyrir komið, þá er það einmitt þetta, sem menn verða að gera sér grein fyrir, áður en slíkt frv. er samþykt. Það er eins og hætt sé við hálfsagða setningu, ef menn samþykkja slíkt, án þess að gera jafnframt ráð fyrir fyrirkomulagi bankans þegar báðir eru orðnir eign landsjóðs.

Jens Pálsson: Eg vil gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, og hún er sú, að eg álít að við eigum að fella þetta frumv. Eg hefi ekki enn sannfærst um að þessi kaup séu heppileg. Eitt atriði vil eg taka fram, sem að mínu áliti er mjög mikilvægt, og það er, að þessi hlutabréf eru eins og öll önnur hlutabréf meira og minna áhættubréf. Eg skal benda á það, að seðlaútgáfan getur verið tvíeggjað sverð, sem verður að brúka með mestu varúð. Við höfum enga vissu fyrir því, þó þessi bréf gefi nú $6^1/_2\,\%$ vexti, að þau gefi það framvegis. Sömuleiðis er það rétt, sem sagt var áðan, að landsjóður gefur betri bréf fyrir lakari bréf, því bréf landsjóðs eru fyllilega trygð svo lengi sem heil brú er í þessu landi, en hlutabankabréf eru ekki að sama skapi fulltrygð; og það er meir í það varið að bréfin séu trygg, en að þau geti stöku sinnum gefið háa vexti.

Önnur ástæða mín á móti þessu frv. er, að eg tel það hættulegt að nota of gapalega lánstraust landsins. Á það má ekki reyna né sverfa að því, nema nauður reki til. Enn ein ástæða er það, að ef hlutafé bankans er þannig alt í einu aukið um $^2/_5$, gæti vel farið svo, að hann færi að verzla of mikið, stækkaði verzlunina meir en bolmagn er til, eins og kaupmönnum hættir oft við, ef »kapital« þeirra eykst.

Að endingu skal eg taka það fram, að þar sem engin trygging er fyrir því, að þessu fé verði varið til að bæta úr þörfum landsmanna, þá get eg ekki felt mig við að hlaupa að því, að stíga þetta stóra spor; þó það gæti orðið góð »spekulation«, ef það hepnaðist, þá er það þó ávalt mjög áhættubundið.

Lárus H. Bjarnason: Eg stend aðallega upp til þess að svara háttv. 1. og 4. kgk. þm. nokkrum orðum. Háttv. 4. kgk. þm. sagði, að fulltrúaráðið hefði lítil völd; meðal annars kysu hluthafar framkvæmdarstjórn bankans. Háttv. þm. virðist ekki hafa kynt sér sem skyldi reglugjörð bankans. Samkvæmt 19. gr. hennar hefir fulltrúaráðið hina æðstu forstöðu bankans og allra mála hans á hendi. Og samkvæmt 24. gr. kýs fulltrúaráðið framkvæmdarstjórn bankans. Annað mál er það, að hluthafarnir hafa samkvæmt reglugjörð Albertis yfirtökin fyrstu 9 árin, en þau eru nú meira en hálfnuð. Ennfremur má benda á það, að samkvæmt 17. gr. laga frá 7. júní 1902 um heimild til að

stofna hlutafélagsbankann, hefir ráðherra Íslands rétt og skyldu til að ónýta hverja þá ályktun aðalfundar hluthafanna, sem honum þykir koma í bága við tilgang bankans eftir inngangsorðum laganna, en þau fara í þá átt, að bankinn skuli yfirleitt bæta úr peningahögum landsins.

Eg fór rétt með orð háttv. 1. kgk. þm. Hann bar fram tvær ástæður með frumv. Önnur var sú, að landið fengi yfirráð yfir bankanum, en hin að veltufé bankans ykist, ef kaupin yrðu samþykt. En hann hjó úr hendi sér fyrra vopnið, þar sem hann sagði, að hann legði ekki áherzlu á yfirráðin, af því að þyngdarpúnktur þeirra væri einmitt hér. Bæði hann og háttv. 4. kgk. þm. vildu mata mig á því, að eg væri í fulltrúaráði Íslandsbanka og ætti því að bera góðan hug til hans. Eg ber góðan hug til bankans, en ef hagsmunir bankans og landsins rekast á, þá er eg landsins megin. En hér fer prýðisvel saman, hagur bankans og landsins. Bankinn getur selt öðrum sín bréf á 103 eða 104 eftir því sem háttv. þm. segja; það er honum hagkvæmara en að þurfa að selja þau landinu á 101. Og landinu er það í hag, að þurfa ekki að kaupa bréfin með þeim kjörum sem heimtuð eru. — Út af því sem háttv. 4. kgk. þm. sagði um verkaskiftingu milli bankanna, skal eg benda á það að verkum má skifta milli þeirra alveg eins, þó þetta frumv. gangi ekki fram að sinni. Það má ef til vill seinna fá Íslandsbanka allan seðlaútgáfuréttinn, móti því að hann veiti landsbankanum í þess stað eitthvað af sínum lögleyfðu réttindum. — Enn er það í mínum augum stór ástæða til að hrapa ekki að þessu máli, að það hefir fengið mjög lítinn undirbúning á þinginu. Því, þó að málið komi frá nefnd, þar sem »fjármálamenn« eins og þm. Dalamanna og 2. þm. Reykvikinga eiga sæti, þá verð eg þó að telja það lítt undirbúið, ekki sizt þar sem Ed. hefir haft svo nauman tíma til að íhuga það. Eg legg því til að málinu verði lokið með rökstuddri dagskrá, sem eg skal leyfa mér að lesa upp: »Í því trausti, að landstjórnin athugi bankamál landsins til næsta þings, þar á meðal hvort tiltækilegt sé að landsjóður kaupi hluti í Íslandsbanka, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Þessa dagskrá bið eg hæstv. forseta að bera undir atkvæði á sínum tíma, og get þess um leið, að háttv. þm. Ísf. hefir fallist á hana.

Stefán Stefánsson 6. kgk. þm.: Eg bjóst við því að ræður háttv. 5. kgk. þm. yrðu veigameiri en þær reyndust. Eg man ekki til að hann reyndi að hrekja eitt orð af því sem eg hafði sagt. Hann sagði að vísu að við hefðum nokkur umráð yfir bankanum; það er að vísu satt, en ætli þau verði ekki meiri ef landsjóður yrði stærsti hluthafinn í bankanum og gæti meðal annars ráðið því, ásamt alþingi, hverjir sitja í fulltrúaráðinu og jafnframt ráðið mestu á aðalfundum. En aðalfundir geta haft mikil áhrif á rekstur og stjórn bankans. Þeir geta meðal annars vikið bankastjórunum frá. Og mér finst óhætt að búast við því, að ef landið væri stærsti hluthafinn í bankanum, þá séu þar með líkur til þess, að bankinn verði að meiri notum fyrir landsmenn. Háttv. 2. kgk. þm. sagði, að hér yrði að hugsa um, hvað næsta skrefið yrði. Eg hefi — þó eg sé ekki bankafróður — hugsað þetta nokkuð. Hann sagði einnig að eftir að landsjóður hefði fengið hlut í Íslandsbanka, myndi hann líta bankann öðrum augum en nú. Það vona eg einmitt að landsjóður geri og skifti störfunum eðlilegar og hyggilegar milli bankanna en verið hefir, en fyrsta og hyggilegasta sporið í þessa átt virðist einmitt vera

það, að landið fái full umráð einnig yfir Íslandsbanka. — Það gæti orðið miklu gagnlegra, ef t. d. annar bankinn væri veðbanki, og hefði þá líka öll sparisjóðsstörf, en hinn bankinn væri aðallega seðlabanki. — Allri slíkri skiftingu á starfsviði bankanna, sem miða ættu að því, að þeir gætu komið landsmönnum að sem mestu gagni, er auðvitað því hægra að koma fyrir, sem landsjóður hefi meiri eignar- og yfirumráð yfir báðum bönkunum.

Þá var háttv. 2. þm. G.-K. að hræða oss með því, að landsjóður mætti ekki brúka of gapalega lánstraust sitt. Hér er eg á sama máli. — Við höfum verið sammála í öðru stóru máli á þessu þingi, nfl. »Thore«-málinu, sem laut að því, að landsjóður tæki lán. Það var gott mál, en það var áhættumeira en þetta. — Hann talaði líka um það, að engin vissa væri fyrir því, að það fé, sem fengist á þann hátt, sem frumv. gerir ráð fyrir, yrði notað, eða hvernig það yrði notað. Eg ímynda mér þó að féð yrði alla daga ekki síður notað landinu í hag, þó landið fengi aukin umráð yfir bankanum.

Þá sagði háttv. 5. kgk. þm., að hag bankans væri vel borgið, þar sem hann gæti nú selt verðbréf sín fyrir 103—104. Eg sagði að í lok aprílmánaðar hefðu þau staðið i þessu verði, en eg get ekkert um það sagt, hvort þau seljast fyrir þetta verð nú.

Eg man svo ekki til að eg þurfi að að minnast á fleira, en þess vænti eg, að þessi rökstudda dagskrá verði feld og frumv. samþ. Eg ímynda mér að það myndi mælast vel fyrir út um landið, ef þingið stigi svona verulegt spor til þess, að landið gæti fengið umráð yfir bankanum, því menn eru alment óánægðir yfir því, að hann skuli vera útlend stofnun. Og því þykir mér undarlegt, að háttv. 2. þm. G.-K. skuli vera frumvarpi þessu mótfallinn, jafn góður Íslendingur og mikill sjálfstæðismaður og hann er, því hann má vita, að efnalegt sjálfstæði hverrar þjóðar er nauðsynlegt skilyrði fyrir réttarlegu sjálfstæði hennar.

Jens Pálsson: Eg finn ástæðu til þess að svara háttv. 6. kgk. þm. þar eð hann dró mál inn í umræðurnar, sem aldrei hefir komið í þessa deild, og því ekki geta komið umræðunum við, nfl. »Thore«-málið. En hann má vita að eg tel hér álíku saman að jafna, þar sem þar var aðeins um fjórðung þess fjár að ræða, sem hér ræðir um, og þar sem alt var svo vel trygt sem frekast var unt. — Þetta kom ekkert þessu máli við, og enginn þinglegur réttur til þess að blanda því hér í umræðurnar. Og þingmaðurinn naut þess að eg sat í forsetastólnum, og átti að dæma í minni eigin sök, að eg ekki tók af honum orðið. Þar sem honum fórust svo orð, að eg væri góður Íslendingur og sjálfstæðismaður, met eg mikils þau góðu ummæli hans.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi segja nokkur orð viðvíkjandi útleggingu háttv. 5. kgk. þm. á orðum mínum. Hann gerði lítið úr þekkingu minni á skipulagi Íslandsbanka og er ekki ofsögum sagt af því. En hann gat þó ekki neitað því, að ennþá kýs hluthafafundur bankastjórana og að hluthafafundur getur sett bankastjóra af. Ennfremur kýs hluthafafundur helming af bankaráðinu; enda hlýtur það svo að vera eftir hlutarins eðli, að hluthafar ráði jafnan hlutafélagsbönkum. Þetta hlýtur að leiða af því fyrirkomulagi, sem nú er á eignaréttinum.

Svo skildist mér á orðum hans, sem hann beindi því að mér, að eg áliti að hann hefði ekki góðan hug til Íslandsbanka. Eg sagði, að blærinn á nefndaráliti væri þannig, að stjórn Íslandsbanka gæti ef til vill dregið þá ályktun,

að verðir landsbankans (en það eru þingmennirnir fyrst og fremst) væru honum (ɔ: Íslandsbanka), ekki beinlínis innan handar. Hvað dagskrána snertir, er hún að vísu gott vopn, en það er ekki vert að beita því vopni of mikið, og drepa öll mál með því. Af því að samþykkja þetta frumv. leiðir, að breytt verður fyrirkomulagi bankanna. Þetta er fyrsta sporið í þá átt og vil eg að það sé stigið nú, því það eru engar líkur til að þetta boð verði fyrir næsta þingi.

Framsögumaður (Jósef Björnsson): Það er að bera í bakkafullan lækinn, að tala meira um þetta, því bæði háttv. 5. og 2. kgk. þm. hafa sérstaklega glögt sýnt fram á, að nefndin hafi ástæðu til þess að láta málið ekki fara lengra að þessu sinni.

Háttv. 6. kgk. þm. sagði, að engin sönnun væri fyrir því, að bankinn notaði þetta aukna fé til þess að borga skuldir erlendis og taldi það sennilegt, að með þessu móti mundi koma fé inn í landið, því þó erlendar skuldir yrði borgaðar, yrði tekið nýtt lán.

Eg tek það fram aftur, að nefndin hefir einmitt sérstaka ástæðu til að halda að féð gangi til skuldalúkninga, af því að hún hefir spurst fyrir um það, og fengið glögg svör. — Svo var hann að tala um vextina. Hann taldi að á 40 árum yrði bankinn búinn að græða alt hlutaféð, þar eð þeir 2% sem hann græddi á peningunum leiddi til þess, en það er engin vissa fyrir því, að bankinn geti altaf fengið þessar rentur, og þetta er því bygt á ágizkun.

Þá fór sami háttv. þm. að draga úr því í seinni ræðu sinni, sem hann sagði í hinni fyrri, nefl. því, að hægt væri að selja hlutabréfin fyrir 103. Hann sagði nú í seinni ræðunni, að líkindi væru til þess að selja mætti bréfin og þar af leiðandi hlypi tíminn burtu frá landsmönnum til að ná í þau. Hér verð eg að gera það sama og hann gerði sjálfur: að efast um þetta. Því það er þó talið rétt að bankinn hafi ekki selt hlutabréfin, af því hann hafi ekki getað selt þau. Hvað snertir ilt árferði fyrir bankann undanfarið, þá má nú líta á það frá ýmsum hliðum, en þess ber að geta að fé bankans hefir verið úti fyrir háa vexti, og á því hefir bankinn grætt. Háttv. 5. og 2. kgk. þm. töldu mál þetta ekki sem bezt undirbúið, og þar sem í ráði er að endurskoða bankalöggjöfina, mælti það meðal annars með því, að ráða málinu ekki til lykta á þessu þingi. Eg mun því greiða atkv. með hinni rökstuddu dagskrá.

Agúst Flygenring: Eg lýsti því yfir við 1. umræðu, að eg væri málinu hlyntur. En þar eð háttv. framsm. tók fram, að hagsmunir landsmanna væru ekki trygðir með þessu gagnv. Íslandsbanka, þá er það á móti minni skoðun, því þá eiga landsmenn þó um helming af hlutafénu, og það álít eg að sé næg trygging fyrir því, að útlendir hluthafar verði atkvæðum bornir á hluthafafundum. Það er því full vissa fyrir því, að landið fær umráð yfir bankanum, verði hlutabréfin keypt.

Hvað snertir þingsályktunartillöguna í Nd. og hina rökstuddu dagskrá hér, sem báðar fara í sömu átt, skal eg játa það, að eg er þeim ekki mótfallinn, en þær eru gagnslausar. Það er ekki hægt að ráða fram úr þessu máli, svo að nokkurt gagn sé að, öðruvísi en með hjálp þingsins. Háttv. framsögum. tók það fram, að lítið útlit væri fyrir, að bréf bankans væri í áliti, þar sem þau ekki væru seld, en hér liggja til aðrar ástæður — þetta kemur bæði af því, að bankinn hefir haft fé handa á milli, svo hann hefir ekki beinlínis þurft að selja hingað til, og að öll hlutabréf hafa verið í lágu verði síðustu 3—4 árin um öll Norður-

lönd. Þó hafa bréf Íslandsbanka verið með þeim hærri í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn, og eru að hækka í verði, því bankinn hefir verið rekinn með dugnaði, og hefir gott álit á sér í Danmörku.

Þá var talað um milligjöfina; það er að vísu ekki hægt að sanna með tölum, hvort nokkur milligjöf ætti að vera eða ekki, en þó alt útlit fyrir að þessi milligjöf sé ekki of há. Afborgun og vextir af þessum 60 þús. verða aldrei hærri en það, sem bankinn gefur meira í vexti, en landið þarf að gjalda af sínum bréfum vonandi.

Allar bankastofnanir, eins og allar verzlanir, hafa arð eða tap eftir því gengi, sem í hvert skifti er í atvinnuvegum eins lands. Verði þessum banka vel og hyggilega stjórnað framvegis, og því ráða landsmenn, ef þeir á annað borð vilja öðlast yfirráðin yfir honum, þá ætti hann að gefa hærri vexti en 5%. Það eru fylstu líkur til að hlutabréfin gefi altaf yfir 5%, og þá er það gróði, sem gengur upp í afborgunina. Þá hefir landið stórt »plús« að meðtöldum yfirráðunum yfir bankanum, sem eg get ekki gert lítið úr.

Það er rangt að bankinn þurfi ekki þetta fé, af því að því fé, sem bankar fá nú, sé varið til að kaupa útlendar vörur og borga erlendar skuldir En við það er ekkert að athuga; það eykur efnalegt sjálfstæði landsmanna, að skulda fremur hér það sem þeir skulda en í útlöndum, og greiðir fyrir nauðsynlegum viðskiftum, að geta borgað vörur sínar strax, heldur en að taka þær til láns. Og það þurfa ekki að vera mikil höft á viðskiftalífinu til þess, að af þeim stafi fjártjón og mikil verðhækkun.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg vil aðeins gera þá stutta athugasemd við orð háttv. framsm., þar sem hann efaðist um, að hlutabréfin yrðu seld á næsta ári, úr því að þau hafa ekki selst á þessu ári, að landsbankinn hefir nýlega selt sín bréf, en ekki getað það fyr.

Lárus H. Bjarnason: Það var líka aðeins örstutt athugasemd. Eg vildi geta þess út af orðum háttv. 3. kgk. þm., að þar sem Nd. fer fram á að skipuð verði milliþinganefnd í bankamál landsins, þá er lang einfaldast að láta stjórnina vísa þessu máli til hennar.

Viðvíkjandi orðum háttv. 4. kgk. þm., að það gæti leitt til hættulegrar samkepni við landsbankann af hálfu Íslandsbanka, ef þessum kaupum yrði hafnað, þá vildi eg aðeins geta þess, að sá ótti er ástæðulaus, þar sem góðir menn sitja í stjórn Íslandsbanka, enda löggjafarvaldinu altaf innanhandar að styðja landsbankann gegn slíkri samkepni, ef til kæmi.

Steingrímur Jónsson: Mér þótti rétt að gera þá örstuttu athugasemd, að mér virðist sem hér sé slept góðu tækifæri; enda gæti stjórnin, þótt frumv. væri samþykt, borið sig saman við hina væntanlegu milliþinganefnd í bankamálum, sem komist hefir til orða í hinni háttv. Nd., því að henni er aðeins gefin heimild, en hún er alls ekki skylduð til að kaupa bréfin.

— Á meðan á umræðum stóð kom svolátandi rökstudd dagskrá frá Lárusi H. Bjarnason, 5. kgk. þm.:

»Í því trausti, að landstjórnin athugi »bankamál landsins til næsta þings, »þar á meðal hvort tiltækilegt sé, að »landsjóður kaupi hluti í Íslandsbanka, »tekur deildin fyrir næsta mál á dag»skrá.«

Var dagskráin borin undir atkvæði, og samþ. með 7 : 6 atkv.

Bygging jarða og ábúð.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum um bygging, ábúð og útekt jarða frá 12. janúar 1884 (A. 641). 1. umræða; 30 apríl.

Júlíus Havsteen: Þetta frumvarp hefir þann tilfil sem forseti las upp og eftir honum að dæma mætti ætla að hér væri um verulegar breytingar að gera, en þegar maður les frumv., þá verða nærri engar breytingar fyrir manni. Aðal breytingin er ákvæðið um afnám kúgildanna, en allt annað sem er í þessu frumv. er í lögunum frá 12. jan. 1884. Að vísu stendur ekki mikið þar um bygging húsa á jörðum, en hún er talin jarðabót og hefir því um húsbyggingar verið farið eftir þeim og stjórnarbréfi frá 25. maí 1880, sem kom fram samkvæmt þingsályktunartillögu 1879. Eg sé ekki betur en að þetta mál sé mjög einfalt, og þarf því eigi að kjósa nefnd í það. Helzt sæi eg að það næði eigi fram að ganga, af því að afnám kúgildanna er einungis til ógagns að minni hyggju, enda til stór skaða fyrir landsjóð, að því leyti er þjóðjarðirnar snertir.

Sigurður Stefánsson: Eg játa að eg hefi ekki getað kynt mér þetta frumv. sem skyldi og borið það saman við lögin frá 1884, en við fljóta yfirvegun, finst mér liggja í því mikil réttarbót og álít það því mjög þarflegt. Aðalbreytingarnar eru þrjár, nfl. atriðin um jarðabætur, um bygging húsa á jörðum og um afnám kúgildanna; ákvæðin sem nú gilda um þessi atriði eru þannig löguð, að réttar leiguliða er þar mjög lítið gætt. Leiguliðar geta að vísu fengið að einhverju leyti endurgjald fyrir jarðabætur, en það er mjög vafningasamt. Eins er það um hýsingar, og er oft svo, að þeir, sem bezt húsa, verða verst úti. Um kúgildin er það að segja, að eg álít að það sé röng krafa á leiguliða. Leigan er okurleiga og leiguliðar vilja víst almennt losast við þau. Eg tel því þetta frumv. ágætt; þó eg þykist vita að þingtíminn því miður ekki leyfi að lokið sé við það, þá vona eg að háttv. deild taki því með virktum og veiti því sæmandi undirbúning, og eg vil því gera að uppástungu minni að málið verði sett í 3 eða 5 manna nefnd að lokinni umræðunni.

Júlíus Havsteen: Það er gleðilegt að háttv. þm. Ísf. bjóst ekki við að þetta frumv. næði fram að ganga á þessu þingi. Eins og eg sagði í fyrri ræðu minni, höfum vér aðalinntak þessa frumv. í öðrum og miklu betri lögum, einum af okkar allra beztu lögum (12. jan. 1884). Ákvæðin þar eru auðvitað um þjóðjarðir, en eg get ekki sagt um hvernig einstakir menn fara með sína leiguliða, naumast eins vel og landstjórnin. Að því er snertir ákvæðin um jarðabætur, þá ná húsabætur einnig þar inn undir. En svo á að afnema kúgildin; það finst mér undarlegt, og menn eru oft of fljótir á sér að breyta góðum og gömlum venjum og lögum, sem staðið hafa langan aldur. Menn eru fljótir að hlaupa eftir dæmi þeirra þjóða sem eru nýjungargjarnastar, t. d. Finna og og Ameríkumanna, en vér förum ekki eftir þeirri þjóð, sem er mest og bezt allra þjóða, Englendingum, sem eru fastheldnir á allar gamlar og góðar venjur. — Eg álít að það sé nauðsynlegt að halda kúgildunum, því flestir verða þeim fegnir, að m. k. framan af búskapartíma sínum, og þó sumir ef til vill vilji losast við þau, þá er það ekki fyr en þeir hafa búið nokkurn tíma. Venjan um kúgildin er mjög gömul, eldri en Jónsbók og virðist í fyrstu hafa farið eftir samkomulagi. Einnig yrðu þessi lög um afnám kúgildanna til skaða fyrir landsjóð; og eg mótmæli því að leigan sé of há. Landsdrottinn á einlægt nokkuð

á hættu, hvað kúgildin snertir, og hef eg haft nokkur dæmi fyrir mér frá þeim tíma að eg var amtmaður, fyrir því að landsjóður hefði alt annað en ábata af kúgildum sínum. En eg skal ekki fara lengra út í þetta, því eg hef þá von að frumvarpið nái ekki fram að ganga á þessu þingi, og er mér í raun-inni sama, hvort nefnd verður sett í málið eða ekki.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 11 samhljóða atkvæðum.

Samþykt með 12 atkvæðum að kjósa 5 manna nefnd.

Þessir voru kosnir í nefndina:

Gunnar Ólafsson,
Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Steingrímur Jónsson,
Stefán Stefánsson.

Farmgjald.

FRUMVARP til laga um farmgjald af aðfluttum vörum (A 703); 1. umræða; 5. maí.

Júlíus Havsteen: Þetta er eitt af þeim mörgu málum, sem vér fáum frá neðri deild á elleftu stundu. Það er fjarri því, að eg vilji segja að neðri deild hafi slórað, en hún hefir tekið of mörg mál fyrir — og sumum þeirra hefði líka mátt sleppa, og þar á meðal þessu farmgjaldsfrumvarpi. Hér er verið að leggja nýtt gjald á landsmenn, er sérstaklega er hart að göngu fyrir kaupmannastéttina. Og gerir henni óleik, þótt eigi sé það ýkja hátt, auk þess sem það kemur mjög ójafnt niður á hinar ýmsu vörutegundir. Annars er það varhugavert að vera að auka tollana, meðan maður hefir ekkert annað tolleftirlit en vottorð upp á æru og samvizku; þau geta nú reynzt misjafnlega. Auk þess eiga slík mál sem þetta að vera undirbúin af stjórn og koma frá henni, en ekki frá einstökum þingmönnum, eins og frumvarp þetta. Þá er það og einkennilegt að vera að kasta þessu frumv. inn í þingið áður en skattamálanefndin hefir lokið störfum sínum, sem búast má við að ráði til gagngerðra breytinga á öllu skattafyrirkomulaginu. Frumvarpið gerir ráð fyrir hjálp frá tollheimtumönnum í öðrum löndum, en hvernig getur maður búist við að þeir fari að hjálpa okkur framyfir það, sem komið er, og svo er það látið ganga út yfir skipstjóra, ef lögunum ekki er hlýtt, enda þótt það oft og einatt sé ómögulegt fyrir skipstjóra að gera að því, þótt lögunum eigi sé fylgt. Eg skal ekki fara út í einstök atriði, þar sem þetta er 1. umræðu málsins, en yfirleitt er frumv. þannig úr garði gert, að eg álít nauðsynlegt að skipa í það nefnd, verði það ekki felt frá 2. umræðu, sem eg kysi helzt. Eg legg því til að 3. manna nefnd sé skipuð í málið að umræðu lokinni.

Steingrímur Jónsson: Eg vildi leyfa mér að spyrja, hvort mál þetta er á dagskrá; það stendur á dagskránni fyrir 5. maí, en eg veit ekki betur en að nú sé kominn 6. maí. *(Forseti:* Eg úrskurða að það sé 5. maí). Nú, eg ætla þá samt ekki að tala mikið, en verð þó að gera nokkrar athugasemdir. Eg álít þá aðferð sem höfð er í máli þessu alveg óforsvaranlega. Frumv. kemur fram í 9. eða 10. viku þingtímans og á svo að keyrast fram með þeim hraða, sem þingsköp frekast leyfa. Hér er þó um mjög merkilegt skattamál að ræða, því að í þessu frumvarpi er í fyrsta skifti farið fram á, að leggja á alment verzlunargjald, því að verzlunargjald er það, enda þótt það sé nefnt farmgjald. Gjald þetta er að vísu ekki hátt,

en það kemur ranglátlega hart niður á sumum vörutegundum, og það er víst, að sé einu sinni búið að leggja gjaldið á, þá verður sú aðferð höfð, að hækka það eftir því, sem peningaþarfir landsjóðs heimta. Eg er því eindregið meðmæltur að leggja svo fljótt sem hægt er á alment verzlunargjald, en að byrja með farmgjaldi sem lagt er á af hundahófi, greiðir ekki fyrir þeirri hollu og góðu hugsun. Það er því miklu frekar af velvild til málsins, en af því að eg vilji þvælast fyrir því, að eg greiði atkvæði móti frumvarpi þessu að þessu sinni.

Kristinn Daníelsson: Eg hefði gjarnan viljað talað nokkur orð, því að eg er ósamdóma háttv. 4. kgk. þm., en af því athugasemdir mínar snerta aðallega eina einstaka grein skal eg geyma þær til annar umræðu. Að eins vildi eg leyfa mér að mæla með því að málinu verði lofað að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 7 atkv.: 2.

Felt að kjósa nefnd í málið með 7:3 atkvæðum.

Önnur umræða; (A 703); 7. maí.

Agúst Flygenring: Eg vildi að eins með fáum orðum gera grein fyrir því, af hverju eg er á móti þessu frumv. Eg greiddi atkvæði á því að þetta frumv. yrði tekið upp til umræðu hér í deildinni með afbrigðum frá þingsköpum síðast, af því að eg áleit að þetta mál ætti ekki að komast frá þinginu í því formi og eins undirbúið og það var.

Á alþingi 1907 var kosin milliþinganefnd til þess að íhuga skattamál og tollmál landsins og koma fram með tillögur sínar í þeim málum. Þessi nefnd hafði lokið starfi sínu, en mál þau, er hún hafði til meðferðar, þóttu ekki nægilega undirbúin samt — því um mjög mikil vandamál var að ræða —, til þess að þau yrðu lögð fyrir þetta þing.

En nú er hér slitið út úr kerfinu ákaflega mikilsvarðandi mál, og fleygt inn á þingið í lok þingtímans.

Þótt komið hafi til mála að leggja innflutningsgjald á alt vörumagn, sem fluttist til landsins, þá hafa flestir ætlast til að slíkt yrði verðtollur. Því að menn játa að verðtollur komi jafnar niður »procentvis« heldur en tollur eftir vigt.

Þetta hefir ekki náðst með því frumv. sem hér liggur fyrir.

Það er fjarri öllum rétti að taka gjald eftir vigt og það af þeirri einföldu ástæðu, að slíkt gjald kemur algerlega rangt og öfugt niður. Því að dýru vörurnar eru að jafnaði minni fyrirferðar og léttari, en ódýru vörurnar eru meiri fyrirferðar og þyngri. Það hefir að vísu — eg skal játa það — verið reynt að laga þetta nokkuð í Nd., t. d. að því er snertir kornvöru og byggingarefni. En mörgu hefir þó verið slept og ekki tillit tekið til ýmsra vörutegunda. Það mætti t. d. nefna kartöflur. Það var sagt að af þeim mundi farmgjaldið eftir þessu frumv. ekki nema meira 1—2 % verðhækkun, en eg hef komist úr skugga um að það mundi nema hér um bil 12%. Eins er um hey, á því yrði verðhækkun um 7 %, á Soda 25 %. En aftur á móti á vefnaðarvöru, dúkum og sjölum yrði verðhækkunin ekki nema $^1/_2$ ‰ og á silki $^1/_{16}$ ‰. Úr því farmgjaldið er eingöngu miðað við þyngd þá raskast auðvitað mest verðið á ódýrum vörum, því þær eru vanalega þyngstar, eins og eg tók fram áðan. Og þó ætti tilætlunin að vera sú að gjaldið kæmi þyngst niður á dýrum vörum, því að þær eru að öllum jafnaði ónauðsynlegri.

Þessu frumvarpi hefir líka verið tekið illa af kaupmönnum. Meginþorri íslenzkra kaupmanna hefir ritað alþingi

og í því bréfi fært rök að því, að slíkt farmgjald, sem hér er farið fram á, sé fjarri þeim grundvelli, sem ætti að vera og þess vegna hafa þeir lagt sterklega á móti því, að frumv. yrði samþykt.

Hins vegar verð eg að telja það algerlega rangt að kasta slíku frumv. inn á þingið á síðustu dögum þess, og ætla svo að láta það ganga nefndarlaust og íhugunarlaust sinn gang. Eg vildi helzt að eitthvað yrði gert málinu til tafar ef ekki yrði hægt að fella það. T. d. mætti afgreiða það með rökstuddri dagskrá.

Kristinn Daníelsson: Eg get sjálfsagt búist við að það sé um seinan að tala nokkuð um þetta mál hér í deildinni. En það fekk svo ógestrisnar móttökur, þegar það kom hingað í fyrstu, að eg vildi þó sýna einhvern lit á að leiða rök að því, að það hafi átt betri viðtökur skilið, því að þetta er að minni skoðun gott mál. Allir eru á eitt sáttir um það, að brýna nauðsyn beri til þess að auka tekjur landsjóðs, þó svo að fólki verði sá tekjuauki ekki mjög tilfinnanlegur. Allir þingmenn hafa fundið sárt til fátæktar landsjóðs, þegar verið var að ræða fjárlögin, og þeir hafa orðið að sleppa mörgu, sem þeir annars hefðu óskað að hægt væri að framkvæma. Það má nefna bæði samgöngubætur og fræðslumál og margt fleira.

Þetta frumvarp er að vísu ekki ný braut, en eg verð þó að telja það heppilegt spor. Ef frumv. fengi fram að ganga, þá hefði það í för með sér tekjuauka, sem að vísu yrði ekki mjög mikill, en þó nokkur þegar í byrjun. Ef litið er með fullri sanngirni á þetta mál, þá er það auðvitað mál að verðtollur hefði verið betri, eins og háttv. 3. kgk. þm. tók fram. En eg vil þó taka það fram, að þó þetta sé ekki bein línis verðtollur þá lætur það þó í reyndinni nærri. Hækkun á vörum yrði mjög lítil. Og hæsta hækkunin yrði eftir »procentum« mjög lág, þegar hún væri borin saman við þá verðhækkun, sem búast má við að yrði, þegar búið er að leggja skattgjald á allar vörur, sem flytjast til landsins.

Háttv. 3. kgk. þm. fann það málinu til foráttu, að það væri óundirbúið. Þetta álít eg ekki rétt. Eg veit til þess að mjög vel hæfur maður hefir varið miklum tíma til þess að athuga það með nefndinni í nd., hvernig lögin mundu koma niður á ýmsum vörutegundum í reyndinni. Og eg hefi hér í höndunum skýrslur um þær athunanir.

Eg skal játa það, að gjaldið af kartöflum hefði átt að vera nokkuð lægra og sama má ef til vill segja um nokkrar aðrar vörutegundir. En þeir gallar eru þó svo lítilsverðir, að þeir ættu ekki að geta riðið frumvarpinu að fullu.

Háttv. þm. reiknaði út, hvað gjaldið næmi miklu að tiltölu við innkaupsverð. En eg vil ekki miða við það, heldur útsöluverðið. Því að það eru auðvitað ekki kaupmennirnir, heldur landsfólkið, sem verður að borga farmgjaldið, þannig að það verður að borga vöruna þeim mun hærra verði, sem farmgjaldinu nemur. Þegar svo er reiknað mundi kartöflutunnan verða kringum 5 % dýrari vegna farmgjaldsins en ella. Því að útsöluverð á kartöflum er kringum 8—12 kr. og farmgjaldið næmi 50 aurum. Þessi 50 aura verðhækkun er engin ósköp þegar miðað er við framfærslu kaupmannsins hvort sem er, sem vanalega nemur 2—3 kr.

Eg skal geta þess, að það kom ekkert flatt upp á mig, að kaupmenn fóru að senda þinginu þessi erindi og áskoranir um að fella þetta frumvarp. Það má búast við að þeir komi með slíka beiðni, hvenær sem þess konar skattur verður lögleiddur, enda skal eg benda

á, að í erindi þeirra er þess óskað, að farmgjöld verði *aldrei* lögleidd. En eg skil ekkert í þeim hávaða, sem hefir verið gerður út af þessu, þar sem um svona lítilfjörlegan skatt er að ræða. Nú er borgaður kringum 800 þús. kr. tollur af örfáum vörutegundum, en hér er um að ræða, að jafna 100 þús. kr. á alla tollstofna landsins, svo að það er auðséð, að verðhækkunin getur ekki orðið nema mjög lítilfjörleg.

Eg vil mæla sem bezt með þessu frumv. Það er tilraun í smáum stil, en getur gefið mikils verða reynslu, sem hægt væri að byggja á þegar farið verður fyrir alvöru að innleiða sem líkasta tolla þeim, er lagðir eru á að tiltölu við verð. Þess konar tollar, hreinir verðtollar, eru sjálfsagt heppilegri að ýmsu leyti, en þeir hafa aftur þann ókost, að þeir útheimta töluvert meira tolleftirlit.

Sigurður Stefánsson: Eg verð að taka í sama streng og háttv. 3. kgk. þm. Mér þykir undirbúningurinn engan veginn nægilegur, til þess að það sé gerlegt, að samþykkja þetta frumv. nú. Deildarmenn hafa verið svo önnum kafnir síðan málið barst deildinni, að þeir hafa naumast haft tíma til að hugsa neitt verulega um það. Eg get sagt fyrir mitt leyti, að eg hefi varla haft tíma til að lesa frumvarpið yfir, og er öldungis óviðbúinn að greiða atkvæði með því eða móti.

Eg vil líka benda á það, að þetta mál er komið óvanalega leið inn á þingið. Eg man ekki eftir að það hafi nokkurn tíma komið fyrir áður í þingsögu landsins, að tollmál hafi verið borin fram af hálfu þingmanna. Þau hafa ávalt komið frá stjórninni. Og af hverju? Af því að það hefir alt af verið álitið, að slík mál væru vandamál, sem þyrftu mikinn undirbúning. Því hefir stjórnin undirbúið þau vandlega, oftast með tilstyrk þingsins, og síðan borið þau fram.

Undirbúningurinn hefir verið slæmur hér í deildinni, og eg hygg að svo hafi einnig verið í neðri deild. Þar hafa líka verið miklar annir, og menn munu ekki hafa hugsað þetta mál svo vel sem skyldi.

Eg vil líka benda á það, að það er hvergi talin skylda þings að hafa frumkvæði að nýjum skattalögum. Stjórnin ber fram slík mál, þegar henni þykir við þurfa, og þingið sker úr frá sínu sjónarmiði, hvort tillögur hennar um aukna skatta eru á rökum bygðar.

Hin nýja stjórn hefir auðvitað ekki haft tíma til að koma með neinar slíkar tillögur, en hins vegar sýnist ekki vera svo brýn þörf fyrir aukna skatta á næsta fjárhagstímabili, að það sé ástæða til að bregða út af reglunni þess vegna.

Eg skal játa það að vísu, að fjárhagurinn er ekki í sem beztu lagi. En til þess að bæta úr því, hefði þetta þing átt að spara útgjöldin sem allra mest. Það var rétta leiðin, en ekki að koma með nýja skatta að þessu sinni; því síður sem ný skattalöggjöf yfir höfuð stendur fyrir dyrum.

Háttv. þm. V.-Ísf. sagði, að þetta væri að eins smátt byrjunarspor og virtist treysta því, að menn mundu sjá sér fært að halda áfram á sömu braut á næsta þingi. Eg skal engu um það spá, en jeg legg áherzlu á það, að í slíkum málum verður að gæta sín mjög vel, áður en fyrsta sporið er stigið. Það er alveg órannsakað, hvort það mundi gefast vel, að leggja á aðfluttar vörur sams konar gjald og lestargjaldið gamla. Eg skal ekkert um það segja til né frá, en eg álít ekki rétt af þinginu að byrja á því að órannsökuðu máli. Alt öðru máli væri að gegna, ef stjórnin athugaði

málið og undirbyggi það eftir föngum, og legði það svo fyrir næsta þing. Því að mér dylst það ekki, að á næsta þingi verður stjórnin að gera eitthvað til þess, að auka tekjur landsjóðs, og þá getur vel verið að henni þyki þessi leið hentugust. — Þess vegna vil eg leggja það til, að málinu verði lokið hér með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

»Með því að mál þetta hefir ekki getað fengið þann undirbúning hér í deildinni, sem telja verður nauðsynlegan, og deildin að öðru leyti telur sjálfsagt, að stjórnin undirbúi slík mál, þá tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá«.

Agúst Flygenring: Eg vildi að eins athuga dálítið nokkur atriði í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. Hann sagði, að þetta væri að eins lítið gjald, sem ekki væri þess vert, að amast við því, en gæti verið hentugt til þess, að fá reynslu til að byggja á framvegis.

Það er ekki á rökum bygt, að þetta sé svo lítilfjörlegur skattur, að hann verði alveg ótilfinnanlegur. Það er að minsta kosti stærri skattur en allur tekjuskattur og fasteignaskattur í landinu til samans, og þeir skattar hafa þó ekki þótt neitt sérlega óverulegir.

Það er satt, að það eru landsmenn yfir höfuð, sem greiða skattinn í raun og veru, en ekki kaupmennirnir. En höfuðgallinn við skattinn er sá, að hann kemur ranglátlega niður.

Hann vildi segja, að eg hefði farið eftir innkaupsverði og reiknað skattinn út í hlutfalli við það. En eg vil segja, að útreikningarnir voru ekki fjarri lagi, þó að miðað sé við útsöluverð. — Árið 1906 hafa verið fluttar inn yfir 7 þús. tunnur af kartöflum, og árið 1907 um 10 þús. tunnur, sem hafa verið seldar út fyrir kringum 80 þús. kr. Skatturinn af þessum 10 þús. tunnum hefði verið 5000 kr. eða nálægt 7% að útsöluverði. Þá er það ekki svo fjarri, að verðhækkunin hefði numið 12%, því að kaupmenn verða að fá nokkuð fyrir að leggja gjaldið út svo og svo löngu áður en varan selst.

Eg fer ekki neitt út í einstök atriði frumvarpsins, en þó vil eg geta þess, að ákvæðin eru alt of hörð. T. d. er í 6. gr. gert ráð fyrir, að selja vörurnar án dóms eða fjárnáms til lúkningar gjaldinu. Þetta eru gríðarlega hörð ákvæði.

Hátt. þm. taldi brýna þörf á að auka tekjur landsjóðs. Þetta er ekki rétt eins og nú stendur, því að fjárlögin eru svo úr garði gerð ennþá, og verða víst frá þessu þingi, að þau gefa ekki ástæðu til að óttast mikinn tekjuhalla.

Þá sagði hann, að skattamálanefndin hefði bent á þetta gjald. Það er ekki rétt. Það var að eins rætt um þetta í nefndinni og þess getið, að það væri ef til vill heppileg aðferð, að leggja verðtoll á aðfluttar vörur og auka tekjur landsjóðs á þann hátt. En þetta er alt annað en verðtollur. Hér eru toll-»satsarnir« að eins þrír, en þar sem um verðtoll er að ræða, eru þeir ótalmargir. Hér er ætlast til, að gjaldið verði lagt á eftir fyrirferð vörunnar, en verðtollur er lagður á eingöngu í hlutfalli við verðið. Það er fjarri því, að nokkuð líkt því, sem farið er fram á í þessu frumv., hafi vakað fyrir nefndinni eða þessum eina manni í henni, sem mælti með þess konar gjaldi.

Skatturinn kemur ákaflega órétt og óheppilega niður. T. d. má nefna það, að gjaldið verður lagt á pappír, sem flytzt til landsins, en ef búið er að prenta á pappírinn, þá þarf engan skatt að borga af honum. Með öðrum orðum, menn verða að borga eins konar sektir fyrir það, að láta prenta hér á landi, en ekki í útlöndum.

Háttv. þm. sagði, að málið hefði verið athugað vel í neðri deild. En eg held að sú athugun hafi verið af æði skornum skamti, sem vænta má, því að tíminn var naumur og mikið að gera við önnur mál. Enda varð eg var við það, að framsögumaður málsins var ekki vel inni í þeim útreikningum, sem hann var að fara með.

Eg get ekki álitið þetta frumv. á rökum bygt, og vil eindregið mæla með því, að sú rökstudda dagskrá, sem háttv. þm. Ísf. kom með, verði samþykt. Það er rétt, að stjórnin taki málið til íhugunar til næsta þings. Slík mál má ekki afgera nema með góðum undirbúningi.

Kristinn Daníelsson: Enda þó að eg hafi nú ástæðu til að óttast um afdrif málsins, þá vil eg enn mæla með því; eg vil ekki láta það falla við svo lítinn orðstír.

Eg mæli fastlega á móti þessari rökstuddu dagskrá háttv. þm. Ísf.

Hann sagði, að slík mál ættu að koma frá stjórninni, en ekki frá þingmönnum. Eg skal ekki bera á móti því, að þetta er að nokkru leyti rétt. En hér stendur nokkuð sérstaklega á, þar sem skattamálanefndin hefir athugað vel ástæðurnar með og móti slíkum sköttum sem þessum, og munaði litlu að hún kæmi með beinar tillögur í þá átt.

Hann sagði ennfremur, að það væri stjórnarinnar að biðja um það fé, sem hún þættist þurfa. Eg skal ekki neita þessu. En eg vil þó benda á það, að það kemur til þingsins eða þjóðarinnar kasta að útvega það fé, sem sjálfsagt þarf að veita á aukafjárlögum fyrir árin 1910 og 1911, og þá mundi ekki þykja að því, að hafa eitthvað til að taka.

Út af athugasemd háttv. þm. skal eg geta þess, að það vakti ekki beint fyrir mér, að bæta við þetta gjald strax á næsta þingi. Ætlun mín var að eins að fá þannig nokkra reynslu um það, hvernig slíkur skattur gæfist, reynslu sem mætti byggja á hvenær sem til þyrfti að taka að auka tekjurnar á þennan hátt, hvort sem það yrði á næsta þingi eða ekki. Og þar sem háttv. þm. lagði áherzlu, á að hið fyrsta spor bæri að stíga með varúð, þá er það hverju orði sannara; og það er einmitt kosturinn við þetta frumv., að þar er fyrsta sporið stigið með varúð, að eins til að þreifa fyrir sér.

Háttv. 3. kgk. þm. hélt því fram, að þetta væri alls ekki lítilfjörlegur skattur, og því til sönnunar benti hann á, að hann mundi nema alt eins miklu eins og allur fasteigna- og tekjuskattur. En eg veit ekki betur en að það hafi oft verið talað um að afnema þessa skatta af því að þeir eru svo lítilfjörlegir, að það munar ekkert um þá hvort sem er. Svo að samanburðurinn við þessa skatta sýnir einmitt hve lítilfjörlegur skattur það er, sem frv. fer fram á.

Þar sem þingmaðurinn nefndi verzlun, sem mundi eiga að greiða 6000 kr. í toll eftir þessu frumv., þá er það hreint ekki svo mikið ef 600 þús. kr. væri ársumsetning verzlunarinnar, sem ekki mun fjarri; þ. e. sama sem 1%. Á kartöflum játa eg að ætti að vera lægri tollur; en 50—65 a. á tunnuna af útlendum kartöflum er þó ekki mikil verðhækkun. Þar sem minst var á, að brýna þörf bæri til að auka tekjur landsjóðs, þá var þar með átt við að hagur landsins í heild sinni væri hafður fyrir augum, og er það ekki hægt nema fundið sé ráð til að afla meira fjár. Í síðasta hluta ræðu sinnar var þingm. ærið þungorður, þar sem hann talaði um sektir, sem lagðar væri á landsmenn. Slíkt er ofmæli ein. Hér er að eins að ræða um litla verðhækkun, þar sem gjaldið er ekki hærra en svo, að nemi 1—2%.

Í sambandi við aðflutningsskýrslurnar skal eg leyfa mér að taka það fram, að það má vera, að á einum stað hafi verið slept tveimur núllum. Þetta er flókið og vafningasamt reikningsdæmi, og þarf hreint ekki svo mjög að undra, þó að slíkar skekkjur geti átt sér stað. Hins vegar væri rangmæli að segja, að skýrslurnar bentu ekkert í rétta átt fyrir það. Aðalniðurstaðan þarf ekki að haggast, þó að smáskekkjur geti komið fyrir; og benda skýrslurnar í heild sinni alt að einu fyllilega í hina réttu átt eftir sem áður. — En hvað verðhækkunina snertir, þá er hún að eins lítið meira en 1%.

ATKV.GR.:

Svohljóðandi rökstudd dagskrá, er þm. Ísf. bar fram, var samþykt með 8:4 atkv.:

Með því að mál þetta hefir ekki getað fengið þann undirbúning hér í deildinni, sem telja verður nauðsynlegan, og deildin að öðru leyti telur sjálfsagt, að stjórnin undirbúi slík mál, þá tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni.

Lausnarbeiðni ráðherra.

TILLAGA til þingsályktunar um að deildin vænti þess, að ráðherra (H. H.) beiðist lausnar (A. 34). 22. febr.

Forseti lagði til að tillagan væri rædd í einni umræðu, og var það samþykt í e. hlj.

Þingsályktunartillagan var aldrei rædd.

Fjármálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga fjármál landsins (A. 308). 20. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt, að ein umr. skyldi verða um málið.

Ein umræða; 20. marz.

Forseti gat þess, að ráðherra hefði gefið samþykki sitt til þess að ræða mætti tillöguna í dag, og beiddist jafnframt samþykkis deildarinnar til þessara afbrigða frá þingsköpunum.

Deildin veitti samþykkið í einu hlj.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Eg hefi ekki nema örfá orð að segja um tillöguna. Það hefir verið gjört áður á þingi, að skipa nefnd til að íhuga fjármál landsins, auðvitað í þeim tilgangi, að hún hafi fjárlögin með höndum, þegar þar að kemur. — Eg sé ekki að það sé neitt athugavert og ræð háttv. deild til að samþ. till.

Lárus H. Bjarnason: Tillagan er gagnslaus, en hún er líka meinlaus, og því skal eg ekki amast við henni. Hún er gagnslaus af því, að atkvæðagreiðslan í neðri deild um fjárlögin er nú svo langt komin, að nefndin getur ekki héðan af fylgst með henni. Nú, en tillagan mun vera borin fram til þess að tryggja meirihlutanum fleiri sæti í nefndinni en hann hefði átt vís ef kosið hefði verið í nefndina eftir brottför hæstv. forseta. Nú er það að vísu óþarft að skipa sérstaka fjármálanefnd nú þegar af þeirri ástæðu af því að minni hlutinn hefði staðið við loforð sitt, að eftirláta meiri hlutanum það sætið, sem annars hefði átt að verða hlutkesti um. — En sem sagt, tillagan er meinlaus og því mun minni hlutinn ekki amast við henni.

Steingrímur Jónsson: Eg skal lýsa því yfir að eg vil ekki vera móti

þessari tillögu. Það hefir sýnt sig á þingunum 1905 og 1907 að hér er um heppilega »praxis« að ræða.

En eg vildi aðeins vekja athygli á einu atriði, og það er, hvernig nú stendur á þingtíma. Vér getum búist við því um næstu helgi að fjárlögin komist hingað til Ed., og það er ekki útlit til þess að þingi verði slitið fyr en um lok aprílmánaðar. Af þessum ástæðum getur fjárlaganefndin i Ed. unnið um miklu lengri tíma en venjulega, og það því fremur, sem óhætt er að fullyrða, að fjárlögin verði ekki tekin til umræðu hér í deildinni fyr en forsetar vorir eru komnir aftur úr utanförinni, og hinn nýi ráðherra getur mætt hér á fundum. Mér datt í hug, hvort ekki væri hægt þá að skipa nefndina 7 mönnum og það því fremur, sem þá væri mögulegt að gefa þeim háttv. þm., sem hér er utanflokka, — eg á við háttv. 6. kgk. þm. —, kost á að eiga sæti í nefndinni.

Flutningsm. (Sig. Stefánsson): Eg skal lýsa því yfir fyrir hönd meirihlutans, að við höfum ekki borið okkur saman um breyt.till. á skipan nefndarinnar í þessa átt. En eg lít svo á, að háttv. 4. kgk. hefði orðið að koma fram með breyt.till. um þetta atriði, ef hægt á að vera að taka slíkt til greina. En til þess yrði aftur að fresta umræðunni.

Hinsvegar vil eg vekja athygli á því, að minni kraftar verða eftir til þess að sinna öðrum málum, ef svona margir menn yrðu settir í þessa einu nefnd. Mér er þetta alls ekki kappsmál, en finst líka það atriði dálítið athugavert, að fjárlaganefndin gæti borið deildina ofurliði í hverju máli, þegar til atkvæðagreiðslu kæmi, ef hún væri skipuð meiri hluta þingdeildarinnar.

Júlíus Havsteen: Eg hefi nú setið í mörg ár á þingi en eg veit þó engin dæmi til þess að 7 manna nefnd hafi verið kosin hér í Ed. Eg man eftir því, að það var einu sinni reynt, en þá varð einn háttv. þm. svo reiður, að hann fór burt af fundi.

Á hinn bóginn vaxa verk þingmanna svo mikið um síðari hluta þingsins að mér finst þeir hafa nóg að gera, þó þeir sé ekki hafðir svo margir í fjárlaganefnd.

Forseti: Þetta er í fyrsta sinn, sem komið hefir till. um að setja meira en helming þingdeildar í sömu nefnd, og eg býst við að það mundi fyr meir, þegar eg átti setu á þingi, hafa verið álitið mjög mikið vafamál, hvort það væri leyfilegt. En eg get þó ekki séð, að það sé beint á móti þingsköpunum. Mér þykir það þó fremur óviðkunnanlegt, og skal skjóta því til háttv. 4. kgk. þm., hvort hann sé ekki tilleiðanlegur til að taka þessa tillögu sína aftur.

Steingrímur Jónsson: Eg þykist sjá að þessi breyt.till. mín muni ekki hafa neinn byr í deildinni, og skal þessvegna samkvæmt tilmælum háttv. forseta leyfa mér að taka hana aftur.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt með 12 samhlj. atkvæðum.

Var nefndin síðan kosin með samþykki ráðherra og deildarinnar, og hlutu kosningu:

Gunnar Ólafsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Sigurður Stefánsson,
Eiríkur Briem,
Steingrímur Jónsson.

Sbr. bls. 77 að framan.

Gagnfræðaskòli á Ísafirði.

TILLAGA til þingsályktunar um stofnun gagnfræðaskóla í Ísafirði (A. 78). 3. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt að hafa eina umræðu um tillöguna.

Ein umræða; 5. marz; (A. 78).

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Eg ber þessa tillögu, sem hér liggur fyrir, fram samkvæmt erindi, sem sem liggur á lestrarsalnum.

Það mætti kalla þessa tillögu stórtíðindi. Það er ekki af því, að ekki hafi komið lík mál fyrir þingið áður, heldur af því að þetta er fyrsta skipti, sem ósk hefir komið úr Vestfirðingafjórðungi um slíkt, sem hér ræðir um. Þó að allir hafi verið að biðja um skóla og skóla og aftur skóla, þá hefir samt aldrei heyrst rödd í þessa átt úr Vesturlandi. Að þessu leyti er tillagan algerlega ný.

Eg skal ekki fara neitt út í það að grafast fyrir, hversvegna þessi fjórðungur hafi verið svo þögull, þegar hann er borinn saman við aðra landshluta. En menn kynnu máske að svara því svo, að áhugi á mentamálum væri þar minni en annarstaðar. Getur verið að það hafi verið orsökin. En þegar svo loksins rödd kemur fram um svona stofnun, sem hér er farið fram á, þá sýnist full ástæða til að synja þeirri ósk ekki allrar áheyrnar. Því að hún bendir á að mönnum sé nú orðið það ljóst í Vestfirðingafjórðungi, að brýn þörf sé á aukinni alþýðumentun á Vesturlandi.

Eg skal játa, að það hefir jafnan verið fyrir mér ærið umhugsunarefni að leggja út í að setja á fót stofnanir, sem bökuðu landsjóði mikinn kostnað. Og eg býst við, að háttv. þingmenn, sem hafa unnið með mér áður, viti að eg hefi ávalt verið sá varfærni maður um slíkt.

Eg býst við, að eg tali af meiri þekking á Vesturlandi heldur en flestir aðrir. Og eg tek það fram, að það er meiri þörf á alþýðufræðslu á Vesturlandi en annarstaðar.

Eg veit að mér muni verða svarað því, að fjárveitingarvaldið og löggjafarvaldið hafi gert mikið fyrir landið í heild sinni, til þess að greiða fyrir alþýðu manna að fá einhverja mentun; því að nú eru orðnir 3 gagnfræðaskólar hér á landinu, einn í Reykjavík, annar í Hafnarfirði og þriðji á Akureyri. Eg skal játa, að þeir sem þetta segja, hafa mikið til síns máls. Eg get þá aftur svarað því, að þeir græða langmest á skólunum, sem næstir búa. Eg á ekki með þessu við, að eg vildi hafa gagnfræðaskóla í hverri sýslu, en þykir hinsvegar ekki ósanngjarnt, að Vestfirðingafjórðungur fengi líka sinn skóla, úr því einn er á Norðurlandi og tveir svo að kalla í Reykjavík. Það sjá allir, sem um þetta hugsa, að Vestfirðingafjórðungur er ekki einungis vanræktur, heldur algerlega afskiftur í þessu tilliti.

Eg hefi litið fljótlega eftir því í fjárlagafrumvarpinu, sem liggur fyrir þessu þingi, hvað veitt er til mentamála í öðrum hlutum landsins, og þar sést, að á fjárhagstímabilinu á að veita 7000 kr. hvort árið til kvennaskólans í Reykjavík, og 3500 kr. hvort árið til Flensborgarskólans. Til bændaskólans á Hvanneyri á að veita 6200 kr. og þar að auki 46000 kr. fyrra árið til húsabyggingar. Og loksins á Lýðháskólinn á Hvítárbakka að fá 2100 kr. hvort árið. Það er með öðrum orðum, að ætlast er til, að Suðurland fái hér um bil 83000 kr. yfir fjárhagstímabilið til skóla. Og þó hefi eg slept öllu því, sem veitt er til almenna mentaskólans í Reykjavík, en það er á milli 30 og 40,000 kr., og er hann þó einnig gagnfræðaskóli, sem kemur Suðurlandi að mestum notum. En eg hefi þó ekki talið hann með, því þessi skóli

verður víst að álitast vera fyrir allt landið í heild sinni. Taki maður nú Norðurland, þá er fyrst kvennaskólinn á Blönduósi; hann á að fá 4000 Kr. á fjárhagstímabilinu. Til gagnfræðakenslunnar á Akuryri á að veita 25,000 Kr. og bændaskólinn á Hólum á að fá næstum því 40,000 Kr., en þar í er innifalinn kostnaður við skólahússbyggingu.

Eg vildi nú biðja háttv. þingmenn að benda mér á einhverja mentunarstofnun í Vestfirðingafjórðungi. Þar er algerlega autt borð! Nei, það er ætlast til að veittar verði 1500 kr. hvort árið til verklegrar búnaðarkenslu í Ólafsdal. En þær 3000 kr. eru líka alt og sumt, sem Vesturland fær til að mentast fyrir.

Eg vil ekki að háttv. þingdeildarm. skilji þetta frumvarp svo, að eg hafi flutt það af hreppapólitiskum ástæðum. Mér hefir ekkert slíkt komið í hug, og það er langt frá að eg öfundist yfir þeim skólastofnunum, sem eru í öðrum landshlutum, en eg get ekki gert að því, að mér finst Vestfirðingafjórðungur vera nokkuð afskiftur.

Sú upphæð, sem veitt er til skóla á Suður- og Norðurlandi, er um hálft annað hundrað þús. kr. En fari maður upp í stjórnarráðið og gæti að, þá má sjá þar, að Ísafjarðarsýsla ein leggur árlega næstum eins mikið af mörkum til landsjóðs, og nemur öllum þessum upphæðum samantöldum. Svo það verður ekki sagt að Vestfirðingar sé slæmir gjaldendur til landsjóðs, þar sem aðeins ein sýsla greiðir alt þetta fé. En það er þá ekki nema eðlilegt að þessi héruð vildu fá að sjá dálítið af mentastraumum landsins veitt til sín.

Þessir skólar, sem eg hefi getið um, eru auðvitað ætlaðir Vestfirðingum eins og hverjum öðrum. En þeir háttv. þm., sem kunnugir eru þessum skólum, vita víst fullkomlega, að skólarnir á Möðruvöllum, Hólum og í Flensborg hafa með mestu naumindum getað fullnægt þeirri aðsókn, sem að þeim hefir orðið og enda orðið að vísa mönnum þráfaldlega burt vegna þrengsla. Mér er ókunnugt um, hvort þetta hefir orðið líka á Akureyri. En það bendir þó á að mentunarlöngnn þjóðarinnar sé hvergi nærri fullnægt.

Eg skal taka það fram, að það, sem einmitt gerir aðsóknina að skólunum svo mikla, eru ekki góðar fjárhagsástæður foreldranna, meðan verið er að ala börnin upp og börnin eru á þeirra vegum; það er heldur ekki fræðslulöggjöf landsins. Hér ræðir um alt annað. Það er mentunarþrá æskumannanna sjálfra eftir að þeir fara úr foreldrahúsunum, og þessari þrá fullnægja þeir á þann hátt, að þeir láta sumarvinnuna sína ganga upp í skólavistarkostnað sinn á veturna. Skólavistin fyrir norðan og í Flensborg hefir verið svo ódýr, að piltarnir gátu með sumarkaupi sínu borgað hana. Það er öldungis víst, enda viðurkent af flestum sem vit hafa á, að æskumaðurinn hefir meira gagn af eins árs skólaveru, sé hann ekki því ver undirbúinn frá barnsaldrinum, heldur en drengir geta haft af enda þrem árum innan fermingarinnar.

Það er þessara hluta vegna að gagnfræðaskólarnir hafa verið svo vel sóttir hér á landi; þeir hafa verið svo sniðnir eftir hæfi þjóðarinnar.

Í sambandi við það, sem eg sagði um aðsókn og þrengsli í skólunum, skal eg geta þess, að þó almenni mentaskólinn sé gagnfræðaskóli, þá er hann í raun og veru lokaður fyrir þjóðinni með óhentugum reglugerðarfyrirmælum, og aðeins unglingaskóli fyrir Reykjavík. Í hann eru engir teknir nema á barnsaldri, og það er nóg til að loka honum fyrir öllum þorra landsmanna, þetta veit eg að allir kannast við, eins og líka að landsmenn hika við að senda sonu sína til Reykjavíkur áður en þeir eru fermdir.

Það skiftir miklu, að skólavistin á alþýðuskólunum geti orðið nemendunum sem ódýrust. Þegar Ísafjörður og Reykjavík eru borin saman, hvað snertir kostnað á öllu lífsviðurværi, þá er mér það fyllilega ljóst, að flestar lífsnauðsynjar eru miklum mun ódýrari á Ísafirði en hér í Reykjavík; það má taka t. d. kjöt og fisk og ýmislegt fleira. Mjólk er ef til vill dýrari, en það er þá engin ofætlun ungum mönnum, að lifa mjólkurlausir þann tíma. Á Ísafirði yrði skólinn auðvitað aðallega fyrir Ísfirðinga. En Ísafjörður er þó í mjög tíðu sambandi við mikinn hluta fjórðungsins og íbúar þessara sýslna eiga mjög mikil viðskifti við Ísafjörð, svo það er enginn efi á, að það yrði miklu hægari aðgangur að skólanum á Ísafirði, en t. d. hingað suður eða norður á Akureyri.

Eg veit það með vissu að fjöldi ungra manna, sem vildu komast í skólann, gætu unnið fyrir sér á Ísafirði að sumrinu, og lært að vetrinum, og þyrftu þannig engin ferðalög og þeim fylgjandi kostnað að hafa.

Eg skal ennfremur geta þess, að bæjarstjórnin á Ísafirði hefir í hyggju að byggja stórt hús undir barnaskóla, og mætti hugsa sér, að hún mundi verða fús til að haga þeirri byggingu svo, að hægt yrði að hafa hennar einhver not í sambandi við gagnfræðaskóla. Það er ekki við því að búast, að Ísafjörður taki á sig stóran kostnað fyrir aðrar sýslur eða landshluta.

Eg játa að þetta yrði æði mikill kostnaður fyrir landsjóð, og eg tek það fram á ný, að eg hefi verið og vil vera sá varfærni maður, þegar um útgjöld úr landsjóði er að ræða. Eg vil þessvegna hreint ekki að neitt flýtisverk verði gert á þessu máli, né flanað að því á nokkurn hátt. Þessvegna fer eg ekki fram á að stofnun þessi sé reist á næsta fjárhagstímabili, heldur aðeins undirbúin. Eg mundi ekkert hafa á móti því, að nefnd yrði skipuð í það, þegar umræðunni er lokið.

Eg sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um málið að svo stöddu.

Lárus H. Bjarnason: Áður en eg heyrði ræðu háttv. þm. Ísf. skildi eg ekki almennilega, hversvegna hann væri að flytja þetta frumv., en nú heyrði eg að það væri vegna áskorunar frá kjósendum hans í Ísafjarðarkaupstað. Og sannast þá hér sem oftar, að mikið er gjört fyrir kjósendur.

Háttv. þm. taldi til heilmikið af ástæðum fyrir því, að þessi skóli yrði settur á stofn. En eg verð að álíta, að engar þeirra styðjist við nægileg rök, og að sumar af þeim geti alls ekki komið til greina; t. d. sú ástæða, að Ísafjörður greiði svo og svo mikið til landsjóðs. Það er ekkert annað en hreppapólitík. Háttv. þm. sagði líka, að þessi landshluti væri settur hjá að öllum menningarfyrirtækjum. Það er líka hreppapólitík, og er auk þess heldur ekki rétt. Því að þeir skólar, sem þm. gat um, t. d Hvanneyrarskólinn, eins og raunar allir landskólarnir, eru eins gerðir fyrir Ísfirðinga og aðra. Þeir eru landskólar, þó að þeir séu eðlilega missóttir af landsmönnum.

Frá almennu sjónarmiði er engin þörf á gagnfræðaskóla á Ísafiði. Sem stendur eru 3 gagnfræðaskólar á landinu, einn í Reykjavík í sambandi við mentaskólann, annar á Akureyri og hinn þriðji í Hafnarfirði. Og eg hefi ekki heyrt annað en að þessir skólar fullnægi kröfum þjóðarinnar. En jafnvel þótt rúm væri of lítið í einhverjum af þessum þrem skólum, þá væri þó hægra að bæta húsrúmi við, heldur en að byggja nýjan skóla annarstaðar. Sama er að segja um kenslukrafta. Það er hægra að bæta við einum kennara við einhvern gamla skólann, heldur en að stofna mörg kenn-

araembætti við nýjan skóla. Og frá sérmennu sjónarmiði er heldur engin ástæða til að stofna sérstakan gagnfræðaskóla fyrir Vestfirði, eða þær 3 sýslur, Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu og Barðastrandarsýslu, sem sérstaklega myndu nota skólann. Í þessum sýslum eru að vísu rúm 12000 manna. En þeim er svo í sveit komið, að Strandasýsla á eins hægt að sækja skóla á Akureyri eins og á Ísafirði, og Austur-Barðastrandarsýsla að minsta kosti jafn auðsótt til Reykjavíkur eins og til Ísafjarðar. Og er þá Ísafjarðarsýsla ein eftir, en henni ætti ekki að vera ofætlan að leita á annanhvorn hinna staðanna, þar sem allar samgöngur eru nú orðnar góðar og greiðar.

Þessi skólastofnun mundi líka hafa ýmsar óþægilegar afleiðingar í för með sér. Það yrði fyrst að byggja hús yfir skólann, og skal eg í því sambandi að eins minna háttv. þm. á kostnaðinn við skólabygginguna á Akureyri, sem nam um 70,000 kr. auk rekstursskostnaðar, sem nemur árlega 11,900 kr. Í annan stað mundi Flensborgarskólinn þá verða lagður niður, því að hann yrði þá óþarfur, en eg sé ekki hvað mælir með þeim flutningi og þeim kostnaði, sem því fylgir. Og í þriðja lagi yrði að draga meira við þá 2 skóla, sem eftir yrðu, en nú er gjört, en af því leiddi aftur að allir skólarnir yrðu lakari. Þetta er alt ilt. Það ætti að keppa að því að skólarnir yrðu sem beztir og hafa þá heldur færri; fjárhagur landsins er ekki svo, að fé sé fyrir hendi til margra góðra skóla.

Þetta nýmæli kemur líka hálf illa heim við þá hugsun, sem alþingi virðist hafa tekið upp með fækkun búnaðarskólanna, að flytja þetta mál nú. Búnaðarskólunum var fækkað úr 4 í 2, einmitt til þess að geta gjört skólana sem bezt úr garði.

Og svo virðist flutningur þessa óþarfa, en mjög svo dýra máls ekki hvað síst undarlegur, þegar litið er til þess, að nú er í ráði að svifta landsjóð einhverjum bezta spóninum úr aski landsmanna.

Eg sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þessa tillögu lengur, en úr því að svo mikilsmegnandi maður sem háttv. þm. Ísf. á í hlut, þá er eg ekkert á móti því, að nefnd verði skipuð í málið, þó að eg hins vegar sé þess albúinn, að greiða atkvæði á móti tillögunni nú þegar.

Sigurður Stefánsson: Eg skal þá leyfa mér að stinga upp 3 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Samþykt í einu hljóði að kjósa 3 manna nefnd og fresta umræðunni. Í nefndina voru kosnir:

Jósef Björnsson,
Sigurður Stefánsson,
Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm.

Umræðunni frestað.

Framhald einnar umræðu. (A 78; 223) 19. marz.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Við byrjun 1. umr. tók eg það fram, sem styðja mátti þetta mál, og engin af orðum mínum hafa verið hrakin með nokkrum rökum. Eg þarf því engu við að bæta nú um það, að þetta er gott mál og nauðsynjamál til þess að vekja mentalíf á Vesturlandi. En meiri hluti nefndarinnar var þó á því, að fara ekki lengra út í þetta mál að þessu sinni, bæði vegna þess að fjárhagur landsins er þröngur og einkum vegna þess að í bráðina mætti bæta úr þessum tilfinnanlega skorti á mentunar-

stofnun á Vesturlandi með því að auka fjárstyrk til unglingaskóla á Ísafirði.

Get eg að því leyti verið nefndinni samdóma, að fjárhagur landsins muni nú fyrst um sinn verða ærið þröngur, og því athugavert að stofna til kostnaðarsamra stórfyrirtækja, og með því að meðnefndarmenn mínir hafa heitið því fylgi sínu, að leggja nokkurt fé til aukinnar unglingafræðslu á Ísafirði í sambandi við barnaskólann, þá vildi eg ekki rjúfa nefndina og tek því tillöguna aftur í þeirri von, að þingið styðji framhaldsskólann á Ísafirði með meiru fé en hingað til.

Tillagan tekin aftur af flutningsmanni.

Skólabækur.

TILLAGA til þingsályktunar um samning hentugra skólabóka (A 141); 11. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt, að ein umræða skyldi verða um málið.

Ein umræða; (A 141); 12 marz.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm.): Tillaga sú, sem hér liggur fyrir og eg hef leyft mér að bera fram fyrir hina háttv. deild, er ekki mikil fyrirferðar á pappírnum. Ýmsum kann og að virðast í fljótu bragði, að hún skifti ekki miklu máli og það standi ekki á miklu hvað um hana verður.

En eg ætla að reyna að leiða rök að því, að hér er um stórmál að ræða, mál, sem hlýtur að hafa hin stórvægilegustu áhrif á þjóðlíf vort og öll þjóðernisþrif á komandi tíð.

Öllum, sem íslenzkt hjarta bera í brjósti, mun koma saman um það, að íslenzkan, tungan sem forfeður vorir hafa talað og ritað um þúsundir ára, — móðurmálið okkar — sé hið langdýrasta, sem við eigum til í eigu okkar, sé það sem gerir oss ríka mitt í fátækt vorri og einstæðingsskap.

Það er tungan eða þeir menn, sem bezt hafa með hana farið, sem varpað hafa frægðarljóma yfir þetta afskekta land og þessa fámennu þjóð.

Það er tungan, sem öllu öðru framar einkennir okkur sem þjóð.

Hún er vort aðalþjóðernismark, sannkallað aðalsmerki vort, og þessu merki verðum vér að halda hátt meðal þjóðanna, annars eru dagar vorir þá og þegar taldir. Þegar ísl. mál hverfur af vörum okkar, þá erum við glataðir sem þjóð, við hverfum þá von bráðar sem dropi í þjóðahafið, því að:

Tungan geymir í tímans straumi
trú og vonir landsins sona,
dauðastunur og dýpstu raunir,
darraðarljóð frá elztu þjóðum;
heiftar eima og ástarbríma,
örlagahljóm og refsidóma,
land og stund í lifandi myndum
ljóði vígðum geymir í sjóði.

En hvernig förum við að ráði okkar; hvernig förum við með þennan dýrgrip, sem á að vera oss öllu hjartfólgnari?

Í byrjun aldarinnar, sem leið var málið komið í hinu mestu niðurlæginu. Þá vöktust upp nokkrir ágætismenn, sem björguðu málinu og um leið bókmentum vorum og þjóðerni. Þeir hreinsuðu úr því útlenda sorann og skiluðu því eftirkomendum sínum sem skíru gulli.

En sú gullöld stóð ekki lengi.

Málið tók að spillast og nú er svo komið að rétt einstöku menn rita hreint mál og fagurt. En hvað veldur þessu?

Hvaðan er þessi spillingaralda runnin?

Eg lái mönnum ekki, þó þeim verði bylt við, þegar eg leyfi mér að fullyrða að þessi spillingaralda eigi að miklu

leyti upptök sín í skólunum okkar! — Í skólunum, sem við höfum stofnað og haldið við með miklum kostnaði til þess aðallega að þeir væru gróðrarstíur og vermireitir alls hins bezta og göfugasta með þjóð vorri. Þetta er því furðulegra sem vér höfum átt ágæta menn í kennarastöðum, sem hafa ritað og talað ágætt mál. En við höfum ekki vandað til skólanna sjálfra. Það hefir algerlega vantað íslenzkar kenslubækur í öllum greinum. Þegar synir vorir koma í skóla þá eru réttar að þeim danskar kenslubækur. Öll skólafræði eru fengin þeim í dönskum umbúðum. Jafnvel íslenzk fræði eru kend eftir dönskum bókum; t. d. íslenzk bókmentasaga. Og þetta kendi sá maður, sem einna bezt var að sér í íslenzku máli á allri öldinni, sem leið. Slíkt var tilfinnanlegt og ekki undarlegt, að lærðir menn geta ekki talað eða ritað nema með dönskukeim; auðvitað eru undantekningar frá þessu.

Nú á 20. öld vantar íslenzkar bækur í hér um bil öllum fræðigreinum, sem kendar eru við skólana.

Það er öllum ljóst, hvað þetta er óheppilegt. Löggjafarvaldið hefir heldur ekki lokað augunum fyrir því. Síðan 1895 hafa verið veittar 600 kr. á ári til þess þess að semja og gefa út kenslubækur. En þessi styrkveiting hefir ekki komið að fullum notum. Af þeim 8400 sem veittar hafa verið á fjárlögunum hafa að eins tæpar 1000 kr. verið notaðar. Þetta stafar af tvennu. Í fyrsta lagi er féð of lítið. Því að það er vandaverk að semja kenslubækur og þá er ekki von að menn gjöri það, þegar þeir eiga það óvíst, hvort þeir muni geta gefið bækurnar út og fengið þó dálítið fyrir vinnu sína. Í öðru lagi hefir enginn verið til að sjá um þetta. Það hefir engin verið til þess að fá menn til þess að semja kenslubækur og síðan annast um að þær yrðu gefnar út.

Á þessu á þessi tillaga, sem eg hef leyft mér að flytja hér á þinginu að ráða bót.

Eg hef hugsað mér fyrirkomulagið á leið að skipuð yrði nefnd, sem svo íhugaði hvaða bækur ætti að gefa út. Þessi nefnd ætti svo að snúa sér til þeirra manna, sem hún áliti færa til starfsins, og fá þá til að semja kenslubókina. Þegar bókarhöfundurinn hefði lokið starfi sínu, ætti hann að senda bókina til nefndarinnar, sem svo gerði sínar athugasemdir og ef eitthvað þætti ábótavant, mætti senda höfundi bókina aftur til þess að laga misfellurnar. Þegar bókin væri búin að ganga gegnum þennan hreinsunareld, ætti nefndin að útvega útgefanda að henni.

Þetta mundi auðvitað hafa nokkurn kostnað í för með sér og ætti sá kostnaður að sjálfsögðu að greiðast af fé því, sem veitt yrði af landsjóði til útgáfu kenslubóka. Nefndin ætlast eg til að haldi starfi sínu áfram, þangað til allar kenslubækur væru fengnar fyrir hina æðri alm. mentaskóla vora. Þeir menn, sem kæmust í þessa nefnd, yrðu að vera smekkvísir og umfram alt gæta þess, að gott mál væri á bókunum. Á seinni tímum hafa komið út ýmsar kenslubækur hér á landi, en aðalgallinn hefir æfinlega verið sá hve mál hefir verið vont á þeim. Og íslenzk kenslubók á vondu máli er verri en dönsk bók. Því að unglingum dettur ekki í hug að læra útlendar bækur utanbókar, en það er öðru máli að gegna um það sem ritað er á Íslenzku. Þar geta oft langir kaflar fest sig ósjálfrátt í hug þeirra og þá læra þeir málgallana og vitleysurnar um leið.

Ef menn ekki vilja sinna þessu, og geta horft á það afskiftalausir að tunga vor spillist og glatist, tel eg alt tal okk-

ar um sjálfstæði orð — orð innantóm og hégómann einberan.

Steingrímur Jónsson: Eg stend upp að eins til þess að lýsa því yfir, að eg vil styðja till. háttv. 6. kgk. þm. um að skipa svona kenslubókanefnd. Annars er málið ekki nýtt en hefir vakað fyrir þinginu áður. En skipun 5 manna nefndar er svo óákveðið. Nefndin mundi hafa svo óákveðið starfssvið og einkum og sérstaklega verður ekki séð hve mikinn kostnað þetta mundi hafa í för með sér. Mér finst sjálfsagt að kjósa nefnd hér í deildinni, til þess að íhuga allar hliðar málsins, og bera fram tillögur um það, sem væru nokkru ákveðnari en nú er. Eg vil leyfa mér að stinga upp á að nefnd verði skipuð í málið.

ATKV.GR.:

Samþykt með 11 samhljóða atkv. að kjósa 3 manna nefnd og fresta umr.

Kosnir voru í nefndina:

Jósef Björnsson,
Kristinn Daníelsson,
Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm.

Var þá umræðunni frestað.

Framhald einnar umræðu; 25. marz. (A 141; 310).

Framsögum. (Stefán Stefánsson, 6. kgk. þm.): Eg leitaðist við, þá er mál þetta var til umræðu hér í deildinni á dögunum, að færa rök að því, að hér væri um nauðsynjamál að ræða, og skal eg ekki endurtaka ástæður þær, er eg taldi þá. Eg get því verið stuttorður að þessu sinni. Svo sem háttv. deildarmenn sjá af nefndarálitinu, er tillaga nefndarinnar nokkru víðtækari en hin upprunalega var. Tilgangur minn með tillögunni var, að reyna að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti, sem nú er, á hentugum kenslubókum fyrir hina æðri almennu mentaskóla. En eftir tillögu eins nefndarmanns hefir nefndin bætt því við tillöguna, að kenslubókanefnd þessi skuli og hafa eftirlit með útgáfu kenslubóka fyrir barna og unglingaskóla. Eg var nokkuð hikandi við að víkka þannig starfssvið nefndarinnar, því að bæði gat eg hugsað, að tillagan myndi þá eiga örðugra uppdráttar hér á þingi, og jafnframt myndi það draga úr framkvæmdum nefndarinnar að því er æðri skólana snertir, ef störf hennar yrðu þannig aukin, en eigi að síður félst eg á viðbótina, þar sem mér var það ljóst, að mikil bót er að því að láta slíkar bækur ganga í gegnum góðra manna hendur. Með því að löggilda þær einar bækur fyrir lægri skólana, er nefndin legði til að löggiltar yrðu væri og trygging fengin fyrir því, að þar væru ávalt notaðar hinar beztu kenslubækur, sem völ væri á í landinu. En þar sem mér er kunnugt um, að sumir eru mótfallnir þessari viðbótartillögu, tel eg réttast að tillagan sé borin upp í tvennu lagi, og vildi eg leyfa mér að benda hæstv. forseta á það.

Nefndin hefir ekki gert ráð fyrir neinni sérstakri borgun fyrir starf nefndar þessarar. Hún áleit að hér gæti aðeins verið um dálitla þóknun að ræða, eitthvað víst fyrir örkina, t. d. líkt og fyrir prófarkalestur. Aðalstörf bókanefndar þessarar yrðu: að ákveða, hvaða bækur skuli rita, að útvega menn til þess að rita bækurnar, að yfirfara og laga handritin, og að sjá um að bækurnar yrðu gefnar út. Fyrir þetta þyrftu nefndarmenn ekki að fá há laun, og borgunina gætu þeir fengið af fé því sem veitt er til útgáfu skólabóka. Í nefndinni ættu og að sjálfsögðu að eiga sæti áhugasamir skólamenn, er vildu vinna starf þetta, þótt lítið væri fyrir það borgað. Nefndarskipun þessi þyrfti því ekki að hafa mikil fjárútlát

fyrir landsjóð í för með sér. Eg vona því að tillagan verði samþykt, að minsta kosti 1. liðurinn.

Jósef Björnsson: Eg skal taka það fram, að viðbótartillagan er komin frá mér. Mér var það ljóst, að þegar hafa átti áhrif á vöndun málsins í heild sinni, þá er ekki minst um lægri skólana vert. Eg álít, að afleiðing þess, að í barnaskólunum eru notaðar bækur á óvönduðu máli, hljóti að vera sú, að börnin venjast á að hugsa á óvönduðu máli, og þeim smekk sem þannig kemst inn er erfitt að útrýma síðar. Eg get ekki álitið, að það sé mikill starfsauki fyrir nefndina, þótt hún einnig yfirfæri kenslubækur, sem nota ætti í lægri skólunum. Að vísu liggur það starf undir fræðslumálastjórann, og yrði hann því að sjálfsögðu í nefndinni, en það gæfi meiri trygging fyrir vöndun málsins, ef margir fjölluðu um bækurnar, því að það er eins og gamall málsháttur segir: »betur sjá augu en auga«.

Eg vona því að hin háttv. deild lofi viðbótinni að standa, og óttist ekki að nefndin verði ofhlaðin störfum, þótt henni sé gert að skyldu, að hafa eftirlit með útgáfu kenslubóka einnig handa lægri skólunum, sérstaklega í því skyni, að málið á þeim yrði vandað sem bezt.

Sigurður Hjörleifsson: Eg vildi leyfa mér að óska þess, að tillagan yrði borin upp í 2 lagi. Því að eg er með fyrri hlutanum, en mótfallinn viðbótinni.

Eg fæ heldur ekki séð, að rétt sé, að láta þetta tvent fylgjast að, því að það er sitt hvað, að eiga við fræðslu barna og útgáfu kenslubóka handa hinum æðri almennu mentaskólum. Öll barnafræðsla heyrir og undir fræðslumálastjórann, og þarf hann ekki á þessari hjálp að halda, og álít eg því að það sé verið að grípa fram fyrir hendurnar á honum með tillögu þessari. Sé fræðslumálastjóri ekki svo fær í íslenzku máli, að honum sé felandi þetta eftirlit með bókaútgáfunni, þá er hann heldur ekki hæfur til þess að gegna embættinu. Það er heldur ekki nóg, að bækur, sem börnum eru ætlaðar, séu á góðu máli; þær verða líka að vera á því máli, sem börnin skilja. Sjálfur hefi eg gert tilraun með eina bók, sem útgefin er sem barnabók, en eg uppgafst, því að eg gat ekki fengið barnið til þess að lesa hana, sakir þess að það skildi ekki málið á henni. Á barnabókum má málið ekki vera of »klassiskt«. Eg skal svo ekki segja meira, en að eins óska þess, að tillagan verði borin upp í tvennu lagi.

Sigurður Stefánsson: Eg vildi gjarnan fá skýringu á því hjá nefndinni, hvort það er meining hennar, að aðrar bækur verði ekki leyfðar en þær, sem kenslubókanefndin mælir með; ef svo er, þá vantar ákvæði um það í tillöguna. Séu kennararnir aftur á móti sjálfráðir um það, hvort þeir fara eftir tillögum kenslubókanefndarinnar eða ekki, þá kemur nefndarstarfið ekki að fullu gagni. (*St. St.*: Kennararnir eiga að fara eftir tillögum nefndarinnar). Þá finst mér það ætti að koma fram, að minsta kosti í umræðunum.

ATKV.GR.:

Tillagan var borin upp til atkv. í tvennu lagi.

Fyrri hluti till. samþ. í e. hlj.

Síðari hluti till. samþ. með 7 : 2 atkv.

Tillagan í heild sinni samþ. með 10 samhlj. atkv., og sendist forseta neðri deildar.

Unglingaskólar.

TILLAGA til þingsályktunar um reglugjörðir fyrir unglingaskóla (A. 224); 19. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt að ein umræða skyldi verða um málið.

Ein umræða; 22. marz (A. 224).

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Ástæðurnar fyrir tillögu þessari eru teknar fram í nefndaráliti nefndar þeirrar (A. 223), er hafði til athugunar þingsályktun um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði, og hefi eg þar litlu við að bæta. Eg verð að telja rétt, að landsjóður í þessu efni sinni þörfum héraðanna. Skólar þessir eru liðir í alþýðumentuninni. Því er nú svo varið, að hin lögskipaða uppfræðing, er lokið er við ferminguna, ber mjög misjafnan árangur, sem við er að búast. Bæði eru hæfileikarnir mjög misjafnir, og auk þess geta ýms önnur atvik komið þar til greina. Eg og nefndin eru þess fullviss, að unglingar 18—19 ára eru bezt hæfir til þess að taka á móti fræðslu, er þeim má að verulegu gagni koma. Vér Íslendingar erum yfir höfuð seinþroska, og reynsla mín er sú, að unglingar læra meira á 1 ári á þeim aldri, en tveim eða þrem árum fyrir innan fermingu. Sú stefna, að styrkja slíka unglingaskóla er því mjög heppileg, enda sýnir það sig, að þar sem slíkir skólar eru komnir á fót, bera þeir góðan ávöxt; t. d. hefir einn slíkur skóli verið settur á stofn í Strandasýslu, og er eg viss um að sýslubúar þrá ekkert meira, en að sá skóli gæti þrifist. Þá vakti það og fyrir nefndinni, að unglingaskólar þessir myndu geta orðið milliliðir milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna, og mætti skipa fyrir um það samband með reglugjörð, svo að nemendur gætu af unglingaskólunum gengið inn í 1. bekk gagnfræðaskólanna og ef til vill inn í 2. bekk, en nú geta fermingarhæf börn tæpast gengið inn í gagnfræðaskóla undirbúningslaust. Nefndin vill að sjálfsögðu ekki, að nein slík reglugjörðarákvæði verði sett, er gjöri mönnum erfiðara fyrir að færa sér fræðslu slíkra skóla í nyt, svo sem með því að binda styrkveitingu úr landsjóði við stór fjárframlög af hendi hlutaðeigandi héraða, eða með öðrum þvílíkum ákvæðum, en hitt telur hún heppilegt, að gera þá að millilið milli barnaskóla og gagnfræðaskóla. Nefndin telur sjálfsagt, að landstjórnin hafi hönd í bagga með, að því er snertir stjórn slíkra skóla, og setji þeim ákveðnar reglur, enda bein skylda fjárveitingarvaldsins, að hafa eftirlit með, hvernig þær stofnanir eru, sem það veitir fé til. Eg vona að deildin fallist á tillögu þessa, og skal því ekki fara um hana frekari orðum.

Lárus H. Bjarnason: Unglingaskólarnir eru rökstuddir með því, að þeir eigi að vera millibilsskólar milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna. En þeir hafa það í för með sér, að reisa verður ný skólahús, fá nýja kennara, og margt fleira, sem veldur töluverðum kostnaði. Það væri sýnu hægra að ná sama takmarki, með því annaðhvort að bæta einum bekk ofan við barnaskólana, eða neðan við gagnfræðaskólana. Þá þyrfti engin ný hús, en í hæðsta lagi að bæta við kennara hér eða þar. Eg efast að öðru leyti um nauðsyn slíkra reglugjörða, sem hér ræðir um, en eg fylgdi Akureyrarskólanum, og mun líka fylgja þessari tillögu; hún er heldur til bóta en hitt, og vænti eg þess jafnframt, að hinn háttv. þm. Ísf. muni bæði atkvæði mitt og sín fögru orð, er háskólamálið kemur til atkvæða hér í deildinni.

Framsögum. (Sigurður Stefánsson): Það er alls eigi meiningin, eins

og virtist vaka fyrir háttv. 5. kgk. þm., að landsjóður fari að kosta neinu til húsbygginga við þessa skóla, heldur að eins að koma til móts við óskir landsmanna með styrk til kenslunnar. Eg álít það beina skyldu fjárveitingarvaldsins að hafa hönd í bagga með stjórn þeirra stofnana, er styrktar eru með fjárframlögum úr landsjóði. Sjálfsagt, eins og háttv. þm. sagði, að hafa skóla þessa sem framhaldskenslu af barnaskólunum, þar sem því verður við komið, en þannig er ekki ástatt alstaðar, að slíkt sé hægt, t. d. í strjálbygðum héruðum, þar sem engir barnaskólar eru. Öðru máli er að gegna í kaupstöðum. Á Ísafirði er hið nýja barnaskólahús einmitt bygt með það fyrir augum, að það líka geti rúmað slíkan unglingaskóla. En sú hefir orðið reynslan þar, að aðsóknin að unglingaskólanum hefir orðið meiri en svo, að bæjarfélagið hafi getað risið undir kostnaði þeim bæði til húspláss og kenslukrafta, er af skóla þessum leiddi. Skólann hafa ekki einungis sótt unglingar úr kaupstaðnum sjálfum, heldur líka bæði úr vestur- og norðursýslunni, og jafnvel víðar að. Annars liggur Ísafjarðarskólinn ekki fyrir til umræðu nú, en eg fæ vonandi tækifæri til þess að minnast á hann við umræður fjárlaganna hér í deildinni.

Kristinn Daníelsson: Tillagan er trygging í 2 áttir, annars vegar gagnvart landsmönnum, en hins vegar gagnvart fjárveitingarvaldinu. Það er ekki fyrir tilstilli landstjórnarinnar, heldur að þakka samtökum einstakra bygðarlaga, eða jafnvel dugnaði og örlæti einstakra manna, að skólar þessir eru komnir á fót. En mér sýnist það augljóst, að það verði fyr eða síðar hlutverk landstjórnarinnar að sjá fyrir þessum skólum og koma á fót einhverju er svarar til þess, sem kallað er »Mellemskoler« í nágrannalöndum vorum. Slíka skóla hefir vantað hingað til, en er nauðsynlegur liður í alþýðumentuninni. Fyrir því er það að mínu áliti sjálfsagt, að styrkja tilraunir landsmanna í þessu efni svo sem kostur er á. Eg álít það beina skyldu landstjórnarinnar, að sjá um að þær tilraunir, sem nú er verið að gjöra í þessu efni víðs vegar um land, verði ekki tómt Sisyfusarstrit, en jafnframt að gæta þess, að fé landsjóðs sé ekki kastað út í stjórnleysu. Fyrir því álít eg tillöguna stefna að réttu marki og mun gefa henni atkvæði mitt.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt í einu hljóði, og sendist ráðherra sem þingsályktun frá efri deild alþingis.

Póstafgreiðsla í Vík.

TILLAGA til þingsályktunar um póstafgreiðslu í Vík o. fl. (A. 164; 178); 13. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt, að ein umræða skyldi verða um málið.

Ein umræða; 15. marz (A. 164; 178).

Flutningsm.(Gunnar Ólafsson): Ástæðan til þess að eg hefi leyft mér koma með þessa tillögu til þingsályktunar er sú, að ástandið að því er snertir póstgöngur til Víkur er lítt viðunandi sem stendur. Meðan ekki var verzlun í Vík mátti una við það, en síðan verzlun kom þar upp, hefir það komið æ betur í ljós, að það er óviðunanlegt. Það er nauðsynlegt að koma upp póstafgreiðslu þar. Oft eru ábyrgðarsendingar sendar þaðan og þangað, og sérstaklega eru peningar oft sendir þaðan, og eins og nú til hagar verða menn að senda svo að segja utan tösku, og er

það auðvitað mjög ótrygt. Yrðu vanskil á, gæti vel farið svo, að póststjórnin neitaði að borga, enda eru þess dæmi að hún hefir gjört það. Kostnaðurinn yrði mjög lítill. Eg geri ráð fyrir að bréfhirðingarmaðurinn yrði póstafgreiðslumaður, og fengi lítilsháttar launa viðbót, svo sem 50 kr. Eg þykist vita, að deildin muni ekki verða á móti þessu.

Þá er hitt atriðið, að póstferðum verði fjölgað um helming milli Odda og Víkur á þeim tíma árs, er póstvagn gengur vikulega milli Reykjavíkur og Ægissíðu. Eins og nú er ástatt á þetta hérað við samgönguleysi að stríða, bæði á sjó og landi. Það væri mikill munur, ef hægt væri að hafa gagn af strandferðaskipunum, en svo er ekki. T. d. má nefna, að árið 1907 kom báturinn alls ekki við í Vík í þrjá mánuði, svo að sending, sem sett var á póstinn í júní, kom ekki til Víkur fyr en í október. Mönnum, sem þar búa, getur oft verið stór bagi að því, að sent sé með strandbátunum, þar eð ferðirnar eru svo ótryggar.

Væri póstferðunum fjölgað, eins og hér er farið fram á, mundi nálega aldrei koma fyrir að áríðandi bréf væru send sjóleiðis.

Sérstaklega hefir óánægjan vaxið þar eystra, síðan póstvagninn byrjaði að ganga milli Reykjavíkur og Ægissíðu. Vagninn er oft ekki í sambandi við aðalpóstinn, svo að sendingar frá Vík verða oft að bíða alt að vikutíma í Odda eða Ægissíðu. Sambandið við Reykjavík er því jafnvel verra en áður en vagninn kom. Yfir þessu hefir verið kvartað til póststjórnar, og að vísu hefir nokkur bót á orðið, að því leyti að vagnferðirnar eru nú settar í samband við póstinn, en þó er ástandið enn lítt viðunandi, vegna þess hve ferðirnar eru strjálar. Verzlun er orðin æði mikil í Vík og því er þörf á að koma bréfum miklu oftar en hingað til hefir verið hægt. Í Ægissíðu er meira en hálfnuð leið til Víkur. Til Ægissíðu fer vagninn vikulega, en póstur þaðan til Víkur að eins rúmlega einu sinni á mánuði. Virðist það því ekki vera ósanngjörn beiðni, að póstferðum milli Víkur og Odda sé fjölgað um helming á þeim tíma árs, er vagninn gengur. Kostnaðaraukinn, er af fjölguninni leiddi, yrði ekki mikill. Það er ætlast til að bætt sé við 7 ferðum. Þar eð hér er um sumartíma að ræða, og flutningur varla verður mikill, mundi nægja einn maður með 2 hesta, er væri burtu 3 daga. Hver ferð mundi þá kosta 16—18 kr., eða 7 ferðir 112—125 kr. Þetta er ekki stór upphæð, en gæti komið að miklu gagni. Þess ber einnig að gæta, að ekki að eins Víkin ein, heldur alt svæðið milli Víkur og Odda, mundi njóta góðs af þessum ferðum, og því eðlilegra væri það, að fé væri veitt til þeirra.

Eg skal geta þess, að eg hefi komið með breyt.till. (þgskj. 178) við tillöguna, að í stað »efri deild alþingis« komi: alþingi.

Fer eg svo ekki fleiri orðum um tillöguna að sinni, en vona að hún nái fram að ganga.

Ráðherra (H. H.): Það er ekki heppileg leið að samþykkja þingsályktanir um slík atriði; það er að »skjóta sendlinga með selahöglum«. Beinasta leiðin er eðlilega að snúa sér til stjórnarráðsins. Neiti það að verða við beiðni í þessa átt, þá er það auðvitað af því, að gildar ástæður eru fyrir hendi, t. d. að meiri þörf er á umbótum annarstaðar. Vegna hinnar takmörkuðu fjárveitingar getur stjórnin ekki orðið við öllum óskum í þessu efni, og næsta leiðin er þá auðvitað að snúa sér til fjárlaganefndarinnar áður en komið er með tillögu til þingsályktunar. Að þingið sé að

óþörfu að blanda sér í smámál, sem heyra undir verkahring umboðsvaldsins, er tæplega heppilegt. Það er hættuleg braut. Það gæti raskað réttu hlutfalli í þessum efnum. Umboðsvaldið tekur auðvitað tillit til allra sanngjarnra óska um annað eins og þetta, og veit eg ekki neina fyrirstöðu frá þess hálfu að því er snertir póstafgreiðslu í Vík. Sé raun orðin á því, að póststjórnin sýni ójöfnuð, þá er fyrst tími til fyrir þingið að taka til sinna ráða.

Flutningsm. (Gunnar Ólafsson): Hæstv. ráðherra sagði, að menn ættu að snúa sér til umboðsvaldsins. Það hefir verið kvartað yfir þessu ástandi. Eg veit ekki hvort kvartað hefir verið beint til stjórnarráðsins, en mér er kunnugt um, að bréfhirðingarmaðurinn hefir kvartað til póststjórnar. Sömuleiðis minnir mig að síðasti sýslufundur hafi skorað á stjórnina að bæta úr þessu ástandi.

Eg get ekki skilið að það sé óheppileg leið, að snúa sér til þingsins. Eg býst við að landstjórnin hlýði ályktunum þingsins, geri sem henni er sagt. Það getur varla verið skakkara að fara þessa leið, en að snúa sér til fjárlaganefndarinnar. Eg sé því enga ástæðu til að fella tillöguna af þessum ástæðum.

Ráðherra (H. H.): Það er ekki rétt, að alþingi skori á stjórnina að leggja í kostnað, sem ekki er veitt fé til. Vilji þingm. fá nýjar stofnanir, sem kosta fé, er því beinn vegur að leita til fjárlaganefndar. Hún gæti í þessu tilfelli t. d. hnýtt athugasemd í nefndarálit sitt um það, að aukið framlag til póstafgreiðslumanna sé ætlað þessari nýju póstafgreiðslu, og mundi stjórnin óðar með gleði taka það til greina. En annars veit eg ekki til þess, að það sé meiningin hjá stjórninni, að gera Vík að neinu olbogabarni.

Flutningsm. (Gunnar Ólafsson): Eg skal bæta því við, að eg veit ekki til að háttvirt stjórn hafi ansað umkvörtunum í þessa átt, og er það ein af ástæðunum til þess, að eg kem með þessa tillögu til þingsályktunar.

Annars sé eg ekki að þetta sé neitt stórmál, svo sem hæstv. ráðherra virðist álíta, en það hefir mikla þýðingu fyrir þann landshluta, sem það snertir sérstaklega.

Ráðherra (H. H.): Bæði stjórnarráði og póststjórn berast margar málaleitanir um bréfhirðingar og slíkt, og það er ekki venja að svara hverri sýslunefnd. Beiðnirnar eru íhugaðar nákvæmlega, og þeir staðir eru látnir ganga fyrir, þar sem mest er þörfin. Að verða við öllum þeim óskum, er stjórninni berast, er henni ómögulegt; það hefir ávalt sýnt sig, að fé það, er veitt hefir verið til póstmála, hefir ekki nægt til þess.

Kristinn Daníelsson: Eg hefi verið á stöðum, þar sem beðið hefir verið um umbætur á póstgöngum og farin þessi leið, sem hæstv. ráðherra hefir bent á, nefnilega til póststjórnar og stjórnarráðs, og hefir slíkum beiðnum oft ekki verið sint fyr en eftir nokkur missiri, þó ýmislegt hafi á endanum komist í lag.

Eg skal játa það, að það er vandi fyrir þingdeildirnar að setja sig inn í slík mál; til þess þarf kunnugleika á kringumstæðum. Mér finst þó óviðkunnanlegt að lofa tillögunni ekki að fara til Nd., en annars ræð eg til að umræðunni sé frestað og nefnd sé kosin til að athuga tillöguna betur.

Steingrímur Jónsson: Þetta er í fyrsta sinni, sem þingsályktunartilaga um svo lítilfjörlegt mál kemur fram hér á þingi. Eg álít það mjög varhugavert, að koma þeim vana á að samþykkja þingsályktunartillögur um hvað

sem vera skal. Byrji menn einu sinni á því, má búast við aragrúa af slíkum tillögum á hverju þingi, en þá væri brotinn oddurinn af þessu vopni, sem þingið hefir á stjórnina, og væri það þá gagnslaust.

Ennfremur er það að athuga við tillöguna, að hún fer fram á það, að þingið blandi sér inn í dagleg framkvæmdarstörf stjórnarinnar. Sú sjálfsagða leið með slík mál er, að snúa snúa sér til stjórnarráðsins. Háttv. flutningsmaður segir að sú leið hafi verið farin, en hafi ekki gagnað. Hvar eru þá þau skjöl er sýna það, því liggja þau ekki fyrir deildinni? Það er nauðsynlegt að deildin sjái þau skjöl, til þess að hún geti myndað sér skoðun um málið.

Mér finst, af þessum ástæðum, að deildinni sé skylt að vísa tillögunni frá sér.

Flutningsmaður (Gunnar Ólafsson): Eg bjóst ekki við svo miklum umræðum um þetta mál.

Háttv. 4. kgk. þm. sagði að málið væri lítilfjörlegt. En hvaða ástæða er þá til að hafa svo langar umræður um það, eða heimta mikil skjöl og skýrslur því viðvíkjandi?

Sami háttv. þm. sagði einnig, að hér væri farið fram á, að þingið tæki fram í dagleg störf umboðsstjórnarinnar. Þingið á að gefa gætur að daglegum störfum umboðsstjórnar, ef þess þarf með. Auk þess þarf að fá heimild þings til þess, að stjórnin megi verja fé til þess arna eða annars.

Sami háttv. þm. bjóst við tugum slíkra tillagna, ef þessi verður samþykt. Eg er ekkert hræddur við það. Það er ávalt á valdi þingsins að taka í taumana. — Orðin »stefna« og «princip« klingja altaf, ef stungið er upp á einhverju nýju hér; það er eins og ekkert nýtt megi gera, vegna þess að sérstök stefna gæti myndast út af því.

Eg sé ekki að þetta mál sé það stórmál, að ástæða sé til að setja það í nefnd, en óski deildin þess, mun eg ekki verða á móti því.

Að endingu vona eg að deildin lofi tillögunni að fara áfram til Nd.

Lárus H. Bjarnason: Mér skilst svo, sem Víkurmönnum megi standa á sama um það, á hvern hátt þeir fá þær umbætur á póstgöngunum, sem hér er farið fram á, hvort þeir fá póstafgreiðsluna með þingsályktunartillögu eða með viðaukatillögu á fjárlögunum, — og eg vil styrkja háttv. þm. V.Sk. til þess að hann fái póstafgreiðslu í Vík. Mér virðist það sanngjarnt, þegar litið er til þess, hvað Vestur-Skaftafellssýsla er langt úr leið. En eg vil því að eins hjálpa honum til þess, að hann fari vanalega leið. Því vil eg stinga upp á því við hann, að hann taki nú málið út af dagskrá, og snúi sér í staðinn til fjárlaganefndarinnar. Vilji fjárlaganefndin ekki sinna málaleitun hans, skal hann fá mitt atkvæði, hverja leið sem hann þá fer, hvort heldur hann tekur þá tillöguna upp aftur eða ber fram viðaukatillögu við fjárlögin.

Sigurður Stefánsson: Mér þykir satt að segja hálfkátlegt þetta mikla uppþot, sem þessi tillaga vekur hér í deildinni. Eg skal að vísu játa það, að það hefði ef til vill verið réttast, að snúa sér til umboðsstjórnarinnar um þetta mál, en eg sé hinsvegar ekkert á móti því, þó þingið taki í taumana. Því það er víst, að þetta mál er áhugamál því héraði, sem ræðir um. Eg skoða þetta svo, að þing og stjórn eigi að vera »liberal«, einkum þar sem svo stendur á, að þessi héruð eru mjög afskekt. Auk þess borga póstferðirnar nú orðið sig svo vel yfirleitt, að mér þykir mjög hæfilegt, að óskum landsmanna sé fullnægt svo sem unt er.

Eg sé því ekkert á móti að fara til alþingis með þetta mál, úr því að það

fæst ekki öðru vísi. Og eg get alls ekki fallist á það, að alþingi gæti ekki sóma síns með því að samþykkja þessa tillögu. Mér findist aftur á móti óviðkunnanlegt ef þingið færi að sýna þá afturhaldssemi, að synja um þessa lítilmótlegu samgöngubót.

Eg álít að það sé hvorki þörf að setja nefnd í málið eða taka það út af dagskrá, heldur megi lofa því að ganga sinn gang og samþykkja það.

Steingrímur Jónsson: Háttv. þm. V.-Sk. gat ekki séð að hér væri um »princip«-spursmál að ræða. En eg skal vekja athygli hans á því, að ef það verður tekið upp að flytja svona tillögur inn á alþingi, þá tökum við upp nýja reglu.

Háttv. þm. hélt að það væri engin hætta á að þessi aðferð yrði algeng eða að margar slíkar málaleitanir kæmust inn á þing. Hvað veit sá góði maður eiginlega um það. Eg get frætt hann um það, að eg þekki til nær 20 hreppa, sem mundu geta snúið sér til þingsins strax og þetta væri gengið í gegn, með samskonar málaleitanir.

Og eg skal ennfremur benda mönnum á, að ef þessi regla kemst á um póstmál, hversvegna skyldi hún þá ekki verða tekin upp á öðrum sviðum?

En þyki mönnum annars sem hægt sé að saka stjórnina um nokkuð í þessu atriði, því er þá ekki heldur komið með slíkt á eldhúsdaginn í fjárlögunum heldur en að fara svo að; því að þetta er ekki annað en títuprjónar. Það getur í öllu falli ekki haft önnur áhrif en að spilla sambúðinni milli þings og stjórnar.

Háttv. þm. V.-Sk. þótti það líka hart, að eg hefði kvartað yfir að skjölin í málinu lægi ekki fyrir þinginu. En það ætti þó auðvitað svo að vera, þó um smámál sé að ræða. Það má ekki skilja þetta svo, sem eg væni þm. að nokkru leyti um að hann segi ekki satt frá, en skjölin hefðu samt átt að berast þinginu, því að þótt þetta megi heita smámál hér, þá er það samt stórmál austur í Vík.

Eg álít að það sé hættulegt að koma póstmálum vorum inn á þessa leið; því að vér höfum fé af svo skornum skamti, að þingið getur ekki gert nema það sem brýnasta nauðsyn krefur. Það er að vísu satt, að pósttekjurnar hafa aukist að miklum mun. En gjöldin hafa líka aukist eins mikið eða meira. Og eg held að ef einstakir liðir væru rannsakaðir í pósttekjunum, þá mundi það koma í ljós, að tekjurnar hafa aukist mest við frímerkjasölu. En þetta er óáreiðanlegur tekjuliður, og ætti að athuga það nánar í fjárlögunum.

Ráðherra (H. H.): Mér finst í öllu falli ómögulegt að sinna þessu máli eða greiða atkvæði um það, nema fyrst séu fengnar frekari upplýsingar um, hvernig málinu horfir við hjá póststjórninnni, um bréfafjölda til póstafgreiðslustaðarins og frá honum aftur o. s. frv. Ella væri það mjög út í loftið, að samþykkja þessa tillögu og naumast samboðið virðing þingsins.

Kristinn Daníelsson: Eg læt ekki mitt atkvæði verða því til fyrirstöðu, að málið komist héðan frá deildinni. Eg lít svo á, að þessi deild hafi sömu gögn til þess að rannsaka það og skal þessvegna leyfa mér að stinga upp á að umræðunni verði frestað og nefnd kosin í málið.

ATKV.GR.:

Samþykt með 7 atkv. móti 4 að kjósa 3 manna nefnd og fresta umræðunni. Kosningu hlutu í nefndina:

Gunnar Ólafsson,
Sigurður Hjörleifsson,
Ágúst Flygenring.

Umræðunni var þá frestað.

Verzlunarlöggjöf.

TILLAGA til þingsályktunar um verzlunarlöggjöf (A. 147); 11. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt, að ein umræða skyldi verða um málið.

Ein umræða; 12. marz (A. 147).

Flutningsmaður (Sig. Stefánsson): Eg játa það, að þó eg komi fram með þessa tillögu, brestur mig nægа þekking á þessu máli og ýmislegt annað, sem þarf til þess að skýra það svo sem því hæfir.

Eg held að allir, sem athuga verzlunarlöggjöf vora, hljóti að viðurkenna, að þessum málum er komið í óvænt efni. Aðalundirstaðan undir verzlunarlöggjöf vorri er tilskipunin 1854. En ýms lög áhrærandi þetta mál eru síðar út komin, án þess að fylgt hafi verið nokkurri fastri stefnu eða meginreglu. Nú er margt af þessum eldri fyrirmælum orðið úrelt og á eftir tímanum. Þetta er kunnugra en frá þurfi að segja.

Það er eitt atriði, sem altaf hefir verið á dagskrá alþingis, en það er um réttindi hérlendra kaupmanna gagnvart útlendum kaupmönnum. Það hefir komið fram í ýmsum myndum, en hefir þó ekki hlotið staðfestingu konungs. Þetta er allflestum þingm. ljóst, og því rétt að taka þetta nú til rækilegrar athugunar.

Ef við lítum á verzlunarlöggjöf vora og berum hana saman við verzlunarlöggjöf nágrannaþjóða vorra, þá sést að margt er ábótavant hjá oss; margt vantar, sem aðrar þjóðir telja nauðsynlegt, t. d. búsetu hérlendra kaupmanna, skilyrði til að öðlast verzlunarleyfi o. s. frv. Ýmist vantar ákvæði hjá oss, eða þau ákvæði sem eru, eru miður heppileg. Eg hygg að flestir muni líta svo á, að þó Ísland liggi langt í burtu frá öðrum mentalöndum, þá geti þó gilt hér ýms sömu meginákvæði í verzlunarlöggjöfinni og hjá nágrannaþjóðunum.

Eg hefi reynt að afla mér upplýsinga um verzlunarlöggjöf nágrannaþjóða vorra, og get ekki betur séð en við að ýmsu leyti gætum farið að dæmi þeirra, og lagað vora löggjöf hér að lútandi, auðvitað með tilliti til þess sem sérstaklegt er hjá oss. Í Noregi má enginn reka verzlun á fleirum en einum stað. Hér eru engin höft á því að reka verzlun á fleiri stöðum en einum. Hér gæti því komið til mála að fara að dæmi Norðmanna, þegar þess er gætt, að meira að segja utanríkiskaupmenn þenja sig út yfir meiri hluta landsins og reka stórverzlun í mörgum kauptúnum. Það er auðvitað ekkert á móti því, að útlent auðmagn komist inn í landið, ef reistar eru góðar skorður við að útlendir auðkýfingar fái of mikil tök á landinu og lami alla samkepni. Í Noregi er verzlunarleyfi fastakaupmanna í kaupstöðum bundið við búsetu í kaupstaðnum. Verzlunarleyfi hjá okkur er mjög auðfengið, en eg held að það væri ekkert haft á atvinnufrelsi, þó sá vegur væri gerður nokkuð torveldari. Þessi greiði aðgangur fyrir menn til þess að fá verzlunarleyfi, hefir ekki orðið til þess að bæta verzlun vora eða orðið þjóðinni til gagns; það hefir þvert á móti orðið til tjóns. Eg heyri að lánstraust íslenzkra kaupmanna í útlöndum sé mjög að þrotum komið, og hvers vegna og hverra? Þeirra, sem hafa þotið upp á síðari árum eins og mý á mykjuskán, án þess að hafa nokkra kunnáttu eða þekkingu á verzlunarmálum. Ef erfiðara hefði verið að fá verzlunarleyfi, þá er víst að það hefði dregið úr fjölgun kaupmanna, og ástandið væri þá ekki eins óttalegt, eins og nú er raun á orðin. Það heyrist oft að það sé gott að kaupmenn séu margir. Það er mikið rétt, ef það verður til

þess að skapa góða og trygga samkepni. En þó að kaupmaður hangi við verzlun eitt ár, skapar það ekki eðlilega samkepni, og því síður varanlega, því að þegar hann er dottinn úr sögunni, kemur afturkippur á eftir. Það er leiðinlegt að lesa það í erlendum blöðum, hvílíkt óorð er komið á íslenzka verzlunarstétt; það er þó ekki að undra, þar sem kaupmenn hafa risið upp hver um annan þveran, mentunarlausir og þekkingarlausir og félausir. Verzlun þeirra margra hefir orðið mörgum góðum manni til stórtjóns og íslenzku verzlunarstéttinni til vanheiðurs, en engum til uppbyggingar.

Í Danmörku er það skilyrði fyrir því að öðlast verzlunarleyfi, að hafa fæðingjarétt og hafa unnið heiðarlega fyrir sér í 5 undanfarin ár. Hér þurfa þeir ekki að hafa verið eitt ár og hvað þá heldur unnið heiðarlega fyrir sér. Í Danmörku verða menn líka að vera búsettir í kaupstaðnum, ef þeir reka verzlun í búðum. Í Svíþjóð er fæðingjaréttur skilyrði fyrir verzlunarleyfi, en útlendingar þurfa konunglegt leyfisbréf. Í þessu efni standa meira að segja Færeyingar oss miklu framar. Kaupmenn er þar verzla verða að vera þar búsettir, 25 ára að aldri, og hafa óflekkað mannorð.

Allt þetta vantar í löggjöf vora.

Samkvæmt lögum 7. nóv. 1879, 5. gr., er hverjum búanda heimilt, er sýslunefnd telur til þess hæfan, að verzla með allan varning, nema vínföng og áfenga drykki, ef hann leysir leyfisbréf og greiðir 50 kr. fyrir. Meining þessa ákvæðis var sú, að létta undir með bændum meðan kaupstaðir voru fáir og langt til þeirra. En um leið og það átti að bæta úr þörfinni, var það auðvitað tilætlunin, að góðum bændum, er vel kynnu með þetta að fara, væri aðeins veitt þetta leyfi. En nú á síðustu árum hefir svo að segja hver leppalúðinn fengið þetta leyfi, þótt hann væri ekki skrifandi eða bænabókarfær. Auðvitað má segja það hart og ófrjálslegt að setja ströng lög, sem hefta atvinnufrelsi manna, en samt sem áður er það skylda löggjafarvaldsins, þegar reynslan mælir með því, að athuga hvort ekki sé rétt að breyta þannig löguðum ákvæðum, er valda miklu ógagni. Mér er það kunnugt, að til eru margir sveitakaupmenn, er hvorki hafa unnið sjálfum sér eða bygðarlaginu minsta gagn með verzlun sinni.

Alt of auðfenginn réttur til að verzla getur komið í bága við það, að kaupmenn séu heiðarlegir og mentaðir menn, er geti orðið landi sínu til gagns.

Eg hefi oft áður flutt frumv. um búsetu fastakaupmanna, og er sannfærður um að ákvæði í þá átt gætu að mörgu leyti orðið til góðs fyrir þjóðina.

Búsetufrumvörp undanfarinna þinga hafa einkum miðað að því, að útrýma dönskum selstöðuverzlunum hér á landi, en nú eru það ekki einungis dönsku selstöðuverzlanirnar, sem reisa þarf rönd við, heldur þyrfti að finna ráð við því að utanríkis auðkýfingar þyrptust hingað og verzluðu hér með leppum, en flyttu mest allan arðinn af verzlun sinni til annara landa. Það er ekki af því að mér sé illa við að fá útlent auðmagn inn í landið, heldur hitt, að eg vil að landið hafi meiri not af útlendu fé, sem verzlun er hér rekin með, en nú er. En þó að þetta mál væri sett í milliþinganefnd, eða stjórninni falið að semja slík lög, sem tillaga mín fer fram á, þá dylst mér ekki að það er mikið verk, sem ekki er hægt að leysa af hendi á skömmum tíma. Það er auðsætt, að stjórnin þyrfti að fá færa menn sér til aðstoðar við undirbúning slíkra laga, og sú aðstoð kostaði fé.

Þótt eg ekki hafi borið fram tillögu um milliþinganefnd í þessu máli, skyldi eg ekkert hafa á mót því að hv. Nd. breytti

þingsályktunartillögu þessari í það form, verði hún afgreidd héðan sem eg vona.

Lárus H. Bjarnason: Eg get verið samþykkur niðurlagsorðum háttv. flutningsmanns, þó eg sé ekki jafn samþykkur forsendunum.

Það er vafamál, hvort það er eins sjálfsagt og hann álítur, að verzlunarskilyrðin séu sem hörðust. Reyndar eru þau sumstaðar, t. d. á Norðurlöndum, harðari en hér, en aftur eru þau sumstaðar vægari, t. d. á Englandi. En þó að farið væri að herða á verzlunarskilyrðunum á pappírnum, þá væri lítil bót að því, því mörg eru þau þess eðlis, að ekkert er hægara en að fara í kringum þau, t. d. búsetan. Þó hún væri lögleidd hér mundi verða óspart farið í kringum hana með leppmensku, enda eru þess mjög mörg dæmi að verzlanir hafi verið og séu leppaðar hér.

Mér skildist á háttv. flutningsm. sem hann héldi að ekki þyrfti myndugleika til að reka verzlun hér. Það er ekki rétt, hann er heimtaður í lögum. — Fæðingjarétt þarf hins vegar ekki til verzlunar, en aftur getur enginn orðið skipstjóri hér nema hann hafi fæðingjarétt. Það væri því ef til vill ástæða til að jafna þetta, heimta fæðingjarétt af báðum, kaupmanninum og skipstjóranum, eða þá af hvorugum, en lítið er þó upp úr þeim rétti leggjandi, meðan svo standa sakir sem nú.

Eg er samþykkur háttv. flutningsm. um að þetta mál beri að athuga. Sé ekki kostur á milliþinganefnd, er betra að það sé falið stjórninni en ekkert sé gert. Og ætti þá að draga saman öll þau ákvæði sem nú eru hingað og þangað, koma jöfnuði á þar sem nú er ójöfnuður, en aðallega þyrfti að setja trygg ákvæði um vissa grein verzlunar, sem sé verzlun hlutafélaga. Það er algerlega óviðunanlegt að landstjórnin hafi ekkert eftirlit með hlutafélagsskap. Hann er miklu hættulegri landinu en einstakra manna verzlanir. Oft er hann blátt áfram hegningarverður fjárglæfraskapur. Eins og nú til hagar er ekkert litið eftir því, að hlutafélögin hafi það fé sem upp er gefið, og því síður er nokkuð eftirlit með því, að vel sé farið með hlutaféð.

Slík lög eru til í flestum löndum nema á Íslandi. Og hér er sannarlega nægilegt tilefni til að lögleiða skarpt eftirlit með verzlunarfélögum og líkum félagsskap.

Af þessum ástæðum get eg verið með tillögu háttv. flutningsmanns, sérstaklega ef hann, sem meirihlutamaður, vildi veita fylgi sitt til þess að stjórninni verði veitt fé til að útvega sér aðstoð sérfróðra manna, því að hennar mundi hún þurfa við.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Eg er háttv. 5 kgk. þm. þakklátur fyrir það, hve vel hann hefir tekið í tillögu mína Sömuleiðis er eg honum þakklátur fyrir það, að hann tók ýmislegt vel fram, sem hann er færari í en eg.

Hann sagði, að auðvelt væri að fara kringum búsetulög. Þetta er alveg satt, en þó er það svo alvarlegt atriði að ekki séu stærstu verzlanir hér reknar með leppum, að það er mjög mikil ástæða til að athuga það, og það því fremur sem einnig hefir borið á því í öðrum atvinnurekstri. Er það sorglegur vottur um það, að þjóðin stendur á lágu stigi siðferðislega, og eg skal játa að það verður ekki bætt með lögunum einum, þar sem það kemur meir undir siðferðislegum þroska, en lögin geta þó stutt að því.

Eg tel mikið unnið með því að drepin séu saman í einn bálk öll verzlunarmálalöggjöf vor; er það eitt ærið verk.

Í sambandi við það sem háttv. 5. kgk.

þm. sagði síðast skal þess getið, að ekki mun standa á mínu atkvæði til fjárveitingar til stjórnarinnar, til að hún geti útvegað sér aðstoð sérfróðra manna til slíkra starfa.

Agúst Flygenring: Eg get tekið í sama strenginn sem háttv. 5. kgk. þm. um það að tími sé kominn til að draga saman öll ákvæðin í eitt, þau ákvæði er snerta verzlun okkar og líka siglingar, og þá um leið bæta þau og auka einkum að því er snertir þau atriði er hann mintist á.

Háttv. flutningsmaður fann það að lögunum frá 7. nóv. 1879 að þau hafi komið að litlu gagni, þar sem hver maður sem vildi hafi ávalt fengið verzlunarleyfi, án þess að nokkur trygging hafi verið fyrir ráðvendni hans og dugnaði o. s. frv. En eg veit ekki betur en að þingið hafi gefið tilefni til að hafa alt slíkt sem frjálsast; það hefir t. d. örsjaldan neitað um löggildingar nýrra verzlunarstaða, þó sýnilegt hafi verið að slíkir staðir hafi verið óhæfilegir. Það hefir vakað fyrir flestum að bezt væri að sem flestir verzluðu, til þess að samkepnin yrði sem mest. Að því hefir verið róið öllum árum, reyndar alveg út í bláinn.

Nú er verið að tala um háskann af útlendum verzlunum og hlutafélögum. En síðustu 10—12 árin hafa útl. verzlunarhlutafélög sannarlega ekki sogið mikið gull út úr Íslandi. Menn slá því fram, að þau séu hér til að draga fé út úr landinu, og auðvitað er það meiningin fyrir þeim að fá vexti af því fé sem þau starfa með, en þeim hefir nú ekki tekist það. Þau hafa þvert á móti orðið að skilja allmikið eftir hér í bygginum og þessl. þegar þau hafa hætt, og það er vitanlegt að þau hafa öll tapað hér stórfé. Hvað búsetu fastakaupmanna snertir, þá væri Ísland nú að öllum líkindum mikið fátækara, ef búseta kaupmanna hefði verið lögleidd hér fyrir nokkrum árum.

Eg er að vissu leyti samdóma háttv. flutningsmanni um það að leppmenska sé óheppileg. En það er mjög örðugt að gera við henni og koma í veg fyrir hana. Til þess það sé hægt þarf þjóðin eftir hans meiningu að komast á hátt siðferðislegt stig, en sem eg hefi litla von um að náist meðan við lifum. Hvernig er annars þessu varið hjá öðrum þjóðum, sem standa ofar í menningarstiganum? T. d. má geta þess hvað skip snertir, að Englendingar og Norðmenn o. fl. færa upp í »statistik«, hve mörg skip þeir eigi undir »framandi« flaggi, og er það alls ekki álitið ósiðferðislegt hjá þessum þjóðum. Eg verð annars að telja þetta leppmenskuhjal barnaskap.

Eins og eg tók fram get eg verið háttv. flutningsmanni og háttv. 5. kgk. þm. samdóma um það, að nauðsynlegt sé, að fá ýms ný ákvæði til viðbótar inn í verzlunarlöggjöf vora um leið og »kodificerað« er þetta sem til er. En eg get ekki talið rétt að fela stjórninni að sjá um það. Hún kemst ekki með nokkru móti yfir alt sem henni er falið með öllum þeim sæg af þingsályktunartillögum, sem rignt hafa niður á þessu þingi, og þó hún fengi styrk til að útvega sér aðstoð sérfróðra manna, þá gef eg lítið fyrir það; þeir hafa, þeir fáu sérfróðu, sjálfir venjulega nóg að gjöra og mega ekki sjá af miklum tíma til annara starfa en sinna eigin.

Lárus H. Bjarnason: Eg mætti kannske til viðbótar skjóta því til flutningsmanns, hvort ekki væri ástæða til að hafa orðalag tillögunnar lítið eitt rýmra. Í tillögunni er að eins talað um verzlunarlöggjöf, en mér finst ástæða til að taka ýmsar aðrar atvinnugreinir með, t. d. siglingar, handiðn, verksmiðjurekstur og þvílíkt. Það þyrfti ekki

mikla breytingu, mundi ef til vill nægja að setja atvinnulöggjöf í stað orðsins verzlunarlöggjöf. Ef á annað borð er »kodificerað«, væri bezt að taka sem mest með, svo að hægt sé að sækja alt á sama staðinn.

Eg vil skjóta því til flutningsmanns hvort hann muni ekki vera tilleiðanlegur til að taka till. út af dagskrá til að gjöra þessa breytingu á henni.

Flutningsm. (Sigurður Stefánsson): Eg sá mér ekki fært að taka atvinnu-löggjöfina með, þó eg óskaði þess mjög. Sé stjórninni ofætlun að taka verzlunarlöggjöfina eina til athugunar, þá mundi henni því fremur vera ofætlun að taka atvinnulöggjöfina með.

Það getur því naumast verið rétt að taka till. út af dagskrá til að breyta henni.

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. í einu hljóði og send ist forseta Nd.

Skoðun á síld.

TILLAGA til þingsályktunar um skoðun á síld. (A 168); 15. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt, að ein umræða skyldi verða um málið.

Ein umræða; (A 168) 16. marz.

Framsögum. (Agúst Flygenring): Eg hefi litlu við að bæta nefndarálitið um frumv. til laga um skoðun á síld, þingskj. 168. Eins og háttv. deildarmenn sjá þar, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, í samráði við flutningsmann frumvarpsins, að hann taki frumv. aftur. Meiri hluti nefndarinnar áleit það óframkvæmanlegt að meta alla síld, sem flutt er héðan af landi; og alls ekki víst að gagnið yrði samsvarandi þeim mikla kostnaði, sem af matinu hlýtur að leiða. Hins vegar vildi nefndin þó taka tillit til óska manna í þessu efni, og áleit æskilegt að reynsla fengist fyrir því, hver áhrif síldarmat mundi geta haft á markað þeirrar vöru. Því leggur nefndin til að mat á síld verði frjálst fyrst um sinn, og að veitt verði fé á fjárlögunum til tveggja yfirmatsmanna norðanlands, er hefðu yfirumsjón og eftirlit með síldarmati.

Mat á útfluttum fiski hefir reynst svo vel hér sunnanlands, að það er nú talið nauðsynlegt. Það hefir haft þann hagnað í för með sér, að það hefir verið hægt að selja fiskinn fyrir fram eftir matsvottorði. — Hvort þetta gæti orðið eins um síld, er vafasamt. En þó svo væri ekki, kann vel að vera að síldarmatið næði þó tilgangi sínum, ef það yrði til þess, að síldin fengi betra verð á útlendum markaði.

Hér er um mikilsvarðandi atvinnuveg að ræða, sem vert er að hlynna að. Bæði hefir landsjóður tekjur af honum og einstakir menn, og verkafólk sömuleiðis. Því álítur nefndin rétt, að þeim sem þess óska gefist kostur á að fá síld sína metna af yfirmatsmönnum, sem jafnframt væru í einu orði sagt nokkurs konar ráðunautar í þessum efnum.

Stjórnin gefur þessum yfirmatsmönnum erindisbréf, og er þá búist við að hún taki til greina óskir þær, er kynnu að koma fram frá þeim, er hlut eiga að máli.

Skyldumat er óframkvæmanlegt og óvíst að hve miklu gagni það kæmi. En eg vona að tilganginum verði náð á þennan hátt og að þetta sé heppilegri leið en að taka stórt stökk alt í einu. Einkum þegar þess er gætt, að skyldumat gæti haft voðaleg óþægindi, töf og skaða í för með sér fyrir útvegsmenn, þegar illa stendur á.

Af þessum ástæðum mæli eg með því, að háttvirt deild samþykki tillöguna.

ATKV.GR.:

Tillagan á þingskj. 168 samþykt í einu hljóði, og afgreiðist til ráðherra sem þingsályktun frá efri deild alþingis.

Sbr. lagafrumvarp um skoðun á síld, bls. 857 að framan.

Lögaldur.

TILLAGA til þingsályktunar um lögaldur (A. 270); 24. marz.

Eftir tillögu forseta var samþykt, að ein umræða skyldi verða um málið.

Ein umræða; 27. marz (A. 270).

Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Eg gat þess síðast þegar frumv. um lögaldur var til umræðu hér í deildinni, að það varð að samkomulagi milli flutningsmanns frumv. og annara nefndarmanna, að hann tæki frumv. aftur, en þingsályktunartillaga þessi kæmi í þess stað.

Eins og öllum er kunnugt, er myndugleiki tvenns konar, persónulegur og fjárhagslegur. Frumv. það er hér var á ferðinni á dögunum, gerði að eins nokkrar breytingar að því er snerta hinn fjárhagslega myndugleika, en hafði engin ákvæði um persónulegan myndugleika.

Nefndin vill að dregin séu saman í einn stað öll þau ákvæði, er myndugleika snerta, bæði fjárhagslegan og persónulegan. Nú eru þessi ákvæði á víð og dreif, og um sum atriði vantar skýr fyrirmæli, t. d. er ekkert beint lagaákvæði um það, hve nær menn verði persónulega myndugir. Það má að vísu leiða það út úr fátækralögunum frá 10. nóv. 1905, 3. gr., og hjúatilskipuninni frá 26. jan. 1866, 1. gr., að persónulegur myndugleiki byrji þá er menn eru 16 ára, en að öllu leyti eru menn þó ekki persónulega myndugir fyr en þeir eru 18 ára, t. d. geta þeir sem yngri eru en 18 ára ekki leyst sóknarband, sbr. lög 12. maí 1882, ekki geta heldur þeir sem eru innan 18 ára ráðið sig sjálfir til iðnaðarnáms samkvæmt lögum 16. sept. 1893. Eg álít réttast, að alt þetta væri bundið við sama aldurstakmark, og þá líklega 16 ára aldur.

Nú verða menn hálfráðir fjár síns 18 ára, en fullráðir 25 ára, eða áður, ef þeir fá sérstakt leyfisbréf, eða missi gift kona mann sinn Ákvæðin um fjárhagslegan myndugleika eru nú á víð og dreif, t. d. Chr. V. Dönsku lög III—17, tilsk. 18. febr. 1847, tilsk. 4. júní 1864, 4. janúar 1861, lög 12. apríl 1878, 12. jan. 1900, lög 20. okt. 1905.

Breytingartillögur háttv. þingm. Ísf. gengu í þá átt, að afnema hálfræði, og svo skyldu menn vera fullráðir fjár síns 21 árs.

Nefndin álítur viðurhlutalítið að færa niður fullveldisaldurinn, svo sem þegar hefir verið gert í flestum löndum nema Danmörku. En ef til vill væri þó heppilegt að hafa aldurinn hærri, að því er fullræði í einstakar áttir snertir, t. d. til þess að geta tekið á sig ábyrgð fyrir aðra, því að miklu hættara er við því, að ungir menn steypi sér í vandræði með ábyrgðum fyrir aðra en fullorðnir menn, og skal eg þó játa, að aldurinn einn er ekki næg trygging í þessu efni. Ef til vill ætti og aldurstakmarkið að vera hærra til þess að hafa forráðamensku fyrir aðra á hendi.

Aftur á móti álít eg varhugavert, að afnema hálfræði. Nú er það eins konar reynsluskóli — nokkurs konar göngustóll —, þar sem menn fá æfingu í því að stjórna sínum eigin fjármálum. Þess-

um göngustól álít eg viðurhlutamikið að kippa burt. Hins vegar finst mér að hálfræði í fjárhagslegum efnum ætti að byrja samtímis og persónulegur myndugleiki. Víða þekkist hálfræði ekki, t. d. í Svíþjóð og á Englandi. Aftur á móti er það enn í lögum bæði í Þýzkalandi, Noregi og Danmörku. En verði þingsályktunartillagan samþykt, þá er það stjórnarinnar að meta þetta, og draga öll ákvæði, er að þessu lúta, saman á einn stað, og leggja frumv. um það efni fyrir alþingi Eg hygg að það, er eg hér hefi sagt, sé í samræmi við skoðanir nefndarinnar, nema ef vera skyldi, að háttv. þm. Ísf. ekki hefði sömu efasemdir og eg, að því er til þess kemur að afnema hálfræði.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt í einu hljóði og verður afgreidd til ráðherra, sem þingsályktun frá efri deild alþingis.

Sbr. lagafrumvarp um lögaldur, bls. 853 að framan.

Landsbankarannsókn.

FYRIRSPURN til ráðherra út af setning nefndar til að rannsaka hag Landsbankans og gerðir bankastjórnarinnar (A. 675); 29. apríl.

ATKV.GR.:

Samþykt í einu hljóði að leyfa fyrirspurnina.

Umræða 3. maí (A. 675).

Lárus H. Bjarnason: Það er kunnugt, að rýrandi orð og gjörðir einstakra manna í garð annara einstaklinga geta haft ill áhrif; enda setur löggjöfin viðurlög við slíkum orðum og gjörðum. Eg þarf ekki annað en að benda á 305. gr. hegningarlaganna, sem leggur bætur við því að meiða æru annars manns og fara með eða raska stöðu hans og högum. Enn skaðlegra er það, þegar embættismenn gera sig seka í slíkum rýrandi orðum og athöfnum. En langskaðlegast er það, ef æðstu embættismenn þjóðarinnar koma þannig fram gagnvart stofnunum, sem heill og hagur þjóðarinnar er bundinn við. Til dæmis um ábyrgð embættismanna má benda á lög 26. okt. 1893, er heimila manni, er settur hefir verið í gæzluvarðhald að ósekju, skaðabætur fyrir þjáningu þá, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af því. Sömuleiðis má vísa til ráðherraábyrgðarlaganna frá 4. marz 1904 4. gr., þar sem segir, að ráðherra sé sekur eftir lögunum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því að framkvæmt sé nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni, *þótt eigi sé framkvæmd þess bönnuð í lögum.*

Nú munu allir kannast við, að banki, ekki sízt þjóðbanki með seðlaútgáfurétti og sparisjóðsdeild, sé almenningsstofnun, sem heill og hagur þjóðarinnar er bundinn við. Slíkur banki er fyrir viðskiftalíf þjóðarinnar sama sem hjartað er fyrir vellíðan lifandi vera. Slík lífsuppspretta fyrir Íslendinga er Landsbankinn. Það er alt af vandfarið með slíka stofnun, en ekki sízt eins og nú stendur á. Hið pólitíska og fjárhagslega ástand er mjög svo óglæsilegt sem stendur, og eg tel víst, að hið fyrra valdi ekki litlu um hið síðara. En alveg að því sleptu stendur Landsbankinn ekki vel að vígi til að verjast árásum nú. Hann skuldaði útlendingum fyrir síðustu mánaðarmót kringum 1 miljón kr. Hann var þá að selja skuldabréf fyrir 2 miljónir kr., og hann ávaxtaði þá yfir 3 miljónir kr. af spariskildingum almennings. Hann skuldaði þannig um þetta leyti um 4 milj. kr., er heimta hefði mátt af hon-

um án uppsagnar eða með stuttum uppsagnarfresti. Og átti auk þess á hættu að missa af 2 milj. kr. fyrir skuldabréfin. Þannig voru 6 milj. króna eða sama sem alt ársveltufé bankans í húfi. Árás á slíka stofnun er alt af mjög svo viðsjárverð; og er svo á stendur, sem nú var sagt, líkust höggi í hjartastað, ekki sízt greiði sá höggið, er hlífa skyldi. Sviplík slíku höggi er ráðstöfun hæstv. ráðherra frá 26. f. m., er hann skipaði 3 manna nefnd til að rannsaka allan hag Landsbankans að fornu og nýju. Mörgum, flestum, líklega öllum mun virðast sem þessi ráðstöfun hefði verið betur ógjörð. Það er kunnugt, að bankanum er mjög vel stjórnað. Honum stjórna, auk bankastjóra, sem skipaður er af ráðherra, tveir menn kjörnir af hendi alþingis. Auk þess eru við bankann tveir endurskoðunarmenn, annar skipaður af landstjórninni en hinn kosinn af alþingi, og hafa þeir daglegt eftirlit með bankanum. Fjórum sinnum á ári er gefið út yfirlit yfir hag bankans, og auk þess er í aprílmánuði ár hvert birtur ársreikningur yfir öll viðskifti bankans. Loks hefir landstjórnin eftirlit með seðlaútgáfu bankans, og nú sérstaklega með innköllun hinna gömlu seðla. Maður skyldi halda, að ekki væri þörf á óvanalegum ráðstöfunum til eftirlits með stofnun, sem svo vandlega er litið eftir. Enda má, með því að skoða reikninga bankans, fyrirhafnarlítið ganga úr skugga um það, að bankanum er vel stjórnað, og að hann hefir stöðugt aukist og magnast, einkum síðustu árin. Því til sönnunar vil eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp nokkrar tölur, er sýna hversu umsetning bankans hefir aukist síðan um aldamótin:

1901	var aðalumsetn. hans	13786	þús. kr.
1902	— — —	16933	— —
1903	— — —	21708	— —
1904	— — —	25714	— —
1905	— — —	24946	— —

Þetta ár minkaði umsetningin lítið eitt vegna þess, að þá var Íslandsbanki nýtekinn til starfa, en næsta ár nær Landsbankinn sér undir eins aftur; þá eða

1906	var umsetningin	25925	þús. kr.
1907	— —	23502	— —
1908	— —	26780	— —

Varasjóður bankans var þ. 1. jan.

1901:		216	þús. kr.
1901	bættust við hann	53	— —
1902	— — —	39	— —
1903	— — —	44	— —
1904	— — —	55	— —
1905	— — —	76	— —
1906	— — —	53	— —
1907	— — —	49	— —
1908	— — —	52	— —

Menn munu taka eftir því, að sum árin hefir varasjóðurinn aukist minna en önnur, en það merkir þó ekki að bankinn hafi grætt minna þau árin sem minna bættist við varasjóðinn, heldur það, að útlendu verðbréfin, sem bankinn á, stóðu þau árin með lægra verði, því verðfall verðbréfanna kemur niður á varasjóðnum. T. d. nam verðfall bréfanna árið 1907 12 þús. kr. og 1908 27 þús. kr.

Öll þessi ár má segja, að bankinn hafi sama sem engu tapað. Árið 1901 tapaði hann einum 573 kr., og var það að kenna skjalafalsi. Árið 1907 tapaði hann 196 kr. og 1908 1214 kr., og var hvorttveggja að mestu leyti sömu ástæðu að kenna. Öll hin árin hefir bankinn ekki tapað einum eyri. Þetta má lesa fyrirhafnarlaust í reikningum bankans. Þrátt fyrir þetta er nú skipuð *opinber* rannsóknarnefnd á bankann. Og sú nefnd á ekki einungis að rannsaka *allan hag* bankans *nú*, heldur einnig *að fornu og nýju*. Það sést greinilega

á bréfinu, þar sem stendur, að nefndin geti krafist þess, að sér séu afhentir allir reikningar bankans, eins þótt þeir séu *frá umliðnum árum*. Auk þess sem þessi ráðstöfun er megn vantraustsyfirlýsing til allra þeirra manna, sem við bankann eru riðnir, þá er hún líka stórhættuleg fyrir bankann, fyrir alla þá sem við bankann skifta og þar með fyrir almenning og enda landið. Landsjóður ber ábyrgð ekki einungis á seðlum bankans, heldur líka á þeim skuldabréfum bankans, sem nú er verið að reyna að selja. Og eins og eg sagði áðan eiga landsbúar í bankanum megnið af því fé, sem þeir hafa sparað saman.

Í augum þeirra manna, sem ekki þekkja örlyndi hæstv. ráðherra eins vel og traustleika bankans, hlýtur þessi ráðstöfun að vera nokkurs konar Samsonartak um þær tvær máttarstoðir, sem Landsbankinn aðallega hvílir á, lánstraust hans erlendis og traust hans innanlands sem áreiðanlegur sparisjóður. Þessi ráðstöfun hlýtur alstaðar þar sem eitthvað er lagt upp úr orðum og athöfnum hæstv. ráðherra, að vekja grun um að ekki sé alt með feldu í bankanum. Ókunnugir, og sérstaklega útlendingar, mættu halda, að bankastjórnin hefði hagað sér eitthvað líkt og Alberti.

En hvað sem því líður, þá er hitt víst, að hér í Reykjavík hefir þessi ráðherraráðstöfun haft mikil óþægindi í för með sér fyrir bankann, og það enda þótt bankamennirnir sjálfir og aðrir, sem vilja bankanum vel, hafi haldið aftur af mönnum eftir megni. Mýmargir menn hafa núna þessa dagana, sjáanlega ekki annara orsaka vegna, hlaupið til og tekið innieign sína úr bankanum. 28. f. m. voru tæmdar 16 sparisjóðsbækur með 19 þúsund króna innieign. 29. s. mán. voru tæmdar 29 bækur með 25. þús. kr. innieign. 30. s. m. 17 bækur með 23 þús. kr., og 1. þ. m. 12 bækur með 14 þús. kr. Þennan síðastliðna dag voru þó lagðar inn 4000 kr. — Þessa fjóra daga eru þá með öðrum orðum teknar út úr bankanum yfir 80 þúsund krónur, og þess utan sagt upp lánum fyrir um 65 þús. kr. Ekki minna uppþoti hefir nú þessi ráðstöfun hæstv. ráðherra valdið. Og þó hefir verið haldið aftur af fólki af öllum vinum bankans. Minnihlutablöðin hafa reynt að kveða niður allan ótta. Og seinast en ekki síst hefir hæstv. ráðherra sjálfur reynt að draga úr þessari óhapparáðstöfun sinni, eftir að hann sá hvílíka skyssu hann hafði gjört. Það má hann eiga. Þannig lýsti hann því ótilkvaddur yfir í neðri deild 28. f. m., að hann hefði engan illan grun á stjórn bankans; hann sendi út fregnmiða um þetta og lét festa upp á götum bæjarins; hann símaði það til trúnaðarmanns síns í Kaupmannahöfn og bað hann að skýra frá tilgangi þessarar ráðstöfunar, ef bóla kynni á ótta þar, og hann bað Íslandsbanka að hlaupa undir bagga með Landsbankanum ef á þyrfti að halda. Þetta sýnir alt saman, að hæstv. ráðherra hefir orðið hræddur við gjörðir sínar, þegar hann fór að athuga afleiðingarnar. Og það var honum síst láandi.

Eg heyrði hæstv. ráðherra bera það fyrir sig í Nd. 28. f. m., að þessi rannsóknarráðstöfun sín væri samkvæm fyrirmælum 26. greinar bankalaganna. En það er ekki rétt. Greinin *fyrirskipar ekki* rannsókn; hún *leyfir* landstjórninni að eins að láta rannsaka hag bankans, og hefir vafalaust ekki átt við opinbera rannsóknarnefnd. Ráðherra bar það ennfremur fram sér til varnar, að rannsókn þessi ætti að eins að vera sér til glöggvunar nú er hann tæki við yfirstjórn bankans. En þá hefir verið óþarflega hart af stað riðið, enda sjálfsagt, ef sá einn hefði verið tilgangurinn, að hafa aðra aðferð. Til slíkrar glöggvun-

ar hefði verið nægilegt að nota stjórnkjörna endurskoðarann Loks vildi hæstv. ráðherra verja nefndarsetninguna í Nd. með því, að hann bæri ábyrgð á Landsbankanum, og rannsóknin væri því ekkert annað en nokkurs konar úttekt á bankanum í sínar hendur. En þetta er heldur ekki rétt. Landstjórnin hefir vegna hins sérstaklega eftirlits með Landsbankanum miklu minni ábyrgð á honum en nokkurri annari landsstofnun.

En jafnframt því sem hæstv. ráðherra taldi þessar sýknuástæður fram í neðri deild 28. f. m, gat hann þess, að hann væri þá óundirbúinn að standa fyrir máli sínu, og því skal eg ekki fara nánara út í þær að svo stöddu. Nú hefir hann haft nægan umhugsunartíma, og gefst því kostur á að standa hér betur fyrir máli sínu en þar.

Eg vil ekki ætla, að hæstv. ráðherra hafi skipað þessa nefnd í illu skyni, enda þó að orð leiki á því að hann og bankastjórinn séu engir forláta vinir, fremur en nefndarformaðurinn og bankastjórinn. Eg býst miklu fremur við að hún hafi verið skipuð í fljótræði og athugalítið, eða með öðrum orðum »ósjálfrátt« eða ekki full sjálfrátt að minsta kosti, endi mundi bréfið vera skrifað á Ísafoldarskrifstofu.

En þess vildi eg óska, að rannsóknin stæði sem styzt. Því lengur sem hún stendur, þess hættulegri er hún til afspurnar, ekki að eins fyrir bankann, heldur og fyrir allan almenning og landið og jafnvel fyrir — hæstv. ráðherra sjálfan.

Að svo mæltu skal eg ekki fleirum orðum hér um fara, fyr en hæstv. ráðherra hefir gefist kostur á að bera fram varnir sínar.

Ráðherra (B. J.): Háttv. deild og heiðraðir áheyrendur hafa nú um hríð átt kost á að heyra mörg digur orð og móði þrungin, mörg hátíðleg orð og yfirlætismikil frá flutningsmanni þessarar fyrirspurnar. En hann kannast sjálfsagt við það sem skáldið segir:

Orð, orð,
innantóm,
fylla storð, o. s. frv.

Og er það grunur minn, að verði svo um nokkur orð sagt, sem í margra manna áheyrn hafa mælt verið, þá muni mega segja það ekki sízt um margt þeirra orða, sem hávirðulegur fyrirspyrjandi hefir nú mælt hér í deildinni. Ef nokkurn tíma hafa verið töluð innantóm orð, þá var svo nú. Og er eg í engum vafa um, að um það lýkur, verða *allir* áheyrendur mínir mér um það samdóma.

Ráðstöfun sú, sem hér er um að tefla, og vakið hefir þennan litla þyt frá þeim mönnum, er sízt skyldi, er í rauninni svo blátt áfram og sjálfsögð, sem mest má verða; og er enginn vafi á því hins vegar, að hefðu ekki sjálfir vinir og vildarmenn bankans gert þennan úlfaþyt, gert þetta óp og uppnám, mundi alls enginn aðsúgur hafa verið að bankanum gerður. Það er þeim sjálfum einum að kenna.

Það hefir verið komist svo að orði, að hér hafi verið hafin opinber rannsókn; þótt ekki hafi verið sagt sakamálsrannsókn, þá virðist hafa verið beint ætlast til að almenningur skyldi það svo — ætlast til þess af þeim, er nota vildu þessa ráðstöfun til ásakana á hendur stjórninni.

En því fer harla fjarri. Það vita þeir vel, sem eru að reyna að æsa almenning út af þessu.

Hér er ekki annað á ferðum, en að stjórnin nýja vill kynna sér hag bankans lögum samkvæmt vegna stjórnarskiftanna. Það stendur í bankalögunum, að stjórnin geti kynt sér hag bankans þegar henni sýnist, og eigi það ekki

að vera dauður bókstafur, þá veit eg ekki hvenær meiri ástæða er til að gera það en einmitt þegar stjórnarskifti verða. Eftir því sem í lögunum stendur, verður ekki annað séð, en að til þess sé ætlast, hvenær sem henta þykir.

Þetta er kallað opinber rannsókn. Hverjir hafa gert hana opinbera, ef svo á hún endilega að heita? Ekki stjórnin. Hún hefir ekki gert annað en skrifa þeim mönnum bréf, sem hún lætur framkvæma skoðunina (rannsóknina) fyrir sína hönd. Það bréf kom engum öðrum við en þeim, og stjórn bankans. Það er hún og starfsmenn bankans, sem gera ráðstöfunina heyrinkunna, æpa undan henni út um stræti og gatnamót, og tala um hana eins og eitthvert ódæði. Það er ódæði að stjórn gerir sína lagaskyldu. *Þeir* hafa gert *sitt* til, að vekja tortrygni gegn bankanum, og fá gerðan aðsúg að honum, sem mundi hafa enginn orðið, ef þeir hefðu ekki látið svona. Mikinn tókst þeim ekki að gera hann, hvernig sem þeir létu. Hann varð furðu lítill. Alls og alls teknar út úr bankanum af innlánseigendum þar 80 þús. kr. á 4 dögum. Teknar út 80 þús. kr. af nær 3 miljóna inneign alls í bankanum. Það er alt og sumt. Það kann að þykja ekki svo lítil fjárhæð, 80 þúsundir króna. En borið saman við alla inneignina, er það þó ekki stórt. Annars skal eg leyfa mér að taka það til samanburðar, sem mér hefir sagt gjaldkeri Íslandsbanka, að þar er alls ekki ótítt, að út séu teknar 20—30 þús. kr. á dag, einkum þegar skip eru á ferð. En það er meira en þetta til uppjafnaðar.

Til dæmis um þá samvizkusemi og sannsögli, sem hér hefir lýst sér í herbúðum minnihlutans, skal eg geta þess, að fyrsta daginn sem byrjað var að slá ryki í augu almennings um þetta mál, sagði þá frétt mjög mikils háttar maður í því liði, að þá væri um kvöldið búið að taka út úr bankanum 90 þúsundir kr.; en ef satt skal segja, voru það milli 18 og 19 þús. Þetta var sýnilega tómur tilbúningur til að koma hrópinu sem hæst, og hræða almenning og æsa hann upp gegn stjórninni, sem væri að níðast á aðalpeningastofnun landsins, og það hinni þjóðlegri.

Sýnu merkilegra er þó það, að þann sama dag var einn af þjónum bankans — um sjálfan starfstímann þar — úti á stræti að fárast við þá, sem fram hjá gengu, um ódæði það, er hér væri verið að vinna á hendur bankanum af stjórnarinnar hendi og hvern voða honum væri í stofnað með margnefndri ráðstöfun. En látum nú svo vera, að þjónar bankans þeyti þessari loftbólu fyrir augu manna. En þá má segja, að skörin sé farin að færast upp í bekkinn, já, þá má segja, að bitið sé höfuðið af skömminni, þegar sjálfir löggjafar þjóðarinnar eru farnir að hampa þessum útburði.

Ein sagan, sem lostið var upp af einum svo nefndum »vini« bankans var sú, að verðbréf bankans væru fallin í verði á Kaupmannahafnar kaupskaparhöll um 7%. Þessi uppspuni stappar næst hreinni lygi; þar er enginn fluguflótur fyrir. Fyrst og fremst hafa verðbréf bankans alls ekki lækkað í verði minstu vitund, og sízt þó á »Børsen«, því *þar hafa þau aldrei gengið kaupum og sölum.* Þar af er ljóst, að greinilegri uppspuni hefir aldrei verið smíðaður.

Annar uppspuninn er sá, að ráðstöfun þessi hefði átt að vera gerð að miklu og bankanum háskalegu umtalsefni í dönskum blöðum. Ritsímafyrirspurn héðan út af því til Ritzaus Bureau hefi eg nýfengið þannig svarað:

»Bladene hidtil intet indeholdt om Landsbanken«.

Að skipaðir hafa verið ekki færri en þrír menn í þessa bankarannsókn, er ekki af öðru en því, að þetta er svo mikið verk, en þarf að vera rækilega

gert, úr því að verið er að því á annað borð. Kák er verra en ekki neitt.

Hávirðulegur fyrirspyrjandi fór um það fjálgnum orðum, að bankar væru hjartað í viðskiftum landsins, og að það væri að særa hana í hjartastað, að leggja til þeirra. En er það ekki einmitt að vernda þetta hjarta, að taka fyrir eða bæla niður hviksögur um slíka stofnun, þær er henni getur staðið háski af? Og er ekki lögboðin stjórnarrannsókn á öllum hag bankans einmitt ráðið til þess?

Sé eitthvað athugavert í rekstri bankans, þá er sjálfsagt að það komi sem fyrst í ljós. Og reynist ekkert athugavert, þá hlýtur það að styrkja traust almennings á honum og verða honum til góðs og annars ekki.

Eg geri miklu fremur ráð fyrir því, að ekkert sé stórvægilegt að athuga við stjórn bankans.

En hitt getur mér ekki dulist, að full vorkunn væri þó ekki væri menn alveg óruggir um það.

Hvernig stendur á því til dæmis að taka, að 5 ár samfleytt undanfarin hefir þeim fyrirmælum bankalaganna (frá 1886) alls ekki verið hlýtt, að senda landstjórninni ársreikning bankans til úrskurðar og kvittunar áður en hann er auglýstur?

Annað atriði skal eg og minnast á. Í reglugjörð bankans frá 8. apríl 1894, er talað um gjörðabók, sem þessi stofnun eigi að halda. — Rannsókn sú á hag bankans, er nú stendur yfir, er að vísu skamt komin. En ekki hefir enn orðið vart við neina slíka bók, og hefi eg fyrir satt, að hún sé alls ekki til, hafi aldrei verið haldin.

Að öðru leyti vil eg taka það fram, að ekki er ætlast til, að gert sé heyrinkunnugt jafnóðum það, er kynni að vitnast um ólag á stjórn bankans eða vanrækslu af hennar hendi, ef eitthvað væri. Það liggur naumast á því.

Eg skal engan dóm á það leggja af né á, hvort Landbankenum er tiltakanlega vel stjórnað eða ekki. En vitna mætti í minnihlutamenn, stjórnarandstæðingana, sem nú eru, um það, að misbrestur geti á því verið. Blað eitt hér í bæ, og það blað, sem er á allra vitorði að hávirðulegur fyrirspyrjandi (L. H. B.) ræður fyrir, flutti í haust þá frásögn, er enginn hefir efast um að sé eftir hann sjálfan, að maður, er honum sagðist svo frá, að væri mesti fjárglæframaður, hefði fengið í bankanum þá nýlega meira en 30 þús. kr. lán án nokkurrar tryggingar. Hver mundi treysta sér til að rengja sögusögn slíks sannleiksvotts og mikilmennis. Og mundi eigi mörgum verða fyrir að spyrja sem svo: úr því að slíkum manni, og það einhverjum mesta alúðarvin og venzlamanni landsbankastjórans, segist þann veg frá, væri þá láandi þótt trúað væri öðrum sögum, sem rýra kynnu traust bankans?

Fyrirspyrjanda er mjög hugleikið, að fá því komið að og trúnað á það lagðan, að stjórnin yðrist þessa verks og mundi fegin vilja hafa það ógert. En hann hefir þar ekki neitt fyrir sig að bera. Enda mótmæli eg því alveg. Það á ekkert skilt þar við, þó að reynt hafi verið af stjórnarinnar hendi að hnekkja tilraunum minnihlutamanna til að vinna bankanum mein, með því að æsa menn til að gera aðsúg að honum, — stofnun, sem *þeir* látast bera hvað mest fyrir brjósti sjálfir. Það er henni bæði ljúft og skylt. Hún gerði meðal annars ráðstöfun til, að hlaupið yrði undir bagga með sparisjóði Landsbankans, ef lánast hefði þeim félögum, minnihlutamönnum, að gera háskalegan aðsúg að honum. En rannsóknina metur hún jafn réttmæta og sjálfsagða hvað sem því líður.

Þessi mikli blástur og uppivaðsla út af því, að hin nýja stjórn sýnir sig líklega til að beita lögum landsins, hvort

sem þeim líkar betur eða ver, er voru áður í meirihluta á þingi og réðu því, hverjum lögum var beitt og hverjum ekki, — það er því líkast, sem minnihlutanum finnist hann eigi enn tilkall til hins sama og áður, tilkall til, að vera ekki háður öðrum lögum né stjórn, en honum er geðfeldast, honum og hans gæðingum. En eg hygg það vera heilræði fyrir þá félaga, að fara nú að lægja þau segl úr þessu.

Lárus H. Bjarnason: Eg er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir það, að hann hefir sýnt lítillæti og komið hingað í dag. Þessi deild á því ekki að venjast. Þegar fjárlögin voru hér til 2. umræðu, kom hann t. d. ekki, og þurfti þó framsögumaður margt við hann að tala.

Hæstv. ráðherra vill gera þetta mál að flokksmáli, en það lánast honum ekki. Málinu var að vísu fyrst hreyft í minnihlutablöðunum, sérstaklega í »Reykjavík«, en »Þjóðólfur« og »Þjóðviljinn« hafa tekið í sama streng, og því miður getur minnihlutinn, sem nú er, ekki talið þau til síns flokks. Í »Þjóðviljanum« 30. f. m., er meðal annars komist svo að orði:

> »En hvað sem því líður, hefði það verið heppilegra bæði frá sjónarmiði landsjóðs, sem er eigandi bankans, og frá sjónarmiði almennings, að ráðherrann hefði hagað svo til, að hann hefði »kynt sér hag bankans», án þess að gera það heyrum kunnugt á þann hátt, sem orðið er. Hvorki sparisjóðsinnieigendur né erlendir lánveitendur bankans geta vitað, hvort tilefni rannsóknarinnar er, og geta skapað sér einhverjar grýlur, þótt engin ástæða sé til.«

Og »Þjóðólfur«, fornkunningi minn, tekur enn fastar í sama streng:

> »En hann hefir eflaust ekki nægilega athugað það áður, að nefndarskipun þessi gæti orðið óþægileg fyrir stofnun þessa, hnekt áliti hennar og lánstrausti erlendis, og vakið ókyrð hér í bænum, því að hefði honum verið það nægilega ljóst, mundi hann eflaust hafa hagað eftirliti þessu á annan hátt, og látið það t. d. fara fram smátt og smátt í kyrþey. Og svo hefði átt að vera».

Enn segir sama blað:

> »... Því verður ekki neitað, að nefndarskipun þessi hefir að minsta kosti í bili gert Landsbankanum óþægindi, þótt vonandi sé að það verði honum ekki til stórtjóns«.

Og ennfremur:

> »Nefndarskipun þessi var ei að síður fljótráðin«.

Loks klykkir blaðið þannig út:

> »... enda er það mikill fjöldi flokksmanna nýju stjórnarinnar, sem gjarnan hefðu óskað, að minnihlutinn hefði alls ekki fengið þetta tilefni til að hengja hatt sinn á, því að þótt snaginn sá reyndist ekki jafn-haldgóður, sem mótstöðumenn stjónarinnar gerðu sér vonir um, þá er það ekki forsjá stjórnarinnar að þakka«.

Eg verð ennfremur að líta svo á, að meirihlutanum, sem leyfði þessa fyrirspurn, hafi ekki sýnst hæstv. ráðherra gera nægilega hreint fyrir sínum dyrum með yfirlýsingu sinni í Nd., því annars hefði hann auðvitað ekki leyft fyrirspurnina. Og Landsbankastjórninni, sem einn af helztu mönnum meirihlutans situr í, hefir fundist einhvers við þurfa, úr því að hún fór að slá upp gulum og rauð um »plakötum« með feitu letri, til þess að friða almenning og lýsa því yfir að engin hætta væri á ferðum. Og þá er seinast enn ekki sízt alt yfirklór hæstv. ráðherra ekki hvað lakasta sönnunin. Hann lýsti því yfir 28. f. m., áður en blöð minnhlutans höfðu minst á málið, að honum hefði ekki gengið til neinn illur grunur á bankastjórninni. Hann lét auglýsa þetta út um allan bæ, síma það til annara

landa og bað Íslandsbanka að vera við búinn að hjálpa Landsbankanum. Þetta er átakanleg sönnun fyrir því að hæstv. ráðherra sá það sjálfur, að hann hafði hlaupið á sig. »Qui s'excuse s'accuse«, þ. e. sá sem afsakar sig, ásakar sig.

Annars má það vera mikið ánægjuefni bankanum sjálfum, og öllum sem honum unna, hve litlar aðfinningar hæstv. ráðherra hefir fundið gegn honum eftir langa umhugsun og nákvæma leit.

Hæstv. ráðherra varði sig fyrst með því, að nefndarsetningin væri samkvæmt fyrirskipun 26. gr. laga um stofnun landsbankans frá 18. sept. 1885. Þetta er ekki rétt, og skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa greinina upp. Hún hljóðar svo:

> »Stjórn bankans er ávalt skyldug að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um bankann, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi *getur* og hvenær sem er látið rannsaka allan hag bankans«.

Hér er rannsókn *heimiluð* en *ekki skipuð*. Það sendur »*getur*« en ekki *skal*. Og vitanlega er ekki átt við setning opinberrar rannsóknarnefndar, og gengið út frá því sem gefnu, að æðsti valdsmaður landsins kunni að gæta varúðar fullorðins manns. Enda væri fróðlegt að vita, hvar hæstv. ráðherra hafi heimild til þess að brúka landsfé til jafn fráleitrar og óþarfrar ráðstöfunar og þessi rannsókn er.

Hæstv. ráðherra var mikið sár út af því, að nefndarsetningin skyldi hafa verið gerð að opinberu máli. En mér er spurn, hví sárnar honum það, sé hún eins sjálfsögð og hann nú segir hana. Og því uppálagði hann ekki nefndar mönnunum og bankastjórninni að þegja um tilræðið, hafi hann ætlast til þagnar.

Hvernig getur hann vænst þagnar af öðrum, þegar hann kann ekki sjálfur að þegja eða fyrirskipa þögn.

Þá sagði hæstv. ráðherra, að hann hefði sett nefndina til þess að hann gæti glöggvað sig á öllum hag bankans. En það *getur* ekki verið satt. Þeim tilgangi hefði hann getað náð jafnvel með því að senda stjórnkjörna endurskoðandann, forstöðumann 1. skrifstofu sinnar, til þess að forvitnast um það í hljóði, sem honum lék forvitni á að kynnast, eða þá annan trúnaðarmann, hafi hann ekki trúað skrifstofustjóranum til fulls.

Og loks sagði hæstv. ráðherra að hann hefði orðið að setja nefndina vegna ábyrgðar þeirrar, er hann hefði tekið við á bankanum. En sú varnarástæða er líka ónýt. Ábyrgð hans á Landsbankanum er minni en á nokkurri annari landsstofnun vegna eftirlits þess, sem þingið hefir með bankanum. Og hvers vegna hefir hann þá ekki beitt sömu aðferð við aðrar peningastofnanir landsins, og gjaldheimtumenn þess, sem engu slíku eftirliti eru háðir? Hvers vegna hefir hann ekki látið rannsókn fara fram á pósthúsinu og á ritsímastöðinni, er fara með hundruð þúsundir króna. Hvers vegna hefir hann ekki látið fara fram rannsókn hjá sýslumönnum og bæjarfógetum og öðrum gjaldheimtumönnum, svo sem umboðsmönnum. Mér er sagt að einum umboðsmanni hér nærlendis liggi við gjaldþroti. Hví er ekki hafin rannsókn gegn honum um fjárheimtu hans fyrir umboðið.

Og enn er ein stofnun, sem hæstv. ráðherra hefði mátt líta eftir ekki síður en eftir Landsbankanum, og það er Íslandsbanki.

9. gr. laga 7. júní 1902 hljóðar — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið:

> »Vegna réttar þess, sem bankinn nýtur til seðlaútgáfu, skal hann háður

eftirliti landstjórnarinnar samkvæmt nánari ákvörðunum í reglugerð bankans, sem staðfest skal af ráðuneytinu fyrir Ísland«.

Og í 22. gr. í reglugerð bankans 25. nóvber. 1903 stendur:

»... ráðherra Ísands hefir rétt til þess, hvenær sem hann vill, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sé í hinu lögákveðna hlutfalli við seðla þá, sem í veltu eru, og auk þess hefir hann aðgang að framkvæmdarstjórnarumræðum og rétt til þess, hvenær sem vera skal, að láta sýna sér bækur bankans og skjöl«.

Hversvegna hefir hæstv. ráðherra ekki notað þennan rétt til þess að líta eftir Íslandsbanka. Sá banki er að vísu einstakra manna eign, en hann fer með einhvern dýrmætasta rétt hverrar þjóðar, seðlaútgáfurétt landsins. Hann gefur út bankavaxtabréf sem ganga kaupum og sölum milli manna, og hann ávaxtar og geymir mikið af fé manna. Og hann er svo sem engu eftirliti háður, því að þingkjörnu fulltrúarnir hafa eftir reglugjörð Albertis svo sem ekkert að segja. Og stjórnkjörni endurskoðandinn kvað ekki koma þar nema með höppum og glöppum, einu sinni í mánuði eða svo.

Eg endurtek það, hvers vegna hefir ráðherra ekki líka látið rannsaka Íslandsbanka?

Hæstv. ráðherra fann Landsbankanum aðallega þrent til foráttu. Í fyrsta lagi, að reikningar bankans hefðu ekki verið sendir stjórnarráðinu í 5 ár, og ekki verið úrskurðaðir öll þessi ár, en sé þetta satt, er sökin fremur landstjórnarinnar en bankans, sé annars um nokkura sök að ræða, sem eg þó ekki get kannast við, því að reikningarnir eru árlega prentaðir í stjórnartíðindunum, og má því lesa þá þar. Og hvað sem því líður, þá er nú, er því er slegið föstu, að reikningarnir hafi ekki verið sendir stjórnarráðinu, ekki þörf á þriggja manna nefnd til að rannsaka það atriði. Í öðru lagi fann hæstv. ráðherra landsbankastjórninni það til foráttu, að ekki hefði verið haldin gjörðabók í bankanum, en um gjörðabók þessa er það að segja, að bankalögin nefna hana hvergi á nafn, og aðeins gjöra ráð fyrir því í bankareglugjörðinni að slík bók sé haldin, en hvergi nein fyrirmæli um hana. Og sé það víst að slík bók sé ekki til, þá er að minsta kosti ástæðulaust að skipa nefnd til að rannsaka það atriði. Í þriðja lagi mintist hæstv. ráðherra á það, að blaðið »Reykjavík« hefði álasað stjórn Landsbankans fyrir það, að veita manni fyrir vestan 35 þús. kr. lán tryggingarlaust eða tryggingarlítið. Þessa lánveitingu þarf ekki að upplýsa. Það hefir »Rvík.« nægilega gjört. Og hvað aðrar lánveitingar snertir, þá mun það sízt af öllu vera á nefndarinnar færi, að rannsaka hvort þær sé vel eða illa trygðar, enda veit eg ekki til hvers bankastjórn væri til, ef hún ætti ekki að ráða því, hvort hún veitir lán og þá með hvaða skilyrðum, eða veitir ekki lán.

Þessara þriggja atriða vegna þurfti ekki að skipa þessa nefnd, og með því að hæstv. ráðherra hefir ekki tilfært aðrar ástæður, þá sé eg ekki betur en að nefndarskipunin hafi verið alveg óforsvaranleg. Hitt er satt, að það lítur ekki út fyrir að hún ætli að verða bankanum að stórtjóni, en það er ekki hæstv. ráðherra að þakka. Það sannar bara að almenningur trúir bankanum betur en hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra fullyrti að nefndarskipunin hefði ekki haft nein óþægindi í för með sér fyrir bankann, og taldi *það sönnun* fyrir því, að hún væri óaðfinnanleg. En fyrst er þetta nú ekki satt, og svo má ekki dæma það og það tilræði eftir leikslokum.

Það er til margskonar lukka, góðra

manna lukka, slempilukka og enda strákalukka. Það slampast margt af þó illa sé til stofnað. Og eg verð að halda fast við, að þessi »generalprufa« hæstv. ráðherra á Landsbankanum hafi verið mjög hættuleg, þó ekki sé útlit fyrir að mikið tjón muni af henni hljótast. Eg hefi áður líkt Landsbankanum við litla bátskel og ástandinu hér í landinu við úfinn sjó. Hæstv. ráðherra hefir farið að líkt og maður, er staddur væri í lítilli bátskel á úfnum sjó og stykki alt í einu út í annað borðið til þess að reyna hvort fleytan væri stöðug eða völt. Það mundi ekki verða kölluð góð sjómenska, enda þótt slys hefði ekki orðið að, af því vanir sjómenn og snarráðir voru innanborðs, er köstuðu sér út í hitt borðið.

Eg get því ekki betur séð, en að þessi ráðstöfun sé óþörf og enda ólögleg. Og að minsta kosti er hún eftir öllum atvikum óréttlætanleg, enda hefir hæstv. ráðherra ekki heldur tekist að réttlæta hana. Því að smámunir þeir, sem hann týndi fram, sanna miklu fremur óþarfleik nefndarinnar en réttlæta hana, svo aumir eru þeir, þótt sannir væru.

Það vill svo vel til, að 2 menn úr stjórn Landsbankans sitja hér í deildinni, og þeir geta því svarað því, sem hæstv. ráðherra vék að bankastjórninni.

Að endingu leyfi eg mér að lesa upp dagskrá, sem eg bið hæstv. forseta að bera undir atkvæði deildarinnar. Hún hljóðar svo:

> »Deildin telur rétt, að landstjórnin líti eftir peningastofnunum landsins, en væntir þess, að það sé gert með *varúð*, og tekur í því trausti fyrir næsta mál á dagskrá«.

Eg vona, að allir greiði atkvæði með þessari dagskrá. Eg tel víst, að allir vilji láta líta eftir bönkunum og jafnvíst, að allir séu ásáttir um að það verði að gjöra með nauðsynlegri varúð. Þetta efast eg ekki um. Nafnakallið, sem eg hefi beðið um, á að eins að sýna, að þetta sé ekki flokksmál.

Sigurður Hjörleifsson: Háttv. 5. kgk. þm. var svo einurðargóður, að leggja áherzlu á það, að hér væri ekki um flokksmál að ræða, né neinn aðsúg að stjórninni. Það þarf sannarlega einurð til að segja þetta eftir ræður hans sjálfs hér í deildinni; og enn meiri einurð virðist þurfa til þess, þegar litið er til ummæla þeirra um þessa ráðstöfun, sem komið hafa fram í blaði því, er hann stýrir. Þ. 28. apríl er sagt í þessu blaði berum orðum, að núverandi ráðherra hafi gefið dönsku stjórninni loforð um að binda Ísland fjárhagslega við Danmörku. Fyrsta tiltækið til að framkvæma þetta átti að vera það, að ginna þingið til að ganga að tilboði Thorefélagsins, og ganga þannig út í bersýnilegan voðann. Sama dag og þetta hafi mistekist, segir blaðið, að ráðherra hafi tekið það ráð, að gera tilraun til að eyðileggja Landsbankann, Íslandsbanka í hag. Þetta stendur í eigin blaði háttv. 5. kgk. þm., sem komið er út um alt land. Þetta var ekki í blaðinu, sem brent var; en hvað mun þá hafa staðið í því? Í sama blaði stendur, að bankinn hafi verið kominn vel á veg með að selja 2 miljónir af bankaskuldabréfum, en nú sé sú sala ónýtt. Samt segir háttv. þm., að hér sé ekki um neina pólitíska ofsókn móti stjórninni að ræða! Eg skal geta þess, að háttv. þm. fór í framsögunni með rangt mál, þar sem hann sagði, að í bréfi ráðherra stæði, að rannsóknin *skuli* ná til umliðinna ára; þar stendur að eins, að hún geti eða megi ná til umliðinna ára. Hér fór háttv. þm. því með hrein og bein ósannindi.

Annars er óþarfi að vera að tala mikið um þetta mál. Eg skal ekki dylja það, að eg vona og treysti að sú

raun verði á, að ekkert verulegt sé við stjórn Landsbankans að athuga. En vegna þess úlfaþyts, sem borinn hefir verið út, að því er virðist í flokkslegu skyni, til að stofna meiri hlutanum í hættu, og fella ráðherrann, þá hefir mér dottið í hug að bera fram aðra dagskrá, svo hljóðandi:

»Með því að deildin lítur svo á, að hin umræddu aftkifti landstjórnarinnar af hag Lansbankans séu bæði lögmæt og sjálfsögð, lýsir hún fullu trausti sínu á ráðherranum og tekur fyrir næsta mál á dagskránni«.

Ráðherra (B. J.): Eg vona að eg þurfi ekki að segja mörg orð um málið framar. Eg lít svo á, sem fyrirspyrjandi, háttv. 5. kgk. þm., hafi sýnt það með framhaldsræðu sinni, að þetta, sem hann aðhefst, er ekki annað en tilefnislaus árás á hina nýju stjórn. Hér er um engan annan aðsúg að bankanum að tefla en þann, sem minni hlutinn og starfsmenn bankans sjálfir hafa vakið. Hann reyndi að sýna fram á það, að auglýsing sú um hag bankans, er bankastjórnin gaf út, hafi stöðvað aðsúginn. En hún kom á 4. degi, þegar aðsúgurinn var alveg að hætta, ef aðsúg skyldi kalla; hvernig gat hún þá afstýrt honum? Hún kom þegar engrar varnar þurfti við framar.

Hann sagði, að eg hefði vanrækt eftirlitsskyldu mína við hinn bankann, Íslandsbanka. Það er æði snemt að tala um vanrækslu í þessu efni, þegar ekki eru liðnir nema örfáir dagar síðan stjórnin tók við. Sú aðfinsla er hégómi. Enda þarf rannsókn á bönkunum ekki að fara fram jafnsnemma. Landsbankinn mun vera miklu nær því að geta heitið hjarta þjóðarinnar, eins og hann sagði, heldur en hinu, og er því eðlilegt, að fyrst sé litið eftir honum. Háttv. þm. vildi nærri því kalla þessa ráðstöfun lagabrot, af því að í lögunum stæði, að stjórnin *gæti* látið rannsaka hag bankans. Hann álítur líklega, að það þýði, að stjórnin megi ekki gera það *nema* minni hlutanum sé það þóknanlegt. Þessi ráðstöfun er þvert á móti í fylsta samræmi við lögin. Fleira heitir í lögum fyrirmæli en fyrirskipanir; alt er mælt fyrir í lögum, hvort sem það er bein skipun eða ekki. Hann var að reyna að toga það út úr þessu, sem stjórnin hefir gert til að afstýra aðsúg að bankanum (fyrir æsingatilraunir minni hlutans), að stjórnin hefði séð sig um hönd. Þessi tilraun er aumkunarleg og hlægileg; stjórnin þarf alls ekki að sjá sig um hönd. Þessi 3 atriði, sem hann sagði að eg hefði fundið bankanum til foráttu, eru helber útúrsnúningur. Það vita allir, að ekki þarf nema nefnd til að rannsaka það, sem stjórninni var fullkunnugt áður, hvort reikningar bankans hafa verið sendir til stjórnarráðsins til úrskurðar og kvittunar; það *vitum vér að hefir ekki verið* gert. Þessi útúrsnúningur er að eins sprottinn af hinni alþektu ástríðu þessa manns til að gera sig að prókúrator og fara krókaleiðir í öllum málum.

Um störf nefndarinnar er það að segja, að þau eru enn í byrjun; varla $^1/_{50}$ hluta þeirra lokið. Eg veit ekkert um þau, og enda mundi eg ekki gera það heyrinkunnugt, þó eg hefði fengið vitneskju hjá henni um eitthvað athugavert við stjórn bankans.

Á sömu bókina var lært það, sem hann reyndi að afsaka það með, sem stóð í hans blaði um óreiðumanninn, er lánaðar voru 35,000 kr. án nokkurrar tryggingar eða veðs, að hann sagði. Þetta ætlaði hávirðulegur fyrirspyrjandi að fóðra með því, að sá maður væri á hausnum. Það er þá ávirðingarlaust, að lána mönnum, sem eru á hausnum, án veðs! Það á eftir því að sýna bankanum eftirlitslaust traust, þegar hann,

fyrirspyrjandindi, er nýbúinn að sýna, að honum er svona gætilega stjórnað! Þetta, eða þessu líkt, gæti þó oftar að borið, og ætti þá fremur að veikja traust bankans en styrkja.

Eg hefi hvergi sagt neitt um, hvort bankinn eigi traust eða vantraust skilið, en þegar búið er að rannsaka hag hans, er tími til að tala um þetta. Ef skoðunin sýnir, að eitthvað er athugavert, smátt eða stórt, hvað þá?

Eitt til marks um hve lítilmótlegur og veikur málstaður hávirðulegs fyrirspyrjanda er, eru tilvitnanir hans í þau blöð, sem hann nefndi. Um annað þeirra er það að segja, að það hefir á þessu þingi verið miklu fremur til stuðnings minni hlutanum og flutt árásir á ráðherrann, og get eg ekki skilið annað, en hávirðul. fyrirspyrjandi segi það í háði eða gamni sínu, sem hann mælti um það mál. Og þó svo væri, að þetta blað væri flokksblað meiri hlutans, þá væri framkoma þess vottur þess, að blöðum þess flokks er ekki haldið undir neinum aga eða harðstjórn, heldur látið nokkurn veginn frjálst, hvernig þau taka í það eða það mál, sem og á að vera. En í hinum flokknum má víst ekki annað koma í blöðin en höfðingjar hans vilja vera láta. Um ummæli hins blaðsins, Þjóðólfs, er það að segja, að með allri virðingu fyrir því og ritstjóra þess, hlýt eg að vera þeirrar skoðunar, að ef það talar um fljótræði af hendi ráðherra, þá er sá dómur sprottinn af fljótræði blaðsins sjálfs. En eg erfi það ekki né tel til lýta; slíkt getur öllum á orðið, og tilgangurinn getur verið góður.

Eg fæ ekki betur séð, en þetta mál sé nú fullskýrt, að enginn maður sé nú lengur í vafa um, að hér er ekki annað á ferðinni en bíræfin tilraun hjá minni hlutanum til þess að ráðast ófyrirsynju að ráðherranum og meiri hlutanum; og þessi tilraun er því bíræfnari, sem þeir verða sjálfir að ganga á það, sem þeim er skylt að verja, nfl. Landsbankann. Þeir teygja svo úr þessu ástæðulausa hjali til þess að reyna að skaða stofnunina og svala sér á meiri hlutanum og ráðherranum.

Eiríkur Briem: Út af orðum hæstv. ráðherra, sem hann beindi til mín um reikningsskil bankans, verð eg að taka það fram, að allan þann tíma sem eg hefi verið við bankann — og það hefi eg verið síðan hann var stofnaður — hefir alt af verið gjörður bæði ársreikningur og ársfjórðungsreikningar á réttum tíma. Að ársreikningurinn ekki hefir komið til stjórnarinnar fyr en í aprílmánuði, er af því, að það hefir orðið að bíða eftir uppgjörð yfir viðskifti bankans við útlönd; svo hefir reikningurinn ætíð verið sendur til stjórnarinnar, svo að eg skil ekki hvað ásökunin í þessu efni getur gengið út á. Viðvíkjandi gjörðabókinni get eg getið þess, að stjórn bankans hefir alt af bókað það, sem henni hefir þótt nauðsynlegt, t. d. ef lánum hefir verið lofað eða ákveðið að heimta inn hjá mönnum, gjöra fjárnám og því um líkt, þó þetta að vísu hafi ekki alt af verið bókað í sömu bókina. Viðvíkjandi þessu 35,000 kr. láni, sem talað hefir verið um, þá er það ekki rétt, að þar hafi ekki verið nein trygging, því það var lánað gegn bæði veði í fasteign og lausafé og þar að auki ábyrgð 110 manna. Hvernig sem um þetta kann að fara, þá var það meining bankastjórnarinnar, að þetta myndi vera óhætt, og hagur margra manna hvatti til þess að fara á fremsta hlunn í því að veita þetta. — Að bankamennirnir hafi sjálfir stutt að því, að bankinn yrði fyrir aðsúg, skil eg ekki að geti verið rétt. Eg fyrir mitt leyti hefi gert alt, sem eg hefi getað, til þess að aftra því, og svo sendi bankastjórnin út þessa auglýsingu á laugar-

daginn, sem fer í sömu átt, nfl. að hefta aðsúg ef til hefði komið. Það fór að vísu að draga úr þessari öldu á laugardaginn, og við vildum gera það sem í okkar valdi stóð til þess að eyða henni með öllu.

Ráðherra (B. J.): Því brá mér sízt vara fyrir, að háttv. þm. sá, sem nú settist (2. kgk. þm.), og eg tel mér sæmd í að hafa átt fyrir kunningja í meira en heilan mannsaldur, færi að svara mér út í hött. Eg hafði aldrei talað um að reikningar bankans kæmu seint; það sem eg sagði var, að hann hefði aldrei í 5 ár verið lagður undir úrskurð og kvittun landstjórnarinnar. Og það hefir verið vanrækt í samfleytt 5 ár. Það er engin hviksaga. Það hefir oft borið við áður, að við reikninginn hafa verið gjörðar miklar athugasemdir, er hafa verið síðan úrskurðaðar af stjórn landsins og hún eftir það kvittað fyrir reikningsskilin. Þetta er mjög mikil tryggingarráðstöfun og sízt þarflaus, þrátt fyrir endurskoðunina. Það sem sami ræðumaður sagði um gjörðabókina, kemur nákvæmlega heim við það, sem eg sagði áðan, að bankastjórnin geri ekki annað en pára í vasabók eða kompu (með blýant?) lánsloforð þau, er hún gefur, og þar með búið, — eða hefir gert það síðari árin, en engin regluleg gjörðabók er haldin, og er þó talað um hana í 8. gr. reglugjörðarinnar frá 1894. Því fer fjarri, að eg hafi nokkru sinni sagt, að bankastjórnin hafi sjálf vakið þennan þys, sem orðið hefir út af rannsóknar ráðstöfun minni; eg talaði um starfsmenn bankans, en ekki stjórn hans. Eg geri ráð fyrir að sá er eg veit glegst um, að hafði sig frammi um þetta, hafi gert það af sjálfs sín hvötum, en ekki að hann hafi verið gerður út til þess af bankastjórninni; það væri aðdróttun, sem mér dettur ekki í hug að koma með. En þegar bankamaður hefst þetta að, þá er ekki furða, þó það vekti eftirtekt; einkanlega þar sem það var í starfstíma bankans.

Svar fyrirspyrjanda um 35,000 króna lánið var sömuleiðis alveg út í hött, því þar var ekki mér að svara; eg sagði aldrei, að bankinn hefði gert þetta, sem á hann var borið, heldur að hávirðulegur fyrirspyrjandi hefði flutt eða látið flytja þá sögu í blaði sínu. En þegar slíkar sögur ganga, og það í mágagni hávirðulegs konungkjörins þingmanns, þá er ekki ólíklegt að einhverjir kunni að hugsa, að sé þetta svo, þá geti einnig dæmin verið fleiri þessu lík.

Að bankastjórnin kemur með þessa auglýsingu sína á 4. degi, gerir ekki annað en sanna mitt mál, því hefði henni þótt gjörðir stjórnarinnar geta orðið hættu valdandi, þá hefði hún auðvitað átt að senda auglýsinguna út á fyrsta degi.

Steingrímur Jónsson: Eg ætla ekki að blanda mér í kappræður þeirra hæstv. ráðherra og háttv. fyrirspyrjanda, en eg álít mér skylt að gefa þá yfir lýsingu, að eg get verið hæstv. ráðherra þakklátur fyrir svör hans um fyrirspurnina. Þegar eg tengi svör hans hér saman við svör hans í Nd. þann 28. f. m., þá er eg honum þakklátur að því efni svaranna snertir; það er fyrir mér aðalatriðið að fá yfirlýsingu af vörum ráðherra um, að fyrirskipunin hafi ekki verið bygð á, að nokkuð væri athugavert á ferðum við Landsbankann, og að hæstv. ráðherra hefir gert alt sem hann gat til þess að láta það verða kunnugt, að ráðstöfunin hafi ekki verið gjörð af umgetnum ástæðum. Þetta er fyrir mér aðalatriðið og með það er eg ánægður.

En eg er ekki ánægður með formið á svari hans, því þar finst mér kenna meira kapps en mér þykir við eiga; og

fullyrðingar hans um að starfsmenn bankans og minni htutinn á þinginu og hans fylgismenn hafi verið að gera tilraun til þess að reyna að mynda »run« — aðsúg — að bankanum finst mér vera svo þungar ásakanir, að mér þykir ekki annað eiga betur við en að að segja eins og karlinn: »Þetta má kanske hugsa, en það má ekki segja«. Orð eins og þessi má hygginn stjórnmálamaður ekki láta sér um munn fara þó honum detti þau í hug. Hæstv. ráðherra sagði, að málefni þetta væri svo smávægilegt að ekki tæki að vera að eyða dýrmætum tíma þingsins til þess að tala um það. En hér verð eg að vera á algjörlega á öðru máli. Þegar skipuð er nefnd með löngu skipunarbréfi og víðtæku starfsviði, og sem almenningur hlýtur að líta á líkt og það væri sakamálsrannsóknarnefnd, þá er ekki óliklegt að menn fari að hugsa, hvers vegna þetta sé gert og auðvitað verður fyrst fyrir mönnum svarta hliðin og þá fer ekki hjá því, að landsmenn haldi að hér sé hætta á ferðum; þess vegna fanst mér rétt og sjálfsagt að knýja fram sem fyrst opinbera yfirlýsingu, sem skýrði hvernig í þessu lægi.

Hæstv. ráðherra kom fram með nokkur atriði, sem frá hans sjónarmiði voru beinar ástæður fyrir þessari nefndarsetningu, og eitt af þeim voru bankareikningarnir. En eg hygg, að hafi verið ástæða til að fara að tala um að þar hafi ekki alt verðið sem skyldi, þá hafi sökin verið hjá stjórnarráðinu, en ekki bankastjórninni.

Lárus H. Bjarnason: Eg þarf ekki að eyða mörgum orðum að því að svara háttv. þm. Akureyrar. Það að hann flutti hina rökstuddu dagskrá meiri hlutans, en ekki háttv. sessunautur hans, þm. Ísafjarðar, er eitt út af fyrir sig nægileg upplýsing fyrir mig um það, hvernig meiri hlutinn — eða skynsamari mennirnir í honum — lítur á þetta mál.

Eg ætlaði mér ekki að minnast á »Thore«-málið og sambandsmálið, en úr því háttv. þm. Ak. fór að tala um þau, þá mætti eg ef til vill segja honum, að eg öfunda hvorki meiri hlutann né hæstv. ráðherra af þessum 2 þrekvirkjum, fremur en af Landsbankaatreiðinni núna. Og eg þykist vita að enda margir meirihlutamenn muni álíta nóg komið af svo góðu á ekki lengri stjórnartíma, einum 4 vikum, þó að þeir reyni að bera sig karlmannlega. Annars gæti eg sem minni hluta maður verið ánægður með dagskrá meiri hlutans, en hefði eg verið í meira hluta, þá hefði eg barist á móti því með hnúum og hnefum, að flokkur minn færi að ata sig út á því að gefa ráðherra traustyfirlýsingu út af jafn óforsvaranlegu tilræði og nefndarsetningin er.

Hæstv. ráðherra sagði að minni hlutinn og hans blöð hefði stutt að því eftir megni, að gera þennan »hvell« til þess að mynda aðsúg að bankanum, en þetta er alveg tilhæfulaust eins og svo margt úr þeirri átt. Því til sönnunar get eg vitnað í »Rvík« 28. f. m., sem fyrst talaði um nefndarskipunina. Þar er svo komist að orði:

»Vér vonum nú samt að betur úrrætist en áhorfist.

Sérstaklega vonumst vér að Íslendingar, sem eiga fé í vöxtum í bankanum, treysti betur ráðvendni bankastjóranna en ráðdeild ráðherrans.« . . .

Hefði eg og aðrir minni hluta menn gert oss far um að gera bankanum ógagn, þá hefði t. d. eg og kunningjar mínir getað tekið þaðan nokkur þúsund kr. En við höfum einmitt gert alt sem við höfum getað til þess að draga úr aðsókn að bankanum.

Annars er ekki ástæða til að sakast um orðinn hlut. En hitt þótti mér leitt að heyra af vörum hæstv. ráðherra, að

nefndin, sem nú hefir setið á rökstólum í 8 daga, skuli ekki enn hafa lokið $^1/_{50}$ parti af störfum sínum og eigi þannig að sitja að minsta kosti í 400 daga. Viðskiftamenn bankans, sem ekki þekkja hæstv. ráðherra, kynnu að draga þá ályktun af því, að meira en lítið væri bogið við stjórn bankans; þeir myndu tæplega fást til að trúa því að svo mikill leiðangur væri gjörður út til lúsaleitar á einum manni.

Eg sagði áðan, að ekki gagnaði að sakast um orðinn hlut, og eg skyldi heldur ekki eyða fleiri orðum að þessu óhappaverki hæstv. ráðherra, sem lítur út fyrir að ætli að slampast af stórslysalítið, ef það ekki einmitt gæfi tilefni til mikillar áhyggju um framtíðina. Nú á hæstv. ráðherra bráðum að fara að sigla sinn eiginn sjó og þá er enginn til taks að taka í taumana, ef á þarf að halda. Því er nauðsynlegt að dagskrá mín verði samþykt sem nokkurs konar »memento«, nokkurs konar »mene tekel« eða aðvörun til ráðherra um að gæta sín. Frá flokkssjónarmiði mínu væri aftur á móti ákjósanlegast, að meiri hlutinn negldi sig á dagskrá þm. Ak. og gjörðist þannig samsekur ráðherra um tilræðið, en landshagsmunir hafa alt af staðið ofar flokkshagsmunum hjá oss minni hluta mönnum og því er nú svo komið sem komið er.

Ráðherra (B. J.): Eg geri ráð fyrir að umræðurnar geti farið að styttast úr þessu. Það var ekkert orð í ræðu hins hávirðulega fyrirspyrjanda, (L. H. B) sem brýn þörf er að svara.

Hér er gerður stóreflis þytur út af því, að landsbankinn hafi verið settur undir opinbera rannsókn, en það er gersamlega rangt. Bankastjórnin þurfti ekki að fara að gera að fyrra bragði hljóðbera þessa ráðstöfun, er fólst í hinu margumrædda bréfi. Það er fyrir hennar málæði, að almenningi er rannsóknin kunn orðin, en auðvitað var nauðsynlegt að bera þetta út, ef hægt ætti að vera, að nota það til æsinga og árása á stjórnina.

Það er nú játað hér í þingsalnum af öðrum gæzlustjóranna, að ekki sé haldin þar nein gjörðabók, þótt skipað sé að gera það í 8. gr. bankareglugjörðarinnar frá 1894. En úr því að það er ekki gert, er alveg strykað yfir samábyrgð gæzlustjóranna, og öll ábyrgðin hvílir á herðum framkvæmdarstjórans eins, sem getur gert með sínu eindæmi hvað sem honum gott þykir án þess að leita samþykkis gæzlustjóranna.

Hávirðulegur fyrirspyrjandi var að bera saman Íslands banka og Landsbankann; en á þeim stofnunum er sá mikli munur, að aðra, Landsbankann, á landið og ber ábyrgð á öllum skuldbindingum hans; í Íslandsbanka á landið ekkert og ber heldur enga ábyrgð á skuldum hans. Þing og stjórn hefir þau ein afskifti af þeirri stofnun, að alþingi kýs menn til þess að vera í bankaráði hans ásamt ráðgjafa og hluthafakjörnum fulltrúum, og sú stjórnarnefnd á að líta eftir því, að það komi í móti seðlaútgáfugáfuréttinum, að bankinn vinni að því að efla hag landsmanna, og styrkja atvinnuvegi þeirra. Íslands banki á heldur ekki að gera stjórninni nein reikningsskil, en það á Landsbankinn að gera, og er það bein lagaskylda stjórnarinnar að líta eftir að alt sé þar í röð og reglu.

Eg fæ ekki betur séð en málinu hafi lokið þann veg, að hávirðulegur fyrirspyrjandi, og þeir sem honum fylgja, hafi sannað með ræðum sínum hér í dag, að gauragangur sá, er gerður hefir verið út af stjórnarráðstöfun þessari, sé gersamlega tilefnislaus, enda hefir tilraunin til þess að koma á stað háskalegum aðsúg að bankanum misheppnast með öllu. Ókyrð sú, er upp kom sakir aðfara minni hlutans í máli þessu,

er nú hjöðnuð með öllu, og kemur ekki upp aftur, nema skoðunin leiði eitthvað athugavert í ljós. Eg vona að skoðunin leiði til þess, að sannanir fáist fyrir því, að alt sé í góðu lagi, — eg segi *vona*; það er engin vissa fyrir að svo verði. Eftirlitið hefir hingað til verið ófullnægjandi, en brýn nauðsyn ber til að það sé rækilegt, og það er einber hégómi að halda að nægja mundi að senda einn mann úr stjórnarráðinu niður í banka til eftirgrenslunar.

Eg hef þegar drepið á, að það er þegar uppvíst orðið, að ekki er alt eins og það á að vera í banka þessum, og skal eg nú bæta við einu dæmi, sem er á almanna vitorði.

Fyrir nokkrum árum var reist hús handa bankanum, að þingi og stjórn fornspurðu. Mér er kunnugt um, að landshöfðinginn, sem þá var og þjónaði embættinu í fjarvist hins reglulega landshöfðingja, var beðinn að leggja hornsteininn að bankahúsinu, en hann neitaði því, kvaðst ekki vilja koma nærri þessu ólöglega fyrirtæki. Þegar húsið var fullgert 1901, átti að sjálfsögðu að leggja reikningana fyrir þingið, en þrátt fyrir það þótt landsreikninga-endurskoðunarnefndin hvað eftir annað krefði bankastjórnina um þá reikninga, fekk hún þá ekki fyr en komið var fast að þinglokum, og þá ekki annað en lauslegt uppkast, samið af aðskotaritara í bankanum, með því að enginn annar af starfsmönnum bankans vildi nærri því koma. Og hvernig var þessi reikningur úr garði gerður? Hann var nauða fylgiskjalalítill, ef ekki sama sem því nær fylgiskjalalaus, enda gátu endurskoðunarmennirnir ekkert botnað í honum, og gerðu þeir því þá kröfu, að reikningur með fylgiskjölum yrði lagður fyrir næsta þing. Þá var flokkur sá, er bankastjórinn fylti, orðinn í meiri hluta á þingi, og hvort það var af þeirri ástæðu eða öðrum veit eg ekki, en þá var hvorki á því þingi né síðar byggingarreikningur bankans lagður fram til endurskoðunar.

Það dettur auðvitað engum í hug að væna mann þann, er um húsgerðina sá, bankastjórann, um vísvitandi fjárdrátt, en hinu verður ekki neitað, að annað eins og þetta getur ekki viljað til við stofnun, þar sem stjórnin er fyrirmynd.

Þetta, sem eg nú hef sagt, er engin kviksaga; eg hef skýrsluna frá manni, er sæti átti í landsreikninganefnd, og það er ekki lengra síðan en frá því í gær, að hann sagði mér þetta.

Sigurður Stefánsson: Eg vildi leyfa mér að gera stutta athugasemd viðvíkjandi umræðunum og hinum rökstuddu dagskrám, er fram eru komnar. Hinn háttv. 5. kgk. þm. hefir tekið fram, að svo hafi nú farið, að bankanum hafi engin hætta stafað af ráðstöfun þessari. Hann sagði að hættunni hefði orðið afstýrt, bæði með ráðstöfun hæstv. ráðherra, skýrslu hans í neðri deild og símskeytum til útlanda, og afskiftum sinna flokksmanna af málinu. En hví er þá þessi fyrirspurn framkomin? Mér sýnist hún vera þarflaus með öllu; hún gerir ekkert annað en eyða tíma þingsins og fé landsins. Má vel vera, að ýmsum meirihlutamönnum hafi brugðið, er þeir fréttu um ráðstöfun þessa, en þeir hafa aldrei sagt að hún væri ólögmæt, og hygg eg að háttv. 5. kgk. þm. muni standa einn uppi með þá skoðun, að hér hafi verið framin lögleysa. Stjórnin á samkvæmt bankalögunum að hafa eftirlit með bankanum, og hún verður sjálf að ráða, á hvern hátt hún framkvæmir það. Eg vil á engan hátt gera lítið úr þeim afskiftum, sem þinginu beri að hafa af umboðsstjórninni, en hitt kann eg ekki við, að verið sé

að gera mikinn hvell út af framkvæmdum stjórnarinnar, sem allir verða að telja löglegar. Eg hef ekki heyrt það, hvorki hér eða í neðri deild, að hæstv. ráherra hafi gefið nokkra átyllu til að ætla, að hann hafi séð sig um hönd, svo að alt það, sem um það er sagt, er talað út í hött.

Háttv. 5. kgk. þm. talaði mikið um að mál þetta væri gert að flokksmáli; það er einmitt hann, sem gert hefir tilraun til að gera það að flokksmáli; annars gladdi það mig, að hinn háttv. þm. sagðist vera þakklátur meiri hlutanum fyrir dagskrá hans; eg býst við að hann greiði þá atkvæði með henni. Háttv. 5. kgk. þm. sagði, að eg og ýmsir aðrir hefðu hlaupið út í borðið, til þess að koma í veg fyrir að bátnum hvolfdi með ráðherrann. Eg myndi hlaupa út í borðið, hvaða manni sem við druknun lægi, alveg eins þótt háttv. 5. kgk. þm. ætti hlut að máli. En hér getur ekki verið um neitt slíkt að ræða, því að hér er enginn að drukna. Eg býzt nú við, að hvernig sem stjórnin hagaði þessu eftirliti, því yrðu alt af vissir heiðursmenn óánægðir. Eg hefði helzt kosið, að engin dagskrá hefði komið fram út af þessu máli, en úr því háttv. 5. kgk. þm. hefir gert málið að flokksmáli, sé eg ekkert á móti því, að meiri hlutinn haldi fram sinni dagskrá.

Að lokum vil eg geta þess, út af ummælum háttv. 5. kgk. þm., að það verðum ekki vér heldur þjóðin, sem um það dæmir, hvort meiri eða minni hlutinn hafi komið betur fram í máli þessu.

Lárus H. Bjarnason: Hæstv. ráðherra var að orða mig við »Reykjavík«, kallaði hana mitt blað og svo frv. Þó að einu gildi, hvaðan gott kemur, get eg þó sagt honum og háttv. þm. Akureyrar, sem var að burðast með eitthvað líkt, að eg á að eins eina aktíu eða 25 kr. í blaðinu, en er hinsvegar einn af 3 mönnum í stjórn hlutafélagsins, er eftirlit hefir með útgáfu blaðsins. Blaðbrennuna, sem þm. Ak. mintist á, hef eg ekki heyrt getið um fyr. Að öðru leyti er ekki ástæða til að svara hæstv. ráðherra. Hann hefir í dag oftast nær talað um alt annað en mál það, er fyrir lá. Framkoma hans er alveg eins og manns, sem átt hefði að tala um mynd, en í þess stað hefði talað um rammann. Eg hef meðal annars með tilvitnunum í opinber blöð, í reikninga bankans og í skýlaus lög, fært sönnur á mál mitt.

Hæstv. ráðherra þykist aftur og aftur réttlæta þessa óvæntu ráðstöfun, sem háttv. þm. Ísf. játar, »að skiftar skoðanir séu um í meiri hlutanum«, með því að bankastjórnin hafi enga gjörðabók haldið, að ársreikningar bankans hafi ekki verið lagðir undir úrskurð landstjórnarinnar, að byggingarreikningur bankans hafi ekki verið úrskurðaður, og að eitt lán hafi verið veitt án nægrar tryggingar, en þessar ástæður eru, eins og eg er búinn að sýna og sanna, allsendis ófullnægjandi til þess að setja bankann undir opinbera rannsókn, enda stjórninni innan handar að afla sér nægilegra upplýsinga um þetta efni án slíkrar rannsóknar.

Hæstv. ráðherra var að tala um, að eitthvert aðskotadýr hefði skrifað byggingarreikning bankans, eins og það standi ekki á sama, hver reikninginn skrifar; bankastjórnin ber ábyrgð á honum, hver sem það gerir, alveg eins og hæstv. ráðherra ber ábyrgð á nefndarsetningunni, þó að hún eigi að vera skrifuð á Ísafoldarskrifstofu. Eg endurtek það, að það er fult eins mikil ástæða til að líta eftir Íslandsbanka eins og Landsbankanum, þó að hæstv. ráðherra vilji ekki við það kannast, því að Íslandsbanki hefir rétt til þess að gefa út innleysanlega seðla, hann ávaxtar

mikið sparisjóðsfé, og hefir rétt til að gefa út bankavaxtabréf fyrir margar miljónir. Hæstv. ráðherra hefir borið ýmsar dylgjur á bankastjórnina, eins fyrir því, þó hann hafi verið að slá úr í öðru orðinu, en það kemur ekki mál við mig. Þó get eg ekki stilt mig um að dá hæstv. forseta *upphátt* — eg hefi oft dáð hann, en þó aldrei eins og í dag — fyrir það, með hvað miklu jafnaðargeði hann tekur öllum þeim dylgjum, sem hér er beint að banka hans og stjórn bankans. Að vilja réttlæta þessa óforsvaranlegu ráðstöfun, eins og hæstv. ráðherra gerði, með því, að það sé hugsanlegt, að eitthvað sé athugavert, er á borð við það„ ef bæjarfógetinn í Reykjavík færi inn á heiðarlegustu heimili, og gerði þar heimilisrannsókn, og réttlætti svo rannsóknina á eftir með því, að hugsanlegt væri, að einhver af heimilisfólkinu hefði stolið. Hæstv. ráðherra kvaðst, þá er tilrætt var um mál þetta í Nd., ekki vera við því búinn að svara; fyrir því var ráðstöfun hans ekki þá þegar fordæmd. En nú, þegar hann hefir haft marga daga til að hugsa um málið og undirbúa sig, og getur þó eigi fært sér fleira eða meira til afsökunar, en hann hefir gert hér í dag, þá sýnir það einmitt bezt hve þarflaus og óforsvaranleg þessi ráðstöfun er. Háttv. þm. Ísf. sagði, að engin hætta stafaði af ráðstöfun þessari úr þessu, en þó svo væri, þá er ekki ástæða fyrir meiri hlutann til þess að styðja að því, að ráðherrann haldi lengra á slíkri braut, því að hún er hættuleg, ekki aðeins fyrir landið, heldur og fyrir meirihlutann og stjórn hans, sem sumstaðar virðist standa í hærra verði en alt annnað, og það er aðeins fyrir þá sök, að margir góðir menn bæði í meiri og minni hlutanum hafa lagst á eitt til þess að leitast við að friða hugi manna, að voðanum hefir orðið afstýrt að þessu sinni. Því er það fráleitara en flest annað, sem sagt hefir verið hér í deildinni í dag, að eg sé að gjöra þetta mál að flokksmáli með dagskránni. Það er ekkert flokksbragð að þeirri dagskrá.. Meiri hlutinn getur samþykt hana eins og minni hlutinn. En það er eitthvað annað bragð að hinni dagskránni. Þá fyrst, er hún er samþykt, er málið orðið að flokksmáli. Hinsvegar er það satt, sem sami háttv. þm. sagði, að hæstv. ráðherra hefir ekki beint *játað* það, að hann hafi séð sig um hönd, en hann hefir gert það óbeinlínis og átakanlegar en með orðum með ráðstöfunum sínum eftir á, og fyrir það á hann lof skilið. Raunar væri það enn lofsverðara, ef hann vildi gangast beint við því, eins og góður drengur, að óheppilega hefði til tekist, og lofsverðast, ef hann vildi lofa því eins og góðu börnin, að gera aldrei neitt slíkt aftur.

Ráðherra (B. J.): Ef nokkuð væri að dást að í frammistöðu hávirðulegs fyrirspyrjanda í þessu máli, þá væri það þetta, hve þrautseigur hann er að berja höfðinu við steininn. Hver setning hans er óbein játun þess, að hann hafi rangt fyrir sér. Rétt rök hefir hann engin fyrir sig að bera, en verður að hlaða eintómum útúrsnúningum utan um þessa taumlausu þrákelkni sína. — Nú er hann að gefa í skyn, að eg sé sár yfir því, að þessari ráðstöfun minni til að kynna mér hag bankans, var ekki haldið leyndri. En eg hefi ekki sagt eitt orð í þá átt. Eg sagði aðeins eitthvað í þá átt, að það væri skylda allra starfsmanna bankans, að gera ekki neinum útifrá kunnugt um málefni hans.

Annað var það og, sem gekk alveg fram af mér í ræðu háttv. fyrirspyrjanda. Hann var að gefa í skyn, að eg hefði fundið að því, að reikningurinn yfir bygging bankahússins hefði ekki verið skrifaður af bankastjóra sjálfum, heldur hefði verið annars manns rithönd á hon-

um. Svona fjarstæðu-útúrsnúning hefi eg aldrei heyrt. Mér hefir aldrei komið í hug að finna að því, hver rithönd væri á reikningnum, og veit vel að það skiftir engu máli. En að hinu hefi eg fundið, að byggingarreikningurinn hefir ekki verið gerður enn þann dag í dag. Það þarf mikla bíræfni til að snúa út úr þeim ummælum, á þann veg, sem þessi þm. gerði.

Þá var hávirðulegur fyrirspyrjandi að bera þessa ráðstöfun saman við það, ef bæjarfógeti færi að láta þjóna sína gera heimilisrannsókn hjá mönnum alveg upp úr þurru. Eg fer ekkert út í það, hve fjarstæð slík samlíking er, því að það sjá allir heilvita menn. En þetta sýnir bezt, hve gerþrotinn háttv. þm. er að röksemdum, því að ella færi hann ekki að grípa til slíkrar fásinnu, máli sínu til varnar.

Þá rangfærði hann orð mín um málið í Nd. Hann hélt því fram, að eg hefði sagt þar, að eg hefði ekki hugsað málið og væri óviðbúinn að verja gjörðir mínar. Þetta er alveg rangt hermt. Eg sagði aðeins, að eg væri ekki viðbúinn löngum umræðum um málið þá, vegna þess, að til þess þyrfti eg að afla mér frekari skýrslna. Að öðru leyti hefi eg aldrei sagst vera óviðbúinn, og hefi líka altaf verið viðbúinn að verja gerðir mínar í þessu máli.

Hávirðulegur fyrirspyrjandi heldur að hann geti talið mönnum trú um, að eg hafi séð eftir því, að eg skipaði nefnd til að rannsaka hag bankans. Og hann styður mál sitt með því, að eg hafi sjálfur gert ráðstafanir til þess, að afstýrt yrði illum afleiðingum af því fyrir bankann. Þetta ber hann enn fram, þrátt fyrir það, að eg hefi sýnt og sannað, að þessar ráðstafanir voru aðeins gerðar til þess að afstýra illum afleiðingum af því uppþoti, sem bankamennirnir sjálfir og minnihlutamenn höfðu komið af stað út af nefndarskipuninni. Það var fljótt auðséð, að þeir höfðu áformað að koma af stað aðsúg að bankanum. *Þá fyrst* þurfti ráðstafana við til að verja bankann, og *þá* fyrst voru þær gerðar, eins og skylt var.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil aðeins geta þess, að »Reykjavik« 28. apríl var það blaðið, sem fyrst hreyfði þessu máli. »Lögrétta« kom að vísu út samdægurs og flutti náttúrlega grein um málið, en muni eg rétt, kom hún seinna út en »Reykjavík«. Áður hafði enginn maður nokkra vitneskju um málið. »Rvík« kom ekki út fyr en um eftirmiðdaginn 28. f. m., en kl. 12 á hádegi sama dag lýsti hæstv. ráðherra því yfir í neðri deild, að hann væri búinn að síma til útlanda, að engin hætta væri á ferðum og hefði að öðru leyti gert ýmsar ráðstafanir til að eyða misskilningi og ótta.

Þetta sýnir, að ráðherra hefir gert ýmsar varúðarráðstafanir *áður en* minnihlutinn lét málið til sín taka, og þannig kannast við, að sér hafi orðið á. Og þetta segi eg hæstv. ráðherra til lofs en ekki til lasts.

Ráðherra (B. J.): Út af þessari taumlausu bíræfni hins háttv. þingmanns skal eg enn geta þess, að þá þegar, er eg gerði þessar ráðstafanir, var orðið sýnilegt, að það átti að koma af stað aðsúg að bankanum. Hvenær blað hans gat fyrst um nefndarskipunina, kemur ekkert málinu við. Þetta blað, sem hann gat um, kvað hafa komið út sama dag og eg gaf yfirlýsinguna í Nd., að sjálfs hans sögn. En tveimur dögum áður, á miðvikudag, var það borið út, að þann dag hefðu verið teknar 90 þús. kr. út úr bankanum. Sú sögusögn var tilhæfulaus og auðsjáanlega fundin upp í þeim tilgangi, að kveikja uppþot og aðsúg að bankanum. Það er því á engum rökum bygt, að eg hafi gert nokkrar ráðstafanir til varnar

bankanum áður en uppþotið var byrjað, og allar ályktanir af því alveg út í hött. — Þetta tiltæki, að búa út kviksöguna um að 90 þús. kr. hefðu verið teknar út úr bankanum á einum degi, í stað þess að það höfðu aðeins verið teknar út 18 þús. kr., var glæfralegt tilræði við bankann, og eg vil segja glæpsamlegt, hvort sem sá maður, er söguna bar út, hefir fundið hana upp sjálfur, eða haft hana eftir öðrum. Eg skal láta ósagt, hvort heldur hefir verið.

Lárus H. Bjarnason: Nú held eg að hæstv. ráðherra sé farinn að tala »ósjálfrátt« þar sem hann segir, að minni hlutinn hafi verið farinn að kveikja uppþot út af ráðstöfunum hans, tveim dögum áður en »Reykjavíkur«-blaðið kom út, með öðum orðum, við eigum að hafa verið farnir að nota vopnið á móti honum, áður en hann var búinn að búa vopnið til, því að eins og allir vita, varð nefndarskipunin ekki til fyr en hinn 26. f. m. að kveldi.

Annars vil eg leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra, hvort það sé satt, að að þessu máli hafi verið hreyft á flokksfundi meirihlutans 27. f. m. og ráðherra fengið þar bágt fyrir og hefir þá líklega yfirlýsing hans í Nd. 28. f. m. verið árangurinn af þeim fundi. Ef svo er, þá kemur þar til enn eitt atvikið meðal margra áður talinna, sem sýnir það, að þetta er ekki flokksmál. Og þá er það, eins og eg hefi sagt, líka meðfram meiri hlutanum að þakka, að ekki varð meira úr hættu þeirri, sem vofði yfir bankanum fyrir aðgerðir hæstv. ráðherra.

Það er svo fráleitt sem mest má verða, að minni hlutinn hafi viljað æsa menn upp á móti bankanum, að það var þegar afráðið, að vér skyldum gjöra alt sem í voru valdi stæði til að draga úr hættunni.

Ef vér hefðum viljað nota rannsóknarskipunina sem bitvopn á hæstv. ráðherra og meirihlutann, þá hefðum vér náttúrlega fyrst af öllu símað fregnina til útlanda, en það hefir jafnvel hvorki hæstv. ráðherra né háttv. þm. Ak. borið oss á brýn. Hæstv. ráðherra má ekki dæma núverandi minnihluta eftir fyrverandi minnihluta.

Ráðherra (B. J.): Eg skal svara fyrirspurn háttv. þingmanns um það, hvað gerðist á þessum flokksfundi meirihlutans,sem hann talaði um, því að það er engin launung. Þar var tilrætt um það, sem hinn flokkurinn aðhafðist, og uppþotið, sem verið var að koma af stað hér í bænum. Og flokkurinn áleit nauðsynlegt að afstýra því illa, sem af þeim æsingum kynni að leiða fyrir bankann. Útaf því ráðgerði eg að gefa yfirlýsinguna í neðri deild og gera þær ráðstafanir til varúðar, sem eg gerði. Annað gerðist ekki á fundinum.

Eg held því enn fram, að eg hefi ekki séð eftir því, að eg gerði þessa ráðstöfun til að kynna mér hag bankans, og mun ekki sjá eftir því. Sú ráðstöfun var þörf og réttmæt og hlýtur að verða stofnuninni til góðs, ef alt er í góðu lagi hjá henni, sem eg vona að sé, og jafnvel þó að svo væri ekki.

ATKV.GR.:

Þá var borin undir atkvæði rökstudd dagskrá frá 5. kgk. þm., svohljóðandi:

> »Deildin telur rétt, að landstjórnin líti eftir peningastofnunum landsins, en væntir þess að það sé gert með varúð, og tekur í því trausti fyrir næsta mál á dagskrá«.

Dagskráin var feld með 7 atkv. gegn 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Steingrímur Jónsson,	Kristinn Daníelsson,
Ágúst Flygenring,	Ari Jónsson,
Eiríkur Briem.	Gunnar Ólafsson,
Júlíus Havsteen,	Jens Pálsson,
Lárus H. Bjarnason,	Jósef Björnsson,
Stef.Stefánss., 6.kgk.,	Sigurður Hjörleifss.,
	Sigurður Stefánsson.

Var þá borin undir atkvæði rökstudd dagskrá frá þm. Akureyrar, svo hljóðandi:

»Með því að deildin lítur svo á, að hin umræddu afskifti landstjórnarinnar af hag Landsbankans séu bæði lög mæt og sjálfsögð, lýsir hún fullu trausti sínu á ráðherranum og tekur fyrir næsta mál á dagskrá«

og var hún samþykt með 7 atkv. móti 6 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Kristinn Daníelsson,	Steingrímur Jónsson,
Ari Jónsson,	Ágúst Flygenring,
Gunnar Ólafsson,	Eiríkur Briem,
Jens Pálsson,	Júlíus Havsteen,
Jósef Björnsson,	Lárus H. Bjarnason,
Sigurður Hjörleifss.,	St. Stefánss. 6. kgk.
Sigurður Stefánsson.	

Raðherraskifti.

FUNDUR Í ED.; 13. apríl.

Ráðherra (Björn Jónsson): Eg leyfi mér að tilkynna hinni háttv. þingdeild, að Hans Hátign konunginum hefir þóknast 31. f. m. að veita fyrv. ráðherra Hannesi Hafstein lausn frá embætti með lögmætum eftirlaunum; og þar næst að skipa mig sama dag í embættið frá 1. þ. mán. Hvort skjalið um sig höfum við sjálfir undirskrifað með konungi, fyrirrennari minn lausn sína, og eg skipunarbréfið handa sjálfum mér. Það er nýbreytni, sem mun verða vel fagnað með þjóðinni, með því að eldri aðferðin, að danskur yfirráðgjafi undirskrifaði með konungi skipun Íslandsráðgjafa, þótti vera miður rétt eða lögmæt.

Lenging þingtímans.

FUNDUR Í ED.; 13. apríl.

Forseti: Með því að hinn lögboðni þingtími nú er liðinn, en þingdeildin hefir enn með höndum mörg mikilsvarðandi mál, sem eru óútkjáð, þá leyfi eg mér að beiðast þess, að hæstv. ráðherra lengi þingtímann að minsta kosti um hálfan mánuð, eða svo lengi, að störfum þingsins geti orðið lokið.

Ráðherra (B. J.): Samkvæmt heimild og umboði frá Hans Hátign konunginum um að lengja þingtímann alt að 4 vikum, ef þörf gerist, lýsi eg yfir, að eg lengi þingtímann að þessu sinni til 24. þ. m. Eg býst þó varla við, að sá tími endist, með því að þingið á enn mörg mál óútkljáð og það sum mikilsverð stórmál. En mér hefir verið tjáð, að margir háttv. þingmanna eigi óhægt með að vera að heiman lengur, og því vil eg gera tilraun með að láta þessa viðbót við þingtímann endast. Auðvitað verður tíminn lengdur aftur fremur en að slíta þingi í miðjum klíðum, á meðan mikilsverðum málum er ólokið. Og eg býst naumast við að þingið fái lokið störfum sínum fyr en við mánaðamót, en eg myndi telja illa farið, ef það þyrfti að standa fram í næsta mánuð.

Eg vona að háttv. þingmenn geri sitt ítrasta til að láta þennan tíma endast, en læt þess jafnframt getið, að það verður engin fyrirstaða á að lengja hann enn, ef brýna nauðsyn ber til.

Síðar var þingtíminn enn lengdur til 8. maí.

Ferðakostnaðarreikningar.

FERÐAKOSTNAÐAR- OG DAGPENINGAREIKNINGUR Dr. Valtýs Guðmundssonar.

Sbr.: umræður um kjörbréfin (kosninguna í Seyðisfjarðarkaupstað) bls 18—22 að framan.

Sameinað alþingi; 18. febrúar:

Forseti (B. J.): Eg vil leita álits hins háttv. þings um það, hvort beri að ræða þetta mál. Eg vil því bera það undir atkvæði hins háttv. þings, hvort það vill leyfa að málið sé tekið á dagskrá.

ATKV.GR.:

Samþ. með 14 atkv.

Kristján Jónsson: Eg skal láta þess getið að það var fyrir mína tilstuðlan, að mál þetta var tekið á dagskrá. Þegar reikningurinn var sýndur mér sem forseta til ávísunar, lagði eg það til að hann yrði lagður fyrir sameinað þing til álita.

Eg lít svo á, að málinu þurfi að flýta svo mikið, að eigi geti komið til mála að láta reikninginn bíða þangað til að búið er að kjósa venjulega ferðakostnaðarreikninganefnd, sem allajafna er eigi kosin fyr en undir þinglok. Hinsvegar mætti kjósa sérstaka nefnd til þess að athuga reikninginn eða þá að vísa málinu til forsetanna til úrlausnar. Að því er málið sjálft snertir, getur mér alls ekki blandast hugur um það, að taka beri kröfur Dr. Valtýs um ferðakostnað og fæðispeninga til greina, fyrir tímann frá því að hann lagði á stað frá Kaupmannahöfn og þangað til að kosning hans var gerð ógild, en reikning hans verður að úrskurða annaðhvort af nefnd eða þinginu í heild sinni, eða þá fela forsetun um að gjöra það.

Lárus H. Bjarnason: Eins og háttv. forseti benti á, þarf leyfi hæstv. ráðherra til þeirra afbrigða frá þingsköpunum, sem útheimtist til þess að að þetta atriði sé tekið fyrir. Slíkt samþykki hefir ekki verið beðið um, og því er ólöglegt að taka nokkra ályktun.

Annars er þetta atriði tæplega nefndarmál. Forsetarnir eiga að útkljá það. Og það er enginn minsti vafi á því, að dr. Valtyr á löglega kröfu á því, að fá för sína til þings og frá þingi borgaða. Hann er kvaddur til þings af konungi sem löglega kjörinn, og gæti því, þó að þingið neitaði að greiða féð, vafalaust náð rétti sínum með hjálp dómstólanna. Tillaga mín er því sú, að forsetar þingsins taki málið til úrskurðar án nokkurrar ályktunar þingsins.

Magnús Blöndahl: Eg hefi heyrt það sagt, að reikningur sá frá dr. Valtý, sem hér er um að ræða, sé nokkuð hár, eitthvað á sjötta hundrað krónur. Eg fæ ekki séð, að sú upphæð nái nokkurri átt; jafnvel þó að hann reikni sér dagpeninga frá því að hann sté á skip í Kaupm.höfn og þar til er hann kemst þangað aftur nú með »Ceres« eða »Sterling«, ferðist á fyrsta farrými og haldi sig sæmilega ríkmannlega, þá nær þessi upphæð samt sem áður eigi nokkurri átt. Mín tillaga er því sú, að hinir háttv. forsetar færi reikninginn niður að miklum mun.

Hannes Þorsteinsson: Eg vil þegar geta þess, að það er mér að kenna, að mál þetta var tekið á dagskrá hér í sameinuðu þingi. Reikningurinn var stílaður til mín, en eg sá mér ekki fært að ávísa reikningnum til útborgunar, án þess að hafa heimild til þess frá þinginu.

Eg verð að líta svo á, að til þess að forseti geti ávísað ferðakostnaðarreikningum þingmanna, þurfi nefnd sú, er kosin er jafnan á þingi til að úrskurða slíka reikninga, að hafa fjallað um það mál.

Réttasta leiðin virðist mér því vera

sú, að kjósa nú þegar þessa reikninganefnd, eða láta málið bíða, þangað til sú nefnd er skipuð, vísa málinu til nefndarinnar, og þegar hún hefir látið uppi álit sitt um það, hvort reikningurinn sé sanngjarn, þá og fyr ekki getur forseti ávísað reikningnum.

Eg fæ sem sé ekki séð, að reikningur dr. Valtýs sé sanngjarn. Hvers vegna kom hann t. d. ekki beina leið með »Sterling«; það hefði þá tekið styttri tíma. En þótt dr. Valtýr þyrfti að bregða sér til Seyðisfjarðar, til þess að tala við kjósendur sína, eða honum hafi fundist þörf á því, að verða þingmönnum samferða kring um land, þá verður að líta svo á, að það hafi verið í hans eigin hag, og að honum þess vegna beri sjálfum að borga það ferðalag, en ekki landsjóði. Ef þingmenn gerðu kröfu til að fá borgaðar af landsjóði ferðir þær, er þeir fara um kjördæmi sitt til að halda þar þingmálafundi, þá mundi það þykja harla kynlegt. Reikningur dr. Valtýs er mjög hár, á 6. hundrað króna. Og til þess að fá hann greiddan, verður hann að minsta kosti að sanna, að hann hafi alls ekki getað farið með »Sterling«, en orðið að fara með »Ceres« kring um land. Eg lýsi því hér með yfir, að eg álít að eg hafi enga heimild til þess að úrskurða reikninginn réttan og ávísa honum, fyr en nefnd sú, er eg álít að eigi að skipa í málið, hefir látið uppi álit sitt um það, hvort dr. Valtý beri sá ferðakostnaður, er hann reiknar.

Annars álít eg, að óþarfi sé fyrir okkur að vera að sækja þingmenn til annara landa (*Jón Þorkelsson*: annara ríkja), já, til annara ríkja, enda verð eg að álíta, að þessi maður hafi verið fullu verði keyptur, og að aldrei hafi þurft að sækja hann þangað; væri enda tilvinnandi að borga honum eitthvað nú, ef vissa væri fyrir, að það væri í síðasta sinni, sem landsjóður greiddi honum þingfararkaup.

Jón Magnússon: Eg vil leyfa mér að mótmæla því, að háttv. þingm. Árnesinga hafi rétt til að ámæla kjósendum fyrir það, að þeir kusu þennan þm. Þetta ámæli er mjög óviðeigandi; úr því dr. V. G. hafði kjörgengi, höfðu kjósendur fullan rétt til að kjósa hann. Vér þingmenn höfum engan rétt til að setja kjósendum þessa lands stólinn fyrir dyrnar að þessu leyti. Auk þess er að minsta kosti óþarft að vera að færa að dr. V. G. fjarverandi.

Lárus H. Bjarnason: Eg get ekki séð að nein hætta geti verið að fela háttv. forsetum að annast um þetta mál, og sízt nú, jafn »forsetalega« og háttv. 1. þm. Árn. mælti. Hann sýndi það ljóslega, að honum er trúandi til að gæta hagsmuna landsjóðs gagnvart dr. V. G.

Kristján Jónsson: Mér finst, eins og eg hefi áður tekið fram, að réttasti vegurinn í þessu máli sé að vísa því til forsetanna eða nefndar, en álít engan vafa á því, að dr. Valtýr Guðmundsson eigi að fá sinn kostnað endurgoldinn, og það án þess hann sé dreginn á því langan tíma.

Stefán Stefánsson (6. kgk. þm.): Eg álít, að háttv. þm. Árn. hefði verið sæmra að láta þau orð ótöluð, er hann lét sér um munn fara í garð dr. Valtýs, því það gæti gefið mönnum ýmsar hugmyndir um af hverjum ástæðum háttv. þm. hefir greitt atkv. með því að ónýta kosninguna. Hinn háttv. þm. talaði hér auðsjáanlega sem Hannes Þorsteinsson, en ekki sem forseti neðri deildar, ekki sem þeim manni sæmir, er skipar hið virðulegasta sæti þingsins.

Viðvíkjandi því, að ferðakostnaðarreikningur dr. Valtýs sé of hár, skal eg benda á það, að það hefir ekki verið

venja þingsins að skifta sér af því, hvernig þingmenn ferðuðust, hvort þeir færu landveg eða sjóveg eða með hvaða skipi.

Eg get ekki álitið, að það geti réttlætt hin mjög óviðurkvæmilegu ummæli háttv. þm. Árn., að dr. Valtýr hefði kannske verið 3—4 dögum fljótari, hefði hann farið með »Sterling«, í stað þess að fara með »Ceres«. Hefði »Ceres« haldið áætlun, hefði hann komið á nálega sama tíma og með hinu skipinu, en að »Ceres« mundi seinka, gat dr. Valtýr ekki vitað, þegar hann fór frá Kaupmannahöfn. Mér finnast ummæli háttv. 1. þm. Árn. mjög illa viðeigandi, ekki sízt fyrir þá sök, að maður sá, sem um er að ræða, er hér ekki staddur og getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Það virðist svo, sem mönnum hefði átt að nægja að gjöra hann þingrækan, þó menn ekki hefðu farið að bæta gráu ofan á svart, með því að svívirða hann hér í þingsalnum með lúalegum aðdróttunum og svigurmælum.

Hannes Þorsteinsson: Mér dettur ekki í hug að fara að munnhöggvast við háttv. 6. kgk. þm. út af reikningi dr. Valtýs, og neita því algjörlega, að eg hafi farið nokkrum vansæmandi orðum um dr. Valtý persónulega, þótt eg gæfi í skyn, að landið hefði getað verið án hans í pólitíkinni. Það sem vakti fyrir mér var það, að eg vildi ekki taka upp á mig neina ábyrgð í þessu máli um ávísun reikningsins, nema því að eins, að málinu sé vísað til nefndar. Get heldur ekki skilið, að dr. Valtýr sé í þeirri fjárþröng, að honum bráðliggi svo á þessum peningum, að hann geti ómögulega beðið úrskurðar ferðakostnaðarnefndarinnar. En eg skal lýsa því yfir, að án þess ávísa eg reikningnum ekki.

Annars ber reikningurinn það bezt með sér, hversu sanngjarn hann er.

Jón Ólafsson: Það er sagt, að reikningur dr. Valtýs sé alt of hár. En eg vil að eins benda á það, að það munar að eins 8 dögum á því, hvort hann fór með Ceres eða Sterling, og þó miklu minna, ef Ceres hefði haldið áætlun. Þetta fanst mér alt of lítið til þess að gera veður út úr. En ef forsetarnir vilja ekki úrskurða um málið, finst mér réttast að vísa málinu til nefndar, og legg því til, að kosin sé 3 manna nefnd til þess að úrskurða málið.

Lárus H. Bjarnason: Það eru komnar fram tvær tillögur: að vísa málinu til ferðakostnaðarnefndar, eða að kjósa 3 manna nefnd, en það er á móti þingsköpunum að taka nokkra ályktun, úr því að það gleymdist að fá samþykki hæstv. ráðherra til afbrigða frá þingsköpunum. Annaðhvort á háttv. forseti að taka málið út af dagskrá eða forsetar deildanna að taka málið til úrskurðar ályktunarlaust.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til forseta þingdeildanna með 30 atkv. samhljóða.

Ferðakostnaðarreikninganefnd.

Sameinað alþingi; 26. apríl.

Tillaga kom fram um að kjósa 5 manna nefnd til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga þingmanna, og var hún samþykt. Var nefndin síðan kosin og hlutu kosningu:

Björn Kristjánsson,
Ólafur Briem,
Sigurður Stefánsson,
Eggert Pálsson,
Steingrímur Jónsson.

Formaður nefndarinnar varð Sigurður Stefánsson, og skrifari Ólafur Briem.

Kosningar.

Sameinað alþingi; 6. maí.

Forseti lagði fram skýrslu frá verðlaunanefnd Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar (A. 722; 731).

Fram fór *kosning 3 manna nefndar* til að meta rit til *verðlauna* af *Gjöf Jóns Sigurðssonar*. Með hlutfallskosningu voru kosnir:

Hannes Þorsteinsson ritstj. og alþm.,
Jón Þorkelsson dr. phil. og alþm.
Björn M. Ólsen prófessor.

Þá fór fram kosning á *yfirskoðunarmanni Landsbankans*, og hlaut kosningu Benedikt Sveinsson ritstjóri og alþm. með 23 atkv. Jón Jakobsson landsbókavörður hlaut 12 atkv.; Hannes Þorsteinsson alþm. 1 atkv.; 2 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning á *fulltrúa í bankaráð Íslandsbanka* fyrir tímann til aðalfundar 1912 (í stað Jóns Jónssonar, 1. þm. S.-M.), og hlaut kosningu Ari Jónsson, alþm., með 23 atkv. Jón Jónsson, þm. S.-M., fekk 14 atkv.

Þá fór fram kosning á *fulltrúa í bankaráð Íslandsbanka* fyrir tímann til aðalfundar 1913 (í stað Sigfúsar Eymundssonar bóksala), og hlaut kosningu Magnús Blöndahl, 2. þm. Rvk, með 20 atkv. Jón Jónsson, 1. þm. S.-M., fekk 15 atkv.

Lárus H. Bjarnason: Eg get ekki kannast við, að Magnús Blöndahl sé rétt kosinn, en beygi mig þó undir úrskurð hæstv. forseta. En þess vildi eg að getið yrði í gjörðabókinni, að 5—6 seðlar af atkvæðum þeim, sem féllu á Magnús Blöndahl, tilgreindu ekki rétt nafn hans, sleptu *h*-inu, og auk þess 2—3 stöðu hans. Fyrrum hefir það samþykt verið hér á þingi, að seðill sé ógildur, nema getið sé *réttra* nafns og stöðu.

Forseti: Eg hefi þegar kveðið upp úrskurðinn. Annars vita menn það, að hér eru 2 flokkar, sem kjósa, og að engum vafa er undirorpið, hvern átt er við á seðlunum. Þess má líka geta, að á mörgum seðlum minni hlutans stóð að eins Jón Jónsson í eða frá Múla, en þeir geta verið margir, sem það nafn hafa, svo að ástæðulaust er að gera rekistefnu út úr þessu.

Efri deild alþingis; 6. maí.

Fór fram kosning á *gæzluztjóra við Landsbankann*. Kosinn var Kristján Jónsson, háyfirdómari og alþm., með öllum atkvæðum.

Þá fór fram kosning á *endurskoðanda landsreikninganna*, og var kosinn Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf., með 7 atkv. Hermann Jónasson, spítalaráðsmaður, fekk 5 atkvæði.

Þá fór fram kosning á *gæzlustjóra við Söfnunarsjóð Íslands*, og hlaut kosningu Júlíus Havsteen, 1. kgk. þm., með 12 atkv. Jón Jakobsson, landsbókavörður, fekk 1 atkv.

Þinglok.

Á SEXTUGASTA OG ÖÐRUM FUNDI efri deildar alþingis 8. maímán., að afloknum þingstörfum, og eftir að gjörðabók hafði verið lesin upp og samþykt, ávarpaði forseti (Kr. J.) deildina

nokkrum orðum að skilnaði, þakkaði henni fyrir sér sýnda velvild á hinum liðna þingtíma, fyrir starfsemi hennar og samvinnuþýðleik, og yfirleitt fyrir starf það, er deildin hefði af hendi leyst, og sagði síðan *fundi slitið*.

Á ÁTTUNDA FUNDI hins sameinaða alþingis, 8. maímán., skýrði **forseti (Sk. Th.)** frá, að útbýtt hefði verið meðal þingmanna yfirliti yfir mál þau, er verið hefðu til meðferðar á þinginu, og mælti síðan á þessa leið:

Þó að ýms þeirra mála, er alþingi hefir samþykt til fullnaðar á þessu þingi, sem nú er á enda, séu að vísu eigi þýðingarmikil, fremur en vant er að vera, þegar litið er á allan málafjöldann, sem alþingi afgreiðir, þá eru þó sum þeirra þess eðlis, að þau hljóta að hafa mikla þýðingu fyrir þjóð vora á ókomnum tímum, svo sem *háskólalögin* og *aðflutningsbannslögin*.

Bæði þessi lög munu verða þess valdandi, að alþingis 1909 verður lengi minzt, þar sem hinum fyrnefndu er ætlað að efla og glæða vísindi hjá þjóð vorri, en hinum síðarnefndu að auka siðgæði, og afstýra böli og ófarnaði, er áfengisnautninni er samfara.

En sérstaklega eru það þó ein lög, er alþingi hefir samþykt að þessu sinni, *sambandslögin*, er geyma munu nafn alþingis 1909 langt fram eftir öldum, þar sem það er nú í fyrsta skifti, síðan landið glataði frelsi sínu, árið 1262, að sjálfstæðiskröfur þjóðarinnar hafa komið fram í skýrri og ákveðinni mynd, í svo fullum mæli, sem nútíðarhugsjónir þjóðarinnar krefjast.

Hvað mál þetta snertir, vitum vér að vísu, að því miður verður að líkindum þröskuldur á vegi þess, er til Danmerkur kemur, en vér vonum þó, að það, að alþingi hefir nú skýrt lýst óskum og kröfum þjóðarinnar, svo sem menn telja þær réttmætar, eftir sögulegum og lagalegum rökum, og svo sem siðferðiskröfurnar, hvað sem öðru líður, ómótmælanlega sýna öllum að rétt er, leiði til góðs og hrindi málinu drjúgum áleiðis.

En þótt árangurinn af starfi þingsins í þessu máli verði lítill í bráð, þá er og líf þjóðanna langt, og í sambandsmálinu skulum vér treysta því, að sá tími komi, er hún fær þeim kröfum sínum framgengt, sem alþingi nú hefir samþykt, ef hún að eins sýnir þrek og þrautseigju.

Látum oss og alla treysta því, að jafnvel sú barátta, sem þjóðin þarf að heyja, til þess að ná takmarkinu, getur orðið og verður henni óefað til góðs, kennir henni að meta sig sjálfa, og reyna á krafta sína til allra góðra framkvæmda.

Þá stóð ráðherra (B. J.) upp og lýsti því yfir í nafni konungs, *að alþingi væri slitið*.

Þá stóð upp Sigurður Stefánsson, þm. Ísf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Friðrik hinn áttundi,

og tóku allir alþingismenn undir það í einu hljóði.

Að því búnu var gengið af þingi.